Hæstaréttardómar 1989 - 1. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 365 á prenteintaki.
Minniháttar galli á bls. 284 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1989

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfinnslur 385
Aðild 553
Afsláttur 199
Akstur án ökuréttinda 573, 576
Arfleiðsluhæfi 239
Arkitektar 370
Ábyrgðarskírteini 329
Áfrýjun 336
Ákæra 45, 477, 488, 496
Bein fógetagerð 468
Bifreiðar:
Einkamál 205, 653
Opinber mál 13, 209, 306, 573, 576, 820
Birting stefnu 286, 289
Brenna 385
Brot í opinberu starfi 512
Búskipti 380
Börn 131
Dagsektir 618
Dómarar 293, 508
Dómsátt 20, 341
Dómsvald skiptaréttar 119
Eignarréttarfyrirvari 363
Endurgjaldskrafa 380
Erfðaskrá 239, 682
Fasteignir 164, 745, 799, 824
Félagsdómur 762
Firma 618
Fiskveiðibrot 477, 488, 496
Fjárdráttur 58
Fjárnám 5, 22, 171, 799
Fjársvik 45, 110, 628
Fjölbýlishús 745
Fógetagerð 468
Framsal sakamanns 420

Bls.

Frávísun:
a) frá héraðsdómi . 8, 54, 119, 286, 289, 363, 366, 470, 594, 717, 762
b) frá Hæstarétti 3, 45, 107, 336, 468
c) frávísunardómur felldur úr gildi 413, 614, 771
Frávísunarkröfu hrundið 828
Fæðingarorlof 185
Fölsun 610
Gagnaöflun 170
Galli 199, 329
Gjöreyðsla 765
Gengi 583
Gjafsókn, gjafvörn 131, 420
Gjaldþrotalög 579
Gjaldþrotaskipti 579, 696, 816
Gæsluvarðhald:
1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 361, 377, 505, 592
4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 358, 693
Hald 106
Haldsréttur 216
Handtaka 420, 512
Heimvísun 119, 315, 674
Héraðsdómari víkur sæti 508
Hjón 380
Hlutafélög 222, 776
Húsaleiga 722
Húsbóndaábyrgð 131
Kaupgjaldsmál 174, 599
Kaupsamningur 22, 799
Kyrrsetning 171
Kærumál:
Dómsátt 20, 341
Félagsdómur 762
Fjárnám 5
Fógetagerð 468
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 8, 54, 594, 717, 762
b) frá Hæstarétti 3, 107, 468
c) frávísunardómur felldur úr gildi 413, 614, 771
Frávísunarkröfu hrundið 828
Gjaldþrotalög 579
Gæsluvarðhald 358, 361, 377, 505, 592, 693
Hald 107
Heimvísun 315
Héraðsdómari víkur sæti 508

Bls.
Læknar ... 28
Meðferð opinberra mála ... 714
Ríkisendurskoðun ... 28
Uppboð ... 3
Útburðargerð ... 468
Vanhæfi dómara ... 293
Varnarþing ... 417
Þagnarvernd ... 28
Lausafé, söluhagnaður ... 230
Lausafjárkaup ... 40, 199, 329, 363
Líkamsmeiðingar ... 512
Líkamstjón ... 653
Læknar ... 28, 131
Lög nr. 19/1940, 4. mgr. 220. gr. ... 306
Löghald ... 799
Lögræði ... 553
Lögskýring ... 329
Lögtak ... 230, 298
Manndráp ... 442, 634, 765
Mat ... 385
Matsgerð ... 199
Málskostnaður ... 610, 745
Meðferð opinberra mála ... 714
Miskabætur ... 131, 420
Nauðungaruppboð ... 216, 336, 553, 737
Nytjastuldur ... 209
Opinber mál, meðferð ... 714
Ómaksbætur ... 1, 296, 297, 549
Ómerking ... 119, 286, 289, 363, 366, 470, 674
Ómerking ummæla ... 131
Óvígð sambúð ... 754
Rán ... 319
Réttarfar ... 380, 674
Riftun ... 40
Ríkisendurskoðun ... 28
Samningar ... 222, 745
Sératkvæði ... 185, 230, 239, 583, 682, 722, 754
Sjómannalög ... 174, 599
Sjúkrahús ... 131
Skaðabætur, skaðabótamál ... 45, 131, 205, 385, 628, 653, 722, 799
Skattar, skattskylda ... 230, 298
Skattsvik ... 58
Skilorð ... 181, 319, 343, 352, 573, 628
Skiptamál, skipti ... 119, 754

Bls.
Skírlífisbrot 343, 352
Skjalafals 13, 45, 324, 398
Skjöl 610
Skoðun 385
Skuldabréf 553
Skuldajöfnuður 696, 816
Skuldamál 605, 816
Stefna 366
Stefnubirting 286, 289
Stjórnarskrá 298
Söluhagnaður lausafjár 230
Sönnun 745
Tékkar 628
Tilraun til manndráps 442
Tómlæti 174
Umboð 465
Umferðarlög 13, 205, 209, 306, 573, 576, 820
Umferðarréttur 164, 824
Uppboð 3, 216, 336, 553, 737
Útburðargerð 468
Útivist, útivistardómar .. 1, 2, 22, 53, 296, 297, 549, 550, 552, 713, 714
Útivist í héraði 22
Vanhæfi dómara 293, 508
Varnarþing 417
Veikindalaun 185
Verklaun 370
Verksamningar 605
Vextir 45, 131, 583
Vinnusamningar 174
Víxlar, víxilmál 465, 583
Vörumerki 618
Þagnarvernd 28
Þinglýsing 171
Þjófnaður 45, 110, 181, 209, 220, 398
Ökuleyfissvipting 209
Ölvunarakstur 13, 209
Örorkubætur 131
Örorkumat 653

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXX. árgangur. 1. hefti. 1989

Mánudaginn 9. janúar 1989.

Nr. 344/1988. **Ólafur Ragnarsson**
gegn
Gottskálki Jóni Bjarnasyni
vegna Krana sf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Ragnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gottskálki Jóni Bjarnasyni vegna Krana sf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. janúar 1989.

Nr. 357/1988. **Helgi Þór Jónsson**
gegn
Landsbanka Íslands o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Þór Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 9. janúar 1989.

Nr. 361/1988. **Sigurður Hilmar Ólason**
gegn
Vélsmiðjunni Héðni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Hilmar Ólason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 9. janúar 1989.

Nr. 395/1988. **Hótel Örk hf.**

gegn

Framkvæmdasjóði Íslands
Búnaðarbanka Íslands og
öðrum sem veð eiga í
Breiðumörk 1 C í Hveragerði,
þrotabúi Helga Þórs Jónssonar, og
uppboðshaldaranum í Árnessýslu

Kærumál. Uppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. október 1988 sem barst Hæstarétti 9. desember 1988. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 4. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Í bréfi uppboðshaldara til Hæstaréttar 21. desember 1988 kemur fram að hann hafi sama dag sent öllum veðhöfum í fasteigninni Breiðumörk 1 C í Hveragerði tilkynningu um framkomna kæru sóknaraðila og frest til að skila greinargerð í málinu.

Sóknaraðili krefst þess að hrundið verði þeirri ákvörðun uppboðshaldarans í Árnessýslu frá 19. október 1988 að hafna boði sóknaraðila í fasteignina nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði á uppboðsþingi 6. október 1988 að fjárhæð 230.000.000,00 krónur og taka 200.000.000,00 króna boði Framkvæmdastjóðs Íslands í eignina. Jafnframt er þess krafist að lagt verði fyrir uppboðshaldarann að taka boði sóknaraðila.

Framkvæmdasjóður Íslands krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og staðfest verði ákvörðun uppboðshaldarans í Árnessýslu frá 19. október 1988. Þá krefst sjóðurinn málskostnaðar.

Búnaðarbanki Íslands krefst þess að dómsathöfn uppboðshaldarans í Árnessýslu frá 19. október 1988 verði staðfest og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Aðrir aðilar hafa ekki sent Hæstarétti athugasemdir.

Hinn 6. október 1988 var háð uppboðsþing að Breiðumörk 1 C, Hótel Örk, Hveragerði. Fyrir var tekið að halda þriðja uppboð á eigninni. Um það sem fram fór á uppboðsþingi þessu er meðal annars skráð í uppboðsbók:

„Lýsti uppboðshaldari eftir boðum í eignina Breiðumörk 1 C, Hveragerði.

Ólafur Garðarsson hdl. býður kr. 199.000.000,- f.h. Ó.O.K. h.f.

Hróbjartur Jónatansson hdl. býður kr. 200.000.000,- f.h. Framkvæmdasjóðs Íslands og krefst útlagningar.

Pétur Þór Sigurðsson hdl. býður kr. 230.000.000,- f.h. Hótel Arkar h.f.

Fleiri boð komu ekki fram.

Uppboðshaldari lét hamar falla til merkis um að sölutilraunum væri lokið.

Uppboðshaldari tekur sér 14 daga frest til að athuga framkomin boð."

Hinn 19. október 1988 tilkynnti uppboðshaldarinn lögmanni sóknaraðila með símskeyti að boði hans á uppboðsþinginu 6. október 1988 hefði verið hafnað og hefði uppboðshaldarinn ákveðið að taka boði Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð 200.000.000,00 krónur. Lögmaður sóknaraðila mótmælti þessari ákvörðun uppboðshaldarans með símskeyti daginn eftir.

Sem svar við símskeyti uppboðshaldara átti sóknaraðili að sýna fram á að hann gæti fullnægt uppboðsskilmálum og krefjast formlegs úrskurðar um ákvörðun uppboðshaldara. Ekki liggur fyrir að uppboðshaldari myndi synja slíks úrskurðar.

Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Fimmtudaginn 12. janúar 1989.

Nr. 423/1988. **Lagmetisiðjan Garði hf.**

gegn

Búnaðarbanka Íslands

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Með bókun í fógetabók Grindavíkur 16. desember 1988 kærði sóknaraðili forsendulausan úrskurð, sem þar var kveðinn upp sama dag af Árna H. Björnssyni bæjarfógetafulltrúa. Er úrskurðurinn þannig: „Mótmælum gerðarþola gegn framkvæmd fjárnámsins og störfum virðingarmanna er hafnað." Hér fyrir dómi gerir sóknaraðili þær kröfur, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, mótmæli gerðarþola í fógetarétti tekin til greina og lagt fyrir fógeta að byrja gerðina að nýju. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar og að auki 12% söluskatts.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar og verði tekið tillit til söluskatts.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir, þar sem meðal annars segir:

„Í fógetarétti Grindavíkur var þann 27. október 1988 tekin fyrir beiðni Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, um framhald fjárnámsgerðar er byrjaði í fógetarétti Reykjavíkur 25. ágúst 1988 í máli Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, gegn Lagmetisiðjunni Garði hf.

Í staðfestu endurriti úr fógetabók Reykjavíkur kemur fram að þann 25. ágúst 1988 hafi málið verið tekið fyrir af fulltrúa yfirborgarfógeta, Helgu Jónu Benediktsdóttur. Fulltrúi gerðarbeiðanda krafðist þar fjárnáms fyrir kr. 4.622.310,00 með .. ársv... og drv.... Örn Erlendsson stj.form. gerðarþola mætti og benti hann á til fjárnáms fasteignina Vesturbraut 10, Grindavík. Gerðinni var frestað til framhalds í fógetarétti Grindavíkur. Fallið var frá virðingu að sinni.

Við fyrirtekt í fógetarétti Grindavíkur, sem haldin var 27. október 1988 ..., voru mættir ... Einar S. Ingólfsson hdl. fyrir gerðarbeiðanda, Gunnar Skaftason framkv.stj. fyrir hönd gerðarþola, tilkvaddir virðingarmenn, þau Elías Guðmundsson fasteignasali og Ásta Magnúsdóttir þinglýsingafulltrúi.

Í gerðinni, sem lögð var fram í réttinum, var þess krafist að virðingargjörð fasteignarinnar Vesturbrautar 10, Grindavík, fari fram í fógetarétti Grindavíkur. Fulltrúi gerðarþola óskaði eftir að benda einnig á til fjárnáms á fasteignina Hafnargötu 28, Grindavík.

Fógetafulltrúi kynnti fyrir hinum tilkvöddu virðingarmönnum, sem jafnframt voru vottar, ákvæði laga nr. 19/1887 um skyldur og hlutverk virðingarmanna en fór síðan ásamt þeim og fulltrúum gerðarbeiðanda og gerðarþola að Vesturbraut 10 og Hafnargötu 28. Gerðinni var síðan frestað ....

Við fyrirtekt málsins þann 15. desember krafðist fulltrúi gerðarþola úrskurðar fógeta um atriði er lúta að virðingargerðinni og framgangi fjárnámsins: 1) að fallið hafi verið frá virðingu við fyrirtekt í fógetarétti Reykjavíkur 25. ágúst 1988. 2) Ef virðing hafi átt að fara fram hafi hún átt að fara fram í Reykjavík. 3) Eiðstafir virðingarmanna séu ófullnægjandi. 4) Lágmarkshæfisskilyrði annars virðingarmanns, sem er fasteignasali, eru véfengd, þar sem hann hefur ekki löggildingu til slíkra starfa, vegna hinna miklu hagsmuna sem hér eru í húfi. 5) Uppboðsverð eigna verði að miða við þann tíma, sem ætla verði að uppboðið fari raunverulega fram en fulltrúi gerðarþola telur ljóst að þangað til muni a.m.k. líða nokkrir mánuðir og á þeim tíma kunni afkoma gerðarþola að batna svo að um verulega meiri verðmæti sé að ræða.

Fulltrúi gerðarbeiðanda óskaði eftir að lýst yrði yfir árangurslausu fjárnámi jafnframt því að bókuð var athugasemd hans um að virðing ætti að fara fram á varnarþingi fasteignanna. Fulltrúi gerðarþola óskaði eftir að bókuð yrði athugasemd við réttarhaldið 27. október um að fógeta hafi borið að benda Gunnari Skaftasyni framkv.stj. sem mætti þá sem fulltrúi gerðarþola á að fallið hafi verið frá virðingu.

Gerðinni var frestað af fulltrúa fógeta til föstudagsins 16. desember 1988."

Kröfu sína um frávísun frá Hæstarétti styður varnaraðili þeim

rökum að hinn kærði úrskurður sé í raun ákvörðun um, að hið umbeðna fjárnám skuli fara fram. Slíkur úrskurður sæti áfrýjun en ekki kæru eftir 21. gr. 1. mgr. 3 a í lögum nr. 75/1973. Beri því að vísa málinu frá.

Hinn kærði úrskurður fjallar um mótmæli gerðarþola, sóknaraðila hér fyrir dómi, varðandi einstök atriði við framkvæmd fjárnáms. Sætir hann því ekki áfrýjun eftir því ákvæði, sem sóknaraðili vísar til, eða öðrum ákvæðum, heldur sætir hann kæru eftir upphafsákvæði 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Hér fyrir dómi hefur sóknaraðili í fyrsta lagi stutt kröfur sínar rökum sem varða bókun um virðingu í Reykjavík og meinta skyldu til að virða í því lögsagnarumdæmi. Þessi atriði leiða ekki til þess, að fógeti í Grindavík geti eigi látið virða fasteign þar í kaupstaðnum, sem freista á fjárnáms í. Þá telur sóknaraðili, að skort hafi á leiðbeiningar dómara við ólöglærðan talsmann sinn við fyrstu fyrirtekt í Grindavík. Þegar af þeirri ástæðu að lögmaður gætti síðar hagsmuna sóknaraðila á þremur dómþingum í fógetarétti Grindavíkur verður þetta atriði engu talið skipta. Loks gerir sóknaraðili athugasemdir varðandi mat eigna sinna. Af gögnum málsins verður ráðið að vottarnir undirrituðu yfirlýsingu, sem fullnægir 2. gr. laga nr. 19/1887, og er ekkert fram komið um að þeir séu ekki færir um að framkvæma mat það sem rétt var að færi fram. Athugasemd varðandi niðurstöðu matsins fær ekki heldur staðist og veldur því ekki að meðferðin í fógetarétti verði felld úr gildi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 15.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Lagmetisiðjan Garði hf., greiði varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands, 15.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. janúar 1989.

Nr. 6/1989. **Gunnar Friðbjörnsson**
gegn
félagsmálaráðuneytinu
ríkislögmanni
Garðakaupstað
Jóni Gauta Jónssyni
Guðjóni E. Friðrikssyni
og Eiríki Bjarnasyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur hinn 29. nóvember sl., með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, skotið til dómsins frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur 13. október sl. í máli þessu. Hann gerir þær kröfur að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir bæjarþing Reykjavíkur að taka málið til efnismeðferðar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur varnaraðila félagsmálaráðuneytis og ríkislögmanns eru þær að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Dómkröfur varnaraðila Garðakaupstaðar, Jóns Gauta Jónssonar, Guðjóns E. Friðrikssonar og Eiríks Bjarnasonar eru þær að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur að niðurstöðu til og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða dómi.

Samkvæmt gögnum málsins eru kröfur sóknaraðila fram komnar vegna deilu hans við skipulags- og byggingayfirvöld um byggingar á nágrannalóð hans. Sú deila er hér ekki til meðferðar. Kröfur sóknaraðila hér eru réttur þáttur þess máls. Með hliðsjón af 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila félagsmálaráðuneytinu og ríkislögmanni sameiginlega 10.000,00 krónur í kærumálskostnað og

varnaraðilum Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni sameiginlega einnig 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Sóknaraðili Gunnar Friðbjörnsson greiði varnaraðilum félagsmálaráðuneytinu og ríkislögmanni sameiginlega 10.000,00 krónur í kærumálskostnað og varnaraðilum Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni sameiginlega 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. september sl., er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 22. janúar 1988.

Stefnandi er Gunnar Friðbjörnsson, Þrastanesi 5, Garðabæ, nnr. 3349-9876.

Stefndu eru: félagsmálaráðuneytið, nnr. 2308-7006, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík; ríkislögmannsembættið, nnr. 9344-7006, Arnarhváli við Lindargötu, Reykjavík; Garðakaupstaður, nnr. 2508-0009, Sveinatungu við Vífilstaðaveg, Garðabæ; Jón Gauti Jónsson, nnr. 5155-6925, fyrrv. bæjarstjóri Garðakaupstaðar, Engimýri 4, Garðabæ; Guðjón Erlingur Friðriksson, nnr. 2911-8493, bæjarritari Garðakaupstaðar, Kringlunni 17, Reykjavík, og Eiríkur Bjarnason, nnr. 1857-2419, bæjarverkfræðingur Garðabæjar, Brekkubyggð 44, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ummæli stefndu sem hér á eftir greinir verði dæmd ómerk.

Ummæli stefnda Jóns Gauta Jónssonar í yfirlýsingu dagsettri 3. júní 1987 svohljóðandi:

„Í símtali, sem undirritaður átti við Gunnar í byrjun apríl, kom fram hjá honum, að hann hefði skoðað teikningu af Þrastarnesi 6 í haust er leið og gæti undirrituðum því þótt athugasemdir hans seint fram komnar. Skýringar á því voru á þann veg að hann vildi síður standa í illdeilum við væntanlega nágranna, en nú þegar húsið væri risið gæti hann ekki látið hjá líða að gera sínar athugasemdir."

Einnig ummæli stefnda Jóns Gauta í fundargerð Byggingarnefndar Garðakaupstaðar 3. júní 1987 svohljóðandi:

„Eigendur að Þrastanesi 5 upplýstu á umræddum fundi að þau höfnuðu

samningaleið um breytingar á húsinu, en kröfðust þess að húsið yrði fjarlægt af lóðinni.“

Ummæli stefnda Guðjóns Erlings Friðrikssonar bæjarritara í Garðabæ í yfirlýsingu dagsettri 3. júní 1987 svohljóðandi:

„Á fundi er undirritaður sat ásamt bæjarverkfræðingi með Gunnari föstudaginn 15. maí 1987 kom fram hjá honum að hann hafði skoðað teikningar af húsinu Þrastanes 6 hjá byggingafulltrúa á þeim tíma er sökklar voru byggðir. Í framhaldi af þessari yfirlýsingu Gunnars spurði undirritaður hvort ekki hafi verið eðlilegra af hans hálfu að setja fram athugasemdir vegna hæðar og hönnunar hússins. Svar Gunnars var efnislega að þetta væri góð spurning, sérstaklega með tilliti til fagþekkingar hans á þessum málum, en ástæðan hafi verið að hann gerði sér eigi nægjanlega grein fyrir málinu þá.“

Ummæli á bls. 2 í úrskurði félagsmálaráðuneytisins frá 6. júlí 1987 svohljóðandi:

„Samkvæmt kröfu kæranda, sem sett var fram af bæjaryfirvöldum þann 24. apríl sl., um að húsbyggjendur lækkuðu hæð hússins um 50 cm,“ svo og ummæli á bls. 8 í sama úrskurði svohljóðandi:

„Sé það rétt að kærandi hafi látið undir höfuð leggjast að kæra byggingu hússins nr. 6 við Þrastanes eða koma með beiðni á athugun á réttmæti hennar þar til 20. maí sl., enda þótt honum hafi verið kunnugt um hæð sökkla hússins og hvaða áhrif hæð þeirra myndi hafa á hæð hússins í heild þegar úttekt fór fram á lokaframkvæmdum þeirra í ágúst 1986, þá verður að telja það aðgerðarleysi kæranda alvarlegt og afdrifaríkt og það því fremur ef tekið er tillit til menntunar hans, nábýlis og nærveru við umræddar byggingarframkvæmdir.“

Ummæli í bréfi stefnda Eiríks Bjarnasonar dagsettu 22. maí 1987 svohljóðandi:

„Þetta kom heim og saman við, að Gunnar Friðbjörnsson hafði komið til byggingafulltrúa Garðabæjar fyrir u.þ.b. ári síðan og fengið að sjá byggingarnefndarteikningu að Þrastanesi 6 og gerði hann engar athugasemdir við hæð hússins. Þegar síðan Gunnar Friðbjörnsson nú fyrir nokkrum vikum krafðist lækkunar Þrastaness 6 féllust eigendur þess á 40 cm lækkun, þótt það hefði nokkurn kostnað í för með sér fyrir þá.“

Einnig ummæli í bréfi stefnda Eiríks Bjarnasonar, dagsettu 23. júní 1987, svohljóðandi:

„Væri þar með fullnægt upphaflegum kröfum húseiganda að Þrastanesi 5, en þeir kröfðust 80 cm lækkunar hússins í fyrstu.“

Ummæli í bréfi stefnda, ríkislögmanns Gunnlaugs Claessen hrl., í bréfi til félagsmálaráðuneytisins dagsettu 17. júlí 1987 svohljóðandi:

„Í 8. mgr. 8. gr. byggingalaga nr. 54/1978 er að finna kæruheimild ein-

staklinga. Samkvæmt þessari grein er aðila, sem telur rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar heimilað að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða frá því að honum var kunnugt um ályktunina. Þessi heimild var ekki nýtt af Gunnari enda ekki til þess skilyrði, er hann hófst handa hinn 20. maí s.l., þar eð frestur til slíks var liðinn. Þess í stað beindi hann kröfu sinni að skipulagsstjórn ríkisins."

Þá krefst stefnandi þess að staðfest verði með dómi bæjarþingsins að ekki hafi legið fyrir hjá byggingaryfirvöldum í Garðakaupstað hinn 6. júlí 1987 eða fyrr teikningar að húsinu Þrastanesi 6, Garðabæ, sem sýndu hæðarlegu lóðar miðað við hæð hússins.

Loks krefst stefnandi þess að stefndu greiði stefnanda málskostnað vegna reksturs máls þessa samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða eftir mati réttarins.

Stefndu hafa gert kröfu um að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

— — —

Stefndu færa fram eftirfarandi málsástæður til stuðnings frávísunarkröfu sinni:

a) Hér sé um að ræða rekstur sérstaks dómsmáls um efnislegt réttmæti sýnilegra sönnunargagna sem sé óheimill samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

b) Þá er því haldið fram, að grundvöllur málsóknarinnar sé rangur. Stefnandi krefjist þess að fá sérstaklega dóm til að nota síðar sem sönnunargagn um efnislegt réttmæti hinna umstefndu ummæla og lýsi hann því í stefnu að hann hyggist síðar höfða mál til lagfæringar á húsinu Þrastanesi 6. Hins vegar sé það fram komið í málinu að stefnandi hafi þegar lagt þau skjöl er innihalda ummæli þau er hér er krafist ómerkingar á fram í öðru máli sem þingfest hafi verið sama dag og þetta mál í bæjarþingi Garðabæjar.

c) Þá séu kröfur í máli þessu vanreifaðar, þar sem ekki sé leitast við að rökstyðja hvað það er sem geri hin umstefndu ummæli röng og óembættisleg eins og talsmaður stefnanda komst að orði. Brjóti málatilbúnaður þannig í bág við 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Af hálfu stefnanda er frávísunarkröfunni mótmælt með vísan til þess að stefnandi eigi lögvarða kröfu til að fá dóm um það hvort hin umstefndu ummæli séu röng. Hann vísar til þeirrar skoðunar sinnar að þar sem hér sé um að ræða ummæli í opinberum gögnum embættismanna eigi sú regla að gilda að aðilar sem telji á sig hallað eigi sjálfstæða kröfu til þess að fá þau ómerkt með dómi.

Forsendur og niðurstaða:

Eins og málatilbúnaði stefnanda er háttað og litið er til þess að hann hefur höfðað mál fyrir öðrum dómstóli þar sem hann hefur lagt fram skjöl sem innihalda ummæli þau er hann hér krefst ómerkingar á, og að mat á sönnunargildi þeirra á undir þann dómstól, svo og með vísan til 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir verða að vísa kröfu stefnanda um ómerkingu framangreindra ummæla frá dómi svo sem stefndu hafa krafist. Kemur og hér til álita að nokkuð skortir á að lagalegur grundvöllur kröfu stefnanda sé reifaður nægjanlega.

Krafa stefnanda um að staðfest verði með dómi bæjarþingsins að ekki hafi legið fyrir hjá byggingaryfirvöldum í Garðakaupstað hinn 6. júlí 1987 eða fyrr teikningar að húsinu Þrastanesi 6, Garðabæ, sem sýndu hæðarlegu lóðar miðað við hæð hússins, er andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936 með því að fyrrgreindri kröfu hefur verið vísað frá dóminum og ber að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt framansögðu verður máli þessu vísað frá dómi.

Samkvæmt niðurstöðu málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu félagsmálaráðuneytinu og ríkislögmannsembættinu 35.000,00 krónur í málskostnað og stefndu Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni 35.000,00 krónur í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómara.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefndu félagsmálaráðherra og ríkislögmannsembættinu sameiginlega 35.000,00 krónur í málskostnað og ennfremur stefndu Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni sameiginlega 35.000,00 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 16. janúar 1989.

Nr. 115/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hólm Sigurðssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Skjalafals. Bifreiðar. Ölvunarakstur. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu, sviptingu réttar til þess að öðlast ökuleyfi og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða verði þyngd og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður en til vara að hann verði dæmdur í þá vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa. Ennfremur krefst hann málsvarnarlauna auk 12% söluskatts.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal sakavottorð ákærða dagsett 9. þ.m., þar sem fram kemur að auk þeirra refsinga sem raktar eru í héraðsdómi og þess máls, sem hér er til meðferðar, hefur hann á árinu 1988 sætt eftirtöldum refsingum: Hinn 20. janúar var hann dæmdur í 45 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot og ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi. 5. maí var honum dæmdur hegningarauki 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum. 30. júní undirgekkst hann með dómsátt 12.000,00 króna sekt fyrir fíkniefnabrot. 22. september var hann með dómi sakfelldur fyrir umferðarlagabrot án þess að honum væri gerð sérstök refsing og aftur 19. desember, en 3. október var hann dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms má staðfesta niðurstöðu hans um það, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I. og II. kafla ákæru. Eru brot hans réttilega færð til refsiákvæða. Eftir uppsögu héraðsdóms tóku gildi umferðarlög nr. 50/1987 og ber samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma eftir þeim um þau brot hans, er II. kafli ákæru tekur til. Varða brot þessi við 4. mgr. 44. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og refsingu samkvæmt 100. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Fram er komið, að ákærði hefur aldrei haft rétt til að stjórna bifreið. Áður en til þessa máls kom hafði hann þrívegis verið ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi og stendur það óhaggað. Í umferðarlögum nr. 50/1987 felst ekki heimild til að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi, sbr. dóm Hæstaréttar 27. júní 1988 í málinu nr. 150/1988. Svipting réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi verður því ekki áréttuð í máli þessu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Skipaður verjandi ákærða kvaðst hafa orðið fyrir því, að dómsmálaráðuneytið teldi söluskatt innifalinn í þeirri fjárhæð, sem ákveðin væri sem málsvarnarlaun í dómi, og hefði hann af því tilefni uppi sérstaka kröfu um söluskatt á málsvarnarlaun. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skal þóknun skipaðs verjanda ákveðin tiltekinni fjárhæð í dómi. Fjárhæð þessi er endurgjald fyrir lögfræðiþjónustu og dæmd án þess söluskatts, sem af henni ber að greiða samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 7. gr. laga nr. 1/1988 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 skal sá, sem innir þjónustu af hendi, innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1988.

Ár 1988, föstudaginn 5. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1988: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólm Sigurðssyni, sem tekið var til dóms þann 15. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 31. mars sl. á hendur ákærða, ,,Sigurði Hólm Sigurðssyni, Goðheimum 18, Reykjavík, fæddum 1. maí 1963 þar í borg, fyrir eftirgreind brot:

I.

Fyrir skjalafals með því að afhenda Valdísi Steinarsdóttur, Asparfelli 8, Reykjavík, sem greiðslu fyrir bifreiðina R-29731, þann 3. nóvember 1986, falsaðan víxil að fjárhæð kr. 30.000,00, útgefinn 3. nóvember 1986, með gjalddaga 2. desember 1986, sem ákærði hafði samþykkt til greiðslu og framselt og falsað á nafnritun Valgeirs Magnússonar, nnr. 9099-7540, sem útgefanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Fyrir að neyta áfengis við akstur og aka undir áhrifum áfengis og auk þess sviptur ökuréttindum ævilangt ofangreindri bifreið í nóvember 1986, mánudaginn 13. (sic), þriðjudaginn 14. (sic) og miðvikudaginn 15. (sic), um götur í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði og aka bifreiðinni síðast greinda daginn á ljósastaur við Snorrabraut í Reykjavík og þaðan brott af vettvangi án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna óhappsins, en ákærði hætti síðan akstri bifreiðarinnar við veitingahúsið Glæsibæ við Álfheima.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr. 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

III.

Fyrir þjófnað með því að hafa þriðjudaginn 14. (sic) nóvember 1986 í félagi með Dagnýju Björt Magnúsdóttur, fæddri 6. maí 1971, lokkað óþekktan ölvaðan mann upp í áðurgreinda bifreið fyrir utan veitingahúsið

Hrafninn í Skipholti í Reykjavík, stolið frá honum veski hans og um kr. 17.000,00 í peningum, en að því loknu skildu þau hann eftir á bryggjunni í Hafnarfirði og eyddu síðan fénu í eigin þarfir.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

Hinn 3. nóvember 1986 keypti ákærði bifreiðina R-29731 af Valdísi Steinarsdóttur, Asparfelli 8, Reykjavík, fyrir kr. 30.000,00. Kaupverð bifreiðarinnar greiddi hann í einu lagi með 30.000,00 króna víxli, útgefnum 3. nóvember 1986 og með gjalddaga 2. desember s.á. Útgefandi á víxlinum er Valgeir Magnússon, 9099-7540, en samþykkjandi og greiðandi er ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson. Á bakhlið víxilsins, þar sem gert er ráð fyrir framsali útgefanda, er ritað „9099-7548", en þar fyrir neðan, þar sem gert er ráð fyrir áritun ábekinga, er nafn og nafnnúmer ákærða. Á svuntu víxilsins er m.a. ritað nafn og nafnnúmer ákærða sem greiðanda víxilsins, heimilisfang hans og símanúmer og staða, þ.e. sjómaður. Á sama hátt er ritað „Valgeir Magnússon, nnr. 9099-7540, Brautarholti 22, bílamálari", í reit sem ætlaður er fyrir upplýsingar um útgefanda víxilsins. Allt sem fært er á víxileyðublaðið er handritað.

Valgeir Magnússon, sem nú er talinn til heimilis í Hraunbæ 22, Reykjavík, hefur ekki kannast við að hafa gefið framangreindan víxil út né að hafa ritað nokkuð á víxileyðublaðið, enda sé rithönd hans hvergi á víxlinum. Hann hefur á hinn bóginn borið að um svipað leyti og víxillinn var gefinn út hafi ákærði komið til hans í Brautarholt 22 og beðið hann um að skrifa nafn sitt sem útgefandi á víxil, en Valgeir kvaðst hafa neitað honum um það og sagst vera gjaldþrota.

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og í dómi haldið því fram að Valgeir Magnússon hafi ritað á víxilinn nafn sitt (þ.e. Valgeirs) sem útgefandi ásamt nafnnúmeri sínu báðum megin á víxileyðublaðið og ennfremur nafn, nafnnúmer og aðrar persónulegar upplýsingar á svuntu víxilsins. Að öðru leyti kveðst ákærði hafa fyllt víxilinn út. Er honum var bent á að rithönd á nafni Valgeirs líktist hans rithönd, þ.e. ákærða, kvaðst hann ekki kunna aðra skýringu á því en þá að Valgeir hafi líkt eftir rithönd hans.

Ákærði og Valgeir voru samprófaðir vegna máls þessa hjá RLR 12. mars sl. Kvaðst ákærði þá ekki muna betur en að Valgeir hafi ritað á víxilinn. Valgeir neitaði sem fyrr staðfastlega að hafa ritað nokkuð á hann. Hinn

8. maí sl. voru þeir samprófaðir í dómi. Hélt Valgeir enn sem fyrr fast við það að hann hefði ekkert ritað á víxilinn og ítrekaði að hans rithönd vær ekki á honum. Í þessari samprófun kvaðst ákærði ekki þora að fullyrða að Valgeir hafi ritað nafn sitt á víxilinn, þó hann hafi talið svo vera, en kvað vel geta verið, að eitthvað af því „óreglufólki" sem var í Brautarholti 22 hafi ritað nafn Valgeirs á víxilinn.

Að tilhlutan dómsins fól RLR Maríu Bergmann, Tjarnargötu 10, Reykjavík, að gera rithandarrannsókn á umræddum víxli. RLR aflaði rithandarsýna þeirra Valgeirs Magnússonar og ákærða, sem María fékk til rannsóknarinnar ásamt frumriti víxilsins. Rithandarsýni ákærða merkti hún með „A 1-4" og rithandarsýni Valgeirs með „B", en víxillinn var merktur „X". Í niðurlagi álitsgerðar Maríu Bergmann segir svo: „Ritun orðanna Valgeir Magnússon 9099-7540 á sýni X og sannaða ritunin á sýnum A 1-4 *sýna rithönd sömu persónu.* Stafir þeir sem greinilegast sýna einstaklingseinkenni rithandar ritarans eru m.a.: a, g, r, n, s og 9."

Ákærða var kynnt ofangreind álitsgerð í dómi þann 30. september sl. Kvaðst ákærði mótmæla henni og var þess fullviss að Valgeir hefði sjálfur ritað á víxilinn sem útgefandi.

María Bergmann kom sama dag fyrir dóm og staðfesti álitsgerð sína.

Niðurstöður:

Með hliðsjón af framburði vitnisins Valgeirs Magnússonar og með niðurstöðu rithandarrannsóknar á umræddum víxli verður að telja sannað að ákærði hafi falsað nafn Valgeirs Magnússonar sem útgefanda á víxilinn, sem hann síðan notaði í lögskiptum eins og nánar er rakið í I. lið ákæru.

Varðar þetta brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Skömmu fyrir miðnætti miðvikudaginn 5. nóvember 1986 hafði lögreglan afskipti af ákærða við veitingahúsið Glæsibæ í Reykjavík í sama mund og hann kom að bifreið einni, R-29731, sem stóð þar fyrir utan. Lögreglan hafði haft afskipti af Jóhanni Jónassyni, Sigtúni 27, Reykjavík, þar sem hann var undir stýri bifreiðarinnar, vegna gruns um ölvun við akstur, en í farþegasæti í bifreiðinni var Dagný Björt Magnúsdóttir, 15 ára.

Samkvæmt skýrslu lögreglu skýrði Dagný frá því, að hún hefði verið með ákærða í bifreiðinni síðastliðna þrjá daga og ýmist hefði ákærði ekið þessa daga eða aðrir sem hún nafngreindi ekki. Þá kvað hún bifreiðinni hafa verið ekið á ljósastaur við Snorrabraut mánudaginn 3. nóvember, en vildi ekki greina frá hver hefði þá ekið henni.

Ákærði og Jóhann Jónasson voru færðir til töku blóðsýnis til alkóhólrannsóknar, en síðan í fangageymslu lögreglu, þar sem hvorugur þeirra

kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni. Samkvæmt niðurstöðu alkólhólrannsóknanna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 0,58‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 6. nóvember 1986. Kvaðst hann hafa vaknað á miðvikudagsmorgninum og hafa ekið bifreiðinni vestur í bæ. Kvaðst ákærði hafa hafið neyslu áfengis og ekið bifreiðinni eftir kl. 16:00 og kvaðst hann þá hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis. Ákærði gaf einnig skýrslu hjá lögreglu þann 20. nóvember 1986. Kvaðst hann þá hafa hafið akstur bifreiðarinnar seinni hluta mánudags og kvaðst hann hafa neytt áfengis meðan á akstri stóð. Þá kvaðst ákærði einnig hafa ekið bifreiðinni á þriðjudeginum og kvaðst hann hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis.

Fyrir dómi neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni, heldur hefði einhver maður, sem hann mundi ekki hver var, setið við stýrið.

Vitnið Dagný Björt Magnúsdóttir var yfirheyrt hjá lögreglu þann 10. nóvember 1986 og kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja þann 14. desember sl. Kvað vitnið ákærða hafa ekið bifreiðinni dagana 3. - 5. nóvember 1986 og hafi ákærði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Niðurstöður:

Þegar litið er til framburðar vitnisins Dagnýjar Bjartar og framburðar ákærða hjá lögreglu verður að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali í þessum hluta ákæru og þar þykir rétt færð til refsiákvæða. Það athugast, að dagsetningar í ákæruskjali eru rangar. Samkvæmt gögnum málsins eiga þær að vera 3., 4. og 5. nóvember, en vörn hefur ekki orðið áfátt vegna þessa, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

III.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndi Dagný Björt Magnúsdóttir að hafa þriðjudaginn 4. nóvember 1986 (ekki þann 14. eins og í ákæru greinir) lokkað drukkinn mann inn í bifreið ákærða og haft af honum 17.000,00 krónur í peningum og veski hans. Fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 14. desember sl. skýrði Dagný svo frá að þau hefðu boðið manninum í bifreiðina í þeim tilgangi að hafa af honum peninga. Kvaðst Dagný hafa séð að í veskinu voru um 20 til 30 þúsund krónur. Kvaðst hún hafa fengið við og við 5.000,00 krónur hjá manninum fyrir bensíni. Síðan hafi maðurinn rétt þeim veskið, sem var með 3 þúsund krónum í, og beðið þau að geyma það.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 20. nóvember 1986 varðandi þetta atvik. Skýrði hann þá svo frá að Dagný hefði boðið drukknum manni í bifreiðina og kvað ákærði að Dagný hefði lokkað út úr honum talsvert

fé, 15 - 17 þúsund krónur. Fyrir dómi neitaði ákærði að vita nokkuð um mál þetta.

Niðurstöður:

Margt er óljóst um mál þetta og hefur engin kæra borist frá umræddum manni. Þá bendir framburður Dagnýjar til þess að maðurinn hafi sjálfur afhent þeim féð. Þegar framanritað er virt þykir það mikill vafi leika á sekt ákærða, að sýkna verði hann af þessum ákærulið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

[Sakavottorðið tilgreinir 11 refsidóma frá árabilinu 1979 - 1986 og auk þess 5 sektir lagðar á með dómsátt.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli hans þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Rétt þykir að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 15.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 15.000,00.

Þriðjudaginn 17. janúar 1989.

Nr. 422/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðmundi Sigurði Jóhannessyni

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember sl., sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Í þinghaldi í sakadómi Kópavogs 3. þ.m. kynnti héraðsdómari varnaraðila framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Varnaraðili krafðist þess að hin kærða dómsátt yrði staðfest. Var endurrit úr sakadómsbókinni sent Hæstarétti með bréfi héraðsdómara 11. þ.m.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Kópavogs 13. desember sl. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna ölvunar við bifreiðarstjórn, jafnframt að hann skyldi sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Með dómi Hæstaréttar 13. júní 1985 var varnaraðili m.a. dæmdur vegna ölvunar við bifreiðarstjórn og staðfestur dómur héraðsdóms um að varnaraðili skyldi sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Brot varnaraðila er því ítrekað. Lágmarkssvipting ökuleyfis fyrir ítrekað brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga er samkvæmt 3. mgr. 102. gr. sömu laga þrjú ár. Var því ekki heimilt að ljúka málinu með dómsátt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 eins og gert var í sakadómi Kópavogs. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Kópavogs 13. desember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 13. desember var sakadómur Kópavogs settur í skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af Þorgerði Erlendsdóttur fulltrúa.

Fyrir var tekið: Kærumál nr. 1921/88. Rannsókn varðandi ætlað umferðarlagabrot.

Dómari leggur fram: nr. 1 lögregluskýrslu, nr. 2 blóðtökuvottorð, nr. 3 niðurstöðu alkóhólrannsóknar, nr. 4 sakavottorð, nr. 5 yfirlit yfir sakarkostnað og nr. 6 bréf. Skjölin fylgja.

Fyrir dómi er mættur kærði: Guðmundur Sigurður Jóhannesson, heimili: Furugrund 18, Kópavogi, fæðingardagur: 070958-2529.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt frá 19. september 1988.

Hann samþykkir að greiða kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Sektin greiðist fyrir 1. mars 1989, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður kr. 2.220,00 greiðist fyrir sama tíma.

Kærði samþykkir sviptingu ökuleyfis í 1 ár frá deginum í dag að telja, sem ákveðin er með vísun 102. gr. umferðarlaga. Kærði afhendir ökuskírteini sitt.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Upplesið, játað rétt bókað: G. Sigurður Jóhannesson (sign)

Fimmtudaginn 19. janúar 1989.

Nr. 221/1987. **Finnur Sigurbjörnsson**
Guðmundur Svavarsson og
Steinþór Sigurbjörnsson persónulega og
fyrir hönd Kögurvíkur sf.
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Hermanni B. Haraldssyni
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

Kaupsamningur. Útivist í héraði. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og þess, að hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir verði felldar niður. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir bæjarþingi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í greinargerð fyrir Hæstarétti krafðist hann staðfestingar tveggja fjárnámsgerða, sem áfrýjað hafði verið. Við munnlegan flutning málsins féll hann frá kröfu sinni um staðfestingu fjárnáms 10. apríl 1987 í fógetaréttarmáli í Skagafjarðarsýslu nr. A-14/1987, sem gert var í hluta Kárastígs 5 á Hofsósi og bifreiðinni K-1487, en ítrekaði kröfu um staðfestingu fjárnáms í hluta Sætúns 11, Hofsósi, og bifreiðinni K-2135 (mál nr. A 13/1987). Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og segir í héraðsdómi varð útivist af hálfu áfrýjenda eftir að þar hafði verið lögð fram af þeirra hálfu greinargerð og ýmis skjöl. Verður málið dæmt í Hæstarétti eins og það lá fyrir héraðsdómara, en þó verður viðurkenning áfrýjenda á hluta af kröfum stefnda, sem fram kom fyrir Hæstarétti, lögð til grundvallar.

Í stefnu og greinargerð á bæjarþingi sundurliðaði stefnandi (stefndi fyrir Hæstarétti) kröfur sínar í 5 liðum. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi viðurkennt tvo kröfuliðanna, alls að fjárhæð

49.325,40 krónur. Eru þessir liðir teknir saman í 1. lið í hinum áfrýjaða dómi. Ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda kröfu hans að þessu leyti með vöxtum eins og síðar segir.

Stefndi í Hæstarétti krefur áfrýjendur þessu næst um 9.876,29 krónur sem hann segir að hafi verið hluti af inneign sinni í Stofnfjársjóði fiskiskipa, en hafi ranglega runnið til áfrýjenda. Gögn þau, sem lögð voru fyrir bæjarþingið þessu til stuðnings, eru reikningsyfirlit sjóðsins og kvittun fyrir því, að hann hafi greitt inn á bankareikning Hermanns Haraldssonar þá upphæð, sem eftir reikningsyfirlitinu er inneign Hermanns hjá sjóðnum í árslok 1981 áður en vextir fyrir það ár voru reiknaðir. Heldur stefndi því fram, að vextir frá árinu 1981, sem eftir reikningsyfirlitinu námu 9.875,55 krónum, hafi ekki verið greiddir til sín. Fram er komið, að lögmaður hafði áður en til dómsmáls var stofnað krafið áfrýjendur um þessa upphæð, en skjöl málsins bera ekki með sér, að sérstök mótmæli hafi komið fram vegna kröfunnar. Ber að dæma áfrýjendur til að greiða hana með vöxtum eins og síðar segir.

Þá krefur stefndi áfrýjendur um endurgreiðslu á afborgun af láni, sem hann kveðst hafa greitt fyrir þá af misskilningi. Styður hann kröfuna með því að leggja fram tvær kvittanir fyrir greiðslum 7. júní 1982 til Landsbanka Íslands á Selfossi, samtals 30.971,40 krónur vegna afborgana og vaxta. Eftir skjölum málsins virðast afborganir af höfuðstól þessarar skuldar endurgreiddar með hluta kröfu sem stefndi hefur viðurkennt og getið er hér áður. Er því um að ræða kröfulið, sem er vanreifaður og ber að vísa frá héraðsdómi.

Loks hefur stefndi krafið áfrýjendur um 45.141,20 krónur, sem hann kveðst hafa greitt vegna mistaka en verið hafi afborgun af láni á 7. veðrétti, sem áfrýjendur hafi eftir kaupsamningi aðila átt að borga. Bendir hann þessu til stuðnings á kvittun frá Landsbanka Íslands á Eskifirði frá 25. maí 1982. Það sem þar segir um upphaflega fjárhæð skuldarinnar og útgáfudag skuldabréfs er ekki í samræmi við það, sem í kaupsamningi segir um skuld, sem tryggð er með 7. veðrétti í hinum selda bát. Er því um að ræða kröfulið, sem er vanreifaður og ber að vísa frá héraðsdómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að vísa tveimur af 5 kröfuliðum, sem fram komu í héraði, frá héraðsdómi, en

dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 59.201,69 krónur með vöxtum.

Um vexti er þessa að geta: Lögskipti aðila og kröfur stefnda fyrir málshöfðun voru með þeim hætti, að ekki er unnt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda vexti fyrr en frá þingfestingardegi 17. desember 1985. Frá 14. apríl 1987, en þá tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi, verða dæmdir ársvextir, en ekki mánaðarvextir, sbr. 10. gr. 1. mgr. laganna og III. kafla bráðabirgðalaga nr. 83/1988. Kröfu um vaxtavexti ber að taka til greina. Samkvæmt þessu verða vextir eins og segir í dómsorði.

Kröfu stefnda um staðfestingu fjárnáms eins og hún er nú orðin ber að taka til greina.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum stefnda er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Finnur Sigurbjörnsson, Guðmundur Svavarsson og Steinþór Sigurbjörnsson persónulega og fyrir Kögurvík sf., greiði óskipt stefnda, Hermanni B. Haraldssyni, 59.201,69 krónur með 3,75% mánaðarvöxtum frá 17. desember 1985 til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan með ársvöxtum, sem eru dráttarvextir eftir 3. kafla laga nr. 25/1987, sbr. bráðabirgðalög nr. 83/1988, til greiðsludags. Höfuðstólsfæra skal vexti 17. desember 1986 og síðan árlega þann dag.

Staðfest er fjárnám 10. apríl 1987 í hluta Sætúns 11 á Hofsósi og í bifreiðinni K-2135.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 75.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 10. nóvember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 16864/1985: Hermann B. Haraldsson gegn Kögurvík sf., Finni Sigurbjörnssyni, Guðmundi Svavarssyni og Steinþóri Sigurbjörnssyni á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hermann B. Haraldsson, 4048-4949, Grímsstöðum, Akureyri, höfðað fyrir dóminum 17. desember 1985 á hendur Kögurvík sf., 5977-4239, Hofsósi, Finni Sigurbjörnssyni, 2339-9857, sjómanni, Sætúni 11, Hofsósi, Guðmundi Svavarssyni, 3109-2663, skipstjóra, Hjarðartúni 3, Ólafsvík, og Steinþóri Sigurbjörnssyni, 8508-1047, Kárastíg 5, Hofsósi, „f.h. Kögurvíkur s.f., svo og öllum persónulega in solidum sem eigendum Kögurvíkur s.f., sem er sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð", til greiðslu eftirstöðva kaupverðs vélbátsins Flóka SU 18 auk vanskilavaxta, vaxtavaxta og málskostnaðar.

Þann 2. janúar 1982 undirrituðu aðilar kaupsamning og afsal fyrir bátnum, en síðan komu fram talsverðar skekkjur í samningnum stefnanda í óhag. Þar eru ofreiknaðar áhvílandi yfirteknar skuldir sem leiddu til þess að stefnandi fékk lægri greiðslu fyrir bátinn en kaupsamningur gerði ráð fyrir. Þá gleymdist einnig að taka tillit til inneignar stefnanda hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa sem leiddi til þess að Kögurvík sf. naut góðs af inneigninni en ekki seljandi. Þann 7. maí, 25. maí og 7. júní 1982 greiddi stefnandi vegna mistaka af lánum sem stefndi átti að yfirtaka.

Skuldina má sundurliða þannig:

1.	Ofreiknaðar yfirteknar skuldir	kr.	49.325,40
2.	Vangoldnir vextir af inneign hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa	"	9.876,29
3.	Greitt af yfirteknum lánum fyrir mistök	"	96.112,80
	Samtals	kr.	155.314,49

Dómkröfur stefnanda eru:

A. Að stefndu Kögurvík s.f., Finnur, Guðmundur og Steinþór verði dæmdir in solidum til greiðslu á kr. 135.314,29 með 4,5% mánaðarvöxtum af kr. 59.201,69 frá 2/1 1982 til 20/4 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 25/5 s.á., með 4% mánaðarvöxtum af kr. 104.342,89 frá þ.d. til 7/6 s.á., með 4% mánaðarvöxtum af stefnufjárhæðinni kr. 135.314,29 frá þ.d. til 31/10 s.á., með 5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/10 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/11 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/12 s.á., með 3,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/1 1984, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., með 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d.til 1/2 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/3 s.á.,

með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/6 s.á., með 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til greiðsludags.

B. Að stefndi Sigurður verði dæmdur til greiðslu á kr. 59.201,69 með 4,5% mánaðarvöxtum frá 2/1 1982 til 20/4 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 31/10 s.á., með 5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/10 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/11 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/12 s.á., með 3,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/1 1984, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., með 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/2 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/3 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/6 s.á., með 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til greiðsludags.

Þá er þess krafist varðandi alla hina stefndu að í dómsorði verði kveðið á um að áfallnir vextir, þ.m.t. vanskilavextir, bætist við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 2. janúar 1983. Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þann 19. maí '82 seldi Kögurvík sf. Stórhóli sf. bátinn með þeim skilmálum að Stórhóll sf. yfirtæki skuldir við stefnanda samkvæmt kaupsamningnum.

Stefndu krefjast þess aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda en til vara að þeim verði aðeins gert að greiða óverulegan hluta stefnufjárhæðarinnar. Í báðum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda.

Dómkröfur stefndu virðast byggjast á þeirri skoðun að um aðildarskort sé að ræða, þannig að Stórhóll sf. hafi tekið við skyldum Kögurvíkur sf. gagnvart stefnanda. Styðja stefndu þessa skoðun við viðskipti lögmanna stefnanda við umboðsmenn Stórhóls sf. varðandi skuldaskil.

Í greinargerð er auk þess bent á það að stefndu hafi orðið að greiða Stórhóli sf. vegna galla á kælikerfi aðalvélar bátsins kr. 96.341,05. Þann 22. september 1986 var höfðuð gagnsök út af þessari kröfu af hálfu Kögurvíkur sf. og þess krafist aðallega, að fjárhæðin kr. 96.341,06 auk vaxta og málskostnaðar kæmi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda í aðalsök, en til vara að sjálfstæður dómur yrði kveðinn upp.

Af hálfu aðalstefnanda var kröfunni mótmælt á grundvelli fyrningar, tómlætis, vanreifunar og sönnunarskorts. Að lokum var á það bent af hálfu stefnanda að margir mánuðir hefðu liðið frá afhendingu skipsins og þar til gert var við kælikerfið. Álítur hann að bilunin hafi orðið vegna mistaka vélstjóra á því tímabili.

Þann 6. nóvember sl. varð útivist af hálfu gagnstefnanda, og var þá gagn-

sökin hafin og málið dómtekið. Málið er því dæmt samkvæmt ákvæðum 2. ml. 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936.

Upphaflega stefndi stefnandi skipasala þeim er annaðist miðlun milli aðilanna ásamt stefndu til greiðslu á hluta stefnufjárhæðarinnar, en þann 17. október sl. var fallið frá kröfum á hendur honum.

Við dómtöku málsins var vakin athygli á því af hálfu stefnanda að láðst hefði að gera kröfu í málinu um endurgreiðslu kr. 20.000,00 vegna innborgunar 7. maí 1983 á skuld á 8. veðrétti, og var þess krafist að til þessa yrði tekið tillit í dómi.

Fram hefur komið í málinu að Stórhóll sf. og stefnandi hafa átt samskipti vegna yfirtöku hins fyrrnefnda á skyldum Kögurvíkur sf. samkvæmt kaupsamningi málsaðilja, en ekkert hefur komið fram um að stefnandi hafi með skiptum sínum við Stórhól sf. eða með öðrum hætti leyst stefndu frá skyldum sínum til greiðslu vegna mistaka við gerð kaupsamnings og vegna greiðslna stefnanda á skuldum sem stefndu yfirtóku með samningnum. Ber því að fallast á upphaflegar höfuðstólskröfur stefnanda. Af hálfu stefnanda hefur verið lýst yfir, að gefnu tilefni frá dómaranum, að ef ekki verði talið fært að taka kröfuna til efnisúrlausnar þá verði henni ekki vísað sjálfstætt frá dómi, heldur kveðinn upp efnisdómur án tafar. Ekki verður í þessu máli lagður dómur á þessa viðbótarkröfu, þar sem hún kom ekki fram fyrr en við dómtöku þegar útivist hafði orðið af hálfu hinna stefndu.

Frávísun gagnsakarinnar kemur ekki í veg fyrir að gagnkrafan verði höfð til skuldajafnaðar. Hins vegar er hún mjög vanreifuð, og hún kom ekki fram beinlínis sem ástæða fyrir sýknukröfu í greinargerð og verður því ekki tekið tillit til hennar í þessu máli.

Álitaefni er um vaxtakröfu stefnanda, einkum um þann hluta krafnanna sem stafa af greiðslu hans af yfirteknum skuldum fyrir vangá, vaxtafót og upphafstíma vaxta svo og um vaxtavexti. Af hálfu hinna stefndu hefur ekki verið hreyft sérstökum andmælum við vaxtakröfum og þar sem kröfur þessar eru ekki hærri en sem nemur þeim vanskilavöxtum sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið á vaxtatímabilinu þykir einnig bera að fallast á vaxtakröfurnar, þar á meðal á þann skilning stefnanda að vexti beri að leggja við höguðstól á 12 mánaða fresti. Frá 1. mars 1985 ákveðst vaxtafótur þó eins og greinir í dómsorði í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands.

Málskostnaður ákveðst kr. 40.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Finnur Sigurbjörnsson, Guðmundur Svavarsson og Steinþór Sigurbjörnsson greiði persónulega og f.h. Kögurvíkur sf. að óskiptu

Hermanni B. Haraldssyni kr. 135.314,29 með 4,5% mánaðarvöxtum af kr. 59.201,69 frá 2. janúar 1982 til 20. apríl 1982, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 25. maí 1982, af kr. 104.342,89 frá þeim degi til 7. júní 1982, en af kr. 135.314,29 frá þeim degi til 31. október 1982, með 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 3,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 20. janúar 1989.

Nr. 5/1989. **Kristmundur Ásmundsson**
gegn
Ríkisendurskoðun

Kærumál. Ríkisendurskoðun. Þagnarvernd. Læknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Grindavík, kvað upp hinn kærða úrskurð í sakadómi kaupstaðarins, enda segir í 7. gr. 3. mgr. laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun, eins og hún er eftir

breytingu með lögum nr. 35/1988, að ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar sæti úrlausn sakadóms.

Kæruheimild er 172. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. gr. 12. tl. sömu laga. Kært var með bókun í sakadómsbók á dómþingi er úrskurðurinn var kveðinn upp 4. þ.m. Málið barst Hæstarétti daginn eftir.

I.

Sóknaraðili krefst þess að „hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, öllum kröfum Ríkisendurskoðunar í málinu synjað og" honum „dæmt óskylt að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar þann aðgang að sjúkraskýrslum í Heilsugæslustöð Suðurnesja í Grindavík, sem Ríkisendurskoðun krefst. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi Ríkisendurskoðunar að mati Hæstaréttar."

Dómkröfur varnaraðila eru að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að undanskildu málskostnaðarákvæðinu. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Lögmenn aðila hafa sent dómnum greinargerðir og af hálfu sóknaraðila hafa verið lögð fyrir Hæstarétt ný gögn.

II.

Málsatvikum er lýst í úrskurði sakadóms.

III.

Varnaraðili byggir á 7. gr. laga nr. 12/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1988. Er lagaákvæði þetta svohljóðandi:

„Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Ennfremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga, sem ríkissjóður á hlut í.

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur ríkisendurskoðandi þá leitað um hann úrskurðar sakadóms."

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að um einkalífsvernd sjúklinga og leyndarskyldu lækna gildi í íslenskum rétti grunnregla, sem varin sé í 66. gr. stjórnarskrárinnar og fjölmörgum lagaákvæðum um heilbrigðisstéttirnar. Við túlkun þessara reglna beri að gæta ákvæða 12. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 8. gr. sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttindasáttmála Evrópu").

Í 66. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild."

Af hálfu sóknaraðila hér fyrir dómi er sérstaklega vitnað til læknalaga nr. 53/1988. Þar segir í 15. gr.:

„Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni."

Ástæða er til að taka hér einnig upp 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákvæðið í 25. kafla laganna, en hann fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Í lagaákvæðinu segir:

„Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári."

Í málinu hefur af hálfu sóknaraðila verið vísað til fordæma, þ.e. Hæstaréttardóma 1949 bls. 10 og 1950 bls. 149, 150 og 152. Í öllum þessum málum höfðu læknar komið fyrir dóm sem vitni og skýrt frá því, að þeim hefði verið trúað fyrir upplýsingum um fóstureyðingar, ólögmætar að því er ætla verður. Í héraði var læknunum talið skylt að gefa dómstólnum upplýsingar hér að lútandi. Í Hæstarétti varð niðurstaðan aftur á móti sú, að trúnaðarsamband sjúklinga og lækna, sem í hlut áttu, væri svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði að ekki væru efni til að rjúfa það í málum þessum.

Nokkrir aðrir dómar hafa verið birtir, þar sem fjallað er um þagnarskyldu lækna. Ekki er þó ástæða til að nefna þá hér, en hins vegar er þess að geta, að í dómi Hæstaréttar 1968 bls. 1007 segir, að samkvæmt „grunnreglum laga um þagnarvernd einkalífs" eigi kjörforeldrar rétt til þess að ekki séu í upplýsingabók birt nöfn kynforeldranna.

IV.

Ýmis lögskýringargögn eru tiltæk, sem koma til skoðunar, og hefur af hálfu aðila verið bent á þau. Er þess þá fyrst að geta, að sóknaraðili telur að það yrði brot á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu, ef orðið yrði við kröfum varnaraðila í máli þessu. Mannréttindayfirlýsingin var samþykkt á allsherjarþinginu 1948, en hún er ekki þjóðréttarsamningur í hefðbundinni merkingu þess orðs og hefur eigi verið fullgilt af

neinu ríki. Er þó rétt að taka 12. gr. yfirlýsingarinnar hér upp (þýðing í fylgiriti Tímarits lögfræðinga 1968):

„Eigi má eftir geðþótta raska heimilisfriði nokkurs manns, hnýsast í einkamál hans eða bréf, vanvirða hann eða spilla mannorði hans. Ber hverjum manni lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum."

Í mannréttindasáttmála Evrópu segir í 8. gr. (Stjórnartíðindi A nr. 11/1954):

„1. Hver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Stjórnvöld mega ekki raska þessum réttindum nema samkvæmt lögum og nauðsynlegt sé í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings eða ríkis eða efnahags þjóðarinnar til þess að afstýra óspektum eða glæpum eða til verndar heilbrigði og siðgæði eða réttindum og frelsi annarra manna."

Ísland hefur fullgilt mannréttindasáttmála Evrópu. Það hefur einnig fullgilt alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna (Stjórnartíðindi C nr. 10/1979). Þar segir í 17. gr.:

„1. Enginn skal þurfa að þola geðþótta- eða ólögmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfaskiptum né ólögmætar árásir á heiður eða mannorð sitt.

2. Allir eiga rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árásum."

Það ákvæði, sem hér skiptir máli í lögum um Ríkisendurskoðun, var rætt og afgreitt á Alþingi á fyrra hluta síðasta árs. Lagafrumvarpið var flutt af tveimur af forsetum þingsins og einum af varaforsetum þess að frumkvæði ríkisendurskoðanda. Tilefnið var deila um aðgang að gögnum í heilsugæslustöð í Reykjavík. Meðal þingmanna komu fram skiptar skoðanir og athugasemdir, meðal annars um þýðingu málsins varðandi þagnarskyldu lækna. Framsögumaður þeirrar nefndar, sem fjallaði um frumvarpið í Neðri deild, sagði m.a.:

„Nefndin telur rétt, að Ríkisendurskoðun fái þær almennu heimildir sem kveðið er á um í frv. til þess að hún geti rækt hlutverk sitt með viðunandi hætti. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að réttur sjúklinga til fulls trúnaðar um einkamál verði í heiðri hafður og ákvæði læknalaga um þagmælsku virt. Nefndin telur að

heilbrn. beri að hafa forustu um að móta verklagsreglur, sem kveði m.a. á um að sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem liggja til grundvallar greiðslum til lækna. Þannig verði nauðsynlegs trúnaðar gætt."

Frumvarp til nýrra læknalaga var samþykkt á Alþingi fjórum dögum fyrr en frumvarpið um breyting á lögunum um Ríkisendurskoðun, en við meðferð þess máls komu ekki fram atriði, sem nauðsynlegt er að rekja hér.

V.

Af orðum laga nr. 12/1986, sbr. lög nr. 35/1988, einum mætti ætla, að taka bæri til greina kröfur varnaraðila hér fyrir dómi, Ríkisendurskoðunar, og staðfesta hinn kærða úrskurð. Nauðsynlegt er þó að kanna hvort ákvæði 66. gr. stjórnarskrárinnar, 15. gr. læknalaga eða grunnreglur íslensks réttar leiði til annarrar niðurstöðu.

Ákvæði í 66. gr. stjórnarskrárinnar um bann við rannsókn skjala leiðir ekki til þess, að fallast beri á kröfur sóknaraðila, þar sem í lagagreininni segir, að með sérstakri lagaheimild, eins og hér liggur fyrir, megi víkja frá ákvæðinu.

Þeir dómar Hæstaréttar frá árunum 1949 og 1950, sem sóknaraðili hefur vitnað til og nefndir eru hér að framan, fjalla ekki um mál, sem að öllu leyti eru sambærileg við það sakarefni, sem hér er til úrlausnar. Í þeim voru skýrðar reglur um vitnaskyldu, sem eru almennar og sæta undantekningum, en eru ekki um sérstakar, afmarkaðar heimildir eins og fjallað er um í þessum dómi. Sú meginregla, sem fram kemur um einkalífsvernd í stjórnarskránni, 229. gr. almennra hegningarlaga og mörgum lögum um heilbrigðisstéttir, verður ekki lögð til grundvallar dómi, sem leiðir til þess, að kröfur sóknaraðila verði teknar til greina.

Þegar úr því þarf að leysa, hvort samanburðarskýring á 7. gr. laga nr. 12/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1988, og á hinn bóginn 15. gr. laga nr. 53/1988 leiði til þess, að taka beri kröfu sóknaraðila til greina, er þess fyrst að geta, að bæði ákvæðin eru sérákvæði, og verður ekki fengin niðurstaða með hinni almennu skýringarreglu um slík ákvæði. Verður að meta þá hagsmuni, sem að baki ákvæðanna liggja, og hafa hliðsjón af tilgangi löggjafans, þegar ákvæðin voru sett.

Miklvægir þjóðfélagshagmunir búa því að baki, að sett hafa verið lög um endurskoðun reikningsgerðar opinberra stofnana og að þar er leitast við að tryggja viðunandi aðstöðu til könnunar á frumgögnum.

Friðhelgi einkalífs er einnig mikilvægt atriði, sem lögin vernda, bæði vegna almennra mannréttindajsónarmiða og til þess meðal annars að samband lækna og sjúklinga geti verið náið og heilsuvernd og lækningar skilað sem mestum árangri. Í þessu máli vegast því á verulegir hagsmunir og meginreglur laga skera ekki úr, hvor kosturinn skuli valinn. Lögskýringargögn þau í þjóðréttarsamningum um mannréttindi, sem fyrr eru nefndir, gera ráð fyrir undantekningum frá reglum um friðhelgi einkalífs vegna annarra þjóðfélagshagsmuna. Það sem ráðið verður af meðferð frumvarps um breyting á ríkisendurskoðunarlögunum á Alþingi og einnig er rakið hér að framan styður það, að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

Við endanlegt mat á þeim hagsmunum, sem til álita koma, þykir eiga að hafa í huga, að eðli málsins samkvæmt geta þau gögn, sem um er deilt, ekki verið trúnaðarmál læknis og sjúklinga einna, þar sem starfsmenn heilbrigðisstofnunar þeirrar, sem sóknaraðili starfar við, hljóta að hafa um þau nokkra vitneskju, og að auki bera þeir reikningar, sem til endurskoðunar eru, með sér að tilteknar aðgerðir hafi verið gerðar. Er því ekki um að ræða meginbreytingu varðandi leynd gagnanna, þó að trúnaðarlæknir, sem bundinn er þagnarskyldu, kynni sér þau á vegum Ríkisendurskoðunar að því marki, sem krafist er í máli þessu.

Þegar framanskráð er virt verður ekki talið, að hið ótvíræða orðalag 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 12/1986 eins og ákvæðið er eftir breytingu með lögum nr. 35/1988, verði þrengt vegna ákvæða læknalaga eða annarra réttarreglna þannig að taka beri til greina kröfu sóknaraðila. Verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Grindavíkur 4. janúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 4. janúar er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eiríkssyni, fulltrúa bæjarfógetans í Grindavík, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ríkisendurskoðun gegn Kristmundi Ásmundssyni.

Mál þetta var þingfest 29. desember sl. og tekið til úrskurðar sama dag að loknum munnlegum málflutningi.

Með beiðni Ríkisendurskoðunar dags. 23. desember sl. var þess farið á leit „að sakadómur Grindavíkur felli úrskurð um skyldu Kristmundar Ásmundssonar, heilsugæslulæknis við Heilsugæslustöð Suðurnesja, Grindavík, til að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar aðgang í þágu starfa sinna að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga, sem leituðu til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja, Borgarhrauni 6, Grindavík, í mánuðunum mars, apríl og maí 1988, í því skyni að sannreyna að gjaldskrárreikningar, sem nefndur heilsugæslulæknir hefur gert og fengið greidda fyrir læknisverk, unnin á fyrrgreindu tímabili, eigi sér stoð í sjúkraskýrslunum, enda verði skoðun á sjúkraskýrslunum hagað með þeim hætti að trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar fái einn færi á að kynna sér efni þeirra og geti þannig staðfest, að þau læknisverk, sem greind eru í gjaldskrárreikningunum í formi gjaldskrárnúmera og annar starfsmaður Ríkisendurskoðunar les upp fyrir trúnaðarlækninum séu þar skráð.“ Í þinghaldi þann 29. desember sl. krafðist lögmaður sóknaraðila að varnaraðila yrði gert að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist „að beiðni Ríkisendurskoðunar um að sakadómur Grindavíkur úrskurði að Kristmundi Ásmundssyni heilsugæslulækni sé skylt að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar aðgang að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga, sem leituðu til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja í Grindavík í mánuðunum mars, apríl og maí 1988, verði synjað og heilsugæslulækninum úrskurðað óskylt að veita starfsmönnum Ríkisendurskoðunar og trúnaðarlækni stofnunarinnar umbeðinn aðgang.“ Jafnframt er þess krafist að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Úrskurður sakadóms Grindavíkur frá 15. desember sl. um sama ágreiningsefni aðila var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar frá 21. desember sl.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þeir að fulltrúar Ríkisendurskoðunar hugðust skoða sjúkraskýrslur í Heilsugæslustöð Suðurnesja í Grindavík og bera þær saman við gjaldskrárreikninga fyrir læknisverk. Var heilsugæslulækninum í Grindavík, Kristmundi Ásmundssyni, tilkynnt um skoðun þessa með hæfilegum fyrirvara. Með bréfi heilsugæslulæknisins, dags. 1. desember sl., tilkynnti hann Ríkisendurskoðun að hann hefði

ákveðið að sjúkraskýrslur Heilsugæslu Grindavíkur yrðu ekki rannsakaðar á þann máta sem gert hefði verið í Keflavík nokkrum dögum áður. Segir í bréfi þessu að ákvörðun heilsugæslulæknisins standi í fyrstu til 5. desember nk., en hann muni nota þann tíma til að skoða málið betur. Í bréfi þessu segir einnig að fulltrúum Ríkisendurskoðunar sé heimilt að skoða gögnin nú þegar, verði fylgt þeirri aðferð, sem lýst er í bréfi Gunnars Inga Gunnarssonar f.h. stjórnar Félags íslenskra heimilislækna, dags. 30. nóvember sl., og lagt er fram á dskj. nr. 3. Í bréfi stjórnar Félags íslenskra heimilislækna segir m.a.: „Læknafélag Íslands er aðili að munnlegu samkomulagi við fulltrúa hins opinbera um aðra og lögmæta aðferð til að kanna réttmæti áðurnefndra reikninga. Sú aðferð fullnægir tilgangi hins sjálfsagða eftirlits og var notuð af Rannsóknarlögreglu ríkisins við athugun á reikningum læknis á heilsugæslustöðinni í Árbæ snemma á þessu ári, án þess að trúnaður væri brotinn á skjólstæðingum læknisins." Síðar í þessu sama bréfi segir að aðferð þessi hafi verið nefnd „Árbæjaraðferð". Hér fyrir rétti hefur varnaraðili lýst „Árbæjaraðferð" við skoðun sjúkraskýrslna svo að fulltrúar Ríkisendurskoðunar sitji við annan enda borðs og viðkomandi heilsugæslulæknir við hinn endann. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar lesi upp nöfn sjúklinga og komudag og læknirinn les sjúkraskýrslu yfir í hljóði og kveði svo upp úr um gjaldskrárnúmer viðkomandi læknisþjónustu.

Á dómskjali nr 14 er lagður fram vitnisburður Sigurðar Hermundarsonar, deildarstjóra hjá Ríkisendurskoðun, Breiðvangi 5, Hafnarfirði, fyrir sakadómi Grindavíkur þann 5. desember sl. Segir hann að í svonefndu „Árbæjarmáli" hafi sá háttur verið hafður á að rannsóknarlögreglumaður hafi lesið nöfn sjúklinga og númer verks af samskiptaseðli og við hann voru bornar sjúkraskýrslur og úr þeim lásu viðkomandi heilsugæslulæknir og Jón K. Jóhannsson tryggingalæknir. Á dskj. nr. 11 hefur verið lögð fram yfirlýsing Jóns K. Jóhannssonar læknis, þar sem segir að í áðurnefndu máli hafi fulltrúar Ríkisendurskoðunar og rannsóknarlögreglu lesið upp gjaldskrárnúmer úr reikningum, en hann og viðkomandi heilsugæslulæknir hafi síðan borið saman við sjúkraskrár. Engir aðrir en þessir tveir læknar hafi séð sjúkraskrárnar í umrætt sinn.

Í greinargerð sóknaraðila segir að heimildir Ríkisendurskoðunar í þessum efnum séu ótvíræðar, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 12/1986, sbr. lög nr. 35/1988, um breytingu á þeim lögum. Við framkvæmd þessara skoðana hafi verið haft fullt samráð við heilbrigðisráðuneytið og meðal annars vegna sjónarmiða, sem fram komi hjá varnaraðila og í nefndaráliti neðri deildar Alþingis frá 6. maí sl. um trúnaðarskyldur gagnvart sjúklingum, hafi heilbrigðisráðuneytið tilnefnt sérstakan trúnaðarlækni, Örn Bjarnason, til þessara starfa með starfsmönnum Ríkisendurskoðunar.

Í greinargerð varnaraðila segir að 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 12/1986, sbr. lög nr. 35/1988 um breytingu á þeim lögum, hafi ekki afnumið né takmarkað hin fjölmörgu lagaboð gildandi laga um leyndarskyldu starfsstétta um einkamálefni manna, þar með taldar 15. og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, hvað þá að grundvallarreglur réttarins um persónuvernd og friðhelgi einstaklingsins til ótruflaðs einkalífs hafi verið skertar. Haldi þær grunnreglur og áðurnefnd lagaboð fullu gildi og takmarki hina almennu heimild í lögum um Ríkisendurskoðun eins og jafnan er þegar þannig standi á, að almenn heimild í lögum er þrengd af sérákvæðum og grundvallarreglum réttarins. Læknalög nr. 53/1988 séu og yngri en lögin um Ríkisendurskoðun og því hafi verið sérstök ástæða til að setja í læknalögin frávik frá leyndarskyldu ef það hafi verið tilgangur löggjafans. Það hafi hins vegar ekki verið gert. Ein af mikilvægustu meginreglum í réttarskipan menningarþjóða sé réttur manna til að njóta ótruflaðs einkalífs. Regla þessi sé meðal annars í 12. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland sé aðili að. Segir þar að hverjum manni beri lagavernd gegn íhlutun í einkamálefni hans. Í íslenskum rétti birtist framangreind grunnregla í ótal lagaboðum um leyndarskyldu til verndar þessum mannréttindum. Við mat á ofangreindum meginreglum og einstökum lagaboðum sé ljóst að leyndarréttur skuli því aðeins rofinn að mun ríkari einstaklings- eða almannahagsmunir krefjist. Í þessu máli rekist á annars vegar fjárhagslegir hagsmunir ríkisvaldsins og hins vegar sameiginilegir hagsmunir sjúklinga og lækna til varðveislu leyndar um einkamál sjúklings. Ríkisendurskoðun standi þrjár leiðir opnar til að sinna hagsmunum sínum án óhefts aðgangs að sjúkraskýrslunum, í fyrsta lagi sú aðferð að bera reikninga læknanna undir viðkomandi sjúklinga til staðreynslu á því hvort þeir hafi notið þeirra læknisgerða er fram komi á reikningi, í öðru lagi að sjúklingur kvitti fyrir læknisverk er fylgi síðan sem fylgiskjal með reikningi læknis til þeirrar opinberu stofnunar sem á að greiða reikninginn, í þriðja lagi að sjúklingurinn greiði sjálfur fyrir læknisverkið og fái síðan endurgreitt. Við venjulegt úrtakseftirlit eins og í þessu máli sé „Árbæjaraðferðin" einnig nægileg. Samkvæmt 15. og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 auk siðareglna lækna hafi aðeins sá læknir einn og eða aðstoðarmenn hans, sem stunda viðkomandi sjúkling, rétt til vitneskju um efni sjúkraskýrslna. Utanaðkomandi læknar eða aðrir hafi engan rétt til þess án samþykkis sjúklings. Trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar sé ekki við skoðun á sjúkraskýrslum í læknisstarfi, heldur í endurskoðunarstarfi og því óbundinn af trúnaðarskyldu 15. gr. læknalaga.

Niðurstaða:

Það er óumdeilt í máli þessu að Ríkisendurskoðun beri að kanna hvort

gjaldskrárreikningar fyrir læknisverk séu í samræmi við það sem fært hafi verið í sjúkraskýrslur. Ágreiningsefnið í máli þessu lýtur að því hvort fulltrúar Ríkisendurskoðunar hafi, samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun eins og þeim hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 35/1988, heimild til að skoða sjúkraskýrslur viðkomandi sjúklinga með þeim hætti að trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar fái einn starfsmanna Ríkisendurskoðunar færi á að kynna sér efni þeirra og geti þannig staðfest, að þau læknisverk, sem greind eru í gjaldskrárreikningum í formi gjaldskrárnúmera og annar starfsmaður Ríkisendurskoðunar les upp fyrir trúnaðarlækninum, séu þar skráð.

Varnaraðili heldur því fram að aðferð sú sem Ríkisendurskoðun fer fram á að beitt verði brjóti í bága við 15. gr. læknalaga. Víða í lögum er að finna ákvæði um þagnarskyldu starfsstétta er varða einkahagi manna og þær kunna að komast að í starfi sínu. Í 15. gr. læknalaga nr. 53/1986 segir að lækni beri að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir. Þetta gildi þó ekki ef lög bjóði annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Forsaga 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun, eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 35/1988, er sú að ríkisendurskoðandi tjáði forsetum Alþingis að nauðsyn bæri til að gera breytingu á lögum nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun vegna niðurstöðu innsetningarmáls sem Ríkisendurskoðun höfðaði á hendur aðila sem hafði með höndum verk og þjónustustarfsemi fyrir eigin reikning fyrir ríkið eða ríkisstofnanir. Segir í greinargerð með lögum nr. 35/1988 að til þess að skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar megi vera ótvíræð, svo sem ætlað var þegar lögin nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun voru sett, sé lagt til að lögfest verði almennt ákvæði um þá skoðunarheimild sem vefengd var í innsetningarmálinu. Í nefndaráliti neðri deildar Alþingis frá 6. maí sl. segir að nauðsynlegt sé að réttur sjúklinga til fulls trúnaðar um einkamál verði í heiðri hafður og ákvæði læknalaga um þagmælsku virt. Nefndin telur að heilbrigðisráðuneytinu beri að hafa forystu um að móta verklagsreglur sem kveði meðal annars á um að sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem liggja til grundvallar greiðslum lækna. Þannig verði nauðsynlegs trúnaðar gætt.

Af orðalagi og greinargerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun svo og nefndaráliti neðri deildar er ljóst að skýra ber 1. mgr. 7. gr. laganna svo að Ríkisendurskoðun sé ætlað að hafa aðgang að sjúkraskýrslum og öðrum grundvallargögnum sem færð eru vegna læknisverka sem greiðsluskyld eru að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði. Ríkisendurskoðun hefur farið fram á það í þessu máli

að skoðunin fari fram með þeim hætti að trúnaðarlæknir stofnunarinnar fái einn starfsmanna Ríkisendurskoðunar aðgang að sjúkraskýrslunum. Ekki verður séð hvernig eftirlit þetta geti orðið með öðrum og skynsamlegri hætti en þeim sem Ríkisendurskoðun hefur beitt og hyggst beita eins og reglum um greiðslu vegna læknisverka er nú háttað. Þessi niðurstaða er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. læknalaga nr. 53/1988. Fulltrúum Ríkisendurskoðunar er skylt samkvæmt 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 að gæta þagmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um úr sjúkraskýrslum og leynt skulu fara.

Með vísan til þess er að framan greinir verður niðurstaða úrskurðarins sú að Kristmundi Ásmundssyni, heilsugæslulækni í Grindavík, sé skylt að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar aðgang í þágu starfa sinna að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga, sem leituðu til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja, Grindavík, í mánuðunum mars, apríl og maí 1988, með þeim hætti að trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar fái einn færi á að kynna sér efni þeirra og geti þannig staðfest að þau læknisverk sem greind eru í gjaldskrárreikningum í formi gjaldskrárnúmera og annar starfsmaður Ríkisendurskoðunar les upp fyrir trúnaðarlæknunum, séu þar skráð.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Kristmundi Ásmundssyni er skylt að veita starfsmönnum og trúnaðarlækni Ríkisendurskoðunar aðgang í þágu starfa sinna að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga, sem leituðu til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja, Grindavík, í mánuðunum mars, apríl og maí 1988, með þeim hætti að trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar fái einn færi á að kynna sér efni þeirra og geti þannig staðfest að þau læknisverk sem greind eru í gjaldskrárreikningum í formi gjaldskrárnúmera og annar starfsmaður Ríkisendurskoðunar les upp fyrir trúnaðarlækninum, séu þar skráð.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. janúar 1989.

Nr. 35/1988. **Jón Steinar Bergsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Lilju Guðjónsdóttur
(Jón G. Briem hrl.)

Lausafjárkaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988 og gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt var lögð yfirlýsing Þorsteins Marels Júlíussonar, dags. 16. janúar 1989, þar sem fram kemur, að bifhjólið Ö 6121 af gerðinni Kawasaki 1000 er enn á verkstæði „Vélhjóla og Sleða". Í yfirlýsingunni kemur og fram, að eigendur verkstæðisins telja sig eiga haldsrétt á hjólinu fyrir kostnaði við vinnu við að taka í sundur vél bifhjólsins, geymslugjaldi og öðrum kostnaði. Einnig voru lögð fyrir Hæstarétt gögn um að skráningarmerki bifhjólsins hafi verið afhent lögreglustjóra 20. ágúst 1988 og að iðgjald hafi ekki verið reiknað af ábyrgðartryggingu bifhjólsins frá þeim degi.

Með vísun til forsendna héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, þykir mega staðfesta hann með þeirri breytingu, sem nú greinir um dráttarvexti. Upphafstíma vaxta þykir rétt að miða við 27. október 1986, en þá ritaði stefnda áfrýjanda síðara bréf sitt um riftun, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Frá 14. apríl 1987, en þá tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi, verða dæmdir ársvextir, en ekki mánaðarvextir, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna og III. kafla bráðabirgðalaga nr. 83/1988. Kröfu um vaxtavexti ber að taka til greina. Samkvæmt þessu verða vextir eins og segir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefndu 85.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa stefndu, Lilju Guðjónsdóttur, um riftun á kaupum á Kawasaki 1000 bifhjóli, árgerð 1978.

Áfrýjandi, Jón Steinar Bergsson, greiði stefndu 150.000,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 27. október 1986 til 14. apríl 1987, en síðan með ársvöxtum, sem eru dráttarvextir eftir vaxtalögum nr. 25/1987, sbr. bráðabirgðalög nr. 83/1988, til greiðsludags. Áfallnir vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. október 1987.

Áfrýjandi greiði stefndu 85.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 12. febrúar 1987.

Stefnandi er Lilja Guðjónsdóttir, nnr. 6089-3314, Norðurgötu 23, Sandgerði.

Stefndi er Jón Steinar Bergsson, nnr. 5113-6136, Spóahólum 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að þola riftun á kaupum bifhjólsins KAWASAKI 1000, árgerð 1978, og til að endurgreiða stefnanda 150.000,00 krónur með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af 70.000,00 krónum frá 14. mars 1986 til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., af 83.333,00 krónum frá þeim degi til 14. júní s.á., af 109.000,00 krónum frá þeim degi til 14. júlí s.á., af 123.333,00 krónum frá þeim degi til 14. ágúst s.á., af 136.665,00 krónum frá þeim degi til 14. september s.á., af 150.000,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að í dóminum verði viðurkennt að vextina megi leggja við höfuðstól einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, í fyrsta sinn 14. september 1987. Ennfremur er krafist greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að 14. mars 1986 keypti stefnandi bifhjól af gerðinni KAWASAKI 1000, árgerð 1978, af stefnda.

Kaupverðið var 150.000,00 krónur sem stefnandi greiddi þannig að útborgun var 70.000,00 krónur, 15.000,00 krónur á mánuði í 4 mánuði og 10.000,00 krónur á mánuði í 2 mánuði, að því er hún sagði í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi.

Er stefnandi, eða öllu heldur sambýlismaður hennar, vitnið Erlendur Ingvarsson, hafði ekið hjólinu samtals um 500 kílómetra bræddi vél bifhjólsins úr sér. Í fyrstu taldi stefnandi að ástæða þess væri sú að röng smurolía hefði verið notuð á vélina og 28. apríl 1986 ritaði talsmaður hennar stefnda bréf og kvaðst rifta kaupunum og bar því við að stefndi hefði sett ranga smurolíu á vélina.

Stefndi og vitnið Erlendur Ingvarsson töluðu saman í síma og sagði stefndi að hann hefði látið kanna að smurolía sú sem hann hefði notað hæfði vélinni og hefði hann haft fyrir reglu að skipta um olíu á 500 km fresti.

Í ágúst 1986 var farið með hjólið til athugunar á verkstæði sem heitir „Vélhjól og Sleðar" og kom þá í ljós að átt hafði verið við bensínkrana, þannig að bensín blandaðist við smurolíuna og þynnti hana. Leiddi þetta til þess að smurhæfni olíunnar minnkaði og við það bræddi vélin úr sér að sögn stefnanda.

Í framhaldi af þessu ritaði talsmaður stefnanda annað bréf, dagsett 27. október 1986, og krafðist endurgreiðslu kaupverðs ásamt kostnaði gegn afhendingu hjólsins.

Stefndi ansaði þessu engu þar eð hann hefði aldrei átt við bensínkranann á hjólinu.

Í skýrslum aðila og vitna kemur fram að vitnið Erlendur Ingvarsson, sem stundaði sjómennsku á umræddu tímabili, var sá eini sem ók hjólinu. Hann kvaðst hafa ekið því á sunnudögum er hann var í landi. Að öðru leyti hefði það staðið inni í skúr. Hann kvaðst hafa verið á leið til Sandgerðis frá Keflavík er hann varð þess var að vélin vann asnalega, eins og hann orðaði það, og mótorinn varð fastur. Hann kvaðst aldrei hafa bætt olíu á hjólið enda hefði hann fylgst með því í gegnum gler sem var í vélinni að olía sýndist vera næg. Hann kvaðst hafa átt tvö vélhjól áður og jafnan lokað fyrir bensínkranann er hann hafði ekið þeim og eins hefði hann gert við þetta hjól. Ekki varð hann þess var að vélin brenndi olíu.

Eins og fyrr greinir leitaði stefnandi til verkstæðisins „Vélhjóla og Sleða" í Reykjavík. Að lokinni athugun gaf vitnið Þorsteinn Marel Júlíusson vélstjóri yfirlýsingu, dagsetta 9. desember 1986. Þar kemur m.a. fram að kostnaður vegna viðgerða væri 123 - 140 þúsund krónur. Þá segir: „Eftir að hafa rifið vélina í sundur og í ljós kom að hún var illa úrbrædd fór

ég að leita að skýringum á því hvernig það hefði skeð. Við það kom í ljós að bensínkraninn sem á að vera sjálfvirkur (vacumstýrður) hafði verið blindaður, þannig að sama var hvort vélin var í gangi eða ekki. Kraninn stóð alltaf opinn. Vegna þess að bensíntankurinn er staðsettur fyrir ofan blöndunginn orsakaði þetta bensínleka inn á vélina af og til vegna þess að flotholtin í blöndungnum standa á sér (eðlilegt í gömlum blöndungum). Bensínið þynnti smám saman olíuna sem endaði svo þunn að hún hætti að smyrja vélina. Þegar síðan átti að tæma olíuna af vélinni kom aðeins svo til hreint bensín af henni. Málið er því frá mínum sjónarhóli augljóst. Þetta tekur langan tíma að ske, 1 - 3 mánuði eftir því hve mikið er keyrt."

Vitnið Þorsteinn Marel Júlíusson staðfesti yfirlýsingu þessa hér fyrir dómi. Hann sagði að svo til allar legur í vélinni væru úrbræddar og bullur mjög illa fastar.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndi, eða einhver á hans vegum, hafi átt við bensínkranann þannig að hann var jafnan opinn og bensín lak inn í vélina. Galli þessi hafi verið fyrir hendi er kaupin voru gerð og að lokum leitt til þess að vélin bræddi úr sér.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup sé stefnanda heimil riftun kaupanna og eigi kröfu á að fá andvirði hjólsins til baka.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að ósannað sé að galli sá sem stefnandi ber fyrir sig hafi verið fyrir hendi er kaupin voru gerð. Stefnandi hafi ekki látið dómkveðja matsmenn, heldur leggi fram yfirlýsingu sem hafi ekkert sönnunargildi í máli þessu.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í málinu að stefnda gefst kostur á að fylgjast með skoðun vitnisins Þorsteins Marels Júlíussonar á vélhjólinu.

Samkvæmt yfirlýsingu vitnisins, Þorsteins Marels, á dskj. nr. 4 og framburði hans fyrir dómi eru legur í vél bifhjólsins „illa úrbræddar", og er orsök þess að bensín hefur komist í sveifarhús vélarinnar og blandast smurolíunni, þannig að hún missti alla smurhæfni.

Bensínið hefur hins vegar komist í smurolíuna vegna galla á bensínloka (bensínkrana) sem hefur það hlutverk m.a. að opna fyrir bensínrennsli þegar vélin er ræst og loka fyrir það þegar hún er ekki í gangi. Þetta gerist sjálfvirkt fyrir tilverknað undirþrýstings (vacuum) frá vélinni sem hefur áhrif á hreyfibúnað í lokanum. Þessi búnaður hefur verið fjarlægður úr lokanum og rás fyrir undirþrýsting frá vélinni stífluð, sem veldur því að vegna hæðarmunar er stöðugt opin leið frá bensíngeymi að blöndungnum og áfram inn í vélina, séu skilyrði fyrir hendi, eins og fram

kemur í yfirlýsingu vitnisins Þorsteins Marels Júlíussonar um ástand blöndunga.

Þetta er frumorsök úrbræðslunnar á vélinni þar sem búnaði vélarinnar hefur verið breytt frá því sem framleiðandi bifhjólsins gerir ráð fyrir.

Dómurinn telur að galli sá er olli úrbræðslunni hafi verið fyrir hendi er stefnandi keypti bifhjólið af stefnda.

Telja verður að galli þessi sé verulegur og stefnanda því heimilt að rifta kaupunum, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda um riftun kaupa hennar og stefnda á KAWASAKI-bifhjóli til greina.

Þá ber að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda kaupverðið, 150.000,00 krónur, með vöxtum eins og krafist er í stefnu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 45.000,00 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Andrési Guðjónssyni skólastjóra og Finnboga Eyjólfssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Lilju Guðjónsdóttur, um riftun á kaupum á KAWASAKI 1000 bifhjóli, árgerð 1978.

Stefndi, Jón Steinar Bergsson, greiði stefnanda 150.000,00 krónur með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af 70.000,00 krónum frá 14. mars 1986 til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en af 83.333,00 krónum frá þeim degi til 14. maí s.á., en af 97.666,00 krónum frá þeim degi til 14. júní s.á., en af 109.000,00 krónum frá þeim degi til 14. júlí s.á., en af 123.333,00 krónum frá þeim degi til 14. ágúst s.á., en af 136.665,00 krónum frá þeim degi til 14. september s.á., en af 150.000,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 45.000,00 krónur í málskostnað.

Áfallnir vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 14. september 1986.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. janúar 1989.

Nr. 7/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Agnari Víði Bragasyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra. Skaðabætur. Vextir. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar.

Tékka þann, sem um ræðir í I. kafla ákæru 3. lið 2, undirritaði ákærði með nafninu Arnar Bjarnason en ekki Agnar Bjarnason, svo sem í ákæru greinir, og tékka sem um ræðir í III. kafla ákæru 4. og 5. lið undirritaði ákærði með nöfnunum Gunnar Jónsson og Gunnar Jónasson en ekki með nafninu Ásgeir Ebenezerson, svo sem í ákæru greinir. Málflytjendur hafa tjáð sig um þessi atriði við flutning málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og þykir mega dæma áfall á hendur ákærða þrátt fyrir þennan ágalla. Með þessari athugasemd ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara að ákærði hafi framið brot þau sem honum eru gefin að sök og brotið gegn þeim refsiákvæðum sem í ákæru greinir.

Í forsendum héraðsdóms var ákærði dæmdur til að greiða allar skaðabótakröfur sem varða I. kafla ákæru, þar á meðal kröfur Tryggingar hf. og Miklagarðs sf. Í dómsorði er þessara aðila hins vegar að engu getið. Í áfrýjunarstefnu er af hálfu ákæruvalds aðeins áfrýjað „til refsiþyngingar". Að svo vöxnu máli koma kröfur ofangreindra aðila ekki til álita hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974. Héraðsdómari vísaði framkomnum skaðabótakröfum vegna II. og III. kafla ákæru frá dómi, og eru þær því eigi til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974. Í

dómsorði héraðsdóms er ákærði dæmdur til greiðslu skaðabóta ,,ásamt dómvöxtum og almennum vöxtum frá 29. desember 1986 til greiðsludags" án þess að vaxtafótur sé nánar tilgreindur eða vísað sé til vaxtalaga nr. 25/1987. Þessi úrlausn héraðsdómara er óskýr. Svo sem mál þetta er lagt fyrir verður ekki hjá því komist að ómerkja vaxtaákvæði héraðsdóms og vísa vaxtakröfunum frá héraðsdómi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um skaðabætur, sem fram koma í dómsorði hins áfrýjaða dóms.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 78. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi, 8 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til jafnlengdar 3. febrúar 1987.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til jafnlengdar 3. febrúar 1987.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

Söluturninum, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur, Söluturninum, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur, Flugleiðum hf. 4.950,00 krónur, Hótel Borg 5.018,00 krónur, Olíufélaginu hf. 3.000,00 krónur, Versluninni Herjólfi 2.000,00 krónur, Gauki á Stöng 3.000,00 krónur og Hagkaupum 3.000,00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1987.

I.

Ár 1987, föstudaginn 4. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 696/1987: Ákæruvaldið gegn Agnari Víði Bragasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er upphaflega höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. ágúst 1987, á hendur ákærða, Agnari Víði Bragasyni, til lögheimilis í Hábergi 3 í Reykjavík, fæddum 16. september 1966, og þeim X og Y fyrir brot gegn almennum hegningarlögum í desember 1986. Síðar kom í ljós, að ákærði sat í fangelsi í Lúxemborg fyrir innbrotsþjófnað og heimilaði ríkissaksóknai þá með bréfi 19. október 1987, að málið yrði rekið sjálfstætt á hendur „hverjum hinna ákærðu fyrir sig" og á grundvelli hins upphaflega ákæruskjals og tveggja staðfestra samrita þess.

Að því er varðar ákærða Agnar Víði eru sakargiftir þessar:

„I. Ákærða Agnari Víði er einum gefið að sök:

1.

Að hafa í síðari hluta desember brotist inn í prenstmiðjuna Ísafold, Þingholtsstræti 5, Reykjavík, og stolið þar 3.500,00 krónum.

2.

Aðfaranótt þriðjudagsins 23. desember brotist inn í íbúðarhúsið að Laufásvegi 74, Reykjavík, og stolið þar 700 þýskum mörkum, öðrum erlendum gjaldeyri að verðmæti um 3.000,00 ísl. krónur, kveikjara, úri og þremur tékkheftum, einu frá Iðnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og tveimur á alreikning nr. 102887 í Háaleitisútibúi Iðnaðarbanka Íslands.

Telst háttsemi ákærða í liðum 1 og 2 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3.

Tékkafals og tékkasvik með því að nota í viðskiptum í Reykjavík, svo sem rakið er, eftirgreinda tékka sem hann ýmist falsaði eða gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkheftunum frá Iðnaðarbanka Íslands, sem hann hafði komist yfir í innbrotinu samkvæmt síðasta ákærulið, en tékkana ritaði ákærði alla á eyðublöð frá aðalbanka Iðnaðarbankans nema þann síðasttalda:

1) Tékki nr. 2454186, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 26.12. 1986, gefinn út af ákærða og seldur í söluturninum að Njálsgötu 23.

2) Tékki nr. 2454184, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 26.12. 1987,

með útgefandanafnrituninni Agnar Bjarnason. Seldur í söluturninum að Hverfisgötu 74.

3) Tékki nr. 2454181, að fjárhæð kr. 1.200,00, dagsettur 25.12. 1986, gefinn út af ákærða, sem seldi tékkann á matstofu á Hótel Loftleiðum.

4) Tékki nr. 2454179, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 25.12. 1986, með útgefandanafnrituninni Arnar Jónsson. Ákærði seldi tékkann á Hótel Borg.

5) Tékki nr. 2454180, að fjárhæð kr. 2.018,00, dagsettur 25.12. 1986, með útgefandanafnrituninni Arnar Jónsson. Sama notkun.

6) Tékki nr. 2454196, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 28.12. 1986. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og seldi hann á einni af bensínafgreiðslum Olíufélagsins hf.

7) Tékki nr. 2454189, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 26.12. 1986, gefinn út af ákærða. Seldur í versluninni Herjólfi, Skipholti 70.

8) Tékki nr. 2454194, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 27.12. 1986, gefinn út af ákærða. Seldur í versluninni Miklagarði.

9) Tékki nr. 2454199, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 28.12. 1986, gefinn út af ákærða, sem seldi hann í veitingahúsinu Gauki á Stöng.

10) Tékki nr. 2454195, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 27.12. 1986, gefinn út af ákærða, sem seldi hann í verslun Hagkaupa, Skeifunni 15.

11) Tékki nr. 114 á alreikning nr. 102887 í Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 3.750,00, dagsettur 27.12. 1986, með útgefandanafnrituninni Ásgeir Ebeneserson. Seldur á einni af afgreiðslum Flugleiða á Reykjavíkurflugvelli.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna nema sala á tékkum í 2., 4., 5. og 11. lið, sem telst varða við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

II.

Ákærðu Agnari Víði og Y er báðum gefið að sök tékkafals með því að nota í viðskiptum eftirgreinda tékka sem ákærði Agnar Víðir gaf út til handhafa og falsaði með útgefandanafnrituninni Ásgeir Ebeneserson á eyðublöð úr tékkheftunum frá Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans. Tékkarnir eru allir, nema sá fyrsttaldi, framseldir af ákærða Y:

1) Tékki nr. 93, að fjárhæð kr. 14.200,00, dagsettur 23.12. 1986. Ákærði Agnar Víðir framvísaði tékkanum í söluskyni í Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans, Háaleitisbraut 58 - 60, Reykjavík, á meðan meðákærði Y beið álengdar.

2) Tékki nr. 90, að fjárhæð kr. 14.200,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í aðalbanka Iðnaðarbankans.

3) Tékki nr. 108, að fjárhæð kr. 4.100,00, dagsettur 22.12. 1986. Seldur í afgreiðslu Flugleiða á Akureyri.

4) Tékki nr. 106, að fjárhæð kr. 9.600,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Parinu, Brekkugötu 3, Akureyri.

5) Tékki nr. 103, að fjárhæð kr. 9.300,00, dagsettur 22.12. 1986. Seldur í versluninni Amaro, Hafnarstræti 99-101, Akureyri.

6) Tékki nr. 102, að fjárhæð kr. 9.200,00, dagsettur 21.12. 1986. Seldur á gullsmíðastofunni Skarti, Hafnarstræti 94, Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

III.

Ákærðu Agnari Víði og X er báðum gefið að sök tékkafals með því að nota í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda tékka sem ákærði Agnar Víðir falsaði með útgefandanafnrituninni Ásgeir Ebenezerson á eyðublöð úr ofangreindum tékkheftum. Ákærði X framseldi alla tékkana, sem eru á eyðublöðum frá Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans, nema annað sé tekið fram, ýmist í eigin nafni eða með fölsuðum nafnritunum:

1) Tékki nr. 87, að fjárhæð kr. 12.300,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur í Laugarnesútibúi Iðnaðarbankans í Reykjavík.

2) Tékki nr. 2454173 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 5.300,00, dagsettur 24.12. 1986. Seldur á einni af bensínafgreiðslum Olíufélagsins hf. í Reykjavík.

3) Tékki nr. 2454174 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 6.900,00, dagsettur 24.12. 1986. Seldur á Hótel Loftleiðum í Reykjavík.

4) Tékki nr. 2454198 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 5.900,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur á bensínafgreiðslu Olís í Garðakaupstað.

5) Tékki nr. 2454197 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 6.100,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur í afgreiðslu Nestis hf. í Fossvogi.

6) Tékki nr. 83, að fjárhæð kr. 12.300,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Fjarðarkaupum, Trönuhrauni 8, Hafnarfirði.

7) Tékki nr. 117, að fjárhæð kr. 4.000,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur í Blómahöllinni, Hamraborg 3, Kópavogi.

8) Tékki nr. 112, að fjárhæð kr. 6.000,00, dagsettur 27.12. 1986. Seldur í blómabúðinni Dögg, Álfheimum 6, Reykjavík.

9) Tékki nr. 118, að fjárhæð kr. 5.400,00, dagsettur 21.12. 1986. Seldur í veitingastaðnum Ölveri, Álfheimum 74, Reykjavík.

10) Tékki nr. 88, að fjárhæð kr. 13.100,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í skartgripaverslun P. & R. Heide, Álfheimum 74, Reykjavík.

11) Tékki nr. 84, að fjárhæð kr. 14.200,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Miklagarði við Holtaveg í Reykjavík.

12) Tékki nr. 81, að fjárhæð kr. 13.800,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Sportlífi, Eiðistorgi, Seltjarnarnesi.

13) Tékki nr. 80, að fjárhæð kr. 12.500,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Radíóröst, Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

14) Tékki nr. 116, að fjárhæð kr. 6.200,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur á einni af bensínstöðvum Olís hf., Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

1. Ákærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn í Ísafoldarprentsmiðju og stolið þar 3.500,00 krónum. Hefur ákærði með þessu orðið sannur að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn á Laufásvegi 74 og stolið þar 700 þýskum mörkum og nokkurri fúlgu af öðrum erlendum gjaldeyri, jafnviði 2 - 3000,00 króna, kveikjara, úri og þremur tékkheftum. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Trygging hf. hefur krafist þess að ákærði greiði 53.780,00 krónur í skaðabætur vegna innbrotsins og hefur ákærði samþykkt það. Ber að dæma ákærða til þess að greiða kröfu félagsins.

3. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þá tékka sem raktir eru í 3. tl. I. kafla ákærunnar, ýmist í eigin nafni eða með skjalafalsi. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákærunni.

Með útgáfu og notkun tékka nr. 1, 3 og 6-10 hefur ákærði orðið sekur um fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga en tékka nr. 2, 4, 5 og 11 hefur hann orðið sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirtaldir aðilar hafa gert þær kröfur á hendur ákærða, að hann greiði höfuðstól tékkanna ásamt dómvöxtum frá sýningardegi þeirra, 29. desember 1986, til greiðsludags, nema annað sé tekið fram:

Söluturninn, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur.

Söluturninn, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur.

Flugleiðir hf., 1.200,00 krónur ásamt dómvöxtum frá útgáfudegi, 25. desember.

Hótel Borg, 5.018,00 krónur.

Olíufélagið hf., 3.000,00 krónur.

Verslunin Herjólfur, 2.000,00 krónur.

Mikligarður sf., 2.000,00 krónur.

Gaukur á Stöng, 3.000,00 krónur.

Hagkaup, 3.000,00 krónur.

Flugleiðir hf., 3.750,00 krónur ásamt dómvöxtum frá útgáfudegi 27. desember.

Ákærði hefur samþykkt kröfur þessar.

Ber að taka kröfur þessar til greina og dæma ákærða til þess að greiða þær, þó þannig að vextir af kröfum Flugleiða hf. reiknist frá 5. janúar 1987 og 29. desember 1986.

4. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við Y falsað og reynt að nota og notað í viðskiptum þá 6 tékka sem ákært er fyrir í II. kafla ákærunnar. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákærunni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þessir hafa gert fébótakröfur á hendur ákærða vegna tékkanna: Iðnaðarbankinn, Flugleiðir, verslunin Parið, verslunin Amaro og gullsmíðastofan Skart.

Þar sem ákærði og Y eiga óskipta sakaraðild um bótaþátt málsins ber samkvæmt 46. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði nr. 85, 1936, að vísa kröfum þessum frá dómi.

5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við X falsað og notað í lögskiptum þá 14 tékka sem ákært er fyrir í III. kafla ákærunnar. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákærunni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þessir hafa gert fébótakröfu á hendur ákærða vegna tékkanna: Iðnaðarbanki Íslands hf., Olíufélagið hf., Flugleiðir hf., Nesti hf., Fjarðarkaup hf., Blómahöllin hf., Blómabúðin Dögg, Ölver, Úra- og skartgripaverslun P. & R. Heide, Mikligarður sf., Sportlíf hf., Radíóröst og Olíuverslun Íslands hf.

Með vísan til þess sem áður sagði um sakaraðild ákærða að bótaþætti málsins ber að vísa þessum kröfum frá dómi.

Viðurlög o.fl.

Ákærði hefur til þessa hlotið 7 refsidóma fyrir hegningarlagabrot, síðast 8 mánaða fangelsi 31. desember 1986 fyrir rán og þjófnað. Refsing ákærða nú verður því hegningarauki við þann dóm og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Frá refsivistinni ber að draga gæsluvarðhald ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til kl. 17:00 3. febrúar 1987.

Dæma ber ákærða til þess að greiða eftirtöldum aðilum skaðabætur ásamt dómvöxtum frá 29. desember 1986 og almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 14. apríl 1987 til greiðsludags, nema þar sem annað er tekið fram:

Söluturninum, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur.

Söluturninum, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur.

Flugleiðum hf., 4.950,00 krónur með vöxtum af 3.750,00 krónum frá 29. desember 1986 en af 1200,00 krónum frá 5. janúar 1987.

Hótel Borg, 5.018,00 krónur.
Olíufélaginu hf., 3.000,00 krónur.
Versluninni Herjólfi, 2.000,00 krónur.
Miklagarði sf., 2.000,0 krónur.
Gauki á Stöng, 3.000,00 krónur.
Hagkaupum, 3.000,00 krónur.
Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til jafnlengdar 3. febrúar 1987.

Ákærði greiði skaðabætur ásamt dómvöxtum og almennum vöxtum frá 29. desember 1986 til greiðsludags, nema þar sem annað er tekið fram:

Söluturninum, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur.

Söluturninum, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur.

Flugleiðum hf., 4.950,00 krónur, þar af 1.200,00 krónur með vöxtum frá 5. janúar 1987.

Hótel Borg, 5.018,00 krónur.

Olíufélaginu hf., 3.000,00 krónur.

Versluninni Herjólfi, 2.000,00 krónur.

Gauki á Stöng, 3.000,00 krónur.

Hagkaupum, 3.000,00 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1989.

Nr.202/1988. **Ólafur Gústafsson**

gegn

þb. Veitingamannsins hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Gústafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1989.

Nr. 203/1988. **Magnús Wium Vilhjálmsson**

gegn

Ragnari J. Péturssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Wium Vilhjálmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1989.

Nr. 16/1989. **Pétur Einarsson**
gegn
Þórarni Jóni Magnússyni og
Magnúsi Guðmundssyni

Kærumál. Frávísun að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 19. desember 1988 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur frá 8. s.m. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Málið barst Hæstarétti 16. janúar sl. Hefur Hæstarétti verið send greinargerð, dagsett 25. janúar. Af hálfu varnaraðila barst greinargerð 30. janúar.

Fyrir Hæstarétti gerir sóknaraðili þær kröfur að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið allt til efnismeðferðar. Þá gerir hann kröfu til kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða honum kærumálskostnað.

Með tilvísun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum sameiginlega 15.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Sóknaraðili, Pétur Einarsson, greiði varnaraðilum, Þórarni Jóni Magnússyni og Magnúsi Guðmundssyni, sameiginlega 15.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Pétri Einarssyni, nnr. 7086-5912, Brúarenda v/Starhaga, Reykjavík, gegn Þórarni Jóni Magnússyni, nnr. 9416-6748, Smyrlahrauni 40, Hafnarfirði, og Magnúsi Guðmundssyni, nnr. 6257-8696 Sæbólsbraut 38, Kópavogi, með stefnu þingfestri 26. janúar 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1) Að stefndu verði gert að sæta refsingu vegna brota á 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 237. gr. alm. hgl.

2) Að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk, hvort sem refsað verður fyrir þau eða ekki:

„en honum hefur hingað til tekist að sleppa við afplánun á refsingunni".

„Margir eiga um sárt að binda, eftir að hafa glapist til að eiga viðskipti við eitthvert af fyrirtækjunum hans Péturs", sagði lögmaðurinn."

„Það versta er að hann er svo siðlaus að hann ásakar jafnvel fórnarlömb sín fyrir að eiga sök á allri vitleysunni og rekur þau síðan á dyr með hamagangi."

Krafist er að sú táknræna aðdróttun eða móðgun, sem í myndinni af stefnanda í US-dollaraseðlinum felst, verði ómerkt.

Krafist er að ómerkt verði sú heildarmynd sem nefnd tímaritsgrein (sic) dregur upp af stefnanda og felst í að lýsa honum sem siðleysingja, glæpamanni og manni sem vílar ekkert fyrir sér þegar peningar eru annars vegar, manni sem fær óeðlilega fyrirgreiðslu af ríki og bankakerfinu og notar slíkt gegn þjóðarbúinu í eiginhagsmunaskyni, siðlausum manni sem ekkert er heilagt þegar peningar eru annars vegar og þá sé honum nákvæmlega sama hvernig það bitnar á náunganum eða þjóðarbúinu.

3) Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 10.000.000,00 eða aðra fjárhæð eftir mati dómsins í miskabætur vegna meiðandi ummæla og meiðandi framsetningar í grein, sem birtist um stefnanda í Vikunni 5.11. 1987, og sökum óhjákvæmilegs fjártjóns sem grein þessi hlýtur að hafa í för með sér fyrir stefnanda. Jafnframt er krafist dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga af þessari fjárhæð frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

4) Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 100.000,00 eða aðra hæfilega fjárhæð að mati dómsins til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, atriðisorða hans og forsendna, í opinberum blöðum og öðrum fjölmiðlum.

5) Að dómsorð og forsendur dómsins verði birt í Vikunni.

6) Að lokum er þess krafist að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega:

Að stefndu verði alfarið sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða hvorum stefnda fyrir sig hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Til vara:

Verði stefndu sakfelldir að einhverju leyti fyrir hin ætluðu brot er þess krafist, að refsing verði látin niður falla, sbr. 239. gr. alm. hgl., og stefndu verði sýknaðir af öllum öðrum kröfum stefnanda og stefndu dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til þrautavara:

Að verði stefndu fundnir sekir að einhverju leyti þá verði þeim aðeins gerð vægasta sektarrefsing en þeir sýknaðir af öllum öðrum kröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Með úrskurði uppkveðnum í máli þessu hinn 10. nóvember sl. var hrundið kröfum stefnanda um það að aðalflutningur málsins færi fram fyrir luktum dyrum og að óheimilt væri að skýra opinberlega frá því sem þar færi fram.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

— — —

III.

Upphaflega gerðu stefndu kröfu um það, að máli þessu yrði í heild eða að hluta vísað frá dómi. Var sú frávísunarkrafa m.a. á því byggð, að efnislýsingu brota og heimfærslu þeirra til refsiákvæða væri ábótavant. Af hálfu stefndu var fallið frá kröfu um frávísun málsins er stefnandi lagði fram sérstaka bókun til skýringar á kröfugerð sinni.

Samkvæmt 1. tl. kröfugerðar í stefnu gerir stefnandi kröfu til þess að stefndu verði gert að sæta refsingu fyrir brot á 234. gr., 245. gr., 236. gr. og 237. gr. alm. hgl. Er sú refsikrafa sett fram án beinnar skírskotunar til þeirrar háttsemi sem krafist er refsingar fyrir. Um þá refsikröfu er hins vegar fjallað sérstaklega í kaflanum „Málsástæður og lagarök" undir stafliðunum A - G, en án þess þó að þar séu einstök ummæli afmörkuð innan tilvitnunarmerkja. Er umfjöllun stefnanda þar um að mestu með almennum hætti og án nægilegrar tilgreiningar í þá tímaritsgrein, sem málshöfðunin byggist á. Þá eru einstök tilvik ekki heimfærð sérstaklega til refsiákvæða og er ekki glögglega úr því bætt með framlagðri bókun stefnanda.

Samkvæmt 2. tl. kröfugerðar í stefnu er þess krafist að tilvitnuð ummæli verði dæmd dauð og ómerk, hvort sem refsað verður fyrir þau eða ekki,

en þó verður ekki séð að krafist sé refsingar vegna þeirra ummæla þannig tilgreindra.

Framangreindur málatilbúnaður stefnanda varðandi refsikröfu er óljós og óglöggur og framsetning öll með þeim hætti, að andstætt er ákvæðum í c- og d-lið 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði um glögga tilgreiningu dómkrafna og málsástæðna. Verður að telja refsikröfuna ódómhæfa af þessum sökum.

Þessir annmarkar refsikröfu leiða til þess, að ekki verður dæmt um miskabótakröfu samkvæmt 3. tl. kröfugerðar stefnanda og heldur ekki um kostnað af birtingu dóms samkvæmt 4. tl. kröfugerðar stefnanda, sbr. 1. mgr. 264. gr. og 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til 88. gr. laga nr. 85/1936 ber því að vísa framangreindum kröfuliðum, nr. 1, 3 og 4, sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður bíði endanlegs dóms í málinu.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindum kröfuliðum, nr. 1, 3 og 4, er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms.

Föstudaginn 3. febrúar 1989.

Nr. 84/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Val Magnússyni
(Jón Oddsson hrl.)

Fjárdráttur. Skattsvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1988 að ósk ákærða, og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til staðfestingar sakfellingu en til þyngingar refsingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. júní s.á.

Ákærði krefst þess að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Til vara, að honum verði einvörðungu dæmd vægasta refsing, er lög leyfa, og hún þá skilorðsbundin. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. júlí 1983 til 30. s.m. Þá komi til frádráttar tildæmdri refsingu frelsissvipting ákærða, er honum var gert að sæta um borð í m/s Eddu vegna handtökuskipunar, dags. 8. júlí 1983, til kvölds 13. s.m. er skipið kom til Reykjavíkur. Einnig verði við ákvörðun refsingar tekið tillit til frelsisskerðingar ákærða, farbanns frá 30. júlí 1983, skyldu til tilkynningar um dvalarstað og afhendingar vegabréfs. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Málsatvik eins og þeim er lýst í hinum áfrýjaða dómi eru staðfest með játningu ákærða, framburði vitna og öðrum gögnum málsins. Fram er komið að ákærði var eignalaus og skuldugur þegar hann tók að kaupa og selja fasteignir þær sem í málinu greinir. Honum gat því ekki dulist að með því að verja fé því sem hann fékk fyrir endursölu fasteignanna til annars en greiðslu kaupverðs þeirra stefndi hann hagsmunum viðsemjenda sinna í verulega hættu, enda kom á daginn að hann var ófær um að standa skil á skuldbindingum sínum. Samkvæmt þessu og annars með tilvísun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu vegna brota samkvæmt ákæru 6. nóvember 1984.

Ákærði ritaði undir samning 22. júlí 1982 við Nesco hf. um kaup á myndbandstæki með eignarréttarfyrirvara. Hann ráðstafaði tækinu áður en kaupverð þess var að fullu greitt og þannig í andstöðu við ákvæði samningsins. Ber því með tilvísun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um sakfellingu vegna brots samkvæmt ákæru 23. janúar 1985.

Kaup ákærða samkvæmt ákæru 6. nóvember 1984 fóru fram á tímabilinu frá 16. mars 1982 til 22. júní s.á. Refsingu ákærða ber því að ákveða sem hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, annars vegar við 3ja mánaða fangelsi samkvæmt dómi 17. september 1982 og hins vegar 45 daga varðhald samkvæmt dómi 26. júlí 1983.

Refsingu ákærða ber einnig að ákveða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða samkvæmt ákæru 6. nóvember 1984 er stórfellt. Hann hafði haft atvinnu af fasteignaviðskiptum og þá kunnáttu notfærði hann sér við brotin. Þykir því rétt að þyngja refsivist hans frá ákvörðun héraðsdóms í 18 mánaða fangelsi.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða skal koma til frádráttar refsingu hans eins og í héraðsdómi greinir. Lagaheimild skortir til að taka aðrar kröfur ákærða um frádrátt frá refsingu til greina.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Valur Magnússon, sæti 18 mánaða fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. til 30. júlí 1983 komi að fullu til frádráttar refsingunni.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 75.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 717/1987: Ákæruvaldið gegn Val Magnússyni, sem tekið var til dóms 2. þ.m.

Málið er höfðað á hendur ákærða með tveimur ákærum.

Með ákæru, dagsettri 6. nóvember 1984, er málið höfðað á hendur ákærða, sem fæddur er 26. júní 1952 í Reykjavík, „fyrir fjársvik með því að hafa á árinu 1982 með sviksamlegum hætti haft af viðsemjendum sínum í fasteignaviðskiptum allt að kr. 1.512.000,00 á þann hátt að hafa á tímabilinu frá 16. mars fram til 22. júní 1982 fest kaup á fimm fasteignum í Reykjavík og nágrenni og selt þær jafnharðan aftur og hagnýtt sér verulegan hluta söluandvirðisins til persónulegra nota og til greiðslu eldri fjárskuldbindinga en jafnframt vanefnt að mestu greiðsluskyldur sínar við seljendur fasteignanna, allt á sama tíma og ákærði vissi að fjárhag hans var svo komið að hann átti ekki lengur fyrir skuldum, sem leiddi síðan til þess að ákærði var þann 5. apríl 1983 úrskurðaður gjaldþrota og hætt er við að viðsemjendur hans í framangreindum efnum tapi þessu fé. Framanlýst fjársvik ákærða má rekja til eftirgreindra fasteignaviðskipta hans:

I.

Með kaupsamningi, dagsettum 16. mars 1982, keypt af þeim Jóhannesi Björgvinssyni, Ásgeiri Björgvinssyni, báðum til heimilis að Mikluabraut 84, Reykjavík, og Hjördísi Jónsdóttur, Vallarbraut 14, Seltjarnarnesi, húseignina nr. 32 við Miðbraut á Seltjarnarnesi á kr. 1.000.000,00. Við undirritun kaupsamningsins greiddi ákærði kr. 100.000,00 og síðan ekki meir. Með makaskiptasamningi, dagsettum 6. apríl 1982, seldi ákærði Tryggva Birni Stefánssyni, Furulundi 2A, Akureyri, húseignina fyrir kr. 1.300.000,00 og hafði móttekið frá Tryggva Birni við gjaldþrot sitt samtals kr. 300.000,00 í peningum upp í kaupverðið auk þess sem ákærði fékk hjá Tryggva Birni sem greiðslu upp í kaupin íbúð Tryggva Björns að Furugrund 70, Kópavogi, sem metin var til nettóverðs á kr. 753.817,00. Ákærði seldi síðan þá íbúð með kaupsamningi, dagsettum 30. apríl 1982, Guðlaugu Þorbergsdóttur, Grettisgötu 31, Reykjavík, fyrir kr. 900.000,00 og hafði fengið við gjaldþrot sitt samtals kr. 592.000,00 greiddar upp í söluverð þeirrar íbúðar. Þessu til viðbótar hafði svo ákærði þann 23. mars 1982 veðsett Miðbraut 32 með leyfi seljanda fyrir peningaláni að fjárhæð kr. 100.000,00. Ákærði hafði því við gjaldþrot sitt náð undir sig með sviksamlegum hætti samtals kr. 992.000,00 í framanlýstum fasteignaviðskiptum en látið af hendi í þeim efnum kr. 100.000,00, mismunur kr. 892.000,00.

II.

Með kaupsamningi, dagsettum 30. apríl 1982, keypt af Kjartani Skaftasyni, nnr. 9155-0784, 2ja herbergja íbúð á 5. hæð í húsinu nr. 49 við Hverfisgötu í Reykjavík á kr. 530.000,00 og greitt við samningsgerðina kr. 120.000,00 og síðan ekki meir. Með kaupsamningi, dagsettum 22. júní 1982, seldi ákærði Louisu Matthíasdóttur, nnr. 6174-6277, íbúðina á kr. 650.000,00 og hafði móttekið samtals kr. 380.000,00 upp í söluverðið við gjaldþrot sitt. Þessu til viðbótar hafði svo ákærði þann 14. maí 1982 veðsett íbúðina með leyfi seljanda fyrir peningaláni að fjárhæð kr. 120.000,00. Ákærði hafði því við gjaldþrot sitt náð undir sig með sviksamlegum hætti samtals kr. 500.000,00 í framanlýstum fasteignaviðskiptum en látið af hendi í þeim efnum kr. 120.000,00, mismunur kr. 380.000,00.

III.

Með kaupsamningi, dagsettum 12. maí 1982, keypt af Jónu Margréti Kristinsdóttur, nnr. 5228-7197, 2ja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 32 B við Njálsgötu í Reykjavík á kr. 343.858,00 og hafði greitt upp í kaupverðið kr. 150.000,00 við gjaldþrot sitt. Með kaupsamningi, dagsettum 27. ágúst 1982, seldi ákærði þeim Karli Sigurjónssyni, nnr. 5512-6798, og Ester Jónsdóttur, nnr. 2255-6118, íbúðina á kr. 400.000,00 og hafði móttekið við gjaldþrot sitt samtals kr. 230.000,00 upp í söluverðið. Þessu til viðbótar hagnýtti ákærði veðleyfi, dagsett 15. maí 1982, til að veðsetja íbúðina fyrir lántöku að fjárhæð kr. 50.000,00. Ákærði hafi því við gjaldþrot sitt náð undir sig með sviksamlegum hætti samtals kr. 280.000,00 í framanlýstum fasteignaviðskiptum en látið af hendi í þeim efnum kr. 150.000,00, mismunur kr. 130.000,00.

IV.

Með kaupsamningi, dagsettum 22. júní 1982, keypt af þeim Þorsteini Eggertssyni, nnr. 9733-6636, og Þóru Hreinsdóttur, nnr. 9380-7243, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð hússins nr. 22 við Vesturgötu í Reykjavík á kr. 650.000,00 og hafði greitt upp í kaupverðið kr. 250.000,00 við gjaldþrot sitt. Með kaupsamningi, dagsettum 22. október 1982, seldi ákærði Hildi Biering, nnr. 4094-2491, íbúðina á kr. 750.000,00 og hafði móttekið við gjaldþrot sitt kr. 140.000,00 upp í söluverðið. Þessu til viðbótar hagnýtti ákærði tvö veðleyfi, dagsett 28. júní og 30. júlí 1982, til að veðsetja íbúðina fyrir tveimur peningalánum að fjárhæð kr. 70.000,00 og kr. 150.000,00. Ákærði hafði því við gjaldþrot sitt náð undir sig með sviksamlegum hætti samtals kr. 360.000,00 í framanlýstum fasteignaviðskiptum en látið af hendi í þeim efnum kr. 250.000,00, mismunur kr. 110.000,00.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Þá er málið einnig höfðað á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 23. janúar 1985, ,,fyrir að hafa með samningi, dagsettum 22. júlí 1982, fest kaup á myndbandstæki af Orion-gerð af Nesco hf., Laugavegi 10, Reykjavík, með afborgunarskilmálum og eignarréttarfyrirvara af hálfu seljanda, en síðan selt tækið þrátt fyrir að hann átti þá eftir að greiða í því kr. 16.246,00 og hagnýtt sér söluandvirðið kr. 15.000,00 án þess að hirða um að greiða eftirstöðvar kaupverðsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 6. nóvember 1984.

Hinn 27. júní 1983 ritaði Ragnar Halldór Hall, skiptaráðandi í Reykjavík, ríkissaksóknara bréf, þar sem hann óskaði eftir rækilegri lögreglurannsókn á fasteignaviðskiptum ákærða. Í bréfinu kemur fram, að bú ákærða hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 5. apríl 1983. Segir m.a. svo í bréfinu: ,,Þrotamaður þessi hefur á undanförnum misserum keypt í eigin nafni og selt jafnharðan allmargar íbúðir og verður ekki betur séð en að þar hafi hann vísvitandi beitt svikum í stórum stíl og haft umtalsvert fé af viðsemjendum sínum." Í bréfinu er síðan gerð grein fyrir þessum viðskiptum, sem rakin eru í I. - IV. kafla ákæru þessarar. Þá kemur einnig fram í því að ákærði hafi við skiptameðferð búsins lýst sig algerlega eignalausan.

Með bréfi, dagsettu 29. júní 1983, sendi ríkissaksóknari mál þetta til Rannsóknarlögreglu ríkisins með kröfu um opinbera rannsókn á ætluðum auðgunarbrotum ákærða á grundvelli bréfs skiptaráðanda. Í bréfinu er sérstaklega óskað rannsóknar á því hvað orðið hafi um það fé sem ákærði virðist hafa fengið í hendur úr viðskiptunum umfram það sem hann lét af hendi til þeirra.

Rannsóknarlögreglan hóf rannsókn máls þessa hinn 8. júlí 1983. Þar sem ákærði fannst ekki þrátt fyrir leit, var óskað eftir við sakadóm Reykjavíkur, að gefin yrði út handtökuskipun á hendur honum. Var sama dag gefin út handtökuskipun á hendur ákærða. Fengust upplýsingar um að hann væri farþegi um borð í m.s. Eddu, sem væri á leið til Newcastle í Englandi og Bremerhaven í Vestur-Þýskalandi. Var ákærði að beiðni rannsóknarlögreglunnar færður í fangageymslu skipsins við komu til Newcastle að tilhlutan skipstjóra þess. Hinn 10. sama mánaðar tóku rannsóknarlögreglumenn

ákærða síðan í vörslu sína í Bremerhaven. Kom skipið aftur til Reykjavíkur 13. júlí, og var ákærði færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag. Næsta dag krafðist rannsóknarlögreglan gæsluvarðhalds yfir ákærða til 3. ágúst 1983. Var sú krafa tekin til greina með úrskurði, uppkveðnum 14. júlí 1983. Sætti ákærði gæsluvarðhaldi til 30. júlí 1983, en þann dag var ákærða birt ákvörðun rannsóknarlögreglunnar um að hann skyldi sæta farbanni til 1. september sama ár.

Í málinu hefur verið lögð fram tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur, dagsett 15. september 1978, þar sem fram kemur að ákærði og Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur hafi keypt fyrirtækið Skálafell sf. Tilgangur firmans var fasteignasala og önnur skyld starfsemi. Þá liggur einnig frammi í málinu samlagsfélagssamningur milli ákærða og nefnds Brynjólfs, dagsettur 14. september 1978, þar sem segir m.a. að ábyrgð Brynjólfs sé takmörkuð við 50.000,00 krónur sem hann hafi lagt til félagsins. Ákærði átti samkvæmt samningnum að sjá um alla stjórnun og daglegan rekstur fyrirtækisins og bera allan kostnað af rekstri þess. Brynjólfur átti að sjá um alla skjalagerð sem lyti að sölu á fasteignum, en ákærði átti þó að sjá um alla vélritun á tilboðum og kaupsamningum. Tekjuskipting samkvæmt samningnum var á þann veg, að Brynjólfur skyldi fá í sinn hlut 15% af heildartekjum fyrirtækisins en ákærði afganginn.

Bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 5. apríl 1983.

Ákærði gaf skýrslu í skiptarétti Reykjavíkur hinn 3. maí 1983, er fram fór uppskrift á búi hans vegna gjaldþrotameðferðar þess. Kvaðst ákærði ekki eiga neina fasteign, bifreið eða innanstokksmuni til heimilis. Kvaðst hann hugsanlega eiga einhver fjárhagsleg réttindi samkvæmt kaupsamningnum um Furugrund 70 í Kópavogi, Vesturgötu 22, Njálsgötu 42 og Hverfisgötu 49 í Reykjavík og Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, auk lítilfjörlegra innbúsmuna að Bolholti 6, þar sem hann hefði rekið fasteignasölu. Ákærði kvaðst hafa verið í sambúð þar til sl. haust, en þá hefði slitnað upp úr henni. Kvaðst ákærði ekkert tilkall hafa gert til eigna úr búinu við lok sambúðarinnar. Væri fyrrum sambýliskona hans þinglýstur eigandi að íbúð í Fífuseli 7. Ákærði kvað að sambúðin hefði varað sl. þrjú ár, en áður hefðu þau verið í hjónabandi og samanlagður sambúðartími um 11 ár. Ákærði upplýsti að auk skuldar við Gjaldheimtuna næmu skuldir hans vegna krafna ýmissa lögmanna um 400.000,00 krónum með vöxtum og kostnaði, og auk þess skuldaði hann innheimtustofnun sveitarfélaga einhverja upphæð sem ekki væri há.

Ákærði kvað ekki auðvelt að tilgreina einhverja eina ástæðu fyrir því að svo væri komið fjárhag hans. Væri um að ræða margra ára óreiðuskuldir sem hefðu undið upp á sig með tilheyrandi vöxtum og kostnaði. Enn-

fremur hefði hann gengið í ábyrgðir fyrir vin sinn, Hákon Antonsson, sem hefði látist eignalaus á sl. ári. Væru þær ábyrgðir eitthvað á þriðja hundrað þúsund króna. Ákærði kvaðst ekki hafa skilað skattframtölum undanfarin 2 ár, hvorki vegna sín né Fasteignasölunnar Skálafells.

Svo sem áður greinir var ákærði fyrst yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 13. júlí 1983. Skýrði ákærði svo frá að hann væri búinn að eiga í fjárhagserfiðleikum lengi sem síðan hefðu leitt til gjaldþrotameðferðar þeirrar sem áður getur. Kvað ákærði um að ræða skuldahala sem hann hefði framlengt milli ára. Ákærði kvaðst hafa keypt húseignina að Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, í mars 1982 til að „braska með" og rétta fjárhaginn við, en hann hefði verið illa staddur fjárhagslega um þær mundir. Kvaðst ákærði hafa keypt þessa eign, svo og aðrar eignir sem greinir í máli þessu, til að hagnast á þeim. Ákærði kvaðst hafa talið að hann gæti staðið í skilum með greiðslur og annað sem hann hefði skuldbundið sig til að gera. Kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir því að með því að nota þetta fjármagn til að borga gamlar skuldir myndi hann svíkja fólk sem hann stóð í fasteignaviðskiptum við. Kvaðst ákærði hafa haldið að hann myndi geta bjargað þessu með hagnaði vegna þessara viðskipta. Ákærði kvaðst hafa ætlað að standa í skilum, þótt hann hefði vitað að hann gæti það ekki á umsömdum tímum. Kvaðst hann hafa stundað svona viðskipti sem fasteignasali og hagnast á þeim. Ákærði kvaðst hafa þekkt markaðinn og vitað að framboð og eftirspurn réð íbúðaverðinu. Jafnframt kvaðst hann hafa vitað hvaða eignir voru seljanlegar og öfugt. Kvaðst hann hafa talið að hann gæti notað þessa þekkingu sína til að kaupa og selja íbúðir með hagnaði. Ákærði kvaðst hafa keypt allar íbúðirnar í þeim tilgangi að selja þær strax aftur og miðað við að söluhagnaðurinn kæmi sem allra fyrst með því að fá sem mest útborgað. Hefði hann talið að hann gæti með þessu móti staðið í skilum og haft peninga að auki. Kvaðst ákærði hafa keypt íbúðirnar með lítilli útborgun og selt þær með meiri útborgun og þannig hefði hann ætlað að hagnast á verðbólgunni.

Ákærði kvaðst hafa byrjað viðskiptin með því að kaupa húseignina að Miðbraut 32 á Seltjarnarnesi án þess að hafa neitt „veltufé". Eftir þessi fyrstu viðskipti hefðu svo komið önnur. Upp úr mánaðaótum júlí/ágúst 1982 hefði hann farið að lenda í vanskilum vegna þess að hann hefði verið búinn að nota peningana til greiðslu á einhverjum gömlum, uppsöfnuðum skuldum. Hefði hann keypt sér tímabundinn frið með því að benda á eignirnar til fjárnáms. Kvaðst hann hafa gert þetta til að kaupa sér frið og fá frest. Er fór að líða fram á haust, kvaðst ákærði hafa séð að þetta væri ekki framkvæmanlegt og þá hefði hann numið staðar.

Ákærði kvaðst hafa rekið Fasteignasöluna Skálafell fram í apríl eða maí árið 1982 og tekið við henni aftur í september sama ár. Kvaðst ákærði hafa

leigt hana í millitíðinni og fengið í leigu ákveðna prósentu af heildarsölulaunum.

Ákærði kvaðst ekkert fé eða eignir eiga til að gera upp við fólk það sem átti fasteignaviðskipti við hann, en kvaðst vera allur af vilja gerður til að reyna að gera þetta upp með þeim peningum sem hann ynni sér inn.

Við meðferð málsins kvað ákærði það rétt að upp hefði verið komin fjáróreiða hjá honum sem hefði orðið til þess að hann fór út í þau viðskipti sem ákært er út af. Kvað ákærði að upphaflega hefði vakað fyrir sér að standa í skilum og hefðu seljendurnir vitað að hann ætlaði að selja eignirnar aftur. Ákærði kvaðst hafa gert sér ljóst um það leyti sem hann varð gjaldþrota að hann myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Kvað ákærði það rétt vera að hann hefði notað verulegan hluta af söluandvirði til greiðslu á persónulegum þörfum og eldri skuldbindingum. Ákærði kvaðst ekki geta bent á neina sérstaka ástæðu fyrir því að hann missti stjórn á fjármálum sínum og hefði þetta einvern veginn undið upp á sig. Kvaðst hann aldrei hafa tekið okurlán og ekki einu sinni staðið í íbúðarkaupum fyrir sjálfan sig á þeim árum sem skuldirnar byrjuðu að hlaðast upp. Kvað ákærði af og frá að hann hefði staðið í fasteignaviðskiptum fyrir annan eða í samráði við annan.

I. kafli ákæru.

Með kaupsamningi, dagsettum 16. mars 1982, keypti ákærði einbýlishúsið að Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, af Jóhannesi Björgvinssyni, Ásgeiri H. Björgvinssyni og Hjördísi Jónsdóttur. Var kaupverð umsamið 1.000.000,00 krónur. Átti ákærði að greiða 100.000,00 krónur við undirskrift samnings, 100.000,00 krónur 1. júlí 1982, 150.000,00 krónur 1. október sama ár, 100.000,00 krónur 1. janúar 1983 og 100.000,00 krónur 1. mars sama ár. Eftirstöðvar kaupverðsins, 450.000,00 krónur, skyldi ákærði greiða með verðtryggðu veðskuldabréfi sem bæri hæstu lögleyfðu vexti og yrði tryggt í eigninni á 3. veðrétti, næst á eftir 200.000,00 krónum á 1. og 2. veðrétti. Ákærði átti að fá veðleyfi í eigninni fyrir 200.000,00 krónum, en þó aldrei hærri upphæð en greidd hefði verið hverju sinni. Samkvæmt samningnum skyldi eignin vera laus til afnota fyrir kaupanda 7. apríl 1982 eða fyrr og afsal skyldi gefið út 1. mars 1983.

Undir þennan kaupsamning rita ákærði sem kaupandi og Njáll Ingjaldsson, Vallarbraut 14, Seltjarnarnesi, sem seljandi samkvæmt umboði seljenda, dagsettu 12. mars 1982. Þá ritar á kaupsamninginn sem vottur Lúðvík Gizurarson hrl., en hann gekk frá kaupum þessum.

Greiddi ákærði 1. samningsgreiðslu hinn 6. mars 1982 með ávísun að fjárhæð 100.000,00 krónur sem reyndist innstæðulaus.

Sama dag og gengið var frá kaupsamningnum fékk ákærði veðleyfi hjá

seljendum til að veðsetja hina seldu eign til tryggingar láni að fjárhæð 100.000,00 krónur, sem ákærði notfærði sér með því að gefa út veðskuldabréf hinn 23. mars 1982, en því var þinglýst á eignina 23. mars 1982.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi ákærði 1. samningsgreiðslu aftur með tékka, útgefnum 2. apríl 1982, sem fékkst innleystur 5. sama mánaðar.

Með makaskiptasamningi, dagsettum 6. apríl 1982, seldi ákærði Tryggva Stefánssyni, Furulundi 2a, Akureyri, framangreinda húseign að Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, fyrir 1.300.000,00 krónur. Skyldi kaupverðið greiðast þannig:

1. Við undirskrift samnings ..... kr. 100.000,00
2. Hinn 19. apríl 1982 ..... — 100.000,00
3. Hinn 1.10. - 1.11. 1982 ..... — 100.000,00
4. Með andvirði eignarhluta Tryggva Stefánssonar í húseigninni nr. 70 við Furugrund í Kópavogi, sem metin var á 900.000,00 krónur að frádregnum lánum að fjárhæð 146.183,00 krónur, sem hvíldu á eigninni, og nam greiðsla samkvæmt þessum lið samningsins því 753.817 krónum.
5. Tryggvi átti að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð 246.183,00 krónur, tryggt í eigninni (Miðbraut 32) sem skyldi greiðast á næstu 4 árum með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 15. apríl 1983.

Þá skyldi ákærði aflétta áhvílandi veðskuldabréfi að fjárhæð 100.000,00 krónur á 1. veðrétti. Upplýst er að ákærði afhenti Tryggva þetta veðskuldabréf við kaupin.

Samkvæmt samningi þessum seldi Tryggvi Stefánsson ákærða eignarhluta sinn í fjögurra herbergja íbúð að Furugrund 70, Kópavogi, sbr. það sem að ofan greinir í 4. lið samningsins.

Afhendingartími beggja eigna skyldi vera 15. apríl 1982 eða fyrr og afsal fyrir báðum eignum skyldi gefa út 1. október 1982.

Í samningnum kemur fram að Miðbraut 32 sé ennþá þinglýst eign Jóhannesar Björgvinssonar, Ásgeirssonar (sic) og Hjördísar Jónsdóttur og að Njáll Ingjaldsson sé umboðsmaður þeirra.

Fasteignasalan Húseignin annaðist samningsgerð þessa.

Með kaupsamningi, dagsettum 30. apríl 1982, seldi ákærði Guðlaugu Þorbergsdóttur, Grettisgötu 31, Reykjavík, ofangreinda íbúð að Furugrund 70, Kópavogi, fyrir 900.000,00 krónur, og skyldi kaupverðið greiðast sem hér segir:

1. Við undirritun kaupsamnings ..... kr. 150.000,00
2. Hinn 7. maí 1982 ..... kr. 250.000,00
3. Hinn 20. júlí 1982 ..... kr. 50.000,00
4. Hinn 20. október 1982 ..... kr. 50.000,00
5. Hinn 10. janúar 1983 ..... kr. 90.000,00
6. Hinn 15. mars 1983 ..... kr. 50.000,00
7. Hinn 15. apríl 1983 ..... kr. 50.000,00

Þá tók kaupandi að sér greiðslu eftirstöðva áhvílandi veðskulda að fjárhæð 146.182,00 krónur.

Afsal skyldi gefið út 15. apríl 1983.

Í samningnum er ákvæði þess efnis að seljanda bresti þinglýsta eignarheimild til hins selda og að hann sé eigandi samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 6. apríl 1982, en að hann skuldbindi sig til þess að hafa þinglýst eigninni á sitt nafn eigi síðar en 1. október 1982.

Frá samningi þessum var gengið á Fasteignasölunni Högun.

Með bréfi, dagsettu 10. ágúst 1982, fór Lúðvík Gizurarson hrl. þess á leit við bæjarfógetann á Seltjarnarnesi að leigutaki í húseigninni nr. 32 við Miðbraut á Seltjarnarnesi yrði borinn út úr húsinu ásamt því fólki er með honum væri í húsinu. Segir m.a. svo í útburðarbeiðni þessari að umrædd eign hafi verið seld 16. mars 1982. Hafi fyrsta greiðsla verið greidd með tékka, útgefnum af Hákoni Sævari Antonssyni sem nú væri látinn. Hafi ekki reynst innstæða fyrir tékkanum og svo farið að lokum að Hákon hafi komið 2. apríl 1982 og tekið tékkann, en látið í staðinn nýjan tékka sem hafi fengist greiddur 5. apríl.

Hafi Njáll Ingjaldsson, sem gengið hafi frá kaupunum f.h. seljenda, tekið þann kost að taka við nýjum tékka, þar sem ákærði hafði fengið veðleyfi fyrir kr. 100.000,00 á þeim forsendum að tékkinn frá 16. mars væri „góður" og fyrsta greiðsla þannig verið innt af hendi. Hafi þetta reynst „útspekúleruð" svik af hálfu ákærða, hann greitt með ónýtum tékka og fengið á þann hátt samninginn og veðleyfi að fjárhæð kr. 100.000,00. Ákærði hafi stuttu eftir kaupin óskað eftir að fá lykil að húsinu „til þess að taka mál af gardínum" og þá jafnframt sagst sjálfur ætla að flytja í húsið. Þennan lykil hafi hann síðan notað til að láta gera eftir honum aukalykla og þannig náð vörslum hússins. Þrátt fyrir að í húsinu væri innbú og margir verðmætir munir hafi ákærði látið lyklana á margar fasteignasölur og fjöldi fólks verið kominn með lykla stuttu seinna. Hafi Njáll Ingjaldsson þá skipt um læsingu til að gæta verðmæta í húsinu. Njáll hafi fallist á að láta ákærða hafa aftur lykil að húsinu um miðjan apríl, enda hafi öllu fögru verið lofað að nýju. Greiðslan 1. júlí hafi ekki fengist greidd og riftun verið tilkynnt bæði munnlega og með skeyti. Seinast hafi verið rætt við ákærða á heimili hans að Fífuseli 7 í gærkvöldi (9. ágúst 1982) og ákærði þá talið að hann mundi líklega samþykkja riftun úr því sem komið væri. Væri nauðsynlegt að bera leigutakann út til að forða seljanda frá frekara tjóni.

Var kveðinn upp úrskurður í málinu í fógetarétti Seltjarnarness hinn 8. september 1982. Var kröfu gerðarbeiðanda synjað, þar sem greiðsla samkvæmt 2. lið kaupsamningsins um Miðbraut 32 hafði verið boðin fram af hálfu ákærða með því að við þingfestingu málsins hinn 12. ágúst 1982 hafði verið sýnd í réttinum sparisjóðsbók með innstæðu að fjárhæð 100.000,00

krónur. Var ekki talið að gerðarbeiðendur hefðu sýnt fram á þær vanefndir á kaupsamningnum er rennt gætu stoðum undir kröfu þeirra um útburð.

Í málinu liggur frammi ljósrit af innleggsnótu, dagsettri 12. ágúst 1982, þar sem fram kemur að lagðar eru inn 100.000,00 krónur á sparisjóðsbók nr. 160693 við Landsbanka Íslands. Eigandi bókarinnar er tilgreindur Hjördís Jónsdóttir o.fl., Vallarbraut 14, Seltjarnarnesi, og sá sem leggur inn er Kristján Stefánsson hdl., lögmaður gerðarþola í framangreindu útburðarmáli.

Með símskeyti 24. febrúar 1983 fór Lúðvík Gizurarson hrl. fram á afhendingu bankabókar þessarar, en skeyti þetta sendi hann Kristjáni Stefánssyni hdl.

Skeyti þessu virðist ekki hafa verið svarað, og hinn 1. apríl 1982 kvittar ákærði fyrir afhendingu bókarinnar frá lögfræðiskrifstofu Kristjáns Stefánssonar, og samkvæmt úttektarnótu tók ákærði innstæðuna, að fjárhæð 128.910,29 krónur með vöxtum, út hinn 20. apríl 1983.

Hinn 24. febrúar 1983 var síðan, að kröfu Lúðvíks Gizurarsonar hrl., gert árangurslaust löghald hjá ákærða, og með bréfi, dagsettu sama dag, krafðist lögmaðurinn þess að bú ákærða yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Var málið þingfest og tekið til úrskurðar í skiptarétti Reykjavíkur 25. mars 1983 og úrskurður um að bú ákærða væri tekið til gjaldþrotameðferðar kveðinn upp 5. apríl s.á. Lauk skiptum 16. febrúar 1987. Námu almennar kröfur, sem lýst var í búið og viðurkenndar voru réttmætar, á upphafsdegi skipta hinn 2. september s.á. samtals kr. 3.432.853,59 auk áfallandi vaxta og kostnaðar. Greiddust upp í kröfurnar kr. 278.006,00 eða 8.0983 af hundraði, sem skiptist sem hér segir:

Kröfuhafi:	*Fjárhæð kröfu:*	*Úthlutun:*
Gjaldheimtan í Rvík.	kr. 286.556,00	23.206,00
Alþjóða líftr.félagið	— 16.024,45	1.298,00
Samband ísl. samv.fél.	— 11.096,00	900,00
Ragnar Björnsson	— 21.280,00	1.723,00
Innh.st. sveitarfélaga	— 30.545,70	2.475,00
Höldur sf.	— 28.477,00	2.306,00
Árvakur hf.	— 145.670,84	11.797,00
Hilmar Ingimundarson hrl.	— 360.510,60	29.195,00
Jóna Sólveig Magnúsd.	— 120.000,00	9.718,00
Tryggvi Stefánsson	— 432.000,00	34.985,00
Guðlaug Þorbergsdóttir	— 814.384,00	65.951,00
Hjördís Jónsd. o.fl.	— 145.002,00	11.743,00
Kjartan Skaftason	— 67.622,00	5.476,00
Louisa Matthíasdóttir	— 539.973,00	43.730,00

Karl Sigurjónsson o.fl.	— 293.076,00	23.734,00
Þóra Hreinsdóttir	— 116.188,00	9.409,00
Skiptagjald	— 4.448,00	360,00

Ákærði skýrði svo frá að hann hefði ætlað að rétta af fjárhaginn, sem hefði verið slæmur, með því að kaupa húseignina að Miðbraut 32 og selja hana aftur með hagnaði. Ákærði kvaðst hafa gert bindandi tilboð í eignina enda þótt hann ætti ekki fyrir samningsgreiðslunni, og var tilboðið samþykkt. Kvaðst ákærði hafa fengið veðleyfi fyrir handhafaskuldabréfi, að fjárhæð 100.000,00 krónur, í eigninni og hafa ætlað að selja það fyrir þessari greiðslu, en þá hefði Hákon Antonsson, vinur sinn, boðist til að láta sig hafa ávísun að fjárhæð 100.000,00 krónur, sem hefði verið sú upphæð sem ákærða hefði vantað. Ákærði kvaðst hafa vitað að ekki var til innstæða fyrir ávísuninni, en hann hefði ekki fengið skuldabréfið í hendur fyrr en hann hafði látið seljendurna hafa ávísunina. Ákærði kvaðst hafa beðið umboðsmann seljenda, Njál Ingjaldsson, um að bíða með að leggja ávísunina inn, en ákærði mundi ekki í hve langan tíma. Ætlaði ákærði síðan að nota þennan tíma til að útvega sér peninga með skuldabréfinu. Til þess hefði þó aldrei komið, þar sem Hákon Antonsson hefði fengið leyfi hjá móður sinni til að veðsetja íbúð hennar fyrir skuldabréfum að nafnverði 170.000,00 krónur. Hefði Hákon síðan selt bréfin og fengið yfir 100.000,00 krónur fyrir þau en gefið út „gúmmítékkann" meðan beðið var eftir að þau seldust, en þá hefði hann leyst fyrri tékkann til sín og gefið annan út. Ákærði kvaðst svo hafa lánað Hákoni 100.000,00 krónur þann 6. apríl 1982, sem hann hefði notað sem útborgun í íbúð að Kríuhólum 2, Reykjavík.

Ákærði kvaðst hafa sett húsið að Miðbraut 32 á nokkrar fasteignasölur þegar eftir kaupin og selt það síðan í makaskiptum hinn 6. apríl. Fékk ákærði m.a. upp í kaupverðið íbúð að Furugrund 70, Kópavogi, sem hann setti strax á sölu á nokkrar fasteignasölur og seldi það síðan Guðlaugu Þorbergsdóttur hinn 30. apríl.

Samkvæmt makaskiptasamningnum um Miðbraut 32 og Furugrund 70 fékk ákærði eftirtaldar greiðslur í hendur:

1.	Miðbraut 32.		
a)	Hinn 6. apríl 1982	kr.	100.000,00
b)	Hinn 19. apríl 1982	—	100.000,00
c)	Hinn 19. október 1982	—	70.000,00
d)	Hinn 22. október 1982	—	30.000,00
	Samtals	kr.	300.000,00

Ákærði gerði eftirfarandi grein fyrir ráðstöfun þessara greiðslna:

a) Ákærði kvaðst hafa lánað Hákoni Antonssyni þessa greiðslu vegna

kaupa hans á íbúðinni að Kríuhólum 2, sbr. það, sem rakið er hér að framan.

b) Ákærði kvað tæplega 60.000,00 krónur af þessari greiðslu hafa farið til Ólafs Axelssonar hrl., sem hefði verið búinn að láta gera löghald í skrifstofuhúsgögnum í Fasteignasölunni Skálafelli og einnig verið kominn með vörslusviptingarheimild. Afganginn kvaðst ákærði hafa greitt Pétri Gunnlaugssyni í sölulaun og 20.000,00 krónur hefðu farið í auglýsingaskuldir til Morgunblaðsins.

c) Ákærði kvaðst hafa ráðstafað þessari greiðslu til Bergs Guðnasonar hdl., sem hefði verið með kröfu á ákærða vegna vanskila á greiðslu samkvæmt kaupsamningi um Njálsgötu 32b, Reykjavík.

d) Ákærði kvað hið sama gilda um ráðstöfun þessarar greiðslu og þeirrar, sem um ræðir í lið c.

2. Fururgrund 70.

a) Ákærði fékk greiddar 150.000,00 krónur hinn 30. apríl 1982 og 250.000,00 krónur hinn 7. maí sama ár.

b) Hinn 10. ágúst 1982 fékk ákærði 52.000,00 krónur.

c) Hinn 20. október fékk ákærði 50.000,00 krónur.

d) Hinn 10. janúar 1983 fékk ákærði 90.000,00 krónur.

Samtals fékk ákærði því greiddar vegna sölu á þessari íbúð 592.000,00 krónur.

Ákærði gerði svofellda grein fyrir ráðstöfun þessara greiðslna:

a) Ákærði kvað þessar greiðslur hafa verið lagðar inn á ávísanareikning fyrrverandi eiginkonu ákærða, Elínar Þorvaldsdóttur, nr. 2879 hjá Iðnaðarbankanum, 150.000,00 krónur 3. maí og 240.000,00 krónur 10. maí. Þær 10.000,00 krónur sem á vantaði hefðu farið í að greiða af veðdeildarláni sem hvíldi á Furugrund 70. Varðandi ráðstöfun á þeim 390.000,00 krónum sem eftir standa gerði ákærði eftirfarandi grein, en greiðslurnar eru allar samkvæmt tékkum sem Elín Þorvaldsdóttir gaf út af ofangreindum ávísanareikningi sínum:

1. Heimilshald og persónulegar þarfir	kr.	51.200,00
2. Rekstur Fasteignasölunnar Skálafells	—	21.000,00
3. Greiðslur ýmissa lausaskulda	—	93.713,00
4. Greidd sölul. v/sölu Furugrundar 70	—	18.000,00
5. Greidd laun til Elínar Þorvaldsdóttur	—	25.000,00
6. Veitt lán til Hauks Þorvaldssonar	—	10.000,00
7. Greitt v/kaupa á Hverfisgötu 49	—	120.000,00
8. Greitt v/kaupa á Njálsgötu 32b	—	50.000,00
Samtals	kr.	388.913,00

b) Ákærði kvaðst hafa lagt þetta fé inn á sparisjóðsbók hjá Landsbanka

Íslands að frádregnum vöxtum, 2.000,00 krónum, en samtals hefði hann lagt inn á bókina 100.000,00 krónur. Gerði ákærði þetta til sönnunar á að hann gæti staðið í skilum með greiðslu vegna Miðbrautar 32, en seljandi hefði verið búinn að neita að taka við greiðslu. Ákærði kveðst svo hafa tekið innstæðuna út hinn 20. apríl 1983. Um helmingur hefði farið til Kristjáns Stefánssonar hdl. en hinn helmingurinn til eigin nota.

c) Ákærði kvað 12.000,00 krónur af þessari greiðslu hafa farið í framkvæmdir vegna Furugrundar 70, sem honum hefði borið að taka þátt í, en mismunurinn til greiðslu á skuldum til ýmissa lögmanna.

d) Þetta fé kvað ákærði hafa farið í eigin neyslu, heimilishald, ,,sukk og óreglu".

Samtals fékk ákærði því greiddar vegna sölu á framangreindum húseignum 890.000,00 krónur auk þess sem hann fékk veðleyfi fyrir 100.000,00 krónum í Miðbraut 32 og gaf út veðskuldabréf á eignina fyrir þeirri fjárhæð, en það bréf gekk til Tryggva Stefánssonar er ákærði seldi honum einbýlishúsið að Miðbraut 32.

Svo sem rakið er hér að framan skuldbatt ákærði sig til að gefa út afsal fyrir Miðbraut 32 til Tryggva Stefánssonar hinn 1. október 1982, en samkvæmt samningi ákærða við seljendur eignarinnar átti ákærði ekki að fá afsal fyrir eigninni fyrr en 1. mars 1983. Ákærði gaf þá skýringu á þessu að er hann seldi eignina hefði útborgunarféð komið á skemmri tíma en þegar hann keypti. Ákærði kvaðst hafa ætlað að gefa út víxil með tryggingarbréfi fyrir því sem hann skuldaði, en það væri mjög algengt í fasteignaviðskiptum. Ákærði kvaðst þó ekki hafa verið búinn að fá vilyrði fyrir þessu hjá þeim sem seldu honum, en ákærði kvað að ef hann hefði staðið í skilum hefði þetta ekki orðið neitt vandamál.

Er ákærði keypti einbýlishúsið að Miðbraut 32, skuldbatt hann sig til að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðs veðskuldabréf að fjárhæð 450.000,00 krónur. Er ákærði gerði makaskiptasamninginn við Tryggva Stefánsson er ekkert minnst á þetta veðskuldabréf, en Njáll Ingjaldsson, umboðsmaður seljenda Miðbrautar 32, gaf svohljóðandi yfirlýsingu að beiðni ákærða, sem dagsett er 11. maí 1982:

,,Fyrir hönd þinglesinna eigenda skv. umboði lýsi ég því hér með yfir að veðskuldabréf þau fyrir eftirstöðvum kaupverðs, samtals að fjárhæð kr. 450.000,00, mega vera tryggð með öðru veði en Miðbraut 32, svo fremi sem hið nýja veð verði viðunandi og eigi síðra en Miðbraut 32 að mínu mati."

Var ákærði spurður sérstaklega um þetta við rannsókn málsins.

Ákærði kvaðst hafa beðið um ofangreint leyfi, eftir að hann seldi Miðbraut 32, vegna þess að hann hefði ekki fengið greiðslu frá Tryggva Stefánssyni fyrr en hann hefði verið búinn að ,,skaffa" þessa yfirlýsingu.

Ákærði var ennfremur við rannsókn málsins spurður sérstaklega um

bankabók þá á Landsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 160693, sem hann sýndi hinn 12. ágúst 1982 í útburðarmálinu fyrir fógetarétti Seltjarnarness, en inn á þessa bók voru lagðar 100.000,00 krónur sama dag.

Ákærði kvað að greiðslan sem hann átti að inna af hendi 1. júlí 1982 hefði verið búin að dragast. Hefðu Njáll Ingjaldsson og Lúðvík Gizurarson hrl. komið einu sinni heim til ákærða til að rukka hann, en þeir hefðu verið búnir að því nokkrum sinnum. Er ákærði var tilbúinn með peningana hefðu þeir ekki viljað taka við þeim, heldur viljað rifta. Ákærði kvað að sér hefði þótt eðlilegra að ,,deponera", en Kristján Stefánsson hdl. hefði talið að það væri jafngóð lausn að leggja peningana inn á bankabók á nafni seljenda Miðbrautar 32. Peninga þá sem lagðir voru inn kvað ákærði hafa verið úr afborgunum af Hverfisgötu 49 og Furugrund 70 og hefði Kristján Stefánsson hdl. lagt peningana inn á bókina. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað til þess að beðið hefði verið um bókina, en hún hefði legið hjá Kristjáni. Hann hefði beðið Kristján um bókina í apríl 1983, þar sem hann hefði þá þurft peninga til að eyða. Hefði Kristján fengið helminginn af því sem var í bókinni, en ákærði kvaðst hafa verið ósáttur við það, þar sem hann hefði skuldað Gjaldheimtunni og talið peningunum betur borgið þar en hjá Kristjáni.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna.

Njáll Ingjaldsson, Vallarbraut 14, Seltjarnarnesi, kvaðst hafa annast sölu á einbýlishúsinu að Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, samkvæmt umboði frá eigendum þess. Kom tilboð frá ákærða í eignina á Fasteignasölunni Húseignum, sem gengið var að. Var kaupsamningur gerður 16. mars 1982 og afhenti ákærði á fasteignasölunni sem fyrstu greiðslu ávísun, útgefna af Hákoni Antonssyni, að fjárhæð 100.000,00 krónur. Var ávísunin ekki gefin út fram í tímann. Vitnið kvað ákærða hafa sagt að hann væri að selja íbúð í Breiðholti og að hann ætlaði að flytja inn í þetta hús og búa í því. Er búið var að ganga frá þessu og aðilar ætluðu að fara út úr fasteignasölunni gat ákærði þess að ekki væri innstæða fyrir ávísuninni, en það yrði fljótlega, og minnti vitnið að um hefði verið að ræða örstuttan frest, í mesta lagi einn til tvo daga. Sagði ákærði að útgefandi ávísunarinnar væri með skuldabréf í sölu hjá lögfræðingi og peningarnir sem kæmu út úr bréfunum færu inn á reikninginn. Hikaði vitnið aðeins við, enda var það að fara til útlanda nokkrum dögum seinna og ætlaði að nota peningana áður, en þar sem þeir áttu að vera komnir áður en vitnið færi og búið var að ganga frá öllu varðandi söluna, gaf vitnið sig á þessu.

Vitnið taldi að ákærði hefði komið strax daginn eftir heim til þess og fengið lykla hjá eiginkonu sinni að húsinu, sem hann átti samkvæmt samningi ekki að fá afhent fyrr en 7. apríl. Hefði þetta mjög styrkt yfirlýsingar ákærða um að hann ætlaði sjálfur að búa í húsinu. Ákærði hefði síðan, í fullkomnu heimildarleysi, látið smíða eftir lyklinum marga lykla sem hann hefði dreift

á fasteignasölur. Vitnið kvaðst hvorki fyrr né síðar hafa séð Tryggva Stefánsson og því síður sýnt húsið að Miðbraut 32.

Hinn 19. mars 1982 fór vitnið til útlanda og kom ekki aftur fyrr en viku síðar. Þá frétti það að ákærði hefði auglýst húsið til sölu. Vitnið reyndi stöðugt að fá ákærða og Hákon til að borga, en viðkvæðið hefði alltaf verið að þetta væri að koma næsta dag eða seinna sama dag, en þá hefði ekki náðst til þeirra. Föstudaginn 2. apríl kom Hákon síðan með aðra ávísun að fjárhæð 100.000,00 krónur og sýndi vitninu innlegg á ávísanareikningnum. Hringdi vitnið í bankann og fékk uppgefið að innstæða væri fyrir ávísuninni. Lagði vitnið ávísunina inn mánudaginn 5. apríl.

Næstu afborgun, 100.000,00 krónur, átti að greiða 1. júlí sama ár. Greiddi ákærði hana ekki. Var hann margrukkaður, bæði með símtölum og eins farið heim til hans og á Fasteignasöluna Skálafell. Lofaði ákærði ávallt að borga en stóð aldrei við það. Ræddu vitnið og Lúðvík Gizurarson hrl. síðast við ákærða vegna þessarar greiðslu hinn 9. ágúst sama ár, en þá sagðist ákærði ekki eiga peninga og því ekki geta greitt þetta. Jafnframt sagði hann þá að úr því sem komið væri væri sennilega best að samningnum yrði rift.

Var ákærða, Tryggva Stefánssyni og Fasteignasölunni Húseigninni síðan sent riftunarskeyti og farið fram á útburð. Útburður fékkst hins vegar ekki, þar sem Kristján Stefánsson hdl., lögmaður ákærða, framvísaði í þinghaldi í útburðarmálinu bankabók með innstæðu að fjárhæð 100.000,00 krónur á nafni seljenda Miðbrautar 32. Vitnið vildi að svo stöddu ekki taka við greiðslu þessari, þar sem það taldi að það gæti skemmt fyrir í útburðarmálinu, en kröfu um útburð hefði síðan verið synjað.

Ekkert var síðan greitt og sendi Lúðvík Gizurarson hrl. Kristjáni Stefánssyni hdl. skeyti, þar sem óskað var afhendingar bankabókarinnar, en því var ekki svarað. Gerði Lúðvík síðan árangurslaust löghald hjá ákærða, þar sem ákærði gat ekki bent á neinar eignir til tryggingar kröfunni og sagðist heldur ekkert geta borgað. Í framhaldi af þessu hafi svo verið krafist að ákærði yrði gerður gjaldþrota.

Vitnið kvað að samkvæmt samningnum um Miðbraut 32 hefði ákærði átt að gefa út við útgáfu afsals í lok útborgunar hinn 1. mars 1983 verðtryggt veðskuldabréf, að fjárhæð 450.000,00 krónur, með veðrétti í Miðbraut 32. Hefði ákærði, einhvern tíma eftir 5. apríl og fyrir 1. júlí 1982, beðið um að fá að hafa þetta skuldabréf þinglýst á aðra eign. Kvaðst vitnið hafa gefið út yfirlýsinguna frá 11. maí 1982 vegna mikils þrýstings frá ákærða. Taldi vitnið sig hafa þetta allt í hendi sér, þar sem það hefði verið háð mati vitnisins hvaða eign það tæki gilda sem andlag veðs. Var þetta á engan hátt háð því hvort eignin yrði seld aftur, enda aldrei leitað eftir slíku leyfi og það aldrei gefið. Kvað vitnið þetta alls ekki hafa verið leyfi fyrir því að vitnið afsalaði sér því að skuldabréfinu yrði þinglýst á Miðbraut 32, heldur aðeins um að vitnið yrði

til umræðu um það, þegar þar að kæmi, enda hefði það fyrst orðið að vita um eignina og veðréttinn áður en slíkt leyfi yrði gefið.

Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður kannaðist við að hafa séð umrædda yfirlýsingu frá Njáli Ingjaldssyni, dagsetta 11. maí 1982. Vitnið kvaðst ekki hafa útbúið þessa yfirlýsingu sjálft, en kvað þó geta verið að orðunum „að mínu mati" hefði verið bætt við og dagsetningu yfirlýsingarinnar breytt á skrifstofu vitnisins. Vitnið minntist þess ekki að ákærði hefði rætt um, er hann keypti húseignina að Miðbraut 32, að hann hygðist selja hana. Spurði vitnið ákærða um hvernig hann hygðist fjármagna kaupin og hefði ákærði sagt að hann væri með skuldabréf í sölu og einnig hefði hann í hyggju að selja íbúð sína í Breiðholti. Vitnið mundi eftir að hafa farið með Njáli Ingjaldssyni heim til ákærða og síðan á Fasteignasöluna Skálafell í þeim tilgangi að ganga eftir greiðlu samkvæmt 2. lið kaupsamningsins. Mundi vitnið ekki nákvæmlega hverju ákærði svaraði, en fékk það á tilfinninguna að hann vildi snúa þá Njál af sér. Kvaðst vitnið í framhaldi af þessu hafa sent ákærða, Tryggva Stefánssyni, og Fasteigansölunni Húseigninni símskeyti, þar sem fram hefði komið að kaupum ákærða á Miðbraut 32 væri rift.

Vitnið mundi eftir að hafa sent Kristjáni Stefánssyni hdl. símskeyti hinn 24. febrúar 1983, þar sem það fór fram á afhendingu bankabókar á nafni seljenda Miðbrautar 32 með innstæðu að fjárhæð 100.000,00 krónur. Hefði Kristján ekki haft samband við vitnið út af þessu en talað við skrifstofustúlku á skrifstofu vitnisins og þau orð sem hann lét falla ekki verið neitt svar um hvort hann vildi afhenda bókina eða ekki. Fór vitnið í löghaldsmál gegn ákærða, er bókin var ekki afhent og gert hafði verið árangurslaust löghald hjá honum. Fór vitnið þá fram á fyrir hönd umbjóðenda sinna að ákærði yrði úrskurðaður gjaldþrota og úrskurður þar að lútandi gengi 5. apríl 1983.

Tryggvi Björn Stefánsson læknir kvað sig og eiginkonu sína hafa verið að leita að einbýlishúsi árið 1982. Hefðu þau gert tilboð í Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, á Fasteignasölunni Húseigninni. Var tilboðið samþykkt. Áttu þau hjónin íbúð að Furugrund 70 í Kópavogi, og gekk hún m.a. upp í kaupverðið. Var gengið frá samningi í vikunni á eftir, og sendi vitnið systur sinni, Valgerði, umboð um að ganga frá samningi fyrir hönd þeirra hjónanna. Sendi vitnið tvær fyrstu greiðslurnar í gíróseðli til Péturs Gunnlaugssonar, lögfræðings fasteignasölunnar, en þriðju greiðsluna, sem greiðast átti á tímabilinu frá 1. október til 1. nóvember 1982, sendi vitnið bróður sínum, Guðna, sem starfaði sem sölumaður á fasteignasölunni, en hann benti vitninu á umrædda eign. Lét Guðni ákærða svo hafa greiðslurnar sem vitnið sendi í tvennu lagi.

Í júlí sendi Njáll, umboðsmaður fyrri eigenda, þeim hjónunum riftunarskeyti, en þau voru þá með húsið á leigu. Taldi vitnið að það hefði verið í byrjun október að Kristján Stefánsson hdl. hringdi í vitnið og spurði hvort

það gæti greitt afborgunina, sem greiðast átti á tímabilinu frá 1.10. - 1.11. 1982, þar sem hann sagðist eiga von á öðru riftunarmáli. Höfðu þau hjónin ekki þessa peninga til reiðu þá, enda litu þau á 1. nóvember sem greiðsludag.

Vitnið bauð síðan Njáli samninga, en hann vildi einungis riftunarsamning. Var ákærði boðaður á tvo fundi sem hann kom ekki á.

Að síðustu bauð vitnið ákærða að aðstoða hann eins og hægt væri til að standa í skilum við Njál með því að þeir sem hlut ættu að máli legðust allir á eitt. Kvað vitnið þetta sennilega hafa verið föstudaginn 4. febrúar 1983. Ætlaði ákærði að hafa samband við Kristján Stefánsson hdl. strax næsta mánudag og bjarga þessu, en ekkert hefði gerst í málinu og vitnið þá látið það í hendur lögfræðings.

Vitnið kvað rétt hjá ákærða að hann hefði afhent þeim hjónum veðskuldabréf að fjárhæð 100.000,00 krónur, er gengið var frá kaupunum.

Pétur Gunnlaugsson lögfræðingur kvaðst hafa gengið frá makaskiptasamningnum milli ákærða og Tryggva Stefánssonar. Var ákærði ekki þinglýstur eigandi Miðbrautar 32, en eigandi samkvæmt kaupsamningi. Var ákærði búinn að skuldbinda sig samkvæmt þeim samningi til að gefa út verðtryggt skuldabréf að fjárhæð 450.000,00 krónur, tryggt með veði í Miðbraut 32. Til að Tryggvi gæti keypt Miðbraut 32 varð að fá leyfi hjá umboðsmanni þinglýstra eigenda til að þetta skuldabréf mætti koma á aðra eign. Gaf umboðsmaðurinn, Njáll Ingjaldsson, skriflegt leyfi um það. Ætlaði ákærði síðan, með samþykki Njáls, að benda á aðra eign til tryggingar á skuldabréfinu. Hefði ákærði nefnt m.a. Fífusel 7, Reykjavík, í þessu sambandi, og taldi vitnið að ákærði ætti hana. Vitnið kvað ákærða hafa gefið munnlegt loforð um þessa yfirlýsingu við söluna á Miðbraut 32.

Varðandi það atriði, að ákærði átti að fá afsal fyrir Miðbraut 32 hinn 1. mars 1983, en skuldbatt sig til að gefa Tryggva Stefánssyni afsal fyrir eigninni 1. október 1982, kvað vitnið að það hefði viljað flýta þessu máli á sínum tíma, enda hefði verið miðað þarna við seinustu greiðslu frá Tryggva. Sagðist ákærði verða búinn að ganga frá þessu fyrir þennan tíma, enda þótt hann ætti ekki að fá afsal fyrr en 16. mars 1983. Vissi ákærði sjálfur að hann gæti ekki gefið út afsal nema hann væri búinn að fá sitt afsal, enda búinn að vera með fasteignasölu í mörg ár.

Vitnið kvaðst hafa, ekki löngu eftir umræddan makaskiptasamning, hitt ákærða og hann þá sagst vera búinn að selja íbúðina að Furugrund 70 með mikilli útborgun, 400.000,00 krónum að vitnið minnti. Taldi vitnið að maður sem gerði slíka sölu sem ákærði ætti ekki að vera í vandræðum með að standa í skilum varðandi Miðbraut 32.

Guðlaug Hólmfríður Þorbergsdóttir, Maríubakka 2, Reykjavík, kvað íbúðina að Furugrund 70 hafa verið til sölu á Fasteignasölunni Högun, sem nú heiti Huginn. Voru settar 900.000,00 krónur á íbúðina. Gerði vitnið

tilboð í eignina upp á þá fjárhæð og var því tilboði strax tekið. Vitninu var minnisstætt að Óskar Mikaelsson fasteignasali lagði fast að því að kaupa eignina og benti m.a. á hve kaupverðið væri hagstætt. Virtist vitninu liggja mikið á að selja íbúðina og hefði fljótlega verið gengið frá kaupsamningi. Greiddi vitnið við undirritun hans hinn 30. apríl 1982 150.000,00 krónur og 7. maí s.á. greiddi vitnið 250.000,00 krónur, svo að um mikla útborgun var að ræða. Innti vitnið síðan greiðslur af hendi fyrir milligöngu fasteignasölunnar, en tvær síðustu greiðslurnar samkvæmt samningnum voru stöðvaðar er vanskil ákærða komu í ljós.

Vitnið seldi Ástu Einarsdóttur íbúðina hinn 9. júlí 1982, og stöðvaði hún greiðslur til vitnisins þar sem vitnið fékk ekki afsal frá ákærða, sem það átti að fá 15. apríl 1983.

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteignasali, Espilundi 10, Garðakaupstað, kvað íbúðina að Furugrund 70 ekki hafa verið nema stuttan tíma á sölu á Fasteignasölunni Hugni (áður Högun), er tilboð kom í hana frá Guðlaugu Þorbergsdóttur. Var tilboðið með óvenju góðri útborgun og mikill „greiðsluhraði" í því framan af. Við samningsgerð lá fyrir afrit af makaskiptasamningi, þar sem fram kom að ákærði fékk þessa íbúð upp í skipti á einbýlishúsi að Miðbraut 32, Seltjarnarnesi. Greiddi Guðlaug 150.000,00 krónur við gerð kaupsamnings og viku seinna 250.000,00 krónur. Þriðja greiðslan átti að koma 20. júlí 1982, og átti fyrrverandi eiginmaður Guðlaugar að borga hana. Varð seinkun á því, en ákærði kom strax á gjalddaga og heimtaði greiðslu. Sendi hann Guðlaugu síðan símskeyti þar sem hann gaf henni 16 klukkutíma frest til að greiða. Kom vitninu þetta mjög á óvart og hafði það aldrei heyrt um að slíkt hótunarskeyti hefði verið sent svo stuttu eftir gjalddaga eða á öðrum degi. Fékk ákærði síðan innborgun inn á þetta hinn 7. ágúst s.á., 15.000,00 krónur, og þann 10. ágúst s.á. fékk hann 37.000,00 krónur og þar af voru 2.000,00 krónur í vanskilavexti. Fékk ákærði svo 50.000,00 krónur 21. október s.á. og 90.000,00 krónur 10. janúar 1983. Átti hann að fá 50.000,00 krónur 15. mars s.á., en þá hafði komið beiðni um að sú greiðsla yrði stöðvuð. Fór greiðslan inn á geymslureikning Fasteignasölunnar Hugins í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem og greiðslan 15. apríl s.á., að fjárhæð 50.000,00 krónur.

Elín Þorvaldsdóttir, Asparfelli 8, Reykjavík, fyrrverandi eigin- og sambýliskona ákærða, kvaðst hafa vitað um að ákærði ætlaði að kaupa og selja húseignir, en kvaðst sjálf hafa staðið fyrir utan þetta. Talaði ákærði um að þau myndu flytja á Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, en vitnið kvaðst ekki hafa viljað það, enda hefði það þá nýlega eignast íbúðina að Fífuseli 7. Mundi vitnið ekki til þess að ákærði hefði beðið það um að fá að veðsetja húseignina að Fífuseli 7 sem þinglýst var á nafn vitnisins í byrjun árs 1982.

Vitnið kvað ákærða síðan hafa selt einbýlishúsið að Miðbraut 32, tekið upp í íbúð að Furugrund 70, Kópavogi, og fengið jafnframt greitt á milli. Bað ákærði vitnið um að fá að leggja peningana inn á ávísanareikning vitnisins í Iðnaðarbankanum í Breiðholti, en ákærði var ekki með neinn bankareikning sjálfur þar sem alls staðar var búið að loka á hann. Var fyrsta greiðslan, 150.000,00 krónur, lögð inn á reikninginn mánudaginn 3. maí 1982 og síðan voru 240.000,00 krónur lagðar inn á hann 10. maí sama ár. Gaf vitnið síðan út ávísanir af reikningnum, eftir því sem ákærði bað það um, og fékk það ekkert af þessum peningum nema það sem rann til heimilisins. Vitnið vissi ekki um hvað orðið hefði af þeim peningum sem ákærði fékk út úr þessum viðskiptum, en kvað hann hafa eytt „alveg brjálæðislega" og lifað mjög hátt, t.d. með því að fara út á dýra staði til að borða.

Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur kvaðst hafa gengið frá kaupsamningnum um Kríuhóla 2, sem Hákon Antonsson keypti hinn 6. apríl 1982. Vitnið vissi þá að ákærði skuldaði Hákoni peninga og mundi að ákærði lagði fram útborgunina, 100.000,00 krónur. Vitnið vissi að Hákon hafði látið ákærða innstæðuslausa ávísun í té til útborgunar í húseign sem ákærði var að kaupa úti á Seltjarnarnesi. Ástæðan fyrir því að ávísunin var innstæðulaus var sú að móðir Hákons hafði gefið út skuldabréf á húseign sína á Akureyri og beðið hefði verið eftir að þau seldust, en vitnið kvaðst hafa útbúið þessi skuldabréf fyrir Hákon. Mundi vitnið að eitthvert „peningamöndl" var á milli ákærða og Hákons, en vissi ekki hvernig það var.

Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður kvað umrædda bankabók á Landsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 160693, hafa verið í sinni vörslu fram til 1. apríl 1983 að hún var afhent ákærða. Vitnið kannaðist við að hafa fengið skeytið frá Lúðvík Gizurarsyni hrl. hinn 24. febrúar 1983, en kvað að ekkert hefði verið kallað frekar eftir bókinni. Vitnið mundi eftir að hafa vorið 1983 tekið við 30.000,00 krónum frá ákærða fyrir lögfræðiaðstoð.

Jóhannes Reynisson, Austurbrún 29, Reykjavík, kannaðist við að hafa haft milligöngu um að selja skuldabréf að fjárhæð samtals 170.000,00 krónur, þinglýst á Þórunnarstræti 117, Akureyri. Vitnið kvað Hákon Antonsson hafa komið með þessi skuldabréf til sín. Kvaðst vitnið hafa selt bréfin fyrir um 100.000,00 krónur og afhent Hákoni og ákærða peningana á skrifstofu vitnisins. Kvað vitnið að ákærði hefði sagt sér þarna eða stuttu síðar að þessir peningar hefðu bjargað því að ekki var rift á hann kaupunum á Miðbraut á Seltjarnarnesi, en ákærði hefði verið kominn með fyrstu greiðslu, samningsgreiðsluna, í vanskil.

II. kafli ákæru.

Með kaupsamningi, dagettum 30. apríl 1982, keypti ákærði 2ja herbergja íbúð á 5. hæð til vinstri að Hverfisgötu 49 í Reykjavík af Kjartani Skafta-

syni. Var kaupverð umsamið 530.000,00 krónur og skyldi það greiðast sem hér segir:

1.	Á samningsdegi	kr.	120.000,00
2.	1. september 1982	—	110.000,00
3.	1. febrúar 1983	—	110.000,00
4.	1. maí 1983	—	92.128,00
5.	Áhvílandi lán	—	97.872,00
	Samtals	kr.	530.000,00

Samkvæmt samningnum skyldi eignin vera laus til afnota 1. maí 1982 og afsal átti að gefa út 1. maí 1983.

Gengið var frá kaupum þessum á Fasteignasölunni Húseigninni, Skólavörðustíg 18, Reykjavík.

Hinn 22. júní 1982 seldi ákærði ofangreinda íbúð Louisu Matthíasdóttur fyrir 650.000,00 krónur með kaupsamningi, dagsettum þann dag.

Samkvæmt þessum samningi átti kaupverðið að greiðast á eftirfarandi hátt:

1.	22. júní 1982	kr.	180.000,00
2.	5. ágúst 1982	—	50.000,00
3.	5. september 1982	—	100.000,00
4.	20. desember 1982	—	100.000,00
5.	28. febrúar 1982	—	118.156,00
6.	Áhvílandi lán	—	101.844,00
	Samtals	kr.	650.000,00

Eignin átti að afhendast strax á samningsdegi samkvæmt samningnum og afsal skyldi gefið út 28. febrúar 1983.

Í samningnum er ákvæði, þar sem segir að seljanda bresti þinglýsta eignarheimild til hins selda, en skuldbindi sig til að hafa þinglýst eigninni á sitt nafn fyrir 1. janúar 1983.

Frá þessum samningi var gengið á Fasteignasölunni Gimli, Þórsgötu 26, Reykjavík.

Ákærði greiddi vegna þessara kaupa 153.896,30 krónur, en fékk greiddar 380.000,00 krónur jafnframt því að hann gaf út veðskuldabréf á eignina að höfuðstól 120.000,00 krónur. Mismunur milli þess sem ákærði lét af hendi vegna þessara kaupa og fékk í hendur er því 346.103,70 krónur.

Þá liggja frammi í málinu endurrit 5 fjárnáma, sem gerð voru í íbúðinni að Hverfisgötu 49 á tímabilinu frá 7. ágúst til 8. október 1982. Voru öll fjárnámin gerð á hendur ákærða og 4 samkvæmt ábendingu ákærða.

Voru kröfur vegna fjárnáma þessara samtals að fjárhæð 95.570,80 krónur.

Voru því öll fjárnámin gerð eftir að ákærði seldi Louisu Matthíasdóttur íbúðina.

Með stefnu, birtri 27. október 1982, fór Kjartan Skaftason í riftunarmál við ákærða út af þessum kaupum. Var dómur í málinu kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 14. apríl 1983 og var riftunarkrafa Kjartans tekin til greina.

Hinn 10. febrúar 1983 sneri Kjartan Skaftason, nú til heimilis að Frakkastíg 12, Reykjavík, sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði ákærða fyrir svik í viðskiptum með ofangreinda fasteign.

Kjartan kvaðst hafa selt ákærða eignina hinn 30. apríl 1982, og var gengið frá kaupunum á Fasteignasölunni Húseigninni, Skólavörðustíg 18, Reykjavík. Var söluverð 530.000,00 krónur. Greiddi ákærði við gerð kaupsamnings 30.000,00 krónur og u.þ.b. 10 dögum seinna 90.000,00 krónur. Tveimur dögum eftir að ákærði hafði greitt samningsgreiðsluna, 120.000,00 krónur, fékk hann veðleyfi hjá vitninu fyrir 120.000,00 krónum. Ekkert hefði verið rætt um að ákærði ætlaði að selja íbúðina strax eða í hvaða tilgangi ákærði hefði keypt hana.

Vitnið kvað ákærða ekki hafa staðið í skilum með afborgunina hinn 1. september 1982 og heldur ekki afborgunina 1. febrúar 1983. Kvað vitnið ákærða hafa greitt lögfræðingi sínum snemma í október 1982 um 18.000,00 kr. og fékk þa sjálft um 15.000,00 krónur af því. Hafði ákærði samband við vitnið í janúar 1983 og bað það að koma og sækja 20.000,00 krónur sem hann sagðist þá hafa til reiðu, en jafnframt sagði ákærði að hann myndi hafa alla greiðsluna, þ.e. það sem upp á vantaði af 1. september greiðslunni, tilbúna um kvöldið. Er vitnið kom til ákærða var það sem ákærði gat borgað því komið niður í 16.000,00 krónur, og lét vitnið ákærða hafa kvittun fyrir móttöku þeirrar fjárhæðar.

Vitnið ræddi við ákærða eftir að greiðslan 1. febrúar 1983 var gjaldfallin. Sagðist ákærði þá ekkert skilja í þessu og að þetta ætti að vera komið í lag. Talaði vitnið við lögfræðing sinn, sem sagði vitninu að hann vissi ekki til þess að neitt hefði breyst. Vitnið kvað ekkert hafa verið að marka ákærða. Hefði það haft samband við hann ótal sinnum og hann þá yfirleitt sagt eitthvað á þá leið að hann væri að koma með peningana til sín sama kvöld, en það hefði aldrei staðist.

Ákærði kannaðist við að hafa keypt íbúðina að Hverfisgötu 49 af Kjartani Skaftasyni hinn 30. apríl 1982. Kvaðst hann hafa greitt sem fyrstu greislu 120.000,00 krónur, er hann hefði fengið sama dag út úr sölunni á íbúðinni að Furugrund 70 í Kópavogi. Ákærði kvaðst hafa ætlað að selja íbúðina með mikilli útborgun. Kvaðst ákærði hafa sett íbúðina á sölu á

nokkrum fasteignasölum, en hún hefði verið erfið í sölu og ekki selst strax.

Skömmu eftir að ákærði keypti íbúðina datt honum í hug að skreppa í skemmtiferð til Þýskalands með sambýliskonu sína, Elínu Þorvaldsdóttur. Vantaði ákærða peninga fyrir ferðinni og fékk veðleyfi hjá Kjartani Skaftasyni í íbúðinni að Hverfisgötu 49 að fjárhæð 120.000,00 krónur. Fór ákærði með veðleyfið til Ólafs Thoroddsen hdl., sem útbjó handhafaskuldabréf fyrir ákærða að nafnverði 120.000,00 krónur, og keypti það af ákærða fyrir 80.000,00 krónur að ákærða minnti. Fóru ákærði og Elín síðan í þessa skemmtiferð, og stóð hún í viku. Fóru allir peningarnir í ferðina.

Ákærði seldi íbúðina 22. júní 1982 Louisu Matthíasdóttur. Fékk ákærði tilboð frá dóttur Louisu , Temmu Bell, fyrir hönd móður hennar með fyrirvara um sölu á íbúð Lousiu að Ránargötu 36, sem hún var með til sölu á Fasteignasölunni Skálafelli hjá þeim sem leigðu hana af ákærða. Til að láta dæmið ganga upp keypti ákærði íbúð að Vesturgötu 22 í Reykjavík af Þorsteini Eggertssyni, en hann keypti íbúðina af Louisu Matthíasdóttur.

Ákærði kvaðst hafa lent í vanskilum með að borga Kjartani Skaftasyni hinn 1. september 1982 vegna þess að honum hafði ekki tekist að selja íbúðina að Vesturgötu 22 fyrr en í október sama ár. Greiddi ákærði smáupphæð til lögfræðings Kjartans í október og síðan eitthvað til Kjartans sjálfs í janúar. Kvað ákærði kæruskýrslu Kjartans rétta í öllum atriðum.

Eftir að ákærði seldi Louisu íbúðina benti hann fjórum sinnum á íbúðina til fjárnáms, einu sinni 7. ágúst 1982 og þrisvar 1. september sama ár. Ákærði kvaðst á þessu tímabili enga eign hafa átt sem hann hefði getað bent á, svo að hann hefði að öðrum kosti strax verið tekinn til gjaldþrotaskipta. Benti hann því á þessa eign til að bjarga sér frá gjaldþroti. Ákærði var ekki búinn að sjá neina leið til að losa þessi fjárnám af eigninni og vonaðist til að geta greitt skuldirnar seinna, en það hefði brugðist. Kvað ákærði að allt hefði farið í hnút vegna þessara fjárnáma og greiðslur verið stöðvaðar til sín. Var ákærði alltaf að vonast til að geta selt íbúðina á Vesturgötunni, en þegar hann seldi þá eign fóru peningarnir í annað.

Ákærði mundi ekki af hverju hann lét ekki vita af handhafaskuldabréfinu að fjárhæð 120.000,00 krónur, er hann seldi Louisu Matthíasdóttur íbúðina að Hverfisgötu 49.

Ákærði kvað að af þeim 180.000,00 krónum sem hann fékk sem útborgun í Hverfisgötu 49 frá Louisu Matthíasdóttur hinn 22. júní 1982 hefðu 100.000,00 krónur farið til greiðslu á húseigninni að Vesturgötu 22 sem ákærði keypti sama dag. Af þeim 80.000,00 krónum sem voru eftir borgaði ákærði 30.000,00 krónur til lögfræðings, en afgangurinn fór í almenna eyðslu, en ákærði kvaðst hafa verið „staurblankur" þarna á undan.

Ákærði fékk síðan 50.000,00 krónur 5. ágúst 1982. Fóru þeir peningar inn á bankabókina við Landsbanka Íslands, aðalbanka, sem trygging vegna Miðbrautar 32. Tók ákærði peningana út af bókinni hinn 20. apríl 1983. Fóru um 50.000,00 krónur til Kristjáns Stefánssonar hdl., en það sem eftir var og vextir fóru í almenna eyðslu ákærða.

Ákærði taldi sig hafa haft möguleika á að standa við kaupsamninginn við Kjartan Skaftason og benti í því sambandi á þau fasteignaviðskipti sem um getur í I. kafla ákæru, en ákærði kvaðst hafa hugsað sér að nota innborganir úr þeim viðskiptum í kaupin á Hverfisgötu 49 svo og eitthvað af atvinnutekjum sínum.

Ákærði mundi ekki skýringuna á því að hann lofaði Louisu Matthíasdóttur afsali fyrir Hverfisgötu 49 hinn 28. febrúar 1983 en átti ekki sjálfur að fá afsal fyrir eigninni frá Kjartani Skaftasyni fyrr en 1. maí sama ár.

Pétur Gunnlaugsson lögfræðingur kvað Kjartan Skaftason hafa sett íbúðina að Hverfisgötu 49 á sölu hjá Fasteignasölunni Húseigninni. Hefði honum legið á að selja eignina, þar sem rifta átti kaupum á sömu íbúð vegna ágreinings Kjartans og kaupendanna sem vildu hætta við. Voru þessir aðilar hættir að greiða og hafi Kjartan þá ekki getað staðið í skilum með kaup á íbúð í Breiðholti. Voru kaupin um Hverfisgötu 49 því látin ganga til baka.

Tilboð kom frá ákærða hinn 29. apríl 1982, sem Kjartan gekk að. Átti ákærði að greiða 120.000,00 krónur sem fyrstu greiðslu, og ætlaði Kjartan að láta greiðsluna ganga beint upp í íbúðina í Breiðholti. Gat ákærði ekki greitt þessar 120.000,00 krónur í einu, heldur greiddi hann strax 30.000,00 krónur og nokkrum dögum seinna 90.000,00 krónur. Áttu aðrar greiðslur síðan að ganga beint frá ákærða til Kjartans. Vitnið kvað ákærða ekkert hafa rætt um að hann ætlaði að selja íbúðina strax aftur.

Árni Erlendur Stefánsson viðskiptafræðingur kvað Louisu Matthíasdóttur hafa keypt íbúðina að Hverfisgötu 49 á Fasteignasölunni Gimli, sem vitnið er ábyrgðarmaður fyrir. Vitnið kvað Ástu Grímsdóttur, sem verið hefði skrifstofumaður á fasteignasölunni, hafa farið með samninginn um eignina á Fasteignasöluna Skálafell til ákærða og hún tekið þar við greiðslu. Kvað vitnið ákærða hafa leynt veðskuld að fjárhæð 120.000,00 krónur, sem af vangá hefði ekki verið þinglýst á eignina, en ákærði hefði gefið umrætt skuldabréf út sjálfur og auðvitað vitað af því. Kom þessi veðskuld því ekki fram á veðbókarvottorði.

Ástríður Sólrún Grímsdóttir, Leirutanga 2, Mosfellsbæ, kvaðst hafa útbúið kaupsamninginn milli ákærða og Louisu Matthíasdóttur. Vitnið fór með gögn varðandi kaup þessi á Fasteignasöluna Skálafell að beiðni ákærða. Vitnið kvað að við kaupin hefði aldrei komið til tals handhafaskuldabréf, að fjárhæð 120.000,00 krónur, og kvaðst vitnið alveg hafa

komið af fjöllum er fram kom að sú skuld hefði átt að hvíla á eigninni. Var vitnið visst um að ákærði minntist ekkert á þessa skuld í eyru vitnisins, enda hefði vitnið þá tekið hana fram í kaupsamningnum.

Einar Matthíasson, Nesbala 54, Seltjarnarensi, kvaðst hafa komið inn í þetta mál er fara átti að rifta kaupunum milli ákærða og Kjartans Skaftasonar, en vitnið er bróðursonur Louisu Matthíasdóttur. Hefði komið í ljós að ákærði hefði leynt veðskuld að fjárhæð 120.000,00 krónur við samningsgerðina við Louisu og síðan bent á eignina að Hverfisgötu 49 til fjárnáms, eftir að hann hafði selt Louisu hana. Áður en Temma Bell, dóttir Louisu, og eiginmaður hennar, Ingimundur Sveinsson Kjarval, fluttu búferlum til Bandaríkjanna í lok júlí 1982, kvað vitnið hafa verið búið að ganga frá greiðslum til ákærða að fjárhæð 380.000,00 krónur.

Eftir riftunina keypti Louisa þessa sömu íbúð af Kjartani Skaftasyni, og var þá umrætt skuldabréf, sem var að nafnverði 120.000,00 krónur, gert upp á milli þeirra sem hluti af kaupverðinu, en það hefði þá verið komið í um 210.000,00 krónur. Unnu allir að því að fá ákærða til að leysa þessi mál. Sagðist ákærði alltaf vera að fá peninga, en það hefði aldrei staðist og aldrei orð að marka það sem hann sagði.

Elín Þorvaldsdóttir, fyrrum sambýlis- og eiginkona ákærða, kvað að farseðlarnir til Þýskalandsferðarinnar hinn 16. maí 1982 hefðu verið greiddir af vitninu með ávísun að fjárhæð 6.300,00 krónur hinn 13. maí, en ferðin hefði verið ákveðin með stuttum fyrirvara. Var bílaleigubifreið innifalin í farseðlinum. Vitnið kvað peningana sem fóru í Þýskalandsferðina hafa komið út úr sölu ákærða á íbúðinni að Fururgrund 70, Kópavogi. Vitnið kvað sig og ákærða hafa farið með gjaldeyri í ferðina fyrir um 25.000,00 krónur og þau ekkert keypt þarna úti nema í sambandi við uppihaldið og lítið eitt af fötum. Kvað vitnið aðeins þessar 25.000,00 krónur hafa farið í þessa ferð, en vitnið kvaðst ekkert hafa vitað af þessum 80.000,00 krónum sem ákærði kveðst hafa fengið fyrir veðskuldabréfið sem hann fékk út á Hverfisgötu 49. Kvað vitnið að þeir peningar hefðu ekki farið í þessa ferð nema þá þessar 25.000,00 krónur sem gjaldeyririnn var keyptur fyrir.

III. kafli ákæru.

Með kaupsamningi, dagsettum 12. maí 1982, keypti ákærði 2ja herbergja kjallaríbúð í húsinu nr. 32b við Njálsgötu í Reykjavík af Jónu Margréti Kristinsdóttur. Kaupverð var umsamið 343.858,38 krónur, og skyldi það greiðast þannig:

1. Við undirskrift samnings	kr.	50.000,00
2. Hinn 15. september 1982	—	100.000,00
3. Hinn 15. nóvember 1982	—	60.000,00

4. Hinn 15. febrúar 1983	—	50.000,00
5. Hinn 15. apríl 1983	—	50.000,00
6. Með yfirtöku áhvílandi láns	—	33.857,38
Samtals	kr.	343.858,38

Samkvæmt samningnum skyldi íbúðin vera laus til afnota fyrir kaupanda 1. ágúst 1982 og afsal skyldi gefið út 15. apríl 1983.

Í samningnum er ákvæði, þar sem seljandi veitir kaupanda veðheimild fyrir 100.000,00 krónum, en þó aldrei fyrir hærri fjárhæð hverju sinni en kaupandi hefur innt af hendi.

Með veðleyfi, dagsettu 15. maí 1982, veitti ofangreind Jóna Margrét ákærða eða öðrum, sem hann framvísaði veðleyfinu til, heimild til að veðsetja ofangreinda eign fyrir allt að 50.000,00 króna verðtryggðu láni.

Veðleyfi þetta notaði Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur með því að gefa hinn 18. maí 1982 út veðskuldabréf til handhafa að fjárhæð 50.000,00 krónur, sem átti að greiðast með tveimur afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 18. maí 1983. Bréfið bar hæstu lögleyfðu skuldabréfavexti, eins og þeir voru ákveðnir á hverjum tíma.

Frá kaupsamningi þessum var gengið á Fasteignasölunni Þingholti.

Með kaupsamningi, dagsettum 27. ágúst 1982, seldi ákærði eignina Karli Sigurjónssyni og Ester Jónsdóttur fyrir 400.000,00 krónur, og skyldi kaupverðið greiðast þannig:

1. Við undirskrift samnings	kr.	50.000,00
og með andvirði Toyota Hi-Lux bifreiðar, árgerð 1982	—	155.000,00
2. Hinn 10. nóvember 1982	—	25.000,00
3. Hinn 10. febrúar 1983	—	30.000,00
4. Hinn 10. apríl 1983	—	30.000,00
5. Hinn 10. júní 1983	—	30.000,00
6. Hinn 10. júlí 1983	—	10.000,00
7. Hinn 10. ágúst 1983	—	32.851,55
8. Með yfirtöku eftirstöðva áhvílandi lána	—	37.148,45
Samtals	kr.	400.000,00

Eignin átti að afhendast kaupendum 27. ágúst 1982 og afsal skyldi gefið út 10. ágúst 1983.

Ákærði átti samkvæmt samningnum að yfirtaka framangreint handhafaskuldabréf, að fjárhæð 50.000,00 krónur, sem hann fékk veðleyfi fyrir hjá Jónu Margréti Kristinsdóttur, og tvö fjárnám sem gerð voru í íbúðinni 27. maí 1982 að ábendingu ákærða. Fjárhæða fjárnámanna er ekki getið í

kaupsamningi, en samkvæmt veðbókarvottorði, dagsettu 7. júlí 1983, var annað fjárnámið vegna kröfu að fjárhæð 61.196,00 krónur og hitt vegna kröfu að fjárhæð 95.236,00 krónur, samtals 156.432,00 krónur.

Í kaupsamningi þessum er þess getið að veðbókarvottorð, dagsett 26. ágúst 1982, liggi frammi við söluna og að kaupandi hafi kynnt sér það og hafi ekkert við það að athuga.

Frá þessum kaupsamningi var gengið á Fasteignasölunni Húseigninni.

Með bréfi, dagsettu 22. apríl 1983, kærði Bergur Guðnason hdl. f.h. Jónu Margrétar Kristinsdóttur ákærða í máli þessu fyrir fjársvik. Kvað hann ákærða hafa verið í stöðugum vanskilum við Jónu Margréti frá því að hann keypti íbúðina að Njálsgötu 32b, þrátt fyrir að hann hefði selt hana aftur 27. ágúst 1982. Greiðslu þá sem ákærði átti að inna af hendi 15. september 1982 hefði hann greitt með því að greiða 70.000,00 krónur 19. október 1982 og 30.000,00 krónur 22. október sama ár. Síðan hefði ákærði ekkert greitt, þrátt fyrir að hann hefði lofað óteljandi sinnum að gera skil. Virtist ákærði hafa frá því fyrsta hafa haft svik í huga, enda vitað að hann hefði ekkert fjárhagslegt bolmagn til að fjármagna íbúðarkaupin. Auk þessa virtist endursala íbúðarinnar og það fjármagn sem ákærði náði í með því móti engu hafa breytt um vilja hans til að standa í skilum við Jónu Margréti.

Með bréfi, dagsettu 1. júní 1983, rifti Edda Sigrún Ólafsdóttir hdl. kaupsamningnum milli ákærða og Jónu Margrétar Kristinsdóttur f.h. Jónu Margrétar.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi ákærði vegna þessara kaupa 50.000,00 krónur hinn 12. maí 1982, 70.000,00 krónur 19. október og 30.000,00 krónur 22. október 1982 eða samtals 150.000,00 krónur.

Ákærði fékk greiddar vegna kaupanna 205.000,00 krónur 27. ágúst 1982 og 25.000,00 krónur 10. nóvember sama ár. Auk þess var íbúðin veðsett hinn 18. maí sama ár með 50.000,00 króna handhafaskuldabréfi sem ákærði notaði til að greiða gamla skuld.

Fékk ákærði því samtals út úr þessum kaupum 280.000,00 krónur.

Ákærði kvað kæru Bergs Guðnasonar hdl. rétta að öðru leyti en því að hann féllst ekki á að hann hefði frá upphafi vitað að hann hefði ekkert bolmagn haft til að fjármagna íbúðarkaupin. Ákærði kvaðst hins vegar hafa gert sér ljóst að til þess gæti komið að hann þyrfti að draga eitthvað að borga, en hann hefði verið bjartsýnn með að geta staðið í skilum. Ákærði kvaðst hafa greitt Jónu Margréti 150.000,00 krónur áður en hann varð gjaldþrota. Einnig kvaðst ákærði hafa hagnýtt sér veðleyfi, dagsett 15. maí 1982, til að veðsetja íbúðina fyrir lántöku að fjárhæð 50.000,00 krónur. Ákærði kannaðist einnig við að hafa móttekið frá Karli Sigurjónssyni og Ester Jónsdóttur 230.000,00 krónur fyrir gjaldþrot sitt. Ákærði

kvaðst hafa haft alla möguleika á að standa við samninginn við Jónu Margréti Kristinsdóttur þegar hann var gerður. „Bæði hafi verið að koma inn peningar úr öðrum íbúðarsölum og svo hafi hann átt von á peningum vegna endursölu."

Ákærði kvaðst hafa gert tilboð í íbúðina á Fasteignasölunni Þingolti og greitt 50.000,00 krónur við undirskrift samnings með peningum sem hann hefði fengið vegna sölu á íbúðinni að Furugrund 70, Kópavogi.

Ákærði kvað Brynjólf Bjarkan viðskiptafræðing hafa gengið í ábyrgð fyrir sig á víxli og búið hafði verið að gera aðför hjá honum út af því. Ákærði kvaðst hafa „átt rétt á veðleyfi" út á íbúðina og fengið það nokkrum dögum eftir samningsgerð. Hefði Brynjólfur látið útbúa handhafaskuldabréf að fjárhæð 50.000,00 krónur, sem þinglýst hefði verið á íbúðina, og með þessu bréfi hefði hann gert upp umrædda skuld.

Ákærði kvaðst strax hafa sett íbúðina á nokkrar fasteignasölur, en hún hefði ekki selst fyrr en 27. ágúst 1982. Hefði hann fengið 50.000,00 krónur við samningsgerð og eins hefði hann tekið „bíldruslu" upp í kaupverðið. Hefði salan farið fram á Fasteignasölunni Húseigninni. Kvað ákærði að þessar 50.000,00 krónur hefðu örugglega farið til eigin framfærslu. Bifreiðina hefði hann selt og fengið aðra bifreið upp í og 30.000,00 krónur á milli sem fóru í rekstur Fasteignasölunnar Skálafells. Ákærði kvaðst svo hafa skipt á þessari bifreið og fengið aðra sömu tegundar upp í, en eldri árgerð, og fengið um 15.000,00 krónur og 35.000,00 krónur í víxlum í milli. Þessa bifreið kvaðst ákærði svo hafa selt og fengið um 15.000,00 krónur í peningum og 2 skuldabréf, samtals að höfuðstól 60.000,00 krónur, fyrir hana. Fóru peningarnir í fasteignasöluna, en skuldabréfin til greiðslu skulda hjá lögmönnum. Ákærði fékk síðan 25.000,00 krónur hinn 10. nóvember 1982 og taldi hann að þeir peningar hefðu runnið til reksturs fasteignasölunnar.

Ákærði kvaðst sjálfur hafa komist í vanskil með greiðslur til Jónu Margrétar. Hefði Bergur Guðnason hdl. verið farinn að hóta ákærða kæru og ákærði greitt Jónu Margréti 70.000,00 krónur 19. október og 30.000,00 krónur 22. október vegna afborgunar sem ákærði átti að inna af hendi 15. september samkvæmt kaupsamningi. Ákærði kvað þessa peninga hafa komið út úr kaupsamningi um Miðbraut 32, Seltjarnarnesi.

Ákærði kvaðst hafa bent tvisvar á íbúðina til fjárnáms áður en hann seldi hana, en skuldbundið sig til að aflétta því fyrir 1. maí 1983 er hann seldi hana. Kvaðst ákærði hafa ætlað að greiða fjárnámsskuldirnar með skuldabréfum sem hann hefði átt að fá út úr Miðbraut 32, eftir að hann hefði fengið vexti og afborgun sjálfur vegna þeirra viðskipta. Allt hefði hins vegar setið fast, þar sem ákærði hefði ekki getað efnt kaupsamninginn um Miðbrautina.

Ákærði kvað vel geta verið að þessi fjárnám hefðu ekki verið rædd fyrr en verið var að skrifa undir kaupsamninginn.

Jóna Margrét Kristinsdóttir, nú til heimilis að Geirbjarnarstöðum, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, kvaðst hafa sett íbúðina að Njálsgötu 32b í sölu á Fasteignasöluna Þingholt. Kom ákærði eftir mánuð og skoðaði íbúðina. Gerði hann daginn eftir tilboð í hana upp á 300.000,00 krónur, en vitnið og sambýlismaður þess, Gunnar Haraldsson, gerðu gagntilboð að fjárhæð 310.000,00 krónur, en auk þess átti ákærði að yfirtaka áhvílandi skuldir á íbúðinni að fjárhæð 33.858,38 krónur. Gekk ákærði að þessu tilboði og var gerður kaupsamningur 12. maí 1982. Ákærði gat ekkert um hvernig hann ætlaði að fjármagna kaupin, en talaði um það, er hann skoðaði íbúðina, að hann ætlaði að nota hana fyrir frænda sinn utan af landi sem vantaði íbúð í borginni. Kom aldrei annað til tals en að ákærði ætlaði sér að eiga íbúðina. Kom vitninu því mjög á óvart er stúlka að nafni Ester kom til vitnisins og tjáði því að hún hefði keypt íbúðina af ákærða. Var Ester þessi þá búin að greiða ákærða hærri upphæð en vitnið var búið að fá frá honum.

Ákærði greiddi við samningsgerð 50.000,00 krónur með ávísun frá konu sinni, og reyndist ávísunin í lagi. Um viku til hálfum mánuði seinna hringdi ákærði og bað um að fá veðleyfi í íbúðinni fyrir 50.000,00 krónum, en hann sagðist hafa tekið lán til að greiða samningsgreiðsluna. Daginn eftir eða tveimur dögum seinna kom Brynjólfur Bjarkan með veðleyfi og bað vitnið að skrifa undir það. Vitnið vildi ekki skrifa undir það strax, en gerði það daginn eftir. Minnti vitnið að Brynjólfur hefði gert þeim Gunnari grein fyrir að þau yrðu að gefa ákærða veðleyfið samkvæmt kaupsamningnum. Vitnið skrifaði síðan undir veðleyfi daginn eftir.

Hinn 15. september átti ákærði að borga samkvæmt samningi 100.000,00 krónur, en gerði það ekki á réttum tíma. Báðu þau Gunnar þá Berg Guðnason hdl. að annast innheimtu á þessu. Greiddi ákærði þessa afborgun seint, en aðrar greiðslur innti hann ekki af hendi. Töluðu þau Gunnar oft við ákærða og rukkuðu hann. Átti hann alltaf von á peningum og ætlaði að koma daginn eftir og borga, en það stóðst hins vegar aldrei.

Gunnar Haraldsson, nú til heimilis að Geirbjarnarstöðum, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyrjarsýslu, kvað íbúðina að Njálsgötu 32b hafa verið í sölu hjá Fasteignasölunni Þingholti í um mánuð er þau Jóna Margrét höfðu samband við fasteignasöluna og spurðu hvort ekki væri sett of hátt verð á íbúðina, en 400.000,00 krónur voru settar á hana. Var því svarað neitandi, en í mesta lagi tveimur dögum seinna hringdi ákærði og bað um að fá að skoða íbúðina, og gerði hann það sama dag. Skoðaði ákærði hana mjög lítið, bankaði í einn vegg eða svo, en sagði að þegar hann keypti

svona íbúð, þá borgaði hann á borðið eða á árinu. Næsta dag gerði ákærði tilboð í eignina og þau Jóna gagntilboð sem ákærði samþykkti.

Ekki löngu seinna hringdi ákærði á laugardagskvöldi og sagðist vera að vinna í Þjóðleikhúskjallaranum og bað um veðleyfi fyrir því sem hann var búinn að borga eða 50.000,00 krónum. Bað ákærði um að fá að senda mann daginn eftir til þeirra Jónu Margrétar til að láta þau undirrita það. Var það talið sjálfsagt af hálfu þeirra Jónu Margrétar. Þetta sama kvöld kom hins vegar maður sem kynnti sig sem Brynjólf Bjarkan, og var hann með veðleyfið tilbúið. Vildi hann láta þau skrifa undir það strax, en þau vildu ekki fallast á það. Báðu þau hann að koma daginn eftir þar sem hann var greinilega ölvaður, og eins vildu þau kynna sér þetta nánar. Kom Brynjólfur síðan daginn eftir og undirritaði Jóna Margrét veðleyfið. Vitnið mundi að Brynjólfur sagði að ákærði skuldaði sér þá fjárhæð sem veðleyfið var veitt fyrir.

Friðrik Stefánsson, viðskiptafræðingur hjá Fasteignasölunni Þingholti, kvað íbúðina að Njálsgötu 32b hafa verið setta á sölu hjá vitninu hinn 20. apríl 1982. Uppsett verð var í upphafi 430.000,00 krónur, en skömmu síðar var það lækkað í 400.000,00 krónur. Tilboð ákærða hljóðaði upp á 300.000,00 krónur. Kom gagntilboð frá eigendum um að útborgun myndi hækka um 10.000,00 krónur, og samþykkti ákærði það. Ákærði greiddi 50.000,00 krónur við undirskrift kaupsamnings. Er ákærði keypti íbúðina sagðist hann vera að kaupa hana fyrir stúlku sem vann hjá honum, Bryndísi að nafni. Talaði ákærði alls ekkert um það að hann ætlaði að selja íbúðina í beinu framhaldi af kaupunum.

Ester Jónsdóttir, Austurbergi 8, Reykjavík, kvað íbúðina að Njálsgötu 49b hafa verið auglýsta á nokkrum fasteignasölum. Fóru vitnið og sambýlismaður þess, Karl Sigurjónsson, að skoða íbúðina samkvæmt samkomulagi við eina fasteignasöluna. Var ákærði þá staddur í íbúðinni ásamt einhverjum kunningja sínum. Bauð ákærði þeim Karli heim til sín í kaffi eftir að þau höfðu skoðað íbúðina, en vitnið vann með ákærða á þessum tíma í Þjóðleikhúskjallaranum. Gerðu þau greiðsluáætlun og ræddu um að þau létu bifreið sína af tegundinni Toyota, nokkurra mánaða gamla, ganga upp í kaupverðið. Varð að samkomulagi að þau skyldu hittast daginn eftir á Fasteignasölunni Húseigninni, en það hefði ekki verið sú fasteignasala sem þau Karl höfðu hringt til út af eigninni. Mættu þau Karl á fasteignasölunni á tilsettum tíma og með þeim maður, Kristján Sigurðsson að nafni, sem búsettur var á Húsavík, en hann hafði áður verið fasteignasali í Reykjavík. Voru þau rétt komin inn er sölumaður sagði stúlku á skrifstofunni að fara að vélrita kaupsamninginn. Þar sem kaupin voru ekki ákveðin, en þau Karl aðeins komin til að ræða hugsanleg kaup, fór umræddur Kristján að blanda sér í þetta og spurði hvað væri að gerast. Sagði hann

þetta vera eitthvað skrýtið. Tæki hann ekki þátt í þessu, við réðum hvað við gerðum en hann væri farinn.

Um hálfum mánuði seinna höfðu þau Karl aftur samband við sömu fasteignasölu og spurðu hvort íbúðin væri enn til sölu, og reyndist svo vera. Fór vitnið þangað daginn eftir. Voru þar þá staddir ákærði og Pétur Gunnlaugsson, lögfræðingur sölunnar, ásamt sölumanni. Sagði vitnið hvað þau Karl vildu borga, en það var 50.000,00 krónum minna en þau höfðu rætt um á sínum tíma. Gekk ákærði að því. Fór vitnið svo eftir hádegi sama dag á fasteignasöluna til að ganga frá kaupsamningi sem þá var tilbúinn til undirskriftar. Við undirskriftina tók vitnið eftir því að á samningnum stóð að veðskuldir væru á eigninni sem ekki áttu að vera þar. Var um að ræða skuld á 4. veðrétti að fjárhæð 50.000,00 krónur og fjárnám á 5. og 6. veðrétti. Spurði vitnið hvað þetta væri, þar sem þetta hafði aldrei verið rætt. Sagði ákærði að þetta væri það sem hann væri með og þessu yrði aflétt 1. maí 1983. Vissi vitnið ekki hvað það átti að gera og leit á Pétur, sem sagði að þetta væri allt í lagi þar sem þessu yrði aflétt fyrir 1. maí 1983 og þeim Karli óviðkomandi. Vissi vitnið ekki annað en það gæti treyst lögfræðingnum og skrifaði undir kaupsamninginn. Greiddi vitnið 50.000,00 krónur sama dag og afhenti nefnda bifreið, Toyota Hilux, árgerð 1982, sem var í mjög góðu lagi, enda svo til ný og rétt tilkeyrð. Greiddu þau Karl ákærða næstu afborgun hinn 10. nóvember 1982, 25.000,00 krónur, í samræmi við samninginn.

Áður en kom að næstu afborgun í febrúar 1983 höfðu þau tal af Jónu Margréti Kristinsdóttur sem selt hafði ákærða íbúðina, en hún hafði ekki fengið greitt frá ákærða. Sagði vitnið ákærða að þau Karl myndu ekki borga neitt meira fyrr en hann stæði í skilum við Jónu Margréti. Sagði ákærði þá að þetta myndi lagast. Leið síðan fram í maí 1983 og spurði vitnið ákærða um hverja einustu helgi, en vitnið vann sem fyrr getur með honum í Þjóðleikhúskjallaranum, hvenær veðböndum yrði aflétt af íbúðinni. Var alltaf sama svarið hjá ákærða, þetta væri að leysast og talaði hann um að hann myndi flytja umrædd veð á aðra íbúð. Skildist vitninu að um væri að ræða íbúð að Vesturgötu 22. Þrátt fyrir að þau Karl margítrekuðu þetta við ákærða aflétti hann aldrei þessum veðböndum, og urðu þau að borga handhafabréfið upp ásamt vöxtum og kostnaði, yfir 200.000,00 krónur.

Karl Sigurjónsson, Austurbergi 8, Reykjavík, skýrði frá mjög á sama veg og fyrrnefnd Ester Jónsdóttir. Kvað vitnið þau Ester hafa farið á Fasteignasöluna Húseignina öðru sinni hinn 27. ágúst 1982, þar sem þau höfðu gert tilboð sem var 50.000,00 krónum lægra en þau höfðu gert áður. Var ákærði staddur á fasteignasölunni ásamt lögfræðingi hennar og sölumanni. Var skrifað niður hvernig þetta ætti að vera og átti að skrifa undir eftir hádegi. Þar sem vitnið gat ekki fengið frí aftur í vinnunni var ákveðið að Ester

gengi ein frá kaupsamningnum, þ.e. undirritaði hann. Skoðaði vitnið veðbókarvottorð sem vitninu fannst vera af svipaðri stærð og veðbókarvottorð vegna bifreiða. Var vottorðið helmingi styttra en blað af stærðinni A-4. Mundi vitnið ekki til þess að neinar veðskuldir væru áhvílandi á eigninni samkvæmt vottorðinu og var ekkert rætt um að fjárnám hvíldu á henni. Vissi vitnið ekkert af þessum veðskuldum fyrr en eftir að kaupin höfðu farið fram. Jafnframt minnti vitnið að á veðbókarvottorðinu hefði komið fram að ákærði væri þinglýstur eigandi eignarinnar.

Vitnið kvað þau Ester margsinnis hafa reynt að fá ákærða til að aflétta þessum veðskuldum. Gaf hann ávallt loforð um það, sem hann síðan sveik. Þegar einnig kom í ljós að ákærði borgaði ekki þeim sem hann keypti íbúðina af kvað vitnið að þau Ester hefðu neitað honum um greiðslur, enda þá verið hætt að treysta honum.

Pétur Gunnlaugsson lögfræðingur kvað íbúðina að Njálsgötu 32b hafa verið í sölu á fasteignasölu vitnisins og fleiri fasteignasölum í nokkrar vikur, er tilboðið kom frá Ester og Karli. Aflaði vitnið veðbókarvottorðs og sá að tvö fjárnám voru á eigninni sem ákærði hafði ekki minnst á. Sagði vitnið ákærða að geta yrði um þessi fjárnám á kaupsamningnum og gera yrði kaupendum grein fyrir þeim. Lofaði ákærði að aflétta fjárnámunum sem allra fyrst, en handhafaskuldabréfinu ætlaði hann að aflétta fyrir 1. maí 1983. Fékk ákærði bifreið upp í kaupverðið, sem hann lofaði að selja og nota andvirðið til að leysa fjárnámin af eigninni. Vitnið kvaðst hafa gert Ester grein fyrir þessu og hún treyst á að ákærði aflétti fjárnámunum sem fyrst og viljað halda við kaupin.

Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur kvað ákærða hafa keypt bifreið hjá Toyotaumboðinu um haustið 1981 og greitt kaupverðið að hluta með víxlum. Ritaði vitnið á þessa víxla sem útgefandi í greiðaskyni sem kunningi ákærða. Greiddi ákærði ekki þessa víxla og var gert fjárnám vegna þeirra í íbúð vitnisins. Bað vitnið ákærða um að láta aflétta þessu en það hefði dregist. Kom síðan að því að vitnið ætlaði að fá lán út á íbúðina, en það hefði strandað á þessu fjárnámi. Var vitnið búið að ræða þetta ítrekað við ákærða í maí 1982 og hinn 14. maí sama ár lét ákærði vitnið hafa 3.000,00 bandaríska dollara og nokkur þúsund í íslenskum krónum. Nægði þetta ekki og spurði vitnið ákærða hvernig hann ætlaði að borga það sem á vantaði. Sagðist ákærði hafa skuldabréf fyrir því að fjárhæð 50.000,00 krónur. Er vitnið ætlaði að sækja bréfið til ákærða var hann með óundirritað veðleyfi, sem hann sagði að fasteignasali hefði útbúið fyrir hann. Átti eftir að útbúa skuldabréfið og fá veðleyfið undirritað. Fór vitnið á Njálsgötu 32b, þar sem Jóna Margrét Kristinsdóttir skrifaði undir veðleyfið. Útbjó vitnið síðan sjálft skuldabréfið, skrifaði undir það og seldi og leysti síðan fjárnámið af íbúð sinni.

IV. kafli ákæru.

Hinn 22. júní 1982 keypti ákærði 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í suðurenda hússins nr. 22 við Vesturgötu í Reykjavík af Þorsteini Eggertssyni og Þóru Hreinsdóttur. Samkvæmt kaupsamningi, dagsettum sama dag, var umsamið kaupverð 650.000,00 krónur, sem greiðast átti sem hér segir:

1. Við undirskrift samnings	kr.	100.000,00
2. 5. september 1982	—	100.000,00
3. 10. desember 1982	—	50.000,00
4. 20. febrúar 1983	—	110.000,00
5. 20. mars 1983	—	156.000,00
6. 20. júní 1983	—	110.000,00
7. Yfirtaka láns hjá Byggingarsjóði ríkisins	—	24.000,00
Samtals	kr.	650.000,00

Eignin átti samkvæmt samningnum að afhendast til afnota fyrir kaupanda 20. ágúst 1982 og afsal skyldi gefið út 20. júní 1983.

Seljandi gaf kaupanda veðheimild „að vali kaupanda" eins og segir í samningnum.

Gengið var frá samningi þessum á Fasteignasölunni Skálafelli, Bolholti 6, Reykjavík.

Hinn 23. júní 1982 gerðu ákærði og Hákon Antonsson, sem áður er getið, með sér málamyndakaupsamning um ofangreinda íbúð í þeim tilgangi að fá með þeim hætti lán hjá Byggingarsjóði ríkisins út á íbúðina fyrir Hákon. Fékk Hákon 70.000,00 króna verðtryggt lán út á íbúðina hinn 1. júlí 1982, eftir að Þorsteinn Eggertsson og Þóra Hreinsdóttir höfðu heimilað það með veðleyfi, dagsettu 28. júní 1982. Fé þetta rann að mestu til ákærða.

Þann 30. júlí sama ár heimiluðu Þorsteinn Eggertsson og Þóra Hreinsdóttir veðsetningu íbúðarinnar fyrir verðtryggðu handhafaskuldabréfi, útgefnu af Elínu Þorvaldsdóttur, sambýliskonu ákærða, að fjárhæð 150.000,00 krónur. Veðskuldabréf þetta notaði ákærði til að kaupa bifreið af tegundinni BMW af Ólafi Thoroddsen héraðsdómslögmanni.

Ákærði greiddi samtals vegna þessara kaupa 250.000,00 krónur.

Sama dag og Þorsteinn Eggertsson og Þóra Hreinsdóttir seldu ákærða ofangreinda íbúð keyptu þau fasteignina nr. 36 við Ránargötu í Reykjavík af Louisu Matthíasdóttur fyrir 1.400.000,00 krónur, en svo sem rakið er í II. kafla málavaxtalýsingar keypti Louisa Matthíasdóttir jafnframt sama dag íbúðina að Hverfisgötu 49 í Reykjavík af ákærða fyrir 530.000,00 krónur.

Með kaupsamningi, dagsettum 22. október 1982, seldi ákærði Hildi

Biering íbúðina að Vesturgötu 22 fyrir 750.000,00 krónur. Skyldi kaupverðið greiðast þannig:

1. Við undirskrift samnings	kr.	120.000,00
2. Hinn 20. mars 1983	—	160.000,00
3. Hinn 20. júní 1983	—	110.000,00
4. Hinn 20. febrúar 1983	—	20.000,00
(Kaupandi samþykkti víxil með þessum gjalddaga).		
5. Með yfirtöku lána hjá Byggingarsjóði ríkisins ..	—	100.000,00
6. Með yfirtöku veðskuldabréfs á Ólaf Thoroddsen	—	150.000,00
7. Með útgáfu veðskuldabréfs	—	90.000,00
Samtals	kr.	750.000,00

Afhendingardagur eignarinnar var umsaminn sama dag og kaupsamningurinn var gerður og afsal skyldi gefið út 20. júní 1983.

Umsamið var að greiðslur samkvæmt 1. og 4. lið hér að ofan skyldi inna af hendi til ákærða, en greiðslur samkvæmt 2. og 3. lið skyldu fara til Þorsteins Eggertssonar.

Áður en ákærði seldi Hildi Biering íbúðina hafði hann þrívegis bent á íbúðina til fjárnáms, tvisvar 30. september 1982 og einu sini 7. október sama ár, til tryggingar kröfum, samtals að fjárhæð 110.744,00 krónur. Samkvæmt samningnum við Hildi Biering lofaði ákærði m.a. að aflétta þessum fjárnámum eigi síðar en 20. mars 1983.

Með bréfi Borgarfógetaembættisins, dagsettu 17. nóvember 1982, var ákærða tilkynnt um að uppboð ætti að fara fram á íbúðinni hinn 4. febrúar 1983 til lúkningar kröfum, samtals að fjárhæð 178.000,00 krónur.

Gengið var frá sölu Þorsteins Eggertssonar og Þóru Hreinsdóttur til ákærða á íbúðinni að Vesturgötu 22 og sölu Louisu Matthíasdóttur á húsinu að Ránargötu 36 til Þorsteins Eggertssonar og Þóru Hreinsdóttur á Fasteignasölunni Skálafelli, Bolholti 6, Reykjavík.

Frá sölu ákærða á íbúðinni að Vesturgötu 22 til Hildar Biering var gengið á Fasteignasölunni Grund, Grundarstíg 11, Reykjavík, og frá sölu hans á íbúðinni að Hverfisgötu 49 til Louisu Matthíasdóttur var gengið á Fasteignasölunni Gimli, Þórsgötu 26, Reykjavík.

Ákærði fékk greiddar samtals 140.000,00 krónur vegna sölu hans á íbúðinni að Vesturgötu 22 til Hildar Biering samkvæmt 1. og 4. lið samningsins við hana.

Þá fékk ákærði greiddar 2.240,00 krónur í sölulaun vegna sölunnar á Ránargötu 36 og 1.040,00 krónur vegna sölu Þorsteins Eggertssonar og Þóru Hreinsdóttur á íbúðinni að Vesturgötu 22 til hans, en svo sem að ofan greinir var gengið frá þessum sölum á Fasteignasölunni Skálafelli,

sem ákærði leigði gegn því að fá ákveðinn hundraðshluta af sölulaunum.

Ákærði greiddi hinn 22. október 1982 11.250,00 krónur í sölulaun til Fasteignasölunnar Grundar vegna sölu þann dag á íbúðinni að Vesturgötu 22.

Ákærði kvaðst hafa ætlað að hagnast á íbúðaviðskiptunum með Vesturgötu 22 eins og öðrum viðskiptum hans með íbúðir árið 1982. Kvaðst ákærði hafa á þeim tíma sem hann keypti ofangreinda íbúð verið með íbúðina að Hverfisgötu 49 til sölu á Fasteignasölunni Gimli. Kom tilboð í íbúðina að Hverfisgötu, sem hefði verið með fyrirvara um sölu á íbúð að Ránargötu 36 í Reykjavík, en sú íbúð hefði verið til sölu á Fasteignasölunni Skálafelli. Höfðu eigendur Vesturgötu 22, Þorsteinn Eggertsson og Þóra Hreinsdóttir, áhuga á húsinu að Ránargötu, en það þurfti að selja til að eigandi þess gæti keypt íbúðina að Hverfisgötu 49 af ákærða. Til að Þorsteinn og Þóra gætu keypt íbúðina að Ránargötu 36, þurftu þau að selja íbúð sína að Vesturgötu 22 og þar sem tilboðið sem ákærði hafði fengið í Hverfisgötu 49 var mjög gott, datt honum í hug að kaupa íbúðina að Vesturgötu 22 til að láta dæmið ganga upp. Var ákærða líka farið að vanta peninga á þessum tíma.

Ákærði kvaðst á þessum tíma hafa verið búinn að leigja Fasteignasöluna Skálafell, sem hann átti. Hafði ákærði leigt fasteignasöluna um mánaðamót apríl og maí 1982 en tekið síðan aftur við rekstrinum í september sama ár. Var leigan greidd með ákveðnum hundraðshluta af heildarsölulaunum, sem ákærða minnti að hefði verið í upphafi 15% en síðan verið lækkaður.

Var gengið sameiginlega frá þessu á Fasteignasölunni Skálafelli þannig að Louisa Matthíasdóttir keypti íbúðina að Hverfisgötu 49 af ákærða, Þorsteinn og Þóra keyptu húseignina að Ránargötu 36 af Louisu og ákærði keypti íbúðina að Vesturgötu 22 af Þorsteini og Þóru. Voru greiðslurnar gerðar upp sameiginlega, þannig að skipst var á kvittunum, og fékk ákærði 80.000,00 krónur í reiðufé í hendur. Fór það fé í eigin eyðslu ákærða, en ákærði vann ekkert á þessu tímabili.

Strax eftir þessa sölu setti ákærði íbúðina á sölu hjá ýmsum fasteignasölum og m.a. á Fasteignasöluna Skálafell. Hækkaði ákærði verðið á henni og fór fram á meiri útborgun. Ákærði gerði málamyndakaupsamning við Hákon Antonsson um íbúðina, eingöngu til að komast yfir lán hjá Húsnæðisstofnun. Var Hákon einungis að aðstoða ákærða við að ná fénu út með þessum málamyndasamningi. Af þeim 70.000,00 krónum sem ákærði fékk til láns kvað ákærði um 20.000,00 krónur hafa farið til Hákons og í lántökugjald, 30.000,00 krónur til greiðslu á húsaleigu vegna Fasteignasölunnar Skálafells og 20.000,00 krónur í almenna eyðslu ákærða. Ákærði kvaðst á þessu tímabili hafa farið mikið á dýra veitingastaði og ekki þótt

mikið að eyða milli þrjú og fjögur þúsund krónum á dag í mat, vín og leigubifreiðir.

Ákærði kvaðst á þessum tíma hafa verið að spyrjast fyrir um bifreið gegn greiðslu skuldabréfa, en hann var búinn að ákveða að gefa út skuldabréf á íbúðina að Vesturgötu 22. Frétti Ólafur Thoroddsen hdl. af þessu og bauð ákærða bifreið af gerðinni BMW gegn skuldabréfi. Var útbúið verðtryggt skuldabréf að fjárhæð 150.000,00 krónur, sem var staðgreiðsluverð bifreiðarinnar. Gaf ákærði síðan sambýliskonu sinni bifreiðina.

Ákærði benti á eignina til fjárnáms, tvisvar 30. september 1982 og einu sinni 7. október sama ár, vegna krafna sem samtals voru að fjárhæð 110.744,00 krónur.

Ákærði gerði kaupsamning við Hildi Biering um íbúðina hinn 22. október 1982. Yfirtók hún lánið, sem tekið var út á nafn Hákons Antonssonar, og greint veðskuldabréf að fjárhæð 150.000,00 krónur. Skuldbatt ákærði sig til að láta aflýsa fjárnámunum fyrir 20. mars 1983. Eitt fjárnámanna, að fjárhæð 40.119,00 krónur frá Árna Einarssyni hdl., var ekki tekið fram í kaupsamningnum, þar sem ekki var búið að þinglýsa því. Ákærði kvaðst auðvitað hafa gert sér grein fyrir að þessi fjárnám myndu koma í veg fyrir að fólkið gæti tekið lán út á íbúðina. Réð ákærði síðan ekki við þetta og lenti í vanskilum.

Ákærði fékk greiddar 120.000,00 krónur hjá Hildi Biering við undirskrift samningsins hinn 22. október 1982. Fóru 50.000,00 krónur til greiðslu afborgunar af íbúð á Langholtsvegi 35, 11.250,00 krónur fóru í greiðslu sölulauna til Fasteignasölunnar Grundar en afgangurinn í almenna neyslu ákærða.

Ákærði kvaðst ekki hafa beitt neinum blekkingum, er hann fékk Þorstein og Þóru til að skrifa undir veðleyfið fyrir umræddu 150.000,00 króna skuldabréfi. Ákærði kvaðst ekki heldur hafa haldið íbúðinni að Vesturgötu 22 frá sölu meðan Þorsteinn og Þóra áttu hana, en hins vegar hefði meiri kraftur verið settur í söluna eftir að ákærði eignaðist hana. Þá kvaðst ákærði ekki hafa beitt Hildi Biering neinum þrýstingi er hún keypti umrædda íbúð af honum.

Þorsteinn Eggertsson, Bergþórugötu 17, Reykjavík, kvað þau Þóru Hreinsdóttur hafa verið að hugsa um „að stækka við sig" árið 1982, og sáu þau húseignina að Ránargötu 36 auglýsta í Morgunblaðinu, en auglýsingin var frá Fasteignasölunni Skálafelli. Fóru þau á fasteignasöluna og töluðu við sölumann, Ómar að nafni, og fengu að skoða eignina. Gerðu þau tilboð í hana og settu um leið íbúð sína að Vesturgötu 22 í sölu á sömu fasteignasölu, og sagði fyrrnefndur Ómar þeim að þau gætu selt íbúð sína strax og það gegn staðgreiðslu. Voru settar á íbúð þeirra 750.000,00

krónur, og reiknaði vitnið með ¾ hlutum kaupverðs á árinu, en það hefði verið talið til útborgunar.

Liðu nú tveir dagar og hringdi þá Ómar í þau og sagði að komið væri tilboð í eignina frá ákærða upp á 625.000,00 krónur sem myndu greiðast upp á einu ári. Vildu þau ekki taka þessu tilboði og gerðu gagntilboð að fjárhæð 700.000,00 krónur. Biðu þau í nokkra dag, en enginn kom til að skoða íbúðina. Höfðu þau þá samband við Ómar og spurði hann þá hvort þau vildu ekki lækka verðið á íbúðinni eitthvað. Kom síðan nýtt tilboð frá ákærða að fjárhæð 650.000,00 krónur. Gerðu þau Þóra síðan gagntilboð upp á 680.000,00 krónur, en ákærði vildi ekki ganga að því. Síðan leið um vika til 10 dagar og enginn kom til að skoða íbúðina. Voru þau Þóra alltaf í sambandi við Ómar, sem sagði þeim eftir þessa bið að ganga að tilboði ákærða. Gerðu þau það gegn því að þau fengju meira greitt út fyrir áramótin. Vildi ákærði ekki fallast á það og breytti í engu tilboði sínu. Voru liðnar um 3 vikur frá því að þau Þóra höfðu gert tilboðið í Ránargötuna og voru þá komnir aðrir aðilar sem höfðu áhuga á að kaupa þá eign. Vitnið var búið að segja Ómari að það væri staðráðið í að kaupa þessa húseign og leit vitnið á það sem Ómar sagði sem ráðleggingar, en ekki sem svo að hann væri að þrýsta á þau að ganga að tilboði ákærða, sem vitnið rétt vissi hver var en þekkti ekki.

Mæltu þau Þóra og ákærði sér síðan mót á Fasteignasölunni Skálafelli, og var gengið þar frá kaupunum. Voru þarna einnig umræddur Ómar, Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur, sem gekk frá samningnum, og umboðsmenn eiganda Ránargötu 36, en ákærði var um leið að selja eigandanum, Louisu Matthíasdóttur, íbúð að Hverfisgötu 49. Var skipst á kvittunum með því að þær gengu milli vitnisins, ákærða og umboðsmanns seljanda Ránargötu 36, sem einnig var kaupandi að Hverfisgötu 49. Greiddi ákærði þannig 250.000,00 krónur til vitnisins vegna kaupa hans á Vesturgötu 22, en það fé rann beint til seljanda Ránargötu 36 með því að skipst var á kvittunum, svo sem fyrr greinir. Fékk vitnið því enga peninga í hendur út af þessum viðskiptum. Efndi ákærði þannig ákvæði í 1. - 3. lið kaupsamningsins við þau Þóru, þ.e. greiðslur við undirskrift samnings, 5. september 1982 og 5. desember sama ár.

Ákærði átti að greiða 110.000,00 krónur 20. febrúar 1983, sem áttu að ganga til þeirra Þóru, en gerði það ekki. Rukkaði vitnið ákærða eins oft og það gat. Lofaði ákærði öllu fögru og mælti sér í nokkur skipti mót við vitnið til að borga, en kom ekki. Hafði Ólafur Geirsson hjá Fasteignasölunni Grund síðan samband við vitnið, eftir að Hildur Biering hafði keypt íbúðina að Vesturgötu 22. Var ákærði þá búinn að láta þinglýsa skuldabréfum á eignina og jafnframt hafði hann bent á hana til fjárnáms nokkrum sinnum. Urðu þau Hildur að gefa út tryggingarbréf með veði í

Vesturgötu 22, þar sem Hildur hefði ellegar ekki getað fengið lán út á íbúðina.

Vegna þessara vanskila ákærða, sem að framan getur, var svo um samið að Hildur borgaði þeim Þóru beint en ekki ákærða. Gengu þær greiðslur sem Hildur átti að inna af hendi til þeirra Þóru til greiðslu á vanskilaskuldum ákærða, sem hann hafði látið tryggja með veði í Vesturgötu 22.

Eftir að ákærði keypti íbúðina kom seinni hluta dagsins stúlka frá Fasteignasölunni Skálafelli með veðleyfi til Hákons Antonssonar til tryggingar láni hjá Veðdeild Landsbankans að fjárhæð 70.000,00 krónur. Bað hún þau Þóru að skrifa undir veðleyfið og sagði að ákærði hefði sent sig með þetta. Sagði hún að ákærði ætlaði að selja þessum Hákoni íbúðina. Fannst þeim Þóru þetta skrýtið, þar sem Hákon hafði ekkert komið til að skoða íbúðina, en skrifuðu þó undir skjalið.

Fékk ákærði síðan annað veðleyfi hjá þeim Þóru. Hélt vitnið að það hefði verið fyrir láni að fjárhæð 50.000,00 krónur. Taldi vitnið útilokað að lánið hefði verið að fjárhæð 150.000,00 krónur, en kannaðist við undirskrift sína á veðskuldabréfinu.

Vitnið kvað þessi viðskipti hafa farið mjög illa með það fjárhagslega, félagslega og sálarlega. Kvað það þau Þóru hafa skilið um vorið 1983 og mætti rekja ástæður skilnaðarins að langmestu leyti til þeirra erfiðleika sem þau lentu í vegna viðskiptanna við ákærða.

Þóra Hreinsdóttir, Hringbraut 80, Reykjavík, kvað íbúðina að Ránargötu 36 hafa verið auglýsta til sölu á Fasteignasölunni Skálafelli. Höfðu vitnið og Þorsteinn Eggertsson áhuga á þessari íbúð, og sagðist sölumaðurinn á fasteignasölunni, Ómar að nafni, geta selt íbúð þeirra Þorsteins að Vesturgötu 22. Er ákærði gerði tilboð í íbúð þeirra Þorsteins var hann sá eini sem hafði komið og skoðað. Sagði Ómar að ákærði hefði mikinn áhuga á íbúð þeirra. Vissi Ómar hvernig staðan var, þ.e. að þau gætu ekki keypt íbúðina á Ránargötu, nema þau gætu selt eigin íbúð. Var Ómar búinn að segja þeim að þau gætu selt íbúðina fyrir 700 til 800 þúsund krónur. Kom tilboð frá ákærða að fjárhæð 625.000,00 krónur. Þrýsti Ómar á þau Þorstein um að taka fljótt ákvörðun svo að þau misstu ekki af íbúðinni á Ránargötu. Talaði Ómar alltaf um ákærða sem einhvern „ókunnugan mann úti í bæ", og höfðu þau Þorsteinn ekki hugmynd um að ákærði var fasteignasali eða viðloðandi þessa fasteignasölu. Fór ekkert á milli mála að Ómar lét eins og hann þekkti ákærða ekkert.

Skömmu eftir söluna kom stúlka frá fasteignasölunni, Bryndís að nafni, til þeirra Þorsteins með veðleyfi til Hákons Antonssonar. Kvaðst Bryndís vera send af ákærða með veðleyfið vegna þess að Hákon ætlaði að kaupa íbúðina að Vesturgötu 22 af ákærða. Sagði vitnið Bryndísi að sér fyndist þetta skrýtið, þar sem Hákon hefði ekki skoðað íbúðina, en þar sem ákærði

hafði sagt þeim Þorsteini að hann ætlaði að selja íbúðina aftur kvað vitnið sér ekki hafa þótt þetta óeðlilegt og skrifað undir.

Varðandi veðskuldabréfið að fjárhæð 150.000,00 krónur, sem útgefið er 30. júlí 1982, kannaðist vitnið við undirritun sína á því. Taldi vitnið sig þó hafa verið að skrifa undir 50.000,00 króna veðsetningarheimild til ákærða, en alls ekki upp á 150.000,00 krónur. Kvaðst vitnið hafa lesið vandlega yfir það skjal sem ákærði lét það skrifa undir, og þar hefði fjárhæðin 50.000,00 krónur komið fram. Vitnið kvað ákærða hafa verið mikið að flýta sér umrætt sinn. Var hann með fleira en eitt blað, svo að vitnið taldi mögulegt að hann hefði sýnt þeim Þorsteini annað blað en það sem þau undirrituðu, en vitnið hafði þó ekki frekari skýringu á þessu.

Vitnið lenti í miklum erfiðleikum vegna þessara viðskipta og missti íbúðirnar að Ránargötu 36 og Vesturgötu 22, en þá íbúð kvað vitnið þau Þorstein hafa átt skuldlausa. Vitnið kvað þau Þorstein hafa fengið 100.000,00 krónur frá ákærða við undirskrift kaupsamningsins, en síðan hefðu kvittanir „gengið hringinn" er gengið var frá kaupunum á Vesturgötu 22, Ránargötu 36 og Hverfisgötu 49. Þá hefðu þau Þorsteinn fengið einhverjar greiðslur beint frá Hildi Biering.

Vitnið kvað að allir þeir erfiðleikar sem þau Þorsteinn lentu í vegna þessara viðskipta hefðu átt mikinn þátt í því að þau skildu um vorið 1983.

Bryndís Jenný Þráinsdóttir, Stórholti 47, Reykjavík, kvað ákærða og Hákon Antonsson hafa beðið sig einn daginn að fara með veðleyfi til Þorsteins Eggertssonar og Þóru Hreinsdóttur að Vesturgötu 22 og láta þau skrifa undir, en vitnið vann þá á Fasteignasölunni Skálafelli. Vissi vitnið ekki hvað varð um þessa peninga.

Hildur Biering, Stífluseli 5, Reykjavík, kvaðst hafa verið vel kunnug starfsmönnum Fasteignasölunnar Grundar og sagði sölustjórinn þar, Guðni Stefánsson, eitt sinn við vitnið að hann væri með „draumaíbúð" þess, en hann vissi að vitnið var að leita sér að íbúð. Vitnið gerði tilboð í íbúðina að fjárhæð 750.000,00 krónur, sem ákærða fannst of lágt, en hann gerði ekki gagntilboð. Gerði vitnið ekki annað tilboð í eignina og fór að hugleiða kaup á annarri íbúð. Um viku eftir að vitnið hafði gert umrætt tilboð samþykkti ákærði það skyndilega og þrýsti mikið á vitnið að ganga frá þessu strax, þ.e. að koma með peningana. Vitnið vissi að ákærði var í fjárhagserfiðleikum og gerði ráð fyrir að honum lægi á að selja þess vegna. Vitninu varð hins vegar ljóst nokkru síðar hvers vegna ákærða lá svona á að selja því íbúðina, er í ljós kom að hann hafði rétt fyrir sölu íbúðarinnar bent á hana til fjárnáms í þrjú skipti. Fannst vitninu alveg ljóst að ákærði vildi hraða þessu áður en fjárnámunum yrði þinglýst á eignina. Kvað vitnið það ekki hafa verið gert er salan fór fram og vitnið verið leynt þessum fjárnámum. Urðu vitnið og Þorsteinn Eggertsson að gefa út tryggingarbréf,

sem þinglýst var á eignina, þar sem þau gengu í ábyrgð á þessum fjárnámum þótt þau væru þeim algjörlega óviðkomandi, en íbúðin hafði verið komin á uppboð vegna þeirra. Fékk Þorsteinn ekkert greitt hjá ákærða og gat vitnið ekki tekið lífeyrissjóðslán út á eignina vegna fjárnámanna. Lánaði fasteignasalinn Guðni Stefánsson vitninu veð í íbúð sinni til að vitnið gæti leyst þetta og bjargað bæði vitninu og Þorsteini.

Vitnið greiddi ákærða 120.000,00 krónur við samningsgerðina og aðrar 20.000,00 krónur með víxli, sem það greiddi síðan. Vitnið innti ekki aðrar greiðslur af hendi til ákærða, enda hafði hann ekki staðið við skilmála sína í samningnum um að aflétta veðum. Auk þess var aldrei hægt að ná sambandi við hann. Í samráði við fyrrnefndan Guðna Stefánsson svo og Ólaf Geirsson, viðskiptafræðing Fasteignasölunnar Grundar, borgaði vitnð beint til Þorsteins. Var þetta allt mjög snúið og flókið, þar sem vitninu var ógjörningur að fá lán út á íbúðina vegna fjárnáma og annarra veðbanda ákærða viðkomandi. Kvað vitnið að á endanum hefði tekist að leysa þessi mál og vitnið ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni út af viðskiptum þessum.

Ómar Másson, Stórageröi 4, Reykjavík, kvað þau Sigrúnu Sigurjónsdóttur hafa tekið Fasteignasöluna Skálafell á leigu hjá ákærða í mars árið 1982. Sömdu þau þannig við ákærða um leiguna að þau greiddu honum 7% eða 8% af sölulaununum, en þau sáu um allan rekstrarkostnað. Minnti vitnið að ákærði hefði komið íbúðinni að Ránargötu 36 í sölu hjá vitninu og Sigrúnu og að búið hefði verið að gera tilboð í íbúð ákærða að Hverfisgötu 49 fyrir hönd eiganda fyrrnefndu íbúðarinnar.

Var Þorsteinn Eggertsson mjög áhugasamur um að kaupa íbúðina að Ránargötu 36, en til að geta keypt hana varð hann að selja íbúð sína að Vesturgötu 22. Voru settar á íbúðina á Vesturgötunni 700 - 750.000,00 krónur, og var það í hærri kantinum. Var íbúðin auglýst og spurðu margir um hana, en ekki var auðvelt að selja hana þar sem hún var ekki á góðum stað og eins leit húsið illa út að mati vitnisins. Kom síðan tilboð frá ákærða og taldi vitnið aðalástæðuna fyrir því að með því að kaupa þessa íbúð gat ákærði selt íbúðina að Hverfisgötu 49.

Vitnið kannaðist ekki við að hafa þrýst neitt óeðlilega á Þorstein og Þóru um að taka tilboði ákærða. Kvaðst vitnið engra annarra hagsmuna hafa haft að gæta um söluna en að fá sölulaun. Mundi vitnið ekki til þess að eftirspurn eftir íbúðinni hefði verið meiri eftir að ákærði keypti hana, enda hefði það verð sem ákærði vildi fá fyrir hana, eða 800 til 850 þúsund krónur, verið algjörlega óraunhæft.

Vitnið minntist þess ekki að um það hefði verið rætt við Þorstein og Þóru að ákærði væri eigandi Fasteignasölunnar Skálafells. Kvað vitnið að ákærði hefði komið á fasteignasöluna „eins og hver annar viðskiptamaður".

Sigrún Sigurjónsdóttir, Sólheimum 40, Reykjavík, kvað þau Ómar Másson hafa tekið Fasteignasöluna Skálafell á leigu af ákærða um miðjan maí 1982 til reynslu. Átti ákærði að fá í leigu 8% af sölulaunum og Brynjólfur Bjarkan, hinn eigandinn, 15% fyrir að ganga frá samningum og að vera ábyrgðarmaður fasteignasölunnar. Vann vitnið á fasteignasölunni fram í byrjun júlí, en Ómar hélt áfram fram í september.

Vitnið kvað Þorstein Eggertsson hafa haft áhuga á að kaupa íbúðina að Ránargötu 36. Skoðuðu vitnið og Ómar íbúð Þorsteins að Vesturgötu 22, er Þorsteinn setti hana á sölu hjá vitninu. Var íbúðin metin á 700 til 750 þúsund krónur. Bauð ákærði minna í íbúðina, en hann bauð hins vegar góða útborgun. Sömdu þeir Þorsteinn og ákærði síðan um þetta milli sín. Vitnið taldi öruggt að Þorsteini hefði ekki verið sagt að ákærði væri eigandi Fasteignasölunnar Skálafells eða í tengslum við hana, enda hefði ákærði komið þangað „eins og hver annar kúnni".

Guðni Stefánsson, Grundarstíg 11, Reykjavík, kvað Fasteignasöluna Grund hafa verið opnaða 5. september 1982. Setti ákærði íbúðina að Vesturgötu 22 á sölu þar. Vitnið var kunnugt bæði ákærða og Hildi Biering, en Hildur var húsnæðislaus á þessum tíma. Taldi vitnið þarna vera um mjög heppilega íbúð handa Hildi að ræða. Gerði Hildur tilboð í hana, sem ákærði hafnaði, en tók því síðan lítið breyttu vegna óvenju hárrar útborgunar við samning að sögn ákærða. Vitnið vissi að ákærði var í peningavandræðum og lét hann því útskýra rækilega hvernig hann myndi standa við sinn hluta samnings, þ.e.a.s. uppgjörið til Þorsteins Eggertssonar. Var sett inn í samninginn að greiðslur Hildar yrðu látnar ganga beint til Þorsteins. Vantaði eina greiðslu upp á að þetta næði saman, og sýndi ákærði vitninu og Ólafi Geirssyni, viðskiptafræðingi og ábyrgðarmanni fasteignasölunnar, kaupsamning er sýndi að hann fengi greiðslu sem gæti komið á móti því sem á vantaði. Vitnið kvað þá Ólaf ekki hafa haft hugmynd um að umrædd fjárnám hvíldu á eigninni, er hún var seld Hildi.

Um mánuði eftir samningsgerðina kom Ólafur Geirsson til vitnisins og skýrði því frá að Þorsteinn Eggertsson hefði reynt að fá veðleyfi í íbúðinni hjá Ólafi Thoroddsen hdl., sem var með skuldabréf á 3. veðrétti í henni. Þurfti að hleypa því veði fram hjá til að Hildur gæti fengið veðdeildarlán hjá Landsbankanum. Hefði með því verið hægt að leysa fjárnámin af eigninni og gefa út afsal til Hildar. Sagði Ólafur Geirsson að áðurnefndur Ólafur Thoroddsen neitaði að verða við þessu, málið væri þar með tapað og fjórar manneskjur yrðu þar með eignalausar.

Til þess að fólkið missti ekki aleigu sína, gaf vitnið veðleyfi í íbúð sinni.

Ólafur Geirsson viðskiptafræðingur kvaðst hafa verið ábyrgðarmaður Fasteignasölunnar Grundar og útbúið þar kaupsamninga og afsöl. Vitnið gekk frá kaupsamningnum frá 22. október 1982 milli ákærða og Hildar

Biering. Var hinn 14. október aflað veðbókarvottorðs frá Borgarfógetaembættinu og samningurinn útbúinn með hliðsjón af því. Komu þar fram tvö fjárnám. Spurðu vitnið og Guðni þá ákærða hvort eitthvað meira væri á eigninni óþinglýst, en ákærði sagði það ekki vera. Þegar leið að því að Hildur ætti að borga samingsgreiðslu hinn 20. mars 1983, en til þess þurfti hún að taka lífeyrissjóðslán, kom í ljós að ekki var búið að aflétta öllum veðskuldunum. Síðan gerðist það, að það fólk sem selt hafði Þorsteini Eggertssyni íbúðina að Ránargötu 36 rifti þeim kaupum við Þorstein. Þá hafði verið rift kaupum Louisu Matthíasdóttur á íbúð sem hún hafði keypt af ákærða að Hverfisgötu 49, en það hefði verið gert vegna vanskila ákærða. Var reynt að leysa þetta með sameiginlegu átaki allra til þess að Þorsteinn og Louisa gætu eignast íbúðir sínar aftur. Fékkst þá ekki veðleyfi hjá Árna Einarssyni hdl., en Ólafur Thoroddsen hdl. var með veðskuldabréf á 3. veðrétti íbúðarinnar að Vesturgötu 22. Vildi Árni ekki hleypa þessu veði á undan, en vitnið kvað þá Árna og Ólaf hafa rekið saman lögfræðiskrifstofu. Var Ólafur ekki við og hefði vitnið því rætt þetta við Árna. Vitnið kvað að ef þetta hefði tekist hefði verið hægt að leysa þessa flækju. Til að þetta færi ekki veg allrar veraldar lánaði Guðni Stefánsson veð í húseign sinni.

Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur kvaðst á umræddum tíma hafa verið ábyrgðarmaður Fasteignasölunnar Skálafells og séð um alla skjalagerð.

Leigði ákærði rekstur fasteignasölunnar um 15. maí 1982, en hafði fram að þeim tíma séð sjálfur um hann. Áttu leigutakarnir Ómar Másson og Sigrún Sigurjónsdóttir að greiða allan kostnað af rekstri fasteignasölunnar og hirða af henni allan arð að öðru leyti en því að vitnið átti að fá 15% af heildarsölulaunum og ákærði 8%, en það átti að vera leigutekjur. Mundi vitnið ekki til þess, að tengsl ákærða við fasteignasöluna hefðu verið rædd, er gengið var frá sölunum á Vesturgötu 22 og Ránargötu 36.

Elín Þorvaldsdóttir, Asparfelli 8, Reykjavík, mundi eftir að ákærði keypti bifreið af Ólafi Thoroddsen hdl. á árinu 1982. Vildi ákærði að bifreiðin yrði á nafni vitnisins þar sem hann skuldaði m.a. skatta. Lét ákærði vitnið undirrita skuldabréfið, að fjárhæð 150.000,00 krónur, þar sem vitnið átti að vera skráður eigandi bifreiðarinnar. Vitnið seldi bifreiðina í mars 1983 fyrir 170.000,00 krónur og notaði andvirðið til að leysa lögtak af húseigninni að Fífuseli, sem gert hafði verið í henni vegna skattskulda ákærða.

Ólafur Thoroddsen héraðsdómslögmaður kvað ákærða hafa boðist til þess á árinu 1982 að kaupa af vitninu bifreið af gerðinni BMW, en ákærði hefði óskað eftir því að bifreiðin yrði á nafni Elínar Þorvaldsdóttur, sambýliskonu ákærða. Hafði vitnið ekkert við það að athuga, og greiddi ákærði bifreiðina með veðskuldabréfi að fjárhæð 150.000,00 krónur, sem var staðgreiðsluverð. Við meðferð málsins hinn 28. október sl. kvað vitnið

að sambærileg bifreið kostaði nú að minnsta kosti á milli 800.000,00 og 900.000,00 krónur.

Niðurstöður.

Af gögnum málsins er ljóst að ákærði hafði átt í fjárhagserfiðleikum um langan tíma og var skuldum vafinn, er hann fór út í þau viðskipti sem að framan eru rakin. Hefur hann sjálfur skýrt svo frá að um hafi verið að ræða margra ára óreiðuskuldir sem hann hafi framlengt milli ára. Hefðu þessar skuldir svo undið upp á sig með tilheyrandi vöxtum og kostnaði. Bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 5. apríl 1983. Voru skuldir ákærða, aðrar en þær er tengjast máli þessu, við upphaf skiptameðferðar hinn 1. september 1983 samtals að fjárhæð 1.020.160,59 krónur (að núvirði skv. lánskjaravísitölu 2.448.384,00 krónur). Heildarskuldir ákærða voru þá 3.432.853,59 krónur (að núvirði skv. lánskjaravísitölu 8.238.848,60 krónur). Er hér eingöngu um að ræða skuldir sem viðurkenndar voru réttmætar af skiptaráðanda. Af skuldunum greiddust við skiptameðferðina 278.006,00 krónur (að núvirði skv. lánskjaravísitölu 667.214,00 krónur) eða 8.0983 af hundraði.

Ákærði fór út í viðskipti þessi í fjáröflunarskyni. Kveðst hann hafa ætlað að bjarga fjárhag sínum með ágóða af þeim á þann hátt að kaupa eignirnar með lítilli útborgun og selja þær á hærra verði með meiri útborgun. Viðskipti þessi áttu sér stað á rúmlega 6 mánaða tímabili. Voru þau öll með áþekkum hætti. Borgaði ákærði sjálfur lítið út í eignunum, seldi þær fljótlega eftir kaupin og fékk veðleyfi í þeim, sem hann hagnýtti sér til persónulegra nota og til að létta á skuldunum. Af gögnum málsins er og ljóst að ákærði notaði verulegan hluta þess fjár sem hann fékk í hendur vegna viðskipta þessara til greiðslu eldri skuldbindinga sinna og persónulegra nota, en vanefndi að verulegu leyti eigin greiðsluskyldur. Ákærði var vanur fasteignaviðskiptum og hafði átt hlut að rekstri fasteignasölu frá árinu 1978. Þá var hann kunnugur hinum ýmsu fasteignasölum sem sáu um viðskipti hans og fólks þess sem kemur við sögu í máli þessu. Viðskiptavinir ákærða voru á hinn bóginn flestir lítt eða ekki kunnugir þessum málum, og virðist ákærði hafa notfært sér það.

Það er álit dómsins að ákærði hafi ekki haft neitt fjárhagslegt bolmagn til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt þeim kaupsamningum sem hann gerði, enda varð reyndin sú. Hlaut honum að vera ljóst að hann mundi stofna fjárhag þess fólks sem hann átti viðskipti við og mál þetta varðar í mikla hættu með því að nota verulegan hluta þess fjár sem hann fékk í hendur til að greiða gamlar, uppsafnaðar skuldir og til mikillar eigin neyslu.

Einstök fasteignaviðskipti.

1. Miðbraut 32, Seltjarnarnesi, og Furugrund 70, Kópavogi.

Er ákærði festi kaup á einbýlishúsinu að Miðbraut 32 á Seltjarnarnesi hinn 16. mars 1982, var hann skuldum vafinn, svo sem áður greinir. Greiddi kunningi ákærða fyrstu samningsgreiðsluna, 100.000,00 krónur, með ólöglegri greiðslu, þ.e. tékka sem ákærði vissi að var innstæðulaus. Aflaði ákærði sér með þessari háttsemi veðleyfis í eigninni að sömu fjárhæð og tékkinn. Hugðist ákærði notfæra sér veðleyfið til að gefa út veðskuldabréf, selja það og hagnýta sér andvirðið til að efna framangreinda samningsskyldu. Til þess kom þó ekki, þar eð fyrrgreindur kunningi ákærða leysti tékkann til sín hinn 2. apríl 1982 og gaf út nýjan sem fékkst innleystur 5. sama mánaðar. Samkvæmt framburði Lúðvíks Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, sem sá um samningsgerðina, kvaðst ákærði ætla að fjármagna fasteignakaup þessi með því að selja íbúð sem hann sagðist eiga í Breiðholti og með sölu veðskuldabréfa. Er framburður Lúðvíks studdur vætti Njáls Ingjaldssonar, umboðsmanns seljenda Miðbrautar 32. Ákærði átti þó ekki neina fasteign á þessum tíma, en hins vegar átti sambýliskona hans íbúð að Fífuseli 7 í Reykjavík, sem hún hafði engin áform um að láta af hendi. Þá er upplýst að áðurnefndur kunningi ákærða seldi um þetta leyti veðskuldabréf að nafnverði 170.000,00 krónur fyrir um 100.000,00 krónur. Lét hann andvirðið inn á tékkareikning og gaf síðan út tékkann hinn 2. apríl 1982, sem áður er getið. Fékk kunningi ákærða síðan tékkann endurgreiddan er ákærði seldi Tryggva Birni Stefánssyni húsið hinn 6. apríl 1982 og fékk í sínar hendur 100.000,00 krónur.

Ákærði átti samkvæmt samningi sínum við seljendur Miðbrautar 32 að fá afsal fyrir eigninni hinn 1. mars 1983. Er ákærði seldi Tryggva Birni Stefánssyni húseignina hinn 6. apríl 1982 skuldbatt ákærði sig til að láta Tryggva Björn hafa afsal fyrir henni hinn 1. október 1982 eða fimm mánuðum áður en hann átti sjálfur að fá afsal. Þá skuldbatt ákærði sig til þess í ofangreindum samningi hans og eigenda Miðbrautar 32 að gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs hinn 1. mars 1983 að fjárhæð 450.000,00 krónur. Áttu skuldabréfin að vera tryggð með veði í hinni seldu eign. Ekkert er minnst á veðskuldabréf þessi í samningi ákærða og Tryggva Björns. Hinn 11. maí 1982, eða rúmlega mánuði eftir að ákærði seldi Tryggva Birni húsið, gaf fyrrnefndur Njáll Ingjaldsson út yfirlýsingu að þrábeiðni ákærða, þar sem því er lýst yfir að veðskuldabréf þessi megi vera tryggð með öðru veði en Miðbraut 32, svo fremi sem hið nýja veð verði viðunandi og eigi síðra en Miðbraut 32 að mati Njáls. Samkvæmt gögnum málsins hafði ákærði ekki fengið neina heimild til að veðsetja fasteign fyrir umræddu skuldabréfi er hann seldi Tryggva Birni húsið. Þá hefur ákærði ekki gert líklegt að hann hafi haft einhverja eign tiltæka til svo hárrar veðsetningar.

Ákærði fékk greiddar 300.000,00 krónur frá Tryggva Birni Stefánssyni vegna kaupa Tryggva Björns á umræddri fasteign. Einnig fékk ákærði upp í kaupverðið íbúð að Furugrund 70 í Kópavogi. Seldi hann þessa íbúð Guðlaugu Þorbergsdóttur hinn 30. apríl 1982 og fékk greiddar frá henni 592.000,00 krónur áður en hann varð gjaldþrota. Samtals fékk ákærði þannig greiddar 892.000,00 krónur, en lagði sjálfur út 100.000,00 krónur. Umrætt veðskuldabréf afhenti ákærði hins vegar Tryggva Birni Stefánssyni, eftir að ákærði seldi honum húsið. Fékk ákærði þannig út úr þessum viðskiptum 792.000,00 krónur. Samkvæmt framburði ákærða og gögnum málsins runnu rúmlega 400.000 krónur af framangreindri fjárhæð til greiðslu eldri skuldbindinga ákærða og persónulegra nota hans, 270.000,00 krónur fóru í frekari fasteignakaup og 50.000,00 krónur inn á sparisjóðsbók sem ákærði tók síðan út úr og hagnýtti sér fé til greiðslu skulda og persónulegra nota. Afgangurinn fór í ýmislegt annað, m.a. greiðslu sölulauna vegna fasteignaviðskipta ákærða.

Samkvæmt því sem að framan er rakið þykir vera sannað að ákærði hafi með sviksamlegum hætti komið á kaupsamningi um fasteignina að Miðbraut 32 á Seltjarnarnesi og selt hana í beinu framhaldi af kaupunum án nokkurrar heimildar frá þeim er seldu honum eignina. Ákærði þykir einnig vera sannur að því að hafa beitt Tryggva Björn Stefánsson blekkingum við sölu á eigninni til hans með því að lofa Tryggva Birni afsali fimm mánuðum áður en ákærði átti sjálfur að fá það og gefa honum í skyn að ákærði hefði aðra eign en Miðbraut 32 til framangreindrar 450.000,00 króna veðsetningar. Seldi ákærði síðan Guðlaugu Þorbergsdóttur íbúðina að Furugrund 70 og leyndi hana vísvitandi þessum staðreyndum. Þykir ákærði samkvæmt framansögðu hafa með sviksamlegum hætti alls 792.000,00 krónur af viðsemjendum sínum.

2. Hverfisgata 49, Reykjavík.

Ákærði keypti íbúðina að Hverfisgötu 49 í Reykjavík hinn 30. apríl 1982. Greiddi hann 120.000,00 krónur stuttu eftir samningsgerð, en fékk hálfum mánuði síðar veðleyfi í hinni seldu eign fyrir 120.000,00 krónum, sem hann hagnýtti sér strax með því að gefa út veðskuldabréf og veðsetja eignina til tryggingar greiðslu skuldabréfsins. Andvirði þess notaði ákærði síðan til þess að fara í skemmtiferð til Þýskalands. Ákærði greiddi síðar 33.896,30 krónur til viðbótar til seljanda íbúðarinnar. Ákærði átti að fá afsal fyrir eigninni hinn 11. maí 1983 samkvæmt samningi sínum við seljanda. Er hann seldi íbúðina þann 22. júní 1982 án nokkurrar heimildar þess, er seldi honum eignina, skuldbatt hann sig til að láta þinglýsa íbúðinni á sitt nafn fyrir 1. janúar 1983 og gefa út afsal til kaupanda hinn 28. febrúar sama ár. Hefur ákærði ekki getað gefið skýringar á þessu misræmi. Er ákærði seldi íbúðina leyndi hann kaupanda ofangreindu veðskuldabréfi sem hann

gaf sjálfur út á eignina. Þá benti hann fjórum sinnum á eignina til fjárnáms eftir að hann seldi hana til þess að bjarga sér frá gjaldþrotaskiptum. Átti það sér stað 7. ágúst og 1. september 1982. Ákærði fékk greiddar 380.000,00 krónur vegna sölu íbúðarinnar. Notaði hann 100.000,00 krónur til að kaupa fasteign að Vesturgötu 22, Reykjavík, en afgangurinn fór til greiðslu eldri skuldbindinga, til persónulegra nota og inn á bankabók. Samkvæmt framansögðu greiddi ákærði vegna þessara kaupa 153.896,30 krónur, en fékk greiddar 380.000,00 krónur og hagnýtti sér veðleyfi fyrir 120.000,00 krónur. Ákærði nýtti sér síðan það fé sem hann fékk út úr viðskiptum þessum aðallega til þess að kaupa aðra fasteign, til persónulegra nota og greiðslu eldri skuldbindinga, en ekki til að efna greiðsluskyldur sínar samkvæmt kaupsamningi um íbúðina.

Þykir ákærði með framangreindu atferli hafa á sviksamlegan hátt haft samtals 346.103,70 krónur af ofangreindum viðsemjendum sínum í þessum viðskiptum.

3. Njálsgata 32b, Reykjavík.

Ákærði keypti íbúðina að Njálsgötu 32b í Reykjavík hinn 12. maí 1982. Samkvæmt vætti Jónu Margrétar Kristinsdóttur, seljanda íbúðarinnar, lýsti ákærði því yfir við kaupin að hann hygðist nota íbúðina fyrir frænda sinn úti á landi. Þá hefur vitnið Friðrik Stefánsson, viðskiptafræðingur og ábyrgðarmaður fasteignasölu þeirrar er gekk frá kaupsamningi um íbúðina, greint svo frá að ákærði hafi sagt því, er hann gekk frá umræddum kaupum, að hann væri að kaupa íbúðina fyrir starfsmann á fasteignasölu ákærða. Ákærði greiddi við undirskrift kaupsamnings 50.000,00 krónur, en fékk þremur dögum seinna útgefið veðleyfi í eigninni hjá seljanda að fjárhæð 50.000,00 krónur, sem ákærði hagnýtti sér á þann hátt að hann greiddi kunningja sínum gamla skuld með útgáfu veðskuldabréfs. Hinn 27. maí 1982 benti ákærði tvisvar á eignina til fjárnáms til tryggingar kröfum á hendur honum að fjárhæð 95.236,00 krónur. Ákærði átti að inna næstu greiðslu, 100.000,00 krónur, af hendi hinn 15. september 1982. Það gerði hann ekki fyrr en rúmum mánuði síðar. Greiddi ákærði ekki meira vegna þessara kaupa en seldi íbúðina hinn 12. ágúst 1982 án nokkurrar heimildar eða vitneskju fyrri viðsemjanda síns og fékk þann dag í hendur 50.000,00 krónur í peningum og bifreið sem metin var á 155.000,00 krónur. Þá fékk hann til viðbótar þann 10. nóvember sama ár 25.000,00 krónur. Við sölu þessa virðist kaupendum, sem voru ungir og reynslulausir í slíkum viðskiptum, ekki hafa verið ljóst fyrr en við undirskrift kaupsamnings, að ofangreind fjárnám og veðskuldir hvíldu á eigninni, en þar sem ákærði lofaði að aflétta þessum veðböndum fyrir 1. maí 1983 var skrifað undir samninginn. Ákærði efndi ekki þetta loforð. Fékk ákærði því samtals 230.000,00 krónur út úr þessari sölu. Fór féð til persónulegra nota ákærða og til

greiðslu eldri skuldbindinga hans. Einnig notaði hann hluta fjárins til rekstrar fasteignasölu þeirrar er hann átti hlut í. Svo sem áður greinir hagnýtti ákærði sér til viðbótar fyrrgreint veðleyfi, að fjárhæð 50.000,00 krónur. Ákærði greiddi sjálfur vegna þessara viðskipta 150.000,00 krónur.

Sannað þykir að ákærði hafi, er hann fór út í framangreind viðskipti, hlotið að gera sér grein fyrir að fjárhag hans var svo komið að hann átti ekki lengur fyrir skuldum. Þá er einnig í ljós leitt að ákærði vanefndi að verulegu leyti eigin greiðsluskyldur, en notaði þær greiðslur sem hann fékk í hendur að miklu leyti í persónulegar þarfir og til greiðslu eldri skuldbindinga. Þykir samkvæmt því sem rakið hefur verið hér að framan sannað að ákærði hafi með sviksamlegum hætti haft samtals 130.000,00 krónur af viðsemjendum sínum í ofangreindum viðskiptum.

4. Vesturgata 22, Reykjavík.

Ákærði keypti fasteignina að Vesturgötu 22 í Reykjavík hinn 22. júní 1982. Fóru kaupin fram fyrir milligöngu Fasteignasölunnar Skálafells, sem ákærði átti hlut í. Á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað hafði ákærði leigt fasteignasöluna og átti að fá í leigu ákveðinn hundraðshluta af heildarsölulaunum hverrar seldrar eignar. Ákærði vissi nákvæmlega um áhuga seljenda Vesturgötu 22 á að kaupa fasteignina að Ránargötu 36, sem einnig var til sölu á nefndri fasteignasölu, en var um sama leyti að reyna að selja eiganda þeirrar eignar íbúð að Hverfisgötu 49. Ákærði keypti svo fasteignina að Vesturgötu 22 til þess að geta selt íbúðina að Hverfisgötu 49, þrátt fyrir að hann hlaut að vita að hann var stórskuldugur og stofnaði með þessum hætti hagsmunum viðsemjenda sinna í mikla hættu. Ákærði aflaði sér síðan veðleyfa í Vesturgötu 22 fyrir samtals 220.000,00 krónum, sem hann hagnýtti sér til að kaupa bifreið, til greiðslu eldri skuldbindinga og persónulegra nota. Ákærði seldi íbúðina hinn 22. október 1982, en hafði nokkrum sinnum áður bent á hana til fjárnáms til tryggingar kröfum á hendur honum, samtals að fjárhæð 110.774,00 krónur. Ákærði greiddi vegna þessara viðskipta 250.000,00 krónur, en fékk í hendur 140.000,00 krónur og ofangreind veðleyfi, sem hann hagnýtti sér á þann hátt sem lýst er hér að ofan.

Ákærði þykir með framangreindri háttsemi hafa með sviksamlegum hætti haft 110.000,00 krónur af viðsemjendum sínum í umræddum viðskiptum.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið hér að framan fékk ákærði í sinn hlut vegna framangreindra fasteignaviðskipta 2.032.000,00 krónur (að núvirði skv. lánskjaravísitölu 9.062.720,00 krónur) en lét sjálfur af hendi 655.896,30 krónur (að núvirði skv. lánskjaravísitölu 2.916.377,50 krónur).

Er sannað með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi í viðskiptum þessum haft alls 1.378.103,70 krónur (að núvirði

skv. lánskjaravísitölu 6.124.342,00 krónur) af viðsemjendum sínum með sviksamlegum hætti. Varðar þessi háttsemi ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ekki liggur fyrir að ákærði hafi greitt skaðabætur til viðsemjenda sinna, en skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi í máli þessu.

Ákæra, dagsett 23. janúar 1985.

Með samningi, dagsettum 22. júlí 1982, festi ákærði kaup á myndbandstæki af gerðinni Orion VH-1 hjá Nesco hf., Laugavegi 10, Reykjavík. Kaupverðið var umsamið 18.500,00 krónur. Greiddi ákærði 3.000,00 krónur við samningsgerð en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum. Í kærubréfi Sigurmars K. Albertssonar hrl., dagsettu 28. maí 1984, segir að ákærði hafi lofað að greiða eftirstöðvar kaupverðsins með 6 jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 20. apríl 1983. Í framangreindum samningi er ákvæði þess efnis að kaupandi samþykki að seljandi sé eigandi samningsmunanna þar til samningsupphæðin er að fullu greidd og sé kaupanda með öllu óheimilt að selja, veðsetja, lána eða gefa þá.

Ákærði stóð ekki við samning þennan og hinn 1. mars 1984 fór ofangreindur lögmaður þess á leit f.h. Nesco hf. að myndbandstækið yrði með innsetningargerð tekið úr umráðum ákærða. Í beiðni þessari kemur fram að greiðsluloforð ákærða á eftirstöðvum kaupverðs hafi verið yfirfært á sérstakt veðskuldabréf sem útgefið hafi verið sama dag og kaupsamningurinn var gerður. Hafi ákærði enga afborgun greitt þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli.

Samkvæmt vottorði fulltrúa borgarfógeta, dagsettu 9. apríl 1984, hafði hann haft eftir ákærða að ákærði væri búinn að selja tækið og jafnframt neitaði hann að segja til um hverjum hann hefði selt það.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins játað að hafa selt umrætt myndbandstæki fyrir 15.000,00 krónur eftir að hann keypti það. Ákærði kvaðst hafa við samningsgerðina um myndbandstækið gefið út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs, sem hann hefði átt að greiða með jöfnum afborgunum. Hefði skuldabréfið gjaldfallið, en þá hefði ákærði gefið út annað skuldabréf til Nesco hf. Það hefði einnig gjaldfallið, en hann hefði þó greitt eitthvað af kaupverðinu og einhverja dráttarvexti, en selt það sem fyrr greinir, enda þótt talsvert væri þá ógreitt af kaupverðinu. Kvaðst ákærði ekki vita hverjum hann hefði selt tækið og ekki heldur nákvæmlega hvenær hann gerði það. Við meðferð málsins kvaðst ákærði vera búinn að greiða verulega upp í tækið beint til Nesco hf., aðallega með nýju skuldabréfi. Var skorað á ákærða að leggja fram gögn því til staðfestingar í þinghöldum 14. mars 1986 og 11. nóvember 1987. Engin slík gögn hafa borist dóminum.

Sannað er með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það sem fram er komið í málinu, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru þessari. Þykir ákærði hafa með atferli þessu brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir 13 sektir samkvæmt dómsátt og fimm refsidóma, þrjá vegna umferðarlagabrota, einn vegna brots gegn tékkalögum og einn vegna brots gegn 249. gr. alm. hegningarlaga (1982 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 5000 króna sekt).]

Ákvörðun refsingar.

Við mat á refsingu ákærða þykir verða að hafa hliðsjón af því að hann bakaði flestu af því fólki sem átti viðskipti við hann verulegt fjárhagstjón með þeirri háttsemi sinni sem lýst er í fyrri ákæru máls þessa. Þykir refsing ákærða samkvæmt því og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 14. til 30. júlí 1983 vegna rannsóknarinnar á fasteignaviðskiptum hans, og þykir sá tími eiga að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

Að lokum ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin samtals 100.000,00 krónur.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar 1. desember 1986.

Dómsorð:

Ákærði, Valur Magnússon, sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. til 30. júlí 1983, samtals 17 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000,00 krónur.

Föstudaginn 3. febrúar 1989.

Nr. 17/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Ólafssyni

Kærumál. Hald. Frávísun frá Hæstarétti að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Með kæru 13. janúar sl. hefur varnaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur sama dag um, að hald er lögreglan í Reykjavík lagði á bifreið hans R-33252 skuli vera óhaggað og frávísun kröfu hans um ökuréttindi. Kæruheimild varðandi fyrra atriðið er að finna í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála en engin heimild er til að kæra frávísun síðari kröfunnar.

Dómkröfur varnaraðila hér fyrir dómi koma fram í greinargerð hans frá 17. janúar sl. Krefst hann þess að létt verði haldi lögreglunnar 23. desember sl. á bifreið hans R-33252 samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara 7. nóvember sl. og honum skilað henni, jafnframt að tekið verði af skarið um það, hvort áfrýjun hans 14. nóvember sl. á dómi sakadóms Reykjavíkur frá 11. s.m. leiði til þess að hann haldi ökuréttindum þar til hæstaréttardómur gengur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í greinargerð af hálfu ákæruvaldsins 18. janúar sl. er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þar kemur einnig fram að með ákæru 16. s.m. hafi verið höfðað mál á hendur varnaraðila fyrir brot það, er var undanfari þeirrar ákvörðunar aðalvarðstjóra lögreglunnar í Reykjavík að hafa bifreiðina í vörslu lögreglunnar þar til öðruvísi yrði ákveðið. Í ákærunni sé þess krafist, að ákærði verði auk refsingar „dæmdur ... til þess að þola, samkvæmt 1., sbr. 2. tölulið, 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, upptöku bifreiðarinnar R 33252". Jafnframt er þess getið að með ákæru, útgefinni sama dag og greinargerðin er dagsett, hafi verið höfðað opinbert mál á hendur varnaraðila fyrir að aka, sviptur

ökuréttindum, sömu bifreið fjórum sinnum á tímabilinu 19. ágúst til 29. september 1988.

Málavöxtum er að öðru leyti lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Samkvæmt 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 frestar áfrýjun ekki verkun dóms um sviptingu ökuréttinda, nema dómari hafi kveðið svo sérstaklega á með úrskurði. Telja verður að varnaraðili hafi átt rétt á efnisúrskurði dómara um þetta atriði. Hins vegar er ekki heimilt að kæra til Hæstaréttar form- eða efnisúrskurð um þetta efni. Ber því að vísa síðari kröfu varnaraðila frá Hæstarétti.

Varnaraðili krafðist úrskurðar héraðsdómara um hald lögreglunnar á bifreið hans. Úrskurður dómara liggur fyrir. Ökuferli varnaraðila og yfirlýsingum hans um að hann hafi ekið sviptur ökuréttindum er lýst í hinum kærða úrskurði. Með ákæru 16. janúar sl. var eins og fyrr greinir höfðað mál á hendur varnaraðila fyrir að aka sviptur ökuréttindum 23. desember sl. og gerð krafa um að bifreið hans verði gerð upptæk. Með ákæru 18. s.m. er enn höfðað mál á hendur honum fyrir að hafa ekið sviptur ökuréttindum fjórum sinnum. Eru kærur á hendur honum fyrir ölvunar- og sviptingarakstursbrot því nú alls 26 árin 1986-1988. Samkvæmt yfirlýsingum hans sjálfs ók hann nær daglega sviptur ökuréttindum frá því í febrúar 1988 til þess er bifreiðin var tekin af honum og voru því ekki horfur á að hann léti af þessum brotum. Er því ekki loku fyrir það skotið að bifreið hans verði með heimild í 1., sbr. 2. tl., 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga gerð upptæk með endanlegum dómi, sbr. dóm Hæstaréttar 1986, bls. 130, þótt slík upptaka hljóti eðli málsins samkvæmt að heyra til undantekninga. Þykir því, eins og nú er komið málum, rétt að staðfesta úrskurð héraðsdóms um hald á bifreið varnaraðila.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Úrskurður héraðsdóms um hald á bifreið varnaraðila er staðfestur.

Kröfu varnaraðila um ökuréttindi er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. janúar 1989.

Ár 1989, föstudaginn 13. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Njálsgötu 87, Reykjavík, hefur með bréfi dagsettu 28. f.m. krafist þess, að dómurinn skeri úr um:

1) hvort lögmætt sé hald lögreglunnar í Reykjavík og ríkissaksóknara á bifreið hans, R-33252, hinn 23. f.m. og

2) hvort honum sé heimilt eftir uppkvaðningu dóms sakadóms Reykjavíkur sem uppkveðinn var 11. nóvember sl. að aka bifreiðinni.

Með bréfi dagsettu 7. nóvember sl. lagði ríkissaksóknari fyrir lögreglustjórann í Reykjavík að leggja hald á bifreið úrskurðarbeiðanda, sem var sviptur ökuréttindum. Í bréfinu var vitnað í bréf Harðar, þar sem hann segist hafa ekið bifreið sinni á hverjum degi frá 14. febrúar sl.

Hinn 23. desember sl. lagði síðan lögreglan í Reykjavík hald á bifreið Harðar, R-33252, en hún er af gerðinni Renault, árg. 1986. Fyrr þennan sama dag höfðu lögreglumenn staðið úrskurðarbeiðanda að því að aka bifreiðinni sviptan ökuréttindum.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. nóvember sl. var úrskurðarbeiðandi sakfelldur fyrir 13 ölvunar- og sviptingarakstursbrot. Jafnframt var hann sviptur ökuréttindum í 4 ár frá 18. nóvember 1986 að telja. Dómi þessum hefur úrskurðarbeiðandi áfrýjað.

Með ákæru útgefinni 6. október sl. höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur úrskurðarbeiðanda fyrir 8 ölvunar- og sviptingaraksturstilvik. Er sú ákæra enn til meðferðar í dóminum.

Samtals hefur úrskurðarbeiðandi því 22 sinnum á árunum 1986-1988 verið kærður fyrir ölvunar- og sviptingarakstursbrot, þar af 10 ölvunarakstursbrot.

Svo sem áður er að vikið, lýsti úrskurðarbeiðandi því yfir í bréfi sínu til ríkissaksóknara dagsettu 4. nóvember sl. að hann hafi ekið bifreið sinni á hverjum degi síðan 14. febrúar sl.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykja verulegar líkur vera til að úrskurðarbeiðandi virði að vettugi ákvarðanir dómstóla. Til þess að koma í veg fyrir frekari akstur úrskurðarbeiðanda, sem er sviptur ökuréttindum, þykir því með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974 og 1. og 2. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 rétt að staðfesta að haldlagning lögreglunnar á bifreiðinni R-33252 hinn 23. desember sl. hafi verið lögmæt, enda verður að ætla að af hálfu ákæruvaldsins verði gerð krafa um upptöku hennar í væntanlegu refsimáli.

Hvað varðar síðari kröfu úrskurðarbeiðanda lítur dómurinn svo á að nægjanlega skýrt sé tekið fram í 104. gr. núgildandi umferðarlaga sbr. áður

81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 að áfrýjun dóms fresti ekki framkvæmd ökuleyfissviptingar og ennfremur að dómara sé ekki skylt að taka það fram í dómsorði. Verður því að vísa þessari kröfu úrskurðarbeiðanda frá dómi.

Úrskurðarorð:

Hald það sem lögreglan í Reykjavík lagði á bifreiðina R-33252, eign úrskurðarbeiðanda, skal óhaggað standa.

Kröfu úrskurðarbeiðanda um hvort honum sé eftir uppkvaðningu dóms frá 11. nóvember 1988 heimilt að aka bifreið er vísað frá dómi.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1989.

Nr. 268/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Helga Bergssyni
(Gunnar Sólnes hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1988 og einnig af hálfu ákæruvalds til refsiþyngingar.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur ný gögn.

Af ákæruvaldsins hálfu var þess krafist við flutning málsins hér fyrir dómi, að refsing ákærða verði óskilorðsbundin og að hann yrði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar. Þá var krafist staðfestingar á því, sem í héraðsdómi segir um skaðabætur, þó með þessum breytingum: „að af kröfu Miklagarðs sf., kr. 5.000, verði ákærði dæmdur til greiðslu hæstu lögleyfðu vaxta frá 14. apríl 1987 til greiðsludags en í öðrum tilvikum einungis til greiðslu dómvaxta frá birtingardegi ákæru, 30. mars 1988, til greiðsludags".

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist verjandi ákærða þess, að refsing yrði milduð og gerð skilorðsbundin, en gerði ekki athugasemd við bótakröfur. Hann krafðist málsvarnarlauna sér til handa.

Tékka sem greindur er í 8. lið ákæru, að fjárhæð 3.500,00 krónur, kveðst ákærði hafa afhent nafngreindum félaga sínum, og verður ekki á því byggt að ákærði hafi auðgast af sölu tékkans. Verður honum dæmd refsing eftir 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna útgáfu og afhendingar hans, enda hafa saksóknari og verjandi ákærða tjáð sig um þetta atriði fyrir Hæstarétti, sbr. lokaákvæði 118. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1974.

Með þessari athugasemd verður fallist á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu og ákvörðun refsingar. Einnig ber að staðfesta það sem í hinum áfrýjaða dómi segir um greiðslu sakarkostnaðar. Þá ber og að staðfesta ákvarðanir héraðsdóms um greiðslu skaðabóta, þó þannig að vextir verði eins og segir í dómsorði.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en vexti. Ákærði Helgi Bergsson greiði Miklagarði sf. 11% ársvexti frá 14. apríl 1987 til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 14% frá þeim degi til 11. s.m., 15% frá þeim degi til 11. september s.á., 16% frá þeim degi til 21. s.m., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 20% frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% frá þeim degi til 11. s.m., 24% frá þeim degi til 21. s.m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 25% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 21. september s.á., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá

þeim degi til 21. s.m. og 9% frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði Söluturninum Barónsstíg 27, Hótel Esju, Lækjarbrekku hf., Pottinum og pönnunni sf., Alex sf., Hótel Borg, Veitingahúsinu Horninu, Bifreiðastöð Íslands hf. og Norðurleið hf. vexti frá 30. mars 1988 til greiðsludags, sem séu á hverjum tíma hinir sömu og hér á undan greinir.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnars Sólness hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 2. ágúst 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 2. ágúst kl. 10, var á dómþingi sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háð var í dómsal embættisins í Stykkishólmi af Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Helga Bergssyni, sem var dómtekið sama dag.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 2. október 1985 á hendur Helga Bergssyni sjómanni, Ólafsbraut 24, Ólafsvík, fæddum á Akureyri 4. október 1962, fyrir að hafa í aprílbyrjun 1985 stolið tékkhefti frá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands úr bifreið í Nauthólsvík í Reykjavík og hafa síðan næstu daga á eftir notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 12 tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkheftinu þrátt fyrir að hann ætti ekki innistæðu í bankanum:

1. Tékki nr. 4715434, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 4. apríl 1985. Seldur í veitingastaðnum Horninu, Hafnarstræti 16.
2. Tékki nr. 4715433, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 4. apríl 1985. Seldur í söluturninum Barónsstíg 27.
3. Tékki nr. 4715436, að fjárhæð kr. 3.700,00, dagsettur 5. apríl 1985. Seldur á Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2.
4. Tékki nr. 4715438, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 4. maí 1985. Seldur í veitingahúsinu Lækjarbrekku, Bankastræti 2.
5. Tékki nr. 4715439, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 5. apríl 1985. Seldur á Bifreiðastöð Íslands við Vatnsmýrarveg.
6. Tékki nr. 4715441, að fjárhæð kr. 7.000,00, dagsettur 5. apríl 1985. Seldur á Hótel Esju.
7. Tékki nr. 4715442, að fjárhæð kr. 1.600,00, dagsettur 5. apríl 1985. Óvíst um notkun.

8. Tékki nr. 4715445, að fjárhæð kr. 3.500,00, dagsettur 5. apríl 1985. Óvíst um notkun.

9. Tékki nr. 4715446, að fjárhæð kr. 5.000,00, dagsettur 6. apríl 1985. Óvíst um notkun.

10. Tékki nr. 4715448, að fjárhæð kr. 3.500,00, dagsettur 6. apríl 1985. Seldur í veitingahúsinu Alex.

11. Tékki nr. 4715449, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 7. apríl 1985. Notaður til greiðslu fyrir gistingu á Hótel Borg.

12. Tékki nr. 4715450, að fjárhæð kr. 4.000,00, dagsettur 10. apríl 1985. Notaður til kaupa á farmiðum hjá Norðurleið.

Telst framangreindur þjófnaður á tékkheftinu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sala á tékkunum við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1980 24/5 á Akureyri. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 11/7 á Akureyri. Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár. Ákvörðun refsingar að öðru leyti frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1981 6/7 á Akureyri. Sátt: 900 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 6/7 1981.

1982 30/11 í Snæfellsnes- og Hnappads. Sátt: 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1985 4/11 á Akureyri. Dómur: 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 12/12 1985.

Málavextir.

Í apríl 1985 var ákærði skipverji á bát frá Ólafsvík. Þriðjudaginn 2. apríl fór ákærði í páskaleyfi. Hann fór til Reykjavíkur ásamt Sigurði Magnúsi Þórðarsyni og tóku þeir á leigu herbergi að Brautarholti 22. Næsta dag var ákærði staddur við heita lækinn í Nauthólsvík ásamt þremur félögum sínum. Ákærði var þá orðinn peningalaus. Hann fór því inn í bifreið, sem þarna stóð, í þeim tilgangi að athuga hvort hann fyndi eitthvað fémætt. Í bifreiðinni fann ákærði tékkhefti það sem um getur í máli þessu og hafði á brott með sér. Þá voru 19 eyðublöð í heftinu. Af þeim notaði ákærði 12 eyðublöð og gaf út tékka er hann notaði síðan í viðskiptum svo sem

í ákæru greinir. Hann kvaðst hafa ráðstafað tveimur eyðublöðum úr heftinu óútfylltum til félaga sinna, en önnur hafi hann eyðilagt. Ákærði stal ekki öðru fémætu úr bifreiðinni.

Mál þetta kom til kasta Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem síðan annaðist rannsókn þess. Umrætt tékkhefti reyndist vera á reikning við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og eigandi hans Guðmundur Kjartansson. Rannsóknarlögreglunni höfðu borist vísbendingar í þessu sambandi er beindu grun að ákærða og var hann því handtekinn. Ákærði var þá kominn aftur til Ólafsvíkur þar sem hann var yfirheyrður 11. apríl. Við yfirheyrsluna viðurkenndi ákærði að hafa stolið fyrrnefndu tékkhefti úr bifreið í Nauthólsvík og síðan staðið að tékkafalsi og fjársvikum í Reykjavík og víðar, en ákærði hafði á þessu tímabili m.a. farið til Akureyrar. Tók hann sér far með þotu Flugleiða frá Keflavíkurflugvelli og aftur frá Akureyri með áætlunarbifreið Norðurleiða. Ákærði og félagi hans, Sigurður Magnús, fóru úr bifreiðinni í Borgarnesi og komust þaðan til Ólafsvíkur.

Eftir að ákærði stal tékkheftinu fór hann fljótlega að skrifa og selja tékka úr því. Ákæra í máli þessu lýtur að útgáfu 12 tékka úr heftinu, er ákærði notaði síðan í viðskiptum svo sem í ákæru greinir. Samkvæmt því sem upplýst er notaði ákærði 8 af þessum tékkum í viðskiptum í Reykjavík og einn tékka til að greiða far fyrir sig og tvo félaga sína með bifreið Norðurleiða frá Akureyri. Varðandi þrjá af tékkunum er samkvæmt ákæru óvíst um notkun af hálfu ákærða er hann seldi þá. Tékkana gaf ákærði út í eigin nafni og stílaði til handhafa, þrátt fyrir að honum væri ljóst að hann ætti ekki innistæðu í bankanum. Ákærði gaf níu af tékkunum út á ávísanareikning nr. 6780 og einn tékka á hvern þessara ávísanareikninga: nr. 2860, 6291 og 6728. Tékkarnir hafa verið lagðir fram í frumriti nema tékki nr. 4715442, sem er í ljósriti, og er talið að frumrit hans hafi glatast.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu gerði ákærði grein fyrir útgáfu tékkanna, notkun þeirra og ráðstöfun í viðskiptum á þann veg sem í ákæru greinir um hvern einstakan tékka og að framan hefur verið rakið. Hann viðurkenndi að hafa gefið tékkana út og selt þá samkvæmt framanrituðu.

Andvirði tékkanna ráðstafaði ákærði sem hér segir:

Tékki nr. 4715433, kr. 1.000,00, framseldur af Sóluturninum Barónsstíg 27. Ákærði keypti tóbak fyrir hluta af upphæðinni.

Tékki nr. 4715434, kr. 2.000,00, framseldur af Horninu, Hafnarstræti 15. Ákærði greiddi veitingar sem hann neytti á staðnum.

Tékki nr. 4715436, kr. 3.700,00, framseldur af Hótel Esju. Ákærði greiddi veitingar fyrir sig og félaga sinn, sem þeir neyttu á staðnum.

Tékki nr. 4715438, kr. 3.000,00, framseldur af Lækjarbrekku. Ákærði greiddi veitingar fyrir sig og félaga sína, sem þeir neyttu á staðnum.

Tékki nr. 4715439, kr. 2.000,00, framseldur af Bifreiðastöð Íslands

(BSÍ). Ákærði seldi tékkann á BSÍ, en mundi ekki nánar eftir ráðstöfun andvirðis hans.

Tékki nr. 4715441, kr. 7.000,00, framseldur af Hótel Esju. Ákærði gaf tékkann út en kvaðst ekki hafa ritað það sem skráð er á framhlið hans, heldur hafi einhver annar gert það vegna þess hve ákærði var ölvaður. Ákærði greiddi veitingar fyrir sig og félaga sína, sem þeir neyttu á staðnum.

Tékki nr. 4715442, kr. 1.600,00. Framsöl eru óljós. Ákærði greiddi fyrir afnot af herbergi í Brautarholti 22, þar sem hann bjó fyrst eftir að hann kom til Reykjavíkur fyrir páskana, svo sem fyrr greinir.

Tékki nr. 4715445, kr. 3.500,00, framseldur af Pottinum og pönnunni. Ákærði afhenti Stefáni Karlssyni tékkann og hann keypti mat fyrir sig og annan mann fyrir andvirði hans. Ákærði fékk sjálfur ekkert af andvirði hans.

Tékki nr. 4715446, kr. 5.000,00, framseldur af Miklagarði. Ákærði mundi ekki glöggt eftir ráðstöfun andvirðis tékkans en kvaðst ekki hafa greitt með honum í Miklagarði. Hann taldi jafnvel að hann hefði greitt leigubílstjóra með tékkanum fyrir akstur.

Tékki nr. 4715448, kr. 3.500,00, framseldur af Alex v/Hlemmtorg. Ákærði greiddi veitingar, sem neytt var á staðnum af ákærða og fleirum.

Tékki nr. 4715449, kr. 3.000,00, framseldur af Hótel Borg. Ákærði greiddi fyrir herbergi fyrir félaga sinn Sigurð Magnús Þórðarson og ráðstafaði eftirstöðvum til áfengiskaupa.

Tékki nr. 4715450, kr. 4.000,00, framseldur af Norðurleið hf. Ákærði greiddi fargjöld fyrir sig og félaga sína og ennfremur mat á leiðinni.

Í þeim tilvikum, þegar ákærði fékk hluta af andvirði framangreindra tékka greiddan í peningum, þ.e. fékk til baka, kvaðst hann hafa ráðstafað þeim fjármunum til áfengiskaupa o.fl.

Málið kom fyrir dóm 9. desember 1986 og var þingfest í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þar sem ákærði var þá fluttur til Akureyrar var málið sent embætti bæjarfógeta á Akureyri til meðferðar. Erfiðlega gekk að fá ákærða fyrir dóm. Hann var boðaður, en mætti ekki 17. febrúar 1987, 19. maí 1987 og 10. nóvember 1987, en fram kom að ákærði hefur stundað sjómennsku fjarri heimili sínu.

Ákærði var yfirheyrður í sakadómi Akureyrar 30. mars 1988. Honum var þá birt ákæran í málinu og kvað hann það rétt er honum er gefið þar að sök. Ákærði viðurkenndi að hafa stolið tékkheftinu úr bíl í Nauthólsvík í Reykjavík í byrjun apríl 1985 og síðan gefið út í eigin nafni tólf tékka á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti, sem var á reikning við Búnaðarbanka Íslands, án þess að huga að því hvort innistæða væri fyrir hendi er hann gaf tékkana út. Ákærði skoðaði tékkana í dóminum og staðfesti að hafa gefið þá út og notað í staðgreiðsluviðskiptum að undanskildum

tékka nr. 4715445, er hann afhenti Stefáni Karlssyni. Að öðru leyti lýsti ákærði atvikum í samræmi við skýrslur sínar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hann og staðfesti réttar.

Þessir aðilar hafa gert skaðabótakröfur vegna tékkanna:

1.	Veitingastaðurinn Hornið, Hafnarstræti 15, Reykjavík	kr. 2.000,00
2.	Söluturninn Barónsstíg 27, Reykjavík	kr. 1.000,00
3.	Hótel Esja, Reykjavík	kr. 10.700,00
4.	Veitingahúsið Lækjarbrekka, Bankastræti 2, Reykjavík	kr. 3.000,00
5.	Bifreiðastöð Íslands, Reykjavík	kr. 2.000,00
6.	Veitingahúsið Potturinn og pannan sf., Brautarholti 22, Reykjavík	kr. 3.500,00
7.	Mikligarður sf., Reykjavík	kr. 5.000,00
8.	Veitingahúsið Alex, Hverfisgötu 126, Reykjavík	kr. 3.500,00
9.	Hótel Borg, Reykjavík	kr. 3.000,00
10.	Norðurleið hf., Akureyri	kr. 4.000,00

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða höfuðstól tékkanna ásamt dómvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags eða hæstu lögleyfðu vöxtum.

Ákærði hefur samþykkt framangreindar bótakröfur eins og þær liggja fyrir.'

Ákærði óskaði ekki eftir skipun verjanda en lagði málið í dóm og samþykkti að málið yrði dæmt að sér fjarstöddum.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og stoð í sakargögnum málsins þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá verknaði, sem honum eru gefnir að sök í ákæru og þar er rétt lýst og brot ákærða rétt færð til refsiákvæða. Brotin framdi ákærði af hreinum ásetningi gagngert í þeim tilgangi að komast yfir fjármuni.

Ber því að taka til greina kröfur ákæruvaldsins í málinu og dæma ákærða refsingu samkvæmt 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með dómi sakadóms Akureyrar 4. nóvember 1985 var ákærði sakfelldur og honum dæmd refsing fyrir þar tilgreind brot. Brot þau sem ákærði er sakaður um í þessu máli framdi hann í apríl 1985. Refsingu ákærða ber því að ákvarða með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum. Hins vegar hefur hann ekki greitt neitt af kröfum þeim er af athæfi hans spunnust eða sýnt tilburði í þá átt að bæta fyrir brot sín. Eftir atvikum þykir rétt að ákveða að 2 mánuðir refsitímans verði skilorðsbundnir og fullnustu refsingar frestað og falli sá hluti refsingar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þær sem lagðar hafa verið fram í málinu, sbr. framanritað, og ber því að dæma hann til að greiða þær ásamt vöxtum svo sem krafist hefur verið. Varðandi tékka nr. 4715439 að upphæð kr. 2.000,00, sem ákærði seldi á BSÍ, er tekið fram að ekki var gerð krafa um vexti og verða þeir því ekki dæmdir. Hins vegar var gerð krafa um kostnað viðkomandi banka sem BSÍ lagði út við innlausn tékkans. Þessi krafa er vanreifuð og kemur því ekki til álita. Varðandi tékka nr. 4715450 þótti á skorta áritun af hálfu banka við sýningu tékkans.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Jóhannes Árnason sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Bergsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu á tveimur mánuðum refsingarinnar skal frestað og falli sá hluti niður eftir 2 ár frá birtingu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

Söluturninum Barónsstíg 27, Reykjavík, kr. 1.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Hótel Esju kr. 10.700,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Lækjarbrekku hf. kr. 3.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Pottinum og pönnunni sf. kr. 3.500,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Alex sf., Reykjavík, kr. 3.500,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Hótel Borg kr. 3.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Veitingahúsinu Horninu, Hafnarstræti 15, Reykjavík, kr. 2.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Miklagarði sf., Reykjavík, kr. 5.000,00 ásamt dómvöxtum frá 12. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Bifreiðastöð Íslands hf. kr. 2.000,00.

Norðurleið hf. kr. 4.000,00 ásamt dómvöxtum frá 12. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1989.

Nr. 11/1988. **Kristín Benjamínsdóttir**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Soffíu Benjamínsdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skipti. Dómsvald skiptaréttar. Frávísun frá skiptarétti. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. janúar 1988 og gerir þær dómkröfur, *„aðallega* að kröfum stefndu í máli þessu um að skiptaandlag db. Steinunnar Sveinbjarnardóttur sé söluandvirði fasteignarinnar Hellisgötu 24, Hafnarfirði, kr. 750.000,- að frádregnum sölulaunum, kr. 11.250,- eða kr. 738.750,- að viðbættum vöxtum svo sem krafist er frá 26.2. 1982 til greiðsludags, ásamt kröfum um húsaleigu kr. 3.115,- fyrir tímabilið frá 1.3. 1977 til 15.3. 1979 og húsaleigu fyrir tímabilið frá 15.3. 1979 til 1.6. 1982, að viðbættum dráttarvöxtum og til vara dómvöxtum frá 1.6. 1982 til greiðsludags, svo sem nánar er krafist, verði ex officio vísað frá skiptarétti Hafnarfjarðar og að áfrýjandi verði einn talinn erfingi að nettó eignum dánarbúsins, svo sem þær voru við erfðafall hinn 24. nóvember 1984, ásamt áföllnum og áfallandi arði til skiptaloka, en *til vara* að nettó eignir, með sama hætti og í aðalkröfu greinir, komi að jöfnu til skipta milli málsaðilja. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati hins virðulega réttar.“

Stefnda gerir þær kröfur, að úrskurður skiptaréttar verði staðfestur. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína um frávísun málsins þeim rökum, að skiptaréttur hafi ekki haft vald til að úrskurða um þá

kröfu stefndu, að skiptaandlagið í dánarbúinu sé „söluandvirði fasteignarinnar Hellisgötu 24, Hafnarfirði kr. 750.000,00 að frádregnum sölulaunum kr. 11.250.00 eða kr. 738.750,00, að viðbættum vöxtum".

Ofangreind krafa stefnda fyrir skiptaréttinum er í reynd fjárkrafa dánarbúsins á hendur einum erfingja þess, áfrýjanda í máli þessu. Telja verður, að skiptaréttur hafi ekki dómsvald til að úrskurða um slíkt ágreiningsefni, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1978, enda gat yfirlýsing lögmanna fyrir skiptaréttinum ekki breytt þeirri skipan mála. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð að þessu leyti og vísa þessum þætti málsins frá skiptaréttinum.

II.

Í hinum áfrýjaða úrskurði fjallar skiptaráðandi einnig um þá kröfu áfrýjanda fyrir skiptaréttinum, að úrskurðað verði að áfrýjandi „sé einn erfingi að nettóeignum dánarbús Steinunnar Sveinbjarnardóttur svo sem þær voru við erfðafall hinn 24. nóvember 1984 ásamt áföllnum og áfallandi arði til skiptaloka".

Skiptaráðanda var ekki rétt að úrskurða samtímis um þetta ágreiningsatriði jafnframt hinu fyrra. Aðilar og vitni gáfu ekki skýrslur fyrir dómi svo sem þörf var á. Í úrskurðarorði er úrslita þessa ágreiningsefnis ekki getið. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð einnig að því er varðar þetta ágreiningsefni og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

III.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og er ágreiningsefni því, sem lýst er í I. kafla dóms þessa, vísað frá skiptaréttinum. Að öðru leyti er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 8. desember 1987.

Sóknaraðili í máli þessu er Soffía Benjamínsdóttir Polhemus, RT 2 Kearney, Nebraska, Bandaríkjum Norður-Ameríku, en varnaraðili er Kristín Benjamínsdóttir, nnr. 5727-7203, Brekkugerði 5, Reykjavík.

Málið var þingfest 19. ágúst 1987 með framlagningu greinargerða aðilja í skiptaréttinum. Í því þinghaldi fékk lögmaður sóknaraðilja frest til 9. sept. 1987 til að leggja fram viðbótargreinargerð. Öflun sýnilegra sönnunargagna var lokið í þinghaldi 1. okt. 1987.

Munnlegur málflutningur fór fram í þinghaldi 2. nóv. 1987, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Aðiljar eða lögmenn þeirra hafa ekki krafist forsendna fyrir úrskurði þessum. Skiptaráðandi telur ágreining svo vaxinn að rétt sé að láta eftirfarandi forsendur fylgja úrskurðarorði.

I.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðað verði að skiptaandlagið sé eftirtaldar eignir:

1. Söluandvirði fasteignarinnar Hellsigötu 24, Hafnarfirði, kr. 750.000,00 að frádregnum sölulaunum kr. 11.250.00 eða kr. 738.750,00 að viðbættum vöxtum, og er það aðalkrafan að úrskurðaðir verði dráttarvextir, en til vara dómvextir sem hér segir:

A. Vextir af útborgun greiddri með peningum:

a) 4% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 88.750.00 frá 26.2. 1982 til 1.4. 1982. — Til vara dómvextir 39% ársvextir fyrir sama tímabil.

b) 4% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 268.750,00 frá 1.4. 1982 til 5.7. 1982. — Til vara dómvextir 39% ársvextir fyrir sama tímabil.

c) 4% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 418.750,00 frá 5.7. 1982 til 5.10. 1982. — Til vara dómvextir 39% á ári fyrir sama tímabil.

d) 4% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 5.10. 1982 til 29.10. 1982. — Til vara dómvextir 39% ársvextir fyrir sama tímabil.

e) 5% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 29.10. 1982 til 18.10. 1983. — Til vara dómvextir 47% ársvextir frá 29.10. 1982 til 16.9. 1983, en 39% ársvextir frá þeim tíma til 18.10. 1983.

f) 4.75% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 18.10. 1983 til 17.11. 1983. — Til vara dómvextir 36% ársvextir fyrir sama tímabil.

g) 4% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 17.11. 1983 til 16.12. 1983. — Til vara dómvextir 32% ársvextir fyrir sama tímabil.

h) 3.25% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 16.12. 1983 til 20.1. 1984. — Til vara dómvextir 25% ársvextir fyrir sama tímabil.

i) 2.5% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 20.1. 1984 til 1.9. 1984. — Til vara dómvextir 19% ársvextir fyrir sama tímabil.

j) 2.75% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.9. 1984 til 1.2. 1985. — Til vara dómvextir 25% ársvextir frá 1.9. 1984 til 18.9. 1984, en 25,5% ársvextir frá þeim degi til 11.10. 1984, 26% ársvextir frá þeim degi til 25.10. 1984, 27,5% ársvextir frá þeim degi til 1.1. 1985, 34% ársvextir frá þeim degi til 21.1. 1985 og 37% ársvextir frá þeim degi til 1.2. 1985.

k) 3.75% dráttarvextir á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985. — Til vara dómvextir 37% ársvextir fyrir sama tímabil.

l) 4% dráttarvextir á mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.3. 1985 til 1.5. 1985. — Til vara dómvextir 37% ársvextir fyrir sama tímabil.

m) 3.75% dráttarvextir á mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.5. 1985 til 1.6. 1985. — Til vara dómvextir 35% ársvextir frá 1.5. 1985 til 11.5. 1985, en 36% ársvextir frá þeim tíma til 1.6. 1985.

n) 3.5% dráttarvextir á mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985. — Til vara dómvextir 35% ársvextir frá 1.6. 1985 til 21.8. 1985, en 36% ársvextir frá þeim degi til 1.9. 1985.

o) 3.75% dráttarvextir á mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.9. 1985 til 1.3. 1986. — Til vara 36% dómvextir frá 1.9. 1985 til 1.12. 1985, en 39% ársvextir frá þeim degi til 1.3. 1986.

p) 2.75% dráttarvextir á mánuði af kr. 518.750,00 frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986. — Til vara dómvextir 19% ársvextir frá 1.3. 1986 til 11.3. 1986, en 20% ársvextir frá þeim degi til 1.4. 1986.

q) 2.25% dráttarvextir af kr. 518.750,00 frá 1.4. 1986 til 1.3. 1987. (Frá 1.4. 1986 er ekki gerð varakrafa um dómvexti, þar sem þeir hafa ekki verið ákveðnir sérstaklega síðan.)

r) 2.5% dráttarvextir af kr. 518.750,00 frá 1.3. 1987 til 1.6. 1987.

s) Dráttarvextir samkvæmt 10. grein laga nr. 25/1987 af kr. 518.750,00 frá 1.6. 1987 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að úrskurðað verði að dráttarvextir eða dómvextir, ef þeir verða dæmdir, skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 5.10. 1983, og dráttarvextir eða dómvextir, ef þeir verða

dæmdir, einnig reiknast af þeirri vaxtaupphæð sem þannig bætist við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti og verði upphæð þessarar vaxtavaxta-prósentu á hverjum tíma hin sama og krafist er í stafliðum frá og með d til og með s hér að framan.

B. Vextir af veðskuldabréfum:

a) 20% ársvextir af kr. 220.000,00 frá 1.6. 1982 til 1.6. 1983 kr. 44.000,00.

b) 20% ársvextir af kr. 165.000,00 frá 1.6. 1983 til 1.6. 1984 kr. 33.000,00, ennfremur dráttarvextir fyrir hvern mánuð af afbrogun 1.6. 1983 kr. 55.000,00 og vöxtum a-liðar hér á undan kr. 44.000,00 eða samtals dráttarvextir af kr. 99.000,00 sem hér segir: 5% frá 1.6. 1983 til 1.11. 1983 (kr. 24.750,00), 4% frá 1.11. 1983 til 1.1. 1984 (kr. 7.920,00) og 2,5% frá 1.1 1984 til 1.6. 1984 (kr. 15.468,00) eða samtals í dráttarvexti skv. þessum lið kr. 48.138,00.

c) 20% ársvextir af kr. 110.000,00 frá 1.6. 1984 til 1.6. 1985 kr. 22.000,00, ennfremur dráttarvextir fyrir hvern mánuð af afborgunum 1.6. 1983 og 1.6. 1984 kr. 110.000,00 og vöxtum og dráttarvöxtum a- og b-liðar hér á undan (kr. 44.000,00 + kr. 33.000,00 + kr. 48.138,00) kr. 125.138,00 eða samtals dráttarvextir af kr. 235.138,00 sem hér segir: 2.5% frá 1.6. 1984 til 1.9. 1985 (kr. 17.635,00), 2.75% frá 1.9. 1984 til 1.2. 1985 (kr. 32.331,00) og 3.75% frá 1.2. 1985 til 1.6. 1985 (kr. 35.270,00) eða samtals í dráttarvexti skv. þessum lið kr. 85.236,00.

d) 20% ársvextir af kr. 55.000,00 frá 1.6. 1985 til 1.6. 1986 kr. 11.000,00, ennfremur dráttarvextir fyrir hvern mánuð af afborgunum 1.6. 1983, 1.6. 1984 og 1.6. 1985 kr. 165.000,00 og vöxtum og dráttarvöxtum a-, b- og c-liðar hér á undan (kr. 44.000,00 + kr. 33.000,00 + kr. 22.000,00 + kr. 48.138,00 + kr. 85.236,00) kr. 232.374,00 eða samtals dráttarvextir af kr. 397.374,00 sem hér segir: 3.5% frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985 (kr. 40.172,00), 3.75% frá 1.9. 1985 til 1.3. 1986 (kr. 89.409,00), 2.75% frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986 (kr. 10.927,00) og 2.25% frá 1.4. 1986 til 1.6. 1986 (kr. 17.881,00) eða samtals í dráttarvexti skv. þessum lið kr. 158.389,00.

e) Dráttarvextir af afborgununum (höfuðstól skuldabréfsins) kr. 220.000,00 og vöxtum og dráttarvöxtum a-, b-, c- og d-liðar hér á undan (vöxtum kr. 110.000,00 + dráttarvöxtum kr. 291.763,00) samtals kr. 401.763,00 eða samtals dráttarvextir af 621.763,00 sem hér segir: 2.25% dráttarvextir á mánuði frá 1.6. 1986 til 1.3. 1987 (kr. 125.907,00), 2,5% frá 1.3. 1987 til 1.4. 1987 (kr. 15.544,00) og 2.8% frá 1.4. 1987 til 1.6. 1987 (kr. 34.818,00) eða samtals í dráttarvexti skv. þessum lið kr. 176.269,00.

f) Dráttarvextir af höfuðstól skuldabréfsins kr. 220.000,00, vöxtum kr.

110.000,00 og dráttarvöxtum kr. 468.032,00 (sbr. liði a - e hér að framan) eða samtals dráttarvextir af kr. 798.032,00 samkvæmt 10. grein laga nr. 25/1987 frá 1.6. 1987 til greiðsludags. Verði greiðsludagur ekki fyrr en eftir 1.6. 1988, þá úrskurðist að dráttarvextir frá 1.6. 1987 bætist við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti fram til greiðsludags og dráttarvextir reiknist af höfuðstólnum þannig upp færðum.

2. Húsaleiga kr. 3.115,00 fyrir tímabilið frá 1.3. 1977 til 15.3. 1979 og húsaleiga fyrir tímabilið frá 15.3. 1979 til 1.6. 1982, en skorað er á erfingjann Kristínu Benjamínsdóttur að upplýsa leiguupphæðina fyrir hið síðarnefnda tímabil. Við bætast vextir sem hér segir:

Dráttarvextir og til vara dómvextir frá 1.6. 1982 til greiðsludags og fari upphæð vaxtaprósentunnar á hverjum tíma eftir því sem krafist er undir liðum a til og með s í vaxtakröfu af útborgun hér að framan. Jafnframt verði úrskurðað að dráttarvextir eða dómvextir, ef þeir verða dæmdir, skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1983 og vaxtavextir reiknast af þeim á sama hátt og að framan er krafist.

3. Hlutabréf í Hf. Eimskipafélagi Íslands ásamt arðgreiðslum frá dánarári arfláta 1984.

4. Sóknaraðili krefst þess að honum verði úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu úr hendi varnaraðilja.

Þessar eru kröfur varnaraðilja:

1. Úrskurðað verði að varnaraðili sé einn erfingi að nettó eignum dánarbús Steinunnar Sveinbjarnardóttur svo sem þær voru við erfðafall hinn 24. nóvember 1984 ásamt áföllnum og áfallandi arði til skiptaloka.

2. Varnaraðilja verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðilja skv. mati réttarins.

II.

Hinn 24. nóvember (sic) lést arfláti, Steinunn Sveinbjarnardóttir. Hún var fædd 24. maí 1892. Síðustu 8 æviárin átti hún heima á Sólvangi, Hafnarfirði. Áður hafði hún um hálfs árs skeið verið á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, en þangað fluttist hún af heimili sínu í húsinu nr. 24 við Hellisgötu, Hafnarfirði. Húsið var hennar eign.

Hinn 31.01. 1986 barst skiptarétti Hafnarfjarðar krafa Kjartans Reynis Ólafssonar hrl. f.h. varnaraðilja um að dánarbú arfláta yrði tekið til opinberra skipta. Þau voru hafin með þinghaldi 19.02. 1987.

Aðiljar þessa máls eru dætur arfláta og einu lögerfingjar. Þá greinir á um að hve miklu leyti húsaleigugreiðslur fyrir húseignina á Hellisgötu 24 og söluandvirði hennar eigi að koma til skipta.

Fyrst eftir að arfláti fluttist af eign sinni, Hellisgötu 24, stóð íbúð hennar þar ónotuð. Frá 1. mars 1977 til 1. júní 1982 var húsið leigt, en þá var

það afhent nýjum eiganda samkvæmt kaupsamningi dags. 26. febr. 1982. Hafði Árni Gunnlaugsson hrl. milligöngu um hvort tveggja, leigu hússins og sölu þess. Tímabilið frá 1. mars 1977 til 15. mars 1979 sá hann um útleigu hússins, tók við leigugreiðslum og greiddi gjöld af eigninni. Mismuninn, g.kr. 311.500,00, greiddi hann varnaraðilja þessa máls. Frá 15. mars 1979 sá varnaraðili um útleigu hússins og til 1. júní 1982. Ekki hefur verið upplýst hverjar leigutekjurnar voru allt þetta tímabil. Af skattframtali arfláta 1982, sbr. rskj. nr. 36, má þó sjá að framtalin leiga fyrir árið 1981 var kr. 7.200,00, en gjöld vegna hússins eru sögð vera kr. 5.057,00 og hreinar leigutekjur samkvæmt þessu kr. 2.143,00. Í skattframtali 1983, sbr. rskj. nr. 10, eru leigutekjur fyrir fyrstu 5 mánuði ársins 1982 sagðar vera kr. 5.000,00.

Samkvæmt kaupsamningi, sbr. rskj. nr. 18, var húsið á Hellisgötu 24 selt fyrir kr. 750.000,00. Útborgun nam kr. 530.000,00 (100 þús. við undirritun samnings, 180 þús. 1. apríl 1982, 150 þús. 5. júlí 1982 og 100 þús. 5. okt. 1982). Til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins gaf kaupandi hinn 12. okt. 1982 út tvö skuldabréf, hvort að upphæð kr. 110.000,00. Bréf þessi skyldi greiða á fjórum árum með jöfnum afborgunum, kr. 27.500,00 af hvoru bréfi 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1983. Bréfin báru 20% vexti. Afsal var gefið út 12. okt. 1982, sbr. rskj. nr. 24.

Sóknaraðili hefur ómótmælt haldið því fram að varnaraðili hafi tekið við greiðslum á söluverði hússins á Hellisgötu 24, og styðst það við bréf Árna Gunnlaugssonar hrl. til lögmanns sóknaraðilja þessa máls, sem lagt hefur verið fram sem rskj. nr. 27. Lögmaður varnaraðilja hefur hins vegar gert grein fyrir því að síðustu tvær afborganir skuldabréfanna tveggja (2 x 55. þús.) hafi hann fengið til varðveislu og ávöxtunar, sbr. rskj. nr. 23, og námu þær með áunnum vöxtum 30.06. 1987 kr. 199.575,17.

Ekki er ágreiningur með aðiljum um eign dánarbúsins í hlutabréfum Hf. Eimskipafélags Íslands.

III.

Áður en litið er á skiptaandlag dánarbúsins þykir rétt að fjalla um þá kröfu varnaraðilja að hann sé einn erfingi að nettó eignum dánarbúsins svo sem þær voru við erfðafall hinn 24. nóvember 1984 ásamt áföllnum og áfallandi arði til skiptaloka.

Kröfu þessa styður varnaraðili einkum við rskj. nr. 29 og 30. Á rskj. nr. 29 er handskrifað umboð sóknaraðilja til varnaraðilja „til að selja eða ráðstafa á annan hátt eignum og öðru sem tilheyrir móður okkar ... Þetta er sérstaklega viðkomandi húseign á Hellisgötu 24."

Á rskj. nr. 30 er ljósrit yfirlýsingar, staðsettrar í Kearney, Nebraska, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og dagsettrar 31. ágúst 1981. Hefur hún

verið undirrituð af Soffíu Polhemus og virðist stimpluð og árituð af notario publico í Buffalo-sýslu í Nebraska. Yfirlýsingunni lýkur með þessum orðum: „Ég afsala mér hérmeð erfðarétti eftir móður mína."

Lögmaður varnaraðilja hefur látið þess getið í réttinum, að honum hafi ekki verið kunnugt um rskj. nr. 29 og 30 þegar beiðst var opinberra skipta á búi arfláta.

Lögmenn aðilja hafa hér fyrir réttinum deilt um gildi yfirlýsingarinnar á rskj. nr. 30. Hefur lögmaður sóknaraðilja talið það ógilt og marklaust, en lögmaður varnarðaðilja gilt. Ekki þykir þörf á að tilgreina hér málsástæður þeirra og lagarök um þennan ágreining vegna þess sem nú greinir:

Hinn 7. júlí 1987 er í skiptarétti Hafnarfjarðar fyrir tekið að fram halda skiptum á dánarbúi arfláta. Í skiptabók var þá m.a. bókað:

„Mættir eru í réttinum lögmenn erfingjanna tveggja, Árni Grétar Finnsson hrl. og Kjartan Reynir Ólafsson hrl." Einnig: „Lögmennirnir lýsa því nú að þeir séu sammála um að eignir dánarbúsins eigi að skiptast til helminga milli erfingjanna tveggja. Ágreiningur sé hins vegar um það hvert skiptaandlagið eigi að vera.

Telja þeir óhjákvæmilegt að skiptaráðandi skeri úr þeim ágreiningi."

Undir bókun þessa rituðu báðir lögmennirnir nöfn sín ásamt skiptaráðanda. Þegar hún var gerð var lögmanni varnaraðilja kunnugt um að til var í fórum lögmanns sóknaraðilja ljósrit yfirlýsingarinnar á rskj. nr. 30, enda hafði það verið sýnt í réttinum við þingfestingu skipta á dánarbúi Steinunnar Sveinbjarnardóttur 19. febrúar 1987.

Lögmaður sóknaraðilja heldur því fram að með ofanritaðri bókun hafi komist á bindandi samkomulag um helmingaskipti búsins milli erfingjanna. Þessu mótmælir lögmaður varnaraðilja, enda hafi því verið lýst yfir af lögmanni sóknaraðilja að yfirlýsingin á rskj. nr. 30 hafi aldrei orðið virk.

Lögmaður varnaraðilja hefur lagt fram í réttinum fullt og ótakmarkað umboð frá umbjóðanda sínum til að koma fram fyrir hans hönd í máli þessu, sbr. rskj. nr. 3.

Yfirlýsing lögmanna í ofanritaðri bókun verður að teljast bindandi skv. 123. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 223. gr. sömu laga. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna sóknaraðilja af þeirri kröfu að varnaraðili sé einn erfingi að eignum arfláta.

IV.

Kemur þá til álita hvert skiptaandlagið í dánarbúinu á að vera.

Árni Gunnlaugsson hrl. hefur í bréfi, ds. 30.07. 1987, til lögmanns sóknaraðilja, en ljósrit þess hefur verið lagt fram hér í réttinum (rskj. nr. 27), upplýst að hann hafi afhent varnaraðilja þessa máls greiðslurnar vegna söluverðs hússins nr. 24 við Hellisgötu. Segir hann jafnframt í bréfinu að

varnaraðili hafi tjáð sér að hún legði andvirðið inn á sérstakan reikning í Iðnaðarbankanum í Reykjavík með góðum vöxtum, og kveðst hann hafa skýrt sóknaraðilja frá þessu í bréfi, rituðu 28.07. 1982. Upplýsingum þessum hefur ekki verið mótmælt. Því verður að fallast á það með sóknaraðilja að á árinu 1982 hafi varnaraðili fengið afhentar vegna sölu hússins kr. 530.000,00 í peningum að frádregnum sölulaunum, kr. 11.250,00, og kr. 220.000,00 í skuldabréfum.

Upplýst er í máli þessu, og hefur því ekki verið mótmælt, að varnaraðili hafi tekið við kr. 3.115,00 úr hendi Árna Gunnlaugssonar hrl., og var þessi fjárhæð tekjur af leigu á húsinu á Hellisgötu 24 fyrir tímabilið 01.03. 1977 - 15.03. 1979.

Einnig er upplýst og ómótmælt að varnaraðili hafi annast útleigu á húsinu tímabilið frá 15.03. 1979 til 01.06. 1982, en óupplýst er hverjar leigutekjur voru þetta tímabil. Þó er fram komið að leigugjaldið hafi verið kr. 1.000,00 á mánuði fyrstu 5 manuði ársins 1982 og kr. 7.200,00 fyrir allt árið 1981, svo sem fyrr segir.

Lögmaður varnaraðilja telur að til skiptaandlagsins eigi ekki að telja aðrar né meiri eignir en fram komi í skattframtölum arfláta 1983 og 1984, en ljósrit þeirra hafa verið lögð fram sem rskj. nr. 9 og 10. Á skattframtölum þessum er söluandvirði hússins ekki talið fram sem eign arfláta nema skuldabréfin tvö.

Hins vegar er í skattframtalinu 1983 getið um sölu hússins og söluverð, og verður nánar vikið að því síðar.

Lögmaður varnaraðilja bendir einnig á að arfláti hafi verið fjárráða fram í andlátið og mátt ráðstafa eignum sínum að vild. Hann telur að skattframtöl séu mikilvæg að því leyti að þau séu hálf-opinber skjöl, skjöl gerð af einkaaðiljum en samþykkt af opinberum aðilja.

Lögmaður sóknaraðilja mótmælir því að skattframtölin 1983 og 1984 sanni að engir peningar hafi verið til í búi arfláta á dánardegi. Engin grein hafi verið gerð fyrir því hvernig ráðstafað hafi verið þeim kr. 530.000,00 í peningum að frádregnum kr. 11.250,00 í sölulaun, sem varnaraðili hafi fengið afhenta árið 1982. Sóknaraðilja sé ekki kunnugt um að arfláti hafi skuldað neitt á þessum tíma. Þá bendir lögmaður á að skattframtölin undirriti arfláti ekki sjálfur, heldur Eiríkur Pálsson, þáverandi forstjóri Sólvangs. Undirskrift hans staðfesti því ekkert af hálfu arfláta í þessum efnum. Skattframtölin sem slík veiti engar upplýsingar um það hvað varð af umræddum peningum. Þau séu að því leyti gagnlaus og verði ekki lögð til grundvallar um það hvað varð af útborguninni í húsinu. Þá heldur lögmaður sóknaraðilja því ennfremur fram að það að skattayfirvöld gerðu enga athugasemd við framtölin sanni heldur ekki neitt um ráðstöfun peninganna.

V.

Rétturinn felst á þá skoðun sóknaraðilja að skattframtöl arfláta 1983 og 1984 sanni ekki hver var peningaeign búsins á dánardegi hans.

Ekki hefur verið gerð nægjanleg grein fyrir því af hálfu varnaraðilja hvernig peningagreiðslum vegna sölu húseignarinnar á Hellisgötu 24 hefur verið ráðstafað. Hið sama á við um leigutekjur af húsinu. Ekkert liggur fyrir um það að arfláti hafi ráðstafað fé þessu með einum eða öðrum hætti. Hlýtur það því, ef ekki kemur fleira til, að teljast til eigna dánarbúsins.

Varnaraðili heldur því fram að hann hafi haft veruleg útgjöld vegna hússins á Hellisgötu 24 og einnig vegna arfláta persónulega.

Hefur varnaraðili gert grein fyrir útgjöldum þessum á rskj. nr. 22, og á rskj. nr. 25 er greinargerð að þeim lútandi eftir maka varnaraðilja.

Á rskj. nr. 22 eru útgjöld vegna húss og lóðar á Hellisgötu 24 sögð vera samtals kr. 375.000,00, en útgjöld vegna arfláta persónulega eru sögð vera kr. 185.000,00 eða hvort tveggja kr. 560.000,00. Yfirlit þetta er ekki stutt neinum gögnum og hefur lögmaður sóknaraðilja mótmælt því sem röngu. Þykir verða að taka þau mótmæli til greina að því leyti að ekki er sönnuð upphæð þeirra útgjalda sem varnaraðili kann að hafa haft vegna arfláta og húss hans.

Það má hins vegar telja víst að varnaraðili hafi lagt út eitthvert fé vegna framanritaðs. Má þar tilnefna útfararkostnað, sem á rskj. nr. 22 er skráður kr. 34.000,00, og þykir það ekki ósennileg upphæð. Ekki verður þó hjá því komist að varnaraðili beri halla af því að hann hefur ekki gert fulla grein fyrir leigutekjum af húsinu nr. 24 við Hellisgötu og ekki heldur fært fram nein gögn til sönnunar á þeim kostnaði sem hann segist hafa borið vegna hússins og arfláta.

Eftir atvikum öllum og eins og málið liggur fyrir þykir ekki óvarlegt að ákveða að varnaraðili skuli halda leigutekjum af húsinu nr. 24 við Hellisgötu upp í kostnað sinn.

En söluandvirði hússins nr. 24 við Hellisgötu skal koma til skipta.

VI.

Sóknaraðili hefur krafist vaxta svo sem gerð hefur verið grein fyrir. Varnaraðili hefur mótmælt vaxtakröfunum, en mótmæli hans eru órökstudd. Hann hefur ekki borið fyrir sig að krafa um vexti væri fyrnd að hluta.

Varnaraðili tók við greiðslunum sem inn komu í bú arfláta í lifanda lífi vegna sölu hússins nr. 24 við Hellisgötu. Bar honum skylda til að ávaxta féð eða svara af því vöxtum. Í bréfi til lögmanns sóknaraðilja, dagsettu 30.07. 1987, ritar Árni Gunnlaugsson hrl., sbr. rskj. nr. 27:

„Þegar ég afhenti Kristínu Benjamínsdóttur greiðslurnar vegna söluverðs hússins nr. 24 við Hellisgötu í Hafnarfirði vakti ég sérstaka athygli hennar á því að ávaxta söluandvirðið sem best, þar sem Soffía, systir hennar, hefði hagsmuna að gæta í því sambandi sem væntanlegur erfingi. — Tjáði Kristín mér þá að hún legði andvirðið inn á sérstakan reikning í Iðnaðarbankanum í Reykjavík með góðum vöxtum. Dróst yfirleitt aldrei hjá Kristínu að vitja greiðslnanna til mín eða oftast sama daginn og þær bárust."

Frásögn þessari hefur ekki verið andmælt.

Samkvæmt lögum um dómvexti nr. 56/1979, viðauka við lög nr. 85/1936, skyldu þeir vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir væru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma. Lög þessi gengu úr gildi 27. mars 1987 við gildistöku laga nr. 25/1987.

Rétt þykir og í bestu samræmi við framanritað að fallast á varakröfu sóknaraðilja um dómvexti af útborgun, greiddri í peningum, sbr. lið a-p í kafla 1A í kröfugerð hans hér að framan, og jafnframt kröfu um dráttarvexti samkvæmt liðum r-s í kafla 1A.

Ekki þykja lög standa til að verða við þeirri kröfu sóknaraðilja að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 05.10. 1983. Ef skiptum dánarbúsins verður ekki lokið 27. mars 1988, skal þó heimilt að leggja vexti við höfuðstól og síðan á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Sóknaraðili hefur ekki krafist dómvaxta til vara í liðum b-e í kafla 1B í kröfugerð sinni. Rétt þykir þó að úrskurða þá í þessum tilvikum, enda rúmast þeir innan kröfugerðarinnar.

Samkvæmt þessu skulu við höfuðstól skuldabréfanna bætast 20% ársvextir, svo sem í þeim segir og sóknaraðili rekur í kröfugerð sinni, en af þeim vöxtum og af afborgunum bréfanna skulu reiknast dómvextir frá 01.06. 1983 til 27.03. 1987, en dráttarvextir frá þeim degi til skiptaloka, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987.

Fallist er á þá kröfu sóknaraðilja að dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 01.06. 1988, ef skiptum verður þá ekki lokið, og dráttarvextir reiknist af höfuðstól þannig upp færðum, sbr. f-lið í kafla 1B í kröfugerð sóknaraðilja.

VII.

Eftir úrslitum máls þykir rétt að varnaraðili greiði sóknaraðilja kostnað hans af málinu, og ákveðst hann vera kr. 50.000,00.

Skiptaréttarmál þetta fluttu hæstaréttarlögmennirnir Árni Grétar Finnsson fyrir sóknaraðilja og Kjartan Reynir Ólafsson fyrir varnaraðilja.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Á l y k t u n a r o r ð :

Til skipta í dánarbúi Steinunnar Sveinbjarnardóttur koma:

1. Kr. 738.750,00 að viðbættum

a) dómvöxtum af kr. 88.750,00 frá 26.02. 1982 til 01.04. 1982, en af kr. 268.750,00 frá þeim degi til 05.07. 1982, en af kr. 418.750,00 frá þeim degi til 05.10. 1982, en af kr. 518.750,00 frá þeim degi til 27.03. 1987, en síðan að viðbættum mánaðarlegum dráttarvöxtum samkvæmt tilkynningum Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987, til skiptaloka; vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. mars 1988, ef skiptum verður ekki lokið þá, og reiknaðir vaxtavextir;

b) 20% ársvöxtum af kr. 220.000,00 frá 01.06. 1982 til 01.06. 1983, kr. 44.000,00; 20% ársvöxtum af kr. 165.000,00 frá 01.06. 1983 til 01.06. 1984, kr. 33.000,00; 20% ársvöxtum af kr. 110.000,00 frá 01.06. 1984 til 01.06. 1985, kr. 22.000,00; 20% ársvöxtum af kr. 55.000,00 frá 01.06. 1985 til 01.06. 1986, kr. 11.000,00; dómvöxtum af kr. 99.000,00 frá 01.06. 1983 til 01.06. 1984, en af kr. 187.000,00 frá þeim degi til 01.06. 1985, en af kr. 264.000,00 frá þeim degi til 01.06. 1986, en af kr. 330.000,00 frá þeim degi til 27.03. 1987, en síðan að viðbættum mánaðarlegum dráttarvöxtum skv. tilkynningum Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987, til skiptaloka.

Dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 01.06. 1988, ef skiptum verður þá ekki lokið, og reiknist dráttarvextir af höfuðstól þannig upp færðum.

2. Hlutabréf í Hf. Eimskipafélagi Íslands að nafnvirði, að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum 1986, kr. 9.360,00 að viðbættum arðgreiðslum og vöxtum sem hér segir:

H-vaxtareikningur í Samvinnubanka Íslands hf., stofnskírteini nr. 230674. Staða pr. 30.06. 1987 kr. 566,06. H-vaxtareikningur í Samvinnubanka Íslands hf., stofnskírteini nr. 232891. Staða pr. 30.06. 1987 kr. 566,06. H-vaxtareikningur í Samvinnubanka Íslands hf., stofnskírteini nr. 240811. Staða pr. 03.07. 1987 kr. 936,00.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja málskostnað, kr. 50.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1989.

Nr. 238/1987. **Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Dögg Pálsdóttir hdl.)
gegn
Bryndísi Halldóru Bjartmarsdóttur skiptaráðandanum í Gullbringusýslu f.h. dánarbús Sigfúsar Daða Guðlaugssonar og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Örorkubætur. Miskabætur. Húsbóndaábyrgð. Sjúkrahús. Læknar. Börn. Ómerking ummæla. Vextir. Gjafvörn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1987. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti en til vara að dæmdar fjárhæðir í héraði verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla. Þá krefjast áfrýjendur þess að staðfest verði ómerking héraðsdóms á ummælum í greinargerð lögmanns stefndu. Einnig er þess krafist að ómerkt verði eftirfarandi ummæli lögmanns stefndu í sóknargögnum í héraði: „Um allar þessar greinargerðir læknanna má segja, að þær bera það ekki með sér, að verið sé af heiðarleika og einurð að leita að raunverulegum orsökum hins hörmulega slyss við fæðinguna."

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en varðar ómerkingu ummæla. Þau krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Hinn 8. apríl 1988 var stefndu veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Sigfús Daði Guðlaugsson andaðist 22. júní 1987 og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins samkvæmt bréfi skiptaráðandans í Gullbringusýslu 7. mars 1988.

I.

Óumdeilt er að drengurinn Sigfús Daði Guðlaugsson hafi við fæðingu í fæðingardeild Landspítalans orðið fyrir sköddun á heila og við það orðið algjör öryrki.

Fallast ber á það sem fram kemur í héraðsdómi að skráningu í skýrslur fæðingardeildarinnar við fæðingu drengsins 12. október 1980 hafi allt frá klukkan 18:30, er svonefnd ytri vending var gerð, verið verulega ábótavant. Þá er fram komið að strimill úr sírita, sem tengdur var við móðurina kl. 19:30 og var mikilsvert gagn, hefur farið forgörðum. Athuganir þær sem fram fóru á vegum Landspítalans hafa ekki skýrt frekar þau atriði sem á skorti. Bera áfrýjendur halla af skorti á sönnunum um atvik að því að drengurinn fæddist með þá heilasköddun sem lýst er í héraðsdómi. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að fébótaábyrgð í máli þessu verði lögð á áfrýjendur en ríkissjóður ber fjárhagsábyrgð á rekstri Landspítalans sem ríkisstofnunar og mistökum starfsmanna sem þar verða.

Verður aðalkrafa áfrýjenda um sýknu því ekki tekin til greina.

II.

Krafa dánarbús Sigfúsar Daða Guðlaugssonar um örorkubætur er byggð á því, svo sem áður er rakið, að drengurinn Sigfús Daði hafi við fæðingu orðið algjör öryrki en fjárhæð kröfunnar styðst við örorkutjónsútreikninga Guðjóns Hansen tryggingafræðings. Þar er miðað við að börn afli ekki vinnutekna fyrr en á 14. aldursári.

Því er haldið fram af hálfu áfrýjenda fyrir Hæstarétti að við andlát drengsins hafi brostið forsendur fyrir örorkutjónsútreikningunum og sé krafa sú sem á þeim er byggð því ekki fyrir hendi nú.

Af hálfu dánarbús Sigfúsar Daða er því mótmælt að krafan um örorkubætur sé niður fallin. Krafan hafi orðið til áður en andlát drengsins bar að höndum og sé hún miðuð við almennar lífslíkur. Eigi það ekki að breyta neinu þótt drengurinn hafi andast áður en dómur gengur í Hæstarétti.

Þá er því haldið fram að gefin hafi verið bindandi málflutningsyfirlýsing um að ekki yrði byggt á því að drengurinn sé látinn. Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti 26. febrúar 1988 hafi andláts drengsins verið getið og því lýst yfir að byggt væri á sömu rökum

og málsástæðum og í héraði. Geti áfrýjendur ekki hvikað frá þessu. Áfrýjendur hafa mótmælt þessum skilningi.

Ekki verður talið að áfrýjendur hafi gefið bindandi málflutningsyfirlýsingu í framangreinda átt.

Örorkubótum er ætlað að bæta fjárhagstjón vegna skerts aflahæfis tjónþola. Eru örorkumöt og líkindareikningar um örorkutjón hjálpargögn við ákvörðun slíkra skaðabóta. Verður að telja það reglu íslensks skaðabótaréttar að þótt reiknað sé með almennum lífslíkum við slíka útreikninga verði skaðabætur ekki miðaðar við lengri tíma en lífstíð tjónþola. Er þessi niðurstaða í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar. Samkvæmt þessu verða áfrýjendur sýknaðir af kröfu dánarbúsins um örorkubætur.

Með vísan til 1. og 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður krafa dánarbúsins um staðfestingu á ákvæði héraðsdóms um miskabætur tekin til greina og þykja ekki eins og hér stendur sérstaklega á efni til að lækka fjárhæð dæmdra miskabóta.

III.

Af hálfu áfrýjenda er því mótmælt að efni séu til að dæma stefndu Bryndísi Halldóru sérstakar bætur vegna kostnaðar við umönnun og heimsóknir til sonar síns.

Fallast ber á að Bryndís Halldóra hafi haft kostnað af heimsóknum til sonar síns og umönnun hans þótt drengurinn hafi verið vistaður á opinberri sjúkrastofnun. Ákveðast bætur þessar með tilliti til breyttra aðstæðna 125.000,00 krónur.

Af hálfu áfrýjenda var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að verði þeir taldir skaðabótaskyldir sé fallist á að stefnda Bryndís Halldóra eigi kröfu til miskabóta með stoð í 264. gr. almennra hegningarlaga en fjárhæð miskabótakröfu hennar er mótmælt sem of hárri. Af þessari ástæðu verða stefndu dæmdar miskabætur. Verður ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð þeirra staðfest.

IV.

Af hálfu áfrýjenda er því mótmælt að efni séu til að dæma stefnda Guðlaugi Rúnari sérstakar bætur vegna kostnaðar við heimsóknir til sonar síns og umönnun.

Fallast ber á að Guðlaugur Rúnar hafi haft kostnað af heimsókn-

um til sonar síns og umönnun hans þótt drengurinn hafi verið vistaður á opinberri sjúkrastofnun. Ákveðast bætur þessar með tilliti til breyttra aðstæðna 125.000,00 krónur.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir kröfu Guðlaugs Rúnars um miskabætur. Heldur hann því fram að krafa þessi eigi lagastoð og auk þess hafi henni ekki verið mótmælt í héraði.

Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram að lagagrundvöll skorti til að dæma föðurnum miskabætur. Til vara er krafist verulegrar lækkunar dæmdrar fjárhæðar í héraði.

Ekki verður talið að í greinargerð áfrýjenda í héraði felist yfirlýsing um samþykki á grundvelli miskabótakröfu þessarar. Þykja mótmæli þau sem fram komu við munnlegan flutning málsins í héraði og rakin eru í héraðsdómi ekki hafa verið of seint fram komin. Krafan verður ekki byggð á beinu orðalagi ákvæðis 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og hvorki verður lagaákvæði þessu beitt hér með rýmkandi lögskýringu né lögjöfnun. Verða áfrýjendur því sýknaðir af þessum hluta kröfugerðar stefnda Guðlaugs Rúnars.

V.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verða áfrýjendur dæmdir til að greiða Bryndísi Halldóru Bjartmarsdóttur 725.000,00 krónur, skiptaráðandanum í Gullbringusýslu f.h. dánarbús Sigfúsar Daða Guðlaugssonar 800.000,00 krónur og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni 125.000,00 krónur.

Vaxtaákvörðun í héraðsdómi til 4. maí 1987 hefur ekki verið mótmælt sérstaklega og verður því sú vaxtaákvörðun á dæmdar fjárhæðir staðfest en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað. Dráttarvextir dæmast frá 4. maí 1987 með þeim hætti sem í héraðsdómi greinir.

Ekki er lagaheimild til að taka til greina kröfu áfrýjenda um ómerkingu ummæla í greinargerð lögmanns stefndu í héraði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað er staðfest, þar með talið ákvæði hans um málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnenda í héraði, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Allur gjafvarnarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin

málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 350.000,00 krónur.

Skipaður talsmaður stefndu hefur gert kröfu til söluskatts á málflutningslaun sín. Samkvæmt 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði skal gjafsóknarhafa skipaður talsmaður og ríkissjóður greiða talsmanni þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til. Þóknun þessi er endurgjald fyrir lögfræðiþjónustu og dæmd án þess söluskatts, sem af henni ber að greiða samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 7. gr. laga nr. 1/1988 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 skal sá, sem innir þjónustu af hendi, innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð.

Dómsorð:

Áfrýjendur, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefndu Bryndísi Halldóru Bjartmarsdóttur 725.000,00 krónur, skiptaráðandanum í Gullbringusýslu f.h. dánarbús Sigfúsar Daða Guðlaugssonar 800.000,00 krónur og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni 125.000,00 krónur, allar fjárhæðirnar með 1.5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 1. febrúar 1985, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 4. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. október 1981.

Kröfum áfrýjenda um ómerkingu ummæla og staðfestingu ómerkingar ummæla í héraðsdómi er hafnað.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 350.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 11. maí sl., er höfðað af Bryndísi Halldóru Bjartmarsdóttur, nnr. 1424-5359, Brekkugötu 14, Vogum, persónulega og f.h sonar hennar Sigfúsar Daða Guðlaugssonar, f. 12. október 1980, og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, nnr. 2983-7368, Brekkugötu 14, Vogum, með stefnu birtri 20. febrúar 1985 á hendur heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndu verði gert að greiða stefnanda Sigfúsi Daða skaðabætur og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 8.500.000,00 með 5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 21. febrúar 1985, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda Bryndísi Halldóru kr. 1.000.000,00 með 5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 21. febrúar 1985, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda Guðlaugi Rúnari kr. 650.000,00 með 5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 21. febrúar 1985, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er þess krafist að tekið verði fram í dómsorði að áfallnir vextir skuli bætast við þann höfuðstól sem vextir reiknist af á 12 mánaða fresti, aðallega í fyrsta sinn 1. janúar 1981 en til vara í fyrsta sinn 12. október 1981.

Þá er gerð krafa um að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum óskipt málskostnað í málinu eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnendur fengu gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 11. mars 1985. Beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá aðallega dómsuppsögudeginum, en til vara frá þeim degi er dómur verður aðfararhæfur. Tekið verði fram um vextina á málskostnaðinn að þeir skuli bætast við þann höfuðstól hans sem vextirnir reiknist af á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdaginn.

Áskilnaður er gerður um hækkun krafna við hugsanlega áfrýjun dóms í málinu til Hæstaréttar, ef svo skyldi fara, að verðgildi íslensku krónunnar rýrnaði eftir dómtöku í héraði.

Stefndu gera þær kröfur að þeir verði algjörlega sýknaðir af kröfum

stefnenda, en til vara að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveða stefnendur vera þá að vegna mistaka starfsmanna Fæðingardeildar Landspítalans við fæðingu stefnanda Sigfúsar Daða Guðlaugssonar þann 12. október 1980 hafi barnið orðið fyrir svo alvarlegum heilaskaða í fæðingunni að það verði algjör öryrki allt sitt líf. Foreldrar Sigfúsar Daða séu stefnendurnir, Bryndís Halldóra og Guðlaugur Rúnar. Þau séu ekki í hjúskap.

Bryndís hafi komið á Fæðingardeild Landspítalans til fæðingar kl. 16:15 þann 12. október. Í hjúkrunarskýrslu hafi verið skráð, að þá hafi hún haft verki á 2ja til 3ja mínútna fresti. Við skoðun hafi komið í ljós að fóstrið virtist vera í óreglulegri stöðu. Hafi Bryndís verið send í röntgenmyndatöku. Í skýrslu um hana segi m.a. svo: „Grind er vel víð og málin myndu einnig nægja fyrir sitjanda. Grindin er eðlilega löguð. Það er eitt fóstur í nokkuð afbrigðilegri stöðu. Virðist nánast vera um þverlegu að ræða, höfuðið veit upp og síðan er talsvert mikil sveigja á hryggnum þannig að neðsti hluti er thoracal - lumbal mótin, en rassinn er svo nokkru ofar og fætur ná jafn hátt höfði. Annar olnbogi liggur niður með hlið og nær jafn langt neðstu rifjum og er þá neðsti fósturhluti. Rd.: Þverlega."

Seint á meðgöngutímanum hafi reyndar verið uppi grunsemdir um óeðlilega legu fóstursins. Hafi þann 24. september verið gerð svonefnd sónarskoðun á kvennadeild Landspítalans af því tilefni. Hafi þá m.a. verið skráð í skýrslu: „Við sónarskoðun sést eitt fóstur sem nú er í höfuðstöðu með bak til vi. Fósturútlit eðlilegt." Og ennfremur: „Ágætur hjartsláttur heyrist með Doptone."

Eftir að þverlega fóstursins hafði verið greind hafi Árni Ársælsson læknir framkvæmt svokallaða ytri vendingu á fóstrinu. Árni hafi verið á vakt sem sérfræðingur, þótt fyrir liggi að hann sé alls ekki sérfræðingur í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum. Þessi aðgerð, ytri vending, hafi verið gerð kl. 18:30. Hafi Bryndís þá, skv. hjúkrunarskýrslu, haft verki á 2ja mínútna fresti. Svo hafi virst sem tekist hefði að snúa fóstrinu þannig að höfuð þess sneri niður.

Kl. 19:30 hafi Bryndís verið tengd við svokallaðan sírita eða monitor. Tæki þetta sýni hvort tveggja, samdrætti í legi konunnar og hjartslátt barnsins. Skrái tækið upplýsingar um þessi efni á pappírsstrimil sem gangi út úr tækinu. Jafnframt muni það tæki sem hér um ræði hafa haft eins konar skjá þar sem unnt hafi verið að fylgjast með mælingum tækisins. Hafi foreldrarnir Bryndís og Guðlaugur, sem var viðstaddur, fylgst með

á skjánum. Eftir á að hyggja telji þau sig bæði hafa séð að mjög verulega hafi hægt á hjartslætti fóstursins þegar samdrættir urðu í leginu. Þau hafi hins vegar ekkert áttað sig á þýðingu þessa. Kl. 21:10 hafi það síðan gerst að naflastrengur féll sýnilega fram. Í því felist að lífssamband fóstursins við fylgju móðurinnar rofni. M.a. fái fóstrið súrefni um naflastrenginn. Skv. frásögn foreldranna hafi fyrstu viðbrögð Árna læknis verið þau að vilja framkalla fæðinguna með svonefndum sogklukkum. Útvíkkun hafi þó ekki verið fullnuð. Muni nokkur tími hafa farið í hugleiðingar um þetta. Úr hafi þó orðið að gerður var keisaraskurður, og náðist barnið þannig kl. 21:43 skv. upplýsingum frá Fæðingardeildinni. Foreldrarnir telji að lengri tími hafi liðið. Í ljós hafi komið að barnið Sigfús Daði hafði hlotið mjög alvarlegan heilaskaða vegna súrefnisskorts. Sé hann algjör öryrki og hafi frá fæðingu dvalið á sjúkrastofnunum. Sé hann nú á barnadeild Kópavogshælis.

Foreldrarnir Bryndís og Guðlaugur hafi fljótlega fengið grunsemdir um að ekki hefði allt verið með felldu við fæðinguna. Hafi þau ritað stjórn Ríkisspítalanna bréf þann 28. júní 1981 og farið fram á að stjórnin léti fara fram rannsókn á fæðingunni. Stjórnin hafi óskað eftir greinargerð frá Sigurði S. Magnússyni prófessor, þáverandi forstöðumanni kvennadeildar, og umsögn frá læknaráði Landspítalans. Greinargerð prófessorsins sé dags. 1. mars 1982. Stjórn læknaráðs hafi brugðist þannig við að hún hafi falið þremur sérfræðingum, sem ekki störfuðu við Landspítalann, að fara yfir öll gögn í málinu og skila stjórninni greinargerð um fæðingu og eftirmeðferð barnsins. Hafi til þessa verið valdir Árni Ingólfsson og Bjarni Rafnar, sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og Sævar Halldórsson, sérfræðingur í barnasjúkdómum. Árni og Bjarni hafi skilað sameiginlegu áliti dags. 1. mars 1982. Álit Sævars sé dags. 10. febrúar 1982, hafi það ekki varðað fæðinguna sjálfa, heldur ástand barnsins eftir fæðinguna. Þann 22. mars 1982 hafi læknaráð óskað nánari skýringa frá Sigurði S. Magnússyni og nokkrum athugasemdum í greinargerð þeirra Árna og Bjarna. Sé svar Sigurðar dags. 26. mars 1982.

Að loknum þessum undirbúningi hafi stjórn læknaráðsins svarað með bréfi dags. 5.4. 1982 erindi stjórnarnefndarinnar. Séu niðurstöður ráðsins svohljóðandi:

„ Stjórn læknaráðs telur að ljóst sé að barnið Sigfús Daði Guðlaugsson hafi hlotið heilaskemmd vegna súrefnisskorts fyrir eða í fæðingu.

Ekki er hægt að benda á nein augljós læknisfræðileg mistök, en við teljum að konan hefði átt að tengjast sírita strax eftir að ytri vending var gerð, því fæðingin var afbrigðileg.

Tíminn sem líður frá því að naflastrengur fellur fram og þar til barnið fæðist með keisaraskurði er óvenjulega langur og skýring á þessum töfum hefur ekki fengist."

Stefnendurnir Bryndís og Guðlaugur hafi í upphafi árs 1984 ákveðið að leita eftir skaðabótum úr hendi stefndu vegna þeirra mistaka sem þau töldu að orðið hefðu af hálfu starfsfólks spítalans með þeim hörmulegu afleiðingum sem raun beri vitni. Lögmaður þeirra hafi snúið sér til stjórnar Ríkisspítalanna, fyrst með bréfi 21. febrúar 1984 til þess að afla gagna, en síðar til að fá fram afstöðu til bótaskyldu. Í ljós hafi komið við gagnaöflunina að strimillinn úr síritanum, sem Bryndís var tengd við fyrir fæðinguna, fannst ekki. Bótaskyldu hafi síðan verið hafnað með bréfi fjármálaráðuneytisins dags. 22. nóvember 1984. Sé málssókn þessi því óhjákvæmileg.

Í mjög stuttu máli byggist bótaábyrgð stefndu á því að full sönnun liggi fyrir um að starfsmenn á fæðingardeildinni hafi gert mistök sem valdið hafi slysinu. Beri stefndu því skaðabótaábyrgð skv. reglunni um bótaábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Ef talið verði að full sönnun sé ekki fengin um mistök, þá beri að láta stefndu bera hallann af þeim sönnunarskorti, fyrst og fremst vegna þess að spítalinn hafi glatað sönnunargagni sem hefði getað gefið veigamikla vísbendingu um tjónsorsakir.

Í máli þessu skipti eftirgreind atriði mestu máli við mat á sök starfsmanna fæðingardeildar Landspítalans að fæðingu Sigfúsar Daða Guðlaugssonar þann 12. október 1980:

1. Svokölluð ytri vending á fóstrinu, eftir að fæðingarhríðar voru hafnar, hafi verið óforsvaranleg aðgerð. Við mat á þessu beri að hafa í huga að á Landspítalanum sé hin fullkomnasta aðstaða sem völ sé á til að framkvæma strax keisaraskurð við þessar aðstæður. Sú aðgerð hefði verið miklu öruggari og hefði bundið skjótan endi á allar hættur á óeðlilegri framvindu við fæðinguna.

2. Viðurkennt sé að við ytri vendingu á fóstri myndist ávallt viss hætta á að naflastrengur klemmist saman með þeim afleiðingum m.a. að fóstur fái ekki nægt súrefni. Það sé því brýn ástæða til að fylgjast nákvæmlega með hjartslætti fóstursins eftir að svona aðgerð sé framkvæmd, einkum til athugunar á, hvort legsamdrættir hjá konunni hafi þau áhrif að minnka hjartslátt. Margt bendi til þess að þetta hafi einmitt gerst við þessa fæðingu. Eftirliti með Bryndísi virðist, eftir að ytri vending var gerð, hafa verið mjög áfátt að þessu leyti. Ekki sé til nein skráning eftirlits fyrstu klukkustundina. Hún hafi ekki verið tengd við sírita (monitor) fyrr en að þeim tíma liðnum. Hafi því verið borið við að „sennilega hafi allir síritar deildarinnar verið í notkun við aðrar fæðingar í þetta sinn", sbr. bréf Sigurðar S. Magnússonar á dskj. nr. 14 og 18. Ljóst ætti þó að vera að tilefni til notkunar slíks tækis sé sjaldan meira en í tilviki Bryndísar. Auk þess telji stefnendur að tilgáta forstöðumannsins um notkun þessara tækja annars staðar á þessari stundu sé röng.

Engin skráning sé til um eftirlit á þessu einnar klukkustundar tímabili. Og það sem ef til vill sé verra sé að strimillinn úr síritanum, eftir að hann var settur í samband, sé týndur. Af strimli þessum hefði mátt lesa samband milli legsamdráttar og hjartsláttar fóstursins og fá þannig lykilupplýsingar um ástandið að þessu leyti þá einu og hálfa klukkustund sem síritinn var í sambandi áður en naflastrengur féll fram. Telji báðir foreldrarnir sig hafa séð á tækinu að hjartsláttarlína féll niður meðan legsamdrættir stóðu yfir. Hafi þau ekki skilið þýðingu þessa á staðnum.

Að því er þetta atriði varði, þá sé tekið fram að ein ástæða þess að naflastrengur fellur fram sé talin geta verið sú að þrengsli hafi orðið í strengnum og fóstur því fengið of lítið súrefni, sjá t.d. dskj. nr. 14, bls. 2. Bendi það ásamt öðru til þess að þrengsli hafi orðið við ytri vendingu sem síðar hafi svo orðið til þess að strengurinn féll fram og þá án þess að starfsmenn hefðu orðið neins varir.

3. Óforsvaranlega langur tími hafi liðið frá því er naflastrengur féll fram þar til keisaraskurður var gerður. Í skýrslum starfsmanna stefndu sé talið, að þessi tími hafi verið 33 mínútur, sjá t.d. dskj. nr. 8. Foreldrarnir telji að vísu að lengri tími hafi liðið, en jafnvel þótt lagt sé til grundvallar að hér hafi liðið 33 mínútur sé það miklu lengri tími heldur en talið sé æskilegt við þessar aðstæður, sjá t.d. dskj. nr. 15. Telji stefnendur að nokkuð af þessum tíma hafi farið í fyrirætlanir læknisins Árna Ársælssonar um að ná barninu með sogklukkum, þó að útvíkkun væri ekki fullnuð. Þær fyriætlanir hafi verið alveg út í hött.

4. Stefnendur Bryndís og Guðlaugur telji sig hafa orðið vör við að óvant hjúkrunarfólk hafi verið á staðnum til að fylgjast með ástandi Bryndísar. T.d. hafi það komið í ljós, þegar steypa átti henni eftir að naflastrengur féll fram, að ljósmæðraneminn, sem aðallega hafði fylgst með Bryndísi, kunni ekki að snúa rúminu sem hún var í. Hafi orðið tafir af þessum sökum. Í þessu sambandi skuli tekið fram að við mæðraskoðun á deildinni 7. október, sem prófessor Sigurður Magnússon framkvæmdi, hafi hann tjáð Bryndísi að staða fóstursins væri óstöðug. Hafi hann þess vegna ráðlagt henni eindregið að fæða á fæðingardeild Landspítalans þar sem það væri öruggara við slíkar aðstæður. Hér hafi sem sagt fyrir fæðinguna verið komin upp ástæða til að fylgjast alveg sérstaklega vel með Bryndísi. Sýnist því ekki hafa veitt af að láta vant fólk og fullnuma fylgjast með henni.

5. Fyrir liggi í málinu að læknirinn sem var á vakt sem sérfræðingur hafi alls ekki verið sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, sjá dskj. nr. 14. Stefnendur hafi mátt treysta því að þau yrðu slíkrar sérfræðiaðstoðar aðnjótandi er þau ákváðu að Bryndís skyldi fæða á Landspítalanum. Verði að telja, eins og málið liggur fyrir, að mistökin hefðu ekki orðið ef sérfræðiaðstoðar hefði notið við.

6. Það sé alveg furðulegt að strimillinn úr síritanum skuli ekki finnast. Þegar eftir fæðinguna hafi verið ljóst að alvarlegt slys hafði orðið. Sé það augljós skylda starfsfólksins við slíkar aðstæður að halda til haga öllum gögnum varðandi fæðinguna, til þess að unnt sé að rannsaka hvað úrskeiðis fór. Hér hafi legið fyrir að strimillinn hlyti að hafa inni að halda veigamiklar upplýsingar um ástand fóstursins rétt fyrir fæðinguna. En hann sé týndur. Hann skyldi þó ekki hafa haft að geyma upplýsingar sem sýndu að legsamdrættir höfðu, allan tímann meðan síritinn var í sambandi, dregið verulega úr hjartslætti fóstursins? Hafi svo verið sé ljóst að hagsmunir starfsfólksins mæltu með því að strimillinn „týndist". Liggi hér nærri að ætla að ekki sé allt með felldu. Hvað sem því líði sýnist augljóst að stefndu hljóti að bera hallann af skorti á sönnun um atriði sem mátt hefði sanna með strimli þessum.

7. Ekki verði hjá því komist vegna sönnunarþáttar málsins og þess mats sem fram þurfi að fara á sök starfsmanna stefndu að vara verulega við að leggja upp úr skýrslum og greinargerðum lækna sem gefnar hafi verið eftir fæðinguna. Hér sé greinilega um gögn að ræða þar sem gengið sé eins langt og menn treysti sér til að bæta hlut spítalans. Á nokkrum stöðum leyni þetta sér ekki:

7.1. Um skýrslur Sigurðar heitins Magnússonar á dskj. nr. 14, 18 og 28.

Í skýrslunni á dskj. nr. 14, dags. 1. mars 1982, segi m.a.:

„Konan var tengd við sírita kl. 19:30 sem skráir stöðugt hjartslátt fósturs og legsamdrætti móður."

Þess sé hins vegar hvergi getið, að strimillinn úr tækinu var týndur, svo ekkert hafi verið unnt að segja um hvernig þær upplýsingar voru sem tækið „skráði". Þegar svo læknirinn þurfi að svara því í maí 1984, dskj. nr. 28, hvernig á því standi að strimillinn finnist ekki, reyni hann að gera lítið úr gildi síritans og segir: „Fyrrnefnda aðferðin er mun ónákvæmari en sú síðarnefnda og meiri hætta á að hreyfingar móðurinnar trufli línuritið."

Í skýrslunni á dskj. nr. 14 í kaflanum „Álit" 2. tl. virðist læknirinn gera ráð fyrir að „reglubundin hlustun á fósturhljóðum" og fleiri athuganir hafi verið gerðar eftir ytri vendinguna en áður en síritinn var settur í samband, vegna þess að þetta heyri til „hefðbundnu eftirliti". Um þetta viti hann sjálfur ekkert, enda hafi engin skráning farið fram á staðnum á slíku eftirliti. Í bréfinu á dskj. nr. 18 auki hann enn við staðhæfingar sínar um þetta og segi: „Að sjálfsögðu var konan í hertu eftirliti ljósmæðra eftir að vendingin var gerð." Afsaki hann það síðan að ekkert skuli hafa verið skráð um þetta „herta eftirlit" og segi: „Það er álitamál, hve oft eigi að skrá skoðanir sem eru alveg eðlilegar, mörgum finnst nóg um pappírsflóðið hvað fæðingar snertir." Réttlætingar séu einnig í bréfi læknisins á dskj. nr. 28, og hafi nú enn verið bætt við fullyrðingar um eftirlitið. Segi hann

þar að ljósmæðurnar hafi hlustað eftir fósturhljóðum með stuttu millibili og segi síðan, að „monitor"-rit séu „að sjáfsögðu vandlega skoðuð af ljósmæðrum í áhættusömum fæðingum". Skv. öllu þessu sé svo að sjá sem vissan um öruggt eftirlit hafi farið smávaxandi hjá forstöðumanni fæðingardeildar eftir slysið. Hvergi sjái þess merki í skýrslum hans að hann viðurkenni a.m.k. að vanræksla á skráningu eftirlits væri ámælisverð.

Áður hafi verið nefnt að yfirlæknirinn láti sér sæma í skýrslum sínum að vera með tilgátur um notkun tiltækra sírita við aðrar fæðingar á deild hans á sama tíma. Svo sé að sjá sem hann hafi ekkert vitað um tímasetningar annarra fæðinga.

7.2. Um skýrslu Árna Ingólfssonar og Bjarna Rafnar á dskj. nr. 15.

Athygli veki strax við athugun á skýrslu þessari, að læknarnir nefni hvergi beinlínis að strimillinn úr síritanum sé horfinn. Verði ekki séð af skýrslunni að þeir hafi leitað eftir upplýsingum um orsakir þess. Læknarnir segi að ekkert sé „talað" um hjartslátt barnsins fyrr en eftir að naflastrengur hafi fallið fram. Þeir geti því ekki dæmt um hvort einhver viðvörunarmerki hafi komið fram hjá barninu sem boðuðu það sem á eftir kom. Þetta sé auðvitað mergurinn málsins. Engin leið sé hins vegar að átta sig á því sem næst komi: „Við álítum þó að eftirliti með fæðingunni hafi ekki verið jafn ábótavant eins og ætla mætti af lestri sjúkraskrárinnar, en aftur á móti að hér sé fyrst og fremst um léglega sjúkraskrá að ræða." Hvernig í ósköpunum geti höfundar gefið svona álit? Ekkert í skýrslu þeirra veiti þeim heimild til þess. Og ef þeir með þessum orðum séu að leggja einhvers konar sönnunarmat á upplýsingar starfsfólksins sjálfs í viðtölum við það, þá séu orðin einskis virði, því þetta séu ekki sérfræðingar í mati á sannleiksgildi ummæla í óformlegum einkaviðtölum.

Furðu veki svo sá hluti álits læknanna þar sem vikið sé að réttmæti þess að framkvæmd hafi verið ytri vending. Um það segi þeir: „Við teljum að ekki sé hægt að segja að hér sé ranglega að verki staðið, enda tókst þessi vending." Hvernig geti þeir hér fullyrt þetta þegar þeir rétt áður hafi sagt að þeir geti ekki dæmt um, hvort einhver viðvörunarmerki hafi komið fram hjá barninu eftir ytri vendinguna? Og læknarnir láti hjá líða að bera saman áhættuna við ytri vendingu og við keisaraskurð strax. Skuli í þessu sambandi haft í huga að þeir séu búnir að segja í áliti sínu að sérstakrar aðgæslu hafi verið þörf með tilliti til barnsins eftir vendinguna.

Niðurlag skýrslu læknanna þarfnist frekari skýringa, þar sem segi: „Það er ekki á okkar færi að dæma um þessa tímalengd með tilliti til vakta o.fl." Ekki sé gott að segja um hvað þetta þýði.

7.3. Um bréf stjórnar læknaráðs Landspítalans á dskj. nr. 19.

Í þessu bréfi sé meginniðurstaðan sú að ekki sé unnt „að benda á nein

augljós læknisfræðileg mistök". Þessi niðurstaða skjóti skökku við, því að a) það séu augljós læknisfræðileg mistök að velja aðgerð sem hafi áhættur í för með sér þegar hægt sé að gera aðgerð sem bindi skjótan endi á áhætturnar, b) það séu augljós læknisfræðileg mistök að tryggja ekki fullkomið eftirlit með móður eftir að ytri vending var gerð, enda heyri það til læknisstarfa að hafa slíkt eftirlit, c) það séu augljós læknisfræðileg mistök að vera svo seinn að framkvæma keisaraskurð, eftir að naflastrengur féll fram, sem raun bar vitni. Sérstaklega hljóti að verða að leggja til grundvallar að þetta séu mistök, þegar sá læknir sem hlut á að máli hafi engar skýringar getað gefið á hinni óeðlilegu töf.

Um allar þessar greinargerðir læknanna megi segja að þær beri það ekki með sér að verið sé af heiðarleika og einurð að leita að raunverulegum orsökum hins hörmulega slyss við fæðinguna. Þvert á móti virðist gengið mjög langt í að reyna að bæta hlut starfsfólksins svo sem hér hafi verið sýnt fram á.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Kröfur Sigfúsar Daða sundurliðast þannig:

Örorkubætur	kr.	7.000.000,00
Miskabætur	kr.	1.500.000,00
	kr.	8.500.000,00

Á dskj. nr. 36 og 52 séu lagðir fram útreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings á örorkutjóni Sigfúsar Daða miðað við 100% örorku frá fæðingu. Um örorkustigið sé enginn vafi, sbr. t.d. skýrslu Sævars Halldórssonar læknis á dskj. nr. 16. Kröfufjárhæðin vegna örorkutjónsins sé verulega hærri en niðurstaða útreiknings tryggingafræðingsins á dskj. nr. 52. Sé sá háttur hafður á til öryggis, svo unnt sé síðar að koma að nýjum útreikningum tjónsins, m.a. við hugsanlega áfrýjun dóms í málinu. Sé bent á í þessu sambandi að allt hið útreiknaða tjón sé framtíðartjón og eigi því eftir, ef að líkum lætur, að hækka verulega í krónum talið við rekstur málsins. Um nauðsyn þessarar aðferðar við kröfugerðina megi t.d. vísa til Hrd. 1976:863. Til ýtrasta öryggis sé einnig gerður áskilnaður um hækkun kröfugerðar, en sú aðferð virðist ekki vera einhlít skv. lagaskýringum Hæstaréttar, sbr. hrd. frá 6. júlí 1984. Sá áskilnaður eigi einnig við bótakröfur foreldranna.

Miskabótakrafa Sigfúsar Daða styðjist við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verði fjárhæð hennar að teljast í hóf stillt enda vandséð hvernig miski geti orðið meiri en í hans tilfelli. Komi þar aðallega til ákvæðið um röskun á stöðu og högum.

Kröfur Bryndísar Halldóru sundurliðist þannig:

Bætur vegna kostnaðar við heimsóknir og umönnun barnsins, áætluð fjárhæð	kr.	250.000,00
Miskabætur	kr.	750.000,00
	kr.	1.000.000,00

Ljóst sé að Bryndís Halldóra hafi orðið fyrir og muni verða fyrir verulegum beinum útgjöldum vegna ástands barns síns. Hún þurfi nú að fara langan veg til heimsókna, en barnið sé vistað á Kópavogshæli, en hún búi í Vogum. Janframt sé ljóst að taki hún barn sitt til sín síðar um lengri eða skemmri tíma þarfnist það stöðugrar umönnunar. Engin leið sé að reikna út fjárhagslegt tjón af þessum sökum. Verði að telja það hóflega metið með kr. 250.000,00 svo sem krafan ráðgeri.

Miskabótakrafa Bryndísar sé byggð á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Byggist hún á því, að Bryndís teljist hafa, í skilningi ákvæðisins, beðið spjöll á líkama sínum. Sé bótanna krafist fyrir andlegar þjáningar, óþægindi og fyrir röskun á stöðu og högum. Fjárhæð bótakröfunnar verði að teljast í hóf stillt.

Kröfur Guðlaugs Rúnars sundurliðist þannig:

Bætur vegna kostnaðar við heimsóknir og umönnun barnsins, áætluð fjárhæð	kr.	250.000,00
Miskabætur	kr.	400.000,00
	kr.	650.000,00

Rökstuðningur fyrir fyrri kröfuliðum sé hinn sami og fyrir sams konar kröfu Bryndísar Halldóru. Vísist til hans. Að því er miskabótakröfu Guðlaugs varði sé vísað til þess, að hann var viðstaddur þá atburði sem hér um ræði. Sigfús Daði sé einkabarn hans og varla þurfi að lýsa þeim andlegu þjáningum sem hið hörmulega slys olli honum. Jafnframt hafi slysið valdið verulegri röskun á stöðu hans og högum, enda eyði hann svo miklum tíma sem hann geti í barnið. Krafan byggist aðallega á því að upphafsákvæði 1. mgr. 264. gr. eigi beint við um Guðlaug skv. rýmkandi lögskýringu („spjöll á líkama"), en til vara á því að beita beri ákvæðinu eins og hér standi á með lögjöfnun. Fjárhæð miskabótakröfunnar sé í hóf stillt.

Um vaxtakröfu:

Fyrir tímabilið fram til þingfestingardags sé aðeins krafist 5% dráttarvaxta á ári, en þeir séu jafnháir því álagi á samningsvexti sem Seðlabanki Íslands hafi auglýst af gjaldföllnum verðtryggðum kröfum á tímabilinu. Þetta sé hóflega í kröfugerð farið, þar sem áreiðanlega hefði mátt bæta við vaxtafótinn þeim vöxtum sem bankinn hafi heimilað af verðtryggðum

kröfum á tímabilinu. Þess sé hins vegar krafist að tekið verði tillit til þessa háttar við vaxtakröfuna við ákvörðun bótafjárhæða í málinu.

Dómvaxta skv. lögum nr. 56/1979 sé krafist frá þingfestingardegi fram til 15. apríl 1987, en frá þeim tíma sé vaxta krafist skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Þá sé þess krafist að áföllnum vöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Það sé gert við innlánsstofnanir og verði að ætla að allar ákvarðanir Seðlabankans um vexti séu miðaðar við þessa útreikningsaðferð vaxta. Og að því er dómvexti varði sé þessi háttur vitaskuld alveg nauðsynlegur til þess að þeir verði „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir", eins og í lögunum segi.

Þá sé vaxta krafist á málskostnað. Séu engin efni til annars en að sú krafa beri vexti rétt eins og hver önnur peningakrafa.

Um aðild stefndu:

Um yfirstjórn Landspítalans fari skv. lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Landspítalinn sé í eigu ríkisins og sé því skv. 1. mgr. 30. gr. laganna undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráherra. Sé honum því stefnt. Fjármálaráðherra sé stefnt f.h. ríkissjóðs vegna þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem ríkið hafi af dómi í málinu.

Stefndu byggja kröfur sínar á því að starfsmönnum stefndu verði ekki kennt um örorku barnsins Sigfúsar Daða, þannig að bótaskyldu geti varðað fyrir stefndu.

Til stuðnings kröfum sínum benda stefndu á dskj. nr. 14, bréf Sigurðar Magnússonar prófessors, þáverandi forstöðumanns fæðingardeildar Landspítala Íslands. Á bls. 2 segi m.a.: „Framfallinn naflastrengur kemur fyrir í 0,4% af fæðingum .... Þrátt fyrir þessa meðferð er burðarmálsdauðinn í dag talinn vera á milli 20 - 30%. Vitað er að afbrigðið leiðir einnig oft til heilasköddunar ef súrefnisflæðið til heila barnsins minnkar um of þegar naflastrengurinn klemmist."

Það sem þarna segi verði að hafa hér ríkt í huga. Naflastrengur falli fram í tæplega ½% af öllum fæðingum. Ef það gerist sé oft geysileg hætta á ferðum. 20 - 30% barna deyi, þegar slíkt gerist. Hversu há prósenta barnanna þar til viðbótar skaddist meira eða minna, liggi reyndar ekki fyrir, en ætla megi að þar geti einnig verið um háa hlutfallstölu að ræða. Þetta sé kjarni málsins. Þessi börn eigi ekki meiri möguleika en þarna komi fram. Þetta sé grundvallaratriði sem algjörlega sé sneitt hjá að nefna af hálfu stefnenda.

Þrátt fyrir þessa staðreynd sé í sóknargögnum haldið fram að í þessu ákveðna tilviki hafi mannleg mistök verið ástæðan fyrir örorku barnsins, mistök sem stafi af handvömm og mistökum við hinar ýmsu ákvarðanir, er fæðing átti sér stað. Í því sambandi séu hafðar uppi mjög ákveðnar full-

yrðingar um læknisfræðileg efni og hvað sé í samræmi við góða læknissiðu og hvað ekki. Jafnframt sé ákaflega langt gengið í að gera skýrslur lækna tortryggilegar. Það eigi bæði við um skýrslur starfsmanna Landspítalans, þar sem atburður þessi gerðist, og um skýrslur annarra lækna. Þessum óvægnu fullyrðingum verði svarað hér á eftir jafnhliða umfjöllun á þeim málsatvikum sem fjalla þurfi um hverju sinni.

a) Á bls. 4 í greinargerð stefnenda, tl. 5, sé fjallað um lækninn sem var á vakt er Bryndís átti barn sitt hinn 12. október 1980. Þar segi m.a. að hann sé alls ekki sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Síðar segi: „Verður að telja, eins og málið liggur fyrir, að mistökin hefðu ekki átt sér stað ef sérfræðiaðstoðar hefði notið við."

Varðandi reglur um það hverjir megi kalla sig sérfræðinga, vísist til reglugerðar nr. 39/1940. Vísist einkum til 2. gr., 3. gr. og IX. kafla 4. gr. Það sé óumdeilt í málinu að Árni Ársælsson læknir hafi ekki haft rétt til að kalla sig sérfræðing.

Jafnljóst sé að engar opinberar reglur séu til um það að sérfræðingur skuli undir öllum kringumstæðum vera á bundinni vakt á einstökum deildum Landspítalans á öllum tímum sólarhringsins. Þetta eigi jafnt við um fæðingardeildina sem aðrar deildir. Jafnvel á hjartadeild og gjörgæsludeild sé ekki skylt að hafa sérfræðing á bundinni vakt. Hins vegar sé það svo að á tveimur deildum, þ.e. fæðingardeild og barnadeild, hafi yfirlæknarnir sjálfir sett þær verklagsreglur að sérfræðingar skuli jafnan vera á bundinni vakt. Á þessum tíma hafi fæðingardeildin ekki haft yfir þeim mannafla að ráða að unnt væri að framfylgja þessu skilyrðislaust. Yfirlæknirinn hafi því veitt undanþágur, þar eð hjá því hafi ekki verið komist. Að því er varðaði Árna Ársælsson hafi ekki verið erfitt að veita slíka undanþágu, enda hafi hann búið yfir geysimikilli reynslu á þessu sviði. Sú starfsreynsla felist í því að hann hafði starfað um það bil 5 ár við fæðingarlækningar hér heima og 15 ár erlendis er þetta gerðist. Ennfremur hafi hann verið yfirlæknir við sjúkrahúsið á Húsavík um nokkurt skeið. Ljóst megi vera að þeir læknar séu í raun ekki margir hérlendis sem hafi meiri reynslu á sviði fæðingarlækninga en einmitt Árni Ársælsson. Í ljósi alls þessa sé illskiljanleg sú fullyrðing stefnenda sem að framan sé greind og beinist að því að Árni hafi ekki rétt til að kalla sig sérfræðing.

b) Í 4. tl. á bls. 4 í greinargerð stefnenda sé getum að því leitt að óvant hjúkrunarfólk hafi verið á staðnum til að fylgjast með ástandi Bryndísar í fæðingunni. Þetta hafi m.a. komið í ljós þegar „steypa" átti henni eftir að naflastrengur féll fram. Síðar segir: „Sýnist því ekki hafa veitt af að láta vant fólk og fullnuma fylgjast með henni."

Skv. upplýsingum frá forstöðumanni fæðingardeildarinnar, Sigurði heitnum Magnússyni, muni þær Hjördís Karlsdóttir og Hulda Þórarins-

dóttir ljósmæður hafa verið á vakt þennan dag og fylgst með Bryndísi. Eftir því sem best sé vitað hafi þær fylgst með Bryndísi og verið hjá henni allan þann tíma sem fæðingin stóð yfir. Þessar ljósmæður muni vera einhverjar reyndustu ljósmæður sem starfi á stofnuninni. Hafi ljósmæðranemi verið með þeim, þá sé að sjálfsögðu ekkert athugavert við það. Getgátur um það að vaktaskipti hafi truflað starfsfólkið séu með sama hætti úr lausu lofti gripnar. Bryndís hafi komið inn á deildina kl. 16:15, og fæðingunni hafi lokið kl. 21:43. Vaktaskipti á fæðingardeildinni séu kl. 16:00 og kl. 24:00. Í þessu sambandi skuli einnig bent á dskj. nr. 3. Það sem þar sé skráð muni fært jafnharðan og það gerðist. Sama rithöndin sýnist vera á skjalinu frá upphafi til enda.

c) Eins og fram komi í skjölum málsins hafi komið í ljós, þá er Bryndís komi inn á fæðingardeildina kl. 16:15, að barnið var ekki rétt skorðað. Um hafi verið að ræða svokallaða þverlegu, en þetta hafi komið í ljós áður við sónarskoðun. Árni Ársælsson læknir hafi komið barninu í réttar skorður með svokallaðri ytri vendingu. Af hálfu stefnenda sé haldið fram að þetta hafi verið óforsvaranleg aðgerð. Viðurkennt sé að við hana myndist ávallt viss hætta á að naflastrengur klemmist saman. Framkvæma hafi átt keisaraskurð strax. Um það segi, sbr. bls. 3. í greinargerð, tl. 1: „Sú aðgerð hefði verið miklu öruggari og hefði bundið skjótan endi á allar hættur á óeðlilegri framvindu við fæðinguna."

Varðandi þá ákvörðun að framkvæma ytri vendingu við þessar aðstæður sé vísað til umsagna sérfræðinga sem fyrir liggi í málinu, sbr. dskj. nr. 14, 15, 17 og 19. Það sé alveg ljóst að álit sérfræðinga falli ekki saman við fullyrðingar stefnenda um þetta atriði. Það sé röng fullyrðing að halda því fram að „alltaf sé viss hætta á að naflastrengur klemmist saman við svona aðgerð". Það sé að vísu ekkert sem segi að ytri vending sé með öllu hættulaus aðgerð. Hins vegar séu líkurnar á því að naflastrengur klemmist ákaflega litlar.

Með sama hætti fái það ekki staðist að allri áhættu sé eytt með því að ráðast beint í keisaraskurð í stað þess að beita ytri vendingu. Keisaraskurður sé fjarri því að vera áhættulaus aðgerð. Hann sé hættulegur fyrir móður. Viss hluti kvenna lifi ekki af keisaraskurð og sæfingu sem honum fylgi. Hættan hljóti að vera því meiri, því minni undirbúning og aðdraganda sem slík aðgerð hafi. Erlendis muni vera til tölur um þessa dánartíðni. Áhætta geti einnig verið fyrir barnið við þessa aðgerð. Þessi framsetning af hálfu stefnenda um, að önnur aðgerðin sé hættulaus og sjálfsögð en hin sé það ekki, fái ekki staðist.

d) Í sóknargögnum sé á því byggt að brýn ástæða hafi verið til að fylgjast nákvæmlega með hjartslætti barnsins eftir að ytri vending var framkvæmd. Bent sé á að svokallaður monitor hafi ekki verið tengdur við

konuna fyrr en einum klukkutíma eftir þessa aðgerð eða um kl. 19:30. Eftirliti með Bryndísi hafi verið mjög áfátt að þessu leyti. Í bréfum forstöðumanns fæðingardeildarinnar komi fram að sennilega hafi monitorar sem til séu á deildinni verið bundnir á þessum tíma við aðrar fæðingar.

Um þetta sé að öðru leyti það sama að segja og um svo margt annað í sóknargögnum. Þarna sé haldið fram að eitt og aðeins eitt, þ.e. monitor, hafi dugað til eftirlits með hjartslætti barnsins og öllu öðru hafnað. Þessu sé að sjálfsögðu ekki unnt að samsinna. Því sé haldið fram að aðalatriðið hljóti að hafa verið það að hlusta vel eftir hjartahljóðum barnsins fyrstu 10 - 15 mínúturnar eftir að ytri vending var framkvæmd. Þar sé haft í huga eftirlit með hefðbundnu sniði, þ.e. án monitors. Bent skuli á að monitor sé í raun notaður í mjög litlum hluta fæðinga á Vesturlöndum eða nálægt 10 - 20% eftir þeim upplýsingum sem fengist hafi hjá forstöðumanni fæðingardeildarinnar. Munurinn á notkun monitors og hefðbundnu eftirliti muni fyrst og fremst vera sá að fyrr sé hægt að sjá fyrir súrefnisskort hjá barninu í monitor en með hefðbundnum aðferðum. Munurinn felist í þessu fyrst og fremst, en ekki því að með monitor sé unnt að sjá neitt meira en með hefðbundnum aðferðum.

Ekkert hafi komið fram um að hinu hefðbundna eftirliti hafi á nokkurn hátt verið áfátt á þessum tíma. Þvert á móti komi fram í málsgögnum að Bryndís hafi verið í hertu eftirliti hjá hinum reyndu ljósmæðrum á þessum tíma. Með vísan til alls þessa sé því haldið fram að Bryndís hafi verið undir fullnægjandi eftirliti á þeim tíma sem hér um ræði. Sú fullyrðing stefnenda að óverjandi hafi verið að nota ekki monitor fái ekki staðist. Þar sé enn verið að búa til reglur úr takt við raunveruleikann.

e) Bryndís muni hafa verið tengd við monitor um kl. 19:30. Monitorinn hafi verið í gangi, að því er best sé vitað, allt þar til naflastrengur féll fram kl. 21:10. Upplýst sé að strimillinn úr monitornum sé týndur. Stefnendur verji miklu rými í það að gera þessa staðreynd svo tortryggilega sem verða megi, en að því verði vikið nánar síðar.

Sigurður Magnússon, þáverandi forstöðumaður, hafi upplýst að á þessum tíma hafi öllum eðlilegum strimlum verið hent, enda ekki þjónað tilgangi að geyma þá. Hafa beri ríkt í huga að ljósmæðurnar fygldust með monitornum. Ekkert sé komið fram um að þær hafi ekki gert það vel og samviskusamlega. Hafi eitthvað óeðlilegt komið fram, þá hlytu þær að hafa gert viðvart tafarlaust. Þessi staðreynd styðji að sjálfsögðu framburð prófessorsins. Ekkert komi fram á sjúkraskrá um að ljósmæðurnar hafi nokkru sinni gert viðvart um að monitorinn gæfi vísbendingu um neitt annað en eðlileg hjartahljóð. Í þessu sambandi skuli einnig vísað til dskj. nr. 13, þar sem segi, að hjartsláttur sé góður.

Í sóknargögnum komi fram að stefnendur telji sig hafa orðið vara við

að hjartsláttur hafi hægst hjá barninu við legsamdrætti. Það hafi komið fram á monitor. Um þetta sé það að segja að slíkt muni alltaf gerast við legsamdrætti. Þetta sé því eðlilegt.

f) Svo sem fram komi í dómsskjölum hafi naflastrengur fallið fram kl. 21:10 og legvatn farið. Af hálfu stefnenda sé því haldið fram að ytri vending sé líklegasta ástæðan, en um það hafi þegar verið fjallað. Á það sé bent að aðrar aðstæður auki hættuna á að naflastrengur falli fram, en um þetta sé fjallað í bréfi Sigurðar Magnússonar á dskj. nr. 14. Á bls. 2 séu talin upp þau atriði sem sérstaklega auki hættuna á að naflastrengur falli fram. Eitt þeirra atriða sé langur naflastrengur. Fram komi í skjölum málsins að svo hafi verið í þessu tilviki. Annað áhættuatriði séu afbrigðilegar fæðingalegur, sérstaklega þverlegur. Þessu hafi einnig verið hér til að dreifa. Það sem hér hljóti að skipta mestu máli sé það að barnið var í óstöðugri legu. Í því felist að of mikið rými sé fyrir barnið í leginu. Það geti því ekki korðast fast. Þótt ytri vending hafi komið barninu í rétta stöðu sé ekki þar með sagt að kollur barnsins hafi gengið niður í botn á grindinni. Naflastrengurinn hafi því skotist framhjá höfði barnsins og fallið fram þegar legvatnið fór. Slíkt geti stöðvað súrefnisflæði um naflastrenginn, en þurfi alls ekki að gera það.

g) Frá því að naflastrengur féll fram og þar til barnið náðist út hafi liðið 33 mínútur. Stefnendur telji það óforsvaranlega langan tíma frá því að naflastrengur féll fram og þar til keisaraskurður var gerður. Í greinargerð þeirra á bls. 4, tl. 3, segi að nokkuð af þessum tíma hafi farið í fyrirætlanir læknisins um að ná barninu út með sogklukku þó að útvíkkun væri ekki fullnuð.

Benedikt Sveinsson aðstoðarlæknir hafi verið viðstaddur fæðinguna mestallan þann tíma sem leið frá því Bryndís kom inn á sjúkrahúsið þennan dag. Benedikt hafi verið hjá Bryndísi er naflastrengurinn féll fram, og hafi hann tarfarlaust gert þær ráðstafanir að steypa konunni og fara inn með hendi og halda höfði barnsins aftur. Magnús Guðmundsson svæfingarlæknir hafi komið þar að mjög skömmu seinna ásamt Árna Ársælssyni lækni. Benedikt haldi því fram að góður hjartsláttur hafi verið í naflastrengnum, þótt hann hafi verið fallinn fram. Magnús Guðmundsson staðfesti að Benedikt hafi sagt þetta, þá er þeir komu inn í fæðingarstofuna. Á þetta sé lögð mjög mikil áhersla. Þrátt fyrir það að naflastrengur hafi fallið fram virðist hættan ekki hafa verið eins bráð og oft sé í öðrum tilvikum þegar naflastrengur klemmist saman við það að falla fram eða hafi jafnvel gert það áður.

Það sé rétt sem segi í sóknargögnum að hluti af tímanum hafi farið í fyrirætlanir um að ná barninu út með sogklukku. Sú ákvörðun sé réttlætanleg miðað við þá staðreynd að hjartsláttur hafi haldist góður í naflastrengn-

um. Miðað við það hafi ekki átt að skapast sérstök hætta við það að reyna áhættuminni aðferðina, þ.e. sogklukku, og bíða þær mínútur sem það tók að gera hana tilbúna til notkunar.

Benedikt Sveinsson hafi jafnframt upplýst að þá er naflastrengur féll fram hafi útvíkkun verið orðin 8 - 9 (miðað við að full útvíkkun sé 10). Þannig hafi enn verið finnanleg smábrún allt í kring í leghálsinum. Mjög lítið hafi þannig vantað á að útvíkkun væri fullnuð. Því sé haldið fram að sogklukkuaðferð geti verið tæk, þótt útvíkkun sé ekki fullnuð, ef lítið vanti upp á. Til þess muni vera mörg dæmi. Ýmislegt ráði því hvort árangur geti orðið með þessum hætti, svo sem það hversu langt kollur barnsins sé kominn niður í grindina. Árni Ársælsson hafi reynt að ná barninu út með sogklukku. Áður en í það var ráðist hafi naflastrengnum verið ýtt inn aftur. Tilraun Árna til að ná barninu út með þessum hætti hafi ekki borið árangur. Þegar er það varð ljóst hafi verið ákveðið að gera keisaraskurð. Magnús Guðmundsson svæfingarlæknir hafi verið á staðnum, og hafði hann kvatt svæfingarhjúkrunarkonu á vettvang þegar er ljóst varð að naflastrengur hafði fallið fram. Ekkert liggi fyrir um að flutningur Bryndísar á skurðdeild, undirbúningur undir keisaraskurð og aðgerðin sjálf hafi ekki verið gerð með fullkomlega réttum hætti eða að nokkrar óeðlilegar tafir hafi orðið við þetta.

h) Hér að framan hafi því sem gerðist verið lýst eftir því sem fram komi í gögnum og vitni hafi tjáð. Af hálfu stefnenda hafi því verið haldið fram að frá því að Bryndís kom á spítalann og þar til fæðingunni var lokið hafi nánast allar gerðir lækna og hjúkrunarfólks einkennst af mistökum og óforsvaranlegum ákvörðunum frá upphafi til enda. Þessu sé andmælt með vísan til alls þess sem að framan hafi verið rakið. Vissulega megi um það deila hvort þessi ákvörðun eða hin hafi, eftir á séð, verið heppilegust. Eftir standi sú niðurstaða að ókleift sé að benda á nokkur misök, þ.e. aðgerðir sem ekki hafi verið fyllilega verjandi eins og á stóð og með hliðsjón af öllum atvikum sem hafa þurfti í huga.

Varðandi varakröfu stefndu sé eftirfarandi tekið fram:

Aðferð tryggingarfræðings, sbr. dskj. nr. 36 og 52, við útreikning tjóns stefnandans Bryndísar Bjartmarsdóttur vegna Sigfúsar Daða Guðlaugssonar sé ekki í samræmi við það sem almennt sé tíðkað. Hið venjulega sé að tjónsfjárhæð sé reiknuð til slysdags og vextir greiðist frá þeim degi. Aðferð stefnenda þessa máls sé hins vegar sú að fá tjónið reiknað miðað við útreikningsdag í febrúar 1985. Sá höfuðstóll skuli, skv. kröfum stefnenda, síðan vaxtareiknaður með vaxtavöxtum frá tjónsdegi, án þess að nokkur afvöxtun eigi sér stað á sjálfri höfuðstólsfjárhæðinni frá útreikningsdegi til tjónsdags.

Þegar þetta sé haft í huga megi ljóst vera að þeir vextir sem stefnandi

krefjist, þ.e. 5%, séu mjög háir. Í sjálfu sér sé aðferðinni við ákvörðun sjálfrar höfuðstólsupphæðarinnar ekki mótmælt, enda hafi hún viss rök með sér. Notkun þessa háa vaxtafótar sé hins vegar eindregið mótmælt. Vaxtavöxtum í þessu sambandi sé einnig mótmælt.

Stefnendur geri kröfu um dómvexti frá þingfestingardegi. Með hliðsjón af því sem að framan segir um aðferð við ákvörðun höfuðstólsfjárhæðar, sem í raun feli í sér verðtryggingu, sé dómvaxtakröfu mótmælt. Vísist í því sambandi til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 um dómvexti. Í þessu sambandi sé ennfremur vakin athygli á áskilnaði stefnenda til að leggja fram nýja tjónsútreikninga, þar sem að sjálfsögðu verði tekið tillit til verðbreytinga sem orðið hafi fram til þess tíma. Notkun dómvaxta miðað við þessar aðstæður geti tæpast talist eðlileg.

Kröfu um örorkubætur fram yfir hið reiknaða tjón sé mótmælt og þess krafist að tekið verði tillit til skattfrelsis og eingreiðslu bóta. Með hliðsjón af því að fjárhæðir miskabótanna sýnist fara fram úr dómvenju miðað við ákvörðun slíkra bóta og þekktum samningum um hæstu fjárhæðir af þessu tagi, svo og aðferð stefnenda við vaxtakröfur á miskabætur, sé fjárhæð þeirra mótmælt sem of háum. Í öllum tilfellum sé kröfum um vaxtavexti mótmælt, svo og vöxtum á málskostnað.

III.

Mál þetta var þingfest þann 21. febrúar 1985. Þann 2. maí s.á. var lögð fram greinargerð af hálfu stefndu, og fékk undirritaður borgardómari málinu úthlutað þann 9. maí s.á.

Með úrskurði uppkveðnum 25. júní 1985 var málið sent læknaráði og leitað umsagnar þess um eftirtalin atriði:

„1. Var „ytri vendingin" sem gerð var á fóstrinu eðlileg aðgerð eins og á stóð. Í svarinu verði sérstaklega vikið að því, hvort það hafi þýðingu í þessu sambandi:

a) að fæðingarhríðir voru hafnar,

b) að konan var komin inn á sjúkrahús, þar sem góð aðstaða er til þess að framkvæma keisaraskurð.

2. Hvaða áhætta er einkum fólgin í því að framkvæma „ytri vendingu" eftir að fæðingarhríðir eru hafnar? Í svarinu komi sérstaklega fram hvort hætta sé á að naflastrengur klemmist saman.

3. Heyrði það til starfsskyldna á sjúkrahúsinu að skrá jafnóðum upplýsingar um eftirlit með móður og fóstri, eftir að „ytri vendingin" var gerð?

4. Er líklegt að það hefði sést á sírita (monitor), og þ.m.t. strimli úr tækinu, ef þrengt hefði að naflastreng?

5. Er mögulegt að ástæða þess að naflastrengur féll fram hafi verið sú að þrengsli hafi áður orðið í strengnum?

6. Var eðlilegt eins og á stóð, eftir að naflastrengur féll fram, að reyna að ná barninu með sogklukku?

7. Telur læknaráð eðlilegt að sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp sé jafnan tiltækur á fæðingardeild Landspítalans?"

Með vísan til 4. mgr. 6. gr. l. nr. 14/1942 var þess óskað, að niðurstöður læknaráðs yrðu rökstuddar.

Læknaráð kvað upp úrskurð sinn þann 7. maí 1986, og barst hann undirrituðum dómara með bréfi dags. 5. júní s.á. Tillaga réttarmáladeildar um ályktun læknaráðs var svohljóðandi:

„Ad. 1: Ytri vending í þessu tilviki átti fullan rétt á sér, þar sem ekki voru fyrir hendi neinir aukakvillar sem kröfðust tafarlauss keisaraskurðar, svo sem þrengsli í grind, skorðun á fyrirsætum fósturhluta í grind, mjög þykkur kviðveggur, mjög viðkvæmt leg og lítið magn legvatns.

Ad. 2: Séu framantaldir kvillar ekki til staðar er helsta áhættan, sem þó er talin lítil ef belgir eru heilir, tog og klemma á naflastreng, ef hann er stuttur eða vafinn um fóstrið. Einkenni þessa fylgikvilla kæmu strax í ljós, og má bregðast við þeim með umvendingu.

Ad. 3: Til starfsskyldna heyrir að fylgjast stöðugt með ástandi móður og fósturs, ekki síst eftir ytri vendingu. Hins vegar eru reglur um skráningu mismunandi og hljóta að sitja á hakanum ef annað er meira aðkallandi.

Ad. 4: Já, en síritinn sem tengdur er eingöngu á kviðvegg móður, er þó ekki eins næmur og áreiðanlegur og síriti sem tengdur er einnig beint við fóstrið.

Ad. 5: Við minnkaðan blóðþrýsting í strengnum má búast við að hann verði slakari, en marar þó að jafnaði í legvantinu. Í máli því sem hér um ræðir mun þó óvenjuleg lengd hans hafa ráðið mestu um að hann féll fram fyrir fyrirsætan fósturhluta með vantsflaumnum er belgir rofnuðu.

Ad. 6: Já.

Ad. 7: Já.

Tillaga þessi var samþykkt í læknaráði með meirihluta atkvæða.

Guðm. Sigurðsson settur landlæknir (sign) Þórður Harðarson (sign)"

Þann 10. júní 1986 var að nýju kveðinn upp úrskurður og óskað eftir nánari skýringum frá læknaráði. Var úrskurður þessi sendur ráðinu með bréfi dags. 11. sama mánaðar. Spurningar þær, sem lagðar voru fyrir læknaráð að þessu sinni, voru svohljóðandi:

„1. Var læknaráð fullskipað við afgreiðslu málsins?

2. Í svari læknaráðs kemur fram að ráðið hafi skipst í meirihluta og minnihluta við afgreiðslu málsins. Þess er óskað að upplýst verði hvaða ráðsmenn áttu hlut að meirihluta álitinu, svo og um hvaða efnisatriði ágreiningur var í ráðinu.

3. Vegna bréfs til landlæknis dags. 18.4. 1986, sem undirritað er af

þremur (af fjórum) þeirra manna sem stóðu að tillögu réttarmáladeildar frá 4. febrúar, er nauðsynlegt að upplýst verði hvort svarið við 6. spurningu hafi miðast við að útvíkkun hafi verið orðin 8 - 9 (miðað við að full útvíkkun sé 10, og hvort það fái samrýmst upplýsingum ljósmæðra á dskj. nr. 47 um að útvíkkun hafi ekki verið búin (5 cm).

4. Vegna svars við 2. spurningu, þar sem sagt er að einkenni fylgikvilla við „ytri vendingu" komi strax í ljós, er nauðsynlegt að spyrja: Er mögulegt að strengurinn hafi legið þannig eftir „ytri vendinguna", að aðeins hafi orðið þrengsli í honum, þegar legsamdrættir (hríðir) stóðu yfir?

5. Í svari við 3. spurningu er sagt að reglur um skráningu á eftirliti séu mismunandi og hljóti að sitja á hakanum ef annað sé meira aðkallandi. Af þessu tilefni er nauðsynlegt að spyrja: Í hverju er tilgreindur *mismunur* á reglum fólginn? Telur læknaráð einhver gögn málsins benda til þess að einhverjar aðrar aðkallandi starfsskyldur starfsfólksins hafi í því tilviki sem hér um ræðir valdið því að skráning á eftirliti var látin sitja á hakanum? Hverjar voru þá þær starfsskyldur?"

Í október 1986 var endurrit af ofangreindum úrskurði að nýju sent læknaráði, þar sem hann fannst ekki hjá ráðinu, og í janúar 1987 var ráðinu enn skrifað og ítrekuð ósk um að hraða afgreiðslu málsins jafnframt því sem ráðið var beðið um skýringar á þeim drætti sem talinn var hafa orðið á afgreiðslu málsins. Svar við þeirri beiðni hefur ekki borist, en úrskurður læknaráðs var kveðinn upp þann 16. febrúar sl. og sendur undirrituðum dómara með bréfi dags. sama dag. Í úrskurði ráðsins er tveimur fyrstu spurningunum vísað til forseta læknaráðs, og er svar hans þetta:

„1. Nei. Sjö af níu læknaráðsmönnum tóku þátt í fyrri afgreiðslu málsins.

2. Sex læknaráðsmenn skipuðu meirihlutann og einn minnihluta. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942 á sá læknaráðsmaður sem ágreining gerir rétt á að gera sérstaklega grein fyrir atkvæði sínu. Í þessu tilfelli gerði hann það ekki og verður því ekki upplýst um hvaða efnisatriði ágreiningur var í ráðinu."

Afgreiðsla réttarmáladeildar læknaráðs var svohljóðandi:

„Ad. 1. og 2.: Vísast til forseta læknaráðs.

Ad. 3.: Sjá réttarskjal nr. 48, lið 6, bls. 18.

Ad. 4.: Um það verður ekkert fullyrt.

Ad. 5.: Varðandi mismun á reglum um skráningu vísast til bréfs prófessors Sigurðar S. Magnússonar, dómskjal nr. 18, liður 1. Að því er varðar síðari hluta þessarar spurningar er ljóst að aðgerðir sem ákveðnar eru hverju sinni og undirbúningur þeirra eru forgangsverkefni starfsfólks.

Samkvæmt ósk forseta læknaráðs var málið borið undir læknaráð í

heild. Tók ráðið málið til meðferðar á fundi 11. febrúar 1987. Sjö læknaráðsmenn tóku þátt í afgreiðslu málsins. Fimm læknaráðsmenn samþykktu tillögu réttarmáladeildar sem ályktun læknaráðs og tveir með svofelldri bókun: „Við undirritaðir gerum ekki athugasemdir við niðurstöður réttarmáladeildar frá 09.01. 1987 en við viljum að fram komi vegna fyrri afgreiðslu læknaráðs í máli þessu að læknismeðferð við fæðingu Sigfúsar Daða hafi að áliti okkar ekki verið tilhlýðileg."

IV.

Í máli þessu hefur ekkert komið fram sem leiðir líkum að því að fóstrið hafi skaðast á meðgöngutíma fram til þess að konan kom inn á fæðingardeildina til fæðingar þann 12. október 1980.

Fallast má á það með stefnendum að skráningu vegna fæðingar Sigfúsar Daða hafi verið verulega ábótavant. Þannig er ekkert skráð um hjartslátt fóstursins frá því að ytri vending var gerð kl. 18:30 og þar til konan var tengd við monitor u.þ.b. 1 klst. síðar. Í öðrum skýrslum fæðingardeildarinnar er einnig að finna takmarkaðar upplýsingar um fæðinguna. Hvergi er að finna upplýsingar eða skýringar á því hvers vegna 28 mínútur liðu frá því að naflastrengur féll fram kl. 21:10 og þar til konan var svæfð fyrir keisaraskurð kl. 21:38, sbr. dskj. nr. 4. Ennfremur er athyglisvert að í aðgerðarlýsingu á dskj. nr. 8 er hvergi minnst á að tilburðir hafi verið hafðir um að ná barninu út með sogklukku.

Eftirtaldir aðilar hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu: stefnendurnir Bryndís Halldóra Bjartmarsdóttir og Guðlaugur Rúnar Guðmundsson; læknarnir Árni Ársælsson, Árni Ingólfsson, Bjarni Rafnar, Grétar Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Magnús Guðmundsson, Sigurður Þorgrímsson, Sævar Halldórsson og Gunnlaugur Snædal; ljósmæðurnar Hulda Þórarinsdóttir og Hjördís Karlsdóttir og hjúkrunarfræðingarnir Ólöf Björnsdóttir og Berglind Sigurðardóttir.

Ekki verður talið að sú ákvörðun Árna Ársælssonar að gera ytri vendingu, þegar í ljós kom að fóstrið lá í þverlegu eða skálegu, hafi verið læknisfræðilega röng. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja að þegar fóstur er í slíkri stöðu, þá hafi sjálf vendingin litla áhættu í för með sér. Hins vegar krefst þessi aðgerð þess að sérstaklega vel sé fylgst með konunni, einkum fyrst á eftir, vegna aukinnar hættu á naflastrengsslysi í framhaldi af aðgerðinni.

Það er ágreiningslaust með aðiljum þrátt fyrir framburð ljósmæðranna Huldu og Hjördísar fyrir dómi, svo og Ólafar Björnsdóttur, sem var ljósmæðranemi þegar umræddur atburður átti sér stað, að konan var fyrst tengd við sírita um kl. 19:30 eða einni klukkustund eftir að vending átti sér stað. Af hálfu stefndu hefur engin skýring fengist á því hvers vegna

hún var ekki tengd við síritann fyrr, en Gunnlaugur Snædal, forstöðumaður fæðingardeildar, hefur upplýst að á þessum tíma voru tveir síritar til á deildinni og aðeins ein fæðing átti sér stað um nóttina eftir að Bryndís var lögð inn, svo að sú skýring fyrrverandi forstöðumanns deildarinnar, prófessors Sigurðar Magnússonar, að síritarnir hljóti allir að hafa verið í notkun, fær ekki staðist.

Því er haldið fram af hálfu stefndu að konan hafi, þrátt fyrir að það komi ekki fram á sjúkraskýrslu hennar, verið hlustuð reglulega eftir fósturhljóðum, og hefur ljósmóðirin Hulda Þórarinsdóttir, sem hafði umönnun Bryndísar með höndum, staðfest fyrir dóminum að hún hafi sinnt því eins og henni bar, og heldur hún því fram að ekkert hafi verið athugavert við hjartslátt fóstursins fram til þess að Bryndís var tengd við síritann. Þá bar hún ennfremur að hún hefði skoðað strimil úr síritanum, og hefði ekkert óeðlilegt komið fram á því línuriti. Læknirinn Benedikt Sveinsson bar það einnig fyrir dómi að hann hefði bæði þá og síðar skoðað línuritið á strimlinum, og hefði hann ekkert séð þar athugavert. Samkvæmt framburði þeirra beggja fylgdi strimill þessi sjúkraskýrslu Bryndísar, en engar upplýsingar hafa fengist frá stefndu um það hvað síðan varð af strimlinum, sem mun vera týndur.

Árni Ársælsson læknir, sem gegndi stöðu sérfræðings í fæðingahjálp á þessum tíma, skýrði svo frá að hann myndi ekki til þess að hafa sjálfur hlustað sérstaklega eftir hjartslætti fóstursins eftir að vending var gerð. Slíkt gerðu ljósmæður með stuttu millibili, og taldi hann ekki ástæðu að skrá hverja slíka hlustun á sjúkraskýrslu.

Það heyrir til starfsskyldum ljósmæðra að hlusta reglulega eftir hjartslætti fósturs þegar kona er í fæðingu, og með hliðsjón af framansögðu þykir ósannað að þeim starfsskyldum hafi ekki verið fylgt, og telur dómurinn því ósannað að eftirliti með konunni hafi verið ábótavant þann tíma sem leið frá því að ytri vending var gerð og þar til hún var tengd við síritann. Þá er ósannað að fóstrið hafi orðið fyrir mælanlegum súrefnisskorti á þeim tíma sem leið frá því að ytri vending var gerð og þar til naflastrengurinn féll fram um kl. 21:10. Sú staðhæfing konunnar fyrir dómi að naflastrengurinn hafi fallið fram kl. 21:00 er ósönnuð.

Samkvæmt því sem að framan segir hníga líkur að því að barnið hafi orðið fyrir alvarlegum súrefnisskorti á þeim tíma, sem leið frá því að naflastrengur féll fram og þar til barnið var tekið með keisaraskurði 33 mínútum síðar, með þeim afleiðingum, að það er nú 100% öryrki.

Það er viðurkennt viðhorf í fæðingarfræði að þegar naflastrengur hefur fallið fram ríði á að ná barninu sem fyrst út til þess að minnka líkur á sköddun vegna súrefnisskorts, og er þá mikilvægt að enginn tími fari til spillis.

Af hálfu Bryndísar er því haldið fram að eftir að Árni Ársælsson kom á vettvang, skömmu eftir að naflastrengurinn féll fram, hafi verið reynt að dragar úr hríðum. Hefur þessi framburður verið staðfestur af ljósmóðurinni Hjördísi Karlsdóttur sem kom á vettvang ásamt aðstoðarlæknum Benedikt Sveinssyni fyrst eftir slysið. Bar hún að Árni Ársælsson hafi fyrst fyrirhugað keisaraskurð, og hafi Bryndísi þá verið gefið lyfið „utopar" sem verkar hríðastillandi. Hins vegar hafi læknirinn skömmu síðar ákveðið að reyna að ná barninu með sogklukku, og hafi konunni þá verið gefið lyfið „syntocinon" sem verkar örvandi á hríðir. Hulda Þórarinsdóttir bar að hún hefði mælt útvíkkun á legi, þegar strengurinn féll fram, og hafi hún reynst 5 cm. Hjördís Karlsdóttir bar að Árni Ársælsson hefði þreifað konuna er hann kom að, og hafi hann talið útvíkkun þá vera 5 - 7 cm. Kvaðst hún geta fullyrt þetta. Árni Ársælsson kannaðist ekki við þetta, en hann skýrði svo frá að hann hefði talið útvíkkun næga til þess að reyna sogklukku þótt henni hefði ekki verið lokið. Hann kvað einhvern tíma, þó ekki mjög langan, hafa farið í hugleiðingar um að reyna að ná barninu út með sogklukku en taldi víst að hann hefði aldrei sett klukkuna upp eða sett á „negatívan" þrýsting. Sérstaklega aðspurður kvaðst hann viss um þetta. Ekki gat hann gefið neinar skýringar á því hvers vegna hann hefði hætt við að reyna klukkuna eða hversu langur tími fór í þær hugleiðingar. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa gefið konunni lyfin „utopar" og „syntocinon" á þessum tíma.

Aðspurður, hvers vegna ekki væri minnst á sogklukku í aðgerðarskýrslu á dskj. nr. 8, kvað hann þá skýringu líklegasta að þar sem hann hefði ekki gert þá tilraun hefði hann talið ástæðulaust að geta um það í skýrslunni.

Af hálfu þeirra vitna sem skýrslu gáfu fyrir dóminum fékkst engin skýring á því hvers vegna svo langur tími leið frá naflastrengsslysinu og þar til barnið náðist út með keisaraskurði, og eins og áður getur finnst hvergi neitt skráð um það í skýrslum fæðingardeildarinnar sem fyrir liggja í málinu.

Læknarnir Benedikt Sveinsson og Magnús Guðmundsson töldu báðir fullvíst að Árni Ársælsson hefði gert tilraun til að ná barninu út með sogklukku, og fullyrti Benedikt að hann hefði lagt upp klukkuna og sett þrýsting á, og taldi hann að 7 - 10 mínútur hefðu farið í þá tilraun. Hafði hann hins vegar enga skýringu á því hvers vegna það hefði ekki tekist eða hvers vegna hætt hefði verið við tilraunina. Magnús Guðmundsson hélt því hins vegar fram að hann hefði heyrt Árna Ársælsson segja að fóstrið væri „hástætt", þess vegna gengi það ekki með klukku. Árni Ársælsson kannaðist ekki við þetta.

Sigurður Þorgrímsson barnalæknir kvaðst hafa verið kallaður til þegar naflastrengurinn féll fram, það væri venja að kalla til barnalækna þegar

fæðing væri áhættusöm. Kvaðst hann hafa átt von á keisaraskurði strax og hafi honum fundist hann þurfa að bíða lengi eftir því. Kvaðst hann enga skýringu hafa fengið á töfunum.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að sú ákvörðun læknisins að reyna að ná barninu út með sogklukku þurfi ekki að hafa verið læknisfræðilega röng eins og á stóð. Hér hafi verið um fjölbyrju að ræða, og þær upplýsingar sem fram hafa komið í málinu, m.a. framburður Benedikts Sveinssonar aðstoðarlæknis sem bar að hann hefði vel komið hendi framhjá höfði barnsins, styðja þá fullyrðingu læknanna að útvíkkun hafi verið orðin næg til þess að réttlætanlegt hafi verið að reyna sogklukku. Við þessar aðstæður verði viðkomandi læknir að meta í skyndi hvaða aðferð sé vænlegust til þess að ná barninu út á sem stystum tíma og með minnstri áhættu. Slík tilraun þarf hins vegar að vera markviss og ákveðin, og eins og áður segir er mikilvægt að tími fari ekki til spillis. Hins vegar þykir ekki sannað, með vísan til framburðar Árna Ársælssonar sjálfs, að þessi tilraun hafi verið gerð. Eins og áður greinir hefur engin skýring fengist á því hvers vegna hætt var við það og hversu langur tími fór í þær hugleiðingar. Svæfingarlæknirinn Magnús Guðmundsson taldi að við þær aðstæður sem þarna voru hefði mátt ná barninu út með keisaraskurði á 3 - 5 mínútum frá því að naflastrengurinn féll fram. Benedikt Sveinsson hélt því hins vegar fram að enda þótt slíkt sé e.t.v. hægt fræðilega séð, þá sýni reynslan að slíkt verði aldrei gert, jafnvel við bestu aðstæður, á skemmri tíma en 15 mínútum. Jafnvel þótt sá tími verði lagður til grundvallar, þá er ljóst að a.m.k. 18 dýrmætar mínútur liðu án þess, að því er virðist, að markviss tilraun hafi verið gerð til þess að ná barninu út á annan hátt og án þess að nokkrar skýringar hafi fengist á því af hálfu stefndu eða þeirra sem hlut áttu að máli hvers vegna svo langur tími leið.

Samkvæmt framburði Magnúsar Guðmundssonar svæfingarlæknis gaf Árni Ársælsson læknir fyrirmæli um, að konunni skyldi þvegið á hefðbundinn hátt fyrir keisaraskurðinn, í stað þess að þvo „akut" þvotti. Aðspurður um þetta atriði taldi Árni Ársælsson það ekki ósennilegt og kvað skýringuna á því sennilega vera þá að hann hefði ekki álitið að biðin myndi auka hættuna fyrir barnið, þar sem tjónið hefði þegar orðið.

Benedikt Sveinsson bar hins vegar að konunni hefði verið þvegið „akut". Hann kvaðst minnast þess vel, þar sem hann hefði haft hendina inni í konunni við höfuð barnsins, allt þar til búið var að ná barninu út. Ekki fengust frekari upplýsingar um þetta atriði, en ljóst er að einhver tími hefur farið til spillis, hafi konunni verið þvegið á hefðbundinn hátt, sem er mun tímafrekara en „akut" þvottur.

Af hálfu stefndu hefur verið leitast við að gefa skýringar á því sem gerðist við þessa fæðingu. Meðal annars segir svo í skýrslu Sigurðar S. Magnús-

sonar, þáverandi forstöðumanns fæðingardeildar Landspítalans, á dskj. nr. 14, að hann hafi haldið fund með barnalæknum, og hafi atburðarásin verið brotin til mergjar. Auk þess hafi hann átt samtöl við þá aðila sem höfðu eftirlit með konunni í fæðingunni.

Sigurður Þorgrímsson barnalæknir var inntur eftir þessum fundi fyrir dómi og kannaðist hann ekki við að hafa setið slíkan fund eða vitað um hann.

Magnús Guðmundsson svæfingarlæknir kvaðst hafa heyrt af slíkum fundi, þar sem hann frétti að ályktað hefði verið að biðtíminn fram að keisaraskurði hefði að einhverju leyti verið skýrður með því að bið hefði verið eftir svæfingarlækni. Af því tilefni kvaðst Magnús hafa skrifað bréf á dskj. nr. 46 til þess að leiðrétta þá ályktun. Hafi hann síðan frétt að haldinn hefði verið annar fundur af því tilefni, og hafi hann síðan verið beðinn afsökunar á ályktun fyrri fundarins.

Hjördís Karlsdóttir ljósmóðir kvaðst hafa setið annan fundinn, hún hafi einungis vitað af einum slíkum fundi, og ekki gat hún skýrt frá því hvorn fundinn hún sat.

Hulda Þórarinsdóttir kvaðst ekki kannast við að Sigurður S. Magnússon hefði rætt við sig um atburðinn, og ekki kvaðst hún hafa verið á nefndum fundi.

Árni Ársælsson kvaðst hvorki hafa verið boðaður á fundinn né hefði Sigurður S. Magnússon rætt við hann um atburðinn.

Ekki hefur fengist upplýst hverjir þeirra sem hlut áttu að máli sátu fundinn eða við hverja var talað, og er því ekki ljóst á hvaða upplýsingum álitsgerðir prófessorsins á dskj. nr. 14, 18 og 28 eru byggðar.

Þá liggur fyrir að læknaráði Landspítalans var falið að gefa umsögn um málið. Ráðið fékk 3 utanaðkomandi lækna til að skila stjórninni greinargerð um fæðingu og eftirmeðferð barnsins. Voru til þess valdir þeir Árni Ingólfsson og Bjarni Rafnar, sem eru sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og Sævar Halldórsson barnalæknir. Skilaði hann séráliti um ástand barnsins eftir fæðingu, en um það er ekki deilt í málinu.

Við yfirheyrslur fyrir dómi kom fram að þeir Árni og Bjarni byggðu álit sitt, sem fram kemur á dskj. nr. 15, eingöngu á sjúkraskýrslu sem báðir voru þó sammála um að væri mjög ófullkomin og gæfi litlar upplýsingar. Kom fram að þeir höfðu hvorki rætt við lækna né annað starfsfólk, sem átti hlut að fæðingunni, né leitað eftir frekari gögnum. Þó kom fram að Árni Ingólfsson taldi sig hafa heyrt orðróm þess efnis að ytri vending hefði tekist vel, og var niðurstaða sérfræðinganna í skýrslunni um það atriði m.a. byggð á þeim orðrómi skv. framburði Árna. Þá kom fram að læknarnir vissu ekki um hugleiðingar og tíma sem fóru í sogklukku. Er því ljóst að skýrsla þeirra er ekki fallin til þess að varpa ljósi á atburðinn.

Í framhaldi af skýrslu sérfræðinganna leitaði læknaráð Landspítalans til Sigurðar Magnússonar prófessors um skýringar á nokkrum athugasemdum sem fram komu í þeirri skýrslu, og er svarbréf hans að finna á dskj. nr. 18. Svör hans virðast vera órökstuddar ályktanir hans og varpa ekki ljósi á þau atriði sem spurt var um.

Er niðurstaða læknaráðs Landspítalans svohljóðandi: „Stjórn læknaráðs telur, að ljóst sé, að barnið Sigfús Daði Guðlaugsson hafi hlotið heilaskemmd vegna súrefnisskorts fyrir eða í fæðingu.

Ekki er hægt að benda á nein augljós læknisfræðileg mistök, en við teljum að konan hefði átt að tengjast sírita strax eftir að ytri vending var gerð, því fæðingin var afbrigðileg.

Tíminn sem líður frá því að naflastrengur fellur fram og þar til barnið fæðist með keisaraskurði er óvenjulega langur og skýring á þessum töfum hefur ekki fengist."

Samkvæmt framansögðu verður að telja að viðleitni fyrirsvarsmanna Landpítalans til að skýra málsatvik hafi ekki borið þann árangur, sem að var stefnt.

Það er álit dómsins að ósannað sé að allt hafi verið gert sem í valdi viðkomandi læknis, Árna Ársælssonar, stóð til þess að ná barninu út á sem skemmstum tíma eftir að naflastrengurinn féll fram, og óupplýst er hvers vegna svo langur tími leið frá slysinu þar til konan var svæfð fyrir keisaraskurð. Það verður að ætla að þessi tími kunni að hafa skipt sköpun um ástand barnsins og líkur þess til að komast óskaddað úr fæðingunni. Eins og málsatvikum er háttað þykir sönnunarbyrðin um þessi atriði hvíla á stefndu. Þykja stefndu því bera óskipta bótaábyrgð á tjóni því sem ætla verður að stefnandinn Sigfús Daði hafi orðið fyrir í fæðingu, enda hefur ekki, eins og áður greinir, verið sýnt fram á að sköddun hans hafi orðið fyrr á meðgöngunni.

Verður nú vikið að bótafjárhæðinni.

Krafa stefnanda Sigfúsar Daða sundurliðast þannig:

Örorkubætur	kr.	7.000.000,00
Miskabætur	kr.	1.500.000,00
Samtals	kr.	8.500.000,00

Örorkubótakrafan er byggð á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 52, kr. 5.099.511,00, sem er verðmæti tapaðra vinnutekna á útreikningsdegi þann 4. maí 1987 auk kr. 297.505,00 vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda eða samtals kr. 5.397.016,00. Við þessa fjárhæð er bætt kr. 1.602.984,00 vegna hugsanlegrar áfrýjunar málsins til Hæstaréttar.

Af hálfu stefndu er útreikningi örorkubóta ekki andmælt, en kröfufjárhæð umfram það er mótmælt sem órökstuddri. Þá er þess krafist að höfuðstóllinn verði lækkaður vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis. Í örorkutjónsútreikningi á dskj. nr. 36, sem vísað er til í hinum síðari útreikningi varðandi forsendur, er tekið fram að ekki hafi verið tekið tillit til örorkulífeyris sem Sigfús Daði kann að öðlast rétt til hjá almannatryggingum. Engin krafa er gerð af hálfu stefndu um lækkun bótanna vegna þessa.

Fallast má á það að fjárhæð umfram örorkutónsútreikning sé órökstudd, en hins vegar þykir mega leggja örorkutjónsútreikninginn til grundvallar bótagreiðslum til handa stefnanda Sigfúsi Daða.

Samkvæmt 2. tl. 28. gr. skattalaga nr. 75/1981 eru bótagreiðslur til bótaþega undanþegnar skatti. Ákvæði þetta er sett í lög til hagræðis fyrir bótaþega, óháð bótafjárhæð eða aðstæðum bótagreiðanda. Er ljóst að samkvæmt lögunum er ekki gert ráð fyrir því að bótagreiðandi njóti skattfríðindanna til lækkunar á bótagreiðslum. Með því að lækka bótagreiðslur til stefnanda vegna óljósra skattfríðinda er því sýnt að hagur hans vegna skattfríðindanna verður ekki sá sem honum er veittur samkvæmt lögunum. Á hinn bóginn er fyrir því áratuga löng dómvenja að lögákveðin skattfríðindi bótaþega hafa áhrif til lækkunar á bótagreiðslum honum til handa, og þykir því ekki hjá því komist að hafa það í huga við ákvörðun örorkubóta. Með vísan til þessa, og þegar jafnframt hefur verið tekið tillit til hagræðis stefnanda af eingreiðslu bótanna, þykja örorkubætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 4.900.000,00.

Í greinargerð á dskj. nr. 39 er fjárhæðum miskabóta mótmælt sem of háum, og við munnlegan málflutning hélt lögmaður stefndu því fram að þar sem stefnandinn Sigfús Daði skynjaði lítið sem ekkert af umhverfi sínu, þá væri spurning hvort miskabætur ættu við í þessu tilviki. Á þá röksemdafærslu verður ekki fallist, og á hún sér enga stoð í 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem miskabótakrafan byggist á. Með hliðsjón af öllum málavöxtum þykja miskabætur til handa þessum stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 800.000,00.

Krafa stefnanda Bryndísar Halldóru sundurliðast þannig:

Bætur vegna kostnaðar við heimsóknir og umönnun barnsins	kr.	250.000,00
Miskabætur	kr.	750.000,00
Samtals	kr.	1.000.000,00

Krafa stefnanda Guðlaugs Rúnars sundurliðast þannig:

Bætur vegna kostnaðar við heimsóknir og umönnun barnsins	kr.	250.000,00
Miskabætur	kr.	400.000,00
Samtals	kr.	650.000,00

Bótakröfum foreldranna vegna kostnaðar við heimsóknir og umönnun barnsins er ekki andmælt í greinargerð stefndu, en við munnlegan málflutning var þeim mótmælt sem of háum. Af hálfu lögmanns stefnenda var því haldið fram að andmælin væru of seint fram komin.

Mótmæli gegn fjárhæð bótanna teljast ekki of seint fram komin, þar sem bótafjárhæðin var hækkuð í kröfugerð við munnlegan málflutning.

Þegar það er virt að foreldrarnir búa báðir í Vogum á Vatnsleysuströnd, en barnið er vistað á Kópavogshæli, þá er ljóst að allmikill kostnaður fylgir því að heimsækja barnið. Ennfremur er ljóst, með hliðsjón af ástandi barnsins sem er óvéfengt, að nokkur kostnaður hlýtur að fylgja umönnun þess á heimili þegar foreldrarnir taka það til sín. Þar sem engar horfur eru á að ástand barnsins muni lagast, þá þykja þessar fjárhæðir ekki ofmetnar og verða því teknar til greina að fullu.

Af greinargerð stefndu á dskj. nr. 39 verður ekki annað ráðið en að fallist sé á miskabótakröfu beggja foreldra, og er henni einungis mótmælt þar sem of hárri. Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefndu hins vegar miskabótakröfu Guðlaugs Rúnars, þar sem hún ætti ekki stoð í lögum, en kvaðst hins vegar fallast á lögskýringu lögmanns stefnenda varðandi miskabótakröfu Bryndísar. Þessum andmælum var mótmælt sem of seint fram komnum. Lögmaður stefndu hélt því fram að hér væri um lögskýringaratriði að ræða og væru andmælin því ekki of seint fram komin.

Fallast má á það að hér sé um lögskýringaratriði að ræða, en svo er einnig um miskabótagrundvöll Bryndísar. Telja verður hins vegar að samkvæmt reglu um forræði aðilja á sakarefni sé stefnda heimilt að samþykkja bótagrundvöll, hvort sem lögskýring stefnenda á sér stoð eða ekki. Í greinargerð stefndu felst yfirlýsing um að hann samþykki bótagrundvöll fyrir miskabótakröfu beggja foreldranna, og eru því andmæli gegn bótagrundvelli miskabóta Guðlaugs Rúnars við munnlegan málflutning of seint fram komin.

Samkvæmt málavöxtum öllum þykja miskabætur til handa Bryndísi Halldóru hæfilega ákveðnar kr. 600.000,00 og miskabætur til handa Guðlaugi Rúnari hæfilega ákveðnar kr. 400.000,00, eins og krafa er gerð um. Við ákvörðun miskabóta er höfð hliðsjón af ákvörðun vaxtafótar, sem nú verður vikið að.

Varakröfu á dæmdar fjárhæðir er mótmælt sem of hárri, auk þess sem kröfum um vaxtavexti er mótmælt, svo og vöxtum á málskostnað.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands nam meðaltal hæstu raunávöxtunar fjár á bundnum verðtryggðum reikningum tímabilið október 1980 - 1. febrúar 1985 1,8 - 1,9%. Fæst sú ávöxtun með því að færa fjármuni á milli reikninga sem hæsta ávöxtun gáfu hverju sinni. Samkvæmt því þykir ekki unnt að taka til greina kröfu stefnenda um 5% ársvexti þetta tímabil, og þykja vextir hæfilega ákveðnir 1,5% á ári.

Krafa stefnenda er verðtryggð til 4. maí 1987. Brestur því lagagrundvöll til þess að dæma dómvexti frá 1. febrúar 1985 eins og krafist er, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 56/1979. Þá er ekki unnt að taka til greina kröfu stefnenda um dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá fyrri tíma en 4. maí 1987, sbr. 16. gr. laganna. Samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands nam meðaltal raunávöxtunar á 6 mánaða verðtryggðum reikningum 3 - 3½% þetta tímabil, og þykja vextir með hliðsjón af því hæfilega ákveðnir 3%. Fallast má á þá kröfu stefnenda að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. október 1981.

Við munnlegan málflutning krafðist lögmaður stefndu þess að eftirgreind ummæli í greinargerð lögmanns stefnenda yrðu ómerkt með dómi, en féll jafnframt frá kröfu sinni í greinargerð um vítur á lögmann stefnenda fyrir þau ummæli. Ummælin eru á bls. 5 í grg. stefnenda á dskj. nr. 2, en þar segir: „Hann skyldi þó ekki hafa haft að geyma upplýsingar sem sýndu að legsamdrættir höfðu allan tímann meðan síritinn var í sambandi dregið verulega úr hjartslætti fóstursins? Hafi svo verið var ljóst að hagsmunir starfsfólksins mæltu með því að strimillinn „týndist". Liggur hér nærri að ætla, að ekki sé allt með felldu." Af hálfu lögmanns stefnenda hefur því verið haldið fram að ummæli þessi feli ekki í sér fullyrðingu og því sé ekki grundvöllur til að ómerkja þau.

Ummæli þessi fela í sér aðdróttanir í garð þeirra starfsmanna sjúkrahússins sem komu við sögu við fæðingu Sigfúsar Daða og eru ósönnuð og ósæmileg og ber að ómerkja þau.

Hin ummælin eru á bls. 7 í grg. stefnenda og eru svohljóðandi: „Um allar þessar greinargerðir læknanna má segja að þær bera það ekki með sér að verið sé af heiðarleika og einurð að leita að raunverulegum orsökum hins hörmulega slyss við fæðinguna." Af hálfu lögmanns stefndu var því haldið fram að það væri einkum notkun orðsins „heiðarleiki" í ummælunum sem ylli því að þau væru ósæmileg, en lögmaðurinn kvaðst hafa flett orðinu upp í orðabók, og væri það skilgreint þar með orðunum: áreiðanlegur, sómakær, ósvikinn. Þá benti lögmaðurinn á að eins og ummælin væru sett fram beindust þau einnig að greinargerð Sævars Halldórssonar, sem þó væri ekki gagnrýnd af hálfu lögmanns stefnenda. Því var mótmælt af hálfu lögmanns stefnenda.

Telja verður ljóst að framangreind ummæli beinist að greinargerðum Sigurðar Magnússonar á dskj. nr. 14, 18 og 28, skýrslu Árna Ingólfssonar og

Bjarna Rafnar á dskj. nr. 15 og bréfi stjórnar læknaráðs Landspítalans á dskj. nr. 19. Um greinargerðir þessar hefur allar verið fjallað áður. Með vísan til þess og eins og ummæli þessi eru fram sett þykja ekki efni til þess að ómerkja þau.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 468.650,00, þar með talin máflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., kr. 458.000,00, og greiðist þessi kostnaður samkvæmt gjafsóknarleyfi á dskj. nr. 40.

Vextir á málskostnað dæmast ekki, þar sem sú krafa á ekki lagastoð.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðjóni Guðnasyni yfirlækni og Konráði Lúðvíkssyni yfirlækni.

Dómsorð:

Framangreind ummæli á bls. 5 á dskj. nr. 2 eru ómerkt.

Stefndu, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Bryndísi Halldóru Bjartmarsdóttur f.h. ófjárráða sonar hennar Sigfúsar Daða Guðlaugssonar, kr. 5.700.000,00 ásamt 1,5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 1. febrúar 1985, en með 3% ársvöxtum frá þeim degi til 4. maí 1987, en með dráttarvöxtum skv. 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 12. október 1981.

Stefndu, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Bryndísi Halldóru Bjartmarsdóttur, kr. 850.000,00 ásamt 1,5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 1. febrúar 1985, en með 3% ársvöxtum frá þeim degi til 4. maí 1987, en með dráttarvöxtum skv. 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr. l. nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 12. október 1981.

Stefndu, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, kr. 650.000,00 ásamt 1,5% ársvöxtum frá 12. október 1980 til 1. febrúar 1985, en með 3% ársvöxtum frá þeim degi til 4. maí 1987, en með dráttarvöxtum skv. 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr. l. nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 12. október 1981.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda kr. 468.650,00 greiðist úr ríkissjóði, þar með talin máflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., kr. 458.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1989.

Nr. 258/1987. **Sigríður M. Vilhjálmsdóttir**
vegna db. Karls Þorfinnssonar
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Oddi Sigurðssyni f.h.
Leós E. Löve
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Fasteign. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 8. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. ágúst s.á. Hann gerir þær kröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann „sýknaður af öllum kröfum stefnda, þar sem dyr á bakvegg stigahúss í austurhluta hússins nr. 5 við Grensásveg hér í borg, sem skilja milli eignarhluta áfrýjanda og stefnda, eru aðeins neyðardyr, enda þann veg gerðar að fyrir þeim er eldvarnarhurð með u.þ.b. 80 cm breiðu dyraopi og u.þ.b. 20 cm háum þröskuldi og því sem slíkar alls kostar ónothæfar til hverskonar aðfanga og brottflutnings vöru og raunar illa nothæfar til almenns umgangs". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar hafa lagt ný gögn fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu deila aðilar um eðli og inntak umferðarréttar. Stefndi krefst frjálsrar og tálmanalausrar umferðar frá eignarhluta sínum í austurhluta 1. hæðar hússins nr. 5 við Grensásveg í Reykjavík um dyr á bakvegg stigahússins til útidyra á vesturhlið hússins, en áfrýjandi vill takmarka réttinn við neyðarumferð.

Stefndi byggir rétt sinn á eftirfarandi heimild í afsali:

„Kaupendur skulu setja dyr á skilrúmsvegginn milli húshlutanna að baki stigagangi þess. Skal dyraumbúnaður allur vera eldtraustur. Seljandi skal setja dyr á bakvegg (hússins) stigaganga gegnt fyrr-

nefndum dyrum og skulu kaupendur hafa rétt til umgangs um þær til útidyra."

Stefndi dregur rétt sinn frá kaupendum en áfrýjandi frá seljanda.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að þrátt fyrir orðalag þessa ákvæðis afsalsins hafi verið ætlun aðila að takmarka umferðarréttinn við neyðarumferð. Ber því af þessum ástæðum og að öðru leyti með vísun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 8. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Oddi Sigurðssyni, nnr. 6701-8796, Flókagötu 69, Reykjavík, gegn Sigríði M. Vilhjálmsdóttur, nnr. 7676-6843, Hlunnavogi 4, Reykjavík, vegna dánarbús Karls Þorfinnssonar, nnr. 5520-2036, Hlunnavogi 4, Reykjavík, með stefnu þingfestri 9. september 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkenndur verði réttur hans til frjálsrar og tálmanalausrar umferðar frá eignarhluta hans í austurhluta 1. hæðar hússins nr. 5 við Grensásveg í Reykjavík um dyr á bakvegg stigahússins til útidyra á vesturhlið umrædds húss, auk þess sem stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði með öllu sýknuð af kröfum stefnanda og honum gert að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í janúarmánuði 1974 hafi hann keypt austurhelming 1. hæðar Grensásvegar 5 í Reykjavík. Seljandi hafi verið Plastprent hf., sem með afsali dags. 7. desember 1967 hafði keypt eignarhluta þennan af Karli Þorfinnssyni, eiginmanni stefndu, en hann lést 7. desember 1982. Stefnda, sem m.a. sé eigandi vesturhluta 1. hæðar Grensásvegar 5, hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi 28. júní 1983. Svo hagi til á 1. hæð húseignar þessarar að eldtraust hurð sé á milli eignarhelminga stefnanda og stefndu. Í fyrstu hafi dyr þessar aldrei verið notaðar af stefnanda, en gengið um dyr Grensásvegar 7, sem jafnframt hafi verið í eigu

Plastprents hf. og síðar stefnanda. Á árinu 1980 hafi orðið þær breytingar á nýtingu húsnæðisins af hálfu stefnanda að hann hafi flutt rekstur plastprentunarfyrirtækis síns í annað húsnæði en leigt öðrum aðila þessa eign. Jafnframt hugðist hann nýta umferðarrétt sinn til útidyranna, sem vita að Grensásvegi og hann á samkvæmt skýru ákvæði í afsali dags. 7. desember 1967, sem er svohljóðandi: „Kaupendur skulu setja dyr á skilrúmsvegginn milli húshlutanna að baki stigagangs þess. Skal dyraumbúnaður allur vera eldtraustur. Seljandi skal setja dyr á bakvegg (hússins) stigaganga gegnt fyrrnefndum dyrum og skulu kaupendur hafa rétt til umgangs um þær til útidyra." Þegar stefnandi hugðist færa sér í nyt þennan ótvíræða rétt sinn hafi hann mætt harðri andstöðu af hálfu stefndu og þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hafi honum og leigutökum hans verið meinaður aðgangur að téðum útidyrum. Stefnandi hafi því neyðst til, með beiðni dags. 28. júní 1983, að fara fram á það við yfirborgarfógetann í Reykjavík, að hann með innsetningargerð veitti stefnanda frjálsan og óhindraðan umgang um umræddar dyr. Úrskurður fógetaréttar hafi verið kveðinn upp 19. ágúst 1983 og hafi fógeti heimilað að hin umbeðna gerð færi fram á ábyrgð gerðarbeiðanda (stefnanda). Í réttarhaldi í málinu í fógetarétti Reykjavíkur þann 19. október 1983 hafi stefnanda verið afhentur lykill að umræddum dyrum.

Þrátt fyrir það að stefnandi hafi fengið lykil að umræddum dyrum fari því fjarri að hægt sé að ganga hindrunarlaust um. Í gangvegi að dyrunum séu skilveggir og innréttingar sem stefnda eða leigutakar hennar hafi látið setja upp, auk þess sem gangurinn sé fullur af drasli. Stefnda hafi reynst ófáanleg þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli að fjarlægja þessar innréttingar og skilrúm og að ganga þannig frá að umferð verði tálmanalaus.

Stefnandi er ekki lengur eigandi umræddra húsnæðis, heldur Leó E. Löve, Breiðvangi 34, Hafnarfirði, en með framsali dags. 12. september 1986 hefur hann framselt stefnanda kröfuna samkvæmt máli þessu til löglegrar meðferðar á bæjarþingi Reykjavíkur, svo sem í framsali þessu segir.

Stefnandi byggir á því að honum sé nauðsynlegt að fá viðurkenningu dómstólanna á umferðarrétti sínum, svo honum sé kleift að nýta húsnæði sitt í austurhluta Grensásvegar 5, Reykjavík, tálmanalaust af hálfu stefndu.

Stefnandi vísar til almennra reglna eignarréttarins. Varðandi málskostnaðarkröfu stefnanda vísast til XII. kafla laga nr. 85/1936 um almenna meðferð einkamála í héraði.

Stefnda byggir á því að þegar afsalið á dskj. nr. 4 sé skoðað í heild sjáist að kaupendur, Plastprent hf., hafi látið setja inn í afsalið ákvæði þess efnis að kaupin væru gerð af þeirra hálfu með tilliti til samtengingar þess húshluta sem afsalið fjallar um við nyrðri helming hússins Grensásvegar 7 og myndu þeir á sinn kostnað gera dyr milli húsanna. Það hafi því bæði verið seljanda og kaupendum ljóst að kaupendur hugðust nýta hið keypta hús-

næði ásamt með húsnæði sínu í sambyggingunni nr. 7 við Grensásveg, og myndi allur umgangur og aðföng fara fram um inngang í húseignina nr. 7 við Grensásveg.

Frá upphafi hafi seljandi gengið að því sem gefnu, í samræmi við gagnkvæman skilning hans og kaupenda, að dyr þær á bakvegg stigahússins í húsinu nr. 5 við Grensásveg, sem stefnandi krefjist nú óhindraðs umgangs um, yrðu aldrei notaðar nema sem neyðardyr, enda þann veg gerðar að fyrir þeim er eldvarnarhurð með u.þ.b. 80 cm breiðu dyraopi og u.þ.b. 20 cm háum þröskuldi og því sem slíkar alls kostar ónothæfar til hvers konar aðfanga eða brottflutnings vöru og raunar illa nothæfar til almenns umgangs. Af hálfu stefndu er orðalag afsalsins talið styðja þessa fullyrðingu, þar sem segir: „Seljandi skal setja dyr á bakvegg (hússins) stigaganga gegnt fyrrnefndum dyrum og skulu kaupendur hafa rétt til umgangs um þær til útidyra." Þetta orðalag, að kaupendur hafi rétt til umgangs um títtnefndar dyr til útidyra, styðji fullyrðingu um það að hér hafi einungis verið um neyðarútgang að ræða þrátt fyrir klaufalegt og ónákvæmt orðalag afsalsins.

Þá er af hálfu stefndu lögð áhersla á þá staðreynd að dyrnar hafi verið með þessum umbúnaði frá 1967 og aldrei verið að fundið fyrr en 16. febrúar 1981, að lögmaður stefnanda hafi ritað stefndu bréf. Raunar hafði fyrir þann tíma aldrei verið farið fram á það af kaupendum að fá að nota umræddar dyr, enda aldrei komið upp þau neyðartilvik að til þess hafi verið þörf. Stefnandi, sem hafi verið annar aðaleigandi Plastprents hf. er greint afsal var gert, hafi eignast hið afsalaða húsnæði einn áður en hann hafi selt það núverandi eiganda, Leó E. Löve. Honum hafi því verið fullljóst hvað legið hafi að baki hinu ónákvæma orðalagi í afsalinu, þrátt fyrir það að hann vilji nú notfæra sér það til aukins réttar á kostnað stefndu.

Þegar afsalið sé lesið sjáist að framarlega hafi verið strikuð út setning sem þó megi lesa, þar sem segir: „Þá sér seljandi á sama hátt um frágang sameignar innanhúss." Við útstrikun þessarar setningar megi sjá að stefnandi hafi sjálfur skrifað nafn sitt. Ástæða þessarar útstrikunar sé, að sögn stefndu, sú áhersla sem stefnandi hafi lagt á það að ekki væri um neina sameign að ræða innanhúss milli kaupenda og seljanda, þar sem dyrnar margumræddu hafi skilið þar endanlega á milli.

Þegar allt framanritað sé skoðað í samhengi sé ljóst að strax í upphafi, eða árið 1967, hafi verið gengið frá dyraumbúnaði með þeim hætti sem hann sé enn í. Í 14 ár, eða frá árinu 1967 til 1981, hafi þáverandi eigendur enga tilburði haft í þá átt að krefjast annars umgangs um dyrnar en til hafi verið ætlast í upphafi. Stefnda hafi afhent lykil að neyðarhurðinni, svo að unnt sé að nota hana í neyðartilfellum sem útgang. Því sé haldið fram af stefndu að afgerandi forsenda hafi verið fyrir sölunni á sínum tíma

að þarna yrði aðeins um neyðarútgang að ræða, enda hafi verið ljóst á þeim tíma að kaupendur, Plastprent hf., hafi alfarið ætlað að nota inngang í húsið um eignina nr. 7 við Grensásveg til þess að komast að hinu keypta húsnæði í húsinu nr. 5, þar sem þeir hafi opnað milli húsanna. Stefnda mótmælir því öllum frekari umgangsrétti um títtnefndar dyr en þeim sem verið hafi til þessa, þ.e.a.s. til neyðarútgangs.

Í greinargerð hafði stefnda uppi áskilnað um rétt til að gagnstefna til viðurkenningar á því að dyr á bakvegg stigahússins til útidyra á vesturhlið hússins nr. 5 við Grensásveg í Reykjavík væru neyðardyr og skuli einungis notast sem slíkar. Engin gagnkrafa var þó uppi höfð í málinu af hálfu stefndu.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í málinu stefnandi Oddur Sigurðsson svo og vitnið Haukur Eggertsson.

Dómari kynnti sér aðstæður á vettvangi ásamt stefnanda og lögmönnum aðila.

III.

Ekki verður talið að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur frá 19. ágúst 1983, þar sem tekin var til greina innsetningarbeiðni stefnanda um frjálsan og óhindraðan umgang um dyr á bakvegg stigahússins að Grensásvegi 5, Reykjavík, sé því til fyrirstöðu að stefnandi geti höfðað mál þetta fyrir bæjarþinginu.

Í máli þessu er ágreiningsefnið það hvort eigandi að austurhelmingi 1. hæðar greindrar fasteignar eigi umferðarrétt um stigagang og eignarhluta stefndu að Grensásvegi 5 að og frá eignarhluta sínum í húsinu.

Þannig hagar til á Grensásvegi 5 að steinveggur skilur á milli eignarhluta aðila í húsinu. Á þeim vegg er eldtraust hurð. Vestan við hana, í eignarhluta stefndu, tekur við stuttur gangur með dyrum andspænis út í stigagang hússins, þaðan sem gengt er til útidyra. Stefnandi gerir nú kröfu til frjálsrar og tálmanalausrar umferðar þessa leið að austurhluta hússins, en allt frá 1967, er Plastprent hf. eignaðist þetta húsnæði, var það samtengt nyrðri hluta Grensásvegar 7, þar sem opið var á milli húshlutanna, og var allur umgangur og aðföng frá Grensásvegi 7, svo sem fram er komið.

Rétt sinn til umferðar byggir stefnandi á ákvæðum afsalsins frá 7. desember 1967, þar sem tekið er fram að kaupendur að austurhluta Grensásvegar 5 skuli hafa rétt til umgangs um dyr á bakvegg stigahúss til útidyra. Ekki verður af greindu afsali ráðið að umgangur þessi skyldi bundinn við neyðartilvik eða takmarkaður með öðrum hætti. Þótt samtenging húshlutanna að Grensásvegi 5 og 7 og sameiginleg nýting þeirra hafi valdið því að umferðarréttur um fasteignina að Grensásvegi 5 hafi ekki verið nýttur, verður að telja að hann sé fyrir hendi og geti orðið virkur, ef þörf verður

á, vegna nýtingar austurhluta 1. hæðar Grensásvegar 5. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og réttarhlés.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Odds Sigurðssonar, til frjálsrar og tálmanalausrar umferðar frá eignarhluta í austurhluta 1. hæðar hússins nr. 5 við Grensásveg í Reykjavík um dyr á bakvegg stigahússins til útidyra á vesturhlið hússins.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. febrúar 1989.

Nr. 255/1987. **Guðmunda Gísladóttir og**
Jón Gíslason
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Ragnheiði Ólafsdóttur
Ólafi Ágústi Ólafssyni
Ástríði Ólafsdóttur
Arndísi Gísladóttur
Hildi Gísladóttur
Ólafi Gíslasyni
Ólafi Þorsteinssyni
Valdísi Kristjánsdóttur
Guðrúnu Kristjánsdóttur
Steinunni Aagot Kristjánsdóttur
Ágústu Áróru Þorsteinsdóttur og
dánarbúi Steinunnar Jónsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðilum færi á að afla eftirtalinna gagna:

1. skýrslu Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns um erfðaskrárgerð hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur,

2. annarra þeirra gagna, sem varpa kynnu frekara ljósi á arfleiðsluvilja hjónanna.

Úrskurðarorð:

Aðilum veitist kostur á að afla framantalinna gagna.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 334/1987. **Áslaug Kristinsdóttir og**
Þórhallur Matthíasson
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Eddu hf., umboðs- og heildverslun
(Skúli J. Pálmason hrl.)

Fjárnám. Kyrrsetning. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Að fengnu áfrýjunarleyfi, sem út var gefið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 25. nóvember 1987, fengu áfrýjendur gefna út stefnu til Hæstaréttar 26. nóvember s.á. Þau krefjast þess, að felld verði úr gildi fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar 2. mars 1987, en þá var gert fjárnám í fasteigninni Langholti 10 á Akureyri til tryggingar 206.113,00 krónum auk vaxta og kostnaðar. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags er krafist staðfestingar fjárnámsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur skýra svo frá að þau hafi á árinu 1985 keypt Langholt 10 af Ástríði Sigvaldadóttur og Júlíusi Thorarensen og fengið umráð eignarinnar 15. júní á því ári. Er þessu eigi mótmælt af hálfu stefndu. Í málinu hefur verið lagt fram afsal til áfrýjenda dagsett 24. júlí 1986. Einnig hefur verið lagt fram endurrit úr fógetabók Akureyrar, þar sem fram kemur að 29. júlí 1986 fékk Edda hf., stefnda hér fyrir dómi, gerða kyrrsetningu í Langholti 10 vegna skuldar Ástríðar Sigvaldadóttur að fjárhæð 206.113,00 krónur auk tiltekinna vaxta og kostnaðar. Var kyrrsetningunni þinglýst 1. ágúst 1986. Afsalið frá 24. júlí var móttekið til þinglýsingar 13. ágúst sama ár og þinglýst sama dag. Var skráð á það athugasemd um 3 kyrrsetningar „vegna skulda fyrri eigenda Ástu Sigvaldad." Er óumdeilt að hér var m.a. um að ræða kyrrsetninguna, sem stefnda fékk gerða 29. júlí. Stefnda höfðaði mál gegn Ástríði Sigvaldadóttur. Dómur gekk 15. september 1986 á bæjarþingi Akureyrar og var dómsorðið þannig:

„Stefnda, Ástríður Sigvaldadóttir, persónulega og fyrir hönd einkafirma hennar, Önnu Maríu, hannyrðaverslunar, greiði stefnanda, Eddu hf., umboðs- og heildverslun, kr. 206.113,00 auk 2,25% mánaðarvaxta frá 01.04. 1986 til greiðsludags og kr. 29.566,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Kyrrsetningargerðin frá 29.07. 1986 til tryggingar fjárhæðum þessum staðfestist."

Eftir þetta fór hin áfrýjaða fógetagerð fram.

Áfrýjendur telja að kyrrsetningin 29. júlí 1986 hafi ekki veitt stefndu rétt til að gera fjárnám í Langholti 10, þar sem þau hafi verið eigendur fasteignarinnar. Skipti engu, þó að afsali til þeirra hafi ekki verið þinglýst fyrr en síðar og eftir þinglýsingu kyrrsetningarinnar. Þýðing kyrrsetningar sé ekki sú að hún geti hnekkt eignarrétti eins og þau höfðu öðlast. Þá telja áfrýjendur að það sé galli á fjárnámsgerðinni að bókað var að Þórhallur Matthíasson, annar áfrýjenda, mætti fyrir gerðarþola, sem sé talinn Ástríður Sigvaldadóttir. Þórhallur hafi hins vegar neitað að skrifa undir í fógetabókina og þar með hafi hann haft uppi mótmæli sem átt hafi að fella úrskurð um.

Af hálfu stefndu er með tilvísun til 29. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 talið að kyrrsetningin, sem fyrr er lýst, skapi rétt sem gangi framar rétti áfrýjenda enda hafi henni verið þinglýst áður en þinglýst var afsalinu til áfrýjenda. Hafi fjárnámið því verið lögmætt, enda ekki á því neinir réttarfarságallar.

Eftir 18. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann og 29. gr. laga nr. 39/1978 gat hið stefnda hlutafélag krafist fjárnáms í Langholti 10 til tryggingar skuld Ástríðar Sigvaldadóttur eftir dómi bæjarþings Akureyrar 15. september 1986. Eigi var lögskylt að úrskurður gengi í fógetaréttinum, áður en fjárnám var gert enda komu eigi fram mótmæli við gerðina. Þó að Ástríður sé ranglega talin gerðarþoli í fógetabókinni í stað áfrýjenda fær það ekki hnekkt gildi fjárnámsins, sem ber að staðfesta.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Áslaug Kristinsdóttir og Þórhallur Matthíasson, greiði stefndu, Eddu hf., umboðs- og heildverslun, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar 2. mars 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. mars, var fógetaréttur Akureyrar settur að Langholti 10 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Birni Rögnvaldssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fjárnámsmálið nr. 161/1987. Heildverslunin Edda hf. gegn Ástríði Sigvaldadóttur.

Fógeti leggur fram:

Nr. I. Gerðarbeiðni.

Nr. II. Dóm bæjarþings Akureyrar frá 15.09. 1986, birtan þ. 28.01. 1987.

Nr. III. Endurrit úr fógetabók Reykjavíkur frá 27.02. 1986.

Svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bjarni Þór Óskarsson lögfræðingur og krefst fjárnáms fyrir kr. 206.113,00 með 2,25% mánaðarvöxtum frá 01.04. 1986 til greiðsludags, kr. 830,00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 2.620,00 fyrir ritun gerðarbeiðni og mót, kr. 29.566,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Þórhallur Matthíasson, eigandi eignarinnar Langholts 10. Gætt er leiðbeiningaskyldu.

Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Langholti 10, Akureyri.

Mætti kveðst ekki skrifa undir fyrr en hann hefur rætt við lögmann sinn.

Fallið frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Gerðinni lokið.

Upplesið, játað rétt bókað.

Mætti neitar að skrifa undir.

Bjarni Þór Óskarsson.

Rétti slitið.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 293/1988. **Uni Þórir Pétursson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Skagaskel hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Sjómannalög. Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 23. ágúst 1988. Hann gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmt að greiða 197.055,50 krónur auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði frá 9. apríl 1986 til 1. maí 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig krefst hann staðfestingar á sjóveðrétti í Hafborgu SK-50 til tryggingar greindum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnda hefur stefndi tekið við öllum eignum Þórðarhöfða hf. og þeim skuldbindingum, sem kunna að hvíla á Þórðarhöfða hf. gagnvart áfrýjanda vegna lögskipta þeirra, sem mál þetta varðar.

Hér fyrir dómi reisir stefndi kröfur sínar á eftirfarandi ástæðum, í fyrsta lagi að áfrýjandi eigi ekki rétt á aflahlut á uppsagnartímabili, heldur einungis kauptryggingu, fastakaupi og orlofi, í öðru lagi að áfrýjandi hafi með tómlæti fyrirgert rétti til þess að hafa uppi frekari fjárkröfur vegna slita ráðningarsamnings, í þriðja lagi að áfrýjandi skuldi stefnda hærri fjárhæð en kröfu hans nemi og sú fjárhæð komi til skuldajafnaðar gegn kröfu áfrýjanda.

Áfrýjanda var vikið úr stöðu skipstjóra, án þess að vanefndir af hans hálfu veittu heimild til uppsagnar. Á áfrýjandi því kröfu á

bótum samkvæmt 2. mgr. 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 fyrir það tjón, sem frávikningin bakaði honum. Samkvæmt 3. og 4. mgr. 45. gr. laganna skulu bætur til skipstjóra, sé eigi annað sannað, nema kaupi á þriggja mánaða uppsagnartímabili, þ. á m. aflahlut, ef honum er til að dreifa.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi krafðist lögmaður áfrýjanda þess í bréfi til framkvæmdastjóra Þórðarhöfða hf. hinn 18. mars 1986 að áfrýjanda yrði greiddur „fullur hlutur í þrjá mánuði" vegna slita ráðningarsamnings. Þessu bréfi svaraði framkvæmdastjórinn „f.h. Þórðarhöfða h/f og Skagaskel h/f" hinn 9. apríl 1986 og sendi áfrýjanda reikningsyfirlit og tékka að fjárhæð 100.000,00 krónur. Í yfirlitinu kemur fram að stefndi reiknar áfrýjanda kauptryggingu, fastakaup og orlof vegna mars, apríl og maí 1986, samtals að fjárhæð 158.441,50 krónur, en að frádregnum 58.441,50 krónum, sem áfrýjandi var talinn skulda. Í uppgjöri þessu er áfrýjanda ekki reiknaður aflahlutur. Þótt ekki sé sannað að áfrýjandi hafi haldið innheimtutilraunum áfram fyrr en með stefnu, sem birt var 2. mars 1987, þykir hann ekki hafa glatað rétti sínum til að hafa uppi kröfur um fullar bætur samkvæmt þeim ákvæðum sjómannalaga, sem fyrr greinir.

Skuldajafnaðarkröfur stefnda eru tvíþættar, annars vegar fyrrgreind fjárhæð 58.441,50 krónur vegna 33 netaslangna og iðgjalds í lífeyrissjóð, hins vegar „ofgreidd laun" 230.478,08 krónur og andvirði „færatógs" 50.000,00 krónur, sem stefndi heldur fram að áfrýjandi skuldi útgerðinni. Gagnkröfur þessar eru vanreifaðar og verða þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina í þessu dómsmáli.

Ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfur áfrýjanda. Vaxtakröfu er ekki mótmælt.

Samkvæmt því sem að framan greinir ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 197.055,50 krónur með vöxtum eins og krafist er. Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda samtals 110.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi á eftir 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 sjóveðrétt fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Skagaskel hf., greiði áfrýjanda, Una Þóri Péturssyni, 197.055,50 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði

frá 9. apríl 1986 til 1. maí 1987 og með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 110.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/b Hafborgu SK-50 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 20. apríl 1988.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 24. mars 1988 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu birtri 2. mars 1987.

Stefnandi er Uni Þórir Pétursson skipstjóri, kt. 190342-2639, til heimilis að Kirkjugötu 9, Hofsósi.

Stefndi er Skagasel hf., kt. 430484-0449, Hofsósi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi, Skagaskel hf., verði dæmdur til að greiða honum 197.055,50 kr. auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 9. apríl 1986 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum reikningi.

Þá er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í mb. Hafborgu Sk-50 til tryggingar á framangreindum fjárhæðum.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Kauptrygging, fastakaup og orlof í mars 1986		kr. 41.071,50
Hlutur með orlofi í apríl 1986		kr. 197.296,00
Kauptrygging, fastakaup og orlof í maí 1986		kr. 58.682,00
		kr. 297.056,50
	Greitt	kr. 100.000,00
		kr. 197.056,50

Af hálfu stefnda eru dómkröfur þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Til vara krefst stefndi þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega.
3. Stefndi krefst í öllum tilvikum að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 27. febrúar 1986 var allri áhöfninni á mb. Hafborgu Sk-50, sem gerð var út af Þórðarhöfða hf., sagt upp störfum frá og með 28. febrúar 1986 vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri útgerðarinnar. Með bréfi dags. 10. mars 1986 var stefnanda máls þessa, en hann var skipstjóri á bátnum, greint frá því að Skagaskel hf. tæki yfir

allar eigur og allan rekstur Þórðarhöfða hf. Þá var stefnanda greint frá því í bréfi þessu að stjórn Skagaskeljar hf. hafi ráðið Steinþór Sigurbjörnsson sem skipstjóra á Hafborgu og að stefnanda yrðu greidd laun í einn og hálfan mánuð frá og með uppsagnardegi.

18. mars ritar lögmaður stefnanda framkvæmdastjóra Þórðarhöfða hf. (Skagaskeljar hf.), Sigurði Pálmasyni, bréf og krefst þess að stefnanda verði greiddur hlutur í þrjá mánuði, sbr. ákvæði sjómannalaga og kjarasamninga, og að miðað verði við sama aflamagn og báturinn fiskaði í mars, apríl og maí 1985.

9. apríl 1986 sendir Skagaskel hf. Una Péturssyni ávísun að upphæð 100.000,00 krónur ásamt reikningi sem sundurliðar uppgjör milli aðila. Á reikningnum er undirstrikað að þetta sé lokagreiðsla til stefnanda í uppsagnarfresti hans hjá Þórðarhöfða tímabilið 28. febrúar til 30. maí 1986. Þá er dregið frá launareikningi hans andvirði 33 netaslangna sem Þórðarhöfði taldi sig eiga hjá stefnanda en hann neitaði að skila. Reikningurinn er þannig sundurliðaður:

Mars 1986: 21 dagur		
Kauptrygging og fastakaup		kr. 37.285,50
orlof 10,17%		kr. 3.792,00
Apríl 1986:		
Kauptrygging og fastakaup		kr. 53.265,00
orlof 10,17%		kr. 5.417,00
Maí 1986:		
Kauptrygging og fastakaup		kr. 53.265,00
orlof 10,17%		kr. 5.417,00
	Samtals	kr. 158.441,50
Frádregið:		
Lífeyrissjóður		kr. 5.704,00
Netaslöngur 33 stk. á		
1.598,10 kr. stk.		kr. 52.737,50
	Samtals	kr. 58.441,50
Greitt með ávísun		kr. 100.000,00

Eftir þetta er ekki að sjá að neitt hafi verið gert í málinu fyrr en stefna var birt 2. mars 1987.

Málsástæður og lagarök stefnanda: Stefnandi byggir á því að hann hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti skv. 9. gr. 2. mgr. sjómannalaga nr. 35, 1985, og beri stefnda því að greiða honum staðgengilslaun í þann tíma í samræmi við fordæmisreglu Hæstaréttar.

Málsástæður og lagarök stefnda: Stefndi byggir í greinargerð sinni á því

að sér hafi verið heimilt að víkja stefnanda úr starfi fyrirvaralaust skv. 47. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, vegna ódugnaðar hans, og því hefði stefnandi í raun ekki átt rétt til launa í lengri tíma en hann starfaði hjá stefnda. Þrátt fyrir þetta hefði verið ákveðið að greiða honum laun í þrjá mánuði, sbr. dómskj. nr. 6.

Einnig byggir stefndi á því að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir tómlæti því stefnandi hafi án fyrirvara og athugasemdalaust tekið við lokauppgjöri og ávísun sem því fylgdi, en honum hafi verið í lófa lagið að gera athugasemdir við þetta. Krafa stefnanda, sem gerð er tæpu ári síðar, sé of seint fram komin. Þessu til stuðnings bendir stefndi á Hrd. 1968, 928.

Einnig heldur stefndi því fram að stefnandi skuldi sér í raun hærri fjárhæð en krafa hans nemur, sbr. dómskj. nr. 11. Hann krefst þess að til skuldajafnaðar komi, nái krafa stefnanda fram að ganga að einhverju leyti.

Hér á eftir verður greint frá skýrslum sem teknar voru hér fyrir dómi.

Fyrstur kom fyrir dóminn Sigurður Pálmason, 30 ára framkvæmdastjóri, Hlíðarvegi 54, Ólafsfirði. Hann hóf störf hjá Þórðarhöfða hf. 15. september 1985 og starfaði hjá fyrirtækinu í rúmt ár. Hann var fyrst beðinn um að útskýra dómskjal nr. 14. Kveður hann það vera viðskiptareikning milli Una Péturssonar annars vegar og Þórðarhöfða eða Skagaskeljar hins vegar, sem sýni launagreiðslur og önnur viðskipti milli aðila. Sigurður telur efstu tölu skjalsins, kr. 176.369,18, uppsafnaða skuld Una Péturssonar við fyrirtækið frá 1985 og að hann minni að það séu mest oftekin laun. Aðspurður um fylgiskjal nr. 196 á dómskjali nr. 14, kr. 150.000,00, greiðslu til Una Péturssonar, segir Sigurður það vera kaup Þórðarhöfða á hlutafjárloforði Una í fyrirtækinu, sbr. dómskj. nr. 15. Aðspurður um verð á 33 netaslöngum, sem í uppgjöri við Una Pétursson voru dregnar frá launum hans vegna þess að hann hafði ekki skilað þeim til fyrirtækisins, segir Sigurður að það hafi verið nærri lagi á þessum tíma en það hafi ekki verið athugað sérstaklega. Þá segir Sigurður að sér hafi ekki verið kunnugt um að Uni ætti eftir að fá greitt fyrir s.k. kraftaverkanet sem Uni telur sig hafa lagt útgerðinni til.

Sigurður kveður að hann hafi fyrst orðið var við að Uni mótmælti uppgjörinu er honum bárust fréttir af því að stefna hefði verið birt í máli þessu. Sigurður neitar því að Uni hafi haft samband við sig vegna uppgjörs þessa frá því að uppgjörið var sent og fram að þeim tíma að stefna var gefin út.

Næstur kom fyrir dóminn Uni Pétursson, stefnandi máls þessa. Aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa skuldað Þórðarhöfða kr. 176.369,18 um áramótin 1985-1986. Hann segir að þetta sé í fyrsta sinn sem hann sjái þessa tölu. Hann hafi alltaf talið að öll uppgjör milli sín og Þórðarhöfða hafi verið rétt. Um netaslöngur þær, sem dregnar voru frá launum hans á uppgjöri því sem honum var sent (dómskj. nr. 6), segist

stefnandi hafa verið í þeirri trú að hann ætti þær inni hjá útgerðinni vegna þess að um vorið 1985 fór Hafborgin Sk-50 á net sem hann lagði til. Stefnandi segir að þetta hafi verið 60-70 net. Stefnandi kveðst hafa tekið 10 stk. aftur en önnur hafi verið ónýt. Af þessum sökum taldi hann sig hafa gert vel við útgerðina með því að hafa einungis tekið 33 slöngur fyrir hinar. Stefnandi segir að í raun eigi hann enn 20 slöngur hjá útgerðinni, en teinana af hinum netunum hafi hann tekið aftur.

Aðspurður um það hvort hann hafi mótmælt þeim hætti sem hafður var við uppgjörið (dómskj. nr. 6) segist stefnandi hafa gert það við Sigurð Pálmason og sagt honum að hann ætti rétt til staðgengilslauna. Stefnandi kveður mótmæli þessi einungis hafa verið gerð munnlega.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda sömu kröfur og greinir í stefnu, þó þannig að hann gerir, að fengnu samþykki lögmanns stefnda, kröfu um hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 1. maí 1987 til greiðsludags.

Lögmaður stefnanda segir að ekki sé um tölulegan ágreining að ræða milli aðila. Lögmaður stefnanda kveðst ekki geta fallist á að um tómlæti sé að ræða hjá umbjóðanda sínum og vitnar í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 1987 eða seint á árinu 1986, Ármannsfell gegn Espigerði 2 eða 4. Lögmaðurinn leggur áherslu á að dómskj. nr. 14 sé ekki endurskoðað og að aldrei hafi verið gerð krafa til að innheimta skuld umbjóðanda hans hjá Þórðarhöfða. Þá mótmælir hann að skilyrði til skuldajafnaðar séu fyrir hendi að því er snertir netaslöngurnar, og vísar í því sambandi til laga um verkkaup frá 1930.

Lögmaður stefnda gerir sömu kröfur og greinir á dómskj. nr. 10. Hann lýsti því yfir að hann félli frá fyrstu málsástæðu sinni, þ.e. að heimilt hafi verið að víkja stefnanda fyrirvaralaust úr skiprúmi, en heldur fast við málsástæðurnar tómlæti og skuldajöfnuð. Hann telur skilyrði til skuldajafnaðar vera fyrir hendi en byggir einnig á því að vegna tómlætis hafi stefnandi firrt sig þeim rétti sem hann kunni að hafa haft. Máli sínu til stuðnings afhendir hann nokkurn fjölda dóma um tómlæti, en rekur þá ekki sérstaklega. Hann leggur áherslu á að á dómskj. nr. 6 sé undirstrikað að um lokagreiðslu sé að ræða og að stefnandi hafi ekki gert neina athugasemd við þetta uppgjör.

Niðurstöður: Stefnandi máls þessa byggir kröfu sína á því að hann eigi eftir ákvæðum 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985 rétt á staðgengilslaunum í þrjá mánuði frá því að honum er sagt upp störfum. Á þetta verður út af fyrir sig fallist með stefnanda. Stefnandi hefði því átt rétt á bótum fyrir það tjón sem uppsögnin bakaði honum. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að stefnandi hafi haft einhverjar tekjur á þessu tímabili, sem hefðu þá átt að koma til frádráttar. Skipstjóri á skv. 45. gr. sjó-

mannalaga rétt á óskertum launum, þar á meðal aflahlut, í þrjá mánuði, sbr. 3. og 4. mgr. 45. gr.

Stefnandi heldur því einnig fram að óheimilt sé að skuldajafna kaupverði netaslangnanna við launagreiðslu stefnda og vitnar í því sambandi til laga um verkkaup. Ekki hefur í máli þessu verið deilt um verðlagningu netaslangnanna, sem dregnar eru frá launum stefnanda, og verður því að líta svo á að verð þetta hafi verið rétt á þeim tíma er greiðslan fór fram. Í 1. gr. laga um verkkaup segir að óheimilt sé að greiða kaup með skuldajöfnuði nema svo hafi sérstaklega verið um samið. Virðist því verða að líta svo á að Þórðarhöfða hf. hafi verið óheimilt að draga andvirði netaslangnanna frá launum stefnanda eins og gert var á uppgjöri því er honum var sent 9. apríl 1986.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á skuldajöfnuði vegna ofangreindra launa, sbr. dómskjal nr. 14, og tómlætis. Ekki virðist unnt að leggja dómskjal nr. 14 til grundvallar þar sem það er óendurskoðað og stefnandi hefur mótmælt því að hafa skuldað stefnda nokkuð um áramótin 1985-1986.

Stefndi hefur ítrekað lagt áherslu á að á lokauppgjöri því sem stefnanda var sent 9. apríl 1986 hafi verið undirstrikað að þetta væri lokagreiðsla og því sé hér um tómlæti að ræða af hálfu stefnanda því krafa hans komi fram tæpu ári eftir að greiðslan fór fram. Dómarinn telur að fallast verði á þessi rök stefnda, enda þótt réttur stefnanda byggist á lögfestum reglum. Stefnandi tók við greiðslu, þar sem sagt er að um lokagreiðslu sé að ræða, án athugasemda og fyrirvaralaust. Þykir hann því hafa glatað rétti til að heimta frekari greiðslu, því hér sem endranær gildir sú almenna regla að sá sem leitar ekki réttar síns án ástæðulausrar tafar þegar honum er rétturinn ljós á á hættu að glata þeim rétti vegna tómlætis. Hér verður að telja að stefnda hafi verið rétt að líta svo á að samskiptum hans og stefnanda hafi verið lokið þar sem stefnandi gerði engar athugasemdir við uppgjörið fyrr en tæpu ári eftir að það var sent honum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Skagaskel hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Una Þóris Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 415/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steindóri Einarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. desember 1983 að ósk ákærða en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar.

Verjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Lögð hafa verið fram ný gögn fyrir Hæstarétt. Er hér um að ræða bréf Oktavíu Guðmundsdóttur félagsráðgjafa dagsett 17. nóvember 1988 og bréf Grétars Sigurbergssonar geðlæknis dagsett 9. febrúar sl. Bréf þessi varða alvarlegan heilsubrest ákærða. Þá hefur verið lagt fram nýtt sakarvottorð ákærða. Þar kemur fram að 19. júlí 1988 hefur ákærði undirgengist sátt um 20.000,00 króna sekt vegna brots á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og verið sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 15. nóvember 1990. Sátt þessi er hegningarauki við dóm frá 15. apríl 1988.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að við refsiákvörðun ber að vísa til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 svo sem gert er í dóminum. Með tilvísun til sakaferils ákærða og framlagðra bréfa um heilsufar hans þykir mega fresta fullnustu refsingar hans og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því að fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1988.

Ár 1988, mánudaginn 14. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í lögreglustöðinni á Hvolsvelli í Rangárvallasýslu af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602-604/1988: Ákæruvaldið gegn X, Y og Steindóri Einarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 2. þ.m. á hendur ákærða X og Steindóri Einarssyni, Flúðaseli 91 í Reykjavík, fæddum á Selfossi 18. september 1966.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 13. júní 1988 brotist inn í frystigeymslu Hraðfrystihúss Stokkseyrar hf. á Stokkseyri og stolið þar 95 pundum af humri.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Aðfaranótt mánudagsins 13. júní sl. héldu ákærðu, X, Y og Steindór Einarsson, saman í bifreið austur á Stokkseyri í þeim tilgangi að brjótast þar inn og stela humri. Þegar austur kom fóru ákærðu X og Steindór út úr bifreiðinni, þar sem ákærði Y hafði lagt henni við salthús Hraðfrystihúss Stokkseyrar, og gengu þaðan að frystihúsinu, þar sem þeir fóru inn um sílódyr og að frystiklefa á 1. hæð. Síðan sóttu þeir upp á efri hæð hússins verkfæri, sem þeir notuðu til að spenna með hespuna frá klefahurðinni, en að því stóðu þeir báðir.

Þeir héldu síðan inn í frystiklefann og tóku þar og slógu eign sinni á 19 öskjur af humri, hverja um sig 5 punda. Ákærðu héldu að þessu loknu á brott með fenginn í plastpokum sem þeir höfðu meðferðis og settu þá fyrir utan útidyrnar og gengu að bifreiðinni til ákærða Y sem bakkaði henni að dyrunum þar sem þýfið var, en það var sett í bifreiðina og henni ekið að heimili ákærða Steindórs, þar sem þýfið var geymt fram á næsta dag, en þá seldu ákærðu átta öskjur í veitingahúsið Hornið við Hafnarstræti og aðrar átta í veitingahúsið El Sombrero. Öskjurnar voru seldar á um eða yfir 14.000,00 krónur á hvorum stað. Ók ákærði Y á sölustaðina, en þar fóru þeir inn og önnuðust viðskiptin á meðan ákærði Y beið utan dyra í bifreiðinni. Peningunum skiptu ákærðu síðan jafnt á milli sín. Ákærði Y fékk einnig eina öskju í sinn hlut, ákærði X tvær, en ákærði Steindór enga. Seldu öskjurnar komust til skila að einni undanskilinni.

Niðurstöður.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærðu hafi gerst sekir um það sem þeim er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsiákvæðis.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hafa ákærðu X og Y ekki áður sætt kærum og refsingum, svo að kunnugt sé, en samkvæmt vottorði sama aðila hefur ákærði Steindór sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1986 3/6 í Árnessýslu. Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga.

1986 12/9 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 12 mánuði frá 29.8. 1986.

1987 13/5 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1987 14/7 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1988 15/4 í Reykjavík. Sátt: 40.000,00 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sbr. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. eldri umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 ár frá 15.11. 1987.

Refsingar.

Við ákvörðun refsingar ákærða Steindórs verður höfð hliðsjón af því að hann hefur með broti því sem hann nú er sakfelldur fyrir rofið skilorð dómsins frá 3. júní 1986. Verður refsingin samkvæmt þeim dómi því felld inn í þá refsingu sem ákærða verður nú ákveðin, sbr. 60. gr. almennra

hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærða Steindórs hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

— — —

Skaðabætur.

Hraðfrystihús Stokkseyrar hf. hefur uppi í málinu sundurliðaða bótakröfu að fjárhæð 26.700,00 krónur vegna tjóns á því sem skilað var, vegna fjögurra askna sem vantaði og vegna tjóns á húsnæðinu. Þá gera kaupendur humarsins, Sigurður Thoroddsen, Framnesvegi 26 í Reykjavík, og Lose Alberto Valensia, bótakröfur vegna humarsins sem þeir keyptu og urðu að skila. Er krafa hins fyrrnefnda að fjárhæð 14.000,00 krónur en hins síðarnefnda að fjárhæð 14.250,00 krónur. Hafa ákærðu allir samþykkt kröfurnar sem þykja réttmætar og verða þeir því dæmdir til þess að greiða þær óskipt.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærði, Steindór Einarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu X og Y sæti hvor um sig fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsinga þeirra beggja og niður skulu þær falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt í bætur:

Hraðfrystihúsi Stokkseyrar hf. 26.700,00 krónur, Sigurði Thoroddsen, Framnesvegi 26 í Reykjavík, 14.000,00 krónur og Lose Alberto Valensia 14.250,00 krónur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 347/1987. **Vinnslustöðin hf.**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Margréti Eygló Birgisdóttur
(Atli Gíslason hrl.)

Veikindalaun. Fæðingarorlof. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlensdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987 og gerir þessar dómkröfur:

„Aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og áfrýjandi verði að fullu sýknaður af kröfum þeim sem stefnda gerði í héraði, auk þess sem áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi að mati Hæstaréttar.

Til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 3.952,10 með 19% ársvöxtum frá 31/1 1984 til 1/1 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1/2 s.á., en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/3 s.á., en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/6 s.á., en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/9 s.á., en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/3 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/4 s.á., en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/3 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 14/4 s.á., en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1/6 s.á., en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1/7 s.á., en frá þeim degi með 36% ársvöxtum til 1/8 s.á., en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1/9 s.á., en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1/10 s.á., en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1/11 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 16/11 1987, en með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til

greiðsludags. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 7.357,70 með sömu vöxtum frá 18/2 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til 2. þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 8.413,60 með sömu vöxtum frá 24/2 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til 3. þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 11.206,40 með sömu vöxtum frá 18/3 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til 4. þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 11.528,40 með sömu vöxtum frá 24/3 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til ítrustu þrautavara, að málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður, þótt hinn áfrýjaði dómur verði að öðru leyti staðfestur."

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda en til vara, að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni 11.528,40 krónur með sömu vöxtum frá 17. apríl 1984 til greiðsludags og dæmdir voru í héraði, málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og henni dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefnda hefur lagt fyrir Hæstarétt svofellda sundurliðun kröfugerðar sinnar:

Aðalkrafa, laun frá 17. janúar til 17. apríl 1984, þ.e. í fulla þrjá mánuði:

84 klukkustundir í dagvinnu á kr. 63,77	kr.	5.357,00
160 klukkustundir í dagvinnu á kr. 66,96	kr.	10.714,00

Bónus	kr.	2.983,00
	kr.	19.054,00
10,17% orlof	kr.	1.938,00
Samtals	kr.	20.992,00
Sjúkradagpeningar sama tímabil til frádráttar	kr.	7.462,00
Aðalkrafa	kr.	13.530,00

Varakrafa, laun frá 17. janúar til 25. mars 1984, þ.e. einum mánuði fyrir fæðingardag barns stefndu:

84 klukkustundir í dagvinnu á kr. 63,77	kr.	5.357,00
96 klukkustundir í dagvinnu á kr. 66,96	kr.	6.428,00
Bónus	kr.	2.983,00
	kr.	14.768,00
10,17% orlof	kr.	1.502,00
Samtals	kr.	16.270,00
Sjúkradagpeningar sama tímabil til frádráttar	kr.	4.742,00
Varakrafa	kr.	11.528,00

Framangreind aðalkrafa stefndu svarar til niðurstöðu héraðsdóms og ítrustu þrautavarakröfu áfrýjanda. Varakrafa stefndu svarar til fjórðu þrautavarakröfu áfrýjanda. Varakrafa áfrýjanda er miðuð við laun frá og með 17. janúar til og með 31. janúar 1984, fyrsta þrautavarakrafa við laun til og með 18. febrúar s.á., önnur þrautavarakrafa við laun til og með 24. febrúar s.á. og hin þriðja við laun til og með 18. mars s.á. Miðar áfrýjandi varakröfu sína við þann tíma, er leið frá því að einkenni fæðingareitrunar komu fram að mati læknis stefndu til þess dags, er einkenni þessi höfðu gengið niður. Þrautavarakröfurnar miðast við dag einum eða tveimur mánuðum fyrir annars vegar áætlaðan fæðingardag barns stefndu en hins vegar fæðingardag barnsins.

Ekki er um það deilt, að stefnda hafi verið ráðin hjá áfrýjanda í meira en þrjú ár samfellt og samkvæmt 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og viðeigandi ákvæðum

þeirra kjarasamninga, er giltu um ráðningu hennar, unnið sér rétt til launa í veikindum, óskertra í einn mánuð og daglauna í tvo mánuði eftir það. Aðalkrafa stefndu er við þetta miðuð.

Áfrýjandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefnda hafi ekki verið haldin sjúkdómi, en jafnvel þó svo hafi verið sé ekki í ljós leitt að hún hafi verið óvinnufær af þeim sökum, og enn að hvorki sé það sjúkdómur í skilningi laga og kjarasamninga um laun í veikindum né hafi hún verið óvinnufær eftir þeim skilningi. Í þessu sambandi bendir áfrýjandi á, að stefnda hafi áfram unnið öll venjuleg störf á heimili sínu. Þá telur áfrýjandi stefndu ekki eiga rétt til veikindalauna á sama tíma og hún fékk greitt fæðingarorlof og bendir jafnframt á, að hún hafi á grundvelli veikinda fengið greitt óskert fæðingarorlof í fjóra mánuði. Hins vegar hafi stefnda verið ráðin til starfa hálfan daginn og nemi því orlofsgreiðslur mun hærri fjárhæð en laun fyrir sama tíma.

Stefnda andmælir rökum áfrýjanda og skírskotar meðal annars til forsendna hins áfrýjaða dóms.

II.

Héraðsdómur var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum og byggði niðurstöðu sína um veikindi og óvinnufærni stefndu á vottorðum læknis hennar og ályktun læknaráðs, svo sem rakið er í forsendum hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi hefur ekki fært fram nein gögn til að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti og ber að staðfesta hana.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber og að staðfesta þá niðurstöðu hans, að réttur stefndu til launa í veikindum nái til þeirra veikinda, sem hér um ræðir.

Á þeim tíma sem hér skiptir máli voru lagaákvæði um fæðingarorlof í 16. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 97/1980. Þar segir:

„(1. mgr.) Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

(2. mgr.) Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með

læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

...

(6. mgr.) Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

(7. mgr.) Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032 - 2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.

2. Foreldri, sem unnið hefur 516 - 1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á ⅔ hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.

3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á ⅓ hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

...

(11. mgr.) Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en fjóra mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

...

(15. mgr.) Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir."

Í 1. og 2. mgr. þessarar lagagreinar kemur fram, að foreldri ræður því, hvort fæðingarorlof þess hefst fyrr en á fæðingardegi. Í aðilaskýrslu sinni kveðst stefnda hafa ætlað að vinna út marsmánuð en hætta þá störfum og hafa ætlað að hvíla sig um það bil hálfan mánuð fyrir áætlaðan fæðingardag. Er áfrýjandi synjaði stefndu greiðslu veikindalauna neytti hún réttar síns til að hefja töku fæðingarorlofs fyrr en ella. Við þessar aðstæður sviptir sú ráðstöfun hana ekki samningsbundnum og lögmæltum rétti til

veikindalauna úr hendi áfrýjanda, sbr. 15. mgr. lagagreinarinnar. Samkvæmt 1. tölulið 7. mgr. hennar veitir starf hálfan daginn rétt til óskertrar orlofsgreiðslu.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram, að hugsanlega beri stefndu samkvæmt 1. mgr. 58. gr. almannatryggingalaga að endurgreiða fæðingarorlof að hluta, ef fallist verður á kröfur hennar. Var því af hennar hálfu lýst yfir, að Tryggingastofnun ríkisins yrði gerð grein fyrir úrslitum þessa máls og endurgreiðsla boðin fram, ef lög stæðu til þess. Í þessu máli verður ekki felldur dómur um þetta atriði og hefur enda ekki áhrif á greiðsluskyldu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um það, að fæðingarorlofsfé komi ekki til frádráttar veikindalaunum stefndu úr hendi áfrýjanda. Eins og kröfugerð er háttað kemur ekki til álita hvort miða beri lok veikindalauna við þann tíma, er stefnda að eigin sögn hafði hugsað sér að hætta vinnu um það bil hálfum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Ekki er ágreiningur um vaxtaákvæði héraðsdóms og ber að staðfesta það.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður.

Áfrýjandi, Vinnslustöðin hf., greiði stefndu, Margréti Eygló Birgisdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Bjarna K. Bjarnasonar.

Fram er komið, að stefnda hóf samkvæmt 16. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 97/1980 töku fæðingarorlofs mánuði fyrir fæðingu barnsins. Með hliðsjón af því teljum við, að áfrýjandi verði að svo komnu ekki dæmdur til að greiða stefndu veikindalaun fyrir þennan tíma. Samkvæmt þessu lítum við svo á að taka beri til greina vara-

kröfu stefndu og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 11.528,40 krónur. Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meirihluta dómenda.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. nóvember 1987.

Mál þetta sem dómtekið var 5. þ.m. höfðaði Margrét Eygló Birgisdóttir, nnr. 6345-5644, Herjólfsgötu 7, Vestmannaeyjum, gegn Vinnslustöðinni hf., nnr. 9336 - 2209, Vestmannaeyjum, með stefnu britri 2. maí 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 13.530,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 17.4. 1984 til 1.1. 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1.2. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.6. 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.9. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.4. 1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 14.4. 1987, en frá þeim degi er krafist dráttarvaxta skv. 12. og 14. grein laga nr. 25/1987. Loks er krafist málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning.

Til vara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.528,40 með sömu vöxtum og tilgreindir eru undir aðalkröfu og málskostnað í samræmi við málskostnaðarreikning.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmd til þess að greiða henni málskostnað að mati dómsins.

Til vara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 3.952,10 með 19% ársvöxtum frá 31.1. 1984 til 1.1. 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1.2. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.6. 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.9. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.4. 1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 14.4. 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1.7. 1987, en frá þeim degi með 36,0% ársvöxtum til 1.8. 1987,

en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1.9. 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1.10. 1987, en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1.11. 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Til þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 7.357,70 með sömu vöxtum frá 18.2. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til 2. þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 8.413,60 með sömu vöxtum frá 24.2. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til 3. þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.206,40 með sömu vöxtum frá 18:3. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til 4. þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.528,40 með sömu vöxtum frá 24.3. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til ítrasta þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 13.530,00 með sömu vöxtum frða 17.4. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra frá 30. apríl 1986 var Friðgeir Björnsson borgardómari skipaður til þess að fara með mál þetta.

Sáttaumleitanir í máli þessu hafa ekki borið árangur.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi mun hafa ráðist til starfa í fiskvinnslu stefndu árið 1978 og starfað þar óslitið til 17. janúar 1984. Hún var þá þunguð og gengin 27 vikur. Stefnandi ól barn sitt 25. apríl.

Stefnandi heldur því fram að hinn 17. janúar 1984 hafi hún verið orðin óvinnufær vegna sjúkdóms tengdum þungun hennar, þ.e. fæðingarþeitrunar.

Samkvæmt vottorði Einars E. Jónssonar, heilsugæslulæknis í Vestmannaeyjum, dags. 31. janúar 1984, var stefandni óvinnufær með öllu frá 17. janúar 1984 til fæðingardags barnsins.

Í sjúkradagpeningavottorði sama læknis dags. 9. febrúar 1984 segir orðrétt í athugasemdum eftirfarandi:

„Konan (þ.e. stefnandi) var komin með eggjahvítu í þvag, hækkaðan blóðþrýsting og vaxandi bjúg. Því ráðlögð hvíld frá allri erfiðisvinnu til fæðingar."

Í vottorði sama læknis um heilsu stefnanda, dags. 18. febrúar 1985, segir til viðbótar því sem fram kemur í fyrri vottorðum að stefnandi hafi komið í eftirlit að tveimur vikum liðnum frá 17. janúar 1984 talið og þá hafi blóðþrýstingur verið búinn að jafna sig, þvag verið orðið hreint af eggjahvítuefnum og bjúgur minnkað til muna. Þá segir orðrétt í vottorðinu.

„Þar sem ástand konunnar hafði skánað var henni ráðlagt að halda áfram hvíld og þá alveg til fæðingar en hún fæddi heilbrigt stúlkubarn þann 25.4. 1984. Ef einkenni hennar hefðu ekki gengið niður eða þau versnað hefði konan í framhaldi af því verið innlögð á sjúkrahús.

Meðferð fólst því í hvíld og nokkuð þéttu eftirliti, því konan kom í eftirlit til undirritaðs 11 sinnum frá upphafi sjúkdómseinkenna til fæðingar."

Aðilar máls þessa deila m.a. um það hvort stefnandi hafi frá 17. janúar til 24. apríl 1984 verið haldin sjúkdómi í skilningi 5. og 6. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Hinn 23. júní 1986 var í málinu kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

„Með skírskotan til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 þykir rétt að æskja umsagnar Læknaráðs um eftirtalin atriði.

1. Hver er skilgreining Læknaráðs á sjúkdómnum fæðingareitrun?

2. Telur Læknaráð að Margrét Eygló Birgisdóttir hafi verið haldin fæðingareitrun (preeclampsia) frá 17. janúar til 31. janúar 1984?

3. Telur Læknaráð að Margréti Eygló hafi verið nauðsyn á að vera í leyfi frá störfum sínum hjá Vinnslustöðinni hf. frá 1. febrúar 1984 til þess tíma er hún ól barn sitt, í því skyni að koma í veg fyrir að hún fengi fæðingareitrun, eða fæðingareitrun versnaði, hafi hún haft hana fyrir?

4. Hvaða líkur (tölulegar) telur Læknaráð vera á því að Margrét Eygló hefði fengið fæðingareitrun eða henni versnað á framangreindu tímabili hefði hún haldið áfram störfum sínum hjá Vinnslustöðinni hf?

5. Hvaða líkur eru á að sú fæðingareitrun hefði leitt til óvinnufærni Margrétar Eyglóar í því starfi sem hún stundaði og hefði fæðingareitrunin reynst hættuleg heilsu hennar og fóstursins?

Á l y k t a r o r ð:

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framansögðu."

Ályktun Læknaráðs sem dagsett er 9. apríl 1987 er svohljóðandi:

„Svar 1: Fæðingareitrun (pre-eclampsia, toxemia of pregnancy,

pregnancy induced hypertension) er það nefnt þegar tvö eða þrjú af eftirfarandi einkennum eru til staðar á meðgöngutíma.

1. Hækkaður blóðþrýstingur yfir mörkin 140/90, mælt í hvíld við a.m.k. tvær samfelldar mælingar. Einnig ef neðri blóðþrýstingsmörk hækka meira en 15 mg Hg milli tveggja mælinga. Mörkin milli mildrar og alvarlegrar fæðingareitrunar eru þegar blóðþrýstingur fer yfir mörkin 160/110.
2. Eggjahvíta í þvagi.
3. Bjúgur.

Þegar eggjahvíta er til staðar er yfirleitt talað um að um alvarlega fæðingareitrun sé að ræða, þótt blóðþrýstingur nái ekki hærri mörkunum sem að ofan eru nefnd. Hástig fæðingareitrunar er svo þegar konan fær fæðingarkrampa (eclampsia).

Svar 2: Já.

Svar 3: Já.

Svar 4: Samkvæmt þeim upplýsingum sem getið er um í málsatvikum, hefur umræddur sjúklingur verið með fæðingareitrun á alvarlegu stigi. Sjúklingur hefur hlotið rétta meðferð og því hefur fæðingareitrunin dvínað um sinn, en hún læknast ekki fyrr en konan hefur fætt. Þ.e. aðeins hægt að halda einkennum í skefjum en ekki lækna sjúkdóminn fyrr en að fæðingu lokinni.

Svar 5: Fæðingareitrun sem hefst fyrir 30. viku meðgöngu er yfirleitt alvarlegri en seinna á meðgöngu. Ef ekki er beitt réttri meðferð (hvíld, rúmlegu og lyfjameðferð) versnar ástandið allt fram að fæðingu og endar þá með fæðingarkrampa í verstu tilvikum, þegar ekki hefur verið rétt við brugðist. Þar sem Margrét Eygló hefur eftir fyrrnefndri skilgreiningu haft fæðingareitrun á alvarlegu stigi, verður að telja að rétt hafi verið við brugðist og hún hafi alls ekki átt að stunda vinnu það sem eftir var meðgöngutímans."

Stefnandi byggir á því að hún eigi rétt til launa í veikindum samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 19/1979 og kjarasamningum Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1. júlí 1982 og 21. febrúar 1984. Í framangreindum lagaákvæðum og ákvæðum kjarasamninganna þar sem kveðið sé á um laun í veikindum sé hvergi að finna þá undantekningu að konur sem veikist á meðgöngutíma njóti ekki sömu réttinda og fyrir hendi eru þegar um annars konar veikindi sé að ræða. Í lögskýringargögnum sé hvergi að finna neitt um það að ætlunin hafi verið að gera undantekningu þessa efnis. Sama máli gegni um kjarasamningana, þar sé enga undantekningu að finna, hvorki í texta ákvæðanna né bókunum aðila.

Með lögum nr. 19/1979, sem leyst hafi af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfs-

manna til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla, hafi réttur til launagreiðslna í veikindum verið rýmkaður verulega. Vinnuveitendur hafi greitt samkvæmt lögum nr. 16/1958 í tilvikum sem stefnanda, en þá hafi aðeins verið um að ræða veikindalaun í hálfan mánuð. Þar sem nýju lögin hafi lagt vinnuveitendum meiri greiðsluskyldu á herðar hafi deilur risið um greiðsluskylduna og í þeim deilum hafi enn engin niðurstaða fengist. Því fari fjarri að vinnuveitendur og launþegar hafi nokkru sinni verið á sama máli um það að greiðsluskylda vinnuveitenda í tilvikum sem stefnanda hafi ekki verið fyrir hendi eins og stefnda haldi fram.

Stefnandi hafi sannað veikindi sín með ótvíræðari hætti en krafist sé í lögum nr. 19/1979. Þessum sönnunargögnum stefnanda hafi stefnda ekki hnekkt og of seint sé fram komin sú staðhæfing stefndu í munnlegum flutningi málsins að stefnandi hafi ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að hún hafi verið veik og óvinnufær og hefði átt að afla frekari gagna frá lækni sínum. Stefnda verði að bera hallann af þessu seinlæti, en stefnanda hafi verið unnt að leggja fram frekari gögn um veikindin hefði þess verið krafist í tíma.

Stefnandi mótmælir því að greiðsla fæðingarorlofs eigi að skerða rétt hennar til launagreiðslna úr hendi stefndu. Réttur til fæðingarorlofs sé unninn með sama hætti og réttur til orlofs, þ.e. stefnandi hafi átt þennan rétt fyrir og breyti hann engu um skyldur stefndu gagnvart stefnanda.

Stefndu beri að dæma til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnda mótmælir því ekki að fæðingareitrun sé sjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi. Hins vegar vefengir stefnda að stefnandi hafi nokkru sinni verið með fæðingareitrun og a.m.k. ekki frá 31. janúar 1984, þegar læknir hennar segir einkenni hafa gengið niður fram til fæðingardags barnsins.

Í vottorði læknis stefnanda komi ekki fram á hvaða stigi umgetin sjúkdómseinkenni voru. Þannig sé ekki greint frá því hversu hár blóðþrýstingurinn var. Í ályktun Læknaráðs sé tekið fram að blóðþrýstingur þurfi að fara yfir ákveðin mörk til þess að hann geti talist eitt af einkennum fæðingareitrunar. Ekki sé að sjá að Læknaráð hafi haft eða aflað sér upplýsinga um hversu hár blóðþrýstingur stefnanda var, en slíkar upplýsingar hefðu þurft að liggja fyrir til þess að hægt væri að segja til um með vissu hvort blóðþrýstingurinn gæti talist eitt af einkennum fæðingareitrunar. Því hafi verið mótmælt strax í greinargerð stefndu að stefnandi hafi verið haldin fæðingareitrun.

Læknir stefnanda lýsi öllum einkennum í þátíð í vottorði frá 9. febrúar 1984 og í vottorði læknisins frá 18. febrúar 1985 komi fram að öll einkenni hafi verið horfin þegar stefnandi kom í skoðun 31. janúar 1984.

Þessar staðreyndir mæli því í mót að stefnandi hafi verið haldin fæðingareitrun.

Þá leiki vafi á því að stefnandi hafi verið óvinnufær. Vottorð læknis stefnanda hafi að geyma fullyrðingu um óvinnufærni fram í tímann. Ekkert sé leitt í ljós um það að vinnuálag kunni að hafa verið orsök fæðingareitrunar hafi hún verið einhver og ekki verði ráðið af gögnum málsins með ótvíræðum hætti að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 17. janúar til fæðingar barnsins eða hluta þess tíma.

Jafnvel þótt talið yrði að stefnandi hafi verið óvinnufær allan tímann frá 17. janúar til fæðingar eða hluta hans þá veiti það henni samt sem áður ekki rétt til launa samkvæmt lögum nr. 19/1979, en tilvikum sem stefnanda hafi aldrei verið ætlaður staður í lögum eða kjarasamningum.

Í gildistíð laga nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, hafi aldrei verið talið að sjúkdómur sem fæðingareitrun félli undir lögin. Það hafi fyrst verið í gildistíð laga nr. 19/1979 sem því hafi verið haldið fram gegn eindregnum mótmælum vinnuveitenda, en fæðingarorlof hafi verið greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Aldrei hafi verið ætlast til þess að vinnuveitendur bæru kostnað af veikindum á meðgöngutíma. Hafi verið ætlunin að breyta þessari túlkun með setningu laga nr. 19/1979 hefði átt að taka það fram í lögunum að fæðingareitrun og skyldir sjúkdómar væru sjúkdómar í skilningi laganna. Það hafi ekki verið gert og því standi fyrri túlkun óhögguð.

Þá hafi verið settar sérstakar reglur um greiðslu fæðingarorlofs og því eigi reglur um veikindagreiðslur samkvæmt l. nr. 19/1979 ekki við þegar um þungun sé að ræða.

Stefnandi hafi fengið greitt fæðingarorlof í fjóra mánuði. Fjórða mánuðinn hafi hún fengið greiddan vegna veikinda. Þess sé krafist að greiðsla fæðingarorlofs í tvo mánuði sé dregin frá umkröfðu kaupi stefnanda annaðhvort miðað við áætlaðan fæðingardag barnsins eða raunverulegan, en þrautavarakrafa og 2. þrautavarakrafa stefndu lúti að því. Ef ekki verði á það fallist sé þess krafist að greiðsla fæðingarorlofs í einn mánuð sé dregin frá með sama hætti og lúti 3. og 4. þrautavarkrafa að því.

Verði aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina sé þess krafist að málskostnaður falli niður. Að baki málssókn þessari standi annars vegar Alþýðusamband Íslands og hins vegar Vinnuveitendasamband Íslands en félagsmenn beggja hafi ríka hagsmuni af því að fá skorið úr deiluefni þessu, og því sé rétt að kostnaður sé ekki alfarið lagður á annan aðila þessa máls.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er að stefnandi lét stefndu í té vottorð læknis síns um það að

hún væri óvinnuvær vegna sjúkdóms frá 17. janúar 1984 til fæðingardags barnsins. Stefndu hefur einnig verið kunnugt um vottorð læknisins dags. 9. febrúar 1984, a.m.k. frá þeim tíma að það var lagt fram í máli þessu 23. maí 1985, en í vottorðinu er sjúkdómseinkennum stefnanda lýst, ennfremur vottorð læknis stefnanda frá 18. febrúar 1985. Þá hefur verið lögð fram ályktun Læknaráðs frá 30. apríl 1987 þar sem talið er að stefnandi hafi verið með fæðingareitrun á alvarlegu stigi.

Enda þótt stefnda hafi vefengt að stefnandi hafi verið haldin fæðingareitrun frá 17. janúar til 25. apríl 1984 eða hluta þess tíma, hefur hún ekki hnekkt þeim sönnunargögnum sem stefnandi hefur lagt fram um sjúkdóm sinn og óvinnufærni, og ekki er leitt í ljós að mat læknis stefnanda á sjúkdómsástandi hennar hafi ekki verið rétt. Þá ber og að hafa í huga að stefnandi fór þar að ráðum læknis síns þegar hún tók sér hvíld frá vinnu utan heimilis á síðasta hluta meðgöngutímans.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum þykir verða við það að miða að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 17. janúar til 25. apríl 1984 af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í vottorðum læknis hennar frá 9. febrúar 1984 og 18. febrúar 1985.

Þá er óumdeilt í máli þessu að fæðingareitrun er sjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi og að slíkir sjúkdómar falla undir lög nr. 19/1979. Hins vegar deila aðilar samt um það hvort fæðingareitrun sé sjúkdómur í skilningi laga nr. 19/1979.

Í texta laganna er talað um veikindi, sjúkdóm eða atvinnusjúkdóm án þess að um nánari skilgreiningu sé að ræða. Þar er ekki getið um undantekningar. Sama máli gegnir um þá kjarasamninga sem stefnandi byggir og kröfur sínar á. Hvergi er að sjá að löggjafinn hafi haft í huga að undanskilja ákveðna tegund sjúkdóma lögunum og ekki verður slík undantekning byggð á því að forsvarsmenn heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði kunni að hafa túlkað lögin með einhverjum ákveðnum hætti, enda fátt leitt í ljós um það í þessu máli.

Lög nr. 19/1979 tryggja rétt verkafólks til ákveðinna launagreiðslna í veikindum og þar sem hvergi er að finna í lögunum eða lögskýringargögnum undantekningar sem löggjafinn hefur gert varðandi ákveðin veikindi er niðurstaða dómins sú að stefnandi njóti vegna veikinda sinna réttar til launagreiðslna samkvæmt lögunum.

Þá kemur loks til athugunar hvort greiðsla fæðingarorlofs til stefnanda eigi að einhverju leyti að draga frá þeim greiðslum sem stefnandi á rétt á úr hendi stefndu.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 97/1980, sem í gildi voru á þeim tíma sem hér ræðir um, eiga foreldrar sem lögheimili eiga á Íslandi rétt á þriggja mánaða fæðingar-

orlofi. Samkvæmt 11. mgr. 16. gr. laganna á móðir rétt á allt að eins mánaðar orlofi til viðbótar sé henni nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Upplýst er að stefnandi fékk greitt fæðingarorlof í fjóra mánuði.

Greiðslum fæðingarorlofs er ætlað að bæta þeim foreldrum sem ekki halda launum frá vinnuveitanda þegar barnsburð ber að höndum það tekjutap sem þeir verða fyrir.

Nú hagar svo til samkvæmt framangreindri niðurstöðu í máli þessu að stefnandi er talin eiga rétt á launum vegna veikinda frá stefndu, vinnuveitanda hennar, í þrjá mánuði að telja frá 17. janúar 1984 og varð hún því ekki fyrir tekjutapi í þann tíma. Hins vegar verður ekki talið að greiðsla fæðingarorlofs, hvort heldur í þrjá eða fjóra mánuði og hugsanlega fram yfir það sem stefnandi kann að hafa átt rétt á þegar framangreind niðurstaða í máli þessu er höfð í huga, eigi að leiða til þess að lögbundnar launagreiðslur stefndu til stefnanda í veikindum hennar lækki eins og stefnda heldur fram. Því verður ekki fallist á þær kröfur stefndu að fæðingarorlof komi að hluta til frádráttar launagreiðslum stefndu til stefnanda.

Niðurstaða dómsins er því sú að taka ber til greina aðalkröfu stefnanda.

Málskostnaður sem stefnda greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 110.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson umboðsdómari og læknarnir Guðmundur Steinsson og Reynir Tómas Geirsson.

Dómsorð:

Stefnda, Vinnslustöðin hf., greiði stefnanda, Margréti Eygló Birgisdóttur, kr. 13.530,00 með 19% ársvöxtum frá 17.4. 1984 til 1.1. 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1.2. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum á mánuði til 1.6. 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði til 1.9. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.4. 1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði til 14.4. 1984, en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1.6. 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1.7. 1987, en frá þeim degi með 36,0% ársvöxtum til 1.8. 1987, en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1.9. 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1.10. 1987, en frá þeim degi með 43,2% árs-

vöxtum til 1.11. 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 16.11. 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 110.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 310/1987. **Hagvirki hf.**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Ólafi Gunnarssyni og
Birni Einarssyni
(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 270.000,00 krónur „í bætur og/eða sem afslátt" með ársvöxtum sem hér segir: 19% frá 20. júní 1984 til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með þeim vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt vaxtalögum. Þá krefst áfrýj-

andi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum söluskatti lögum samkvæmt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls sem haldið var á bæjarþingi Kópavogs 24. mars 1988, en þá gáfu skýrslur til afnota í máli þessu Jóhann G. Bergþórsson, forstjóri áfrýjanda, stefndi Björn Einarsson og Gísli Friðjónsson, framkvæmdastjóri áfrýjanda. Jóhann G. Bergþórsson skýrði svo frá að stefndi Björn hefði komið til sín með blað með lýsingu á útlagningarvél og valtara, sem selja átti í einu lagi. Á blaði þessu var ekkert tekið fram um verð tækjanna eða árgerð valtarans. Sagði Jóhann að hann hefði skrifað inn á blaðið eftir upplýsingum stefnda Björns að valtarinn væri af árgerð 1974, og verð það sem stefndi Björn vildi fá væri um 1,7 milljónir króna fyrir útlagningarvélina og 1,4 til 1,5 milljónir króna fyrir valtarann eða samtals 3,1 til 3,2 milljónir króna. Stefndi Björn skýrði svo frá að hann hefði viljað fá rúmar 3 milljónir króna fyrir báðar vélarnar en mótmælti því að hann hefði nokkurn tíma sundurliðað verð á valtara og útlagningarvél. Gísli Friðjónsson skýrði svo frá að áfrýjandi hefði bókfært útlagningarvélina á 1,5 milljónir króna og valtarann á 900 þúsundir króna.

Í málinu er fram komið að stefndi Björn keypti hinn umdeilda valtara notaðan í Svíþjóð á árinu 1982. Árgerðin var ekki skráð á tækið og kom heldur ekki fram á reikningi, en Björn hefur borið fyrir rétti að seljandinn hafi gefið þær upplýsingar að valtarinn væri af árgerð 1974.

Óumdeilt er að stefndi Björn gaf þær upplýsingar við sölu valtarans að hann væri af árgerð 1974, og var sú árgerð skráð í kaupsamninginn. Er ekki fram komið að Björn hafi vitað að valtarinn væri af árgerð 1969, er hann seldi áfrýjanda hann.

Upplýst er að umræddur valtari var afhentur frá verksmiðju á árinu 1969. Þótt ekki sé leitt í ljós að tæknilegur munur hafi verið á völturum af árgerð 1974 og 1969 þá er ljóst að vélar og tæki verða verðminni með aldrinum og verðmæti þeirra á markaðinum miðast að nokkru leyti við árgerð þeirra. Áfrýjandi mátti treysta því að þær upplýsingar sem fyrir lágu við kaupin væru réttar. Verður því

að telja að umræddur valtari hafi verið verðminni en áfrýjandi mátti gera ráð fyrir og þannig haldinn galla sem veitir áfrýjanda rétt til að fá afslátt af kaupverði hans, en ekki þykja hér efni til að dæma stefndu til greiðslu skaðabóta.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, keypti áfrýjandi útlagningarvél og valtara í einu lagi á 2,4 milljónir króna án þess að verð væri sundurliðað á hvort tæki fyrir sig, og er ósannað að valtarinn hafi verið verðlagður sérstaklega þegar kaupin fóru fram. Eins og að framan er rakið telst áfrýjandi eiga rétt á afslætti, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, sem að álitum og með hliðsjón af matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna telst hæfilegur 175.000,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt úrslitum þessa máls ber að dæma áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu og þykir hann hæfilega ákveðinn 120.000,00 krónur. Er þá tekið tillit til þess söluskatts sem áfrýjanda ber að greiða lögmanni sínum af þeim hluta málflutningsþóknunar hans, sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Gunnarsson og Björn Einarsson, greiði in solidum áfrýjanda, Hagvirki hf., 175.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 20. júní 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með ársvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Stefndu greiði in solidum áfrýjanda 120.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 9. júlí 1987.

Mál þetta, sem var upphaflega dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 31. mars sl., en var endurflutt og að nýju dómtekið þann 25. júní sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 6. október 1986 af Hagvirki hf., Skútuhrauni 2, Hafnarfirði, nnr. 3525-1308, gegn Ólafi Gunnarssyni, Hraunbraut 12, nnr. 6759-1917, og Birni Einarssyni, Meltröð 8, nnr. 1325-6861, báðir í Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 270.000,00 auk 19% ársvaxta frá 20. júní 1984 til 13. ágúst s.á., en 24% ársvaxta frá þeim degi til 27. ágúst s.á., en 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., en 26% ársvaxta frá þeim degi til 25. október s.á., en 27,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, en 34% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar s.á., en 37% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. mars s.á., en 4% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en 3,5% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði og brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar vegna matsbeiðni og kostnaðar dómkvaddra matsmanna vegna máls þessa samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi með kaupsamningi dags. 20. júní 1984 keypt af stefndu útlagningarvél, Barber Green S.B. 140, árgerð 1975, og valtara, Dynopac CC-40, sem sagður var í kaupsamningi árgerð 1974. Umsamið kaupverð hafi verið 2.400.000,00 kr. og hafi kaupverðið verið greitt við undirritun kaupsamningsins með verðtryggðum skuldabréfum. Þegar panta átti varahluti í valtarann síðar hafi komið í ljós að hann var árgerð 1969. Telur stefnandi að valtarinn hafi verið haldinn leyndum galla þar sem hann reyndist vera 5 árum eldri og væntanlega þeim mun slitnari en stefnandi hafði gert ráð fyrir við kaupin.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna á dskj. nr. 11 er verðmunur þar metinn á söludegi þann 20. júní 1984 þannig:

Valtari Dynopac CC-40 1974		kr. 900.000,00
Valtari Dynopac CC-40 1969		kr. 630.000,00
	Verðmunur	kr. 270.000,00

Samkvæmt framburði annars matsmannanna fyrir dómi var mat þetta miðað við almennt verð á umræddum tækjum.

Stefnandi telur að stefndu beri að bæta þennan verðmun annaðhvort með bótum eða afslætti á kaupverði. Stefnandi hafi mátt treysta því að valtarinn hafi verið af þeirri árgerð sem stefndu tilgreindu þegar kaupin fóru fram en árgerðin hafi einmitt verið ein af forsendum kaupverðsins. Ekkert annað hafi legið fyrir um notkun tækisins enda hafi hvorki verið í því mælir sem sýndi stundafjölda né vegalengd sem tækið hafði verið notað. Hins vegar hafi komið fram slit á tromlum skömmu eftir að kaupin fóru fram.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 svo og til almennra reglna skaðabótaréttarins og dóma um bifreiðar sem reyndust vera annarrar árgerðar en gefið var upp við sölu þeirra.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að af hálfu stefnanda hafi tækin verið skoðuð vandlega áður en hann gerði kauptilboð í þau. Fjárhæð tilboðsins hafi byggst á ástandi tækjanna en ekki aldri þeirra. Upplýsingar um aldur tækjanna hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir að samkomulag hafði náðst um kaupverðið. Einnig sé það venja í viðskiptum sem þessum að verðmeta tæki eftir ástandi þeirra en ekki eftir aldri, enda skipti aldur litlu máli þegar um þetta gömul tæki sé að ræða. Ástand valtarans hafi verið gott þegar kaupin fóru fram, enda hafi stefndu kostað til verulegra endurbóta á honum á árunum 1982 og 1983.

Stefndu hafi ekki sérstaklega mótmælt því að framleiðsluár valtarans hafi verið 1969; hins vegar segi slíkt ekki endilega til um hve mikið hann hafi verið notaður eða slitinn.

Þá byggja stefndu einnig á því að aldrei hafi farið fram sérstakt verðmætamat á valtaranum, hvorki þegar kaupin um tilgreind tvö tæki fóru fram né heldur þegar hinir dómkvöddu matsmenn mátu almennt verðmun á völturum af ákveðnum árgerðum. Stefndu hafa haldið því fram að viðkomandi valtari hafi ekki verið verðminni en valtarar af þessari tegund almennt af árgerð 1974 vegna viðhalds og endurnýjunar á vél, annarri tromlu, legum og vökvakerfi. Stefnandi hafi ekki sannanlega beðið neitt tjón við kaupin, jafnvel þótt valtarinn hafi reynst af annarri árgerð en þeirri sem tilgreind var í kaupsamningi málsaðila.

Niðurstöður.

Við úrlausn máls þessa verður að líta til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um kaupverð valtarans þegar stefnandi keypti hann af stefndu 20.

júní 1984, en í kaupsamningi, sem dags. er þann dag, er aðeins tilgreint heildarverð valtara og útlagningarvélar.

Þá ber einnig að líta til þess að stefnandi þykir ekki hafa sannað gegn mótmælum stefndu að árgerð hafi verið forsenda fyrir umsömdu kaupverði. Stefnandi þykir ekki hafa upplýst að slit á einhverjum hlutum í valtaranum hafi verið meira en stefndu upplýstu stefnanda um eða stefnandi gat kynnt sér við skoðun fyrir kaupin. Ósannað þykir því að stefnandi hafi fengið í hendur verðminni hlut en hann gerði ráð fyrir við kaupin er veitt gæti honum rétt til skaðabóta eða afsláttar af kaupverði. Með vísan til þessa þykja stefndu eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Ögmundur Einarsson rekstrarráðgjafi og Eirík Eylands deildarstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Gunnarsson og Björn Einarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Hagvirkis hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1989.

Nr. 136/1988. **Svava Kristinsdóttir**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
Maríu Thors
Þórhalli Óskarssyni og
Samvinnutryggingum g.t.
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða 36.000,00 krónur auk vaxta frá 14. apríl 1987, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Ennfremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og söluskatts af málskostnaði.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggir áfrýjandi kröfur sínar ekki á 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, heldur einungis 68. gr. þeirra.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu 32.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefndu 32.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 15. apríl sl., var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Svövu Margréti Kristinsdóttur, kennit. 060363-4049,

Bugðulæk 6, Reykjavík, gegn Maríu Thors, kennit. 040559-7879, Langholtsvegi 55, Reykjavík, Þórhalli Óskarssyni, nnr. 9613-1232, Lindarflöt 3, Garðabæ, og Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu birtri 11. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 36.000,00 með 30% ársvöxtum frá 14. apríl 1987 til 1. júní s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi þar til málið verður dómtekið, en síðan með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um það að áfallnir dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með sama vaxtafæti og að framan greinir. Stefnandi krefst þess og að stefndu verði dæmd til að greiða henni málskostnað in solidum samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, svo og lögboðinn söluskatt á lögfræðiþjónustu.

Dómkröfur stefndu eru þær að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómara.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að þriðjudaginn 10. mars 1987 hafi hún lagt bifreið sinni R-59528, sem sé Subaru fólksbifreið, á afmarkað bifreiðastæði fyrir framan húsið nr. 1 við Þingholtsstræti hér í borg. Þegar hún hafi setið um stund í bifreiðinni hafi hún litið út en ekki séð til umferðar bifreiða í baksýnisspeglinum. Þá hafi hún opnað hurð bifreiðarinnar og aðeins verið búin að opna sem svaraði þykkt hurðarinnar þegar bifreiðin G-10901 hafi komið á nokkurri ferð norður Þingholtsstræti og lent á kantinum á hurð bifreiðar sinnar með þeim afleiðingum að hurðin hafi kýlst fram á hurðarstafinn og setið þar föst þannig að ekki hafi verið hægt að opna hurðina. Hafi hurð, stafur og bretti vinstra megin á bifreiðinni stórskemmst.

Stefnandi kveður stefndu Maríu Thors hafa verið ökumann bifreiðarinnar G-10901 í umrætt sinn, skráðan eiganda vera stefnda Þórhall Óskarsson og bifreiðina tryggða lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda vátryggingarfélagi, Samvinnutryggingum g.t.

Stefnandi kveður breidd Þingholtsstrætis, þar sem áreksturinn hafi orðið, vera 5,01 m milli gangstéttarbrúna; þar af sé hið afmarkaða bifreiðastæði

2,32 m og akbrautin því 2,69 m. Skv. skoðunarvottorði sé bifreiðin R-59528 1,55 m á breidd.

Stefnandi kveður ekki vera ágreining með aðilum málsins um að tjónið sem orðið hafi á bifreið hennar í umrætt sinn sé kr. 22.000,000. Ágreiningur sé hins vegar varðandi lengd viðgerðartímans en krafa sé gerð um bætur vegna afnotamissis, kr. 14.000,00, en það svari því að viðgerðin hafi staðið í 10 daga.

Ástæður málssóknar þessarar kveður stefnandi vera þær að alfarið hafi verið neitað um greiðslu bóta af hálfu stefndu. Krafan sé byggð á því að stefndi, ökumaður G-10901, hafi með gáleysislegum akstri ekið á bifreiðina R-59528 þar sem hún hafi staðið á afmörkuðu bifreiðastæði og að nægjanlegt rými hafi verið á akbrautinni án þess að ekið væri inn á stæðið til þess að komast þarna framhjá.

Ljóst sé einnig miðað við þær skemmdir sem orðið hafi á R-59528 að ökumaður G-10901 hafi ekið yfir línu þá sem afmarki umrætt bifreiðastæði, þar sem hurðin á R-59528 hafi ýst fram þannig að hún hafi fest við hurðarstafinn. Hurðin opnist ekki en það hefði hún örugglega gert ef hún hefði verið meira opin en legið að stöfum.

Varðandi lagarök skírskotar stefnandi einkum til 67. gr. umfl. nr. 40 frá 1968, 1. og 3. mgr. 69. gr. sömu laga, 1. og 4. mgr. 70. gr. sömu laga og 2. mgr. 74. gr. sömu laga.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hennar hendi að mati dómara.

Stefndu mótmæla lýsingu stefnanda á því sem gerðist, enda sé hún í senn langsótt og ósennileg.

Stefndu kveða málavexti vera þá að um tíuleytið að morgni þriðjudagsins 10. mars 1987 hafi stefnandi verið stödd í bifreið sinni R-59528 í Þingholtsstræti. Hafi bifreiðin verið þar í stæði á móts við hús nr. 1. Stefnandi hafi opnað vinstri framdyr bifreiðar sinnar um leið og bifreiðinni G-10901 hafi verið ekið framhjá og hafi hurðin lent í hægri hlið G-10901. Hafi báðar bifreiðarnar skemmst nokkuð við þetta.

Stefndu kveða sýknukröfuna byggjast á því að stefnandi hafi ein valdið umræddu tjónsatviki og ein átt sök á því með því að opna dyr bifreiðar sinnar út á akbraut án þess að beina áður athygli sinni nægilega að umferð um akbrautina að baki sér. Það sé augljóst að hefði stefnandi rækt þessa brýnu varúðarskyldu með fullnægjandi hætti hefði hún séð til ferða R-59528 í tæka tíð, en bifreiðin hljóti að hafa verið örskammt undan er hún opnaði dyrnar og hana hefði þá ekki hent að reka hurð bifreiðar sinnar í hlið G-10901.

Stefndu leggja áherslu á að stefnandi hafi haft það alveg á valdi sínu hvort umræddur atburður gerðist eða ekki. Því hafi hins vegar verið öfugt

farið með ökumann G-10901. Hann hafi ekki átt að þurfa að gera ráð fyrir svo hættulegu tiltæki úr bifreið í stæði meðfram akbrautinni og ekki heldur geta varast það.

Þá er því harðlega mótmælt af stefndu að G-10901 hafi verið ekið óeðlilega nálægt bifreið stefnanda, en hafa verði þó í huga að akbrautin sé mjó vegna bílastæða meðfram henni að austanverðu. Þá er því sérstaklega mótmælt að G-10901 hafi verið ekið inn á stöðureitinn þar sem bifreið stefnanda stóð.

Stefndu leggja ennfremur áherslu á að eins og atvikum hafi verið háttað hljóti að hvíla á stefnanda sönnunarbyrði um það að orsök tjóns hennar hafi verið með þeim hætti sem lögmaður hennar vilji vera láta.

Stefndu kveða það m.a. hafa ráðið viðhorfi Samvinnutrygginga til bótaábyrgðar að skemmdir á hurð R-59528 þóttu gefa ótvírætt til kynna að hurðin hefði spennst alveg aftur eða með öðrum orðum að dyrnar hefðu galopnast. Megi sjá merki þessa á ljósmyndum sem teknar voru og liggja frammi í málinu.

Stefndu mótmæla því að bótaregla 1. mgr. 67. gr. umfl. eigi hér við. Það hljóti að reyna á 68. gr. laganna. Það hljóti að jafnast til bifreiðaárekstrar er hurð kyrrstæðrar bifreiðar í stæði við akbraut er rekin utan í bifreið sem framhjá er ekið. Ætti 1. mgr. 67. gr. við, hlyti niðurstaða að verða sú sama með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr.

Að lokum mótmæla stefndu vaxtakröfu stefnanda að því leyti sem hún sé ólögmæt.

III.

Ágreiningur er með aðilum um það hvort umrætt óhapp heyri undir hina hlutlægu ábyrgðarreglu 67. gr. umfl. nr. 40 frá 1968 eða sakarreglu 68. gr. sömu laga.

Þar sem umrætt óhapp varð með þeim hætti að stefnandi opnaði dyr bifreiðar sinnar, R-59528, með þeim afleiðingum að dyrnar lentu í dyrum bifreiðarinnar G-10901, verður að telja hér um að ræða bifreiðaárekstur í skilningi 68. gr. umfl. og kemur því 67. gr. sömu laga ekki til álita í þessu sambandi.

Fallast má á það með stefndu að á stefnanda hvíldi rík varúðarskylda þegar hún opnaði dyr bifreiðar sinnar í umrætt sinn. Henni bar skv. varúðarreglum umfl. nr. 40 frá 1968, sbr. og 8. mgr. 51. gr. þeirra laga, að gæta þess vandlega að hún ylli ekki hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Verður því að telja stefnanda bera sönnunarbyrðina fyrir því að ökumaður bifreiðarinnar G-10901 hafi með gáleysislegum akstri eða á annan hátt átt sök á umræddum árekstri. Það er ósannað, að bifreiðinni G-10901 hafi verið ekið óeðlilega nálægt bifreið stefnanda miðað við að-

stæður og einnig að henni hafi verið ekið inn á hið afmarkaða bifreiðastæði. Þá hefur ekki verið sýnt fram á nein þau atvik önnur í akstri bifreiðarinnar G-10901, sem leiði til sakar stefndu.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður að telja að stefnandi verði sjálf að bera tjón sitt sem af árekstrinum varð. Samkvæmt því ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, María Thors, Þórhallur Óskarsson og Samvinnutryggingar g.t., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Svövu Kristinsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1989.

Nr. 389/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Páli Rúnari Elíssyni
(Örn Clausen hrl.)

Umferðarlög. Ökuleyfissvipting. Ölvun. Nytjastuldur. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. nóvember 1988 að ósk ákærða. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Héraðsdómur var kveðinn upp 24. ágúst 1984, en vegna fjarveru ákærða frá landinu ekki birtur fyrr en 21. október 1988. Dæmt er um þrjár ákærur, frá 25. mars 1983, 9. maí 1983 og 7. mars 1984.

Verjandi krefst þess aðallega að ákæröi verði sýknaður af broti samkvæmt ákæru 25. mars 1983 en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar. Varðandi ákæru 9. maí 1983 krefst hann aðallega sýknu af broti samkvæmt 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og vægustu refsingar fyrir brot gegn umferðarlögum. Til vara krefst hann vægustu refsingar fyrir bæði ákæruatriðin. Þá krefst hann vægustu refsingar af broti samkvæmt ákæru 7. mars 1984. Loks krefst hann málsvarnarlauna.

Umferðarlög nr. 40/1968 féllu úr gildi við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987 hinn 1. mars 1988. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga skal dæma um brot ákærða eftir nýrri lögunum. Af hálfu ákæruvalds er varðandi ákæru 25. mars 1983 vitnað til 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Varðandi ákæru 9. maí 1983 er vitnað til 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um að ákæröi hafi gerst brotlegur við þau refsiákvæði sem í ákærum greinir, þó með þeim breytingum sem leiða af gildistöku nýrra umferðarlaga, en ákæruvaldið hefur réttilega gert grein fyrir þeim eins og rakið er hér að ofan. Þá þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm varðandi refsimat, ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákæröi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 24. ágúst 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru fyrir sakadómi Árnessýslu á hendur Páli Rúnari Elíssyni mat-

reiðslumanni, áður til heimilis Austurmörk 4, Hveragerði, en nú til heimilis Ferjubakka 10, Reykjavík, dvalarstaður Austurgata 8, Keflavík, fyrir eftirfarandi háttsemi:

1) Skv. ákæru, dags. 25. mars 1983, að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. nóvember 1982 ekið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni V-1085 á Ferjubakka í Reykjavík uns akstri hans lauk þar á bifreiðastæði við Ferjubakka 10 - 16.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

2) Skv. ákæru, dags. 9. maí 1983, fyrir að taka í heimildarleysi fimmtudaginn 10. mars 1983 bifreiðina Þ-1543, þar sem hún stóð á bílasölu Guðfinns í Ármúla 7 í Reykjavík, og aka henni, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, um götur borgarinnar uns bifreiðin varð bensínlaus á Hverfisgötu þar sem hann lagði bifreiðinni, vitja síðan bifreiðarinnar laugardaginn 12. mars og aka henni til Hafnarfjarðar og síðan til borgarinnar aftur, en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á athafnasvæði Vöku hf., Stórhöfða 3.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

3) Skv. ákæru, dags. 7. mars 1984, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 27. okt. 1983 farið inn í íbúðir að Krossholti 11 og Baugholti 12 í Keflavík og stolið í síðarnefnda húsinu skjalatösku, sem hafði að geyma 14.264 krónur í peningum og ávísunum, útfylltum víxlum, að fjárhæð kr. 96.228, og vasatölvu.

Telst þetta varða við 24. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í öllum ofangreindum ákærum er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, en auk þess er gerð sú krafa í ákæru dags. 25/3 1983 að ákærði verði sviptur rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi.

Málavextir.

II.

1) Skv. ákæru, dags 25. mars 1983, barst lögreglunni í Reykjavík laugardaginn þann 27. nóv. 1982 tilkynning um að ölvaður ökumaður væri á bifreið við Ferjubakka 10, Reykjavík. Skv. lögregluskýrslu um þetta segir að lögreglumenn hafi komið þangað skömmu síðar og hafi þá nokkrir menn verið að ræða saman austan við hús nr. 10. Er menn þessir urðu lögreglu varir hljóp einn þeirra, ákærði í máli þessu, inn í gegnum undirgöng sem þar voru og inn í anddyri hússins nr. 10. Maður að nafni Lárus Viggósson, sem þarna var, veitti þá ákærða eftirför og hindraði honum inngöngu úr anddyri inn á stigagang.

Handtóku lögreglumenn ákærða þarna á vettvangi og færðu hann yfir í lögreglubifreið. Þarna á staðnum skýrði framangreindur Lárus lögreglumönnum frá því að hann hefði verið að aka bifreið sinni á bifreiðastæði þarna við Ferjubakka 10, er hann hafi veitt bifreiðinni V-1085 athygli, þar sem henni var ekið óvarlega á bifreiðastæðinu og munað litlu að henni hefði verið ekið á hans bifreið. Að sögn Lárusar þessa stöðvaði ákærði ofangreinda bifreið V-1085 þarna á bifreiðastæðinu og kom ákærði út úr bifreiðinni. Kvaðst Lárus hafa rætt við ákærða og fann þá sterkan áfengisþef frá ákærða. Kom Lárus þessi síðan boðum til lögreglu.

Þarna á vettvangi gaf sig einnig fram Berglind Svansdóttir sem kvaðst hafa verið með ofangreindum Lárusi í bifreið hans og var frásögn hennar á sömu lund og Lárusar.

Farið var með ákærða á lögreglustöð fyrir varðstjóra. Gaf ákærði í fyrstu upp rangt nafn og neitaði hann þar að hann hefði ekið framangreindri bifreið. Hann hafi einungis verið að hlusta á segulband sem var í bifreiðinni.

Farið var síðan með ákærða á Slysadeild Borgarspítalans þar sem tekið var úr honum blóðsýni. Reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,71‰.

Lögreglumenn fundu við handtöku ákærða lykla ofangreindrar bifreiðar V-1085 á gólfi í anddyri Ferjubakka 10. Þá segir ennfremur í lögregluskýrslu að hreyfill bifreiðar þessarar hafi verið heitur.

Ákærði var að blóðtöku lokinni fluttur í fangageymslu en var síðan formlega yfirheyrður daginn eftir. Kvaðst ákærði hafa komið að Ferjubakka 10 kvöldið áður til bræðra sinna og hafið þar drykkju um kl. 22:00. Um miðnætti hafi þeir bræður ásamt konu ákærða farið á dansleik í Glæsibæ og þeir farið þangað í leigubifreið. Í Glæsibæ kveðst ákærði hafa verið þar til dansleik lauk, en þá hafi þau farið aftur að Ferjubakka í leigubifreið. Á bifreiðastæði við Ferjubakka kvaðst ákærði hafa veitt því athygli að kona hans hefði lagt bifreið hans illa fyrr um kvöldið. Hafi hann beðið konu sína, sem ekki hafði neytt áfengis, að færa bifreiðina í annað stæði. Kveður ákærði konu sína hafa sest undir stýri bifreiðarinnar og hafi ákærði sest í aftursæti meðan kona hans færði bifreiðina. Hafi konan farið út úr bifreiðinni farþegamegin vegna þess hve nærri hún var næstu bifreið. Sjálfur kveðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni ökumannsmegin, en bifreiðin hafi verið tveggja dyra. Er út úr bifreiðinni var komið kvaðst ákærði hafa farið að bifreiðinni sem var við hlið bifreiðar ákærða, en í henni hefði setið maður og kona. Kveðst ákærði hafa bankað á glugga hennar og hafi þá komið út úr henni maður og borið sig þeim sökum að hafa ekið bifreiðinni og beðið framangreinda konu að hringja á lögreglu. Segist ákærði hafa þráttað við mann þennan um stund. Rétt áður en lög-

regla kom segist ákærði hafa lagt af stað inn í húsið og hafi þá ofangreindur maður hlaupið á eftir sér og meinað sér inngöngu. Lögregla hefði síðan handtekið sig þar skömmu síðar.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki vilja skýra frá því, hvers vegna hann hafi gefið upp rangt nafn við handtöku.

Vitnið Lárus Viggósson, f. 08.07. 1957, kveðst hafa setið í bifreið sinni ásamt Berglindi Svansdóttur í ofangreindu bifreiðastæði við Ferjubakka, þegar bifreið með einkennisbókstafnum V kom akandi á mikilli ferð. Hafi ökumaður ofangreindrar bifreiðar stigið út úr henni en farið síðan aftur inn í hana og ekið henni enn lengra aftur á bak. Eftir það hafi hann farið að bifreið vitnisins og rifið upp bílhurðina og skammast yfir því að vitnið hafi lagt bifreið í þetta bílastæði. Kveður vitnið ákærða hafa verið áberandi ölvaðan og svarað játandi spurningu vitnisins um að hann hefði verið að aka ölvaður.

Vitnið kveður ofangreinda Berglindi hafa farið til að hringja á lögreglu, en vitnið kveðst á meðan hafa verið úti á bifreiðastæðinu ásamt ákærða og hafi hann ausið svívirðingum yfir vitnið allan tímann, en þegar lögreglan hafi komið hafi ákærði hlaupið af stað, en vitnið kveðst hafa elt ákærða og það hafi aldrei misst sjónar af honum þar til lögreglan tók ákærða og fór með hann í burtu.

Vitnið Berglind Svansdóttir, f. 04.05. 1960, hefur skýrt frá málsatvikum á sömu lund og ofangreindur Lárus. Kveður vitnið ákærða hafa verið áberandi ölvaðan, reikulan í spori og hafi hann dottið á bifreið Lárusar. Hafi Lárus innt ákærða eftir hvort hann væri að aka ölvaður og hafi ákærði svarað því játandi.

Í framlagðri lögregluskýrslu voru höfð efnisleg atriði eftir eiginkonu ákærða, Aldísi Einarsdóttur. Skýrsla þessi er óstaðfest. Ofangreind Aldís hefur óskað að bera ekki vitni í máli þessu og verður því ekki byggt hér í þessu máli á ofangreindri lögregluskýrslu.

2) Skv. ákæru 9. maí 1983 kom Sigurjón Magnús Erlingsson föstudaginn 11. mars 1983 á lögreglustöð í Reykjavík kl. 19:00 og tilkynnti um þjófnað á bifreið sinni Þ-1543, þar sem hún hafði verið á bílasölu Guðfinns í Ármúla 7 í Reykjavík. Næsta dag, laugardaginn 12. mars, rétt fyrir hádegi, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um akstur ofangreindrar bifreiðar í Hafnarfirði. Kl. 14:45 barst lögreglunni tilkynning um að bifreiðin væri í porti athafnasvæðis Vöku hf. á Ártúnshöfða. Fóru lögreglumenn á vettvang og stöðvuðu ofangreinda bifreið, þar sem henni var ekið af athafnasvæði Vöku hf. Ökumaður bifreiðar þessarar, ákærði í máli þessu, sem sviptur var ökuréttindum ævilangt, tjáði lögreglumönnum að hann hefði farið á bílasölu Guðfinns fimmtudaginn 10. mars 1983 og fengið hjá sölumanni kveikjuláslykla bifreiðarinnar. Hafi hann síðan ekið bifreiðinni til

reynslu, en hún orðið bensínlaus á Hverfisgötu og hafi hann skilið bifreiðina eftir þar. Ákærði kvaðst síðan hafa sett bensín á bifreiðina á laugardag, ekið henni til Hafnarfjarðar og þaðan á athafnasvæði Vöku hf. Kvaðst hann síðan hafa ætlað að aka börnum, sem hann var með í bifreiðinni, á Kleppsveg og því næst ætlað að skila bifreiðinni.

Af hálfu lögreglu var haft samband við Ragnar Lövdahl, starfsmann bílasölunnar, og kvað hann engan starfsmann þar muna að hafa afhent lykla bifreiðarinnar og það ávallt brýnt fyrir mönnum að aka ekki út af athafnasvæði bílasölunnar þegar bifreið væri skoðuð.

Við frekari yfirheyrslur hefur ákærði skýrt svo frá að hann hafi fengið lykla ofangreindrar bifreiðar þar sem hann ætlaði að reynsluaka henni. Hafi hann ekið um götur Reykjavíkur og verið á leið til að skila bifreiðinni þegar hún varð bensínlaus á Hverfisgötu. Kvaðst ákærði síðan hafa farið á bílasöluna sem þá hefði verið lokuð. Hafi hann ekkert gert í málinu, þar eð hann hafi skammast sín fyrir að vera að aka ökuréttindalaus, og einnig óttaðist hann að bifreiðin hefði bilað.

Á laugardag kvaðst ákærði hafa farið og athugað hvort bifreiðin væri enn á sama stað og þá sett á hana bensín og síðan ekið henni eins og að framan getur til Hafnarfjarðar og síðan í Ártúnshöfða. Ákærði kvaðst hafa ætlað að aka bifreiðinni að bílasölunni eftir að hann hefði skilað börnum þeim sem hann var með á Kleppsveg.

3) Skv. ákæru, dags. 7. mars 1984, var fimmtudaginn 17. okt. 1983 óskað aðstoðar lögreglu að Krossholti 11, Keflavík. Þar á staðnum hittu lögreglumenn fyrir íbúa, konu og dóttur hennar, og voru þær í miklu uppnámi og sögðu mann hafa ruðst inn á heimili þeirra þá skömmu áður, en tekið á rás út úr húsinu þegar hann varð þeirra var.

Þarna við húsið Baugholt 12, þarna rétt hjá, veittu lögreglumenn athygli grunsamlegum manni og þegar hann varð lögreglu var tók hann til fótanna en lögreglan náði honum og handtók. Við leit á manni þessum, ákærða í máli þessu, fundust tvö seðlaveski með peningum að upphæð kr. 3.570,00, ávísanir að upphæð kr. 10.694,00 og útfylltir víxlar að upphæð kr. 96.228,00. Ennfremur voru í veskjunum skilríki og vasatölva.

Ákærði hefur við yfirheyrslur viðurkennt að hafa farið inn í íbúðir í húsunum Baugholti 12 og Krossholti 11 í Keflavík, sem voru ólæstar, í þeim tilgangi að finna áfengi. Í húsinu Baugholti 12 hafi hann fundið skjalatösku og tekið hana. Töskuna hafi hann losað sig við áður en lögregla tók hann, en tekið áðurgreinda hluti sem fundust við leit á honum.

Ákærði mun engu hafa stolið í húsinu Krossholti 11.

Niðurstöður.

1) Skv. ákæru dags. 25. mars 1983:

Með hliðsjón af framburði vitnanna Lárusar Viggóssonar og Berglindar Svansdóttur svo og öðrum gögnum máls þessa þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem um getur í ákæruskjali dags. 25. mars 1983 og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

2) Skv. ákæru 9. maí 1983:

Með framburði ákærða svo og öðrum sakargögnum þykir sannað að ákærði hafi í heimildarleysi ekið bifreiðinni Þ-1543 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi um götur Reykjavíkur, svo sem nánar greinir í ákæruskjali dags. 9. maí sl. Eigi þykir sannað gegn staðfastlegri neitun ákærða að hann hafi í upphafi tekið bifreiðina í heimildarleysi. Á hinn bóginn var honum eigi heimilt að nota bifreiðina með þeim hætti sem hann gerði. Þykir háttsemi hans varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, svo sem greinir nánar í ákæru.

3) Skv. ákæru dags. 7. mars 1984:

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn máls þessa, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árabilinu 1969 - 1982 sætt 19 refsidómum fyrir ýmis hegningarlagabrot, svo og brot gegn umferðarlögum o.fl.]

Refsing ákærða verður tiltekin með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. alm. hgl.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði var með dómi uppkv. 26/6 1980 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hann hefur að því er best er vitað ekki öðlast þau að nýju og verður honum því ekki hér gerð frekari svipting.

Þá skal ákærði greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 8.000,00.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Mál þetta hefur dregist einkum vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að ná til ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Rúnar Elísson, f. 25.08. 1953, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 8.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1989.

Nr. 110/1988. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Framtækni sf.
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Uppboð. Haldsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1988. Hann krefst þess, að nettó uppboðsandvirði bifreiðarinnar R-41480, 126.535,00 krónur, verði óskert úthlutað til sín með þeim vöxtum, sem reiknaðir hafa verið af þessari fjárhæð á bankareikningi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggir áfrýjandi kröfur sínar á því að dómveð það, sem stofnaðist með lögtaki 10. janúar 1986, gangi fyrir haldsrétti stefndu, þar sem það hafi stofnast áður en gert var við bifreiðina R-41480 á verkstæði félagsins. Þá byggir áfrýjandi á því, að ósannað sé og rangt að verðmæti bifreiðarinnar hafi aukist við viðgerðina.

Skjöl málsins bera með sér, að viðgerð sú, sem framkvæmd var á R-41480 á verkstæði stefndu var fólgin í ryðbætingu, undirbúningi undir málningu, málningu og skiptum á hljóðkút. Hafa verið lögð fram fullnægjandi gögn um að þessi viðgerð hafi farið fram og um geymslukostnað eftir að henni lauk. Er nægilega sannað, að um verðmætisaukningu var að ræða. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefndu, Framtækni sf., 40.000,0 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 12. apríl 1988.

I.

Sóknaraðili, Framtækni sf., Skemmuvegi 34, Kópavogi, hefur gert kröfu um að fá greiddar kr. 126.635,00 af uppboðsandvirði bifreiðarinnar R-41480, talinnar eignar Múrafls hf., sem seld var á nauðungaruppboði hinn 9. apríl 1987. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati réttarins.

Varnaraðili, tollstjórinn í Rekjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, gerir þær kröfur að honum verði úthlutað sömu fjárhæð af uppboðsandvirðinu eða kr. 126.535,00. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt taxta LMFÍ.

II.

Hinn 9. apríl 1987 var bifreiðin R-41480, Ford Transit árgerð 1975, seld á nauðungaruppboði að kröfu málsaðila. Til úthlutunar af uppboðsverði bifreiðarinnar komu kr. 126.535,00 og gerðu aðilar málsins báðir kröfu til uppboðsverðsins. Þann 13. janúar sl. var mál þetta þingfest vegna þessa ágreinings.

Eftir því sem fram kemur í málsskjölum sóknaraðila eru tildrög málsins sem hér greinir:

Sóknaraðili er skráð fyrirtæki og annast viðgerðir á bifreiðum. Í apríl 1986 tók sóknaraðili að sér að sprauta, ryðbæta og annast ýmsa undirvinnu á bifreiðinni R-41480. Verkið var unnið samkvæmt beiðni eiganda hennar, Múrafls hf.

Verkinu lauk í maí 1986 og var reikningur fyrir verkið að upphæð kr. 70.000,00 dagsettur 29. maí 1986. Hinn 1. júní s.á. greiddi Múrafl hf. kr. 35.000,00 inn á verkið með ávísun. Ávísun þessi reyndist innistæðulaus og varð sóknaraðili að leysa hana til sín. Ávísunin er meðal málsskjala. Sóknaraðili beitti hins vegar haldsrétti í bifreiðinni til tryggingar kröfu sinni. Þann 4. febrúar 1987 sendi lögmaður sóknaraðila kröfubréf til eiganda bifreiðarinnar þar sem krafist var greiðslu skuldarinnar að viðlagðri málshöfðun og nauðungaruppboði bifreiðarinnar. Þegar innheimtutilraunir reyndust árangurslausar óskaði sóknaraðili eftir uppboði á bifreiðinni. Bifreiðin var síðan seld á nauðungaruppboði þann 9. apríl 1987 á athafnasvæði Vöku hf. eftir kröfu beggja málsaðila eftir því sem séð verður í gögnum málsins.

Með bréfi dags. 15. apríl 1987 til uppboðshaldara lýsti sóknaraðili kröfu í uppboðsverð bifreiðarinnar. Krafa sóknaraðila hljóðaði þannig:

Höfuðstóll	kr.	70.000,00
Dráttarvextir frá 1.5. 1986 - 1.5. 1987	—	17.675,00
Geymslukostnaður 280 dagar (100 kr. pr. dag)	—	28.000,00
Innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ	—	13.900,00
Uppboðsbeiðni	—	1.310,00
Mót og akstur við nauðungarsölu	—	1.860,00
Samtals	kr.	132.745,00

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hann hafi með vinnu sinni við bifreiðina aukið verðgildi hennar og þannig aukið söluverðmæti hennar á uppboðinu. Megi ætla að bifreiðin hefði verið verðlítil eða jafnvel verðlaus ef ekki hefði komið til þessi viðgerð. Viðgerðin hafi verið fólgin í því að sprauta bifreiðina, ryðbæta og framkvæma ýmiss konar undirvinnu auk þess að skipta um hljóðdunk. Krafa hans fyrir þá vinnu njóti því forgangs framar öllum veðkröfum á bifreiðinni. Sóknaraðili hafi komið bifreiðinni á uppboðsstað fyrir fyrirhugað uppboð, en þá hafði bifreiðin verið í hans vörslum í 280 daga. Sá tími hefði getað orðið lengri ef sóknaraðili hefði ekki hafist handa um að láta fara fram sölu á henni.

Krafa varnaraðila byggist á því að hann hafi með lögtaki, sem gert var hinn 16. janúar 1986 í bifreiðinni R-41480, öðlast dómveð í henni fyrir kröfu sinni. Samkvæmt veðbókarvottorði bifreiðarinnar hvílir sú skuld á 1. veðrétti hennar.

Þá mótmælir varnaraðili því að sóknaraðili hafi með vinnu sinni aukið verðgildi bifreiðarinnar og heldur því fram að aðeins hafi verið um venjulegt viðhald hennar að ræða.

Varnaraðili byggir auk þess á því að krafa sóknaraðila hafi ekki forgang framar öðrum veðkröfum í bifreiðinni, þar sem hann hafi misst haldsrétt sinn er hann lét bifreiðina af hendi í apríl 1987. Krafa sóknaraðila sé því almenn krafa. Reikningur vegna vinnu sóknaraðila sé dags. 29. maí 1986. Réttur varnaraðila sé þannig eldri og beri að taka kröfu hans til greina við úthlutun uppboðsandvirðisins. Krafa varnaraðila nemur kr. 101.053,00 auk vaxta og kostnaðar frá 10. janúar 1986.

III.

Í máli þessu er óumdeilt að sóknaraðili tók bifreiðina R-41480 til viðgerðar í apríl 1986 að beiðni eigenda hennar, fyrirtækisins Múrafls hf. Samkvæmt texta af ljósriti reiknings fyrir viðgerðina, dags. 29.5. 1986, sem frammi liggur í málinu, kemur fram að sóknaraðili hefur gert tilboð í verkið að upphæð kr. 70.000,00. Samkvæmt sama skjali fólst vinna sóknaraðila við bifreiðina í því að undirvinna, ryðbæta og mála hana.

Óumdeilt er að sóknaraðili framkvæmdi umbeðna viðgerð á bifreiðinni

en varnaraðili byggir hins vegar á því að viðgerðin hafi ekki aukið verðgildi hennar.

Af skjölum málsins má sjá að sóknaraðili hefur ítrekað gert tilraun til að innheimta reikningsfjárhæðina hjá eiganda bifreiðarinnar án þess að séð verði að eigandi hennar hafi borið fyrir sig galla á verkinu eða haft uppi andmæli gegn greiðslu fyrir það.

Það er því álit réttarins að leggja verði til grundvallar reikning sóknaraðila um þær endurbætur sem hann framkvæmdi á bifreiðinni, og þykja löglíkur fyrir því að verðmæti hennar hafi við það aukist að sama skapi. Sóknaraðila var því heimilt að beita haldsrétti í bifreiðinni til að tryggja greiðslu kröfu sinnar.

Varnaraðili heldur því fram að sóknaraðili hafi misst haldsréttinn þegar hann lét bifreiðina af hendi til uppboðsréttar vegna sölu hennar á nauðungaruppboði í apríl 1987.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að hann hafi sjálfur komið bifreiðinni á uppboðsstað. Sóknaraðila var þetta nauðsynlegt til að koma fram uppboðinu sem auglýst hafði verið á þeim stað er uppboðshaldari ákvað og ráð er fyrir gert í 40 gr. laga 57/1949 um nauðungaruppboð. Féll haldsréttur sóknaraðila því ekki niður fyrir þá sök.

Áður hefur verið fallist á höfuðstól í kröfugerð sóknaraðila. Aðrir kröfuliðir verða svo sem atvikum málsins er háttað að teljast eðlilegir.

Sóknaraðili öðlaðist, með þeim hætti sem hér hefur verið frá greint, lögákveðinn haldsrétt í bifreiðinni R-41480 fyrir hinni lýstu kröfu. Gengur sú krafa eins og hér hagaði til fyrir lögtakskröfu varnaraðila. Ber því að staðfesta kröfu sóknaraðila í uppboðsverð bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af þeim úrslitum ber að ákvarða sóknaraðila málskostnað sem hæfilegur þykir kr. 20.000,00.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Viðurkennd er krafa sóknaraðila, Framtækni sf., um að honum verði úthlutað af uppboðsverði bifreiðarinnar R-41480 upp í kröfu sína á undan varnaraðila, Tollstjóranum í Reykjavík.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 20.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1989.

Nr. 381/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ólafi Kalmann Hafsteinssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1988 og einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar.

Verjandi krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Með játningu ákærða og öðrum sakargögnum er í ljós leitt að hann fór við annan mann um borð í skip í Reykjavíkurhöfn og stal þaðan verðmætum. Hann er þannig sannur að broti því er í ákæru greinir. Sakaferli hans er lýst í héraðsdómi. Eins og í héraðsdómi greinir rauf ákærði skilorð dóms frá 18. febrúar 1988 um 30 daga fangelsi fyrir ölvun við akstur. Ber því samkvæmt 60. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma refsingu fyrir það mál með því sem hér er til meðferðar. Samkvæmt því ber að tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. hegningarlaga. Með vísun til sakaferils ákærða ber við ákvörðun refsingar að hafa hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr. og 72. gr. hegningarlaga. Þegar litið er til atvika allra þykir mega sitja við refsiákvörðun héraðsdóms.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og laun skip-

aðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. október 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 556-7/1988: Ákæruvaldið gegn X og Ólafi Kalmann Hafsteinssyni, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. september 1988, á hendur ákærðu, X ... og Ólafi Kalmann Hafsteinssyni, Óslandi, Höfnum í Gullbringusýslu, fæddum 27. október 1952 í Reykjavík, „fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með því að stela um borð í m/b Júpíter RE-161 við bryggju á Grandagarði í Reykjavík aðfaranótt þriðjudagsins 12. júlí 1988 hljómflutningssamstæðu af gerðinni ITT, þ.e. útvarpstæki, magnara og segulbandi, svo og talsverðu af matvælum, tveimur pokum utan af flotgöllum og einu teppi.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Ákærðu hafa báðir játað að hafa farið um borð í m/b Júpíter RE-161, sem lá við Grandagarð í Reykjavík, og stolið þeim verðmætum sem í ákærunni segir. Ákærðu voru handteknir með verðmætin í fórum sínum og eru þeir orðnir sannir að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ekkert er í málinu um að ákærðu hafi brotist inn í vélbátinn og verða þeir ekki sakfelldir fyrir það.

Refsing og sakarkostnaður:

— — —

Ákærði Ólafur Kalmann hefur verið dæmdur níu sinnum fyrir hegningarlagabrot, ölvun við akstur og fíknilagabrot og auk þess refsað fimm sinnum fyrir tolllagabrot, fjársvik og réttindaleysi við akstur.

Ákærði hefur nú rofið skilorð síðasta dómsins frá 18. febrúar í vetur og verður samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp þann dóm. Þykir refsing ákærða nú vera hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1989.

Nr. 317/1987. **Björn Pálsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Adolf J. Berndsen
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Hlutafélög. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Hrafn Bragason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 2. nóvember 1987. Hann gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi að aðaláfrýjandi sé réttur eigandi að handhafahlutabréfum nr. 101-125 og 164-167 í Hólanesi hf., hverju að nafnverði 1.000,00 krónur eða að núgildandi nafnverði 313.200,00 krónur af heildarhlutafé félagsins.

Við málflutning í Hæstarétti féll aðaláfrýjandi frá kröfum um hlutafé í Útgerðarfélagi Höfðakaupstaðar hf.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. mars 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi útgefnu sama dag. Dómkröfur hans eru þær að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur gögn frá hlutafélagaskrá varðandi útgáfu jöfnunarhlutabréfa í Hólanesi hf. o.fl., svo og bréf dagsett 9. febrúar 1989 frá Hólanesi hf. um sama efni og bréf frá Skagstrendingi hf. dagsett 3. febrúar 1989 um hlutabréf í Útgerðarfélagi Höfðakaupstaðar hf.

Málsaðilar eru sammála um að raunveruleg hlutafjáreign samkvæmt umdeildum hlutabréfum sé sú sama og segir í áðurgreindri kröfugerð aðaláfrýjanda.

Svo sem greinir í héraðsdómi ber málsaðilum ekki saman um hverjar voru ástæður þess, að aðaláfrýjandi afhenti gagnáfrýjanda umdeild hlutabréf sumarið 1977. Heldur gagnáfrýjandi því fram að hann hafi keypt hlutabréf aðaláfrýjanda í Hólanesi hf. þá um

sumarið og fengið hlutabréf í Útgerðarfélagi Höfðakaupstaðar hf. með í kaupunum, en síðargreind bréf hafi verið verðlítil eða verðlaus með öllu. Hins vegar hafi dregist að hann greiddi aðaláfrýjanda kaupverðið, 150.000,00 krónur, þar til í janúar 1979. Aðaláfrýjandi kveðst hafa lánað gagnáfrýjanda hlutabréfin til þess að hann hefði sterkari aðstöðu á hluthafafundi. Jafnframt segir aðaláfrýjandi að komið hafi til tals að hann seldi gagnáfrýjanda bréfin fyrir a.m.k. 300.000,00 krónur.

Ekki er vefengt að aðaláfrýjandi var eigandi hlutabréfanna í Hólanesi hf. og hefur talið þau fram til skatts sem sína eign a.m.k. frá árslokum 1975. Gagnáfrýjanda hefur ekki tekist að sanna að kaupsamningur hafi stofnast um hlutabréfin. Aðrar málsástæður leiða ekki til annarrar niðurstöðu.

Verður því að taka til greina kröfur aðaláfrýjanda um viðurkenningu eignarréttar hans á hlutafjáreign þeirri sem mál þetta varðar.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði falli niður.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur aðaláfrýjanda, Björns Pálssonar, að hlutafé í Hólanesi hf., samtals að fjárhæð 313.200,00 krónur, sem kemur í stað handhafahlutabréfa nr. 101-125 og 164-167 í Hólanesi hf., hverju að nafnverði 1.000,00 krónur.

Málskostnaður í héraði fellur niður. Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Austur-Húnavatnssýslu 12. júní 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þann 5. júní sl., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu birtri þann 20. jan. 1986 og þingfestri þann 31. jan. 1986 af Birni Pálsyni, fyrrverandi þingmanni, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, á hendur Adolf Berndsen, nnr. 0084-9071, Höfðaborg, Skagaströnd, Austur-Húnavatnssýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi að stefnandi sé réttur eigandi að eftirtöldum hlutabréfum:

A. Handhafahlutabréf nr. 101-125 og 164-167 í Hólanesi hf., hvert að upphaflegu nafnverði kr. 1.000,00, eða hlutabréf gefin út til jöfnunar eða á annan hátt í stað þeirra.

B. Hlutabréf í Útgerðarfélagi Höfðakaupstaðar nr. 111 og 112, hvort að nafnverði kr. 1.000,00, eða hlutabréf gefin út til jöfnunar eða á annan hátt í stað þeirra. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati aukadómþingsins.

Stefndi gerir þessar dómkröfur:

Að dómkröfum stefnanda verði hrundið og stefndi verði sýknaður.

Málavexti kveður stefnandi þá að hann sé eigandi umstefndra hlutabréfa og hafi hann lánað stefnda hlutabréfin sumarið 1977 vegna funda í viðkomandi hlutafélögum. Hafi komið til tals að stefnandi seldi stefnda bréfin, en af því hafi ekki orðið. Stefndi hafi hins vegar neitað að skila hlutabréfunum.

Í aðilaskýrslu er stefnandi gaf fyrir aukadómþingi Austur-Húnavatnssýslu þann 4. apríl 1986 kvaðst hann ekki hafa álitið sig selja stefnda hlutabréfin heldur lánað honum þau til þess að stefndi hefði sterkari stöðu á tilteknum hluthafafundi, en ekki til þess að stefndi mætti fyrir hönd stefnanda. Kvað stefnandi samningaviðræður varðandi kaup á bréfunum ekki hafa komist í gang, en stefnandi kvað sig hafa nefnt töluna kr. 300.000,00 sem það verð sem hann þyrfti að fá fyrir bréfin til þess að sleppa skaðlaust. Stefnandi kvaðst ekki hafa fengið formlegt tilboð í hlutabréfin fyrr en hann fékk senda ávísun að fjárhæð kr. 150.000,00, sbr. dskj. nr. 15, þann 30. janúar 1979. Stefnandi kvað stefnda síðan hafa hitt sig á samkomu nokkru síðar eða 1 til 2 árum eftir að stefnandi lánaði stefnda bréfin og hafi stefndi rætt við sig um að heimsækja sig í þeim tilgangi, að stefnanda skildist, að ræða nánar um afdrif bréfanna. Hafi stefnandi endursent stefnda ávísunina með bréfi dags. 9. feb. 1979, sbr. dskj. nr. 3. Stefndi hafi hitt stefnanda heima á Löngumýri nokkru eftir að stefnandi endursendi ávísunina og hafi stefnandi þá óskað eftir því að fá bréfin. Stefnandi kvaðst hafa skilið málflutning stefnda þannig að hann hafi endurvakið sitt upphaflega tilboð, kr. 150.000,00. Eftir þetta telur stefnandi sig hafa leitað til framkvæmdastjóra Hólaness hf. og óskað eftir því að hlutabréfin yrðu skráð aftur á sitt nafn, en stefnandi kveður stefnda þá hafa verið formann stjórnar eða í stjórninni og hafi framkvæmdastjóri Hólaness hf. ekki viljað gera það. Stefnandi kvaðst ekki hafa talið sig þurfa að ræða við stefnda um hlutabréfin er þeir hittust á fyrrnefndri samkomu og þess vegna hafi engar

viðræður átt sér stað. Stefnandi kvaðst aðspurður ætíð hafa talið bréfin fram til skatts sem eign sína.

Stefndi hefur skýrt svo frá að í maí/júní 1977 hafi stefnandi verið á ferð á Skagaströnd og hitt þá stefnda að máli. Hlutabréf í hf. Hólanesi hafi borist í tal og stefndi falast eftir hlutabréfum stefnanda í félaginu. Taldi stefndi að stefnandi hefði tekið því vel en ekki hafi verið gengið frá kaupum, m.a. vegna þess að stefnandi hafi eigi haft hlutabréfin meðferðis. Síðar á sama ári (1977) hafi stefndi heimsótt stefnanda; hafi þá tekist kaup með aðilum málsins á þann veg að stefndi keypti hlutabréf stefnanda í Hólanesi hf. og fengi stefndi hlutabréf í Útgerðarfélagi Höfðakaupstaðar hf. með í kaupunum, enda munu þau hlutabréf hafa verið verðlaus með öllu. Hafi kaupverð bréfanna verið umsamið kr. 150.000,00 og mætti það greiðast við hentugleika. Greiðsla umsamins kaupverðs var innt af hendi með ávísun kr. 150.000,00, útg. 30/1 1979, sbr. dskj. nr. 15. Með nefndri ávísun sendi stefndi stefnanda bréf dags. 30/1 1979 þar sem hann biður stefnanda afsökunar á því hve dregist hafi að senda honum greiðsluna. Einnig segist stefndi ætla að telja hlutabréfin fram til skatts á því ári. Stefndi kveður síðan stefnanda hafa endursent nefnda ávísun með svarbréfi þann 9. feb. 1979, sbr. dskj. nr. 3, en þar skrifar stefnandi m.a.: „Nú er verðgildi krónunnar allt að því þrisvar sinnum lægra en þegar ég léði þér bréfin. Ég vil því eigi selja þau nú fyrir 150 þús." Stefndi kveðst síðan þegar hafa haft samband við stefnanda og tjáð honum að kaupin stæðu, enda væri stefndi reiðubúinn til þess að greiða vexti til viðbótar kaupverði. Kvað stefndi málum þannig komið að ógerlegt væri að rifta kaupum vegna ráðstafana er hann hefði gert. Taldi stefndi að mál þetta væri niður fallið og kaupin stæðu en stefnandi hafi ætlað sér að neita viðtöku kaupverðinu. Hinn 15. nóv. 1983 hafi stefnda svo borist bréf lögmanns stefnanda þar sem krafist er afhendingar á hinum seldu hlutabréfum, sbr. dskj. nr. 8. Bréfi lögmanns stefnanda var svarað með bréfi lögmanns stefnda dags. 16. des. 1983, dskj. nr. 9, þar sem afhendingarkröfu stefnanda var hafnað. Hafi þessu bréfi, dags. 16.12.83, frá lögmanni stefnda til lögmanns stefnanda aldrei verið svarað.

Í aðilaskýrslu er stefndi gaf fyrir aukadómþingi Austur-Húnavatnssýslu þann 4. apríl 1986 kvaðst hann, er hann fékk hlutabréfin í hendur sumarið 1977, hafa bundist fastmælum við stefnanda um að kaupa bréfin af stefnanda fyrir kr. 150.000,00. Jafnframt benti stefndi á að hann hefði dvalið í góðu yfirlæti í rúman einn klukkutíma á heimili stefnanda og mótmælti því er fram kom í málsskjölum stefnanda varðandi það að stefnandi hefði eigi haft nægan tíma til að rita umboð ef um það hefði verið að ræða. Stefndi bar það einnig að er þeir stefnandi kvöddust hafi stefnandi sagt svohljóðandi við sig: „Þú sendir mér bara greiðsluna góði við hentug-

leika.“ Stefndi kvaðst aðspurður um tilraunir til greiðslu fyrir bréfin, að frátalinni ávísuninni kr. 150.000,00 skv. dskj. nr. 15, ekki hafa gert tilraun til að greiða bréfin nema í eitt skipti, 3 - 4 vikum eftir að hann móttók bréf stefnanda, sbr. dskj. nr. 3, en þá hafi stefndi farið fram á Ytri-Löngumýri gagngert til að bjóða fram greiðslu fyrir bréfin auk viðbótargreiðslu vegna þess hve langur tími var liðinn frá móttöku bréfanna. Stefndi kvað sig nú reiðubúinn til þess að standa við kaupin og greiða fyrir bréfin miðað við upphaflegt kaupverð með hæstu lögleyfðu vöxtum. Stefndi taldi sig þannig hafa keypt bréfin, en ekki vera með þau í láni og vitnaði í framlögð skjöl. Stefndi kvað sig í febrúar 1978 hafa framvísað gömlu hlutabréfunum við útgáfu jöfnunarhlutabréfa og hafi hann fengið jöfnunarhlutabréfin skráð á sitt nafn. Stefndi kvaðst ekki hafa tilkynnt útgáfu jöfnunarhlutabréfanna og ógildingu gömlu hlutabréfanna enda teldi hann það óþarft. Stefndi kvað sig sjálfan hafa talið bréfin fram til skatts frá og með árinu 1979. Stefndi tók fram að á þeim árum er hann fékk bréfin í hendur hafi verið miklir rekstrarerfiðleikar hjá Hólanesi hf., því hafi umsamið verð miðast við það. Einnig kvað stefndi það ekki hafa komið til tals, er hann tók við bréfunum úr hendi stefnanda, að hann færi með hluti stefnanda í umboði hans á aðalfundi, enda hefði stefndi ekki óskað þess og hefði þá nægt að fá skriflegt umboð.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því að hann sé eigandi og hafi afhent stefnda nefnd hlutabréf til láns til nota á fundi í Hólanesi hf. sumarið 1977. Hlutabréf þessi hafi stefnandi keypt af Bergi Lárussyni, þáverandi forstjóra Hólaness hf., þann 13.1. 1963 skv. dskj. nr. 6. Stefnandi hafi því verið eigandi nefndra hlutabréfa og sé það enn. Þótt stefndi hafi frá upphafi, þ.e. frá sumrinu 1977, falast eftir bréfunum og stefnandi hafi nefnt ákveðna upphæð í því sambandi hafi aldrei komist á bindandi kaupsamningur um nefnd hlutabréf milli aðila. Stefnandi hafi ætíð talið hlutabréfin fram til skatts, sbr. dskj. nr. 20 - 29. Stefndi hafi hins vegar eigi talið þau fram á skattskýrslu fyrr en frá árinu 1979.

Málssókn stefnanda er reist á grunnreglum laga um að hver maður eigi rétt til að heimta til baka eigur sínar er léðar eru og á ákvæðum samningalaga, kaupabálki Jónsbókar og þjófabálki. Stefnandi hefur jafnframt haldið því fram að ef stefndi hefði haft mikinn hug á því að greiða hlutabréfin hefði hann getað deponerað greiðslu; hann hafi ekki gert það þegar verðbólgan var 60% - 70% árið 1977. Líta verði svo á að bréf stefnda, dskj. nr. 11, sé tilboð sem stefnandi hafnar. Óumdeilt hafi verið að stefndi hafi notað bréfin til atkvæðagreiðslu á fundum í Hólanesi hf. Eina skiptið sem boðin sé greiðsla fyrir bréfin hafi verið í febrúar 1979 er stefndi sendi ávísunina. Tilboð sé löngu fallið niður á þeim tíma. Í fyrsta lagi telur stefnandi það ljóst að bréfin hafi upphaflega verið afhent að láni en ekki til

kaups, en þótt svo hefði verið væri tilboð fallið niður. Í öðru lagi telur stefnandi þá spurningu vakna hvort stefnandi hafi misst rétt vegna tómlætis. Það sé eingöngu skv. hefðarlögum sem eignarréttur getur yfirfærst vegna tómlætis. Stefnandi hafi haft uppi mótmæli í bréfi 9.2. 1979, dskj. nr. 3. Í þriðja lagi sé spurning um sönnunarbyrði. Stefndi hafi sönnunarbyrði skv. ísl. rétti um það hvort kaup hafi tekist. Reglur um viðskiptabréf skipti hér ekki máli, þar sem ekki er um grandlausan þriðja aðila að ræða.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að kaup hafi tekist með aðilum um hin afhentu hlutabréf við ákveðnu kaupverði sem greiðast átti við hentugleika. Hafi stefndi alla tíð haldið fast við kaupin og reynt að efna greiðsluskyldur sínar skv. kaupsamningi en seljandi hafi færst undan viðtöku kaupverðs með og án vaxta. Stefnandi hafi í bréfi 9.2. 1979 til stefnda skrifað að hann (stefnandi) vilji eigi selja bréfin *nú* fyrir kr. 150 þús. þar sem verðgildi krónunnar hafi minnkað síðan stefndi fékk bréfin afhent, og telur stefndi að þar sé um tilraun til riftunar á kaupum aðila að ræða. Handhafahlutabréf séu sönnun á tilteknum eignarréttindum samkvæmt bréfunum og handhafi slíkra bréfa getur ekki haft sönnunarbyrði fyrir handhöfn, heldur sá sem rengir eignina á bréfunum. Og hlýtur sönnunarbyrðin því að liggja hjá stefnanda. Stefndi hefur bent á að skv. ummælum stefnanda fyrir rétti hafi hagur Hólaness hf. batnað nokkru eftir að kaup voru gerð og hafi það verið ástæða þess að kaupin voru dregin til baka. Seljanda hafi mátt vera ljóst að þegar hann afhenti bréfin gegn greiðslu eða án hafi stefndi eignast bréfin. Stefndi telur að málið velti á

a) sönnun um það hvort kaup hafi átt sér stað,

b) gildi viðskiptabréfa.

Stefnandi hafi haldið því fram að stefndi hafi sönnunarbyrði. Sönnunarbyrðin hljóti að liggja hjá stefnanda og ráði úrslitum að um viðskiptabréf sé að ræða en ekki önnur réttindi. Auk þessara ástæðna er bent á tómlæti af hálfu stefnanda. Kaupin hafi verið gerð árið 1977. Stefna var þingfest árið 1986. Stefndi sé búinn að ráðstafa upphaflegu bréfunum og séu þau eigi lengur í gildi. Stefndi hefur reist dómkröfur sínar á l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup, almennum reglum um viðskiptabréf svo og ákvæðum samningalaga. Sérstaklega hefur stefndi vitnað í 28. gr. 1. og 2. mgr. kpl.

Óumdeilt er að stefnandi afhenti stefnda hin umdeildu hlutabréf sumarið 1977. Einnig er óumdeilt að aðilar hafi rætt um verð á bréfunum eða þannig að stefnandi heldur því fram að hann hafi nefnt töluna kr. 300.000,00 til að sleppa skaðlaus, en stefndi hefur nefnt fjárhæðina kr. 150.000,00 sem umsamda fjárhæð. Stefndi telur fram sem eign á skattaskýrslu í fyrsta sinn árið 1979 hin umstefndu hlutabréf. Stefnandi hefur allar götur síðan 1977 talið hin umstefndu hlutabréf sem eign sína fram til skatts. Það er einnig fram komið að stefnandi hafi ekki afhent stefnda

bréfin til þess að mæta fyrir hönd stefnanda á fundinn í félaginu. Fram er einnig komið að ekki voru rædd nein tímamörk við afhendingu bréfanna. Fram er komið að stefndi sendir ávísun að fjárhæð kr. 150.000,00 þann 31. janúar 1979 til stefnanda ásamt bréfi þar sem því er lýst yfir að greiðslan sé vegna hlutabréfa í Hólanesi hf. Einnig er beðist afsökunar á því hve lengi hafi dregist að senda greiðsluna. Stefnandi endursendir ávísunina með bréfi dags. 09.02. 1979, þar sem stefnandi kveðst eigi hafa búist við að stefndi borgaði fyrir bréfin, enda hafi það verið óákveðið frá hendi stefnanda hvort stefnandi lánaði bréfin vegna atkvæðagreiðslu eða seldi þau. Síðan lýsir stefnandi því í bréfinu að verðgildi krónunnar sé orðið allt annað og vilji hann ekki selja bréfin nú. Fram er komið að stefndi sýnir stjórn Hólaness hf. þann 19. febrúar 1978 hlutabréf að upphæð kr. 29.000,00 vegna útgáfu nýrra bréfa sem voru í eigu Björns Pálssonar eins og segir í yfirlýsingu frá framkvæmdastjóra Hólaness hf. þann 26. september 1983, dskj. nr. 7. Fram er komið að stefndi hafi einu sinni eftir að hann sendi stefnanda ávísunina, um þrem til fjórum vikum síðar, boðið fram greiðslu fyrir bréfin auk viðbótargreiðslu. Fram er einnig komið að stefnandi hafi reynt að fá bréfin skráð aftur á sitt nafn, en þáverandi framkvæmdastjóri Hólaness hf. hafi ekki talið sér það fært, sbr. dskj. nr. 7; er þeirri staðhæfingu ómótmælt. Af framlögðum skjölum má ráða að stefnandi hafi leitað til lögmanna á árinu 1983 og óskað aðstoðar við endurheimtu bréfanna.

Samkvæmt dskj. nr. 7, bréfi (yfirlýsingu) þáverandi framkv.stj. Hólaness hf. til stefnanda dags. 26. sept. 1983, er því lýst að stefndi hafi þann 19. febrúar 1978 afhent hlutabréf að fjárhæð kr. 29.000,00 til Hólaness hf. vegna útgáfu nýrra bréfa, sem voru í eigu Björns Pálssonar. Síðan segir í yfirlýsingunni að stefndi hafi fengið afhent ný bréf að upphæð gkr. 29.000 og jöfnunarbréf að upphæð gkr. 75.400.

Niðurstaða.

Þegar atferli aðila er virt, og með hliðsjón af gögnum málsins, verður að líta svo á að stefndi, sem hefur haldið því fram að bindandi samningur um kaup hans á hinum umstefndu hlutabréfum hafi stofnast milli aðila, hafi ekki sýnt nægilega fram á að hann hafi mátt treysta athöfnum og yfirlýsingum stefnanda á þann veg að slíkur bindandi kaupsamningur hafi stofnast með aðilum. Orðalag stefnanda í dskj. nr. 15: „Nú er verðgildi krónunnar allt að því þrisvar sinnum lægra en þegar ég léði þér bréfin. Ég vil því eigi selja þau nú fyrir 150 þús." — verður ekki talið sanna ótvírætt að stefnandi hafi þegar verið búinn að gera samning um sölu bréfanna til stefnda. Má allt eins túlka það á þann veg að stefnandi hafi talið sig vera reiðubúinn fram að þeim tíma er bréfið er ritað til þess að selja stefnda hlutabréfin, ef semdist með aðilum um söluverð. Hins vegar verður

að telja að stofnast hafi upphaflega ótímabundinn afnotasamningur með aðilum um nefnd hlutabréf með afhendingargerningi stefnanda. Með því að afhenda stefnda bréfin, sem voru handhafabréf, en venjulega eru öll eignarráð slíkra bréfa bundin við handhöfn þeirra, án þess að tilgreina skýrt tímamörk afnotasamnings þessa milli aðila, og með því að ræða hugsanlega sölu bréfanna til stefnda jafnframt því að tilgreina ekki á nokkurn hátt takmarkanir á afnotum stefnda af bréfum þessum, þar á meðal við útgáfu jöfnunarhlutabréfa, verður að líta svo á að stefnandi hafi þannig vakið vonir með stefnda um að af kaupum þess síðarnefnda á bréfunum gæti orðið og að stefndi hafi mátt treysta því að hann ætti kauprétt að bréfum þessum. Verður því að álíta að stefndi hafi mátt líta svo á að stefnandi hafi veitt sér slík óbein eignarréttindi yfir bréfunum að jafna mætti til samnings aðila um kauprétt stefnda að bréfunum. Þar sem nú hefur verið litið svo á að stefndi hafi ekki öðlast bein eignarréttindi að hinum upphaflega umstefndu handhafabréfum, verður að líta svo á að stefnandi glati ekki frekari réttindum við útgáfu jöfnunarhlutabréfa er koma alfarið og að öllu leyti í stað hinna upphaflegu handhafabréfa er voru ógilt við útgáfu jöfnunarhlutabréfanna og það eins þótt nýju hlutabréfin hafi verið gefin út á nafn stefnda og skráð á hans nafn hjá stjórn hlutafélagsins. Niðurstaðan verður því sú að kröfur stefnanda verða teknar til greina með þeim takmörkunum á eignarréttindum stefnanda er leiða af kauprétti þeim er stefndi hefur öðlast að hinum umstefndu hlutabréfum. Þar sem ekki verða gefnar nema almennar reglur um framkvæmd kaupréttar og ekki verður leitt af samskiptum aðila hvernig beita beri slíkum kauprétti verður að telja að kaupréttur sá er stefndi hefur nú öðlast að hinum umstefndu hlutabréfum sé fólginn í því að stefndi eigi rétt á því að kaupa hin umstefndu hlutabréf af stefnanda og þá eðli málsins samkvæmt á því verði er sanngjarnt má teljast eftir mati þá er kaup eiga sér stað. Kaupréttur sá er stefndi hefur í hinum umstefndu bréfum nær eigi til þess að hafa hlutabréfin í vörslum sínum þar sem telja verður að hinum upphaflega ótímabundna afnotasamningi hafi verið sagt upp af hálfu stefnanda með ritun bréfsins þann 09.02. 1979 til stefnda.

Samkvæmt þessu verður fallist á kröfur stefnanda með þeim takmörkunum er leiða af kauprétti þeim er stefndi hefur öðlast og að framan greinir, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Sverrir Friðriksson, fulltrúi sýslumanns Húnavatnssýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Eignarréttur stefnanda, Björns Pálssonar, að eftirtöldum hlutabréfum er viðurkenndur:

A: Handhafahlutabréf nr. 101-125 og 164-167 í Hólanesi hf., hvert að upphaflegu nafnverði kr. 1.000,00, eða hlutabréf gefin út til jöfnunar eða á annan hátt í stað þeirra.

B: Hlutabréf í Útgerðarfélagi Höfðakaupstaðar nr. 111 og 112, hvort að nafnverði kr. 1.000,00, eða hlutabréf gefin út til jöfnunar eða á annan hátt í stað þeirra.

Stefndi, Adolf Jakob Berndsen, hefur eignast kauprétt að ofangreindum hlutabréfum stefnanda á matsverði.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1989.

Nr. 182/1987. **Birgir Páll Jónsson**
(Leó E. Löve hdl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Hjörleifur Kvaran hdl.)

Skattar. Synjað um lögtak. Söluhagnaður lausafjár. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1987. Krefst hann þess aðallega að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um lögtak. Til vara krefst hann þess að synjað verði um lögtak vegna tekjuársins 1982 (gjaldársins 1983). Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hafði gagnáfrýjað málinu með stefnu 12. október 1987. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður stefndu yfir því að fallið væri frá gagnáfrýjun. Dómkröfur stefndu eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að henni verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt skjal, töflur frá skattstjóranum í Reykjavík til skýringar á vinnublaði hans yfir bifreiðaviðskipti áfrýjanda árin 1982 og 1983.

Bifreiðaviðskiptum áfrýjanda á árunum 1982 og 1983 er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Ekki verður fallist á þann skilning skattyfirvalda að með þeim hafi áfrýjandi stundað atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Með hliðsjón af umfangi þessara viðskipta verður hins vegar ekki talið að áfrýjanda hafi tekist að gera líklegt að þau hafi ekki farið fram í hagnaðarskyni, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og máli þessu er háttað hefði verið eðlilegt að fara með söluhagnað áfrýjanda samkvæmt ákvæðum 1. mgr. sömu greinar, en telja verður að í henni felist hin almenna regla um meðferð söluhagnaðar af lausafé, sem eigi er heimilt að fyrna og fellur ekki undir atvinnurekstur.

Með framanritað í huga fá forsendur endurákvörðunar skattstjórans í Reykjavík á gjöldum áfrýjanda vegna tekna áranna 1982 og 1983 ekki staðist. Þess er og að geta að fyrrgreind endurákvörðun, sem fram fór 20. maí 1985, braut í bága við 2. mgr. 97. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er varðar gjöld vegna tekna ársins 1982 þar sem liðin voru meira en tvö ár frá lokum þess árs.

Af ofangreindum ástæðum ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja umbeðins lögtaks.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og er synjað lögtaks.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Við ákvörðun á söluhagnaði áfrýjanda af sölu bifreiðanna bar svo sem mál þetta liggur fyrir að fara eftir 1. mgr. 15. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Endurákvörðun skattstjóra var því byggð á röngum forsendum og ber að fella hana úr gildi. Réttur skattstjóra til endurákvörðunar skatta vegna tekna ársins

1982 var og fallinn niður, þegar hún fór fram á árinu 1985, þar sem liðin voru meira en tvö ár frá lokum þess árs, sbr. 2. mgr. 97. gr. skattalaganna. Samkvæmt þessu tel ég að skattyfirvöldum sé rétt að ákveða að nýju skatta áfrýjanda fyrir gjaldárið 1984. Með þessari athugasemd er ég sammála niðurstöðu meirihluta dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. apríl 1987.

I.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 26. mars 1987.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, krefst þess að heimilað verði lögtak hjá varnaraðila, Birgi Páli Jónssyni, nnr. 1124-2537, Rauðagerði 53, Reykjavík, vegna ógreiddra gjalda hans gjaldárin 1983 og 1984, samtals pr. 5.12. 1985 með áföllnum dráttarvöxtum að fjárhæð kr. 290.090,00. Jafnframt krefst hann þess að lögtakið tryggi áfallandi dráttarvexti sem reiknaðir séu í samræmi við ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981 og 43. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, og ákvæði 4. tl. til bráðabirgða í lögum nr. 36/1986. Þá er og krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili krefst þess *aðallega* að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en *til vara* að synjað verði um lögtak vegna gjaldársins 1983 (tekjuársins 1982). Hann krefst og málskostnaðar að mati réttarins.

II.

Með beiðni, dags. 5.12. 1985, fór Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit við fógeta að gert yrði lögtak hjá Birgi Páli Jónssyni, Rauðagerði 53, Reykjavík, til tryggingar greiðslu opinberra gjalda skv. gjaldheimtuseðli nr. 1124-2537, gjaldárin 1983 og 1984.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1986 mætti gerðarþoli ásamt lögmanni sínum hjá fógeta og mótmælti fyrirhugaðri lögtaksgerð, þar sem hann taldi álagningu skattstjóra ranga, a.m.k. að hluta.

Samkvæmt málskjölum er aðdragandinn sá að með bréfi 20.5. 1983 skoraði skattstjóri á Birgi með vísan til 96. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að upplýsa bílaviðskipti sín á árinu 1982, „þ.e. leggja annaðhvort fram efnahags- og rekstrarreikning ásamt með lögboðnum fylgigögnum *eða* greinargerð um tilgang umræddra viðskipta sbr. 15. gr. l. nr. 75/1981". Birgir svaraði með bréfi 30. maí 1983 þar sem hann tók fram að bílaviðskipti sín hefðu ekki verið stunduð í atvinnu- eða hagnaðarskyni heldur vegna „bíladellu".

Í bréfinu er tekið fram að bílaviðskipti hans nú væru á engan hátt öðru-

vísi en mörg undanfarin ár, en gerð hafi verið grein fyrir þeim í framtölum án athugasemda af hálfu skattyfirvalda.

Það næsta sem gerist í málinu er bréf skattstjóra til Birgis 20. nóvember 1984. Bréfið er að mestu sama efnis og fyrra bréf skattstjóra, nema nú er spurt um bílaviðskipti Birgis á árinu 1984. Jafnframt er tekið fram að ekki sé annað sýnna en um atvinnurekstur sé að ræða miðað við umfang viðskipta undanfarin ár. Birgir mótmælti þessari afstöðu skattstjóra með bréfi 27. nóv. 1984 og vísaði enn til fyrri meðferðar þessara mála og segir m.a.: „Þessi nýja ákvörðun yðar um atvinnurekstur hlýtur því að vera nýr úrskurður og breyting á fyrri afstöðu og leyfi ég mér að kæra hann hér með."

Með bréfi, dags. 21. mars 1985, tilkynnti skattstjóri Birgi að hann hefði í hyggju að endurákvarða opinber gjöld Birgis vegna áranna 1983 og 1984 skv. 96. gr. laga nr. 75/1981 í framhaldi af bréfi sínu 20. nóv. 1984 og svarbréfi Birgis 27. nóv. 1984. Birgir svaraði bréfi skattstjóra með bréfi 25. mars 1985 þar sem hann mótmælti ákvörðun skattstjóra og meðferð hans á málinu skv. rskj. nr. 7.

Með bréfi 12. apríl 1985 afturkallar skattstjóri bréf sitt frá 21. mars 1985 vegna galla en segir svo m.a.: „Skattstjórinn í Reykjavík hefur í hyggju að endurákvarða opinber gjöld yðar vegna áranna 1983 og 1984 skv. 96. gr. laga nr. 75/1981 í framhaldi af fyrirspurnarbréfi sínu dags. 20. nóv. 1984 ....

Fyrirhugun skattstjóra er byggð á þeim forsendum að þér hafið keypt og selt bifreiðir á liðnum árum í það viðamiklum mæli, að ætla má að um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé að ræða.

Ætti því að fara með skattlagningu söluhagnaðar skv. 20. gr. fyrrnefndra laga.

Skv. skattframtölum yðar árin 1979 - 1984 voru bifreiðaviðskipti yðar sem hér segir:

Ár:	*Keyptar á árinu:*	*Seldar á árinu:*	*Þar af skipti:*	*Kaup-verð, kr.:*	*Sölu-verð, kr.:*	*Hagn-aður, kr.:*	*Bíla-eign í árslok:*
1978	5 stk.	4 stk.		135.000	138.000	18.000	2
1979	5 stk.	4 stk.		182.500	140.000	30.500	3
1980	8 stk.	10 stk.	2	337.000	482.000	41.000	1
1981	3 stk.	2 stk.		315.000	215.000	70.000	2
1982	9 stk.	10 stk.	1	1.135.000	1.350.000	260.000	1
1983	10 stk.	9 stk.	6	2.240.000	1.870.000	280.000	2

Skv. skattframtölum yðar árin 1979 - 1984 var eignarhald yðar á seldum bílum áranna 1978 - 1983 sem hér segir:

Ár:	*Færri en 30 dagar*	*Færri en 60 dagar*	*Færri en 90 dagar*	*Færri en 180 dagar*	*Færri en 365 dagar*	*Fleiri en 365 dagar*
1978		2			1	
1979	1	1		1		1
1980	4	1	2	2	1	
1981				1	1	
1982	5	1		1	2	1
1983	6		1	1		

Ætla má að bifreiðasala í þeim mæli og með þeim hætti sem að framan greinir falli undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í skilningi skattalaganna.

Skattstjóri hefur því í hyggju að færa yður til tekna söluhagnað vegna fyrrnefndra bifreiðaviðskipta ásamt því að ætla yður aðstöðugjaldsstofn kaupverð þeirra bifreiða sem seldar voru á árinu. Þó þykir rétt að lækka söluhagnað hvers árs um söluhagnað eins bíls, sem seldur var og lengst hafði verið í yðar eigu á árinu, þ.e. líta má svo á að um sölu á einkabifreið hafi verið að ræða. Einnig þykir við hæfi að lækka aðstöðugjaldsstofn ársins um kaupverð fyrrnefnds bíls á sömu forsendum.

Skattframtal 1983:
Söluhagnaður kr. 175.000,00
Aðstöðugjaldsstofn kr. 1.475.000,00

Skattframtal 1984:
Söluhagnaður kr. 280.000,00
Aðstöðugjaldsstofn kr. 2.490.000,00

Við framangreindar upphæðir verður bætt 25% álagi skv. 106. gr. laga nr. 75/1981.

Ef þér óskið að koma að andmælum vegna fyrirhugaðra breytinga eða gefa skýringar, þá þarf skriflegt svar að hafa borist skattstjóra innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs, en að loknum framangreindum fresti verður tekin ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna."

Birgir svaraði með bréfi 21. apríl 1985 og vísaði enn til fyrri skýringa. Með bréfi 20. maí 1985 endurákvarðaði skattstjóri opinber gjöld Birgis árin 1983 og 1984. Þar segir m.a.: „Endurákvörðun grundvallast á eftirfarandi málavöxtum:

Ekki er fallist á það sjónarmið yðar að bifreiðaviðskipti yðar séu ekki atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi.

Telja verður að bifreiðaviðskipti í þeim mæli og með þeim hætti, sem þér stundið þau, séu atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi.

Í framhaldi af bréfi yðar frá 25. mars 1985 og til enn frekari skýringa skal tafla í bréfi skattstjóra frá 12. apríl 1985 skýrð nánar:

„Keyptar bifreiðar á árinu": Eru allar þær bifreiðar sem þér hafið eignast á viðkomandi ári.

„Seldar bifreiðar á árinu": Eru allar þær bifreiðar sem þér hafið selt á viðkomandi ári.

„Þar af skipti": Eru þær bifreiðar sem seldar eru á árinu en önnur bifreið er tekin „upp í" sem hluti greiðslu. „Kaupverð" kr.: Er kaupverð þeirra bíla sem keyptir eru á viðkomandi ári. Þegar bílar eru keyptir með skiptum er kaupverð keypta bílsins ákvarðað sem kaupverð selda bílsins að viðbættri eða frádreginni þeirri fjárhæð sem þér bætið við eða fáið greidda.

Skattstjóri vill leiðrétta kaupverð bifreiðanna á árunum 1982 og 1983 skv. töflu í bréfi frá 12.4. 1985. Þar er kaupverð á árinu 1982 kr. 1.135.000,00 en á árinu 1983 kr. 2.240.000,00. Rétt er að kaupverð bifreiða á árinu 1982 er kr. 1.305.000,00 en á árinu 1983 kr. 2.490.000,00. Breyting þessi hefur engin áhrif á hagnað viðkomandi árs, og því ekki á endurákvörðun þess. „Söluverð kr.": Er söluverð þeirra bíla sem seldir eru á viðkomandi ári; þegar bílar eru seldir með skiptum er söluverð selda bílsins ákvarðað sem kaupverð þess sama bíls. Skattstjóri vill einnig leiðrétta söluverð bifreiðanna á árunum 1982 og 1983, skv. töflu í bréfi frá 12.4. 1985. Þar er söluverð á árinu 1982 kr. 1.350.000,00 en á árinu 1983 kr. 1.870.000,00. Rétt er að söluverð bifreiða á árinu 1982 er kr. 1.520.000,00, en á árinu 1983 kr. 2.360.000,00.

Breyting þessi hefur engin áhrif á hagnað viðkomandi ára og því ekki endurákvörðun þess.

„Hagnaður kr.": Er reiknaður sem mismunur söluverðs og kaupverðs seldra bifreiða.

Aðstöðugjaldstofn ákvarðast sem kaupverð seldra bifreiða að frádregnu kaupverði seldrar einkabifreiðar.

Skattstjóri hefur ákveðið í framhaldi af framanrituðu að ákvarða yður laun af eigin rekstri á árinu 1982, kr. 150.000,00 en á árinu 1983 kr. 230.000,00, einnig hefur skattstjóri ákveðið að ákvarða yður aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar á árinu 1982 kr. 1.225.000,00 og vegna rekstrar á árinu 1983 kr. 1.830.000,00.

Fallið er frá beitingu 25% álags skv. 106. gr. laga nr. 75/1981.

Samkvæmt ofanrituðu verða gjaldstofnar sem hér segir:

	Skattframt. 1983:	*Skattframt. 1984:*
Tekjuskattsstofn	kr. 311.224,00	kr. 478.645,00
Útsvarsstofn	kr. 363.940,00	kr. 535.177,00
Sjúkratr.gj.stofn	kr. 363.940,00	kr. 535.177,00
Aðstöðugjaldsstofn	kr. 1.225.000,00	kr. 1.830.000,00

Sé stofns ekki getið er hann óbreyttur frá álagningu.

Skattbreytingaseðlar fylgja.

Athygli skal vakin á því, að kærufrestur til skattstjóra er 30 dagar frá og með póstlagningardegi þessarar tilkynningar."

Birgir kærði endurákvörðun skattstjóra. Skattstjóri vísaði kærunni frá sem of seint fram kominni, rskj. nr. 11.

Birgir kærði nú frávísunarúrskurð skattstjóra til ríkisskattanefndar. Ríkisskattstjóri krafðist hins vegar staðfestingar með bréfi 4. nóv. 1985.

Ríkisskattanefnd staðfesti frávísunarúrskurð skattstjóra 26. nóv. 1985 „enda hefur af hálfu kæranda eigi verið sýnt fram á að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að kært væri til skattstjóra í tæka tíð". Rskj. nr. 12.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram að þar sem gerðarþoli hafi ekki svarað fyrirspurnum skattstjóra á fullnægjandi hátt hafi skattstjóra verið skylt að endurákvarða honum gjöld. Gerðarbeiðandi telur að það sé í eðli sínu matsatriði hvað telja eigi fullnægjandi svar við fyrirspurn í þessu sambandi, en það mat sé lagt á vald skattstjóra að ljóst megi hins vegar vera að gerðarþola hafi ekki tekist sú sönnun sem 2. mgr. 15. gr. laga nr. 75/1981 mæli fyrir um að gera það líklegt að bílaviðskipti hans „falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 20. gr." Hann álítur að þar sem skattstjóri hafi gætt réttrar aðferðar við endurákvörðun opinberra gjalda gerðarþola og áætlun hafi verið hófleg miðað við orðalag 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 „skal skattstjóri áætla tekjur og eignir skattaðila svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru", þá verði umræddri ákvörðun ekki hnekkt af dómstólum.

Gerðarbeiðandi telur að varakrafa gerðarþola standist heldur ekki, þar sem álagningin sé byggð á áætluðum skattstofnum vegna ófullnægjandi framtala gerðarþola, og eigi því 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 við, þ.e. sex ára tímabil en ekki tveggja ára reglan í 2. mgr. sömu greinar.

Gerðarþoli heldur því fram að hann hafi stundað bílaviðskipti sér til ánægju en ekki í hagnaðarskyni og sem atvinnurekstur hafi hann alls ekki stundað bílaviðskipti. Hann telur að ekkert nýtt tilefni hafi verið til að krefja hann um skýringar eða efnahags- og rekstrarreikninga varðandi bílaviðskipti sín 1983 og 1984 miðað við fyrri ár. Hann álítur að skattstjóri hefði átt að rökstyðja ákvörðun sína að bílaviðskipti gerðarþola væru atvinnurekstur, áður en krafa um skil á efnahags- og rekstrarreikningum varðandi viðskiptin var gerð.

Gerðarþoli kveðst hafa án árangurs reynt að fá leiðréttingu sinna mála

hjá skattstjóra og síðan hjá ríkisskattanefnd, en fyrir tilviljun, sem allt eins væri hægt að kenna póstþjónustunni, hefði honum ekki borist vitneskja um endurákvörðun skattstjóra á opinberum gjöldum hans 1983 og 1984 nægilega snemma og því ekki gefist færi á að kæra innan lögboðins frests.

Gerðarþoli telur að málið sé vanreifað frá hendi skattstofunnar varðandi útreikninga og fullnægjandi skýringar hafi ekki fengist þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Í greinargerð rekur gerðarþoli hvernig hann telur að útreikningar hefðu átt að vera miðað við forsendur skattstofunnar sem honum voru þá kunnar. Rskj. nr. 29, sem er ljósrit af útreikningi skattstofu um bílaviðskipti gerðarþola skv. framtölum 1979 - 1984, var ekki lagt fram fyrr en í sama þinghaldi og málið var munnlega flutt og tekið til úrskurðar. Gerðarþoli gagnrýnir að hvorki í rskj. nr. 29 né í fyrri skjölum sé getið um hvaða bifreið gerðarþoli hefði mátt selja án þess að hagnaður sölunnar yrði skattlagður miðað við fyrirheit skattstjóra að söluhagnaður einnar bifreiðar á ári væri skattfrjáls. Hann telur að enginn skattskyldur hagnaður hafi orðið af sölu bifreiða á árinu 1983 ef reglan um sölu einkabifreiðar væri í heiðri höfð.

Gerðarþoli telur að skattstjóra hafi ekki verið heimilt að endurákvarða honum opinber gjöld vegna ársins 1983, hvernig sem á málið væri annars litið á grundvelli 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, þar sem „fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu á" væru í viðunandi framtölum og fylgigögnum. Hann mótmælir þeirri skoðun sóknaraðila að um áætlaða skattstofna sé að ræða, þar sem augljóst megi telja að skattstofan hafi lagt tölur og upplýsingar úr framtölum til grundvallar niðurstöðum einvörðungu.

Fógeti telur að gögn málsins sýni að gerðarþoli hafi stundað þó nokkur bílaviðskipti undanfarin ár með hagnaði. Almennt séð veldur endurnýjun bifreiðar kostnaði en ekki hagnaði nema hún sé gerð í gróðaskyni. Líklegt er því að bílaviðskipti gerðarþola hafi a.m.k. að einhverju leyti verið gerð með hagnaðarvon í huga, enda verður að fallast á það með gerðarbeiðanda að gerðarþola hafi ekki tekist að renna nægilega styrkum stoðum undir aðrar ástæður.

Fógeti getur ekki séð að skattstjóri hafi farið út fyrir valdmörk sín þegar hann endurákvað opinber gjöld gerðarþola 1983 og 1984 skv. 96. gr. laga nr. 75/1981. Endurákvörðunin er byggð á því mati skattstjóra að bílaviðskipti gerðarþola séu atvinnurekstur, og þess vegna hafi gerðarþola verið skylt að skila efnahags- og rekstrarreikningi varðandi þessi viðskipti með framtölum sínum, og þegar fyrirmælum skattstofunnar í þá veru var ekki sinnt, þá hafi skattstjóra verið skylt að áætla gerðarþola tekjur vegna viðskiptanna. Áætlun skattstjóra er að vísu byggð á tölum úr skattframtölum gerðarþola og má sitthvað finna að meðferð þeirra talna eins og gerðarþoli

hefur sýnt fram á. Samt sem áður telur fógeti að ekki sé heimilt að hafna kröfu gerðarbeiðanda, þar sem formkröfum réttarins sé fullnægt og hin áætlaða fjárhæð geti ekki talist með öllu óraunhæf.

Þar sem fógeti lítur svo á að umdeild kröfuupphæð sé byggð á löglegri áætlun skattstjóra á skattstofnum gerðarþola 1983 og 1984, áætlun er gerð var vegna þess að fullnægjandi upplýsingar skorti að mati skattstjóra í framtölum gerðarþola sömu ár, þá eigi 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 ekki við.

Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar að kröfu gerðarbeiðanda og á ábyrgð hans.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögtak fer fram hjá Birgi Páli Jónssyni, nnr. 1124-2537, Rauðagerði 53, Reykjavík, til tryggingar ógreiddum gjöldum hans gjaldárin 1983 og 1984, samtals pr. 5.12. 1985 með áföllnum dráttarvöxtum að fjárhæð kr. 290.090,00, auk áfallandi dráttarvaxta skv. 112. gr. laga nr. 75/1981 og 43. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1986 og ákvæði 4. tl. til bráðabirgða í lögum nr. 36/1986.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1989.

Nr. 218/1987. **Iðunn Björnsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og
Sigríður Ólafsdóttir Seager
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Pétri Björnssyni
(Hákon Árnason hrl.)

Erfðaskrá. Arfleiðsluhæfi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. júní 1987.

Áfrýjandinn Iðunn Björnsdóttir gerir þær dómkröfur að erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 verði metin ógild og stefndi dæmdur til að greiða henni málskostnað allan bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Sigríður Ólafsdóttir Seager gerir sömu dómkröfur en auk þess gerir hún þá varakröfu að málskostnaður verði felldur niður á báðum dómstigum.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur hafa lagt fram í Hæstarétti eftirtalin ný skjöl: bréf Högna Óskarssonar geðlæknis til áfrýjandans Iðunnar Björnsdóttur, dagsett 15. febrúar 1988, ásamt útdrætti úr sjúkraskýrslum Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn varðandi Eddu Björnsdóttur, sérfræðilegt álit geðlæknisins með greinargerð og lýsingu á lífsferli hennar. Í hinu sérfræðilega áliti geðlæknisins segir m.a. svo:

„Í upphafi verður að hafa í huga, að áður en Edda veiktist, þá hafði hún lokið gagnfræðaprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík,

dvalið erlendis á skóla og síðan unnið í banka. Í kjölfar aðgerðanna, geislameðferða og annarrar meðferðar, varð meginbreyting á andlegri getu, hegðun og félagslegri hæfni, þannig að hún gat ekki axlað ábyrgð sem fullorðin manneskja í okkar þjóðfélagi. Þarfnaðist hún verndunar og stuðnings í vaxandi mæli allt til dauða.

Einkenni voru f.o.f. frá lobus frontalis, sem leiddu til versnandi stjórnunar tilfinninga, vaxandi dómgreindarleysis og nærminnisskerðingar, úthalds- og einbeitingarleysis, vaxandi vanhæfni til að skynja hlutina nema í sinni einföldustu mynd og þ.a.l. vanhæfni til að setja upp fyrir sér og velja á milli valkosta, greina mál í smærri þætti og finna lausnir á skipulegan hátt. Eins kom fram vanhæfni til að átta sig á nýjum fróðleik og aðstæðum og ná tökum á þeim. Ákvarðanir urðu því oft óyfirvegaðar og hvatvíslegar, og vegna skerðingar á nærminni hafði hún alls ekki forsendur til að geta endurskoðað fyrri ákvarðanir eða aðlaga þær breyttum aðstæðum, því hún hlaut að gleyma þeim fljótt, nema hún væri minnt á þær. Má sem dæmi nefna, að hún virðist aldrei hafa rætt erfðaskrármálin eftir að hún gekk frá þeim, hvorki við ættingja né kunningja.

Einkenni þessi fóru versnandi með árunum, en þeim er lýst nánar í greinargerð og í samantekt undirritaðs á lífsferli og heilsufari Eddu og svo í útdrætti úr sjúkraskýrslum Rigshospitalet í Kaupmannahöfn.

Niðurstaða undirritaðs er því sú, að Edda Björnsdóttir hljóti að hafa verið ófær um að ráðstafa hlutabréfum sínum í erfðaskrá, a.m.k. frá árinu 1968 og til dauðadags, þannig að ákvæðum erfðalaga væri fullnægt."

II.

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram nýtt skjal, viðbótargreinargerð Tómasar Zoëga geðlæknis við fyrri greinargerð hans frá 12. september 1986 um heilsufar Eddu Björnsdóttur, andlegt ástand hennar og hæfni til að gera erfðaskrá í apríl 1978. Er hin nýja greinargerð dagsett 19. maí 1988 og kemur þar fram að hún er samin að beiðni lögmanns stefnda í tilefni af greinargerð Högna Óskarssonar. Óskaði lögmaðurinn þess að geðlæknirinn gerði athugasemdir við greinargerð Högna og að hann athugaði sjúkraskýrslur Eddu Björnsdóttur í þau skipti er hún lá á Ríkisspítalanum í

Kaupmannahöfn á árabilinu 1953 - 1964. Í niðurstöðukafla hinnar nýju greinargerðar sinnar segir Tómas Zoëga m.a. svo:

„Edda Björnsdóttir var veik árum saman og lést fyrir aldur fram. Að sjálfsögðu hafa hin miklu veikindi sett sitt mark á hana og meðferðin hefur haft sín áhrif.

Athyglisvert er að ítarlegar sálfræðiathuganir gerðar á Eddu Björnsdóttur u.þ.b. 5 og 7 árum eftir að hún fékk geislameðferðina sýna að hún hefur haft góða greind og þá var eingöngu hægt að sýna fram á „meget let indprentnings- og retentionssvigt som de eneste tegn pa intellektuel dysfunktion." Þetta er sérstaklega áhugavert þar sem talið er að hámark klíniskra áhrifa geislunar eigi sér stað þremur árum eftir geislun. ....

Undirritaður er ósammála Högna Óskarssyni lækni um að einkenni Eddu Björnsdóttur hafi stöðugt farið versnandi og eru þá lögð til grundvallar þau gögn sem fyrir liggja. Líðan Eddu Björnsdóttur virðist ekki versna fyrr en árið 1980 og þar á eftir og þá í tengslum við heilaæxli það sem að lokum dró hana til dauða."

Læknirinn vitnar síðan í fyrri greinargerð sína og segir að því loknu að þær upplýsingar, sem fram hafi komið í máli þessu síðan sú greinargerð var rituð, styrki fyrra álit hans. Að lokum segir læknirinn:

„Niðurstaða undirritaðs er sú að skv. þeim gögnum sem fyrir liggja, hafi Edda Björnsdóttir verið svo heil heilsu andlega hinn 3. apríl 1978 að hún hafi þá verið fullfær um að gera erfðaskrá, á skynsamlegan hátt."

III.

Svo sem hér hefur verið rakið, svo og í hinum áfrýjaða úrskurði, liggja fyrir af hálfu aðila máls þessa greinargerðir sérfræðinga um sjúkrasögu Eddu Björnsdóttur og andlega heilsu hennar. Greinargerðirnar eru í meginatriðum byggðar á sjúkraskýrslum frá öðrum tímabilum en því sem hér skiptir máli, bæði á undan því og eftir. Draga sérfræðingarnir síðan ályktanir af þessum gögnum og dómskýrslum málsaðila og vitna um andlegt ástand Eddu á árinu 1978, þegar hún gerði erfðaskrá sína. Skiptast niðurstöður sérfræðinganna í tvö horn, svo sem rakið hefur verið. Hvað sem því líður hafa greinargerðir þessar að geyma ítarlegar frásagnir af sjúkrasögu Eddu og yfirlit yfir helstu læknisfræðileg sjónarmið, sem hér koma

til álita. Ágreiningsefni málsins er þannig vaxið að eðlilegra hefði verið að aðilar hlutuðust sameiginlega til um dómkvaðningu sérfræðinga í stað þess að afla læknisfræðilegra álitsgerða hvor í sínu lagi og láta við það sitja, þótt niðurstöður álitsgerðanna væru ósamhljóða. Við málflutning hér fyrir dómi voru lögmenn aðila inntir eftir viðhorfi sínu til þess að leggja málið fyrir læknaráð til umsagnar. Lýstu þeir því yfir að þeir sæju þess ekki þörf.

IV.

Erfðaskrá sú, sem hér er til meðferðar, fullnægir formskilyrðum 40. gr., sbr. 43. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og er fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um gildi vottorðs notarii publici og þýðingu þess fyrir sönnunarstöðu í máli þessu, sbr. 1. mgr. 46. gr. erfðalaga og 158. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

V.

Um aðdraganda að gerð hinnar umdeildu erfðaskrár eru fáar upplýsingar í málinu. Af framburði Ingibjargar Guðmundsdóttur og skýrslu stefnda má ráða að Edda Björnsdóttir gerði erfðaskrá á árinu 1977, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt framburði Ingibjargar gekk sú erfðaskrá í sömu átt og hin síðari. Ekki er í ljós leitt hver samdi eða skráði erfðaskrána frá 3. apríl 1978. Aftur á móti er ljóst að Edda hefur sýnt í verki ákveðinn vilja sinn til að ganga réttilega frá henni. Fullyrðing áfrýjenda um frumkvæði stefnda að gerð erfðaskrárinnar skortir næga stoð í gögnum málsins. Áfrýjendur vísa til máls, sem komið hafi til athugunar innan Vífilfells hf. á árinu 1977 um ætlaða vafasama fjármálameðferð eiginmanns áfrýjanda Iðunnar Björnsdóttur í fyrirtækinu. Er því haldið fram að stefndi hafi hagnýtt sér það í því skyni að fá Eddu til að snúast gegn áfrýjendum og gera erfðaskrá sér í hag. Af hálfu stefnda er talið að þetta mál kunni að hafa haft áhrif á ákvörðun Eddu og leitt til þess að hún missti traust á mági sínum, sem var framkvæmdastjóri Vífilfells hf., en stefndi hafi ekki haft nein áhrif á hana í þessum efnum. Gegn mótmælum hans og með hliðsjón af gögnum málsins þykir ekki unnt að leggja fullyrðingar áfrýjenda um þessi efni til grundvallar.

VI.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, er ljóst að sjúkdómur Eddu Björnsdóttur og læknisaðgerðir á höfði hennar á yngri árum hafa haft veruleg áhrif á þroska hennar, líkamlegan og andlegan. Lýsingar á Eddu eru hins vegar nokkuð ósamhljóða, svo og ályktanir um andlega heilsu hennar á árinu 1978, þegar erfðaskráin var gerð. Frásagnir, skýrslur og álitsgerðir um þetta eru raktar í hinum áfrýjaða úrskurði og í I. og II. kafla hér að framan.

Edda Björnsdóttir lauk námi í Kvennaskólanum í Reykjavík. Samkvæmt sálfræðiprófi, er fram fór í Kaupmannahöfn 1958, hafði hún þá góða meðalgreind. Minni hennar varð stopult er á leið, einkum skammtímaminni. Hún vann lítið almenn störf hin síðari ár en naut þá framfærslueyris frá fyrirtækjum fjölskyldunnar. Eftir fráfall móður sinnar á árinu 1968 virðist hún að einhverju leyti hafa séð um heimilishald fyrir föður sinn og bróður. Faðir hennar lést á árinu 1974 en Ólafur bróðir hennar 1977. Að þeim látnum bjó hún ein í stóru húsi fjölskyldunnar og virðist að flestu eða öllu leyti hafa verið sjálfs sín ráðandi. Fór hún allra ferða sinna og tókst ein á hendur ferðir til útlanda. Hún hafði bifreiðar til afnota um árabil og ók m.a. föður sínum síðustu ár ævi hans. Ekkert liggur fyrir um að í fari hennar hafi gætt alvarlegs dómgreindarskorts á þeim tíma sem hér skiptir máli, til dæmis að því er varðar meðferð fjármuna. Í erfðayfirlýsingu föður hennar, dagsettri 15. febrúar 1969, lét hann í ljós áhyggjur um framtíð hennar vegna sjúkdóms hennar. Hann gerði þó engar ráðstafanir til að hefta forræði Eddu á arfshluta hennar, svo sem gert hafði verið gagnvart Ólafi bróður hennar í erfðaskrá foreldra þeirra frá 2. mars 1963. Enda þótt fram komi hjá nokkrum vitnum að Edda hafi verið barnaleg og áhrifagjörn kemur og víða fram að hún gat haft ákveðinn vilja og fastmótaðar skoðanir. Verður ekki annað séð en að hún hafi verið sjálfstæð í sínu daglega lífi og hvorki látið stjórnast af öðrum né verið einum háð öðrum fremur. Líf hennar tengdist samt augsýnilega mjög fjölskyldunni og fyrirtækjum hennar.

VII.

Þegar framanskráð er virt og hliðsjón höfð af áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraði á andlegu atgervi Eddu Björnsdóttur, brestur

fullnægjandi rök fyrir því að svo verði litið á að hún hafi við gerð erfðaskrárinnar 3. apríl 1978 ekki haft næga greind til að taka þá ákvörðun, sem í erfðaskránni fólst, og gera sér viðhlítandi grein fyrir þýðingu hennar þrátt fyrir skerta andlega heilsu og þótt um væri að ræða veigamikla ráðstöfun hlutabréfa, er voru miklum mun verðmætari en nafnverð þeirra gaf til kynna. Eru þá meðal annars höfð í huga náin tengsl hennar um langa hríð við fyrirtæki fjölskyldunnar og þátttaka hennar í stjórn þeirra um árabil. Miðað við aðstæður allar verður ráðstöfun hennar með erfðaskránni og ekki talin þess eðlis að hún hafi verið óeðlileg eða óskynsamleg. Með vísan til þess sem áður var rakið í V. og VI. kafla telst ósannað að Edda hafi verið sérstaklega háð stefnda, að hann hafi hagnýtt sér skerta andlega heilsu hennar eða að atvik séu að öðru leyti með þeim hætti að ákvæði 37. eða 38. gr. erfðalaga eigi hér við. Samkvæmt því verður að telja erfðaskrána fullnægja ákvæðum 34. gr. laganna og meta hana gilda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir eftir atvikum öllum að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

I.

Ég er sammála því sem segir í IV. kafla atkvæðis meirihluta dómara um það að erfðaskrá Eddu heitinnar Björnsdóttur fullnægi formskilyrðum 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 og að á áfrýjendum hvíli sönnunarbyrði um þá staðhæfingu að Edda hafi vegna andlegrar skerðingar ekki verið hæf til að gera þá erfðaskrá er hún gerði 3. apríl 1978, og að notarius publicus hafi ekki getað gert sér grein fyrir þeirri staðreynd.

Þá er ég einnig sammála því sem segir í III. kafla atkvæðis meirihluta dómara um það að eðlilegra hefði verið fyrir aðila að hlutast sameiginlega til um dómkvaðningu sérfræðinga í stað þess að afla

læknisfræðilegra álitsgerða hvor í sínu lagi, en með hliðsjón af málflutningi aðila er ekki ástæða til að leggja málið fyrir Læknaráð til umsagnar.

II.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi gekkst Edda Björnsdóttir undir fimm höfuðaðgerðir á árunum 1953 - 1964, þar af tvær á heiladingli, og tvær aðgerðir vegna heilaæxla árin 1981 og 1982. Þá er því og lýst að Edda fékk óvenju mikla röntgengeislun á fyrra tímabilinu. Í krufningsskýrslu segir að skemmdir séu í hægri lobus frontalis, sem vafalaust megi rekja til fyrri aðgerða á heiladingli. Í álitsgerð Sverris Bergmanns læknis segir að frekari skemmdir vegna aðgerða á árunum 1953 - 1964 séu líklegar, en hafi horfið samfara róttækri aðgerð á æxli því sem í ljós kom árið 1981. Telur hann vafalítið að æxlið hafi verið byrjað að myndast fyrir 1978 og valdið truflunum fyrir þann tíma. Í krufningsskýrslu kemur einnig fram að í heilayfirborði hafi sést mikil þrýstingseinkenni, og sneiðar frá stóra heila hafi sýnt mikla fyrirferðaraukningu vinstra heilahvels og aflögun á hólfakerfi heilans. Í greinargerð Högna Óskarssonar geðlæknis, sem vikið er að í atkvæði meirihluta dómara, er lýst eyðileggjandi áhrifum geislameðferðar á heilavef og bent á að geislameðferð sú, sem Edda fékk með ófullkomnum tækjum er ekki gerðu mögulegt að hlífa svæðum utan við æxlissvæðið sjálft, hafi óhjákvæmilega miklar skemmdir í för með sér.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi ber sérfræðingum ekki saman um andlega heilbrigði Eddu Björnsdóttur, en af skýrslum þeirra og vitnisburði svo og vætti annarra lækna má ráða að andlegt hæfi hennar hafi verið mjög skert. Óskar Þórðarson, sem var læknir Eddu frá 1953 til 1970, bar fyrir rétti að hún hefði hvorki náð andlegum né líkamlegum þroska er hann sá hana fyrst, hún hafi verið „infantíl" líkamlega og eins og 10-12 ára barn á andlega sviðinu og þetta hafi eiginlega ekki breyst. Guðjón Lárusson, sem var læknir Eddu frá 1976, bar fyrir rétti að hann teldi að hún hefði verið andlega takmörkuð og „tilfinningalega mjög viðkvæm og óstabíl". Taldi Guðjón að Edda hafi verið ófær um að taka ákvarðanir um þvílíka fjármuni sem erfðaskrá hennar fjallar um.

III.

Þegar meta skal arfleiðsluhæfi, þá verður að fara fram heildstætt mat á öllum aðstæðum við gerð erfðaskrárinnar. Auk efnis erfðaskrárinnar verður að taka mið af því hvað liggi að baki hennar, hvort arfleifandi hafi skilið afleiðingar hennar og hver átt hafi frumkvæðið að gerð hennar.

Í máli þessu er upplýst að á árinu 1978 var Edda Björnsdóttir ófær um að sjá sér farborða og var mjög skert andlega og félagslega. Í málinu hefur ekkert komið fram um það hver samdi eða skráði hina umdeildu erfðaskrá. Fram er komið að Edda hafi gert erfðaskrá svipaðs efnis árið 1977. Við lát Eddu fannst ekkert afrit af erfðaskránum á heimili hennar. Samkvæmt framburði stefnda afhenti Edda honum báðar erfðaskrárnar. Kveðst hann hafa týnt þeirri fyrri en varðveitt hina síðari. Erfðaskráin var gerð eingöngu til hagsbóta fyrir stefnda. Á þeim tíma sem erfðaskráin var gerð var Edda daglegur gestur á skrifstofu fyrirtækisins og fylgdist með umræðum um rannsókn innan fyrirtækisins á meintu misferli mágs hennar. Hefur stefndi viðurkennt að mál þetta kunni að hafa haft áhrif á erfðaskrárgerð Eddu, og af framburði vitna virðist vera ljóst að svo hafi verið. Í málinu liggur ekki annað fyrir en að samband Eddu við systkini sín hafi verið gott og ekkert sem bendir til þess að kastast hafi í kekki milli hennar og áfrýjenda. Af framburði vitna má ráða að Edda hafi verið áhrifagjörn. Framburð stefnda þess efnis að hann hafi engin áhrif haft á ákvörðun Eddu verður að meta í ljósi þess að hann hefur augljósa hagsmuni af því að erfðaskráin verði metin gild.

Með hliðsjón af því sem að framan segir um andlegt hæfi Eddu Björnsdóttur þykir ólíklegt að hún hafi haft skilning á efni erfðaskrárinnar og þeim afleiðingum sem hún hefði í för með sér. Með erfðaskránni ráðstafaði Edda hlutabréfum og er ósennilegt að hún hafi getað gert sér grein fyrir verðmæti þeirra og innbyrðis skiptingu og séð hlutina í því samhengi sem þarf til að taka skynsamlega ákvörðun.

IV.

Samkvæmt framansögðu tel ég svo mikinn vafa leika á því að Edda Björnsdóttir hafi verið hæf til að gera erfðaskrá á skynsam-

legan hátt hinn 3. apríl 1978 að ekki verði hjá því komist að ógilda hana.

Eftir öllum atvikum tel ég rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 er ógild.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. nóvember 1986.

I

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. október 1986. Meðferð málsins var endurupptekin fyrr í dag og þá lagt fram eitt nýtt dómskjal. Reifuðu lögmenn málsaðilja nokkur sjónarmið í því sambandi og var málið síðan að nýju tekið til úrskurðar.

Tildrög máls þessa eru þau að hinn 6. nóvember 1982 lést Edda Björnsdóttir, nafnnúmer 1658-2573, sem síðast átti lögheimili að Hringbraut 10 í Reykjavík. Látna var ekki í hjúskap er hún lést. Lögerfingjar hennar eru Pétur Björnsson, Mávanesi 6, Garðakaupstað, Iðunn Björnsdóttir, Einimel 7, Reykjavík, og Sigríður Ólafsdóttir Seager, búsett í Mountain View, California, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Tvö hin fyrrnefndu eru systkin hinnar látnu, en Sigríður er dóttir Ólafs Björnssonar, sem var bróðir látnu en féll frá á undan henni. Erfingjarnir sóttu sameiginlega um leyfi til að skipta dánarbúi Eddu Björnsdóttur einkaskiptum og gaf skiptaráðandinn í Reykjavík þeim út leyfi þar að lútandi hinn 29. mars 1983. Með erfingjum reis síðar ágreiningur um skiptin vegna erfðaskrár sem látna hafði undirritað í viðurvist notarii publici í Reykjavík hinn 3. apríl 1978 og lögð var fram á fyrsta fundi erfingjanna um skiptin. Vefengdu erfingjarnir Iðunn Björnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir Seager gildi skrárinnar. Ekki tókust sættir með erfingjunum um þennan ágreining og var honum vísað til skiptaréttar Reykjavíkur samkvæmt heimild í 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878, en erfingjarnir héldu áfram einkaskiptum á búinu að öðru leyti. Var ágreiningsefni þetta fyrst tekið fyrir í réttinum hinn 29. febrúar 1984 og þá ákveðinn rekstur máls þessa, sem var fyrst tekið fyrir hinn 4. apríl 1984.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir, Einimel 7, Reykjavík, krefst þess að erfðaskrá Eddu Björnsdóttur dagsett 3. apríl 1978 verði metin ógild. Einnig krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða mati dómsins.

Sóknaraðilinn Sigríður Ólafsdóttir Seager, til heimilis í Mountain View,

California, Bandaríkjum Norður-Ameríku, krefst þess að erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 verði metin ógild og að viðurkenndur verði réttur sinn til að fá úthlutað einum þriðja hluta þeirra eigna dánarbúsins sem ráðstafað var með hinni umdeildu erfðaskrá. Jafnframt krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati réttarins.

Varnaraðili Pétur Björnsson, Mávanesi 6, Garðakaupstað, krefst þess að kröfum sóknaraðiljanna verði hrundið og erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 metin gild. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II

Erfðaskrá sú, sem um er deilt í máli þessu, er svohljóðandi:

„Reykjavík 3/4 1978.

ERFÐASKRÁ

Ég undirrituð, Edda Björnsdóttir, Hringbraut 10 Reykjavík, geri hér erfðaskrá mína, eins og eftirfarandi:

Að mér látinni, arfleiði ég bróður minn, Pétur Björnsson, Mávanesi 6, Garðabæ, að öllum hlutabréfum mínum í fyrirtækinu Björn Ólafsson h/f, Reykjavík og fyrirtækinu Verksmiðjan Vífilfell h/f, Reykjavík einnig fyrirtækinu Þórður Sveinsson og Co., Reykjavík.

Framangreinda erfðaskrá geri ég með fullum vilja og í eðlilegu andlegu ástandi með vitund votta.

Reykjavík 3/4 1978.
Edda Björnsdóttir."

Á erfðaskrá þessa hefur verið ritað svofellt vottorð notarii publici í Reykjavík:

„Ár 1978, mánudaginn 3. apríl var ég undirritaður fulltrúi notarii publici í Reykjavík til staðar í skrifstofu minni í Skólavörðustíg 11 hér í borg. Kom þar og þá fyrir mig Edda Björnsdóttir, Hringbraut 10, Reykjavík og sannaði á sér deili. Lagði hún fram og undirritaði í minni viðurvist og notarialvottanna ofanritaða arfleiðsluskrá sem dagsett er í dag. Gerði hún þar (sic) af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og kvað skrána hafa vilja sinn að geyma.

Notarialvottar voru þær Birna Elísdóttir og Margrét Kristjánsdóttir sem báðar starfa hér við embættið.

Reykjavík 3. apríl 1978.
Jónas Thoroddsen ftr. (sign.)
Borgarfógetaembættið í
Reykjavík (embættisstimpill).

Notarialvottar:
Margrét Kristjánsdóttir (sign.)
Birna Elísdóttir (sign.)"

Undir rekstri málsins hefur varnaraðili skýrt frá því að Edda Björnsdóttir hafi á árinu 1977 gert erfðaskrá þar sem hún ánafnaði honum þau hlutabréf sem þessi erfðaskrá tekur til. Kvaðst hann hafa séð þessa skrá og hefði Edda falið sér hana til varðveislu. Kvaðst hann ekki geta fullyrt hvort þessi skrá væri enn til, en hann hefði ekki fundið hana í sínum plöggum. Síðar hafi Edda svo komið til sín með frumrit þeirrar erfðaskrár sem mál þetta varðar og falið sér til varðveislu.

Verða framburðir aðilja og vitna um þetta atriði raktir nánar í kafla VI hér á eftir.

Rétt þykir að reifa hér hvernig hlutafjáreign í umræddum félögum skiptist milli hluthafa á þeim tíma er Edda Björnsdóttir undirritaði erfðaskrá þá sem um er deilt í máli þessu. Samkvæmt yfirlýsingu málsaðilja var sú skipting sem hér segir:

A. VERKSMIÐJAN VÍFILFELL HF.	
Björn Ólafsson hf.	47,03%
Guðrún Guðmundsdóttir	13,86%
Örn Þór	4,95%
Þórður Sveinsson & Co. hf.	8,09%
Iðunn Björnsdóttir	4,58%
Kristján Kjartansson	0,50%
Edda Björnsdóttir	5,07%
Pétur Björnsson	5,07%
Sigríður Ólafsdóttir Seager	5,07%
Eigið hlutafé félagsins	5,78%

Í sambandi við þessa skiptingu skal tekið fram að ekki er óumdeilt hvort Örn Þór hafi á þessum tíma átt þau hlutabréf sem þarna er gert ráð fyrir eða hvort þau beri að telja sem eign Björns Ólafssonar hf.

B. BJÖRN ÓLAFSSON HF.

Iðunn Björnsdóttir	15,00%
Kristján Kjartansson	10,00%
Edda Björnsdóttir	25,00%
Pétur Björnsson	25,00%
Sigríður Ólafsdóttir Seager	25,00%

C. ÞÓRÐUR SVEINSSON & CO HF.

Björn Ólafsson hf.	40,90%
Guðrún Guðmundsdóttir	31,00%
Iðunn Björnsdóttir	4,50%
Kristján Kjartansson	1,00%
Edda Björnsdóttir	5,50%
Pétur Björnsson	5,50%
Sigríður Ólafsdóttir Seager	5,60%
Ingi Adolphsson	6,00%

Sú breyting hefur síðar orðið á hlutafjáreign í þessu félagi að félagið hefur keypt hlutabréf þau er Ingi Adolphsson átti.

Ekki hafa síðar orðið aðrar breytingar á hlutafjáreign í félögum þessum en að ofan eru greindar.

Auk hlutabréfa í framangreindum félögum átti Edda hlutabréf í einu félagi til viðbótar og hafði tekið þau hlutabréf að arfi eftir foreldra sína. Er þar um að ræða 1% hlutafjár í Hagafelli hf., Reykjavík, en Verksmiðjan Vífilfell hf. á 95% hlutafjár í því félagi.

Auk hlutafjáreignar í framangreindum eignum lét Edda Björnsdóttir eftir sig 1/4 í íbúðarhúsinu að Hringbraut 10 í Reykjavík og innbúsmuni.

III.

Sóknaraðiljar hafa rekið málið hvor fyrir sig, enda um sjálfstæða aðild hvors þeirra að málinu að ræða. Með því að málsástæður þeirra eru hinar sömu, þótt málsatvikalýsing þeirra sé ekki í öllum atriðum eins, þykir rétt að gera grein fyrir málsástæðum þeirra sameiginlega.

Sóknaraðiljar byggja kröfur sína um, að erfðaskrá sú, sem um er deilt í málinu, verði metin ógild, á því annars vegar að Edda Björnsdóttir hafi

ekki verið svo heil heilsu andlega að hún hafi verið fær um að gera þá erfðaskrárráðstöfun, sem hún gerði hinn 3. apríl 1978, á skynsamlegan hátt. Er því haldið fram að veikindi, sem Edda heitin hafi átt við að stríða og lýst sé í gögnum málsins, hafi haft í för með sér þau áhrif á andlega heilsu hennar að hún hafi ekki verið fær um að gera sér grein fyrir þýðingu slíkrar ráðstöfunar.

Í greinargerð sóknaraðiljans Iðunnar, dskj. nr. 1, er skýrt svo frá veikindum Eddu heitinnar að um eða jafnvel fyrir fermingaraldur hafi tekið að bera á alvarlegum veikindum hennar, sem m.a. hafi lýst sér í skapofsaköstum, bakverk og höfuðverk. Eftir þetta hafi hún verið haldin þrálátum veikindum alla ævi. Hún hafi verið öryrki og ekkert getað unnið. Framan af hafi Edda leitað lækninga í Reykjavík án árangurs, en árið 1953 hafi verið farið með hana til Danmerkur til þekkts læknis. Eftir ítarlegar rannsóknir þar hafi komið í ljós að um var að ræða æxli afar djúpt inni í höfðinu. Í júní 1953 hafi læknir þessi framkvæmt uppskurð á höfði Eddu og sagt að því loknu að um hafi verið að ræða mjög stórt æxli sem hafi verið farið að þrýsta á sjóntaugar hennar og aðgerðin verið nauðsynleg til að bjarga lífi hennar. Uppskurður þessi hafi tekist vonum framar, og í framhaldi af honum hafi Edda verið í geislameðferð í Danmörku og höfuð hennar geislað 15 sinnum. Þá hafi hún og fengið lyfjameðferð og notað lyf samfellt það sem eftir var ævinnar. Í júní 1956 hafi Edda verið lögð inn á sjúkrahús í Bandaríkjunum og gengist þar undir ítarlega rannsókn. Hafi hún skrifað um þær rannsóknir í bréfi hinn 29. júní 1956, að læknirinn hafi sagt að hér væri um að ræða „typiskt dæmi" þess að heiladingullinn starfaði ekki rétt. Ekki hafi heilsuhagir Eddu lagast eftir þetta og í september 1958 hafi hún verið til lækninga í Danmörku og þá verið framkvæmdur uppskurður á höfði hennar. Hafi þá verið um að ræða „leka" milli heila og nefs, sem þurft hafi að stöðva. Það hafi þó ekki tekist. Enn hafi Edda verið til lækninga í Danmörku í október 1960 og hún þá gengist undir skurðaðgerð. Annaðhvort í þeirri aðgerð eða í uppskurðinum 1958 hafi heiladingullinn verið fjarlægður eða á honum gerð meiri háttar aðgerð. Árið 1964 hafi verið framkvæmd á henni aðgerð í Danmörku til að reyna að stöðva fyrrgreindan „leka", sem álitið hafi verið að stafaði af sköddun á heilahimnunni. Allan þann tíma, er hér um ræðir, hafi Edda tekið lyf til að bæta hormónastarfsemi líkamans, sem aldrei hafi verið eðlileg. Eftir uppskurðinn árið 1964 hafi Edda stundum fengið krampa og fengið krampalyf hjá læknum sínum í Danmörku og hér á landi. Hafi krampi þessi verið afleiðing þeirra veikinda sem hér var lýst. Eftir þetta hafi Edda búið á heimili foreldra sinna og eftir lát þeirra hafi hún búið í húsi þeirra í Reykjavík til andláts síns. Faðir Eddu hafi verið aðalhluthafi

í Verksmiðjunni Vífilfelli hf., Reykjavík, og hafi skrifstofa þess félags annast fjármál Eddu að mestu.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir heldur því fram að frá 1964 og síðar hafi Edda heitin oft komið þannig fyrir sjónir sem hún væri ekki með réttu ráði. Hafi þeir, sem við hana ræddu, talið að hún væri ekki allsgáð og að hún hlyti að nota áfengi eða önnur eiturlyf. Svo hafi þó ekki verið, heldur hafi sjúkdómur hennar, þ.e. heilaskemmdirnar, birst með þessum hætti. Það hafi þó verið misjafnt eftir ástandi hennar á hverjum tíma hvernig hún hafi komið fyrir, og stundum hafi einkenni sjúkdóms hennar ekki komið svo skýrt fram að ókunnugir tækju strax eftir því að hún væri ekki heil heilsu andlega. Andlegur þroski hennar hafi, að því er virtist, stöðvast er hún var um það bil 14 ára, og eftir það hafi henni hrakað en ekki batnað. Hún hafi ekki getað haldið skýrri hugsun og ekki komið frá sér heillegri hugsun síðustu 10 til 15 árin. Hún hafi haft slæmt minni og veikindi hennar komið glöggt fram þegar hún talaði. Á umræddu tímabili hafi það komið fyrir að hún missti meðvitund fyrirvaralaust. Tvívegis hafi hún farið á heilsuhæli í Danmörku á árunum 1976 og 1977, en þó ekki til eiginlegrar læknismeðferðar. Enn ein afleiðing sjúkdóms hennar hafi verið sú að hendur hennar hafi tekið að kreppast, og hafi læknar sagt það vera afleiðingu höfuðæxlisins.

Sóknaraðilinn Iðunn bendir í þessu sambandi á að í erfðaskrá föður Eddu, sem hann gerði árið 1969, sbr. dskj. nr. 5, sé að finna greinargóða lýsingu á ástandi Eddu. Þar segi hann Eddu hafa þurft að þola langa sjúkdómsreynslu, hún sé öryrki að einhverju leyti, hún geti ekki talist fær um að sjá sér farborða, hún þurfi á hjálp að halda þegar foreldrarnir falli frá, og að henni þurfi að útvega heimili eða dvalarstað. Sé því síðan beint til systkina Eddu að þau veiti henni hjálp í þessum efnum. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að þessi lýsing sé frá árinu 1969, en eftir það hafi andlegri heilsu Eddu Björnsdóttur farið hrakandi.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir heldur því fram að heilsu Eddu hafi farið hrakandi, og 2. desember 1981 hafi hún gengist undir uppskurð á Borgarspítalanum eftir að æxli hafi brotist út á öðrum stað í höfði hennar. Kunni að vera að hún hafi verið haldin krabbameini í höfði og/eða afleiðingum af of mikilli geislameðferð frá upphafstíma læknismeðferðar. Edda hafi svo verið skorin upp aftur á Borgarspítala í mars 1982 og fyrirhuguð hafi verið ný aðgerð í maí það ár, sem ekki muni hafa verið framkvæmd.

Í greinargerð sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager er því haldið fram að skoða verði áðurgreint erfðaskrárákvæði Björns Ólafssonar í ljósi þess að sjúkrasaga Eddu heitinnar hafi þá verið samfelld í tvo áratugi

og hún þá þegar gengist undir að minnsta kosti fjórar heilaskurðaðgerðir, sennilega fjörutíu sinnum fengið röntgenmeðferð og auk þess verið á stöðugri lyfjameðferð allan þennan tíma. Foreldrum hennar hafi verið ljóst að hún ætti enga batavon og að þrátt fyrir góða greind hennar í bernsku og velgengni í skóla færi andlegt hæfi hennar þverrandi. Hafi þau lagt áherslu á það við systkin hennar að þau gættu umburðarlyndis í umgengni við hana því að þroski hennar og hæfi væri á við 13 ára barn og færi þverrandi. Séu þessar aðstæður skýringin að baki áðurgreindu ákvæði í erfðaskrá Björns Ólafssonar. Í því sambandi benda sóknaraðiljar á að samkvæmt 1. mgr. 34. gr. erfðalaga hafi menn ekki heimild til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá fyrr en þeir hafi náð 18 ára aldri. Þetta aldursskilyrði sé sett í lögin vegna þess að löggjafinn telji að menn verði að hafa náð „normalþroska" 18 ára manns ef þeir eigi að fá að gera slíkar ráðstafanir.

Sóknaraðiljar telja að meta beri hina umdeildu erfðaskrá ógilda á grundvelli 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962, er mæli svo fyrir að því aðeins skuli meta erfðaskrá gilda að sá, sem hana hefur gert, hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Í því sambandi halda sóknaraðiljar því fram að til þess að erfðaskrá verði metin gild verði að liggja fyrir fullgild sönnun um að arfleiðandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera slíka skrá á skynsamlegan hátt. Leggja sóknaraðiljar á það áherslu að við hæfismatið verði að miða við efni viðkomandi erfðaskrár, þ.e. að mat á arfleiðsluhæfi sé að þessu leyti afstætt eftir því hvort efni erfðaskrár sé flókið eða einfalt. Í því tilviki, sem hér um ræðir, sé um að ræða ráðstöfun á hlutabréfum sem séu áþreifanleg verðmæti, ávísun á eignarhlutdeild í félögum, en ekki ráðstöfun á einföldum áþreifanlegum hlutum, og verði í slíkum tilvikum að gera ríkari kröfur um sönnun varðandi andlegt hæfi til skilnings á ráðstöfuninni en ella. Í 2. mgr. 42. gr. erfðalaga sé að finna fyrirmæli um efni arfleiðsluvottorðs að þessu leyti, en í 43. gr. laganna sé vísað til þeirrar greinar um efnisatriði sem notarius skuli votta um þegar erfðaskrá er staðfest í hans viðurvist. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum beri að taka skýrt fram í arfleiðsluvottorði hvort arfleiðandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Halda sóknaraðiljar því fram að notarialvottorðið á erfðaskrá þeirri, sem um er deilt í máli þessu, uppfylli ekki þessi skilyrði. Sóknaraðiljar benda á ákvæði 2. mgr. 45. gr. erfðalaga um sönnunarbyrði um andlega heilsu arfleiðanda í tilvikum þar sem arfleiðsluvottorði er áfátt, en samkvæmt því verði sá, sem vill byggja rétt á slíkri skrá, að sanna að arfleiðandi hafi uppfyllt hæfisskilyrði, ef gildi erfðaskrár er vefengt.

Sóknaraðiljar benda á að í 46. gr. erfðalaga sé að finna ákvæði um sönnunargildi notarialvottorðs á erfðaskrá og þar vísað til hins almenna ákvæðis 158. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 um vottorð embættismanna sem skipaðir eru til að framkvæma mat í embættisnafni. Í notarialvottorðinu á erfðaskránni á dskj. nr. 9 sé ekkert tekið fram um það að notarius telji arfleiðandann nægilega heilan heilsu andlega til að gera þessa tilteknu erfðaskrá. Vel megi vera að notarius hafi alls ekki talið arfleiðandann hæfan til þeirrar ráðstöfunar og þess vegna talið rétt að geta þess alls ekki. En jafnvel þótt viðkomandi notarius hefði að staðaldri notað sama orðalag í vottorðum sínum á erfðaskrár, geti það ekki haft þau áhrif í þessu máli að vottorðið verði talið hafa það innihald að notarius hafi metið Eddu Björnsdóttur andlega fullfæra um að gera hina umdeildu erfðaskrá. Um andlega heilsu hennar sé alls ekki fjallað í vottorðinu. Er því haldið fram að orðalagið „af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði" nái eingöngu til þess að engri beinni þvingun hafi verið beitt í þessu sambandi og að arfleiðandi hafi ekki verið í neins konar vímu eða óráði er undirritun fór fram. Megi alls ekki leggja víðtækari merkingu í þetta orðalag. Þar sem notarialvottorðið fjalli ekki um andlegt hæfi Eddu til gerðar þessarar ráðstöfunar og erfðaskráin hafi verið rengd, hafi varnaraðili samkvæmt áðurreifuðum lagaákvæðum sönnunarbyrði um að hún hafi þrátt fyrir allt uppfyllt hæfisskilyrði 2. mgr. 34. gr. erfðalaga um andlega heilsu. Telja sóknaraðiljar að varnaraðilja hafi ekki tekist sú sönnun. Öll gögn málsins bendi hins vegar til þess að Edda hafi alls ekki verið hæf til að gera þá erfðaskrá sem um er deilt í málinu.

Sóknaraðiljar benda á að notarialvottorð geti aldrei haft víðtækara gildi en ákvæði 158. gr. laga nr. 85/1936 mæli fyrir um, en af því megi ráða að vottorðið verði ekki lagt til grundvallar ef notarius hafi ekki haft nægilega aðstöðu til að meta öll þau atriði sem áreiðanleiki matsins er undir kominn. Leiði þetta af niðurlagi nefnds lagaákvæðis. Sé aðiljum því heimilt að freista þess að hnekkja vottorðinu með gögnum sem sýni að notarius hafi alls ekki getað haft þá yfirsýn um andlegt hæfi Eddu Björnsdóttur sem nauðsynleg var til að gera sér grein fyrir því hvort hún væri hæf til þeirrar ráðstöfunar sem felist í hinni umdeildu erfðaskrá.

Þá var því einnig haldið fram við munnlegan málflutning af hálfu sóknaraðilja að það, sem fram hafi komið í vitnaleiðslum í málinu um framkvæmd notarialstaðfestingarinnar, eigi að leiða til þess að notarialvottorðið verði eigi lagt til grundvallar um hæfi Eddu Björnsdóttur til að gera erfðaskrá hinn 3. apríl 1978, en af því leiði einnig að varnaraðili hafi sönnunarbyrði um þau atriði sem notario er ætlað að votta að þessu leyti.

Í annan stað eru kröfur sóknaraðilja á því reistar að varnaraðili hafi fengið Eddu Björnsdóttur til að gera erfðaskrána frá 3. apríl 1978 með misneytingu. Er því haldið fram að varnaraðili hafi lagt að Eddu heitinni að arfleiða sig og notfært sér í því sambandi heilsufarsleg bágindi hennar á tímabili er hann gat haft úrslitaáhrif á fjárhagslega afkomu hennar. Vísa sóknaraðiljar í þessu sambandi einkum til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og til laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl.

Í greinargerð sóknaraðiljans Iðunnar er því haldið fram að Edda hafi skýrt eiginmanni Iðunnar frá því að varnaraðili sæktist mjög eftir því að Edda arfleiddi hann að hannyrðum sínum, en Edda hafi fengist mikið við hannyrðir. Þessi ummæli hennar hafi ekki verið tekin alvarlega. Á fundi erfingjanna hinn 30. maí 1983 hafi varnaraðili hins vegar skýrt meðerfingjum sínum að dánarbúi Eddu Björnsdóttur frá því að hann hafi fengið Eddu til að gera erfðaskrá árið 1977. Honum hefði hins vegar þótt öruggara að hafa erfðaskrána notarialstaðfesta, og því hefði hann látið Eddu gera aðra erfðaskrá árið 1978 og væri hún notarialstaðfest. Um líkt leyti hafi varnaraðili í raun nánast náð algerum yfirtökum á stjórn Verksmiðjunnar Vífilfells hf. og þannig ráðið því hvort Edda fengi framfærslueyri eða ekki og þá hvenær og hve mikinn. Sama hafi átt við um allan eyðslueyri hennar.

Í greinargerð sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager, dskj. nr. 6, er því lýst hvernig hún hafi sem einkaerfingi föður síns, Ólafs Björnssonar, tekið allan arf eftir hann. Ólafur hafi fallið frá 28. júlí 1977. Hafi varnaraðili eftir lát Ólafs fært það í tal við Eddu heitna að ótækt væri að hlutir í hlutafélögum fjölskyldunnar færu í hendur einhverra óþekktra persóna úti í Ameríku, auk þess sem óvíst væri að hún væri í raun dóttir Ólafs, og þar að auki væri búið að borga henni út sinn hlut. Hafi Edda virst trúa þessu. Þá hafi varnaraðili skömmu eftir lát Ólafs tekið að bera mág sinn, eiginmann sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur, sökum um vafasama meðferð á fé fyrirtækja fjölskyldunnar og með þeim hætti vakið trú Eddu Björnsdóttur á því að um misferli mágs hennar hafi verið að ræða. Er á það bent að svo virðist sem arfleiðsluskrá sú, sem um sé deilt í máli þessu, hafi verið gerð einmitt á sama tíma og skiptin á dánarbúi Ólafs Björnssonar fóru fram og þeim orðrómi verið komið á kreik að mágur Eddu, eiginmaður sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur, hefði misfarið með fé fyrirtækja fjölskyldunnar.

Af hálfu sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager er því haldið fram að varnaraðili hafi við ákveðið tækifæri á árinu 1984 skýrt svo frá að mágur hans hefði orðið uppvís að misferli með sjóði Verksmiðjunnar Vífilfells hf. og þess vegna hafi varnaraðilja verið færð meiri völd í félaginu og þess

vegna hafi Edda gert arfleiðsluskrána til þess að bréfin kæmust ekki undir umráð eða áhrif umrædds mágs hennar. Eins og andlegri og líkamlegri heilsu Eddu Björnsdóttur hafi verið háttað hafi verið eðlilegt að hún á þessum tíma teldi sig háða varnaraðilja um velferð sína, jafnframt því sem hún hafði beyg af valdi hans. Með vísan til þessa eigi ógildisreglur 7. gr. laga nr. 58/1960 auk 37. og 38. gr. erfðalaganna að valda ógildi erfðaskrárinnar.

IV

Af hálfu varnaraðilja eru kröfur reistar á því að þar sem Edda Björnsdóttir hafi ekki átt skylduerfingja hafi henni verið heimilt að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá. Í erfðaskrá, er hún gerði í viðurvist fulltrúa notarii publici í Reykjavík hinn 3. apríl 1978, hafi hún ánafnað varnaraðilja öllum hlutabréfum sínum í tilteknum hlutafélögum. Erfðaskráin uppfylli öll gildisskilyrði erfðaskráa samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Í notarialvottorði sé tekið fram að hún hafi gert skrána af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og lýst því yfir að skráin hefði vilja hennar að geyma. Sé hér um að ræða fullnægjandi vottun þar til bærs embættismanns sem beri með sér að embættismaðurinn hafi talið arfleiðandann hæfan til að gera fullgilda erfðaráðstöfun með skynsamlegum hætti. Sé ekkert fram komið í málinu sem hnekki þessu mati viðkomandi embættismanns. Þar sem sóknaraðiljar rengi skrána hvíli á þeirra herðum sönnunarbyrði um staðhæfingar þeirra um vanhæfi arfleiðandans til að gera erfðaskrárráðstöfun með skynsamlegum hætti. Sú sönnun hafi þeim ekki tekist. En jafnvel þótt rétturinn legði sönnunarbyrðina á varnaraðilja telur hann að fyrirliggjandi gögn sanni að Edda Björnsdóttir hafi verið hæf til að gera þá erfðaráðstöfun, sem hún gerði hinn 3. apríl 1978, á skynsamlegan hátt.

Varnaraðili mótmælir því ekki að Edda Björnsdóttir hafi átt við veikindi að stríða en telur lýsingar sóknaraðilja á veikindum hennar, framkomu og ástandi stórkostlega ýktar og í mörgum atriðum ósannar. Fullyrðingum sóknaraðilja um, að veikindi hennar hafi verið slík að hún væri óhæf til að gera erfðaskrá á skynsamlegan hátt, sé því mótmælt sem röngum.

Varnaraðili bendir á að ekkert sé fram komið í málinu sem bendi til þess að efni erfðaskrárinnar sé óskynsamlegt. Þvert á móti telur hann efni skrárinnar, sem í alla staði sé einfalt í sinni gerð, bera því órækt vitni að arfleiðanda hafi verið ljóst hvað hún var að gera.

Varnaraðili mótmælir því sem rangri og tilhæfulausri aðdróttun að hann hafi fengið Eddu systur sína til að gera umrædda erfðaskrá með misneytingu. Þannig sé það ósatt að hann hafi fengið Eddu til að gera erfðaskrá árið 1977 og síðar látið hana gera aðra erfðaskrá árið 1978 vegna þess að sér hafi þótt öruggara að hafa erfðaskrána notarialstaðfesta. Allur málatil-

búnaður sóknaraðilja að þessu leyti sé ekki annað en getgátur sem enginn fótur sé fyrir.

Varnaraðili telur að ekki verði með réttu dregnar svo víðtækar ályktanir sem sóknaraðiljar geri um arfleiðsluhæfi Eddu Björnsdóttur af ummælum í erfðaskrá föður Eddu um andlega heilsu Eddu og verði hvorki á þeim orðum byggt í sambandi við kenningar þeirra um vanhæfi hennar í þessu tilliti né heldur á ummælum sem varnaraðili eigi að hafa viðhaft á skiptafundum eða í veislum og ranglega séu lögð honum í munn. Edda Björnsdóttir hafi ekki haft neina ástæðu til að hafa „beyg af valdi" varnaraðilja. Hún hafi setið í stjórn hlutafélaga fjölskyldunnar og fylgst með málefnum þeirra. Hún hafi því vitað um þau atvik er varða eiginmann sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur og fjallað sé um í málsútlistun sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager. Hafi Edda Björnsdóttir því ekki þurft að láta segja sér neitt í því sambandi.

V

Í þessum þætti úrskurðarins þykir rétt að reifa helstu æviatriði Eddu Björnsdóttur, sem hér kunna að skipta máli, og rekja efni skriflegra sönnunargagna sem máli þykja skipta fyrir úrlausn ágreinings þess sem hér er um að ræða.

Edda Björnsdóttir var fædd 11. febrúar 1934. Að loknu barnaskólanámi stundaði hún nám við Kvennaskólann í Reykjavík og mun hún hafa lokið prófi þaðan árið 1951. Á unglingsárum fór að bera á veikindum hjá Eddu og eftir rannsóknir hér á landi var hún send utan til læknismeðferðar. Árið 1953 mun hún fyrst hafa verið lögð inn á Rigshospitalets Kirurgiske Afdeling í Kaupmannahöfn og annaðist hana þá þarlendur læknir, dr. E. Busch. Framkvæmdi hann uppskurð á höfði Eddu fjórum sinnum, fyrst árið 1953, næst árið 1957, síðan í mars 1958 og loks í september 1958. Liggja fyrir í skjölum málsins lýsingar læknisins á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeirri meðferð sem hún hlaut í framhaldi af þeim á sjúkrahúsinu, svo og ráðleggingar hans um lyfjameðferð Eddu til handa. Fram kemur að hún hefur leitað til dr. Busch í október 1959. Hún var enn til meðferðar á sama sjúkrahúsi, undir umsjón sama læknis, frá 25. október til 8. nóvember 1960, en þá var ekki talin ástæða til að framkvæma á henni skurðaðgerð. Enn var Edda lögð inn á sama sjúkrahús 5. september 1964 og var umsjónarlæknir hennar þá dr. K. Værnet. Var þá framkvæmd skurðaðgerð á höfði hennar og er henni lýst í skjölum málsins. Hún var á sjúkrahúsinu í þetta sinn til meðferðar til 17. október 1964.

Allt frá því fyrsta skurðaðgerðin var framkvæmd var Edda háð notkun lyfja sem bættu henni skort á tilteknum hormónum sem líkami hennar framleiddi ekki, og átti það rót að rekja til þess að heiladingullinn hafði

skemmst af völdum heilaæxlis og því verið fjarlægður. Einnig er í gögnum um þessar aðgerðir lýst heilsufari hennar að öðru leyti, svo sem minnistruflunum, sjónsviðsbreytingum, krampaköstum og miklum höfuðverkjum. Þá kemur þar fram að Edda hefur í framhaldi af aðgerðunum hjá dr. Busch fengið mikla röntgengeislameðferð. Ljóst er að hún mun hafa fengið milli 10.200 og 13.800 r, sem telja verður töluvert meiri geislun en notuð er nú á dögum, auk þess sem ætla má að tækjabúnaður á þessum tíma hafi verið mjög ófullkominn í samanburði við núverandi tækjakost. Kemur víða fram í málsskjölum að Edda hafi haft mjög mikla trú á dr. Busch sem lækni og eftir að hann hafi látið af störfum hafi hún oft neitað röntgenmeðferð og haldið því fram að dr. Busch hafi sagt henni að hún mætti ekki fá meiri röntgengeislun.

Í skýrslu um sjúkralegu Eddu Björnsdóttur í nóvember 1960 skrifar dr. Busch að sálfræðileg rannsókn hafi leitt í ljós að Edda væri vel greind. Segir þar m.a.: „Intellektuelt virker hun intakt og funktionsdygtig. Der er meget let indprentnings- og retentionssvigt som de eneste tegn paa intellektuel disfunktion."

Í skýrslu dags. 29. október 1964 skrifar dr. K. Værnet um nýafstaðna sjúkralegu Eddu. Þar segir hann m.a.: „Objektivt: Som tidligere spinkel, bleg og infantil. Ret udtalt psykisk reduceret, klæbende, med noget euforisk præg." Ekkert bendir til að þessi ummæli séu byggð á sálfræðilegri rannsókn.

Allar aðgerðir á þessum tíma voru framkvæmdar af dr. E. Busch nema aðgerðin 1964 sem dr. K. Værnet framkvæmdi.

Aðgerðirnar 1953, 1957, í mars 1958 og í september 1958 voru framkvæmdar gegnum ennið hægra megin utantil. Í öllum tilvikum var um æxli í heiladingli að ræða. Eftir fyrri aðgerðina 1958 bar á mænuvökvaleka frá höfði, sem stoppaði af sjálfu sér, en seinni hluta ársins jókst hann mikið og var gert við það gegnum ennið í september 1958 jafnframt því sem þá var fjarlægt æxli er myndast hafði aftur. Aðgerðin 1964 var gerð gegnum nefið (sinus sphenoidalis og ethmoideus) og því ekki um heilaaðgerð að ræða í það skiptið.

Árið 1955 mun Edda Björnsdóttir hafa stofnað til hjúskapar, en hann mun þó aðeins hafa staðið skamma hríð og hún aðeins búið með eiginmanninum örfáa mánuði. Var hún ávallt til heimilis hjá foreldrum sínum meðan þeir lifðu, en eftir fráfall föður hennar bjó hún áfram á sama stað ásamt bróður sínum, Ólafi, sem lést 1977. Eftir það bjó Edda ein í húsinu og átti þar heimili til dauðadags. Svo virðist sem hún hafi eftir fráfall foreldranna séð um heimilishald fyrir sig og Ólaf bróður sinn meðan hann lifði, lengst af þó með aðkeyptri aðstoð.

Faðir Eddu, Björn Ólafsson, stofnaði ásamt fleirum iðnfyrirtækið Verk-

smiðjuna Vífilfell hf. og var hann aðalhluthafi þess og forstjóri frá stofnun til dauðadags. Í tengslum við þetta félag voru og stofnuð þrjú önnur hlutafélög sem getið var um í kafla II hér að framan. Edda mun hafa starfað í banka einhvern tíma á árunum fyrir 1960. Einnig mun hún hafa unnið eitthvað lítils háttar á skrifstofu Verksmiðjunnar Vífilfells hf. við einföld störf, en aðiljum ber þó ekki saman um það hvaða störf hún gat unnið. Mun Edda ekki hafa starfað annars staðar utan heimilis eftir að þeirra veikinda varð vart sem áður voru rakin og áttu eftir að fylgja henni til æviloka. Hún var ávallt á launaskrá hjá þessu félagi og fékk frá því þá fjármuni sem hún þurfti til framfærslu sinnar og einkaneyslu.

Edda var listræn og handlagin og fékkst mikið við ýmiss konar handavinnu, hannyrðir, postulínsmálun og fleira. Ekki stundaði hún þetta þó í atvinnuskyni.

Faðir Eddu lifði móður hennar og sat eftir lát eiginkonu sinnar í óskiptu búi þar til hann sjálfur féll frá. Við skipti á dánarbúi hans skiptist hlutafjáreign hans í umræddum hlutafélögum að jöfnu milli Eddu og systkina hennar. Átti Edda eftir það sæti í stjórnum félaganna, en gögn málsins bera ekki með sér hver þátttaka hennar í raunverulegri stjórnun félaganna var í raun. Halda sóknaraðiljar því fram að kosning Eddu í stjórn hafi nánast verið formsatriði, en varnaraðili kveður hana hafa fylgst vel með rekstrinum og tekið þátt í stjórnarfundum eftir því sem hún hafði tök á hverju sinni. Óumdeilt er hins vegar að Edda kom mjög oft á skrifstofur Verksmiðjunnar Vífilfells hf., fékk sér þar kaffi með starfsfólkinu og spjallaði við það.

Hinn 10. júní 1972 var Edda Björnsdóttir lögð inn á Borgarspítalann í Reykjavík vegna slæmrar hálsbólgu. Segir í skýrslu Ólafs Eyjólfssonar læknis að Edda hafi kvartað um gigt, sérstaklega í hálsi og herðavöðvum. Hún taki tiltekin lyf daglega og auk þess krampalyf sem hún muni ekki hver séu. Ekki hafi borið á krömpum síðan 1953 og ekki á nefrennsli síðan 1960. Síðar í skýrslu þessari segir m.a.: „38 ára gömul kona í eðlilegum holdum, fölleit, veikindaleg, nokkuð dehydreruð. .... Sj. er ákaflega aum þegar við hana er komið og lætur illa þegar komið er við höfuðið á henni, en það er ekki fotofobi." Í þessari sjúkdómslegu fóru ekki fram neinar sérstakar rannsóknir á þeim þáttum í heilsufari Eddu Björnsdóttur sem máli skipta fyrir úrlausn þessa máls, en hún var útskrifuð af spítalanum 20. júní 1972.

Í febrúar 1976 lá Edda Björnsdóttir í 11 daga á lyflækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík vegna lungnabólgu. Í læknaskýrslu Gests Þorgeirssonar læknis um þá legu segir m.a.: „Sj. lá á Borgarspítalanum árið 1972. .... Síðan þá hefur sj. verið sæmileg til heilsunnar, kvartar helst um slappleika og magnleysi en engin sérstök einkenni frá líffærakerfum. .... Skoðun við

komu: Veikindaleg grannholda kona með fölan litarhátt, ekki cyanosis og ekki mæði."

Hinn 17. júlí 1980 var Edda lögð inn á Landakotsspítala í Reykjavík. Beiðni um sjúkrahúsvist er dagsett 16. júlí 1980 og undirrituð af Guðjóni Lárussyni lækni. Á þann hluta eyðublaðsins sem ætlaður er til skýringar á nauðsyn sjúkrahúsvistar hefur læknirinn ritað: „Er að tærast upp." Samkvæmt sjúkraskrá spítalans, sem í þessu tilviki er rituð af Guðmundi Ásgeirssyni lækni, var sjúkdómur hennar greindur Pan-hypopituitarism (status post adenoma hypophyseos operata). Við innlögnina hefur verið tekin niður sjúkrasaga eftir Eddu sjálfri. Segir þar að hún hafi ávallt verið með höfuðverki og verið grönn, en undanfarna mánuði hafi hún verið að leggja af og höfuðverkurinn verið meiri en áður. Um skoðun sjúklingsins segir svo í skýrslu læknisins: „Þetta er mjög horuð kona, áberandi kraftlítil og talar mjög hægt, nánast drafandi. Hún er áttuð á stund og stað. .... Áberandi deformeruð höfuðkúpa eftir aðgerðir. .... Hún kveðst hafa gigt í fleiri ár og hún sé sízt betri nú en áður. Sérstaklega óþægindi í fingrum hægri handar. Þar er hún reyndar með bólgna pip liði. Þá er hún einnig með að því er virðist byrjandi Dupuytren's contracturu í báðum lófum."

Í þessari sjúkralegu var framkvæmd augnskoðun á Eddu. Framkvæmdi Friðbert Jónasson augnlæknir þá skoðun. Segir í skýrslu hans um þessa skoðun að Edda hafi haldið því stíft fram að ekki hafi verið gerð sjónsviðsprófun hjá henni frá því hún kom heim eftir aðgerðir sem framkvæmdar voru í Kaupmannahöfn á sínum tíma. Um þessa augnskoðun segir síðan: „Við fundoscopiu sjást verulegar atrophiskar papillur báðum megin og er atrophian sérlega áberandi temporalt. Sjónsvið á Bjerrum screeni sýnir að hana vantar efri temp. quadrant báðum megin og neðri temp. quadrant inn að u.þ.b. 5 en hefur haldið að fullu nasal quadrant og eru þetta raunar dæmigerðar breytingar eftir þrýsting frá hypophysutumor á chiasma. Þess ber þó að geta að þessi mæling er að sjálfsögðu ekki nákvæm upp á gráðu því hún er ekki nógu cooperative nú í kvöld til þess. .... Niðurstaða: Þessi kona er með dæmigerðar sjónsviðsbreytingar eftir hypophysutumor en hvort um progress er að ræða get ég ekki sagt þar sem ég hef engin eldri sjónsvið til samanburðar en mér finnst kanski rétt að endurtaka þetta á næstu mánuðum. A.ö.l. er ekkert stórlega athugavert að sjá við augnskoðun."

Hinn 24. júlí 1980 framkvæmdi John Benedikz læknir, sérfræðingur í taugalækningum, neurologiska skoðun á Eddu, sem þá lá enn á Landakotsspítala. Þykir rétt að taka greinargerð hans um þessa skoðun upp hér orðrétt:

„Spurning hér um recidiv. hypophysutumor.

Þegar hún var 21 árs greindist hjá henni hypophysutumor, var hún meðhöndluð næstu 2 ár á heroiskan máta, hefur víst fengið 5 cranial aðgerðir

og auk þess allt að 30 episodur með geisla. Þessi lækningaferill á að hafa tekið eitthvað um 2-3 ár. Ég er ekki hissa eftir svona trauma að hennar minni sé ekki alveg nákvæmt þó er það furðulega gott.

Upp úr þessu, tímabil sem hún fékk epilepsy krampa, en þá hefur hún ekki fengið í fjöldamörg ár, man ekki hvað lengi. Segist ekki taka lyf vegna þessa. Frá þessari aðg. hefur hún auk þess haft höfuðverk sem hefur verið á hverjum degi alltaf versnað yfir daginn og er ekki frá því að hann hafi eitthvað versnað nú undanfarna mánuði. Þessi höfuðverkur nú allavega virðist vera meir af tensions headache typu.

M.t.t. sjónar heldur hún að hún hafi ekki farið versnandi, þó er hún ekki mjög örugg með það, alla vega getur hún lesið.

Ekki fengið neinar lamanir eða önnur focal neurolog. einkenni, enga taltruflun en hún telur minnið ekki hafa verið eins gott upp úr þessari aðgerð og vera farin að gleyma ýmsum hlutum.

Auk þess kvartar hún um alm. slappleika og þreytu, hefur alltaf getað séð um sig sjálf fram að þessu, jafnvel þó hún búi í stóru húsi en aftur á móti núna finnst henni hún varla geta framkvæmt sín heimilisstörf, hún vinnur ekki úti, ekki tekið eftir máttleysi við stigagöngur upp eða niður eða koma sér upp úr djúpum stól. Það hafa ekki fylgt þessu nein specifisk einkenni. Hún er á replacement meðferð fyrir hypophysectomiu og hún er eins og sagt er í journal, en a.ö.l. engin meðferð.

Við neurolog. skoðun þá er hún svol. hægt demonstrative í framkomu svolítið sérkennileg. Hún er mjög cooperative, sýnir gott minni, rifjar upp gamla daga en þó ekki mjög nákvæmt minni, en án formlegrar prófunar væri ekki hægt að segja að það væri abnormt. Er ekki með taltruflun en talar heldur hægt og svo accelerar á köflum. Ég myndi segja dálítið frontal lobe-leg en aftur ekki örugglega pos. gæti bara verið eccentriskt.

Í heilataugum er ekki að finna neitt óeðlilegt nema bilat. optic atrophy og er þeirri skoðun lýst af Eddu Björnsd. augnlækni.

Í útlimum, með greinilega rýra útlimi en er öll mjög rýr vegna þyngdartaps sem hún kennir Hverageröi um. Hún er með gigtarbreytingar í höndum og er stirð og kraftlítil í höndum vegna þessa en það sem snertir neurologiu er hún með greinilega proximal paresu bæði í höndum og fótum, getur rétt haldið handleggjum uppi með minimal þrýstingi á móti. Getur ekki sest á hækjur, getur ekki reist sig upp frá 45 liggjandi stöðu án þess að nota hendur og að velta sér.

Reflexar fást allir fram nema eru heldur daufir nema í fótum. Eðlilegir, plantarsvörun bilat. flexor.

Engar skyntruflanir.

Engin ataxia og a.ö.l. ekkert marktækt við neurol. skoðun.

Niðurstaða: Eins og Edda Björnsd. augnlæknir segir í sinni cons. m.t.t.

hennar sjóntruflun, þá er ekki hægt að vita hvort það sé progress í þessu nema að fyrrverandi skoðanir liggi fyrir og þá tiltölulega nýlegar. Það er þýðingarmikið að vita þetta og við ættum að reyna að grafa upp allar fyrrv. upplýsingar. Ég held að það sé auk þess rétt að fá hjá henni cranium með sérmyndir af sellu, heilascan. og ég myndi segja heilarit. Um hennar metaboliska próf — ætla ég ekki að skipta mér af.

M.t.t. þessa proximal paresu ég held hún sé metabolisk, ég sé að hún er hypocalcemisk hún mæl. hypothyroid á þessum skammti af Thyroxini og þar er sennilega multiple orsök fyrir þessari proximal myopathiu. Það er rétt að koma hennar metabol parametra eins vel í lag og hægt er þegar allar upplýsingar liggja fyrir."

Í skýrslu Landakotsspítala um þessa legu Eddu Björnsdóttur þar er einnig „nóta" frá Guðjóni Lárussyni lækni og þar segir m.a.:

„Margopereruð við heiladingultumor á árunum '53 - '64 í K.höfn, fékk recidiv sbr. læknabréf úr legunni í marz '58. .... Síðan á substitutionsmeðferð með Cortisoni, Thyroxini, en fengið Primabol að auki + krampastillandi lyf. Þetta hefur gengið vandræðalítið í mörg ár, en psyckisk vandamál hafa verið mikil. Konan er reduceruð andlega og infantil líkamlega.

Undanfarin ár hefur hún búið ein utan að hún sá um bróður sinn (drykkjumann) sem nú er látinn. Síðan ein og hefur lítið hugsað um mat eða viðhald á sjálfri sér.

Undanfarnar vikur hefur henni farið mikið aftur, nærst lítið, horast og orðið meira og meira máttfarin. Spurning um hvort hún hafi tekið lyfin sín rétt. Kvartað um lystarleysi, höfuðverk og syfju, ógeði á mat, en partur af því getur verið fordild.

Við komu fannst mér mjög af henni dregið og nánast í uggvekjandi ástandi. Byrjað var að næra intravenust en gekk illa vegna mótmæla hennar. Sætzt á að bíða með það, borði hún sjálf.

Þarf að athugast m.t.t. mögulegs recidivs. Ennfremur rétt að taka magamynd."

Í bréfi, sem Guðjón Lárusson læknir ritaði til læknis á Reykjalundi og dagsett er hinn 1. ágúst 1980, er sjúkrasaga Eddu Björnsdóttur rakin í stuttu máli, greint frá innlögn hennar á Landakotsspítala og þeim rannsóknum, sem þar fóru fram og raktar eru hér að framan. Í bréfi þessu segir m.a.: „Konan neitaði magamyndun og yfirleitt öllum frekari Rtg.myndum þar sem henni hafði verið sagt í Danmörku á sínum tíma að hún mætti ekki fá meiri geislun. Þetta var borið undir Rtg.lækna okkar, sem voru sammála því að geislameðferð hennar hefði verið það mikil að ekki væri rétt að mynda hana frekar nema mikil nauðsyn bæri til og kom þetta ekki til þar sem konan neitaði. .... Konan vildi ekki vera hér, fann að mat og fussaði við öllu. Hún býr ein og hugsar um sig sjálf en gerir það

lítið. Þó er hún aktivari heldur en manni dytti í hug miðað við holdafar og líkamlegt ástand. Mér þætti líklegt að þetta yrði sett í flokk með anorexia nervosa, en það er erfitt að slá slíku föstu hjá þessum sjúkling. Hún útskrifar sig sjálf."

Rétt er að fram komi að í þessari legu voru teknar röntgenmyndir af höfði, hjarta og lungum Eddu Björnsdóttur, og jafnframt voru gerðar ráðstafanir til að fá röntgenmynd af maga og heilaskann, en hún neitaði að fara í þær rannsóknir og varð þess vegna ekki af þeim. Heilarit var pantað, en ekki liggur fyrir hvort það var nokkurn tíma tekið.

Eins og ráða má af síðastnefndum ummælum fór Edda af Landakotsspítala að eigin ósk hinn 1. ágúst 1980.

Í byrjun nóvember 1980 fór Edda Björnsdóttir til meðferðar á Reykjalundi og annaðist Kári Sigurbergsson læknir hana þar. Með bréfi til Sigurðar E. Þorvaldssonar læknis, dagsettu 14. janúar 1981, óskaði Kári Sigurbergsson eftir að Sigurður framkvæmdi skoðun og gerði tillögur um hvort gera skyldi skurðaðgerð á hendi hennar. Í bréfi þessu segir m.a.: „Það hafa orðið persónuleikabreytingar hjá Eddu, hún er nokkuð infantil, eitthvað reduceruð. Hún bjargast samt furðanlega, hefur búið ein í stóru húsi og farið um í eigin bifreið. Svo er að sjá sem geðrænu vandamálin hafi farið vaxandi á síðustu árum og bæst við anorrexia nervosa og er sj. vannærð. Henni býður yfirleitt við öllum mat. Anorrexia nervosa mun í sumum tilfellum rakin til organiskra breytinga. Í ofanálag við þetta allt saman hefur Edda svo fengið arthritis, bólgu í PIP-liði og MCP-liði á hægri hendi og það hefur vottað fyrir bólgu í fingurliðum á vinstri hendi einnig og er vinnugreiningin arthritis rheumatoides. Edda hefur nú verið til meðferðar hér á Reykjalundi frá því í nóvemberbyrjun. Hér hafa allir lagt sig fram að reyna að fá hana til samvinnu, en í rauninni hefur ekki verið hægt að koma við hita- eða æfingameðferð að neinu gagni á vinstri höndina, þar sem hún er hlaupin í burtu áður en nokkur veit af og bregst stundum hin versta við. Af þessu hefur hlotist að hún er komin með mikla hreyfingarhindrun í fingurliði, hnúaliði og úlnlið á hægri hendi og miklu meiri hreyfingarhindrun heldur en svarar til bólgunnar. Hún er ennfremur með Dupuytren's contracturu á báðum höndum, ekki mjög slæma en mig langar að leita álits þíns varðandi þessa contracturu. .... Eins og fram er komið áður þá hafa viðbrögð Eddu valdið miklum erfiðleikum. Við höfum orðið að halda að okkur höndum hvað varðar rannsóknir vegna þessa, og ennfremur hefur þetta áhrif á lyfjameðferð. .... Ennfremur fæst hún alls ekki til að breyta þeim lyfjum sem dr. Busch setti hana á fyrir löngu síðan."

Edda Björnsdóttir var á Reykjalundi til 10. febrúar 1981. Að lokinni þessari dvöl hennar skrifaði Kári Sigurbergsson læknir skýrslu til Guðjóns Lárussonar læknis, en sú greinargerð er ódagsett. Þar segir m.a.:

„... sj. er infantil, reduceruð andlega og með persónuleikabreytingar, sem hafa valdið umgengniserfiðleikum. Sj. virðist allvel efnum búin, býr ein og þrátt fyrir ofangreint bjargast hún furðanlega vel. .... Eftir því sem best verður séð að þá hefur einangrun sj. heldur farið vaxandi og ofan á hafa bæst tvö höfuðvandamál, annars vegar lystarleysi og vannæring, og svo hins vegar arthritis. .... Undirritaður skoðaði Eddu fyrst 5/9/80. Þá kvartaði hún um mikil óþægindi í hálsi og herðum svo og í fingurliðum og hnúaliðum hægri handar. *Skoðun:* Góð samvinna fæst við sj. þótt hún komi nokkuð sérkennilega fyrir. Hún er reikul á göngu. Fellir hvatvíslega dóma yfir fjölda manns og þá ekki síst læknum sem hún hefur haft samskipti við. Ör framan á enni og höfuðkúpa aflöguð eftir skurðaðgerð. .... *Gangur og meðferð:* Um Eddu og hennar vandamál var rætt margsinnis og sérstaklega við hjúkrunarfólk, starfsfólk í eldhúsi, iðjuþjálfa og sjúkraþjálfa. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að koma hér á neinni samvinnu að gagni. Hún var að vísu samvinnuþýð við hjúkrunarfræðinga og lækna, en sjaldan fannst sá matur á Reykjalundi sem hún gæti borðað og hún var óánægð með meðferðina og mætti ákaflega stopult í iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun þannig að sú meðferð kom ekki að gagni. Edda kveðst vera búin að fá alla þá geislun sem hún megi við um æfina, og má vel vera að rétt sé þannig að ekki er hægt að gera hjá henni neinar rannsóknir sem fela í sér einhvers konar geislun, hvorki að taka rtg.myndir né fá liðamótaskönnun. Eins og fram kemur að ofan mældist T4 og T3 við efri mörk og mætti álykta að sj. væri á fullstórum skammti, en hún harðneitar að breyta þeim skammti sem dr. Busch setti hana á forðum daga í Kaupmannahöfn, þannig að þeirri meðferð verður ekki breytt. Edda hefur sero-negativan arthritis og var vinnugreining hér arthritis rheumatoides. Edda hefur ennfremur Dupuytrén contracturu fremur væga í báðum lófum. Ráðgast var við Sigurð Egil Þorvaldsson og varð endirinn sá, að minimal skurðaðgerð var gerð vegna þessarar contracturu af Sigurði Agli á báðum lófum og gekk skurðaðgerð vel. Edda hefur hins vegar hlotið verulega fötlun og hreyfingarskerðingu bæði vegna liðamótabólgunnar og þessarar contracturu, sérstaklega í fingurliðum hægri handar og er það miklu meira heldur en venjulegt og má vafalaust rekja til þess að hún heldur fingrunum stöðugt krepptum inn í lófann og ekki hægt að fá hana til neinnar samvinnu hvað varðar sjúkra- eða iðjuþjálfun. Ennfremur verður að horfast í augu við það að Edda léttist meðan hún var á Reykjalundi. Hinn 3/11 vó hún 37 kg en hinn 18/1 35 kg. Þegar Edda útskrifaðist frá Reykjalundi þótti fullreynt að henni yrði ekki gagn af frekari dvöl hér, enda ákvarðar hún að mestu leyti sjálf rannsóknir, lyfja- og æfingameðferð, eða öllu heldur: setur þeim mörk."

Edda Björnsdóttir var lögð inn á lyflæknisdeild Landspítalans hinn 28. nóvember 1981 vegna hypoglycemisks coma, en þann dag hafði systir henn-

ar komið í heimsókn til hennar og fundið hana meðvitundarlausa. Voru framkvæmdar á henni nokkrar rannsóknir og að fengnum niðurstöðum úr þeim ákveðið að leggja hana inn á Borgarspítalann til aðgerðar hinn 1. desember 1981. Um þessa aðgerð liggur fyrir skýrsla Arons Björnssonar, aðstoðarlæknis Bjarna Hannessonar læknis, en sá síðarnefndi framkvæmdi aðgerðina. Í þessari skýrslu segir m.a.: „Lögð inn á Lsp. 18.11.81 vegna almenns slappleika og slens. Greind með stóran tumor í vinstra temporo-parietal svæði og þannig lögð inn á neurokirurgiu til aðgerðar. Gerð er temporo-parietal craniotomia þann 02.12.81, komið inn á stóran necrotiseraðan tumor sem hefur eroderað squama temporalis á nokkuð stóru svæði. Tumorinn er exstirp. eftir því sem hægt var. Aðgerðin gekk vel. Sjúklingur vaknaði tiltölulega hress post. op. og paresan sem var til staðar í hægri hendi og hefur væntanlega verið nokkuð lengi þar sem meðal annars var um talsvert mikið spasticitet í fingrum að ræða var óbreytt. Næsta dag vaknaði Edda mun betur til lífsins og varð öll hressari. Þann 10.12.81 eða um viku eftir aðgerð hrakaði henni skyndilega á einum degi acut CT-scann leiddi þá í ljós cystiska fyrirferð í tumor svæðinu og var það puncterað og út komu um 40 ml af serous vökva. Hresstist strax eftir þessa punctio og hefur síðan verið á stöðugum batavegi. Er síðan útskrifuð á Grensás-deildina þar sem hún mun dveljast eitthvað um sinn í endurhæfingu. Sjálf vildi Edda fara heim til sín. En það er erfitt að sjá hvernig þessi kona ætti að geta hugsað sómasamlega um sig ein heima."

Hinn 4. mars 1982 var Edda Björnsdóttir enn skorin upp á höfði og framkvæmdi Bjarni Hannesson læknir þá aðgerð. Liggur fyrir í málinu lýsing hans á þeirri aðgerð og segir þar m.a.: „Í byrjun des. '81 fannst hjá sjúkl. stór tumor í vi. parietal lobe. Um það leyti var sjúkl. í mjög slæmu metabolisku ástandi: var mjög vannærð og hafði skömmu áður verið lögð í coma inn á Lsp. vegna hormónatruflana og þar fannst þessi tumor. Sjúkl. var þá tekinn til aðgerðar og gerð vi. temporal craniectomia og fjarl. talsvert magn af tumornum, sem leit út fyrir að vera mjög malign. P.A.D. svar úr tumornum var, að hér væri um að ræða meningioma, sem kom mjög á óvart bæði vegna macroscopisks útlits tumorsins og vegna röntgen-rannsókna, sem benda eindregið til að hér sé um að ræða maligran tumor. Sjúkl. fluttist síðan á Grensás-deild og hefur farið geysilega mikið fram, hún er nú komin í gott metaboliskt ástand, en er farin að kvarta aftur um höfuðverk og það er farið að bera aftur á dysphasiu, sem hafði lagast mikið, og endurt. tölvusneiðmyndir sýna að sjúkl. er kominn aftur með mjög stóran tumor í vi. parietal lobe og angiografia sýnir að hér er um að ræða avascular tumor, sem lyftir art. cerebri media, og er mikil tilfærsla á miðlínuæðum til hæ. Vegna þess að fyrra svar úr tumornum var að hér væri meningioma er ákveðið að freista þess að gera meira radical aðgerð.

.... Það var gerður skeifulaga skurður í vi. parietal regio. .... Sjúkl. var með temporal craniectomiu vi. megin og dura var dissiceruð frá beininu og síðan var með craniotomi fjarlægður beinflipi, 5 × 10 cm. Dura var talsvert spennt, en púlseraði. Hún var síðan opnuð með hálfhringlaga skurði. Dura var flett ofan af heilanum og það kom í ljós, að sjúkl. var með tumor neðst og fremst í lobus temporalis. Tumorinn var rauðbrúnn. Hann var vel afmarkaður frá heilavefnum, en það var engin capsula utan um hann. Það tókst að fá gott clivage plan á milli tumorsins og heilans og síðan var tumorinn fjarlægður. Hann var mjög necrotiskur, með smá cystum, tiltölulega avasculer og það meyr í sér að hann var að mestu leyti soginn upp í gegnum sog. Það voru þó teknar margar biopsiur til að senda í histol. rannsókn og það var fjarlægður tumor sem var á stærð við meðalstóra appelsínu. Aftast í tumornum var stór cysta sem tók ca. 30 ml, full af gulum vökva. Þegar að tumorinn hafði verið fjarlægður og það sást ekkert meira macroscopiskt af tumor, þá náði holan inn undir miðlínu. Maður sá vel framhlutann á tentorium og sphenoidal vænginn. Það náðist góður haemostasi. Holan var þakin með surgicel og síðan var dura lokað. .... Hún var síðan flutt á Gjörgæslu og þoldi aðgerðina vel og hafði engin frekari neurol. einkenni eftir aðgerð."

Í gögnum málsins kemur fram að Edda var á endurhæfingardeild Borgarspítalans frá 15. mars til 19. maí 1982. Hinn 17. maí var hún reyndar flutt inn á skurðlækningadeild Borgarspítalans, þar sem rannsóknir þóttu benda til nauðsynjar á enn einni skurðaðgerð, en hún neitaði að gangast undir slíka aðgerð og var þá flutt aftur á endurhæfingardeildina.

Edda Björnsdóttir lést eins og áður greinir hinn 6. nóvember 1982. Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla rannsóknastofu Háskólans um krufningu á miðtaugakerfi Eddu Björnsdóttur. Er mænu og heila hinnar látnu þar lýst svo:

„Dura ómarkverð nema merki aðgerða v. megin. Leptomeninges eðlilegar nema sjá heilayfirborð. Circulus arteriosus án atheromata og heilataugar eðlilegar.

Í heilayfirborði sést:

a. mikil þrýstingseinkenni, flatir gyri og samanþjappaðir gyri, og vinstra hemispherium fyrirferðarmeira.

b. yfirborðsskemmd á facies orbitalis lobi frontalis dxt., sem nær alldjúpt niður í hvítuna sem er slétt og gulleit í botni skemmdarinnar. Mælist hún 3.0×4.0 cm.

c. yfirborð lobus temporalis sin. framanvert og hliðlægt er tætt og grá-hvítt á svæði sem mælist 4.0 cm þversum × 4.0 cm a:p.

d. í fossa interpeduncularis eru leptomeninges mikið þykknaðar.

Sneiðar frá stóra heila sýna:

1. mikla fyrirferðaraukningu v. heilahvels (tumor + bjúgur) ásamt tilfærslu á miðlínu yfir til hægri með aflögun á hólfakerfi heilans, og corpus striatum sin. og thalamus sin. ásamt herniatio gyri cinguli sin.

2. í lobus frontalis dxt. sést gömul skemmd sjá b að ofan.

3. í lobus temporalis sin. er æxlisvefur sjá c að ofan aðallega gráhvítur og þéttur en með gulleitum og glærum svæðum. Eftir því sem aftar dregur er æxlið meira lobulerað og skagar inn í ventriculus lat. sin., á mótum cornu posterius og inferior, sem er mjög útvíkkaður. Æxlið nær fram-aftur yfir 5 cm svæði og nær inn að corpus striatum og thalamus og aftan þeirra inn í ventr. lat.

4. mikil aflögun er á miðheila, samþjöppun frá hlið til hliðar og lenging.

Sneiðar frá heilastofni eðlilegar nema miðheili aflagaður.

Sneiðar frá litla heila og mænu eðlilegar. Ekki finnast leifar heiladinguls.

Smásjárskoðun:

Sneið frá lobus frontalis dxt. sýnir gliosis umhverfis yfirborðsskemmd. Æxlisvöxturinn í lobus temp. sin. samrýmist fyrri greiningum þ.e. meningioma. Æxlið er af meningotheliomatious gerð með talsverðum cystiskum og dreifðum zanthomatous breytingum og nokkuð er um mitosur.

Sneiðar frá lobus temp. dxt., heilastofni og mænu ómarkverðar.

Umræður:

Heilinn er of léttur miðað við aldur. Ætti að vera rúm 1200 g (annars staðar í skýrslunni segir að hann hafi vegið 1030 g). Skemmdin í facies orbitalis lobi frontalis dxt. er vafalaust til orðin við fyrri aðgerðir á heiladingli. Æxlisvöxturinn í lobus temporalis sin. er án illkynja breytingar en mitosur eru tíðari en venjulega í meningioma, en það gæti bent til agressivari vaxtar þessa æxlis."

VI

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir og varnaraðili Pétur Björnsson hafa gefið aðiljaskýrslur í málinu. Þá hafa komið fyrir dóminn sem vitni læknarnir Guðjón Lárusson, Bjarni Hannesson, dr. Óskar Þórðarson og Sigurður Guðmundsson. Ennfremur hafa nokkrir núverandi og fyrrverandi starfsmenn Verksmiðjunnar Vífilfells hf. gefið vitnaskýrslur í málinu. Verður nú rakið hið helsta úr framburðum þessum.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir skýrði svo frá að Edda heitin hafi liðið miklar kvalir af sjúkdómum sínum, sem einkum hafi lýst sér í stöðugum höfuðverkjum. Hún kvaðst hafa haft mikið af veikindum hennar að segja, einkum eftir fráfall föður þeirra, og hafi það þá komið í sinn hlut að fylgjast með henni. Hún hafi verið ákaflega erfiður sjúklingur og yfirleitt ekki verið hægt að koma henni inn á sjúkrahús fyrr en svo hafi verið komið

að hún gat ekki lengur neitað því. Heilsufar hennar hafi þó verið nokkuð misjafnt og inn á milli hafi komið dagar sem hún var betri en að jafnaði. Hún hafi vegna veikinda sinna aldrei verið til neinna verka. Yfirleitt hafi hún ekki getað haldið uppi eðlilegum samræðum, og stundum hafi hreinlega verið erfitt að ná sambandi við hana. Hún hafi aldrei tekið virkan þátt í stjórnun þeirra félaga sem málið snýst um, þó svo að hún hafi átt sæti í stjórn þeirra. Hún hafi að vísu stundum setið stjórnarfundi í þeim, en verið afskiptalaus um þau málefni sem þar voru til meðferðar hverju sinni. Hún hafi verið á launaskrá hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf., þó svo að hún hafi ekkert starfað þar utan nokkra mánuði á árunum 1960 til 1965. Hún hefði ef til vill haft líkamsburði til að vinna þar létta skrifstofuvinnu, en hún hefði hins vegar ekki haft úthald til að sitja lengi við að gera það sama. Afleiðingar af sjúkdómum hennar á andlega heilsu hennar hafi verið með þeim hætti að hún gat ekki starfað hjá fyrirtækjum fjölskyldunnar né annars staðar. Hún hafi af sömu ástæðum aldrei getað haldið heimili fyrir sjálfa sig hjálparlaust, hvað þá fyrir aðra. Á yngri árum hafi hún fengist mikið við hannyrðir og lítils háttar við að mála postulín og saumaskap. Þetta hafi hún þó ekki gert í atvinnuskyni. Þetta hafi þó breyst mikið eftir að hendur hennar hafi tekið að kreppast sem hafi byrjað nálægt árinu 1970. Hafi læknar fyrst talið að þar væri um liðagigt að ræða, en síðar hafi Bjarni Hannesson sagt sér að þessu hafi valdið heilaæxli sem sennilega hefði verið búið að búa um sig í mörg ár áður en það var fjarlægt. Minni hennar hafi verið slæmt, en hún hafi virst muna vel ýmsa þá atburði sem gerðust á yngri árum hennar, en það sem gerðist frá degi til dags hafi hins vegar fest mjög illa í minni hennar. Hafi þetta verið áberandi allt frá því fyrst fór að bera á sjúkdómseinkennum hjá henni.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir skýrði ennfremur frá því að hún hefði verið með móður sinni í Kaupmannahöfn árið 1964 er Edda Björnsdóttir var skorin þar upp. Þá hafi læknir sá sem annaðist hana, dr. Værnet, tjáð þeim mæðgum þær niðurstöður af rannsóknum á Eddu að þroski hennar mundi aldrei verða meiri en „á við óþekkan 13 til 14 ára krakka" og yrði hún að fá meðhöndlun í samræmi við það. Hafi þeim verið gerð grein fyrir því að þó að greind Eddu væri e.t.v. meiri en þessu svaraði mundi hegðan hennar ávallt verða í samræmi við þetta.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir kvaðst telja að Edda heitin hefði ekki haft getu til að semja erfðaskrána á dskj. nr. 9 eða vélrita hana.

Varnaraðili Pétur Björnsson skýrði svo frá fyrir réttinum að Edda heitin hafi starfað hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. meira og minna fram til ársins 1972 eða 1973 við ýmis skrifstofustörf, t.d. við vélritun á bréfum á ensku og dönsku, talningu peninga og fleira. Hún hafi unnið fullan vinnudag hjá félaginu í mörg ár, en síðar hafi hún farið að vinna hálfan daginn er heilsu

móður hennar var tekið að hraka, og síðar hafi hún komið og gripið í vinnu á ákveðnum tímum eftir því sem henni sjálfri hentaði. Eftir að verksmiðja félagsins hafi flutt árið 1974 hafi hún ekkert unnið við fyrirtækið, því að „þá breyttust allir hættir þannig að hún féll mikið til út úr forminu sem við höfðum". Hún hafi þó ávallt komið nokkuð reglulega tvisvar á dag á skrifstofur félagsins, fengið sér kaffi með þeim er þar störfuðu og rætt við starfsfólkið um daginn og veginn. Hann kvaðst ekki telja að hún hefði breyst á nokkurn hátt við þá reynslu er því fylgdi að gangast undir þá uppskurði er dr. Busch framkvæmdi á höfði hennar og áður hefur verið lýst, og að þeim loknum hafi verið vonast til að búið væri að ráða bót á hennar meini. Hún hafi komið „eðlilega og normalt" fram allt fram til þess tíma, er dró að andláti hennar, sem hafi verið um 1980, en þá hafi farið að draga verulega af henni. Hún hafi ekið bifreið alla tíð og ekki lent í neinum vandræðum í því sambandi fyrr en hún var orðin langt leidd af veikindum sínum eftir 1980.

Varnaraðili kvað Eddu heitna hafa tvívegis fært sér erfðaskrár til varðveislu. Hin síðari hafi verið sú erfðaskrá sem um er deilt í máli þessu. Hina fyrri hafi hún fært sér nokkru áður, en hann kvaðst ekki vera viss um hversu langur tími leið þarna á milli. Hann kvað báðar skrárnar hafa verið efnislega á sama veg, en hin eldri hafi verið vottuð af tveimur vottum. Kvaðst hann muna eftir að annar votturinn hafi verið Ingibjörg Guðmundsdóttir, en hann kvaðst ekki muna hver hinn votturinn var. Kvaðst hann engan þátt hafa átt í gerð þessara erfðaskráa og ekki hafa vitað um það fyrirfram að til stæði hjá Eddu að gera slíka gerninga. Hann hafi einskis spurt hana í þessu sambandi, hvorki um það hvort hún hefði sjálf gert skrárnar eða fengið til þess aðstoð, hvaða ástæður lægju þar að baki, né annað sem máli skiptir í því sambandi. Hún hafi haft sjálfstæðar skoðanir og ekki alltaf spurt aðra um það hvað hún ætti að taka sér fyrir hendur. Hann kvaðst telja að Edda hafi á eigin spýtur verið fær um að semja efni skránna og færa það í letur og vélrita, eins og það hafi verið gert. Varnaraðili kvaðst ekki geta fallist á þær staðhæfingar að andlegur þroski Eddu hafi ekki verið eðlilegur. Hann hafi aldrei fundið inn á það. Hún hafi lokið skólagöngu og þroski hennar þá verið eðlilegur. Þær staðhæfingar, sem aðrir hafi haldið fram, að þroski hennar hafi verið á við þrettán ára ungling fái því ekki staðist því að þroski hennar hafi ekki breyst að þessu leyti til hins verra. Hann kvað Eddu ekki hafa verið uppstökka eða átt við sérstaka skapbresti að stríða.

Varnaraðili kvað Eddu heitna hafa haft mikinn áhuga á málefnum félaga fjölskyldunnar. Hún hafi sótt stjórnarfundi og tekið virkan þátt í störfum þeirra. Á fundum hafi hún spurt mikið út í starfsemina og þá komið skýrt fram að hún skildi þá starfsemi sem þar fór fram, þó svo

að hún hafi ef til vill ekki haft „professional innsýn inn í fyrirtækið sjálft", eins og varnaraðili komst að orði í skýrslu sinni.

Varnaraðili neitaði því að hafa viðhaft ummæli sem skilja ætti sem svo að hann hafi látið Eddu gera erfðaskrá 1977 og að síðar hafi hann látið Eddu gera aðra slíka skrá 1978 þar sem honum hafi þótt öruggara að hafa skrána notarialstaðfesta. Kvaðst hann hafa jánkað því að hann hefði fengið erfðaskrár í hendurnar 1977 og 1978, en hann hefði aldrei átt nokkurn þátt í gerð þeirra. Kvað hann ummæli sem að þessu lúta og honum hafi verið lögð í munn vera slitin úr samhengi og ekki rétt skýrð. Varnaraðili var einnig spurður um það hvort hann hafi látið þau orð falla í afmælisveislu, sem haldin hafi verið sóknaraðiljanum Sigríði Ólafsdóttur Seager, að „Edda hefði gert arfleiðsluskrá til þess að bréfin kæmust ekki undir umráð Kristjáns". Þessu svaraði varnaraðili neitandi og kvað ummæli sem að þessu lúta ekki í réttu samhengi né rétt fram sett. Varnaraðili neitaði því einnig að hafa við sama tækifæri sagt við sóknaraðiljann Sigríði Ólafsdóttur Seager að eiginmaður sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur hefði gerst sekur um misferli á árinu 1977. Kvað hann ummæli sem að þessu lúta, svo sem þau eru sett fram af hálfu sóknaraðilja málsins, hafa verið slitin úr samhengi og neitaði að hafa viðhaft slík ummæli.

Varnaraðili neitaði því með öllu í skýrslu sinni að hann hefði þyrlað upp samsæri gegn eiginmanni sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur, Kristjáni Kjartanssyni, í fyrirtækinu með því að efna til könnunar á fjárreiðum hans hjá fyrirtækinu. Skýrði varnaraðili svo frá að ýmsir starfsmenn í bókhaldsdeild hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. hafi á sínum tíma gert athugasemdir við sig vegna þess að þeir hafi talið Kristján Kjartansson misfara með fé fyrirtækisins í eigin þágu. Kvaðst varnaraðili hafa af þessu tilefni falið Ingibjörgu Guðmundsdóttur að taka saman gögn um þetta úr bókhaldsgögnum félagsins. Þetta hafi verið gert og síðan lagt fyrir Kristján Kjartansson, og að því búnu hafi þessir hlutir verið leiðréttir með þeim hætti að Kristján hafi greitt til baka peninga vegna þessa. Meðan þetta fór fram hafi þetta verið altalað í fyrirtækinu og Edda hljóti að hafa frétt af því eins og aðrir sem þarna komu daglega og ræddu við starfsfólkið um alla heima og geima. Hann hafi sjálfur ekkert rætt þetta við Eddu og þetta hafi aldrei komið til tals á stjórnarfundum eða hluthafafundum í félaginu. Varnaraðili kvað endurskoðendur félagsins ekki hafa verið kvadda til í sambandi við athugun og uppgjör á þessum hlutum heldur hafi þetta verið leyst algerlega innan fyrirtækisins.

Vitnið Kristján G. H. Kjartansson, Einimel 7, Reykjavík, framkvæmdastjóri Verksmiðjunnar Vífilfells hf., hefur gefið skýrslu fyrir réttinum. Vitnið er eiginmaður sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur.

Vitnið kvaðst hafa þekkt Eddu heitina frá barnsaldri, en þau hafi verið

fædd á sama ári. Hann kvað Eddu hafa starfað lítilsháttar á skrifstofu Vífilfells hf., líklega á árunum 1963 og 1964, við að flokka og telja peningaseðla, en að öðru leyti hafi hún ekki starfað utan heimilis síns, þó svo að hún hafi verið á launaskrá hjá félaginu allt til dauðadags. Hún hafi verið sjúklingur alla ævi, allt frá því að æxli uppgötvaðist í heila hennar er hún var líklega 17 eða 18 ára. Vegna þessara veikinda hafi hún aldrei verið fær um að vinna nein störf hjá fyrirtækjum fjölskyldunnar. Vitnið kvað Eddu hafa komið sem næst daglega á heimili sitt og einnig á skrifstofu Vífilfells hf. Hafi ávallt farið vel á með henni og vitninu.

Vitnið lýsti veikindum Eddu, eins og þau komu vitninu fyrir sjónir, þannig að hún hafi stöðugt verið kvalin af höfuðverk. Síðar hafi komið til ýmsir verkir í líkama og liðum. Hún hafi mjög oft haft samband við sig er hún þurfti vegna veikinda sinna að ná til læknis, og hafi hann reynt að koma því í kring. Edda hafi haft heldur lítið álit á læknastéttinni í heild, talið lækna geta lítið fyrir sig gert og átt erfitt með að skilja hvers vegna þeir gætu ekki læknað hana af þeim veikindum sem hrjáðu hana. Sérlega hafi verið erfitt að eiga við hana ef leggja þurfti hana inn á sjúkrahús, og margsinnis hafi hún neitað slíku, svo að innlögn varð ekki við komið fyrr en hún var komin í „kóma".

Vitnið var spurt hvort það minntist þess að Edda hefði rætt um það við vitnið að Pétur bróðir hennar væri að sækjast eftir undirritun á skjöl hjá henni á árunum 1977 eða 1978. Kvað vitnið það hafa gerst einu sinni. Lýsti vitnið því atviki sem hér segir: „Hún kom inn á skrifstofu til mín, sem er í næsta herbergi við Pétur, ég var þar að sýsla í einhverjum pappírum og hún settist í stólinn hjá mér og fékk sér sígarettu og ég sé að hún er eitthvað hnuggin og fer svona að spyrja hana hvað sé að — þá er hún ekki beint grátandi en svona volandi eða kjökrandi eða hvað á að kalla það og ... hún sagði orðrétt: „Þetta helvíti hinum megin við vegginn er að reyna að fá mig til að skrifa undir" og ég segi „hvað?" Þá bögglast eitthvað út úr henni „erfða" eitthvað sem ég ekki náði, og ég tek svona utan um hana með höndina um stólbakið og segi: „Edda mín þú ert nú það klár að þú skrifar ekki undir neitt, hvorki hér eða annars staðar, án þess að leita ráðgjafar t.d. löglærðs manns", og benti henni um leið á að hún gæti alltaf leitað til Arnar Þór sem væri okkar lögfræðingur, þegar ég segi okkar, þá er það fyrirtækisins, og hennar persónulegi vinur. Nú meira var þetta ekki og þetta er eina skiptið sem þetta mál bar á góma og hún talaði um þetta við mig."

Vitnið kvaðst ekki hafa talið Eddu hæfa til að ráða fjárhagslegum hagsmunum sínum hjálparlaust á þeim tíma sem hér um ræðir, þ.e. á árunum 1977 og 1978. Hún hafi ekki getað haft stjórn á sínum peningamálum. Kvaðst vitnið ekki telja að hún hafi gert sér neina grein fyrir þeim verðmæt-

um sem fólust í þeim hlutabréfum sem um er rætt í erfðaskránni og eru örfáar krónur að nafnverði. Vitnið kvaðst þó telja að hún hefði þó gert sér vel grein fyrir því að hún væri stór eignaraðili að fyrirtækjunum. Edda hafi verið mjög áhrifagjörn og hægt hafi verið að telja henni trú um nánast hvað sem var. Kvaðst vitnið telja að eftir þær heilaaðgerðir og geislanir sem hún hafi gengið í gegnum á unga aldri hafi andlegur þroski hennar verið á við fjórtán ára ungling, þó svo að hún hafi haft sína lífsreynslu, sem enginn 14 ára unglingur hafi. Skap hennar og framkoma hafi verið eins og hjá óþekkum stelpukrakka á þeim aldri. Í umgengni við hana, þegar hún kom í heimsókn á skrifstofur fyrirtækja fjölskyldunnar, hafi fólk ávallt farið að henni með varúð og öllum þótt vænt um hana, en ekki hafi annars verið tekið mikið mark á henni. Hugarástand hennar hafi verið mjög mismunandi, hún hafi æst sig mjög upp út af nánast engu og þá látið út úr sér alls konar ummæli, „sem vanalegt fólk segir ekki", en menn hafi látið slíkt sem vind um eyru þjóta, þar sem mönnum hafi verið ljóst ástand hennar.

Vitnið kvað Eddu hafa haft bifreið til afnota. Lengst af hafi það verið bifreið föður hennar, R-234, en á árinu 1977 hafi hún fengið nýja bifreið af gerðinni Chevrolet Nova til sinna þarfa. Sú bifreið hafi verið skráð eign Verksmiðjunnar Vífilfells hf. eins og hin fyrri, en hún hafi ein haft forræði á henni. Pétur Björnsson hafi haft forgöngu um þessi bifreiðakaup sem forstjóri félagsins og þetta hafi verið í eina skiptið sem ný bifreið var keypt handa henni.

Vitnið kvað það rétt vera að á árinu 1977 hefði farið af stað athugun á reikningum sem gjaldfærðir hefðu verið hjá Vífilfelli hf., sem með réttu hefðu átt að færast á hann persónulega sem einkaneysla eða einkaúttektir. Athugun á þessu hefði verið mjög umtöluð á skrifstofunum og geti ekki farið hjá því að Edda hafi orðið þessa áskynja í heimsóknum sínum á skrifstofurnar. Þetta mál hafi verið afgreitt innan fyrirtækisins og án þess að endurskoðandi félagsins væri til kvaddur og vitnið greitt til baka þær fjárhæðir sem taldar voru hafa farið þarna á milli mála, en þar hafi ekki verið um háar fjárhæðir að ræða. Vitnið kvað Eddu aldrei hafa rætt þetta við sig og ekki vita hvort hún hafi rætt þetta eitthvað við varnaraðilja, en kveðst telja líklegt að svo hafi verið.

Vitnið Margrét Dóra Kristjánsdóttir, Suðurgötu 45, Keflavík, fædd 31. mars 1956, starfaði sem ritari við borgarfógetaembættið frá því um vorið 1978 og fram á vor 1979. Staðfesti vitnið undirskrift sína sem notarialvotts á erfðaskránni á dskj. nr. 9. Kvaðst vitnið ekki muna eftir því sérstaklega hvernig þetta bar að, en þetta hafi verið mjög skömmu eftir að vitnið hóf störf hjá embættinu. Vitnið kvaðst muna eftir tveim tilvikum þar sem það hafi ritað nafn sitt sem notarialvottur á erfðaskrár. Í annað skiptið hafi

vitnið verið kvatt í skrifstofu fógeta og þá verið staddur hjá honum fullorðinn maður sem vitnið hafi talið líklegt að væri sá sem gerði viðkomandi skrá, en í hitt skiptið kveðst vitnið muna eftir að komið hafi verið með plagg upp á skrifstofu ritaranna og beðið um að votta. Vitnið kvaðst halda að í bæði skiptin hafi verið um að ræða erfðaskrár karlmanna og kvaðst ekki muna eftir að hafa skrifað undir erfðaskrá „fyrir konu". Vitnið kvaðst ekki minnast þess hvort það hafi ritað sem notarialvottur á skrá, sem Jónas Thoroddsen hafi staðfest. Í þau skipti sem hún hafi skrifað sem vottur á slík skjöl hafi þau aldrei verið lesin upp í sinni áheyrn, og í þeim tveimur tilvikum sem vitnið taldi sig muna eftir hafi hún ekki séð viðkomandi menn skrifa undir skjölin. Sér hafi verið tjáð að þessi nafnritun hennar væri formsatriði og hún ekki fengið neinar frekari skýringar á því, en hún hafi treyst því að fógetinn vissi hvað hann væri að gera í þessum efnum.

Vitnið Elísabet Birna Elísdóttir, Keilugranda 4, Reykjavík, fædd 11. ágúst 1953, starfaði sem ritari við borgarfógetaembættið frá árinu 1973 til hausts 1979. Hún staðfesti undirritun sína sem notarialvotts á erfðaskránni á dskj. nr. 9. Hún kvaðst ekkert muna eftir þessari erfðaskrá sérstaklega né hvort hún hafi verið viðstödd undirritun arfleiðandans sjálfs undir skrána. Jónas Thoroddsen, fulltrúi yfirborgarfógeta, hafi haft skrifstofu á sömu hæð og ritararnir og yfirleitt hafi hann kallað á þær inn til sín til að votta erfðaskrárnar og þær farið inn til hans og vottað og farið svo út aftur. Skrárnar hafi ekki verið lesnar upp að vottum viðstöddum, en þær að jafnaði vottað þær í viðurvist þess sem gerði skrána. Stundum hafi þó komið fyrir að ritarar skrifuðu notarialvottorðið inn á slíkar skrár fyrir hann og undirrituðu það síðan um leið án þess að búið væri að skrifa undir að öðru leyti.

Vitnið Jenný Erla Guðmundsdóttir, Bergstaðastræti 17, Reykjavík, fædd 2. janúar 1953, starfaði um margra ára skeið á skrifstofum Verksmiðjunnar Vífilfells hf. um lengri og skemmri tíma í einu, í skólaleyfum og afleysingavinnu. Hún er dóttir eins hluthafanna í félaginu, Guðrúnar Guðmundsdóttur, en faðir vitnisins mun hafa verið hálfbróðir Björns Ólafssonar, föður Eddu Björnsdóttur. Vitnið kvaðst hafa þekkt Eddu Björnsdóttur persónulega allt frá því vitnið var 10 ára að aldri. Allt frá þeim tíma hafi Edda verið tíður gestur á heimili foreldra vitnisins. Eitt sumarið, sem vitnið starfaði hjá fyrirtækinu, hafi Edda unnið við að telja peninga, en vitnið mundi ekki hvaða ár það var. Edda hafi hins vegar alltaf komið á skrifstofur félagsins, nánast daglega, og fengið sér kaffi og spjallað við starfsfólkið.

Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að meta það hvort Edda hefði getað unnið önnur störf en þau sem hún vann við og lýst var, þar sem hún hafi sífellt þjáðst af höfuðverk sem alltaf hefði háð henni. Vitnið kvaðst telja að í málum sem Edda hefði sjálf haft áhuga fyrir hefði hún getað haldið

uppi eðlilegum samræðum í samhengi. Vitnið kvað sér hafa verið það ljóst frá því það fyrst kynntist Eddu að hún var höfuðveik. Hún hafi fengið mjög tíð höfuðverkjaköst og þá gripið oft um höfuðið og hafi þetta getað gerst í miðjum samræðum fyrirvaralaust. Edda hafi oft fengið krampaköst á heimili vitnisins, og þessi atvik hafi ef til vill leitt til þess að er vitnið sjálft eltist hafi það metið Eddu á annan veg en vera mundi ef vitnið hefði sjálft verið orðið fullorðið er þær kynntust. Eddu hafi verið margt til lista lagt, hún hafi verið mjög handlagin og listræn.

Vitnið kvaðst oft hafa rætt við Eddu um hin ólíkustu málefni. Edda hafi verið ákaflega ákveðin í skoðunum um viss mál. Hún hafi verið á vissum sviðum mjög þrjósk og ósveigjanleg, það á stundum leitt til deilna þeirra á milli ef vitnið hafði aðrar skoðanir. Þetta hafi hins vegar ekki endilega gilt um málefni fyrirtækja fjölskyldu Eddu, enda hafi þau ekki komið svo mikið til tals milli þeirra.

Vitnið skýrði frá því að sumarið 1977 hafi það starfað á skrifstofu Vífilfells hf. og hafi þáverandi gjaldkeri hjá félaginu, Guðný Pálsdóttir, sem nú er látin, komið mörgum sinnum að máli við vitnið til að ræða um atvik sem henni þóttu óeðlileg í sambandi við einkaúttektir Kristjáns Kjartanssonar, sem gjaldfærðar voru sem kostnaður á félagið. Hafi Guðný fært þetta í tal við vitnið, þar sem henni var kunnugt um eignaraðild fjölskyldu vitnisins að félaginu. Að beiðni Guðnýjar hafi vitnið farið að kanna þessa hluti og rætt við varnaraðilja um hvort honum væri kunnugt um að slíkir hlutir væru að eiga sér stað. Hann hafi sagt að sér væri ekki kunnugt um slíkt og síðan hafi farið í gang athugun á þessu. Vitnið kvaðst ekki hafa sjálft kannað einstaka reikninga og ekki rætt um þessa könnun við Kristján Kjartansson eða endurskoðendur félagsins. Hins vegar kvaðst vitnið hafa rætt þetta við móður sína, sem átti sæti í stjórn félagsins.

Vitnið kvað Eddu hafa haft mjög ákveðnar skoðanir um ýmislegt sem gerðist í sambandi við rekstur Vífilfells hf. Hafi hún oft sagt að sér fyndist vera margs konar bruðl og eyðsla hjá fyrirtækinu og þar væru keyptir ýmsir hlutir sem ekki tilheyrðu rekstri fyrirtækisins. Hafi það verið Kristján Kjartansson sem „varð fyrir barðinu á henni" í þessu sambandi. Eftir að áðurgreind könnun á einkaneyslu Kristjáns á kostnað Vífilfells hf. hafi átt sér stað hafi það komið fram á afgerandi hátt hjá Eddu að hún vildi síður að Kristján fengi meiri áhrif í fyrirtækinu heldur en hann þá hafði. Hún hafi litið á sig sem einhvers konar mótvægi innan fyrirtækisins sem stjórnarmaður og talið sig geta haft áhrif á gang mála þar. Vitnið kvaðst hins vegar ekki gera ráð fyrir og ekki hafa orðið vart við það sem starfsmaður í fyrirtækinu að Edda hafi reynt að hafa einhver áhrif á daglega stjórnun í fyrirtækinu.

Vitnið kvaðst aldrei hafa rætt við Eddu Björnsdóttur um erfðaskrá henn-

ar og ekki vitað um tilvist slíkrar skrár fyrr en vitnið kom í jólaleyfi frá námsdvöl erlendis, líklega um jólin 1979. Hafi systir vitnisins, Ingibjörg, skýrt vitninu frá því að Edda hefði gert slíka skrá. Hafi vitninu skilist að þarna kæmi fram vilji Eddu, en tilefni hennar til að gera skrána hafi ekki komið fram sérstaklega. Hafi vitninu þá jafnframt verið skýrt frá því að Edda hefði arfleitt varnaraðilja að hlutabréfum sínum. Vitnið gat sér þess til að það sem á undan var gengið í sambandi við fjárreiður Kristjáns hjá félaginu hafi hugsanlega leitt til gerðar skrárinnar.

Vitnið var spurt hvort það treysti sér til að svara því hvort vitnið teldi andlega heilsu Eddu hafa verið slíka í apríl 1978 að hún hefði verið fær um að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá á skynsamlegan hátt. Svar vitnisins var á þá leið að það treysti sér til að segja það að það héldi að það væri vilji Eddu sem þarna komi fram. Ekki kvaðst vitnið muna hvort vilji hennar til að gera erfðaskrá hafi komið fram í samtölum við hana, en að minnsta kosti hafi ekki komið fram hjá henni síðar neinar efasemdir vegna þessarar ráðstöfunar.

Vitnið Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir skólastjóri, Óðinsgötu 22, Reykjavík, fædd 16. ágúst 1951, er stjórnarmaður í Verksmiðjunni Vífilfelli hf. og dóttir eins hluthafanna, Guðrúnar Guðmundsdóttur. Kvaðst vitnið hafa þekkt Eddu Björnsdóttur persónulega frá barnæsku. Vitnið kvaðst hafa starfað hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. við og við frá 12 eða 13 ára aldri og umgengist Eddu mikið í því sambandi einnig. Edda hafi starfað við að telja peninga hjá fyrirtækinu um talsverðan tíma, meðan vitnið starfaði þar, en vitnið kvaðst ekki muna hvenær hún hefði hætt því. Hafi Edda ávallt verið mjög ósátt við þetta starf. Þessu hafi þó lokið ekki síðar en 1974, og eftir að hún lét af þessu starfi hafi hún ekki unnið neitt hjá félaginu. Kvaðst vitnið telja að stjórnendur félagsins hefðu ekki treyst henni fyrir ábyrgðarmeiri störfum en þeim sem hún hafði gegnt hjá félaginu vegna veikinda hennar, sem einkum hafi lýst sér í höfuðverk og að hana hafi skort einbeitingu til að sitja samfellt við eitthvert starf og vinna.

Vitnið skýrði frá því að skömmu áður en Edda fór til Danmerkur á hressingarhæli árið 1977 eða 1978 hafi hún hringt til sín og spurt hvort vitnið og eiginmaður þess vildu votta erfðaskrá fyrir sig. Hafi vitnið spurt hvenær ætti að gera það og Edda sagt að hún mundi koma skránni yfir til móður vitnisins og bað vitnið að koma þar við og skrifa á hana þar. Hafi þau hjónin síðan gert þetta, annaðhvort samdægurs eða mjög skömmu síðar. Edda hafi ekki verið þar á staðnum er vitnið skrifaði sem vottur á skjalið. Vitnið minnti að Edda hafi áður verið búin að undirrita skjalið. Vitnið minnti að skjalið hefði verið vélritað og meginmál þess örstutt, tvær eða þrjár línur, og skjalið hafi ekki borið með sér hver hefði samið efni þess. Undir meginmáli skjalsins hafi að því er vitnið minnti aðeins staðið

„vottar", en ekki hafi verið þar um að ræða langa og flókna yfirlýsingu í þá veru sem tíðkist um arfleiðsluvottorð. Á þetta skjal kvaðst vitnið hafa ritað sem vottur ásamt móður sinni og eiginmanni sínum, en fram hafi komið að Edda óskaði þess að móðir vitnisins skrifaði einnig undir skjalið. Efni skjalsins hafi verið á þá leið að Edda arfleiddi varnaraðilja að öllum hlutabréfum sínum í Vífilfelli hf., Birni Ólafssyni hf. og ef til vill fleiri félögum. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því hvort skráin var rituð á löggiltan pappír. Vitnið kvað skjalið hafa orðið eftir á heimili móður sinnar. Nokkru síðar hafi Edda komið að máli við vitnið og spurt hvar borgarfógetaembættið væri til húsa, því hún vildi leggja skrána sína inn. Hafi það orðið úr að vitnið fór með Eddu á skrifstofu embættisins, sem þá hafi verið til húsa við Skólavörðustíg. Þar hafi starfsmaður, sem vitnið mundi ekki hver hefði verið, tekið við skránni, en alla atburðarás í því sambandi mundi vitnið mjög óljóst. Þó kvaðst vitnið aldrei hafa fengið það á tilfinninguna í því sambandi að ekki væri allt í lagi með skrána og henni hafi verið veitt viðtaka þarna athugasemdalaust. Edda hafi þarna örugglega verið með erfðaskrá þá sem vitnið hafði áður vottað með þeim hætti sem lýst var. Vitnið kvaðst ekki geta komið því fyrir sig hvenær þetta hefði verið, hvort það hefði verið að sumar- eða vetrarlagi, né heldur hvort þetta hefði gerst fyrir eða eftir lát Ólafs, bróður Eddu. Eftir þetta hafi vitnið aldrei rætt neitt við Eddu um erfðamálefni. Edda hafi aldrei skýrt það fyrir vitninu hvers vegna hún hafi tekið þá ákvörðun sem fram kom í erfðaskránni eða tilefni þess að hún var gerð. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt um að sú erfðaskrá sem vitnið hafði verið vottur á hefði verið afturkölluð eða eyðilögð.

Vitnið var spurt hvort það hefði treyst sér til að undirrita arfleiðsluvottorð á erfðaskrá sem Edda Björnsdóttir hefði gert, ef þar hefði staðið að Edda hefði lýst yfir að skráin hefði vilja hennar að geyma og verið heil heilsu andlega og líkamlega. Þeirri spurningu svaraði vitnið játandi og kvaðst telja Eddu hafa vitað hvað hún var að gera þegar hún gerði umrædda erfðaskrá, og gert sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar sem í skránni fólst. Vitnið kvað Eddu hafa skynjað styrk sinn sem hluthafa í fyrirtækjunum og ef eitthvað var þá hafi hún ef til vill talið sig eiga þar meira en hún raunverulega átti.

Vitnið kvaðst ekki hafa sjálft rætt við Eddu um þá athugun sem fram fór á árinu 1977 á fjárreiðum Kristjáns Kjartanssonar hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf., en kvaðst telja víst að Edda hafi haft vitneskju um þá hluti vegna þess að hún hafi verið tíður gestur á skrifstofunum og rætt mikið við það fólk sem þátt tók í athugun á því máli. Kvaðst vitnið telja líklegt að það mál hafi átt sinn þátt í því að Edda gerði umræddu erfðaráðstöfun, þó svo að vitnið geti ekki fullyrt þetta.

Vitnið skýrði svo frá að það hefði komið til starfa hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. á árinu 1977 í fullt starf og unnið samfellt til ársins 1981. Aðdragandi að því að vitnið fór aftur að vinna þarna hafi m.a. verið sá að orðrómur hafi verið á kreiki um einkaneyslu Kristjáns Kjartanssonar á kostnað félagsins, og hafi vitnið því óskað eftir því að fá að taka þarna til starfa vegna hagsmuna fjölskyldu vitnisins sem hluthafa í félaginu. Kvaðst vitnið hafa óskað eftir því við varnaraðilja að vitnið fengi að kanna þetta mál sérstaklega, en kvaðst ekki hafa rætt það við Kristján sjálfan. Hafi vitnið síðan unnið að þessari athugun um sumarið 1977, en endurskoðendur félagsins hafi þar hvergi nærri komið. Athugun þessari hafi lokið undir lok sama árs. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa sest niður sérstaklega með Eddu til að ræða við hana um þetta mál, en hún hafi fylgst lauslega með því engu að síður. Hún hafi spurt vitnið við og við um það og þá fengið þær upplýsingar um málið sem vitnið þá hafði.

Vitnið Kristbjörg Ólafsdóttir, Tómasarhaga 22, Reykjavík, fædd 7. júní 1952, er aðalbókari hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. og starfaði á skrifstofu þess félags á árunum 1978 til 1980 og aftur frá 1983. Vitnið kvaðst hafa kynnst Eddu Björnsdóttur vegna starfa sinna hjá félaginu og oft rætt við hana á skrifstofum þess. Hafi þær eingöngu rætt um daginn og veginn en ekkert um persónuleg málefni hvor annarrar og þessi kynni ekki leitt til frekari samskipta þeirra í einkalífi. Edda hafi haft mjög fastmótaðar skoðanir á ýmsum málum og þá oft verið mjög dómhörð, en á ýmsum sviðum hafi hún verið barnaleg. Þannig hafi hún getað orðið afskaplega reið af litlu tilefni og þá ekki getað stillt sig eins og fólk almennt geri þótt það reiðist. Afstaða hennar til ýmissa málefna hafi oft virst byggjast á tilfinningalegum sjónarmiðum fremur en að röksemdum væri beitt. Hún hafi verið sér þess vel meðvitandi að hún var einn af eigendum þessa fyrirtækis. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt það að heilsufar Eddu breyttist neitt að ráði á árunum 1978 til 1980.

Vitnið Símon S. Wiium, Víðihlíð 41, Reykjavík, fæddur 30. janúar 1946, starfaði sem bifreiðarstjóri í þágu Verksmiðjunnar Vífilfells hf. á árunum 1975 til 1978. Rak vitnið á þeim tíma eigin sendibifreið en starfaði að mestu í þágu þessa félags og kvaðst hafa komið daglega á skrifstofur félagsins í því sambandi. Kvaðst vitnið hafa kynnst Eddu talsvert í tengslum við þessa vinnu og útréttað ýmislegt fyrir hana. Edda hafi iðulega komið á skrifstofurnar til að fá sér kaffi og spjalla við stúlkurnar sem unnu á skrifstofunni, en hún hafi aldrei unnið nokkurn skapaðan hlut þarna, svo vitnið vissi til, nema hvað hún hafi stundum verið að telja peninga um miðjan daginn. Það hafi öllum verið ljóst sem þarna þekktu til að Edda var ekki heilbrigð og hún hafi verið meðhöndluð þarna í samræmi við það. Hún hafi verið talin „hysterísk" og „vitlaus" og henni verið lítið sinnt. Hún

hafi nánast verið eins og stór krakki. Hún hafi verið síkvartandi yfir að sér væri ekkert sinnt og hún virst fara í taugarnar á flestum. Hún hafi verið talin skrítin og enginn litið á hana sem heilbrigða manneskju. Hún hafi verið eins og krakki bæði í tali og háttum. Þá kvað vitnið hafa borið talsvert á minnisleysi hjá henni eins og hún væri ekki með á nótunum um hluti sem ræddir hefðu verið við hana daginn áður.

Vitnið kvað vissan ríg hafa verið milli ýmissa aðilja á skrifstofu Vífilfells hf. og afstaða Eddu í því sambandi hafi breyst mjög mikið frá degi til dags. Einn var slæmur í dag en góður á morgun. Þeim ríg lýsti vitnið svo að um hafi verið að ræða eins konar valdatafl milli varnaraðilja og Kristjáns Kjartanssonar. Kvað vitnið Eddu lítt hafa blandast inn í þau mál, en um það leyti er vitnið hætti að starfa í þágu félagsins hafi verið búið að „troða í hana illum punktum um Kristján", eins og vitnið orðaði það.

Vitnið Skúli Viðar Magnússon, Bústaðavegi 107, Reykjavík, fæddur 12. júní 1953, starfaði sem bifreiðarstjóri á vegum Verksmiðjunnar Vífilfells hf. og Þórðar Sveinssonar & Co. hf. á árunum 1972 til áramóta 1982/83. Fyrst í stað hafi hann verið starfsmaður Þórðar Sveinssonar & Co. hf., en í mars 1974 hafi þeirri skipan verið breytt og hann eftir það rekið eigin sendiferðabifreið en starfað í þágu umræddra félaga og fjölskyldna aðalhluthafanna. Kvaðst vitnið hafa kynnst Eddu Björnsdóttur í sambandi við þessi störf sín, einkum eftir að faðir hennar lést. Eftir lát Ólafs Björnssonar hafi Edda verið ein eftir í húseigninni að Hringbraut 10 og þurft á nokkurri aðstoð að halda og það komið í sinn hlut að veita henni talsverða aðstoð við ýmislegt, allt þar til hún féll frá.

Vitnið kvað Eddu hafa komið alloft á skrifstofur fyrirtækjanna, þó svo að hún hafi ekki haft neinu sérstöku hlutverki að gegna þar. Hún hafi auðsjáanlega verið einmana manneskja og sótt mikið í félagsskap á skrifstofurnar. Hafi öllum verið það ljóst að hún hafði ekki getu til að vinna neitt þar. Vitnið kvaðst oft hafa ekið henni og þá rætt við hana. Hún hafi oft og tíðum ekki virst vita um hvað hún var að tala og rætt um allt milli himins og jarðar. Hún hafi skipt oft um umræðuefni og ekki getað haldið uppi eðlilegum samræðum í samhengi um eitt málefni nema í stuttan tíma. Skapgerð hennar hafi verið þannig að hún gat verið glöð eina mínútuna og svo verið orðin reið á næstu mínútu. Á sama hátt hafi hún skipt um skoðun á mönnum og málefnum á mjög skömmum tíma og tekið fljótfærnislega afstöðu. Auðvelt hafi verið að fá hana til að breyta um skoðun á skömmum tíma.

Vitnið Bjarni Hannesson yfirlæknir, Lindarflöt 45, Garðakaupstað, fæddur 21. febrúar 1938, er yfirlæknir við heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Vitnið kvaðst fyrst hafa haft afskipti af Eddu Björnsdóttur 30. nóvember 1981, en um lýsingar á þeirri meðferð,

er Edda fékk við veikindum sínum hjá honum, vísast til kafla IV hér að framan. Kvaðst vitnið ekki geta dregið neinar ályktanir um andlega og líkamlega heilsuhagi Eddu Björnsdóttur í apríl 1978 af þeim gögnum, upplýsingum og vitneskju sem hann hefði í þessu sambandi yfir að ráða. Ekki kvaðst vitnið geta dæmt um hæfi Eddu til að gera sér fulla grein fyrir fjárhagslegri þýðingu ráðstafana þeirra sem um ræðir í erfðaskrá þeirri sem hér er fjallað um.

Vitnið kvað ástand Eddu hafa verið með þeim hætti, er hún var fyrst lögð inn til aðgerðar sem vitnið framkvæmdi, að hún hefði verið svo meðvitundarlítil að ekki hafi þá verið hægt að meta andlegt ástand hennar.

Vitnið dr. Þorbergur Guðmundur *Óskar* Þórðarson læknir, Vesturbrún 20, Reykjavík, fæddur 29. desember 1906, kvaðst hafa fengið Eddu Björnsdóttur fyrst til sín sem sjúkling árið 1953. Hún hafi þá verið send til hans til rannsóknar vegna höfuðverkja og ýmissa annarra óljósra einkenna frá höfði. Rannsókn hafi leitt í ljós að hún hafði alvarlegan sjúkdóm í höfði og hún hafi þess vegna verið send til Kaupmannahafnar á heilaskurðlækningadeild Ríkisspítalans þar. Hún hafi fengið töluverðan bata, og næstu 12 til 15 ár, sem vitnið hafi fylgst með henni, hafi hún verið við svipaða heilsu, nema hvað hún hafi nokkrum sinnum þurft að fara utan í endurteknar aðgerðir, en hún hafi ekki fengið neina aðra sjúkdóma og ástand hennar verið ósköp líkt öll þau ár sem vitnið fylgdist með henni.

Vitnið kvað Eddu hafa verið nítján ára er hún fyrst kom til vitnisins og hafi hún hvorki verið búin að ná andlegum né líkamlegum þroska. Hún hafi verið „infantil" líkamlega og hennar andlegi þroski hafi að áliti vitnisins verið á við tíu eða tólf ára gamalt barn og það ekkert breyst eftir þetta. Vitnið kvaðst hafa hætt afskiptum af Eddu um 1970 og ekkert fylgst með henni eftir þetta.

Vitnið Guðjón Lárusson, Smáraflöt 49, læknir, Garðakaupstað, hafði fyrst afskipti af Eddu Björnsdóttur í september 1976. Um hafi verið að ræða afleiðingar af uppskurðum við heilaæxli og röntgenmeðferð sem Edda hafði fengið við heilaæxli. Af þessum sökum hafi hana skort vissa hormóna, þá hormóna sem heiladingullinn framleiðir, og vegna þessa hafi aðrir kirtlar í líkamanum ekki starfað. Hún hafi verið í meðferð vegna þessa. Afleiðingar af þessu muni hafa verið krampar og vegna þeirra hafi hún orðið að taka krampalyf. Af þessum sjúkdómum hafi hún ekki læknast og því verið háð lyfjum vegna þeirra. Vitnið kvaðst halda að hún hafi fengið eitthvert form af liðagigt kringum 1979 og síðar nýtt heilaæxli. Kvað vitnið auðvelt að bæta þann hormónaskort sem þessum aðgerðum hafi fylgt. Hins vegar hafi Edda aldrei verið látin taka inn kynhormónalyf og skortur á þeim hafi henni því aldrei verið bættur. Líkamlegt ástand hennar hafi verið þannig að hún var ekki kynþroska, en einnig megi vera að hún

hafi liðið á einhvern hátt fyrir eftirstöðvar af uppskurðunum og röntgenmeðferð sem hún fékk. Vitnið kvaðst ekki hafa gert úttekt á andlegu ástandi Eddu, enda aldrei um það beðinn. Hún hafi fyrst og fremst verið hjá vitninu vegna hormónameðferðar. Vitnið kvaðst telja að Edda hafi verið andlega takmörkuð og að hún hafi verið „tilfinningalega mjög viðkvæm og óstabíl". Vitnið kvaðst telja að Edda hafi á sumum sviðum haft allgóða greind, en hún hafi verið tilfinningalega erfið og mjög háð.

Vitnið var spurt hvort það teldi Eddu hafa verið hæfa andlega til að gera sér fulla grein fyrir fjárhagslegri þýðingu þeirra ráðstafana sem getið er um í erfðaskrá þeirri sem um er deilt í máli þessu. Vitnið kvaðst ekki vera sálfræðingur né geðlæknir og því ekki geta svarað þessu læknisfræðilega. Persónulegri skoðun sinni á þessu lýsti vitnið þannig: „Ég held persónulega að Edda hafi getað ... ráðstafað sínum hlutum, hún hefði getað gefið gjafir, eins og kommóður eða bækur eða eitthvað slíkt, en ég held að hún hafi ekki verið fær um að taka ákvarðanir um þvílíka fjármuni eins og ég ímynda mér að séu í húfi þarna og ég held að ef hún hefði það eða hefði getað það, þá hefði nú faðir hennar ekki þurft að gera þennan fyrirvara sem hann gerði um hana, þá hefði hún verið fær um að fara út á vinnumarkað og sjá um sig sjálf, ef það hefði verið, vegna þess að líkamlega var hún það."

Vitnið Sigurður Þ. Guðmundsson læknir, Barðaströnd 1, Seltjarnarnesi, fæddur 25. júní 1930, kvaðst hafa þekkt Eddu Björnsdóttur persónulega frá því þau voru á barnsaldri. Hafi vitnið hitt Eddu alloft á förnum vegi og spjallað við hana, oftast til að forvitnast um það hvernig hún hefði það. Á árunum frá 1970 og fram undir andlát Eddu hafi þau eingöngu hist af tilviljun, oftast þegar vitnið var við innkaup í matvöruverslun sem Edda verslaði við. Þau hafi átt við þessi tækifæri „yfirborðsleg kunningjasamtöl". Af kynnum sínum við Eddu kvaðst vitnið sig hiklaust geta fullyrt að andleg heilsa hennar hafi verið slík að hún hafi verið fær um að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt með erfðaskrá. Vitnið kvað sér hafa verið kunnugt um hver veikindi Edda hafi átt við að stríða, þó svo að vitnið hafi ekki vitað í smáatriðum um það hverjar aðgerðir hún hefði gengist undir.

VII

Af hálfu sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur hefur verið lögð fram á dskj. nr. 29 álitsgerð Sverris Bergmann læknis um heilsufarshagi Eddu Björnsdóttur með sérstöku tilliti til ársins 1978. Er álitsgerð þessi tekin saman eftir fyrirliggjandi gögnum í máli þessu, en fram kemur í álitsgerðinni að læknirinn hafði aldrei afskipti af Eddu Björnsdóttur vegna veikinda hennar og tók aldrei þátt í ákvörðunum um meðferð þeirra. Álitsgerð þessi

er dagsett 28. september 1986 og er niðurstaða hennar sú að „Edda Björnsdóttir hafi á árinu 1978 búið við slíka skerðingu á andlegri getu vegna skemmda í lobi frontalis og dominant lobus temporalis að hún hafi verið ófær um, bæði greindarlega og tilfinningalega, að gera mikilvæga erfðaskrárráðstöfun með skynsamlegum hætti. Ég tel að andleg heilsa hennar hafi á þessum tíma í ljósi allra upplýsinga verið með þeim hætti að hún hefði annaðhvort enga ákvörðun tekið sjálfstætt og hjálparlaust eða þá ein tekið fljótfærnislega (impulsiva) ákvörðun, þar sem eðli málsins samkvæmt liggur ekki að baki sú athugun á öllum hliðum máls sem teljast verður undirstaða skynsamlegrar (þótt einstaklingsbundin sé) ákvörðunar." Sverrir Bergmann kom fyrir dóminn og staðfesti álitsgerð sína.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lögð fram á dskj. nr. 30 álitsgerð Tómasar Zoëga læknis um heilsufar Eddu Björnsdóttur og andlegt ástand hennar og hæfni til að gera erfðaskrá í apríl 1978. Er álitsgerð þessi tekin saman eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu. Niðurstaða þeirrar álitsgerðar er svohljóðandi: „Eftir nákvæman lestur og mat á sjúkraskrám og vitnisburði er það álit undirritaðs að það sé ekkert sem bendi til þess að Edda Björnsdóttir hafi ekki verið fullfær frá læknisfræðilegu sjónarmiði um að gera fullgilda erfðaskrá hinn 3. apríl 1978." Tómas Zoëga læknir kom fyrir réttinn og staðfesti álitsgerð sína.

Álitsgerðir þessar eru samdar að tilhlutan áðurgreindra aðilja málsins sjálfra og eru þar reifaðar læknaskýrslur, efni framburðaraðilja og vitna og önnur málsgögn, sem rakin hafa verið hér að framan, og verður efni eða framsetning þessara álitsgerða því ekki rakin frekar.

VIII

Samkvæmt 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 skal erfðaskrá vera skrifleg og skal arfleiðandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum. Í opnu bréfi frá 8. janúar 1823 um testamenti og notarialgerðir er í grein 7 meðal annars svofellt ákvæði: „Undir ströngustu embættisábyrgð sé notario uppálagt sjálfum að framkvæma þau verk og meðtaka þær skýrslur, um hverjar hann ber vitni." Grein 8 í sömu lagafyrirmælum er svohljóðandi: „Loksins ber notario til alls er honum viðkemur að framkvæma, framvegis tvö vitni til staðfestingar að brúka." Því var lýst yfir af hálfu sóknaraðilja við munnlegan málflutning að hvorki væri á því byggt að sá embættismaður sem með notarialgerð staðfesti erfðaskrá Eddu Björnsdóttur, dskj. nr. 9, hinn 3. apríl 1978 hafi ekki verið hæfur til þess starfa né að hann hafi ekki gegnt starfi sem fulltrúi notarii publici í Reykjavík á þeim tíma sem sú gerð fór fram. Ekki væru heldur bornar brigður á að hann hafi sjálfur undirritað notarialvottorðið á erfðaskrána á dskj. nr. 9 hinn 3. apríl 1978. Ekki er ráðgert í erfðalögum né öðrum

réttarheimildum að notarialvottum beri að votta um þau atriði sem notarius á að ganga úr skugga um við notarialstaðfestinguna. Samkvæmt þessu og með vísan til greinar 8 í áðurnefndu opnu bréfi verður að telja að hlutverk notarialvottanna við slíkar gerðir sé ekki annað en að votta að viðkomandi notarius hafi framkvæmt notarialgerðina. Með því að ekki er um það deilt í málinu að Jónas Thoroddsen hafi framkvæmt þá notarialgerð sem fólst í áritun hans á erfðaskrána á dskj. nr. 9 verður ekki talið skipta máli um gildi notarialvottorðsins hvort notarialvottarnir voru raunverulega viðstaddir gerðina sjálfa eða ekki, en ljóst er af vætti vottanna að þeir muna ekkert eftir atvikum við undirritun sína á þá erfðaskrá sem hér um ræðir.

Um sönnunargildi notarialvottorðsins gilda reglur 158. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, en samkvæmt því ber að líta svo á að leggja skuli vottorðið til grundvallar niðurstöðu um arfleiðsluhæfi Eddu Björnsdóttur að því leyti sem vottorðið fjallar um það efni, nema sannað þyki með öðrum gögnum að andlegt ástand hennar hafi verið slíkt að hún hafi verið ófær um að gera slíka ráðstöfun með skynsamlegum hætti og að notarius hafi ekki haft tök á að sannreyna öll þau atriði sem áreiðanleiki mats um þetta atriði var undir kominn.

Í notarialvottorðinu segir að Edda Björnsdóttir hafi lagt skrána fram af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og lýst því yfir að skráin hefði vilja sinn að geyma. Að því er varðar andlegt hæfi arfleiðandans kemur hér til skýringar hvað felist í orðalaginu „með fullu ráði". Fallast má á það með sóknaraðiljum að þetta orðalag sé ekki heppilegt eða beinskeytt um andlegt ástand þess sem vitnað er um. Sá fulltrúi notarii publici í Reykjavík sem staðfesti hina umdeildu erfðaskrá, Jónas Thoroddsen, var látinn áður en til rekstrar máls þessa kom. Hann hafði margra áratuga reynslu sem notarius publicus og sem skiptaráðandi, bæði starfandi við borgarfógetaembættið í Reykjavík og sem bæjarfógeti utan Reykjavíkur. Texti þess notarialvottorðs sem hér um ræðir er að þessu leyti nákvæmlega hinn sami og Jónas Thoroddsen notaði sem fulltrúi notarii publici í Reykjavík á fjölmargar aðrar erfðaskrár sem hann notarialstaðfesti, bæði fyrir og eftir að þessi tiltekna erfðaskrá var staðfest. Verður að telja það eðlilegasta skýringu þessa orðalags að notarius hafi ekki getað séð annað, er staðfesting erfðaskrárinnar fór fram hinn 3. apríl 1978, en að arfleiðandinn, Edda Björnsdóttir, væri andlega í því ástandi að ekkert væri því til fyrirstöðu að hún ráðstafaði þeim eignum sem hún þá gerði með erfðaskrá. Verður það því lagt til grundvallar niðurstöðu í málinu að fulltrúi notarii publici hafi talið Eddu Björnsdóttur uppfylla skilyrði 2. mgr. 34. gr. erfðalaga um arfleiðsluhæfi er erfðaskráin var staðfest hinn 3. apríl 1978 og að áritun hans um það efni á skrána hafi verið fullnægjandi. Af þessu leiðir samkvæmt 158. gr. laga nr. 85/1936 að á sóknaraðiljum hvílir sönnunar-

byrði um þá staðhæfingu að Edda Björnsdóttir hafi vegna andlegrar skerðingar ekki verið hæf til að gera þá erfðaskrá er hún gerði 3. apríl 1978 og að notarius publicus hafi ekki getað gert sér grein fyrir þeirri staðreynd.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja þær aðgerðir sem Edda Björnsdóttir gekkst undir fyrir gerð erfðaskrárinnar á dskj. nr. 9 og rækilega hefur verið lýst ekki hafa verið þess eðlis að þær hafi sjálfkrafa leitt til svo víðtækrar andlegrar skerðingar að Edda yrði óhæf til að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt með erfðaskrá. Þeir telja að með aðgerðunum á árunum 1953 - 1958 og jafnhliða geislameðferð hafi tekist að lækna Eddu af æxli því sem fram hafði komið í höfði hennar. Geislunin hafi hins vegar verið svo mikil að hún hafi hægt á frekari andlegum þroska hennar. Jafnframt telja þeir víst að sjónsvið hennar hafi skerst og sömuleiðis lyktarkyn. Þá hafi tekið að bera á krömpum sem hún hafi þurft að taka lyf við reglulega eftir 1960. Ekki hafi orðið vart mænuvökvaleka eftir 1964. Verði að telja víst að eftir þessar aðgerðir hafi Edda jafnframt haft nokkuð skerta getu til einbeitingar, til stjórnar á skapsmunum og til að muna nýlega afstaðna atburði. Þeirri starfsemi sem heiladingullinn stjórnar hafi verið unnt að stjórna vandkvæðalítið eftir þetta með lyfjagjöf.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja að ekkert verði fullyrt um það eftir fyrirliggjandi gögnum að það heilaæxli, sem síðar kom fram og Edda Björnsdóttir var skorin upp við á árunum 1981 og 1982, hafi verið tekið að gera vart við sig 3. apríl 1978 í þeim mæli að áhrif hafi haft á andlega heilsu hennar. Ekki verður heldur fullyrt að það hafi stafað af afleiðingum geislunar er framkvæmd var á árunum 1953 - 1958, þótt það sé ekki útilokað.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða réttarins að ósannað þykir að Edda Björnsdóttir hafi vegna skurðaðgerða fyrir gerð erfðaskrárinnar og eftirfarandi meðferðar orðið svo skert andlega að hún hafi verið óhæf til að gera með skynsamlegum hætti þá erfðaskrá er hún gerði hinn 3. apríl 1978. Einnig þykir ósannað að heilsuhagir Eddu Björnsdóttur hafi að öðru leyti þróast svo frá þeim tíma að þessar aðgerðir voru framkvæmdar og til þess tíma er hún gerði erfðaskrána að hún væri þeirra hluta vegna óhæf til slíkrar ráðstöfunar. Þá þykir ennfremur ósannað að hinn 3. apríl 1978 hafi nýtt heilaæxli verið farið að myndast eða farið að hafa þau áhrif á andlega heilsu hennar að hún teljist hafa verið óhæf til þessarar ráðstöfunar.

Dómendur telja það ekki verða ráðið af efni erfðaráðstöfunarinnar að arfleiðandi hafi verið óhæfur til að gera slíka ráðstöfun með skynsamlegum hætti.

Dómendur telja ljóst af gögnum málsins að Edda Björnsdóttir hafi verið andlega talsvert skert, en þó hefði hún mátt ná meiri bata á því sviði ef hún hefði notið meiri og betri endurhæfingar en raun varð á eftir fyrstu

aðgerðirnar sem hún gekkst undir. Góð greind hennar og skólaganga hefðu þrátt fyrir veikindi hennar átt að geta orðið undirstaða undir slíka endurhæfingu. Þess í stað var þannig búið að henni að hún þyrfti ekkert að hafa fyrir lífinu og aðrir látnir sjá henni fyrir öllu. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að Edda hafi átt við geðveiki að stríða, svo sem ofskynjanir, ranghugmyndir eða maniu. Af framburðum málsaðilja og vitna þykir mega ráða að Edda hafi ávallt skynjað mátt sinn sem hluthafa og stjórnarmanns í hlutafélögum fjölskyldunnar, en þar skiptir aðild að Verksmiðjunni Vífilfelli hf. höfuðmáli. Átti Edda heitin sæti í stjórn þess félags og hlaut frá því allan eyðslueyri sinn. Er það niðurstaða réttarins að Eddu hafi verið það ljóst, er hún gerði erfðaskrána 3. apríl 1978, að hún væri með því að arfleiða varnaraðilja að eignarhluta sínum í þeim félögum sem þar eru greind. Hins vegar telur rétturinn að Edda hafi ekki getað gert sér grein fyrir verðmæti hlutabréfaeignar sinnar í félögunum og ekki heldur hvernig umrædd ráðstöfun hennar orkaði á innbyrðis skiptingu hlutabréfa innan félaganna eða öll tilbrigði um mögulega samsetningu meiri hluta stjórna innan þeirra. Ljóst þykir að verði erfðaskráin metin gild verður varnaraðili eigandi að 50% hlutafjár í Birni Ólafssyni hf., en það félag á aftur u.þ.b. 50% í Verksmiðjunni Vífilfelli hf. Þannig er og ljóst að verði erfðaskráin metin ógild, munu sóknaraðiljar samtals eignast meirihluta hlutafjár í Birni Ólafssyni hf. og þar með geta þeir í sameiningu náð að fara með atkvæði þess hlutafélags í stjórn Verksmiðjunnar Vífilfells hf. Til að gefa hugmynd um þá hagsmuni sem hér er um að ræða, kom það fram við munnlegan málflutning í málinu að aðiljar eru sammála um að bókfærð hrein eign þeirra hlutafélaga sem hér um ræðir hafi í árslok 1985 numið samtals um það bil 158 milljónum króna. Má telja líklegt að raunverulegt verðmæti félaganna nemi hærri fjárhæð.

Það er talin meginregla í íslenskum erfðarétti að til þess að erfðaskrá geti talist gild, þurfi arfleiðandi að hafa getað gert sér grein fyrir efni gerningsins og að hafa haft yfirsýn yfir þær forsendur sem ákvörðun hans um arfleiðsluna byggist á. Kemur þá til skoðunar hvort sú staðreynd, að Edda hafi ekki getað gert sér grein fyrir verðmæti hlutabréfa sinna og ekki heldur haft yfirsýn yfir öll þau hugsanlegu tilbrigði um skiptingu hlutafjár í umræddum hlutafélögum, sem arfleiðslugerningi hennar gætu fylgt, eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu að meta beri erfðaskrána ógilda. Er það niðurstaða réttarins að svo víðtækar kröfur verði ekki gerðar um yfirsýn arfleiðanda yfir afleiðingar arfleiðslugernings samkvæmt gildandi lögum, enda væri þá á fárra manna færi að teljast arfleiðsluhæfur um hlutabréf í stærri atvinnufyrirtækjum. Þar sem ljóst þykir að Edda Björnsdóttir hafi gert sér fulla grein fyrir því að með erfðaskránni væri hún að tryggja það að varnaraðili fengi að henni látinni einn eignarráð að eignarhlutum hennar í þeim

hlutafélögum sem nefnd eru í erfðaskránni og hún þekkti mætavel, verður ekki fallist á það með sóknaraðiljum að erfðaskráin verði metin ógild vegna gagnstæðra sjónarmiða í þessu efni.

Sóknaraðiljar þykja ekki hafa leitt haldbær rök að staðhæfingum sínum um að erfðaskráin á dskj. nr. 9 hafi orðið til vegna misneytingar eða vegna þess að Edda Björnsdóttir hafi verið fengin til þess með fortölum að gera skrána. Engar sannanir hafa komið fram sem renna stoðum undir kenningar þeirra um að Edda hafi haft „beyg af valdi" varnaraðilja eða talið sig háða honum um afkomu sína. Ekki hafa heldur verið færðar fyrir því neins konar sannanir að hann eða aðrir, sem ef til vill hefðu haft til þess aðstöðu, hafi reynt að hafa áhrif á hana til að gera erfðaskrá eða um það hvernig hún skyldi ráðstafa eignum sínum. Verður erfðaskráin því ekki metin ógild á grundvelli 37. gr. eða 38. gr. erfðalaga, enda er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að erfðaskráin hafi orðið annars efnis en ætlast var til af arfleiðanda, enda er um vilja arfleiðandans vottað í notarialvottorðinu á erfðaskránni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða máls þessa að hafnað er kröfum sóknaraðilja í málinu. Af því leiðir að krafa varnaraðilja um að erfðaskráin á dskj. nr. 9 skuli metin gild er tekin til greina.

Með því að deilt er um veruleg vafaatriði í máli þessu þykir hæfilegt með hliðsjón af ákvæðum 178. gr. laga nr. 85/1936 að leggja á sóknaraðiljana hvorn um sig að greiða varnaraðilja kr. 250.000,00 í málskostnað.

Úrskurð þennan kváðu upp Ragnar Halldór Hall borgarfógeti sem dómsformaður og meðdómendurnir Kristinn Guðmundsson, yfirlæknir og sérfræðingur í heila- og taugaskurðlækningum, og dr. med. Lárus Helgason, yfirlæknir og sérfræðingur í geðlæknisfræði.

Meðferð máls þessa hefur dregist nokkuð. Stafar það einkum af því að gagnaöflun hefur reynst mjög tafsöm, auk þess sem stundum reyndist erfitt að samræma tíma allra viðkomandi aðilja til þinghalda, þar sem munnlegar skýrslur voru teknar.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu er hafnað. Erfðaskrá sú sem Edda Björnsdóttir undirritaði í viðurvist notarii publici í Reykjavík hinn 3. apríl 1978 er metin gild.

Sóknaraðiljar, Iðunn Björnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir Seager, greiði hvor um sig varnaraðilja, Pétri Björnssyni, kr. 250.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1989.

Nr. 80/1987. **Ásmundur Leifsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði leigubílstjóra
(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu og til þrautavara krefst hann þess að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í greinargerð fyrir Hæstarétti aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann þess að sér verði dæmdar aðrar lægri fjárhæðir, en í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann niðurfellingar málskostnaðar.

Hinn 20. þessa mánaðar var mál þetta flutt um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist þá stefndi þess að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda yrði hrundið og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Áfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því að lögmæt birting héraðsdómsstefnu hafi ekki átt sér stað. Þá er krafan einnig á því byggð að málið sé verulega vanreifað af hálfu stefnda. Stefndi telur að birting héraðsdómsstefnu sé í samræmi við 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá telur hann að málið sé reifað á fullnægjandi hátt.

Áfrýjandi býr í fjölbýlishúsi að Skeljagranda 4, Reykjavík. Í húsi þessu eru 15 íbúðir. Í birtingarvottorði héraðsdómsstefnu segir að stefnan hafi verið birt „fyrir Kristínu Ólafsdóttur á heimili hennar Skeljagranda 4". Í vottorðinu eru ekki sögð frekari deili á Kristínu

Ólafsdóttur og ekki er þess getið hvar í húsinu íbúð hennar er. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Manntalsskrifstofu Reykjavíkur, sem skilja verður svo að engin kona að nafni Kristín Ólafsdóttir hafi verið skráð með lögheimili að Skeljagranda 4.

Í vitnamáli, sem haldið var á bæjarþingi Reykjavíkur 23. október 1987, kom fram að áfrýjandi kannaðist ekki við Kristínu Ólafsdóttur sem íbúa að Skeljagranda 4, og kvaðst hann ekki hafa fengið vitneskju um málshöfðunina fyrr en hann fékk endurrit héraðsdómsins í póstkassa sinn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið að fram sé komið að stefnubirting hafi farið fram samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Lífeyrissjóður leigubílstjóra, greiði áfrýjanda, Ásmundi Leifssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. janúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri þann 13. nóvember 1986 af Lífeyrissjóði leigubílstjóra, Fellsmúla 24-26, Reykjavík, nnr. 6088-8744, gegn Ásmundi Leifssyni, Skeljagranda 4, Reykjavík, nnr. 0740-6185, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 110.263,08 með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 103.763,08 frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 og þá af kr. 105.063,08 frá 1. maí 1986 og þá af kr. 106.363,08 til 1. júní 1986 og þá af krónum 107.663,08 til 1. júlí 1986 og þá af kr. 108.963,08 til 1. ágúst 1986 og þá af kr. 110.263,08 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreidd iðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubílstjóra fyrir tímabilið frá 1. janúar 1981 til 1. júlí 1986. Aðild

að lífeyrissjóðnum sé skylda fyrir sjálfseignaleigu- og sendibifreiðastjóra eftir gildistöku laga nr. 55/1980, en þau hafi tekið gildi þann 9. júní 1980. Stefnandi kveður iðgjöld til sjóðsins vera reiknuð af þeim ökutaxta sem í gildi sé á hverjum tíma. Ökutaxti leigubifreiðastjóra sé samansettur af ýmsum kostnaðarliðum sem viðurkenndir séu nauðsynlegir við rekstur bifreiðar. Einn þeirra liða sem viðurkenningar njóti séu laun bifreiðastjórans. Launin séu þannig fundin út að tekið sé mið af launum bifreiðastjóra í hæsta launaflokki innan Verkamannasambands Íslands, síðan sé bætt við 12% álagi. Þetta 12% álag sé hugsað sem greiðsla frá viðskiptavini og launagreiðanda leigubílstjórans á atvinnurekendagreiðslu í lífeyrissjóð,6%, sjúkrasjóðsgjaldi 1%, félagsgjaldi frá atvinnurekanda 1%, orlofsheimilissjóðsgjaldi 0,25% og ýmsu öðru 3,75%. Atvinnubílstjóri taki því á móti 6% atvinnurekendagjaldi til lífeyrissjóðsins frá launagreiðandanum. Sjálfur eigi bifreiðastjórinn síðan að greiða 4% af sínum launum. Í reglugerð sjóðsins sé gert ráð fyrir að veittur sé 30% afsláttur af þessari útreiknuðu tölu sem lágmarksgjaldi til sjóðsins. Sjóðurinn reikni mánaðarlega út skv. framansögðu iðgjöld til sjóðsins. Stefnandi kveður að samtals sé iðgjaldaskuld stefnda frá 1. janúar 1981 til 1. júlí 1986 kr. 51.135,00 auk uppsafnaðra vaxta kr. 59.128,08. Þar séu reiknaðir hæstu leyfilegir dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og vöxtum bætt við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

Varðandi lagarök skírskotar stefnandi til laga nr. 55/1980 og vísar í úrskurð fjármálaráðuneytisins þann 22. júní 1983.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 12.400,00.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Ásmundur Leifsson, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði leigubílstjóra, kr. 110.263,08 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði af kr. 103.763,08 frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, en af kr. 105.063,08 frá þeim degi til 1. maí 1986, en af kr. 106.363,08 frá þeim degi til 1. júní 1986, en af kr. 107.663,08 frá þeim degi til 1. júlí 1986, en af kr. 108.963,08 frá þeim degi til 1. ágúst 1986, en af kr. 110.263,08 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1989.

Nr. 147/1987. **Elfar Þorvaldsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði leigubílstjóra
(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu og til þrautavara krefst hann þess að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í greinargerð fyrir Hæstarétti aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann þess að sér verði dæmdar aðrar lægri fjárhæðir, en í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann niðurfellingar málskostnaðar.

Þann 20. þessa mánaðar var mál þetta flutt um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist stefndi þá þess að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda yrði hrundið og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Áfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því, að lögmæt birting héraðsdómsstefnu hafi ekki átt sér stað. Þá er krafan einnig byggð á því að málið sé verulega vanreifað af hálfu stefnda. Stefndi telur að birting héraðsdómsstefnu sé í samræmi við 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en hún hafi verið birt á starfsstöð og skrifstofu áfrýjanda. Þá telur hann að málið sé reifað á fullnægjandi hátt.

Í héraðsdómsstefnu, sem birt var 11. desember 1986, er áfrýjandi talinn til heimilis að Ystaseli 15, Reykjavík. Lögð hefur verið fram kvittun Manntalsskrifstofu Reykjavíkur fyrir móttöku tilkynningar

um aðsetursskipti, dags. 7. júlí 1986, þar sem fram kemur að áfrýjandi hafi flutt að Hátúni 9, Reykjavík.

Í birtingarvottorði héraðsdómsstefnu segir að stefnan hafi verið birt „Stefaníu Guðmundsdóttur á vinnustað hennar, bifreiðast. Hreyfli að Fellsmúla 26 hér í borg, og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda er starfar í sama húsi, en var fjarverandi".

Í vitnamáli, sem haldið var á bæjarþingi Reykjavíkur 23. október 1987, kom fram að áfrýjandi, sem er leigubílstjóri og ekur frá bifreiðastöð Hreyfils, hafði ekki fengið vitneskju um málshöfðunina fyrr en eftir að héraðsdómur gekk. Kvaðst áfrýjandi yfirleitt koma á skrifstofu Hreyfils einu sinni í mánuði til þess að greiða stöðvargjöld. Stefanía Guðmundsdóttir kom fyrir dóm, en hún vinnur á skrifstofu Hreyfils. Lýsti hún því að sér hefði verið birt stefna á áfrýjanda 11. desember 1986, og hefði hún sent skilaboð fram á símaafgreiðslu til að láta kalla áfrýjanda í símann og segja honum að hann ætti bréf á skrifstofunni. Sagði Stefanía það vera venju á skrifstofunni að láta ekki koma fram í skilaboðunum til símaafgreiðslunnar að um stefnu væri að ræða heldur væri einungis talað um bréf. Í réttarhaldi þessu kom fram að Stefanía afhenti áfrýjanda stefnuna hinn 9. apríl 1987, en héraðsdómur var kveðinn upp 25. febrúar s.á.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 má birta stefnu á lögheimili stefnda, skrifstofu hans eða vinnustofu. Eins og að framan er rakið var lögheimili áfrýjanda rangt tilgreint í stefnu. Áfrýjandi mun vera félagi í samvinnufélaginu Hreyfli, sem rekur samnefnda bifreiðastöð. Verður ekki talið að skrifstofa Hreyfils sé vinnustofa áfrýjanda eða skrifstofa í skilningi nefndrar lagagreinar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið að stefnubirting hafi farið fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 95. gr. og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Lífeyrissjóður leigubílstjóra, greiði áfrýjanda, Elfari Þorvaldssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 11. desember 1986 af Lífeyrissjóði leigubílstjóra, nnr. 6088-8744, Fellsmúla 24-26, Reykjavík, gegn Elfari Þorvaldssyni, nnr. 1922-3221, Ystaseli 15, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 64.939,20 með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 58.439,20 frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986 og þá af kr. 59.739,20 til 1.5. 1986 og þá af kr. 61.039,20 til 1.6. 1986 og þá af kr. 62.339,20 til 1.7. 1986 og þá af kr. 63.639,20 til 1.8. 1986 og þá af kr. 64.939,00 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar skv. taxta LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að á árinu 1971 hafi Lífeyrissjóður leigubílstjóra verið stofnaður fyrir tilstuðlan stéttarfélags leigubílstjóra, bifreiðastjórafélagsins Frama, og Trausta, félags sendibílstjóra. Í upphafi hafi Lífeyrissjóðurinn verið frjáls lífeyrissjóður án skylduaðildar. Með lögum nr. 55/1980 hafi öllum launþegum og atvinnurekendum verið gert skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélags. Lög þessi hafi tekið gildi 9. júní 1980 og eftir það hafi Lífeyrissjóður leigubílstjóra ekki verið frjáls sjóður heldur skyldusjóður. Fljótlega hafi stefnandi farið að kynna lög þessi fyrir þeim leigubílstjórum sem ekki voru aðilar að sjóðnum. Ekki hafi allir viljað greiða í sjóðinn þó svo að flestir hafi gert það. Stefndi hafi ekki greitt til stefnanda iðgjöld frá 1.1. 1983 til 1.7. 1986 þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir.

Málsástæður stefnanda eru þær að eftir að Lífeyrissjóður leigubílstjóra verður sjóður með skylduaðild beri honum að tryggja að allir þeir sem í sjóðnum eiga að vera greiði tilskilin iðgjöld. Skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 55/1980 beri fjármálaráðuneytinu að úrskurða verði ágreiningur um það til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skulu greidd að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Það hafi fjármálaráðuneytið gert 22.6. 1983, en þar segir m.a.: „Sjálfseignaleigu- og sendibifreiðastjórar skulu greiða lífeyrissjóðsiðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubílstjóra." Stefndi sé sjálfseignarleigubílstjóri og beri því að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Iðgjöld til sjóðsins séu reiknuð af þeim ökutaxta sem í gildi sé á hverjum tíma. Ökutaxti leigubifreiðarstjóra sé samansettur af ýmsum kostnaðarliðum sem viðurkenndir séu nauðsynlegir við rekstur bifreiðar. Einn þeirra liða

sem viðurkenningar nýtur, séu laun bifreiðarstjórans. Launin séu þannig fundin út að tekið sé mið af launum bifreiðarstjóra í hæsta launaflokki innan Verkamannasambands Íslands, síðan sé bætt við 12% álagi. Þetta 12% álag sé hugsað sem greiðsla frá viðskiptavini og launagreiðanda leigubílstjórans á atvinnurekandagreiðslu í lífeyrissjóð 6%, sjúkrasjóðsgjaldi 1%, félagsgjaldi frá atvinnurekanda 1%, orlofsheimilasjóðsgjaldi 0,25% og ýmsu öðru 3,75%. Atvinnubílstjóri taki því á móti 6% atvinnurekandagjaldi til lífeyrissjóðsins frá launagreiðandanum. Sjálfur eigi bifreiðastjórinn síðan að greiða 4% af sínum launum. Í reglugerð sjóðsins er gert ráð fyrir að veittur sé 30% afsláttur af þessari útreiknuðu tölu sem lágmarksgjaldi til sjóðsins. Sjóðurinn reikni mánaðarlega út skv. framansögðu iðgjöld til sjóðsins.

Samtals sé iðgjaldaskuld stefnda frá 1.1. 1983 til 1.7. 1986 kr. 41.245,00 auk uppsafnaðra vaxta kr. 23.694,20. Þar séu reiknaðir hæstu leyfilegir dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og vöxtum bætt við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

Stefnufjárhæðin sundurliðist þannig að kr. 41.245,00 séu vangreidd iðgjöld frá 1.1. 1983 til 1.7. 1986, kr. 23.694,20 séu vextir til 1.9. 1986 eða samtals kr. 64.939,20.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 11.500,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Elfar Þorvaldsson, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði leigubílstjóra, kr. 64.939,20 með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 58.439,20 frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986, af kr. 59.739,20 frá þeim degi til 1.5. 1986, af kr. 61.039,20 frá þeim degi til 1.6. 1986, af kr. 62.339,20 frá þeim degi til 1.7. 1986, af kr. 63.639,20 frá þeim degi til 1.8. 1986, en af kr. 64.939,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1989.

Nr. 39/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni
Ragnari Kjartanssyni
Páli Braga Kristjónssyni
Árna Árnasyni
Sigurþór Charles Guðmundssyni
Þórði Hafsteini Hilmarssyni
Helga Magnússyni
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni
Lárusi Jónssyni
Ólafi Helgasyni
Axel Kristjánssyni
Inga Randveri Jóhannssyni
Valdimar Indriðasyni
Arnbirni Kristinssyni
Garðari Sigurðssyni og
Kristmanni Karlssyni

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Jónatan Þórmundsson, sérstakur ríkissaksóknari, skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 9. febrúar sl. samkvæmt heimild í 171. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess „að úrskurður sakadóms Reykjavíkur verði felldur úr gildi og að dómsformaðurinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, víki sæti".

Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 hefur sökunautum verið sent eftirrit kærumálsins. Frá þeim hafa ekki borist athugasemdir.

Dómsformaðurinn Pétur Guðgeirsson hefur óskað þess að víkja sæti í málinu. Í hinum áfrýjaða úrskurði er hann borinn atkvæðum af samdómendum sínum. Hann telur að hætta sé á að hann geti ekki litið óhlutdrægt á málavexti að því er varðar þá þætti ákær-

unnar sem lúta að viðskiptum Björgólfs Guðmundssonar og X. X er kvæntur föðursystur dómsformannsins Y. Við lögreglurannsókn málsins hafði X réttarstöðu sakaðs manns en Y réttarstöðu vitnis.

Hinn sérstaki ríkissaksóknari bendir sérstaklega á að vegna umfangs málsins sé mikilvægt að dómendur teljist hæfir til að fara með það í heild sinni.

Samkvæmt 6. tl., sbr. 3. tl. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, þykir eins og hér stendur á rétt að heimila dómsformanninum að víkja sæti í málinu.

Dómsorð:

Dómsformaðurinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, skal víkja sæti í ofangreindu máli.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. febrúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 8. febrúar, er kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur þessi úrskurður af sakadómurunum Pétri Guðgeirssyni dómsformanni, Ingibjörgu Benediktsdóttur og Arngrími Ísberg.

Við athugun rannsóknarskjala í máli þessu hefur komið í ljós að 3. tl. g í IV. kafla og 6. tl. í VI. kafla fyrri ákærunnar í máli þessu varða viðskipti ákærða Björgólfs Guðmundssonar við X, sem er kvæntur föðursystur dómsformannsins, Péturs Guðgeirssonar, Y. Annars vegar er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér 369.000,00 krónur af reikningi hlutafélagsins Hafskips með tékka, útgefnum 1. ágúst 1984, stíluðum á hlutafélagið Sjöstjörnuna og greitt X þessa fjárhæð vegna persónulegra viðskipta þeirra, en látið færa greiðsluna í bókhald Hafskips hf. sem tjón.

Hins vegar er ákærða gefið að sök að hafa í nóvember 1985 misnotað aðstöðu sína hjá Hafskipi hf. með því að gefa eftir skuld X við félagið og nýta eftirgjöfina í persónulegum viðskiptum þeirra.

Við lögreglurannsóknina hafði X stöðu grunaðs manns, sbr. bls. 2879 í XVI. hefti og bls. 3999 í XXI. hefti, en Y stöðu vitnis, sbr. t.d. bls. 2683 í XVI. hefti málskjalanna.

Ef litið er til ákvæða 36. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, verður ekki séð að framangreind ákæruatriði standi í vegi fyrir því að

dómsformaður í máli þessu fái litið óhlutdrægt á málavexti eða að vensl hans við framangreint fólk geti að öðru leyti valdið vanhæfi hans til þess að fara með málið. Ber honum því ekki að víkja sæti í því.

Dómararnir Ingibjörg Benediktsdóttir og Arngrímur Ísberg standa að þessari niðurstöðu.

Því úrskurðast:

Dómsformanni, Pétri Guðgeirssyni, ber ekki að víkja sæti í málinu.

Sératkvæði Péturs Guðgeirssonar sakadómara.

Ég skírskota til þeirra málavaxta sem raktir eru í úrskurðinum. Tel ég að þessi sakarefni varði svo þessa nánu venslamenn mína siðferðilega að hætta sé á því að ég fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu að þessu leyti. Er auk þess á það að líta að hugsanlega gæti reynt á vitnaskyldu Y í málinu með úrskurði, sbr. t.d. 91. gr. laga um meðferð opinberra mála. Tel ég því rétt, með vísan til 6. tl., sbr. 3. og 7. tl. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um meðferð opinberra mála, að ég víki sæti í málinu.

Miðvikudaginn 1. mars 1989.

Nr. 333/1988. **Guðmundur B. Hermannsson**
gegn
Sigurlaugu Ásgeirsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur B. Hermannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. mars 1989.

Nr. 204/1988. **Guðmundur I. Bjarnason hf.**
gegn
Iðnaðarbanka Íslands hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur I. Bjarnason hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Iðnaðarbanka Íslands hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. mars 1989.

Nr. 308/1988. **Árni Sigursteinsson**
gegn
innheimtumanni ríkissjóðs
á Selfossi

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður. Áfrýjandi, Árni Sigursteinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, innheimtumanni ríkissjóðs á Selfossi, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. mars 1989.

Nr. 271/1988. **Guðmundur I. Bjarnason**
gegn
Gylfa Gunnarssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur I. Bjarnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gylfa Gunnarssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. mars 1989.

Nr. 234/1987. **Búnaðarsamband Suðurlands**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Lögtak. Skattskylda. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um hið umbeðna lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þessar: „Aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins. Til vara er þess krafist að lögtak nái fram að ganga fyrir annarri lægri fjárhæð. Í því tilviki er einnig krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Til þrautavara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður."

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal blað úr álagningarskrá 1984. Þar kemur fram að eignarskattur var lagður á áfrýjanda 1984 samtals 106.179,00 krónur. Upplýsingar um þessa álagningu komu fram í héraði á yfirliti innheimtumanns ríkissjóðs í Árnessýslu frá 4. júlí 1985 yfir skuld áfrýjanda á tekjuskatti og eignarskatti álögðum 1979 til og með 1984, en skjal þetta lagði áfrýjandi fram í fógetaréttinum 30. ágúst 1985, um leið og hann lagði fram greinargerð sína í héraði. Þá hefur verið lagður fram í Hæstarétti almennur lögtaksúrskurður, sem upp var kveðinn 18. september 1984, fyrir ógreiddum þinggjöldum ársins 1984 álögðum í Árnessýslu og á Selfossi, þar á meðal eignarskatti.

Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað og af hálfu áfrýjanda er því lýst yfir að í málinu sé ekki um að ræða tölulegan ágreining heldur aðeins ágreining um skattskyldu.

Áfrýjandi bendir á að hann hafi byrjað starfsemi sína á árinu 1908 og á hann hafi ekki verið lagður tekju- og eignarskattur fyrr en á árinu 1979. Ef breyta eigi svo gróinni venju þurfi að ákveða skattskyldu hans á ótvíræðan hátt með lögum, sbr. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Eigi leysir það áfrýjanda undan skattskyldu að á hann var ekki lagður tekju- og eignarskattur fyrr en á árinu 1979. Á þeim tíma sem hér skiptir máli hafði áfrýjandi með höndum atvinnurekstur. Ákvæði 2. gr. og 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 leysa hann ekki heldur undan skattskyldu eins og atvikum máls þessa er háttað. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, þar á meðal að heimila lögtak fyrir fyrirframgreiðslu ársins 1984, og er þá m.a. haft í huga að endanleg álagning fyrir gjaldárið 1984 hafði farið fram löngu áður en áfrýjandi lagði fram greinargerð sína í héraði.

Um vexti eftir 1. apríl 1986 fer svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, þó þannig að vextir verði 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 1. apríl 1986 til 14. apríl 1987 og dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, en þó aldrei hærri en 27% á ári.

Áfrýjandi, Búnaðarsamband Suðurlands, greiði stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 13. febrúar 1987.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þann 23. janúar sl.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær að heimilað verði lögtak hjá gerðarþola

Búnaðarsambandi Suðurlands, nnr. 1489-3678, til tryggingar ógreiddum, álögðum tekju- og eignarskatti gjaldárin 1979-1984, að höfuðstóli kr. 336.792,00, áföllnum dráttarvöxtum til 31. júlí 1985 að fjárhæð kr. 421.711,00 og áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum vegna framangreindra skulda í samræmi við reglur í 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, frá 1. ágúst 1985 til greiðsludags. Ennfremur er gerð krafa um að lögtakið nái til alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi innheimtuaðgerða og loks að gerðarbeiðanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Kröfur gerðarþola eru þær að synjað verði um heimild til að framkvæma lögtak til tryggingar meintum ógreiddum opinberum gjöldum, álögðum gjaldárin 1979 til og með 1984.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Gjöld þau sem lögtaks er krafist fyrir sundurliðast sem hér segir:

Árið 1979		
	Tekjuskattur	kr. 16.412
	dráttarvextir	kr. 30.034
Árið 1980		
	Tekjuskattur	kr. 32.825
	dráttarvextir	kr. 43.001
	eignarskattur	kr. 3.636
	dráttarvextir	kr. 4.763
Árið 1981		
	Tekjuskattur	kr. 40.625
	dráttarvextir	kr. 30.266
Árið 1982		
	Tekjuskattur	kr. 0
	dráttarvextir	kr. 0
	eignarskattur	kr. 76.140
	dráttarvextir	kr. 9.898
Árið 1983		
	Tekjuskattur	kr. 0
	dráttarvextir	kr. 0
	eignarskattur	kr. 77.855
	dráttarvextir	kr. 63.063
Fyrirframgreiðsla 1984		kr. 83.300

Krafan er því kr. 336.792,00 að höfuðstóli og áfallnir dráttarvextir miðað við 31. júlí 1985 eru kr. 421.711,00.

Gjaldárið 1979 skoraði skattstjóri á gerðarþola að skila skattframtali sbr.

dskj. nr. 10. Gerðarþoli gerði það ekki og áætlaði skattstjóri því tekjur og eign gerðarþola sbr. dskj. nr. 14 og lagði á skv. því. Gerðarþoli kærði álagningu þessa sbr. dskj. nr. 21 og lét ársreikninga sína árið 1978 fylgja. Skattstjóri vísaði kærunni frá sem of seint fram kominni sbr. dskj. nr. 23 og kærði gerðarþoli úrskurðinn til ríkisskattanefndar sbr. dskj. nr. 24, en með úrskurði hennar 27. október 1980 staðfesti ríkisskattanefnd frávísunarúrskurð skattstjóra.

Gjaldárið 1980 taldi gerðarþoli eigi fram til skatts og lagði skattstjóri því á gerðarþola opinber gjöld skv. áætlun sbr. dskj. nr. 28. Gerðarþoli kærði álagningu tekju- og eignarskatts sbr. dskj. nr. 29 til skattstjóra, sem vísaði kærunni frá sem of seint fram kominni. Gerðarþoli kærði úrskurð skattstjóra til ríkisskattanefndar sem úrskurðaði að með því að kæran hefði borist skattstjóra of seint skyldi úrskurður hans staðfestur.

Í úrskurði ríkisskattanefndar segir: „Kærandi, sem stundaði atvinnurekstur á rekstrarárinu 1979 samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi vegna þess árs, telst til þeirra lögaðila sem um getur í 2. gr. nefndra laga og er ekkert ákvæði í 4. gr. sömu laga sem undanþiggur hann skattskyldu gjaldárið 1980." Hér er átt við lög nr. 40/1978.

Gjaldárið 1981 taldi gerðarþoli ekki fram til skatts og lagði skattstjóri opinber gjöld á gerðarþola með áætlun sbr. dskj. nr. 36. Gerðarþoli kærði álagninguna en afhenti hvorki framtal né önnur gögn um rekstur sinn. Í úrskurði skattstjóra á dskj. nr. 37 segir í forsendum: „Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki fallist á að Búnaðarsamband Suðurlands sé undanþegið skattskyldu þar sem það hefur m.a. með höndum umfangsmikinn búrekstur.

Skattframtal 1981 eða önnur gögn er sýna rekstur og afkomu félagsins á árinu 1980 hafa ekki borist og virðist því ekki ástæða til að breyta áætlun skattstjóra á opinberum gjöldum 1981.

Niðurstaða:

Kröfu kæranda er hafnað."

Gjaldárið 1982 taldi gerðarþoli ekki fram til skatts en ársreikningar voru sendir skattstjóra 30. júní 1982. Skattstjóri áætlaði gjöld gerðarþola sbr. dskj. nr. 39 með hliðsjón af þeim gögnum. Gerðarþoli mótmælti álagningunni en kærði hana ekki.

Gjaldárið 1983 skilaði gerðarþoli ekki skattframtali en ársreikningar vegna Tilraunabúsins í Laugardælum og Stóra-Ármótsbúsins voru sendir skattstjóra. Skattstjóri áætlaði því opinber gjöld gerðarþola sbr. dskj. nr. 53. Gerðarþoli kærði álagninguna sbr. dskj. nr. 64 og lét reikninga ársins 1982 fylgja. Byggði gerðarþoli kæru sína á því að hann væri undanþeginn skattskyldu skv. 5. tl. 4. gr. laga nr. 75/1981. Með úrskurði 5. desember

1983 úrskurðaði skattstjóri að opinber gjöld gerðarþola skyldu óbreytt.

Í forsendum úrskurðarins segir: ,,Skattstjóri getur ekki fallist á, að hann hafi heimild til að fella kæranda undir undanþáguákvæði 5. tl. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt þar sem fyrir liggur að um er að ræða samtök fyrir ákveðna starfsstétt og hagnaður af rekstri verði því fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá er aðild eiga að samtökunum en ekki fyrir almenning."

Úrskurði þessum var ekki skotið til ríkisskattanefndar.

Gjaldárið 1984 var lagður eignarskattur á gerðarþola að fjárhæð kr. 106.179,00 en enginn tekjuskattur. En í máli þessu er einungis krafist lögtaks fyrir kr. 83.300,00 sem er fyrirframgreiðsla það ár.

Gerðarþoli greiddi þann 31. júlí 1985 kr. 75.000,00 til innheimtumanns ríkissjóðs ,,Til greiðslu á öðrum opinberum gjöldum en tekju- og eignaskatti", eins og segir á gíróseðli með greiðslunni á dskj. 71.

Við munnlegan flutning málsins lýsti talsmaður gerðarþola því yfir að enginn ágreiningur væri gerður um tölur í máli þessu. Ágreiningurinn snýst um það hvort gerðarþoli sé undanþeginn greiðslu tekju- og eignarskatts eða ekki.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram að gerðarþoli falli undir þá lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Skv. 5. tl. 4. gr. laganna séu þeir lögaðilar, sem 2. gr. tekur til og hér eiga heimili, undanþegnir tekju- og eignarskatti ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði skv. samþykktum sínum. Skilyrði þess að skattfrelsi verði virkt séu í fyrsta lagi að aðili skili skattframtali en skv. upphafsákvæði 91. gr. laga nr. 75/1981 sé gerðarþoli framtalsskyldur. Skil á ársreikningum einum sér sé ekki nægjanlegt.

Í öðru lagi að samþykktir kveði skýrt á um að tilgangur félagsins sé sá einn að verja hagnaði sínum til almenningsheilla. Það komi hvergi fram í samþykktum gerðarþola á dskj. nr. 67 að sá sé tilgangur félagsins. Þvert á móti sé tilgangurinn sá að verja tekjum félagsins til framdráttar ákveðinni starfsstétt og hagnaður af rekstri komi því fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá er aðild eiga að samtökunum en ekki fyrir almenning.

Í þriðja lagi beri félagi sem telur sig falla undir 5. tl. 4. gr. að verja hagnaði sínum í reynd til almenningsheilla. Af reikningum þeim sem liggi frammi í málinu megi sjá að hagnaður sé notaður til umfangsmikilla eignamyndana félagsins sjálfs, ýmissa verkefna í þágu félagsmanna og framlaga til annarra hagsmunafélaga og félagasamtaka sem ekki starfi til almannaheilla í merkingu laga um tekju- og eignarskatt. Hafi hagnaði af rekstri gerðarþola því ekki verið varið til almenningsheilla þau gjaldár sem hér um ræði.

Gerðarbeiðandi telur að samkvæmt framansögðu sé augljóst að gerðarþoli geti ekki stutt skattfrelsi við 5. tl. 4. gr. laga nr. 75/1981 og fráleitt sé að hafa uppi mótbárur á þeim grundvelli við því að gjöld eru áætluð þar sem framtali hafi ekki verið skilað.

Eins og hér standi á hafi það, að gerðarþoli skilaði ekki framtali, bakað honum skyldu til að greiða hin áætluðu gjöld.

Þá er á það bent um gjaldárið 1979 að skattfrelsi lögaðila, sem verja hagnaði sínum til almenningsheilla og hafi það einasta að markmiði skv. samþykktum sínum, var bundið við hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila sbr. 5. gr. A. 1 nr. 68/1971, og að gerðarþoli falli utan við þá skilgreiningu.

Af hálfu gerðarþola er á því byggt að hann falli undir ákvæði 5. tl. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 og sambærileg ákvæði eldri laga.

Bent er á að gerðarþoli sé samband 35 búnaðarfélaga í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjakaupstað með 1678 félagsmönnum í árslok 1983 eða u.þ.b. þriðjungi bænda í landinu.

Skv. 2. gr. samþykkta gerðarþola sé tilgangur sambandsins „að efla hvers konar framfarir í landbúnaði og með því að bæta landbúnaðarframleiðsluna og auka hagsæld þeirra, sem landbúnað stunda".

Í samræmi við ákvæði samþykkta hafi meginþættir í starfi gerðarþola verið víðtæk leiðbeiningarþjónusta við bændur, fundarhöld, mælingar fyrir framræsluskurðum, úttektir jarða og húsabóta, taka jarðvegs- og heysýna, vinna að fegrun sveitabýla, sýningarstarfsemi, sæðingarstarfsemi, útgáfustarfsemi og forfallaþjónusta. Þá rekur gerðarþoli tilraunabú að Laugardælum og Stóra-Ármóti.

Starf gerðarþola komi þannig öllum bændum, hvar sem er á landinu, til góða og af því leiði að neytendur njóti einnig góðs af starfi gerðarþola.

Þá séu tekjur gerðarþola að langmestu leyti styrkir frá Búnaðarfélagi Íslands, Búnaðarmálasjóði og öðrum opinberum aðilum.

Gerðarþoli vitnar til 77. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 og telur að ákvæðið girði fyrir að skattyfirvöld geti nú allt í einu lagt á tekju- og eignarskatt án þess að fyrir því séu ótvíræðar heimildir í lögum.

Niðurstaða.

2. gr. laga Búnaðarsambands Suðurlands hljóðar svo: „Tilgangur sambandsins er að efla hvers konar framfarir í landbúnaði og með því bæta landbúnaðarframleiðsluna og auka hagsæld þeirra, sem landbúnað stunda. Eitt höfuðverkefni sambandsins er að framfylgja í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands gildandi jarðræktar- og búfjárræktarlögum ásamt öðrum lögum til eflingar íslensks landbúnaðar, sem sett hafa verið eða kunna að vera sett."

Þá er í 3. gr. laganna lýst með hvaða hætti Búnaðarsambandið muni leitast við að ná tilgangi sínum og er það gert í 10 töluliðum, sem kveða á um menntun og leiðbeiningarþjónustu, félagsmálastarf, útgáfustarfsemi, jarðabætur, kynbætur og búfjárrækt, vinnuhagræðingu á búum bænda, gerð búreikninga, aukna nýtingu náttúrugæða, landgræðslu og skógrækt og bætta umgengni í sveitum.

Ofangreind ákvæði verða ekki skilin öðruvísi en svo að megintilgangur gerðarþola sé að starfa í þágu bændastéttarinnar og að hagnaður af rekstri verði því fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá sem aðild eiga að samtökunum. Hagnaðinum er þannig ekki varið til almannaheilla svo sem gert er ráð fyrir að vera skuli skv. 5. tl. 4. gr. laga nr. 75/1981 eigi gerðarþoli að njóta skattfrelsis.

Ákvæði A-liðar 5. gr. laga nr. 68/1971 þykja heldur ekki eiga við um gerðarþola. Verður því samkvæmt framansögðu fallist á þá málsástæðu gerðarbeiðanda að skattskylda gerðarþola sé fyrir hendi.

Gerðarþoli taldi ekki fram til skatts á tímabilinu 1979-83 eins og honum bar skv. upphafsákvæði 91. gr. laga nr. 75/1981 og samsvarandi ákvæði eldri laga. Var skattstjóra því rétt að áætla gjöld hans og þykir mega leggja áætlanir þessar til grundvallar um tekju- og eignarskatta gerðarþola enda skattskylda fyrir hendi skv. framansögðu. Gerðarþoli hefur ekki sýnt fram á að áætlanir þessar séu óhæfilegar eða byggðar á röngum sjónarmiðum.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Árnessýslu 10. júlí 1984. Var þá sótt þing af hálfu gerðarþola og lögð fram bókun þar sem tekið er fram að ekki sé tímabært að leggja fram formlega kröfu- og greinargerð af hálfu gerðarþola þar sem ekki voru komin fram gögn sem styddu lögtakskröfuna né heldur greinargerð. Næst var þingað í málinu 30. ágúst 1985 og lagðar fram greinargerðir af hálfu aðila og skjöl. Málið var síðan tekið fyrir 12. nóvember 1985 og frestað til munnlegs flutnings þann 7. janúar 1986. Vegna veikinda dómara þess sem hafði farið með málið tók núverandi dómari við því við flutning þann 7. janúar 1986. Vegna mikilla anna dróst uppsaga dóms þannig að nauðsynlegt var að flytja málið að nýju og vegna mikilla anna dómara varð mikill dráttur á því að málið yrði flutt að nýju.

Þegar málið var tekið fyrir í fógetarétti þann 10.07. 1984 var lögtaksréttur á kröfum vegna gjalda áranna 1979-81 fyrndur, sbr. 2. gr. laga nr. 29/1885 sbr. l. 83/1947.

Hins vegar verður að líta svo á, eins og á stendur í máli þessu, að lögtaksréttur hafi ekki fyrnst enda þótt mál þetta hafi dregist hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verður það niðurstaða málsins að heimilað verður lög-

tak í eignum gerðarþola til tryggingar gjalda áranna 1982 kr. 76.140,00, 1983 kr. 77.855,00 og fyrirframgreiðsla 1984 kr. 83.300,00 auk kr. 72.961,00 í dráttarvexti, en síðan með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1985 af kr. 237.295,00 til greiðsludags, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara til tryggingar kr. 237.295,00 og kr. 72.961,00 í dráttarvexti auk 2,5% dráttarvaxta frá 1. ágúst 1984 til 1. september s.á., en með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags af kr. 237.295,00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1989.

Nr. 353/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Trausta Bergssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiþyngingar og lengingar ökuleyfissviptingartíma.

Vitnin Björn Valdimarsson og Hafdís Aðalsteinsdóttir skýrðu svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu sex dögum eftir að atvik máls þessa gerðust að ákærði hafi ekið bifreiðinni R-43640 á Magnús H. Skarphéðinsson, þar sem Magnús stóð fyrir framan bifreiðina. Vitnin Dröfn Björgvinsdóttir og Magnús Þ. Sigurjónsson lýstu þessum atvikum á sömu lund í skýrslum sínum hjá lögreglu. Fyrir sakadómi bar vitnið Björn að Magnús H. Skarphéðinsson hafi, er ákærði ók bifreiðinni að honum, hoppað upp „í því skyni að því er vitninu virtist, að komast upp á vélarlokið". Vitnið Hafdís sagði einnig fyrir sakadómi að Magnús H. Skarphéðinsson hafi hoppað upp er ákærði ók bifreiðinni að honum. Í skýrslum, sem vitnin Dröfn Björgvinsdóttir og Magnús Þ. Sigurjónsson gáfu í sakadómi, staðfesta þau fyrri framburð sinn og skýra svo frá að Magnús H. Skarphéðinsson hafi lent uppi á vélarhlífinni við það að ákærði ók á hann.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms verður að telja nægilega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru. Ber því að refsa ákærða fyrir brot gegn lagaákvæðum þeim, sem getur í héraðsdómi, auk 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem einnig er ákært fyrir. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, en rétt er

að svipta hann ökuleyfi í 2 ár. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Bergsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 2 ár frá birtingu héraðsdóms að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 22. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 495/1988: Ákæruvaldið gegn Trausta Bergssyni, sem tekið var til dóms 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 17. maí sl., á hendur ákærða, „Trausta Bergssyni, Laugavegi 81, Reykjavík, fæddum 20. janúar 1953 þar í borg, fyrir að aka þriðjudaginn 15. mars 1988 bifreiðinni R-43640 án nægjanlegrar aðgæslu vestur Laugaveg í Reykjavík við hús númer 77 með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst aftan á reiðhjól sem Magnús H. Skarphéðinsson, fæddur 2. júlí 1955, hjólaði á eftir götunni í sömu átt, en við það féll Magnús í götuna, og fyrir að hafa, er Magnús stóð upp eftir fallið, á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu hans í augljósan háska með því að aka bifreiðinni á Magnús, svo að hann kastaðist upp á vélarlok bifreiðarinnar og í framrúðu hennar, aka bifreiðinni með Magnús hangandi á vélarlokinu nokkurn spöl og snögghemla síðan bifreiðinni, þannig að hann féll í götuna, aka bifreiðinni síðan hratt og óvarlega vestur Laugaveg, hægra megin fram með bifreiðum sem þar var ekið í sömu átt, og að hluta til upp á gangstétt norðan götunnar, þannig að gangandi vegfarendur áttu fótum fjör að launa, og síðan inn á Vitastíg, en stuttu síðar gaf ákærði sig fram á lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 1.

mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr., staflið a, 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Kl. 17.02 þriðjudaginn 15. mars sl. var lögreglan í Reykjavík kvödd að Laugavegi 77 hér í borg. Fóru lögreglumennirnir Kristján Hallgrímur Kristjánsson og Þór Þorgeirsson á vettvang. Þar var þá fyrir nokkur hópur fólks og virtist lögreglumönnunum eitthvað mikið hafa átt sér stað. Kristján Hallgrímur ræddi á vettvangi við mann sem kvaðst heita Magnús Skarphéðinsson, þar sem hann stóð við reiðhjól sitt, en það lá í götunni við hús Landsbankans nr. 77 við Laugaveginn. Þá lágu 3 pakkar dreifðir umhverfis hjólið. Skýrði Magnús frá því að bifreið hefði verið ekið á sig af ásetningi. Fengu lögreglumennirnir lýsingu á bifreiðinni, en er lögreglumennirnir komu á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113 nokkru síðar hafði ákærði þegar gefið sig fram.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við rannsókn og meðferð málsins.

Magnús Hall Skarphéðinsson, Grettisgötu 40 b hér í borg, kveðst umrætt sinn hafa ekið reiðhjóli sínu vestur Laugaveg með fyrirhugaðri akursstefnu áfram þá götu. Veitti vitnið bifreiðinni R-43640 athygli þar sem hún var kyrrstæð við biðskyldumerki á gatnamótum Laugavegar og Barónsstígs. Kveður vitnið að er ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hafi séð vitnið, hafi hann ekið af stað og stefnt beint á hjólið. Kveðst vitnið hafa getað komið í veg fyrir árekstur með því að beygja til hægri að gangstéttarbrún. Vitnið kveðst nú hafa hjólað hraðar til að þurfa ekki að fara upp á gangstéttina og farið fram fyrir bifreiðina, en þá kveðst það hafa orðið vart við að henni hafi verið gefið mikið inn og síðan hafi henni verið ekið aftan á reiðhjólið. Við það kveðst vitnið hafa fallið af hjólinu og þrír pakkar, sem voru á því, dreifst um götuna. Vitnið kveður sér hafa tekist að standa í fæturna og beðið nærstadda vegfarendur að hringja í lögregluna. Kveðst það síðan hafa gengið upp á gangstéttina norðan megin við Laugaveginn, við húsið nr. 77, á móts við biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur. Hafi bifreiðinni þá verið ekið aftur á bak en síðan áfram af miklum krafti og með miklum vélargný beint á vitnið. Við það hafi vitnið kastast upp á vélarlok bifreiðarinnar og lent á framrúðunni en náð af tilviljun taki á loftneti hennar. Kveður vitnið bifreiðinni hafa verið ekið mjög hratt með vitnið á vélarlokinu og framrúðunni og upp á gangstétt, um 20 metra vegarlengd að mati vitnisins. Þá hafi henni verið snarhemlað og vitnið kastast við það beint fram af henni. Kveðst vitnið ekki hafa dottið en hrasað. Í

beinu framhaldi af þessu hafi bifreiðinni verið gefið mikið inn og ekið rakleiðis í átt að vitninu af enn meira afli en áður en vitninu tekist á síðustu stundu að forða sér undan bifreiðinni sem ekið hafi verið áfram með miklum hraða niður Laugaveginn og upp á Vitastíg, þar sem hún hafi verið stöðvuð til að hleypa út konu.

Björn Valdimarsson, Æsufelli 2, Reykjavík, kveðst greint sinn hafa ekið bifreið sinni vestur Laugaveg í samfelldri röð bifreiða. Er vitnið kom að Barónsstíg tók það eftir bifreið sem ekið var niður Barónsstíg og virtist því að verið væri að reyna troða henni inn á Laugaveginn. Lenti hún næstum á bifreið vitnisins. Af framangreindri ástæðu fylgdist vitnið með bifreið þessari í baksýnisspegli bifreiðar sinnar. Er vitnið var komið rétt fram hjá gatnamótunum varð það einnig vart við reiðhjól, sem ekið var nálægt miðlínu Laugavegar, fyrir aftan bifreið vitnisins. Sá vitnið að hægra framhorn bifreiðar þeirrar, sem reynt hafði verið að troða inn á Laugaveginn, lenti aftan á reiðhjólinu og að maðurinn á því var að burðast við að standa í fæturna. Stöðvaði vitnið bifreið sína, fór út úr henni og gekk að reiðhjólinu. Var nefndri bifreið þá fyrst ekið aftur á bak en síðan áfram. Gekk maðurinn, sem hafði verið á reiðhjólinu, fram fyrir bifreiðina. Við það var bifreiðin fyrst stöðvuð en síðan ekið af stað í átt að manninum með nokkrum látum. Er hún var komin að manninum hoppaði hann upp í því skyni, að vitninu virtist, að komast upp á vélarlokið. Var bifreiðinni ekið áfram og hafnaði maðurinn á vélarlokinu og virtist vitninu hann grípa um þurrkublað bílstjóramegin. Var bifreiðinni síðan ekið „með afli" með manninn á vélarlokinu a.m.k. 10 metra, en þá var henni snögghemlað. Við það rann maðurinn fram af vélarlokinu og kom standandi niður. Hoppaði hann til hliðar og upp á gangstéttina. Virtist vitninu bifreiðinni þá vera ekið í átt að honum, upp á gangstéttina, en síðan eftir henni um 5-6 metra, en að því loknu var henni sveigt til vinstri inn á Laugaveginn þar sem hún hvarf upp Vitastíg. Var fólk ekki á þeim hluta gangstéttarinnar sem henni var ekið eftir.

Vitnið taldi að ökumaður bifreiðar þessarar hefði stofnað reiðhjólamanninum og öðrum sem þarna voru í mikla hættu með akstri sínum.

Hafdís Aðalsteinsdóttir, Æsufelli 2,Reykjavík, kvaðst greint sinn hafa verið farþegi í bifreið sinni og eiginmanns síns, fyrrnefnds Björns Valdimarssonar, og setið í hægra framsæti hennar. Á móts við Barónsstíg varð vitnið vart við bifreið sem verið var að reyna að troða inn á Laugaveginn. Var henni ekki gefið færi á því og ók Björn bifreiðinni áfram. Vitnið varð vart við að hann horfði mikið í baksýnisspegilinn og sagði svo: „Hvað er að ske?" Sneri vitnið sér þá við og sá hvar sömu bifreið og reynt hafði verið að troða inn á Laugaveginn af Barónsstíg var ekið aftan á reiðhjól sem var á milli bifreiðar vitnisins og fyrrgreindrar bifreiðar. Fóru vitnið

og Björn þá út úr bifreiðinni. Féll reiðhjólið í götuna og einnig duttu af því 3 pakkar. Hrasaði maðurinn á reiðhjólinu við þetta en féll ekki í götuna. Var bifreiðinni þá ekið aftur á bak og síðan áfram, upp á gangstétt norðan megin götunnar, í því skyni, að því er vitninu virtist, að hverfa af vettvangi. Gekk maðurinn, sem var á reiðhjólinu, þá fram fyrir bifreiðina og reyndi að stöðva hana. Var henni þá ekið ákveðið að honum. Er hún kom að honum hoppaði hann upp. Var bifreiðinni ekið áfram og hafnaði maðurinn uppi á vélarloki hennar. Virtist hann reyna að ná handfestu einhvers staðar. Var bifreiðinni síðan ekið hratt með manninn á vélarlokinu frá suðvesturhorni hússins nr. 77 við Laugaveg að veitingahúsinu Eldvagninum, en þar var henni snarhemlað. Við það féll maðurinn fram af vélarlokinu. Kom hann standandi niður og forðaði sér upp á gangstétt. Var þá bifreiðinni ekið á eftir honum og að en síðan sveigt frá.

Vitnið kvað það mat sitt að ákærði hefði með akstri sínum stofnað fjölda manns í hættu.

Dröfn Björgvinsdóttir, Kambsvegi 8, Reykjavík, ók bifreið sinni umrætt sinn vestur Laugaveg og var ein bifreið milli bifreiðar vitnisins og reiðhjólsins. Er vitnið kom að Barónsstíg sá það að reiðhjól lá á akbrautinni rétt vestan gatnamótanna. Hafði maðurinn á reiðhjólinu fallið af því og var að rísa á fætur. Fór vitnið út úr bifreiðinni og er það kom að hjólinu hafði hjólreiðamaðurinn gengið fram fyrir bifreið sem þarna var. Rétt í þann mund sem vitnið kom þarna að var bifreið þessari ekið þjösnalega að manninum, þar sem hann stóð frman við hana, og síðan snögghemlað rétt við hann. Var bifreiðinni síðan ekið aftur á bak og svo aftur áfram og á manninn. Lenti hann uppi á vélarloki bifreiðarinnar en gat haldið sér þar uns henni var snögghemlað eftir að hafa borið manninn með sér nokkurn spöl. Er bifreiðin stöðvaðist féll maðurinn fram af henni á gangstéttina norðan akbrautarinnar og var bifreiðin þá komin upp á gangstéttina. Forðaði maðurinn sér nú frá bifreiðinni og var henni þá ekið á mikilli ferð vestur Laugaveg, að nokkru uppi á gangstétt, og hægra megin fram með bifreiðum sem voru á leið vestur götuna. Var bifreiðinni síðan ekið nokkurn spöl eftir gangstéttinni þar til henni var ekið inn á akbrautina.

Vitnið kvað það mat sitt að ökumaður bifreiðarinnar hefði stofnað hjólreiðamanninum og öðrum vegfarendum, sem voru á gangstéttinni, í mikla hættu. Kvaðst vitnið ekki áður hafa séð annan eins háskaakstur og þetta mest líkst því að vera komin í kvikmyndahús en ekki raunveruleikanum á Laugavegi í Reykjavík í mikilli umferð akandi og gangandi.

Magnús Þórarinn Sigurjónsson, Ásvallagötu 69, Reykjavík, gekk greint sinn norður Barónsstíg og niður Laugaveg. Er vitnið kom niður á Laugaveg sá það fólksbifreið á þeirri götu á móts við hús nr. 77. Stóð maður fyrir framan bifreiðina og rétti upp hönd í þeim tilgangi, að vitninu virtist, að

stöðva hana. Var bifreiðinni ekið fyrst áfram að manninum, síðan aftur á bak og svo áfram á fullu afli á hann. Hafnaði maðurinn við þetta uppi á vélarhlífinni og barst með bifreiðinni örstuttan spöl uns henni var snarhemlað með þeim afleiðingum að hann féll fram af henni. Eftir þetta var bifreiðinni ekið hratt og með miklu ískri og drunum upp á gangstétt norðan megin götunnar og á ofsahraða hægra megin við bifreiðar sem voru á leið vestur Laugaveg, og síðan í burtu. Forðaði fólk, sem var á gangstéttinni við vesturenda Landsbankans, sér frá bifreiðinni.

Vitnið kvaðst vart í annan stað hafa séð slíkan akstur.

Pétur Lúðvík Marteinsson, Vesturvangi 15, Hafnarfirði, ók bifreið sinni greint sinn niður Laugaveg. Stöðvaði vitnið bifreiðina á bifreiðastæði vinstra megin götunnar gegnt Landsbankahúsinu. Allt í einu varð vitnið vart við að bifreið var gefið mikið inn þannig að vældi í dekkjunum. Leit vitnið þá til hægri og sá hvar bifreiðinni var ekið fram hjá vitninu með mann á vélarlokinu. Reyndi maðurinn að halda sér. Var bifreiðinni ekið með manninn á vélarlokinu og snögghemlað um tveimur bíllengdum fyrir framan bifreið vitnisins. Féll maðurinn fram af vélarlokinu og í götuna, stóð upp og fór upp á gangstétt norðan megin götunnar. Var bifreiðinni þá ekið aðeins til hægri í átt að manninum, en síðan sveigt frá og ekið af miklu afli niður Laugaveg.

Unnur Rúnarsdóttir, Laugavegi 81, Reykjavík, sambýliskona ákærða, var farþegi í bifreið ákærða umrætt sinn. Samkvæmt framburði vitnisins ók ákærði bifreið sinni norður Barónsstíg með fyrirhugaðri akstursstefnu vestur Laugaveg. Er ákærði var kominn inn á Laugaveginn varð vitnið vart við mann á reiðhjóli við hlið bifreiðarinnar og rákust hægri hlið bifreiðarinnar og reiðhjólið saman. Ók maðurinn á reiðhjólinu áfram meðfram bifreiðinni og rakst á framhorn hennar með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Var maðurinn áður búinn að steyta hnefann framan í vitnið og ákærða. Stóð maðurinn upp og virtist mjög reiður. Ætlaði ákærði nú að halda áfram niður Laugaveg en þá hoppaði maðurinn upp á vélarlok bifreiðarinnar og barst með henni um eina bíllengd, en rann þá niður af vélarlokinu, eftir að bifreiðinni var hemlað, og féll í götuna.

Vitnið kvaðst ekki muna hvað gerðist eftir þetta.

Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa ekið bifreiðinni R-43640 norður Barónsstíg og beygt henni vestur Laugaveg. Er ákærði hefði verið kominn inn á Laugaveginn kvaðst hann hafa orðið þess var að reiðhjól skrapaðist við hægri hlið bifreiðarinnar. Kvað ákærði manninn á reiðhjólinu hafa steytt hnefann inn um hægri hliðarrúðu bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa hægt á ferð bifreiðarinnar og reiðhjólamaðurinn þá ekið fram úr henni og snöggheimlað hjólinu fyrir framan hana með þeim afleiðingum að framendi bifreiðarinnar snerti afturenda reiðhjólsins. Kvað ákærði reiðhjólamanninn

hafa stigið af hjólinu og ygglt sig framan í ákærða. Kvaðst ákærði nú hafa ætlað að komast fram hjá manninum hægra megin við hann eftir gangstéttinni, en þá hefði maðurinn stokkið upp á vélarlok bifreiðarinnar og barið með hnefanum í framrúðuna. Ákærði kvaðst hafa ekið snögglega af stað og snarhemlað eftir um þriggja metra akstur. Við það hefði maðurinn dottið beint fram af bifreiðinni. Þessu næst kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni aftur á bak frá manninum og svo fram hjá honum hægra megin eftir gangstéttinni, þannig að hjól bifreiðarinnar fóru upp á hana. Kvaðst ákærði telja að um 1/4 hluti bifreiðarinnar hefði farið upp á gangstéttina og hann ekið henni um 5-6 metra áður en hann hefði sveigt henni aftur til vinstri. Kvaðst ákærði hafa ekið fram hjá einni bifreið sem verið hefði kyrrstæð á götunni. Ákærði kvaðst ekki hafa séð nokkurn mann á þeim kafla gangstéttarinnar sem hann hefði ekið bifreiðinni eftir.

Að þessu loknu kvaðst ákærði hafa beygt bifreiðinni upp Vitastíg, þar sem sambýliskona ákærða hefði farið út úr henni, en eftir það hefði hann gefið sig fram við lögregluna.

Ákærði kvaðst ekkert þekkja Magnús Skarphéðinsson en vita hver hann er. Kvað ákærði að Magnús hefði fyrir um 1½ til 2 árum ekið reiðhjóli sínu á móti bifreið ákærða á Grettisgötu. Enginn árekstur hefði orðið en Magnús orgað eitthvað og steytt hnefann á eftir bifreiðinni.

Ákærði og vitnið Magnús Hall Skarphéðinsson voru samprófaðir bæði við rannsókn og meðferð málsins. Héldu báðir fast við eigin framburð og samprófanirnar því árangurslausar.

Kristján Hallgrímur Kristjánsson lögreglumaður gerði frumskýrslu um málið og lögreglumaðurinn Þór Þorgeirsson samdi skýrslu um vettvangsathugun. Hafa lögreglumennirnir komið fyrir dóminn og staðfest þessi verk sín.

Niðurstöður.

1. Með framburði vitnanna Magnúsar Hall Skarphéðinssonar, Björns Valdimarssonar og Hafdísar Aðalsteinsdóttur er sannað að ákærði hafi greint sinn ekið bifreiðinni R-43640 án nægjanlegrar aðgæslu vestur Laugaveg á móts við hús nr. 77 með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst aftan á reiðhjól sem fyrrgreindur Magnús Hall, sem fæddur er 2. júlí 1955, hjólaði eftir götunni í sömu átt, en við það féll Magnús í götuna.

2. Þá er einnig sannað með framburði sömu vitna og vitnanna Drafnar Björgvinsdóttur og Magnúsar Þórarins Sigurjónssonar að ákærði hafi síðan á ófyrirleitinn hátt stofnað heilsu og jafnvel lífi Magnúsar Hall í augljósan háska með því að aka bifreiðinni á Magnús eftir að hann hafði risið upp eftir fallið, svo að hann kastaðist upp á vélarlok bifreiðarinnar og í framrúðu hennar, og með framburði sömu vitna og vitnisins Péturs Lúðvíks

Marteinssonar að ákærði hafi ekið nokkurn spöl með Magnús hangandi á vélarlokinu og síðan snarhemlað bifreiðinni með þeim afleiðingum að Magnús féll í götuna.

3. Að lokum er sannað með framburði vitnanna Magnúsar Hall, Björns, Drafnar og Magnúsar Þórarins að ákærði hafi ekið bifreiðinni eftir þetta hratt og óvarlega vestur Laugaveg, hægra megin fram úr bifreiðum og að hluta til uppi á gangstétt norðan götunnar, sem er ein fjölfarnasta gata gangandi vegfarenda í borginni, og stofnað þannig lífi og heilsu þeirra í augljósan háska. Samkvæmt framburði Drafnar og Magnúsar Þórarins verður ennfremur að telja sannað að fólk hafi verið á gangstéttinni er ákærði ók eftir henni.

Varðar atferli ákærða í 1. lið niðurstöðukaflans við 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, í 2. lið kaflans varðar brot ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og í 3. lið hans varðar háttsemi hans við sama ákvæði hinna almennu hegningarlaga og 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. og 2. mgr., staflið a, 36. gr. umferðarlaganna.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

1975 29/10 Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Ökuleyfissvipting 3 mán. frá 29.10. 1975.

1976 21/6 Sátt: 40.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.

1978 5/4 Sátt: 120.000 kr. sekt f. brot gegn 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 6.12. 1977.

1979 23/7 Sátt: 120.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.

1981 12/10 Dómur: Ákæru f. brot gegn 248. gr. hgl. vísað frá dómi.

1982 26/2 Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.

1984 10/2 Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot gegn 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 4.11. 1983.

1985 31/1 Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.

1987 12/2 Dómur: 3 mánaða fangelsi skb. 2 ár f. brot gegn 142. gr. hgl.

Hinn 27. janúar 1981 var ákærða veitt ökuleyfi á ný.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með háttsemi þeirri, sem ákærði er hér sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 12. febrúar 1987. Ber nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka þann dóm upp og dæma með máli þessu samkvæmt reglum 77. gr. sömu

laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Ökuleyfissvipting.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga skal svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar að hann hafi ökuréttindi.

Að mati dómsins þykir akstur ákærða greint sinn hafa verið mjög vítaverður. Þá ber að taka tillit til þess að ákærði hefur 7 sinnum áður hlotið refsingu vegna umferðarlagabrota, þar af þrisvar vegna ölvunaraksturs, þar sem hann sætti í öll skiptin ökuleyfissviptingu. Þykir hæfilegt að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 12 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Samkvæmt 103. gr. umferðarlaga, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að ákveða að áfrýjun fresti eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Bergsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 2. mars 1989.

Nr. 48/1989. **Hirtir hf.**
gegn
Ingólfi Kristóferssyni
Valdimar Sigfússyni og
Sigfúsi Jónssyni

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 19. janúar sl. skotið til Hæstaréttar samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur frá 22. desember 1988 sem kunngerður var sóknaraðila 6. janúar sl.

Sóknaraðili krefst þess að dómi þessum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju. Til vara gerir hann þá kröfu að dóminum verði hrundið að því er varðar Sigfús Jónsson og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju með svo breyttri aðild. Málskostnaður vegna frávísunar málsins verði þá látinn niður falla.

Varnaraðilar gera þær dómkröfur að hinn kærði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða dómi.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar í héraði á því að varnaraðilar séu bótaskyldir vegna galla á múrverki húss hans. Kröfunum beinir hann að varnaraðila, Sigfúsi Jónssyni, sem múrarameistara hússins og öðrum varnaraðilum sem starfsmönnum hans. Eins og mál þetta er höfðað eru kröfur þess af sömu rót runnar og verða dæmdar í einu máli. Það verður síðan efnisatriði í málinu hvort varnaraðilar eru réttir aðilar að öllum þáttum þess. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til efnislegrar meðferðar. Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af kærunni.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar.

Hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. desember sl., er höfðað með stefnu birtri 11. apríl, 12. apríl og 20. apríl sl.

Stefnandi er Hirtir hf., nnr. 9343-6539, Réttarhálsi 2, Reykjavík.

Stefndu eru Ingólfur Kristófersson, nnr. 4730-6728, Brekkutanga 33, Mosfellshreppi, Valdimar Sigfússon, nnr. 9066-5448, Nönnufelli 8, Reykjavík, og Sigfús Jónsson, nnr. 7538-9264, Snorrabraut 85, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 500.000,00 krónur í bætur vegna galla á múrverki, 48.800,00 krónur vegna kostnaðar við mat ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 548.800,00 krónum frá 14. desember 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí s.á., en með 3% draftarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en með 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október s.á., en með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.desember s.á., en 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1988, en með 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til þingfestingardags, 28. apríl 1988, og vöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu hafa krafist frávísunar málsins og var sú krafa tekin til dóms eða úrskurðar 12. desember sl.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: „Í byrjun árs fól stefnandi stefndu að framkvæma múrhúðun á húsnæði stefnanda að Réttarhálsi 2 í Reykjavík. Verkið unnu stefndu Valdimar og Ingólfur, en stefndi Sigfús var meistari að verkinu. Þegar múrararnir höfðu lokið verkinu var ljóst að það var verulega gallað. Ekki var unnt að láta gera við gallana nema að litlu leyti við málningu húsnæðisins.

Með beiðni dags. 8. apríl 1986 var farið fram á dómkvaðningu mats-

manna. Í matsgerð dags. 14. desember 1986 komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að múrhúðun væri gölluð. Töldu matsmenn að ef múrverk hefði verið lagfært áður en innréttingarvinna hófst hefði kostnaður af því numið kr. 460.000,00. Ef hins vegar yrði ekki framkvæmd nein viðgerð á húsnæðinu töldu matsmenn verðrýrnun á því hæfilega metna kr. 500.000,00. Kröfugerð í máli þessu er á því byggð að stefnendur verði að sætta sig við verðrýrnun þess þar sem með öllu var útilokað að koma við lagfæringum á göllunum. Stefndu hafa í engu sinnt kröfum stefnanda um greiðslu bóta."

Af hálfu stefndu er málavöxtum lýst þannig: „að stefndi Sigfús var múrarameistari að húsi því sem um ræðir í máli þessu og ... nefnt er Réttarháls 2. .... Hús þetta byggði Árni Jóhannsson byggingameistari, og mun hann hafa selt stefnanda húsið. Samningssamband var milli Árna og stefnda Sigfúsar en ekki á milli stefnanda og Sigfúsar. Sigfús segir forsvarsmenn stefnanda ekkert hafa við sig talað um framkvæmdir við húsið og þaðan af síður hafi neinir samningar verið þeirra á milli. Einhvern tíma meðan unnið var við húsið og á meðan stefndi Sigfús var erlendis fékk verkstjóri Árna Jóhannssonar, Sveinn Gunnarsson, tvo starfsmenn stefnda Sigfúsar, þá stefndu Ingólf og Valdimar, til að leggja niður steypu í gólf og handpússa það. Að sögn stefnda Ingólfs var þar annars vegar um að ræða nokkra smáfleti sem mældir voru saman en hins vegar stórt gólf sem hitalögn hafði verið lögð í. Nokkru síðar samdi framkvæmdastjóri stefnanda, Hjörtur Örn Hjartarson, um það við stefndu Ingólf og Valdimar að þeir tækju að sér að múrfylla loft í umræddu húsnæði."

Í þinghaldi 12. desember sl. komu stefndu Sigfús og Ingólfur fyrir dóminn og kom fram í skýrslum þeirra að Hjörtur Hjartarson, framkvæmdastjóri stefnanda, hafði samið við Ingólf og Valdimar um að þeir tækju að sér að múra loft í húsinu, að Sveinn Gunnarsson, starfsmaður byggingameistara þess er byggði húsið og seldi stefnanda, bað þá tvímenningana að pússa gólf og að samningur var með stefnda Sigfúsi og fyrrnefnds byggingameistara um tiltekna þætti múrverks í húsinu Réttarhálsi 2.

Málsástæður og lagarök.

Stefndu bera fyrir sig að í máli þessu séu þeir krafðir solidariskt um greiðslu skaðabóta vegna meintra vanefnda á verkskyldum skv. þremur samningum, í fyrsta lagi samningi stefnanda og stefndu Ingólfs og Valdimars um múrfyllingu á loftum, í öðru lagi samningi Sveins Gunnarssonar vegna Árna Jóhannssonar við sömu aðila um pússningu á gólfum og í þriðja lagi samningi Árna Jóhannssonar og stefnda Sigfúsar varðandi tiltekna þætti múrverks í húsinu. Bótakröfurnar séu því ekki af sömu rót runnar og verði því ekki séð að heimilt sé skv. IV. kafla laga nr. 85/1936

að sækja þær í einu lagi gegn andmælum aðila. Beri því samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Af hálfu stefnanda hefur frávísunarkröfu stefndu verið andmælt með skírskotun til þess að hér sé verið að sækja bætur í hendur manna sem ollu tjóni með lélegum vinnubrögðum. Stefndi Sigfús hafi sem meistari að húsinu verið ábyrgur fyrir göllum á verki sínu og starfsmanna sinna og því eðlilegt að sækja kröfur vegna galla á verki múraranna í einu lagi.

Forsendur og niðurstaða.

Það er fram komið í málinu að verk þau er stefndu unnu í húsinu Réttarhálsi 2 voru unnin samkvæmt þremur samningum svo sem hér að framan er lýst. Gegn mótmælum stefndu verða þær ekki sóttar í einu máli á hendur þeim, samanber ákvæði 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 13. gr. laga nr. 28/1981, og ber því að vísa máli þessu frá dómi svo sem stefndu hafa krafist.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu 35.000,00 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Hirtir hf., greiði stefndu, Ingólfi Kristóferssyni, Valdimar Sigfússyni og Sigfúsi Jónssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 405/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurjóni Hafdal Steindórssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Rán. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til refsiþyngingar. Meðákærði í héraði vildi una héraðsdómi.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brots ákærða til refsiákvæðis. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Í máli þessu er sannað að meðákærði í héraði var upphafsmaður að broti því sem framið var. Ákærði játaði greiðlega brot sitt. Ákærði er ungur maður og hefur aldrei áður gerst sekur um hegningarlagabrot. Samkvæmt sakavottorði hefur hann ekki síðan gerst sekur um refsivert lögbrot. Þegar þetta er virt þykir mega skilorðsbinda refsinguna þannig að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Hafdal Steindórsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1988.

Ár 1988, föstudaginn 23. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 496-497/1988: Ákæruvaldið gegn X og Sigurjóni Hafdal Steindórssyni, er dómtekið var þann 22. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara útgefnu 30. maí sl. á hendur ,,X ... og Sigurjóni Hafdal Steindórssyni, Þórufelli 16, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 21. maí 1967, fyrir eftirgreind brot á hegningarlögum:

A. Ákærða X er einum gefið eftirfarandi að sök:

— — —

B. Ákærðu er báðum gefið að sök rán með því að hafa, um kl. 7 að morgni fimmtudagsins 31. mars 1988, ráðist í félagi að Gunnlaugi Geirssyni, fæddum 18. júní 1959, við skemmtistaðinn Þórscafé, Brautarholti 20, Reykjavík, í því skyni að ná af honum fé, — ákærði Sigurjón með því að taka Gunnlaug hálstaki aftan frá svo að Gunnlaugur féll á hnén og ákærði X með því að slá þá Gunnlaug hnefahögg í andlitið og taka úr veski hans 2.900,00 krónur, sem ákærðu slógu eign sinni á. Telst þetta varða við 252. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Ákærði, Sigurjón Hafdal, var á árinu 1985 sektaður og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvunarakstur.

Málavextir verða nú raktir samkvæmt framburði ákærðu og vitna svo og öðrum gögnum málsins. Fylgt verður kaflaskiptingu í ákæru.

A.

— — —

B.

Aðfaranótt fimmtudagsins 31. mars sl. voru ákærðu X og Sigurjón Hafdal saman á gangi um borgina ásamt Inga Þór Magnússyni. Undir morgun

voru þeir staddir á Hlemmtorgi og gengu sem leið liggur eftir Stórholti og Brautarholti og ætluðu að gistiheimilinu að Brautarholti 22 þar sem þeir hugðust kaupa sér áfengisflösku. Þarna á leiðinni slóst í hóp þeirra Gunnlaugur Gestsson. Allir voru menn þessir ölvaðir og á leiðinni reyndu þeir með sér í „sjómann" Gunnlaugur og hinir þrír. Þegar þeir voru komnir á móts við veitingastaðinn Þórskaffi sagði ákærði X meðákærða Sigurjóni Hafdal að taka Gunnlaug hálstaki, hann ætlaði að rota hann og ræna. Meðákærði hlýddi strax og tók Gunnlaug hálstaki aftan frá, en ekki er ljóst hvort Gunnlaugur féll við það á hnén eða hvort hann var á hnjánum í „sjómann" við Inga Þór. Ákærði X sló nú Gunnlaug í andlitið og sparkaði síðan tvisvar í hann en í því sleppti meðákærði Sigurjón Hafdal taki sínu og gekk á brott. Fyrir dómi vildi ákærði X ekki kannast við að hafa slegið Gunnlaug heldur aðeins sparkað í andlit hans. Hjá lögreglu hafði hann borið að hann hefði slegið Gunnlaug og á þann hátt hefur meðákærði borið bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Gunnlaugur og Ingi Þór hafa einnig borið að Gunnlaugur hafi verið sleginn. Á meðan meðákærði Sigurjón Hafdal hafði Gunnlaug í taki fór ákærði X í innri jakkavasa Gunnlaugs og tók þaðan veski hans. Úr því tók hann kr. 2.700,00 sem hann stakk á sig en henti síðan veskinu aftur í Gunnlaug. Ákærðu og Ingi Þór héldu nú á brott en Gunnlaugur lá eftir nokkra stund. Þá komst hann á fætur og gat haft tal af manni sem hringdi á lögregluna. Hún kom stuttu síðar og handtók ákærðu og Inga Þór þar sem þeir voru staddir við Laugaveg 164. Við leit á ákærða X í fangageymslu fundust kr. 2.900,00 í sokkum hans. Ákærði hefur hins vegar borið bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi aðeins tekið kr. 2.700,00 úr veski Gunnlaugs. Ákærðu eru báðir sammála um að meðákærði hafi ekkert fengið í sinn hlut af fénu.

Gunnlaugur Gestsson leitaði til slysadeildar Borgarspítalans vegna áverkanna er hann hlaut. Segir svo um þá í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis: „Gunnlaugur virtist lítið eitt undir áhrifum áfengis. Sárfleiður var hægra megin í enni hans og blæðing í efra augnloki hægra megin og minni háttar blæðing í neðra augnlokinu. Báðar varir voru bólgnar hægra megin og nokkuð fleiðraðar. Hægra megin á hökunni var rauður blettur, ca. 1½ cm að stærð. Nefið var aumt viðkomu og virtist halla lítið eitt til hægri. Blóðstorka var í báðum nösum. Hruflssár voru víða í hársverðinum. Blár marblettur var aftan á hálsi hægra megin. Rispur og fleiður voru víða á báðum handarlimunum. Þreifieymsli voru á mjóhrygg neðarlega."

Eins og nú hefur verið rakið, þá er það sannað með játningu beggja ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, að þeir veittust sameiginlega að Gunnlaugi Geststsyni að morgi þess 31. mars sl., ákærði Sigurjón Hafdal með því að taka hann hálstaki og halda honum þannig á meðan ákærði X sló hann, sparkaði í hann og rændi hann peningaveski hans. Það telst

sannað með framburði ákærða Sigurjóns Hafdals og vitna, svo sem rakið var, að ákærði X hafi slegið Gunnlaug þrátt fyrir neitun hans í dómi. Þá er einnig sannað með játningum ákærðu, svo sem rakið var, að ásetningur þeirra hafi staðið til þess að ræna Gunnlaug áður en þeir veittust að honum en varð ekki til síðar. Ákærði Sigurjón Hafdal hélt því fram fyrir dómi að hann hefði hlýtt ákærða X í blindni, ekki þorað annað. Í munnlegum flutningi málsins hélt verjandi hans því fram að ákærði Sigurjón Hafdal hefði verið alinn upp í ofbeldi og í uppeldinu vaninn á að hlýða skipunum strax en hafa ella verra af. Ekki verður séð að þessi viðbára breyti neinu um hlut ákærða Sigurjóns Hafdals í verknaðinum. Leggja verður til grundvallar þann framburð ákærða X að hann hafi tekið úr veski Gunnlaugs kr. 2.700,00 en ekki kr. 2.900,00 eins og haldið er fram í ákæru, en ekki nýtur við annarra gagna um það hversu há upphæðin var svo að með vissu megi telja. Svo sem nú hefur verið rakið hafa ákærðu með þessu gerst sekir um fullframið ránsbrot er varðar þá refsingu samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þegar refsing ákærða Sigurjóns Hafdals er ákveðin verður annars vegar að hafa í huga að hér er um ungan mann að ræða sem aldrei áður hefur gerst sekur um hegningarlagabrot og að brot það, sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir, var greinilega framið í fljótræði þótt ásetningur hans hafi ótvírætt staðið til þess að fremja það svo sem fyrr er rakið. Hins vegar er á það að líta að hér er um mjög alvarlegt brot að ræða sem lágmarksrefsing er lögð við í lögum. Dómurinn lítur svo á að til að skilorðsbinda refsingu fyrir slíkt brot þurfi að vera fyrir hendi mjög sérstakar ástæður varðandi framningu brotsins eða ákærða sjálfan. Ekki verður séð af gögnum málsins að slíkar ástæður séu fyrir hendi varðandi ákærða og brotið sjálft var framið á fautalegan hátt án nokkurs tilefnis. Einnig er því alfarið hafnað að sönnur hafi verið færðar á að 5. og 6. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga eigi við í þessu tilfelli. Það er hins vegar ákærða til málsbóta að hann hefur við alla meðferð málsins gefið skýrar og undanbragðalausar skýrslur í því. Ákærða verður því gerð lágmarksrefsing í málinu, 6 mánaða fangelsi.

Ákærðu verða dæmdir til að greiða allan sakarkostnað sem hér segir. Ákærði X skal einn greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., kr. 85.000,00, svo og sakarkostnað að fjárhæð kr. 86.878,00. Ákærði Sigurjón Hafdal skal einn greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar hdl., kr. 35.000,00. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 85.000,00, skal ákærði X greiða að 2/3 hlutum og ákærði Sigurjón Hafdal að 1/3 hluta.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 2. mars 1988 kl. 22:58 til 30. mars s.á. kl. 17:00 og síðan óslitið frá 31. mars s.á. kl. 18:17.

Ákærði Sigurjón Hafdal Steindórsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði X greiði Ingvald Andersen kr. 50.000,00 með almennum vöxtum frá 13/12 1988 til greiðsludags og Sævari Sigurjónssyni kr. 63.570,00.

Ákærði X greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., kr. 85.000,00, svo og sakarkostnað að fjárhæð kr. 86.878,00.

Ákærði Sigurjón Hafdal greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar hdl., kr. 35.000,00.

Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 85.000,00, greiði ákærði X að 2/3 hlutum en ákærði Sigurjón Hafdal að 1/3 hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 420/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sighvati Andréssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1988 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til refsiþyngingar. Meðákærði í héraði unir héraðsdómi.

Í héraðsdómi er réttilega bent á að í II. kafla ákæru séu ekki tilgreindar fjárhæðir tékka þeirra sem þar um ræðir. Athugasemd um vöntun á heimfærslu til refsiákvæða á hins vegar ekki við þar sem tilvísun í upphafi ákærunnar til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á við báða kafla hennar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota ákærða til refsiákvæðis.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 72. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en tilvísun til 255. gr., sbr. 71. gr. sömu laga, svo sem gert er í héraðsdómi, á hér ekki við.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sighvatur Andrésson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 22. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 493-494/1988: Ákæruvaldið gegn X og Sighvati Andréssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 10. júní sl. gegn ákærðu, X ... og Sighvati Andréssyni, atvinnulausum, Skriðustekk 19 hér í borg, f. 27. mars 1949 á Ragnheiðarstöðum, Gaulverjarbæjarhreppi, Árnessýslu, ,,fyrir eftirtalin tékkafalsbrot samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, framin á árinu 1988 í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í aprílmánuði staðið saman að fölsun 5 tékka á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Sparisjóði Hafnarfjarðar, en tékkana fyllti ákærði Sighvatur út með falsaðri undirskrift Harðar Karlssonar og reikningsnúmerinu 6782. Þeir eru gefnir út til handhafa nema sá fyrsti til ákærða X, en hann framseldi þá alla með eigin nafni nema tékka nr. 2596422.

1. Nr. 2596414, kr. 68.000,00, dagsettur 12. apríl.

2. Nr. 2596417, kr. 69.000,00, dagsettur sama dag. Báða þessa tékka notuðu ákærðu í Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúinu í Breiðholti.

3. Nr. 2596411, kr. 5.000,00, dagsettur 11. apríl. Ákærðu versluðu með tékkanum í matvöruverslun B. Baldurssonar, Þinghólsbraut 21, Kópavogi.

4. Nr. 2596422, kr. 5.000,00, dagsettur 11. apríl. Ákærðu greiddu með tékkanum veitingar í veitingahúsinu Hrafninum, Skipholti 37.

5. Nr. 2596412, kr. 5.000,00, dagsettur 11. apríl. Ákærðu notuðu tékkann í söluturninum Vesturgötu 27.

II.

Gegn ákærða Sighvati Andréssyni einum er málið höfðað fyrir að falsa í janúarmánuði 2 tékka á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en ákærði notaði nafn útgefanda Ingibjörg H. Þorsteinsdóttir, reikningsnúmer 15948 og gaf tékkana báða út 25. janúar til handhafa. Þeir eru á eyðublöðum nr. 3728539 og 3728550 og fékk ákærði

félaga sinn til að koma þeim báðum í verð í sælgætisversluninni Candís, Eddufelli 6.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

I.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Um miðjan aprílmánuð sl. komst ákærði Sighvatur yfir eyðublöð úr tékkhefti Harðar Karlssonar, Grjótgarði, Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði, frá Sparisjóði Hafnarfjarðar ásamt bankakorti og ökuskírteini Harðar, er báðir voru gestkomandi á Gistiheimilinu við Brautarholt 22 hér í borg. Hann útfyllti framhlið 5 tékkaeyðublaðanna, samtals að fjárhæð kr. 152.000,00, og gaf þá út í nafni Harðar Karlssonar og ritaði undir það nafnnúmer hans. Hann hafði nafnskírteini Harðar til hliðsjónar við útfyllingu tékkanna og henti því svo. Tékkunum er rétt lýst að allri gerð í I. kafla ákæru.

Ákærði Sighvatur fékk meðákærða X til að selja fyrir sig framangreinda tékka, en beið á meðan í bifreið fyrir utan þá staði þar sem þeir voru seldir. Hefur Sighvatur borið að X hafi verið það fullkunnugt að tékkarnir voru falsaðir.

Ákærði X framseldi tékkann í 2. lið að fjárhæð kr. 69.000,00 með eigin nafni. Seldi hann tékkann í Iðnaðarbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, þann 12. apríl. Um leið stofnaði hann þar sparisjóðsbók nr. 29999 og lagði inn á hana kr. 55.000,00 af andvirði tékkans, en mismuninn fékk hann greiddan í peningum. Samdægurs fór hann í Iðnaðarbankann í Hafnarfirði og tók út úr sparisjóðsbókinni kr. 50.000,00. Daginn eftir fór ákærði á ný í Iðnaðarbankann í Breiðholti og seldi þar og framseldi með sínu nafni tékkann í 2. lið að fjárhæð kr. 68.000,00. Lagði hann kr. 50.000,00 inn á framangreinda sparisjóðsbók af andvirði tékkans, en fékk mismuninn, kr. 18.000,00, greiddan í peningum. Þessu næst fór hann rakleiðis í Iðnaðarbankann í Hafnarfirði og hugðist taka út úr bókinni þær 50.000,00 krónur sem hann hafði lagt inn, en var neitað um það þar sem óljóst var hvort innistæða væri næg á reikningnum. Þennan sama dag fór hann í aðalbanka Iðnaðarbankans og tók út úr bókinni kr. 5.000,00. Þá gaf X Bergþóru Eggertsdóttur skriflega heimild til að taka kr. 30.000,00 út úr bókinni, er Bergþóra falaðist eftir því er hún komst að raun um að hann átti innistæðu á sparisjóðsreikningum, en X skuldaði henni peninga sem hún hafði árangurslaust beðið hann að endurgreiða. Er Bergþóra hugðist taka peningana út af bókinni var henni neitað um þá úttekt af fyrrgreindri ástæðu.

Ákærði X framseldi með eigin nafni tékkana í 3. og 5. lið og seldi þá ásamt tékkanum í 4. lið á þeim stöðum sem þar er getið. Voru ákærðu

saman við sölu tékkanna og nutu saman góðs af þeim vörum og veitingum sem fyrir þá fengust.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði X hafa vitað að meðákærði Sighvatur hefði stolið ofangreindum tékkaeyðublöðum að Brautarholti 22 og útfyllt þau og hann því vitað að ofangreindir 5 tékkar voru falsaðir er hann seldi þá. Fyrir dómi bar X hins vegar á þann veg að honum hafi ekki verið þetta kunnugt, heldur hafi Sighvatur borið því við er hann bað hann að selja tékkana að hann hefði ekki skilríki og gæti því ekki selt tékkana. Honum hafi að vísu mátt vera ljóst að tékkarnir voru falsaðir eins og í pottinn var búið og þar sem hann vissi að meðákærði var afbrotamaður.

Með játningu beggja ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, telst sannað að þeir stóðu saman að sölu hinna 5 fölsuðu tékka. Með hliðsjón af framburði ákærðu og ef litið er til þess með hvaða hætti staðið var að sölu tékkanna í 1. og 2. lið og úttektum af sparisjóðsbók þeirri, sem ákærði X stofnaði um leið og fyrri tékkinn var seldur, hlaut ákærða X að vera ljóst að tékkarnir voru falsaðir er hann seldi þá.

Varðar framangreind sala ákærðu á ofangreindum 5 tékkum við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Matvöruverslun B. Baldurssonar, Þingholtsbraut 52, Kópavogi, hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur hinum seku að fjárhæð kr. 5.000,00 ásamt hæstu leyfilegum vöxtum. Ákærðu hafa báðir samþykkt að greiða kröfuna og verða þeir dæmdir til að greiða höfuðstól hennar ásamt almennum vöxtum frá 11. apríl 1988 til greiðsludags.

Aðrir hafa ekki lagt fram bótakröfur vegna hinna fjögurra tékkanna, enda liggja þeir frammi í ljósriti.

II.

Miðvikudaginn 26. janúar sl. fékk ákærði Sighvatur Andrésson Pétur Ómar Pétursson til að selja fyrir sig tvo tékka úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, en eyðublöðunum hafði hann stolið úr tékkhefti eigandans, sem var gestkomandi í sömu íbúð og ákærði að Fannarfelli 10. Ákærði gaf tékkana út í nafni eiganda heftisins, Ingibjargar H. Þorsteinsdóttur, og ritaði einnig undir þá nafnnúmer hennar. Tékkarnir eru gefnir út til handhafa þann 25. janúar 1988 á eyðublöð nr. 3728539 að fjárhæð kr. 4.000,00 og nr. 3728550 að fjárhæð kr. 5.500,00. Pétur Ómar seldi báða tékkana að kvöldi 26. janúar í versluninni Candís, Eddufelli 6. Hann keypti vindlingapakka við sölu fyrri tékkans, en fór með hann ásamt peningunum sem fengust til baka í íbúðina að Fannarfelli 10 og afhenti ákærða. Skömmu síðar sama kvöld fóru ákærði og Pétur Ómar í leigubifreið að sömu verslun. Bað ákærði Pétur Ómar að skipta síðargreinda tékkanum

þar, sem hann og gerði. Afgreiðslumanninn grunaði að ekki væri allt með felldu þegar hann hafði skipt tékkanum og áttað sig á því að Pétur Ómar hafði selt annan tékka fyrr um kvöldið. Fór hann því út á eftir Pétri Ómari og náði honum í leigubifreiðinni. Krafði hann Pétur Ómar um peninga þá sem hann fékk fyrir tékkann, en Pétur Ómar benti þá á ákærða og kvað hann hafa peningana. Fékk afgreiðslumaðurinn kr. 3.900,00 af peningunum hjá ákærða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Pétur Ómar er ekki ákærður fyrir þátt sinn í málinu.

Í ákæru er hvorki getið upphæðar framangreindra tveggja tékka né við hvaða refsiákvæði ákærði hefur gerst brotlegur. Annmarkar þessir koma ekki í veg fyrir að dómur verði lagður á þetta ákæruefni, sbr. 3. mgr. 118. gr. l. nr. 74/1974.

Verslunin Candís, Eddufelli 6, hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur útgefanda eða framseljanda tékkanna að fjárhæð kr. 5.600,00 ásamt dómvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags. Ákærði hefur fallist á að greiða kröfuna og verður hann dæmdur til að greiða höfuðstól hennar ásamt almennum vöxtum frá 26. janúar 1988.

III.

Sakaferill ákærðu:

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sighvats hefur hann á árunum 1966-1987 hlotið 33 refsidóma, samtals fangelsi í 6 ár og 5 mánuði og 50 daga varðhald, aðallega fyrir þjófnað, skjalafals og ölvun við akstur. Síðast hlaut ákærði dóm þann 2. júlí 1987, 30 daga fangelsi fyrir réttindaleysi við akstur, en á árunum 1985 og 1986 hlaut hann 5 refsidóma, þar af 3 fyrir skjalafals og 1 fyrir fjársvik.

Ákærðu eru báðir síbrotamenn og verður refsing þeirra ákveðin með hliðsjón af 72., 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákærða X einnig með hliðsjón af 78. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærðu beggja hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Þá eru ákærðu dæmdir til að greiða sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærðu, X og Sighvatur Andrésson, sæti hvor um sig 6 mánaða fangelsi.

Ákærðu X og Sighvatur greiði óskipt Matvöruverslun B. Baldurs-

sonar, Þingholtsbraut 21, Kópavogi, kr. 5.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 11. apríl 1988 til greiðsludags. Ákærði Sighvatur greiði versluninni Candís, Eddufelli 6, kr. 5.600,00 ásamt almennum vöxtum frá 26. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 39/1988. **Hörður Harðarson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Íslensk-tékkneska verslunarfélaginu
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Lausafjárkaup. Ábyrgðarskírteini. Galli. Lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988, krefst þess að stefnda verði dæmt til að greiða honum 25.872,00 krónur. Af þessari fjárhæð krefst hann ársvaxta sem hér segir: 24% frá 1. janúar 1985 til 1. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 7. október 1986 og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar. Til vara krefst áfrýjandi 12.936,00 króna með vöxtum eins og í aðalkröfu svo og málskostnaðar.

Hið stefnda hlutafélag krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Skilmálar ábyrgðaryfirlýsingar þeirrar, sem deilt er um í málinu, eru svohljóðandi:

„Með skírteini þessu er vélarkaupanda veitt ábyrgð, sem tekur til verksmiðju- og/eða efnisgalla í tækinu, skv. eftirfarandi skilgreiningu:

Ábyrgðin miðast við allt að 12 mánuði frá afhendingardegi, en fellur úr gildi eftir að 1200 vinnustundum er náð. — Ábyrgðin tekur þá og því aðeins gildi að kaupandi, — eða móttakandi fyrir hans hönd, — staðfesti þessa skilmála með undirskrift sinni á meðfylgjandi móttökukvittun og endursendi hana seljanda tafarlaust.

Vélarhlutir sem reynast gallaðir og ábyrgðin nær til, bætast með nýjum hlutum eða viðgerð eftir ákvörðun seljanda. Bótagreiðsla af hálfu seljanda er innt af hendi eftir á, þegar gallaðir vélahlutir hafa verið mótteknir frá vélareiganda.

Vinna við ísetningu varahluta eða viðgerðir skal framkvæmd í dagvinnu á verkstæði sem aðalumboð ákveður. Aðalumboð gerir upp kostnað við verkstæði beint, enda hafi fullar upplýsingar verkstæðis og vélareiganda um bilunina verið sendar skriflega aðalumboði.

Flutnings- og ferðakostnaður innanlands vegna vélar, vélarhluta eða viðgerðarmanna er undanþeginn greiðsluskyldu.

Ábyrgð á hjólbörðum, slöngum, vökvaþrýstislöngum og rafgeymum takmarkast við mat framleiðanda eða umboðsmanns hans hér á landi.

Önnur ábyrgð er ekki veitt né bætur greiddar vegna vinnutaps eða annarra afleiðinga af vélarbilun.

Ábyrgð þessi nær hvorki til bilana er verða vegna eðlilegs slits, misnotkunar, vanhirðingar eða vanrækslu gagnvart bilun á byrjunarstigi né rofinna verksmiðjuinnsigla.

Bætur vegna bilana eru háðar því skilyrði, að bilun hafi verið tilkynnt aðalumboðsmanni tafarlaust er hennar varð fyrst vart, og að farið hafi verið í öllu eftir fyrirmælum hans um athugun og viðgerð.

Aðalumboðsmaður f.h. framleiðanda áskilur sér rétt til tæknilegra breytinga og endurbóta á einstökum vélum án skuldbindinga um hliðstæðar aðgerðir á öðrum vélum.

Ábyrgð þessi gildir gagnvart fyrsta kaupanda. Við endursölu fellur ábyrgðin niður, nema gefið sé út nýtt ábyrgðarskírteini á nafn hins nýja eiganda.“

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að skýra beri 29. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þannig að óheimilt hafi verið að setja í ábyrgðaryfirlýsinguna ákvæði um að áfrýjandi ætti að greiða hinn umdeilda flutningskostnað. Sé ákvæðið ekki skuldbindandi fyrir hann. Þá telur áfrýjandi að almennar reglur um bætur innan samninga leiði til þess að hið stefnda hlutafélag eigi að greiða þennan kostnað.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að 29. gr. laga nr. 56/1978 hafi ekki áhrif á gildi kaupsamnings aðila. Fyrir liggi ábyrgðaryfirlýsing sem sé gild að íslenskum rétti og víki til hliðar ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. 1. gr. laganna. Sé stefnda óskylt að greiða kröfu áfrýjanda eftir ótvíræðum orðum yfirlýsingarinnar.

Fallast ber á það með áfrýjanda að stefnda beri að greiða hinn umdeilda kostnað ef beitt er bótaákvæðum laga nr. 39/1922 en ekki ábyrgðaryfirlýsingunni.

Í héraðsdómi kemur fram vafi um það hvernig skýra beri 29. gr. laga nr. 56/1978. Almennar reglur um skýringu undantekningarákvæða og ýmis lögskýringargögn eru í dóminum talin benda til þess að rétt sé að beita þröngri skýringu.

Þess er að gæta að orðalag þessa ákvæðis gefur ekki tilefni til verulegs vafa í máli því, sem hér er til úrlausnar. Orðalagið felur í sér að meta verður hvort ábyrgðaryfirlýsing stefnda sé með þeim hætti að réttur áfrýjanda yrði betri, ef beitt væri almennum reglum, en hann er samkvæmt yfirlýsingunni. Er ekki ástæða til að víkja frá orðum lagaákvæðisins á grundvelli áðurgreindra lögskýringarsjónarmiða og gagna.

Þegar ábyrgðarskilmálarnir eru virtir í heild er ljóst að þeir veita kaupanda ekki betri rétt en hann á gagnvart seljanda samkvæmt reglum laga nr. 39/1922. Ákvæði 29. gr. laga nr. 56/1978 er í samræmi við almenn viðhorf um lagavernd kaupanda og neytendavernd, svo og það viðhorf sem markar samningsrétt hér á landi eftir breytingu þá á lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem gerð var með 6. gr. laga nr. 11/1986. Samkvæmt þessu ber að líta svo á að hið umdeilda ákvæði í ábyrgðaryfirlýsingunni, sem stefnda gaf út í janúar 1984, sé ógilt gagnvart áfrýjanda.

Byggja verður á þeirri skýrslu áfrýjanda, sem ekki hefur verið

hnekkt, að menn sem störfuðu á vegum hins stefnda félags hafi ákveðið að við dráttarvélina yrði gert í Reykjavík. Ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð sem hann krefst í aðalkröfu sinni ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, Íslensk-tékkneska verslunarfélagið hf., greiði áfrýjanda, Herði Harðarsyni, 25.872,00 krónur auk ársvaxta af þessari fjárhæð sem hér segir: 24% frá 1. janúar 1985 til 1. maí s.á., síðan 22% til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 7. október s.á., síðan dómvexti til 14. apríl 1987 og síðan hæstu innlánsvexti lánastofnana á hverjum tíma til greiðsludags. Þá greiði stefnda áfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Herði Harðarsyni, nnr. 4470-1677, Laxárdal, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, gegn Íslensk-tékkneska verslunarfélaginu hf., nnr. 4832-3308, Lágmúla 5, Reykjavík, með stefnu þingfestri 7. október 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.872,00 en til vara kr. 12.936,00 auk 24% ársvaxta frá 1. janúar 1985 til 1. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá gerir stefnandi kröfu til málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í ársbyrjun 1984 hafi hann keypt Zetor dráttarvél af stefnda. Þegar heyskapur stóð sem hæst um mitt sumar hafi dráttarvélin bilað. Haft hafi verið samband við umboðið, stefnda í máli þessu, þar sem vélin var í ábyrgð. Starfsmaður stefnda hafi talið að viðamikla viðgerð þyrfti að gera og því nauðsynlegt að komið yrði með vélina til Reykjavíkur. Við skoðun hafi komið í ljós að brotnað hafði upp úr tannhjóli. Nauðsynlegir varahlutir hafi þá ekki verið til hjá umboðinu og hafi verið gert við vélina til bráðabirgða, en forráðamenn stefnda hafi tekið fram að þessi viðgerð væri alfarið á þeirra ábyrgð. Stefnandi hafi krafist þess hins vegar að fá aðra og ógallaða vél. Stefndi hafi synjað þeirri ósk og framkvæmt viðgerðina. Þegar varahlutirnir voru komnir til stefnda hafi dráttarvélin verið send aftur til umboðsins þar sem endanleg viðgerð hafi verið framkvæmd. Stefnandi búi í rúmlega 200 km fjarlægð frá Reykjavík og því töluverður kostnaður því samfara að flytja vélina til Reykjavíkur. Stefndi hafi neitað að greiða flutningskostnað vegna viðgerðar en framkvæmt viðgerð stefnanda að kostnaðarlausu.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi fest kaup á dráttarvél hjá stefnda í janúar 1984. Hafi honum þá verið afhentir ábyrgðarskilmálar fyrirtækisins, en þar sé tekið fram að stefndi ábyrgist verksmiðju- og/eða efnisgalla á tækinu í allt að 12 mánuði frá afhendingardegi. Fram hafi komið alvarlegur galli í tækinu nokkrum mánuðum síðar, sem stefndi hafi viðurkennt að hann beri fulla ábyrgð á en hafi neitað greiðslu flutningskostnaðar vegna flutnings tækisins á viðgerðarstað og til baka og borið fyrir sig ákvæði í ábyrgðarskilmálum þar um. Stefnandi telur að samkvæmt almennum bótareglum, svo og ákvæðum 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, beri stefnda að bæta sér allt tjón vegna framkominna galla, þ.m.t. flutningskostnað. Einnig byggir stefnandi í þessu sambandi á ákvæðum 29. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en í því lagaákvæði sé beinlínis tekið fram að óheimilt sé að gefa út ábyrgðarskilmála sem gefa ekki kaupanda betri rétt en hann ætti samkvæmt gildandi lögum. Af framangreindum ástæðum telur stefnandi að ákvæði í ábyrgðarskilmálum þess efnis að flutnings- og ferðakostnaður greiðist ekki, sé ógilt.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því að vélin hafi tvívegis þurft að koma til viðgerðar vegna þess að nauðsynlegir varahlutir hafi ekki verið fyrir hendi í fyrra skiptið. Telur stefnandi það alfarið vera á ábyrgð stefnda að þessi aukakostnaður lagðist á.

Af hálfu stefnda er tekið fram að brotnað hafi tannhjól í dráttarvél stefnanda um mitt sumar 1984 og hafi hún þá verið send til stefnda sem gert hafi við vélina stefnanda að kostnaðarlausu. Ekki sé vitað annað en

viðgerðin hafi verið fullnægjandi, en til þess að gera viðskiptavininn ánægðari hafi verið pantaðir nýir varahlutir og ný tannhjól látin í vélina í októbermánuði um haustið. Ekki sé vitað annað en vélin hafi verið í fullri notkun og sýnt full afköst eftir að viðgerðin fór fram í ágústmánuði 1984. Varðandi málsástæður stefnanda skv. 29. gr. laga 56/1978 byggir stefndi á því að það sé enginn vafi að með ábyrgðaryfirlýsingunni sé kaupanda veittur betri réttur en lög gera ráð fyrir og vitnar þar aðallega til 52. gr., sbr. 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni sé kaupanda skilyrðislaust veittur réttur til bóta á árstímabili, hvort sem hann hefur tilkynnt um bilun án ástæðulauss dráttar eða ekki. Á hinn bóginn sé ákvæði 54. gr. kaupalaganna hámarksákvæði um ábyrgðartíma, tengt ströngum reglum um tilkynningarskyldu o.s.frv. Það megi því vera ljóst að ábyrgðaryfirlýsingin haldi fullu gildi, enda óeðlilegt að hægt væri að byggja á sumum ákvæðum hennar en hafna öðrum.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, sem fram koma í 1. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, að ákvæðum þeirra laga skuli þá aðeins beita er ekkert annað sé um samið berum orðum. Í ábyrgðarskírteininu sem stefnandi hafi kvittað fyrir að hafa móttekið og kynnt sér efni skilmálanna sé beinum orðum tekið fram og um það samið að seljandi greiði ekki flutnings- og ferðakostnað innanlands vegna vélar, vélarhluta eða viðgerðarmanna. Þannig hafi orðið um það frjálst samkomulag sem sé fullkomlega heimilt samkvæmt íslenskum lögum og réttarvenjum.

Stefndi telur augljóst samkvæmt kaupalögum og öðrum reglum um skaðabætur að flutningskostnaður stórra tækja á milli landshorna á kostnað seljanda vegna smávægilegra galla, sem fram kynnu að koma í seldri vöru, nái út fyrir allar skaðabótareglur. Þar við bætist reglur þær sem settar séu í kaupalögunum. Þær séu miðaðar við galla sem komi fram eftir langtímanotkun. Það sé því hvort tveggja að seljandi hafi undanskilið sig ábyrgð á þessum göllum, sem hér um ræði, og það sé fullkomlega viðurkennt með undirskrift kaupanda, auk þess sem almennar skaðabótareglur nái ekki yfir flutningskostnað í þeim tilfellum sem hér sé um deilt. Stefnandi hafi sjálfur falið verkstæði stefnda að framkvæma viðgerð og síðar að skipta um tannhjól. Hvort tveggja hafi verið auðvelt að fá gert á verkstæðum sem liggja mun nær heimili stefnanda og þannig sparist verulegur kostnaðarauki við langflutninga. Jafnvel þótt talið yrði að stefndi ætti að greiða flutningskostnað (sem umsamið var að hann gerði ekki) þá sé auðsætt að hann hefði heldur kosið að greiða flutningskostnað á næsta verkstæði, t.d. Túnsbergi, Iðu eða Selfossi, sem að sjálfsögðu sé aðeins brot af flutningskostnaði til Reykjavíkur. Þannig bæri skýlaust að lækka dómkröfurnar.

Stefnandi Hörður Harðarson hefur gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu, en aðrir ekki.

III.

Svo sem fram er komið var dráttarvél stefnanda tvívegis send til viðgerðar hjá stefnda árið 1984 vegna bilunar sem stefndi bar ábyrgð á samkvæmt ábyrgðarskírteini því sem um kaup aðila gilti. Viðgerð var framkvæmd stefnanda að kostnaðarlausu, en í máli þessu er um það deilt hvort stefnandi eigi rétt á því að fá endurgreiddan úr hendi stefnda útlagðan kostnað við flutning dráttarvélarinnar á viðgerðarstað.

Í greindu ábyrgðarskírteini, sem stefnandi tók við og staðfesti með undirskrift sinni, er svofellt ákvæði: „Flutnings- og ferðakostnaður innanlands vegna vélar, varahluta eða viðgerðarmanna er undanþegin greiðsluskyldu." Af hálfu stefnanda er á því byggt að tilvitnað ákvæði ábyrgðarskilmála sé ógilt þar sem ákvæðið brjóti í bága við 29. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem hljóðar svo:

„Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum."

Lagagrein þessi er í V. kafla laganna sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Í athugasemdum þeim sem fylgdu lagafrumvarpi þessu er það var lagt fram á Alþingi er m.a. tekið fram varðandi greint ákvæði 29. gr. að þessari grein sé ætlað það hlutverk að tryggja í lögum lágmarksrétt sem svarar til hinna frávíkjanlegu reglna kaupalaganna. Af athugasemdum þessum verður ráðið að hér sé einkum átt við ákvæði 54. gr. laga 39/1922 um ábyrgðartíma vara. Í framsögu flutningsmanns lagafrumvarpsins á Alþingi, þáverandi viðskiptaráðherra, segir svo orðrétt um lagaboð þetta: „Reglur 29. gr. um ábyrgðaryfirlýsingar leiða í reynd til þess, að óheimilt verður að semja um skemmri ábyrgðartíma en þann sem kveðið er á um í hinum frávíkjanlegu reglum kaupalaganna. Hér er um að ræða að kaupandi verður innan eins árs eftir að hann fékk söluhlut í hendur að bera fyrir sig galla á honum. Í viðskiptalífinu hefur talsvert eða jafnvel mikið borið á því að seljendur semji sig undan þessum ábyrgðartíma og ákveði hann miklu skemmri, bæði með sjálfstæðum ábyrgðaryfirlýsingum og yfirlýsingum sem eru þáttur í stöðluðum samningsskilmálum sem kaupendur eru látnir samþykkja."

Lögskýringargögn þessi benda eindregið til þess að ætlan löggjafans hafi verið sú að gildissvið ákvæðis 29. gr. laga 56/1978 yrði mun takmarkaðra en greinin sjálf gefur til kynna samkvæmt orðanna hljóðan. Þegar þetta er virt, en einnig það að lagaákvæði þetta ber einnig að skýra þröngt sem einstaka undantekningu frá meginreglunni um samningsfrelsi aðila, þá þykir ekki unnt að fallast á þá málsástæðu stefnanda að lagaboð þetta ógildi fyrrnefnt ákvæði ábyrgðarskírteinis sem undanþiggur stefnda greiðsluskyldu vegna flutnings- og ferðakostnaðar, sem og stefnandi hafði undirgengist. Ber því að hafna aðalkröfu stefnanda um endurgreiðslu flutningskostnaðar.

Að því er varðar varakröfu stefnanda um greiðslu helmings flutningskostnaðar, þá verður sú krafa heldur ekki tekin til greina þar sem stefnandi gerði engar athugasemdir við það að viðgerð færi tvívegis fram í Reykjavík, þótt honum mætti vera ljóst að hann yrði sjálfur að bera flutningskostnað samkvæmt skilmálum ábyrgðarskírteinis.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslensk-tékkneska verslunarfélagið hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Harðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 320/1987. **Óskar Mikaelsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og gagnsök

Uppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjunarstefna í máli þessu var tekin út 13. nóvember 1987 til þingfestingar í Hæstarétti 1. febrúar 1988. Ljósrit hennar var lagt fram á uppboðsþingi 16. nóvember 1987 þar sem lögmaður gagnáfrýjanda var mættur. Frumrit stefnunnar er sagt glatað en lögmaður gagnáfrýjanda áritaði staðfest ljósrit hennar um birtingu 29. janúar 1988. Gagnáfrýjunarstefna var tekin út 14. desember 1987

til þingfestingar 11. janúar 1988 og í henni vísað til heimildar 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Aðaláfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður og öll meðferð uppboðsréttar Garðakaupstaðar vegna fasteignarinnar Espilundur 10 í Garðabæ verði ómerkt og málinu vísað frá uppboðsrétti. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Til þrautavara gerir hann þá kröfu að þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Espilundur 10 í Garðakaupstað fari ekki fram nema að undangenginni löglegri auglýsingu og tilkynningu til sín. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að gagnsök verði vísað frá Hæstarétti og málskostnaðar sér til handa.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðalsök verði vísað frá Hæstarétti og hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur með þeirri breytingu að lagt verði fyrir uppboðshaldara að halda þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Espilundi 10 í Garðabæ eins fljótt og unnt er. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 4. október 1985 krafðist Landsbanki Íslands uppboðs fasteignarinnar að Espilundi 10 í Garðakaupstað til lúkningar á skuld við veðdeild bankans. Síðar óskaði bankinn uppboðs vegna annarra skulda við veðdeildina og vegna skuldar við Byggingasjóð ríkisins. Er hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp höfðu ennfremur ýmsir aðrir óskað uppboðs á eigninni, þar á meðal gagnáfrýjandi, og uppboðsbeiðnir þeirra verið lagðar fram í uppboðsrétti.

Að undangengnum auglýsingum í Lögbirtingablaði var uppboðsmálið þingfest hinn 9. maí 1986. Á þessum tíma var Ólafur Ragnarsson þinglesinn eigandi eignarinnar. Var honum tilkynnt um uppboðsbeiðni bankans og fyrirtekt uppboðsins með ábyrgðarbréfi. Aðaláfrýjandi hafði hins vegar eignast fasteignina samkvæmt afsali 21. október 1985, sem þinglýst var 27. mars 1987. Hinn 13. júní 1986 var málið næst tekið fyrir. Þá var lögð fram uppboðsbeiðni Gjaldheimtunnar í Garðabæ og afrit tilkynningar til aðaláfrýjanda um hana og þessa fyrirtekt málsins. Mætt var fyrir uppboðsbeiðanda og aðra kröfuhafa en ekki af hálfu gagnáfrýjanda. Bókað var:

„Sala. 21.10.86, kl. 13:00." Málinu var enn frestað nokkrum sinnum. Fyrsta uppboð fór fram 16. febrúar 1987. Ákveðið var að halda annað uppboð, er fór fram 15. september 1987. Bókað var: „Eitt boð kom fram frá Pétri Kjerúlf hdl. f.h. Sveins Skúlasonar kr. 1.500.000,00. Valgarður Sigurðsson hdl. krefst þriðju og síðustu sölu og var hún ákveðin 12. október 1987, kl. 16.30." Þann dag var uppboðsréttur settur að Espilundi 10 í Garðakaupstað. Um það sem þá gerðist var bókað að loknum venjulegum inngangi:

„Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Guðjón Steingrímsson, hrl. vegna Vélsmiðju Hafnarfjarðar á þriðja veðrétti; Sveinn Skúlason, hdl. vegna Helgu Skarphéðinsdóttur og Sigríðar Óskar Þórisdóttur, Bragi Björnsson, hdl. vegna Veðdeildar Landsbanka Íslands og Guðjón Friðriksson, hdl. vegna Gjaldheimtunnar í Garðakaupstað. Af hálfu þinglýsts eiganda skv. heimildarbréfi dags. 21.10. 1985 þinglýstu 27.3.1987 Óskars Mikaelssonar mætir Kristján Stefánsson hdl. og mótmælir framgangi uppboðsins með vísan til 22. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, þar eð umbjóðandi hans hafi ekki fengið sendar tilkynningar um uppboðið. Krefst hann hafningar uppboðsmálsins.

Guðjón Steingrímsson hrl. mótmælir því að málið verði hafið.

Munnlegur málflutningur ákveðst um ágreiningsefnið fimmtudaginn 22. þ.m. kl. 13:30."

Málið var því næst tekið fyrir í uppboðsrétti Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 22. sama mánaðar, er haldinn var af Má Péturssyni bæjarfógeta. Þá var meðal annars eftirfarandi bókað:

„Mættur er af hálfu Vélsmiðju Hafnarfjarðar Guðjón Steingrímsson hrl. en Guðjón Friðriksson hdl. mætir fyrir Gjaldheimtuna í Garðabæ. Af hálfu uppboðsþola er ekki mætt.

Uppboðshaldari hefur kannað rekstur málsins í uppboðsbókum:

Þingfesting fór fram 9.5.86, og málinu þá frestað til 13.6.86. Þann dag, 13.6.86 var sala ákveðin og síðan auglýst og söluþing sett 21.10.86, en þann dag var sölu enn frestað til 24.11. sama ár, og þann dag frestað utan réttar til 9.12. sama ár og málinu þá enn frestað til sölu 16.2.87, og fór fyrsta sala þá fram.

Á söluþingi þann dag voru lagðar fram sem dómskjöl nr. 67, 70, 73 og 76, tilkynningar til Óskars Mikaelssonar núverandi þingl. eiganda eignarinnar. Ákveðið var að halda annað og síðara uppboð

eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara, sem ákvað að það skyldi haldið 20. maí sama ár, og voru Óskari Mikaelssyni sendar tilkynningar þar um. Þann dag, 20.5. var málinu frestað utan réttar vegna forfalla uppboðshaldara til næsta dags 21.5. og sölu þá enn frestað til 15.9.87. Með tilk. dags. 24.6.87 á dskj. nr. 114 og 117 var Óskari Mikaelssyni tilkynnt um söluþingið hinn 15.9.87. Þann dag fór önnur sala fram. Ekki var mætt af hálfu uppboðsþola. Við lok dómþingsins var bókað að ákveðið væri að þriðja og síðasta sala færi fram hinn 12. okt. 87. Samkv. framansögðum gangi málsins og þar sem ekki verður annað séð en að mótmæli lögmanns uppboðsþola séu byggð á þeim misskilningi að tilkynningar til umbjóðanda hans hafi ekki verið lögmætar kveður uppboðshaldari upp svofelldan

ÚRSKURÐ

Hið umbeðna þriðja og síðasta uppboð á að fara fram mánudaginn 16. nóvember 1987, kl. 13:30."

Uppboðsþing var háð 16. nóvember 1987. Var þá sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda, gagnáfrýjanda, hæstbjóðanda, Helgu Skarphéðinsdóttur, Sigríðar Óskar Þórisdóttur, Gjaldheimtunnar í Garðakaupstað, Brunabótafélags Íslands og Byggingasjóðs ríkisins. Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing. Uppboðshaldari lagði fram ljósrit áfrýjunarstefnu og frestaði uppboðinu ex officio með úrskurði í því þinghaldi.

II.

Auk uppboðsbeiðanda og gagnáfrýjanda höfðu m.a. óskað uppboðs á fasteigninni Brunabótafélag Íslands, Byggingasjóður ríkisins, Gjaldheimtan í Garðabæ, Prentmyndastofan hf., Otto B. Arnar umboðsverslun, Teppabúðin, Samvinnuferðir-Landsýn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf., Ríkisútvarpið, Pétur Björnsson, Verslunin Álfaskeið, Sigríður Ósk Þórisdóttir og Helga Skarphéðinsdóttir. Á öðru uppboði hinn 15. september 1987 voru af hálfu lögmanns hinna tveggja síðasttöldu boðnar 1.500.000,00 krónur í eignina. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að uppboðsbeiðandi eða ofangreindir kröfuhafar hafi afturkallað uppboðsbeiðnir sínar. Á uppboðsþingi 12. október 1987 krafðist lögmaður aðaláfrýjanda hafningar uppboðsmálsins. Andmæli við þessari kröfu aðaláfrýjanda eru bókuð eftir lögmanni gagnáfrýjanda einum. Af því verður ekki

dregin sú ályktun, að uppboðsbeiðandi eða aðrir kröfuhafar hafi fallist á kröfu lögmanns aðaláfrýjanda um hafningu uppboðsmálsins. Skiptir í þessu sambandi ekki máli, að ekki sóttu þeir allir þing, er munnlegur málflutningur um kröfu aðaláfrýjanda átti að fara fram 22. október 1987 og hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp. Eru þeir því aðilar uppboðsins í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Efnisdómur um uppboðið myndi og binda þá. Þeim hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa aðalsök frá Hæstarétti.

III.

Skýra ber ákvæði 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 svo, að sá fjögurra vikna frestur til gagnáfrýjunar sem þar er veittur miðist við það tímamark, er lögmaður gagnáfrýjanda fékk vitneskju um áfrýjun aðalsakar á uppboðsþingi 16. nóvember 1987. Samkvæmt því hefur gagnáfrýjunarstefna verið tekin út innan gagnáfrýjunarfrests. Gagnáfrýjandi hefur stefnt aðaláfrýjanda einum. Áfrýjun hans er því með sama annmarka og áfrýjun aðaláfrýjanda og ber að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá Hæstarétti.

IV.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Meðferð þessa uppboðsmáls í héraði er ekki gallalaus. Hvorki frumrit né myndrit veðskuldabréfa þeirra, sem Landsbanki Íslands reisir uppboðskröfur sínar á, hafa verið lögð fram í málinu og hafa frumrit þeirra ekki verið sýnd uppboðshaldara. Fulltrúar við embætti uppboðshaldara mættu þrisvar af hálfu uppboðsbeiðenda við fyrirtekt málsins og hafði einn þeirra gegnt starfi uppboðshaldara við þingfestingu málsins og fyrstu fyrirtekt þess eftir það. Þingsókn þessara dómarafulltrúa var óviðeigandi og andstæð reglum nr. 32 10. febrúar 1971 um málflytjendastörf manna í opinberu starfi. Uppboðshaldari tryggði sér ekki sönnun um tilkynningar sínar til aðaláfrýjanda um framkomnar uppboðskröfur og fyrirtektir uppboðsmálsins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. mars 1989.

Nr. 4/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Gíslasyni

Kærumál. Dómsátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. janúar sl., sem barst Hæstarétti 5. s.m. Hann krefst þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 27. febrúar sl. kynnti héraðsdómari varnaraðila framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Varnaraðili gerði engar athugasemdir við fram komna kæru. Var endurrit úr sakadómsbókinni sent Hæstarétti 28. febrúar sl.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Akraness 28. desember 1988. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna ölvunar við akstur. Jafnframt sættist hann á ökuleyfissviptingu í 3 ár.

Hinn 28. júní 1986 var varnaraðila með dómsátt gert að ljúka ölvunarakstursbroti með greiðslu sektar og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði. Þar sem varnaraðili var þá ekki orðinn 18 ára á það brot ekki að hafa ítrekunaráhrif á síðara brot samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í hinni kærðu sátt bar því að vitna til 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Lágmarksökuleyfissvipting samkvæmt þessu ákvæði er eitt ár og ekki ástæða til lengri sviptingartíma þar sem brot varnaraðila er ekki ítrekað. Dómsáttin fær því ekki staðist að þessu leyti og er sviptingartíminn of langur. Ber að fella sáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Akraness 28. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28.12., er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Jóni Vilberg Guðjónssyni fulltrúa bæjarfógeta ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Mál 259/88. Kæra á hendur Jóhanni Gíslasyni, kt. 200369-5809, Suðurgötu 38, fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: 1. lögregluskýrslu, 2. varðstjóraskýrslu, 3. framburðarskýrslu, 4. blóðtökuvottorð, 5. alkóhólniðurst.

Kl. 11.30 kemur í dóminn kærði: Nafn: Jóhann Gíslason. Staða: sjómaður. Heimili: Suðurgötu 38. Fæðingardagur: 200369-5809. Fæðingarstaður: Akranes.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt: að hafa hinn 16.4. 1988 ekið bifr. E-3373 undir áhrifum áfengis um götur Akraness.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,97‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig að hann fallist á að greiða kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 36 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga en brot hans þykir efnislega varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr. sbr. 3. mgr. 102. gr. umfl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1. mars 1989 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað kr. 3.739,00 fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 28.12.1988. Ökuskírteini ekki meðferðis.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Miðvikudaginn 8. mars 1989.

Nr. 201/1988. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

M

(Örn Clausen hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1988 til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar.

Fyrir Hæstarétti var málið samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála reifað með hliðsjón af því, hvort verknaður ákærða varðaði við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í heild, sbr. 204. gr. sömu laga.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hinn 8. febrúar 1986 haft samræði við X. Niðurstöður þeirra sérfræðinga sem gefið hafa álit um þroska hennar eru raktar í héraðsdómi. Af gögnum málsins verður ráðið að hún hafi ekki haft andlegan þroska til að sporna við samræðinu.

Ákærði er 42 árum eldri en X. Fyrir dómi skýrði hann svo frá, að hann hefði „hitt stúlkuna tvisvar sinnum í sömu vikunni og atburðurinn varð, en þá afgreiddi hún hann með bensín. .... Í fyrra skiptið höfðu þau ekki rætt mikið saman en í seinna skiptið hafi stúlkan beðið hann að hinkra á meðan hún afgreiddi næsta bíl á eftir ákærða. Hún hafi svo komið inn í bifreiðina til ákærða og farið að tala um hross og reiðmennsku við hann, enda hafi ákærði verið reiðklæddur. Stúlkan hafi verið ræðin og mjög þægileg. Þau hafi ákveðið að hittast á laugardeginum á H.“ Ekki er í ljós leitt, að fyrri kynni þeirra hafi verið meiri en nú var lýst.

Samkvæmt þessu verður að telja ósannað, að ákærða hafi verið ljóst, hvernig andlegum þroska X er farið. Þegar hins vegar er litið

til álits sérfræðinga og þess að ökuferð þeirra hafði að sögn ákærða staðið 2-3 klukkustundir áður en hann stöðvaði bifreið sína í Öskjuhlíð, þykir óhjákvæmilegt að virða ákærða það til gáleysis að hann gerði sér ekki grein fyrir andlegu ástandi hennar áður en samfarir þeirra hófust. Telst ákærði því hafa brotið gegn 195. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var með áfengi í bifreið sinni umrætt sinn, sem X neytti af, og verður að líta svo á að hann hafi veitt henni áfengi. Ákærði hefur borið að hann hafi vitað að X var 19 ára að aldri, en gat ekki tilgreint hvenær hann fékk þessa vitneskju.

Ákærði hafði ástæðu til að ætla að X hefði ekki náð 20 ára aldri og bar honum þá að ganga úr skugga um þetta, sbr. 3. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn téðu lagaákvæði.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 204. gr. almennra hegningarlaga og 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði. Ákærði skýrði greiðlega frá málsatvikum og hefur eigi áður sætt refsingu, er hér skiptir máli. Þykir því mega skilorðsbinda refsinguna þannig, að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, M, sæti varðhaldi tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 55.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 201/1988: Ákæruvaldið gegn M, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með svohljóðandi ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars 1988:

„Ríkissaksóknari gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur M, Reykjavík, fæddum ... 1924 í Suður-Múlasýslu, fyrir að hafa að kvöldi 8. febrúar 1986 veitt þroskaheftri stúlku, X, fæddri ... 1966, áfengi í bifreið sinni R-6647 í ökuferð um Reykjavík og síðan haft samræði við hana í bifreiðinni við Öskjuhlíð.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, fer ríkissaksóknari með ákæruvaldið í landinu. Samkvæmt 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 115. og 1. mgr. 118. gr. sömu laga gefur hann út ákæruskjöl í opinberum málum. Í því felst að ríkissaksóknari höfðar sjálfur opinber mál hér á landi. Orðalagið „Að höfða ber opinbert mál ..." á því ekki við um núverandi réttarfar í opinberum málum.

Málavextir.

Laugardaginn 8. febrúar 1986 kom A, ... hér í borg, með dóttur sína X á lögreglustöðina í Árbæjarhverfi og skýrði frá því að dóttir hennar, sem væri þroskaheft, hefði verið í bifreið með einhverjum vaktmanni sem hefði gefið henni áfengi að drekka. Væri stúlkan talsvert drukkin og krafðist móðirin þess að kannað yrði hvort maðurinn hefði misnotað stúlkuna kynferðislega.

Ákærði hefur skýrt frá því að hann hafi kynnst X þegar hún afgreiddi hann með bensín á bensínstöðinni á B... nokkrum dögum áður en atburðir málsins urðu. Stúlkan hafi verið ræðin, þægileg í viðmóti og opinská, og hafi hún sest inn í bifreiðina hjá ákærða eftir að hún hafi afgreitt hann. Þau hafi mælt sér mót klukkan fimm næsta laugardag við S...verslun á H... og hafi stúlkan átt frumkvæðið að því. Þau hafi svo hist þar á tilsettum tíma og síðan ekið um bæinn í bifreið ákærða og hafi stúlkan drukkið romm af pela sem hann hafi komið með. Í Öskjuhlíð, skammt frá heita læknum, hafi þau haft samræði í bifreiðinni og hafi sér orðið sáðfall. Að þessu loknu hafi hann ekið stúlkunni aftur inn á H... þar sem hún fór úr bifreiðinni. Klukkan hafi þá verið á bilinu tíu til hálf-ellefu og

hafi stúlkan þá verið búin úr pelanum. Ákærði kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að stúlkan væri þroskaheft, enda hafi hún ekki komið óeðlilega fyrir.

Stúlkan X hefur skýrt frá því að föstudaginn 7. febrúar hafi hún beðið ákærða um að hitta sig klukkan fimm daginn eftir og hafi þau ákveðið að hittast hjá S...verslun. Þegar þau hittust hafi ákærði verið með tvær flöskur af áfengisblöndu meðferðis, aðra þriggja pela en hina minni. Kveðst vitnið hafa drukkið úr báðum flöskunum í bifreiðinni hjá ákærða, en hann hafi þó einnig drukkið af þeim, en minna en hún.

Ákærði hafi ekið með sig um bæinn en í Öskjuhlíð, skammt frá heita læknum, hafi hann lagt bifreiðinni. Hafi hann lagt niður sætin í bifreiðinni, klætt vitnið úr annarri buxnaskálminni og haft samræði við hana. Hafi það staðið í u.þ.b. klukkutíma og hafi komið „eitthvað úr honum" en vitnið kveðst hafa fengið „smávegis fullnægingu".

Meðal gagna málsins er vottorð Gísla Á. Þorsteinssonar, yfirlæknis á geðdeild Landspítalans. Í því segir m.a.:

„Umsögnin byggist alfarið á sjúkraskrá geðdeildar Landspítalans, þar sem undirritaður hefur aldrei skoðað viðkomandi einstakling eða haft hana til meðferðar.

X var innlögð á geðdeild Landspítalans hinn 19.05. 1983 vegna hegðunarvandkvæða. Þessi vandkvæði hafa samkvæmt sjúkraskrá geðdeildarinnar einkum verið fólgin í umgengniserfiðleikum, stirðum skapsmunum og slitróttri skólagöngu.

Rannsókn hér á geðdeildinni leiddi í ljós að X var barnaleg í framkomu og tali og sýndi greinileg vanþroskamerki. Ekki kom fram truflun á raunveruleikatengslum eða önnur merki um meiri háttar geðtruflun (psychosis). Gerð var tölvusneiðmynd af höfði og var hún eðlileg. Heilarit var aftur á móti óeðlilegt. Gerð var ítarleg sálfræðirannsókn og í niðurstöðu hennar segir að starfhæf greind sé á mörkum vangefni (greindarvísitala 68). Orsakanna sé líklega að leita í vefrænum truflunum sem trúlega eru frá mjög ungum aldri eða fæðingu og hafa truflað þroska X. Í sálfræðirannsókninni fundust ekki merki um psychosis. Geðtengsl voru í lagi, en eirðarleysi, óróleiki og úthaldsleysi einkenndu hegðun hennar meðan á rannsókninni stóð.

Auk annarrar meðferðar fékk X iðjuþjálfun mestallan tímann sem hún dvaldist hér á deildinni. Fór henni töluvert fram á þessum tíma í verklegum þáttum og mun hún oft hafa staðið sig nokkuð vel. Hún útskrifaðist 30.08. 1983 og fór þá til vistar á sveitaheimili á Suðurlandi."

Högni Óskarsson geðlæknir hefur framkvæmt geðrannsókn á X. Í bréfi dagsettu 4. maí 1987, sem læknirinn ritaði með álitsgerð sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, segir m.a.:

„Í þessu erindi er því ekki beðið um algerlega hlutlaust mat á andlegri

getu X, heldur er beðið um skoðun undirritaðs á því hvort þriðji aðili ætti að geta merkt andlegan vanþroska eftir skömm kynni.

Rannsóknin fór fram með þeim hætti, að undirritaður átti viðtöl við X og sömuleiðis við móður hennar. Auk þess hafði undirritaður rannsóknargögn með höndum.

Það er ekki nokkur vafi á því að X er með verulega greindarskerðingu, enda kemur það einnig fram í læknabréfi Gísla Á. Þorsteinssonar, þar sem vitnað er í sálfræðirannsókn frá 1983. Ekki er hægt að ætla að nein meiri háttar breyting hafi orðið frá þeim tíma. Segja má að aðalatriði í niðurstöðunum sé að X sýni töluvert dómgreindarleysi í félagslegum tengslum. Hún er mjög ósjálfstæð í hugsun og verður mjög háð öðrum við að meta allar aðstæður. Hún hefur mikla þörf fyrir að brjótast út úr einmanaleik sínum og leitar því næstum því til hvers sem er og verður þannig strax mjög háð þeim sem hún er með. Margt í daglegu fari X bendir strax til þess að hún sé ólík flestum öðrum, og er það skoðun undirritaðs að vanþroski hennar ætti ekki að dyljast neinum, sem er í samvistum við hana í einhvern tíma."

Í álitsgerðinni segir m.a.:

„Geðskoðun:

X myndar strax gott samband við viðtalanda. Hún virðist vera opin og einlæg, en mjög fljótlega kemur í ljós að hún á mjög erfitt með að nýta sér hefðbundnar umgengnisvenjur. Byrjar hún þannig á fyrstu mínútu að ræða við undirritaðan eins og við höfum þekkst alla tíð og séum nánir vinir. Leitast hún eftir að hafa jákvæð áhrif á viðtalanda með því að svara öllum spurningum eins og hún getur, en frásögn hennar er ruglingsleg og óáreiðanleg vegna þess að minni er gloppótt og innsæi af skornum skammti. Hún er glaðleg í bragði og er tilfinningasvörun ekki í neinu samræmi við umræðuefnið. Talar hún þannig oft um erfiðustu mál glaðlega og brosandi. Minni er gloppótt hjá henni. Í frásögninni koma fram eyður sem illa gengur að fylla upp í, og eins ruglast hún í ártölum þegar hún er að lýsa atburðarás lífs síns. Hins vegar man hún aðra hluti ótrúlega vel og jafnvel smáatriði sem engu máli skipta hana, eins og t.d. fæðingardag forsætisráðherra. Hún er áttuð á stað, stund og persónu. Almenn þekking virðist á mörgum sviðum vera góð. Hún veit hver forseti er og hverjir voru forsetar þar á undan og getur svarað ýmsum aðalatriðum úr sögu Íslands. Eins virðist hún fylgjast eitthvað með því sem er að gerast í daglegu lífi hér á landi. Það eru engin merki um dementiu hjá henni og á FACT-prófi nær hún góðum árangri. Hins vegar kemur fram að skammtímaminni er gloppótt hjá henni og talnaraðir man hún bara fjórar áfram og þrjár aftur á bak. Hugsun er mjög hlutbundin hjá henni og henni gengur mjög illa að túlka málshætti. Eins kemur fram að dómgreind er á fremur frumstæðu stigi.

Hún beitir fremur frumstæðum, ómeðvituðum varnarháttum. Hún afneitar vandamálum töluvert mikið. Hún beitir gleymsku og ýtir frá sér tilfinningaviðbrögðum. Henni virðist ganga illa að læra af reynslunni og eins gengur henni illa að vinna úr því sem er að gerast í kringum hana á hverjum tíma. Á hún þannig erfitt með að nýta sér ýmislegt af því sem að ég ræði um við hana. Eins hefur hún mikla tilhneigingu til þess að gera mjög lítið úr öllu því sem hefur gerst í hennar lífi. Undir niðri gerir hún sér þó grein fyrir því að hún er verulega óhamingjusöm, einmana og stefnulaus. Hins vegar gefur hún sér ekki tækifæri til að nýta sér það innsæi sem hún hefur í þetta ástand og hefur því gengið illa að þroska sig frá því. Formskyn er lélegt eins og fram kemur á teikningum. Þegar hún teiknar mynd af konu, þá gæti teikningin verið eftir 5-6 ára barn. Í læknabréfi frá Gísla Á. Þorsteinssyni, dagsettu 14. mars 1986, er vitnað í sálfræðipróf sem gert var 1983. Mældist hún þar með greindarvísitölu 68 og segir í niðurstöðum prófsins að starfhæf greind sé á mörkum vangefni.

Niðurstaða:

X er 21 árs gömul stúlka sem hefur verið með merki um andlega truflun frá barnsaldri. Hún átti erfitt með að læra, samlagaðist illa í skóla, einangraðist félagslega og hefur ekki getað unnið sjálfstætt né séð um sig sjálf á annan hátt ennþá. Vegna einmanakenndar sinnar og erfiðleika við að mynda tengsl við jafnaldra þá hefur hún stöðugt reynt að ná að skapa tengsl við aðra hvar sem hún er án hliðsjónar af því hversu heppileg þau tengsl kynnu að vera fyrir hana. Hefur þetta stundum leitt til þess að hún hefur verið misnotuð kynferðislega. Við skoðun og í samtölum við X kemur strax fram að hún er verulega andlega skert. Strax kom fram hve hún reyndi að teygja sig allt of langt til þess að mynda gott samband við viðtalanda. Virtist hún eiga erfitt með að gera greinarmun á undirrituðum sem lækni að vinna rannsóknarverk og gömlum vini hins vegar. Virðist þetta einkenna samskipti X við bláókunnugt fólk. Þó svo að X hafi yfirborðsþekkingu á ýmsu sem er að gerast í daglegu lífi þjóðarinnar, þá komu strax fram truflanir í hugsun. Hugsun reyndist vera mjög hlutbundin. Hún virtist geta lært eins og páfagaukur, en án þess að geta unnið frekar úr staðreyndum eða komast að sjálfstæðum niðurstöðum. Virðist hún þannig vera mjög vitsmunalega háð þeim sem hún er með í það og það skiptið. Hún er ekki í góðum tengslum við tilfinningar sínar og sýnir þar af leiðandi oft óviðeigandi tilfinningaleg viðbrögð. Hæfileiki hennar til að mynda tengsl við aðra er mjög skertur frá gamalli tíð, og hefur henni þar af leiðandi gengið mjög illa að mynda jafningjatengsl. Ofangreind vandamál gera það að verkum að X lærir lítið af eigin reynslu. Hún á erfitt með að vinna úr umhverfisþáttum, draga sjálfstæðar ályktanir og sækist hún þannig eftir tengslum við aðra á mjög óviðeigandi eða kjánalegan hátt. Verður hún af þessu mjög

háð þeim sem hún er með, bæði hvað snertir tilfinningatengsl og sömuleiðis vitsmunalega úrvinnslu þess sem aðstæður hafa í för með sér. Af þessu öllu er auðvelt fyrir aðra að láta X lúta að vilja sínum.

Við fyrstu kynni kemur X fyrir sem fremur óþroskaður unglingur, en strax og farið er að ræða eitthvað frekar við hana þá verður það ljóst að hún er verulega andlega skert, og ætti það ekki að dyljast neinum sem eyðir einhverjum tíma með henni."

Til viðbótar álitsgerð þessari ritaði læknirinn bréf til rannsóknarlögreglunnar, og þar kemur m.a. þetta fram:

„1. Fram kom í málsgögnum, að greindarvísitala X hefði mælst 68 á árinu 1983. Í geðskoðun undirritaðs kom jafnframt fram að X er verulega andlega skert, eins og fram kemur í lélegri dómgreind, skertum hæfileika til óhlutbundinnar hugsunar, minnistruflunum og ankannalegum tilfinningaviðbrögðum gagnvart ókunnugum. Samkvæmt þessu telst hún vangefin skv. sjúkdómaskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ekki hafði hún merki um geðveiki þegar geðrannsóknin fór fram.

2. Í mati undirritaðs kom fram að hverjum þeim, sem eyddi einhverjum tíma með X, ætti að vera ljóst hve andleg geta hennar er skert.

3. Skv. tilmælum embættis ríkissaksóknara var beðið um nýtt sálfræðipróf, og fól undirritaður Baldvin Steindórssyni að annast framkvæmd þess. Niðurstöður prófsins benda til þess sama og að ofan greinir, þ.e. að X telst til þroskaheftra (grv. 55-70), og er það álit Baldvins að sérhverjum manni með fullan þroska ætti að vera ljóst að andlega og greindarfarslega gengur X ekki heil til skógar."

Skýrsla Baldvins H. Steindórssonar sálfræðings um sálfræðipróf sem hann lagði fyrir X, er meðal gagna málsins. Segir í henni m.a.:

„Markmið rannsóknar: Í samræmi við 195. gr. alm. hgl. er það markmið þessarar rannsóknar að meta hvort X geti talist geðveik, fáviti, eða þannig sé ástatt fyrir henni að hún geti ekki spornað við samræði eða skilið þýðingu þess.

Þar sem ekki er lengur talið við hæfi að nota fávitahugtakið, heldur talað um þroskahefta (grv. 55-70), sem samsvarandi fyrri notkun á fávitahugtakinu, er tekið mið af því hvort greindarfarslegur þroski X samsvari greind þroskaheftra (grv. 55-70).

Gögn: Wechsler greindarpróf
Viðtal.

Niðurstöður og mat:

Wechsler: Niðurstöður Wechslers greindarprófs staðsetja heildargreind X innan marka þroskaheftra (grv. 55-70). Lítill mismunur reyndist á niðurstöðum munnlega og verklega hlutans. Heldur skár kemur X út úr verklega hlutanum. Tölfræðilega er þessi mismunur hvorki óeðlilegur né áreiðanlegur.

Dreifing er lítil meðal einstakra prófþátta. Það eru aðeins tveir þættir sem skera sig verulega úr: líkingar og orðaforði, sem eru í botni hjá henni. Hugsun hennar er svo hlutbundin að hún ræður að mjög takmörkuðu leyti við ályktandi hugsun. Hún sér ekki samlíkingar með hlutum og hefur ekki yfir að ráða þeirri óhlutstæðu hugsun sem þarf til að lýsa merkingu orða.

Einstaklingur með samsvarandi greind og niðurstöður Wechslers greindarpr. staðsetja greind X á getur ekki skapað sér sjálfstæða tilveru í okkar samkeppnisþjóðfélagi. Slíkur einstaklingur væri þó líklegur til að geta lært og stundað einfalda vinnu, en þarf verulegan félagslegan og tilfinningalegan stuðning. Hugsun hans er það takmörkuð að við þær mismunandi aðstæður sem daglegt líf býður okkur upp á eru valmöguleikar hans takmarkaðir.

Annað: Ekki reyndist hægt að nota „hlutlægt" próf til að meta persónuleika X eða á þann máta athuga hvort geðveiki væri mögulega til staðar. Greind hennar er ekki nægileg til að taka slík próf. Einstaklingar með jafn lága greind eru þó líklegir til að þróa með sér ýmis aðlögunarvandamál, tilfinningaleg og félagsleg. Við slíkt verður vart hjá X. Ekki veður þó vart neinnar geðveiki hjá henni. Varðandi mat á þessum þáttum vísast til geðrannsóknar Högna Óskarssonar.

Niðurstaða: X er 21 árs gömul kona. Í útliti virðist hún mun yngri. Strax við fyrstu kynni virðist mér að sérhverjum með fullan þroska ætti að vera ljóst að andlega og greindarfarslega gengur hún ekki heil til skógar. Greind hennar samsvarar greind þroskaheftra (grv. 55-70). Slík greind veitir takmarkaða möguleika til að meta og bregðast við aðstæðum."

Þegar X kom hér fyrir dóminn virtist dómaranum hún vera nokkuð barnaleg en þó svaraði hún ekki óskynsamlega spurningum um almenn efni. Stúlkan var nokkuð ósjálfstæð í svörum og opinská. Nokkuð bar á því að hún væri óstyrk. Ekki virtist dómaranum hún vera augljóslega þroskaheft.

A hefur gert svofellda bótakröfu, dagsetta 28. apríl 1986:

„Undirrituð krefst þess að M, f. ... 24, verði í væntanlegu refsimáli á hendur honum dæmdur til að greiða þroskaheftri dóttur minni, X, kr. 90.000,00 í miskabætur.

X var í „miðjum tíðahring" þann 8. febrúar sl., er M gaf henni það mikið áfengi að hún varð ofurölvi og hafði síðan mök við hana í bifreið sinni úti við Öskjuhlíð. Skildi hann síðan við hana nær ósjálfbjarga vegna ölvunar.

Í mars s.l. þurfti X að gangast undir sársaukafulla fóstureyðingu á Landspítala."

Ekki er að finna nein gögn önnur um að X hafi orðið þunguð og þaðan af síður um það að þungunin hafi orðið fyrir tilverknað ákærða. Ber að svo vöxnu að vísa kröfu þessari frá dómi.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa vitað, að stúlkan X væri þroskaheft. Hefur hann sagt að hún hafi komið eðlilega fyrir og verið ræðin og þægileg. Er á það að líta að kynni ákærða af stúlkunni voru mjög lítil þegar hann hafði samræði við hana, að hún hafði þá neytt áfengis og var undir áhrifum þess og ekki síður hitt að hún hafði með höndum störf á bensínafgreiðslunni, sem venjulega eru falin heilvita fólki.

Samkvæmt greindarprófi er greindarvísitala stúlkunnar aðeins tvö stig fyrir neðan efri mörk þroskaheftra, sem telja verður að svari til fávita í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga. Að áliti Högna Óskarssonar geðlæknis kemur stúlkan fyrir við fyrstu kynni sem fremur óþroskaður unglingur, en strax við frekari viðræður við hana verði ljóst að hún sé verulega andlega skert og að það ætti ekki að dyljast neinum sem verji einhverjum tíma með henni. Læknirinn tekur þó fram að þetta sé ekki hlutlægt mat á andlegri getu X, heldur skoðun hans á því hvernig stúlkan komi þriðja aðila fyrir sjónir.

Baldvin Steindórsson sálfræðingur segir aftur á móti greindarskerðingu stúlkunnar vera augljósa strax við fyrstu kynni.

Það álitamál, hvernig stúlkan komi venjulegu fólki fyrir sjónir, virðist varla falla undir sérfræði læknisins og sálfræðingsins, og má jafnvel efast um að þeir séu, einmitt vegna sérþekkingar sinnar, færari um að meta það en aðrir. Að áliti dómarans er X sönnunargagn í málinu sem honum er skylt að leggja mat á. Virðist dómaranum hún við fyrstu kynni ekki vera augljóslega þroskaheft.

Af því, sem rakið hefur verið, verður að telja ósannað að ákærða hafi verið kunnugt um að X er þroskaheft. Þegar haft er í huga að stúlkan er rétt undir efri mörkum þroskaheftra og að hún kemur allvel fyrir og engin sérstök atvik eða kringumstæður hefðu átt að vara ákærða við stúlkunni, þykir ekki heldur óhætt að telja að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi um ástand hennar.

Ákærði kveðst vita að stúlkan var 19 ára þegar atburðir málsins urðu. Hann kveðst ekki muna hvenær stúlkan sagði honum aldur sinn. Við frumrannsókn málsins var ákærði ekkert yfirheyrður um þetta atriði. Allan vafa um það hvort hann vissi aldur stúlkunnar áður eða eftir að hún drakk hjá honum áfengi verður að virða ákærða í hag. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða alfarið af ákærunni í máli þessu.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur, ber að leggja á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, M, er sýkn af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 8. mars 1989.

Nr. 227/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
K
(Örn Clausen hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1988 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

Fyrir Hæstarétti var málið samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála reifað með hliðsjón af því, hvort verknaður ákærða varðaði við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í heild, sbr. 204. gr. sömu laga.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hinn 6. febrúar 1986 haft samræði við X. Niðurstöður þeirra sérfræðinga sem gefið hafa álit um þroska hennar eru raktar í héraðsdómi. Af gögnum málsins verður ráðið að hún hafi ekki haft andlegan þroska til að sporna við samræðinu.

Ákærði er 27 árum eldri en X. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er greint frá kynnum þeirra tveimur árum áður en atvik máls þessa gerðust. Fyrir rannsóknarlögreglu lýsti hann þessu svo: „X var þá oft í H... og átti í útistöðum og var útundan. Hlustaði ég á hana og e.t.v. hallaði hún sér að mér þess vegna. Ég hef alls ekki getað litið á hana sem þroskahefta en öra í skapi greinilega." Í síðari skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu ítrekaði ákærði, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir að X væri þroskaheft og sagði, að hún hefði „oft verið æst og ör og greinilega ekki eðlileg í framkomu". Taldi hann þetta hafa „mikið til verið vegna þess að henni var strítt mikið". Þessar skýrslur staðfesti ákærði fyrir dómi.

Þegar litið er til álits sérfræðinga og frásagnar ákærða af fyrri

kynnum sínum og X verður ekki fallist á niðurstöðu héraðsdómara um gáleysi ákærða. Ber því að gera ákærða refsingu samkvæmt 195. gr. almennra hegningarlaga, sem ákveðst fangelsi 2 mánuði. Ákærði skýrði greiðlega frá málsatvikum og hefur eigi áður gerst sekur um hegningarlagabrot, er hér skiptir máli. Þykir því mega skilorðsbinda refsinguna þannig, að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, K, sæti fangelsi tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 182/1988: Ákæruvaldið gegn K, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 7. þ.m. á hendur ákærða, K, Reykjavík, f. ... 1939 þar í borg.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa að kvöldi 6. febrúar 1986 haft samræði við þroskahefta stúlku, X, fædda ... 1966, í bifreiðinni Y ... skammt frá Rauðhólum í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. febrúar 1986 barst Rannsóknarlögreglu ríkisins krafa A, þá að ... í Reykjavík, þess efnis að hún rannsakaði hvort ákærði K hefði haft kynmök við þroskahefta dóttur hennar, X, sem hefði verið að viðurkenna að svo hefði verið. Er X fædd ... 1966.

Ákærði skýrir svo frá að hann sé X kunnugur, en sambýliskona hans hafi unnið með móður hennar. Þegar ákærði gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 25. febrúar 1986 skýrði hann svo frá að hann hefði áður búið í Kópavogi en flutt þaðan fyrir um tveim árum. Þegar ákærði var í Kópavogi kveðst hann hafa hitt X nokkuð oft.

Ákærði kveðst hafa hitt X fyrir tilviljun fimmtudaginn 6. febrúar 1986 þegar hann var að taka bensín á bifreið á bensínstöð við ..., en þar vann X þá. Segir ákærði að hún hafi verið skrafhreyfin og beðið sig að hitta sig á bensínstöðinni klukkan 21 um kvöldið. Ákærði kveðst hafa glapist til að gera það, og ók hann X síðan í nánd við Rauðhóla í bifreiðinni Y ... og hafði þar samfarir við hana í aftursæti bifreiðarinnar. Ekki notaði ákærði verjur og fékk fullnægingu.

Ákærði segir að það hafi verið X, sem stakk upp á því hvert fara skyldi, en hún hafi verið áköf í að hafa samfarir við ákærða. Það var þó ekki ákveðið fyrir fram, þegar þau lögðu upp í ökuferðina umrætt kvöld, að þau myndu hafa samfarir í ferðinni. Það hafi komið af sjálfu sér þegar þau komu í nánd við Rauðhóla. Eftir samfarirnar ók ákærði X í Á... þar sem hún fór úr bifreiðinni.

Ákærði kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að stúlkan væri þroskaheft og hafi hann ekki séð neitt athugavert við andlegt ástand stúlkunnar, sem hafi verið dálítið ör. Fannst ákærða hún ekkert öðruvísi en margt annað ungt fólk.

Vitnið X, nú að ... í Reykjavík, hefur staðfest að ákærði hafi haft við það samfarir umrætt sinn í aftursæti bifreiðar skammt frá Rauðhólum í Reykjavík. Í fyrstu skýrir vitnið svo frá að það hafi verið frekar mótfallið því að hafa samfarir við ákærða, en samt hafi það gengið mótþróalaust. Þó hafi það séð eftir þessu á eftir. Síðar í sömu yfirheyrslu segir vitnið að það hafi alveg verið til í að hafa samfarir við ákærða.

Vitnið segir að það sé rétt að það hafi stungið upp á umræddri ökuferð, en ekki hafi verið ákveðið fyrir fram, þegar þau lögðu af stað í ökuferðina, að þau skyldu hafa samfarir. Það hafi komið af sjálfu sér á meðan þau voru í ökuferðinni. Vitnið hefur staðfest að það hafi kynnst ákærða 2-3 árum áður en umræddur atburður gerðist.

Í málinu liggur frammi skýrsla Gísla Á. Þorsteinssonar, yfirlæknis á Geðdeild Landspítalans, dags. 14. mars 1986. Í þessari skýrslu kemur fram að X hafi legið á deildinni 19. maí til 30. ágúst 1983 og þá hafi verið gerð

ítarleg sálfræðirannsókn á X og að í niðurstöðu hennar segi, að starfhæf greind hennar sé á mörkum vangefni (greindarvísitala 68).

Í þágu rannsóknar málsins var Högna Óskarssyni geðlækni falið að athuga andlegt ástand X. Þá var geðlæknirinn beðinn að reyna að svara þeirri spurningu hvort andlegur vanþroski X ætti að geta dulist þeim sem lítt þekktu til hennar. Lokakafli í skýrslu geðlæknisins, sem er dagsett 4. maí sl., nefnist Niðurstaða. Í þessum kafla segir svo:

„X er 21 árs gömul stúlka ...

[Sbr. samhljóða kafla í dómi í málinu: Ákæruvaldið gegn M, bls. 348-349 að framan.]

... einhverjum tíma með henni."

Vitnið Högni gerði viðbótarskýrslu dagsetta 2. nóvember 1987 við fyrri skýrslu sína, en þá hafði ríkissaksóknari með bréfi dagsettu 27. ágúst 1987 lýst því yfir, að hann teldi fyrri skýrslu ekki nægjanlega glögga með hliðsjón af ákvæðum 195. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.

Í síðari skýrslu vitnisins kemur fram að X væri verulega andlega skert, eins og fram kæmi í lélegri dómgreind, skertum hæfileika til óhlutbundinnar hugsunar, minnistruflunum og ankannalegum tilfinningaviðbrögðum gagnvart ókunnugum. Þá var í skýrslunni vísað til þess að greindarvísitala X hefði mælst 68 á árinu 1983. Samkvæmt þessu teldist X vangefin samkvæmt sjúkdómaskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Var ítrekað í þessari skýrslu að hverjum þeim, sem eyddi einhverjum tíma með X, ætti að vera ljóst hve andleg geta hennar væri skert.

Vitnið Baldvin Hreinn Steindórsson sálfræðingur rannsakaði X og gerði sálfræðiskýrslu um hana. Vitnið segir í skýrslu sinni dagsettri 22. október sl. að í samræmi við 195. gr. hegningarlaga sé það markmið rannsóknarinnar að meta hvort X geti talist geðveik, fáviti eða þannig sé ástatt fyrir henni að hún geti ekki spornað við samræði eða skilið þýðingu þess. Síðan segir í skýrslunni:

„Þar sem ekki er lengur talið við hæfi að nota fávitahugtakið, heldur talað um þroskahefta (grv. 55-70) sem samsvarandi fyrri notkun á fávitahugtakinu, er tekið mið af því hvort greindarfarslegur þroski X samsvari greind þroskaheftra (grv. 55-70)."

Að lokum segir í niðurlagi skýrslu vitnisins:

„*Niðurstaða:* X er 21 árs gömul kona. Í útliti virðist hún mun yngri. Strax við fyrstu kynni virðist mér að sérhverjum með fullan þroska ætti að vera ljóst að andlega og greindarfarslega gengur hún ekki heil til skógar. Greind hennar samsvarar greind þroskaheftra (grv. 55-70). Slík greind veitir takmarkaða möguleika til að meta og bregðast við aðstæðum."

Bæði geðlæknirinn og sálfræðingurinn hafa staðfest skýrslur sínar við meðferð málsins.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitnisins X og annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði hafi haft samfarir við X á þeim stað og á þeim tíma sem í ákæru greinir.

X hefur, eins og fram er komið, komið fyrir dóminn og dómarinn rætt við hana. Að hans mati er alls ekki einsýnt af stuttu viðtali að X sé þroskaheft, enda þótt ljóst sé að hún hafi ekki venjulegan þroska.

Greindarvísitala X er talin 68, en greindarvísitala þroskaheftra, sem áður voru kallaðir fávitar, er 55-70. Hér munar því mjög litlu, svo að X verði ekki talin þroskaheft samkvæmt greindarmælingu, sem telja verður að hljóti að hafa mjög mikið að segja þegar andlegur þroski stúlkunnar er metinn og vega þyngra en álit fólks.

Þrátt fyrir skoðanir geðlæknisins og sálfræðingsins, sem áður var gerð grein fyrir, og með hliðsjón af greindarvísitölu X, sem liggur efst í mörkum þess að hún sé ekki þroskaheft, og loks þess að dómaranum þykir ekki einsýnt að allir hljóti að sjá að X sé þroskaheft, þykir varhugavert að hafna þeim framburði ákærða að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að stúlkan væri þessum annmarka háð, þótt fyrri kynni ákærða af X hefðu átt að benda til þess, en á hitt er einnig að líta að X vann við störf, þegar umræddur atburður gerðist, sem ekki er vani að fela þroskaheftu fólki.

Þegar andlegur þroski X er metinn þykir samt verða að taka mið af greindarmælingu X, sem studd er skoðunum geðlæknisins og sálfræðingsins. Telst ákærði því hafa haft samfarir við þroskahefta stúlku, sem í skilningi hegningarlaga er fáviti. Samt þykir varlegra vegna framburðar ákærða og þess sem rakið var að telja að ákærði hafi gert þetta án þess að vita að stúlkan væri á jafnlágu andlegu stigi og rakið var, en hins vegar gat honum ekki dulist að hún hefði ekki venjulegan þroska. Vegna þessa gáleysis ákærða telst brot hans varða við 195. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

Refsing.

Þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið dóm fyrir brot gegn hegningarlögum, telst hafa framið brot sitt í gáleysi og ætla má að stúlkan hafi með einhverjum hætti haft áhrif á framgang málsins, þykir eftir atvikum mega ákveða að fresta skuli ákvörðun refsingar ákærða og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði

almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Móðir X hefur gert kröfu til þess að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 30.000,00 krónur í miskabætur, en X hafi þurft að gangast undir sársaukafulla fóstureyðingu á Landspítalanum í mars 1986.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um það að X hafi þurft að gangast undir fóstureyðingu og eða að ákærði eigi sök á því, en fram er komið að X muni hafa haft samfarir við fleiri karlmenn. Þar sem krafan er órökstudd og henni mótmælt verður henni þegar af þeirri ástæðu vísað frá dóminum.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun refsingar ákærða, K, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 64/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhannesi Karlssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. mars sl. um, að gæsluvarðhald hans skuli framlengt. Í greinargerð af hálfu varnaraðila, sem dagsett er 5. mars, er þess krafist að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara, sem dagsett er 7. mars, er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til með vísan til 3. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Er lögð áhersla á það varðandi tilvísun í 3. tl. að varnaraðili sé búsettur í öðru landi.

Varnaraðili hefur að eigin sögn dvalist í New York nær samfellt síðustu þrjú misseri. Samkvæmt héraðsdómi kom hann hingað til lands 8. febrúar sl. og hafði þá meðferðis um 56 g af kókaíni. Hann hafði selt um 10 g af efninu, þegar hann var handtekinn 16. febrúar.

Í greinargerð varnaraðila segir að hvorki rannsóknarnauðsynjar né önnur atriði, sem talin eru í 1.-3. tl. og 5.-6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 eigi við sig. Þá er því haldið fram, að 4. tl. málsgreinarinnar leiði ekki til þess, að hinn kærða úrskurð eigi að staðfesta, og er í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar 28. janúar 1983.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 1. mars 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 1. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 16. fyrra mánaðar voru handteknir hér í borg Jóhannes Karlsson, f. 25.2. 1961, og X..., grunaðir um fíkniefnamisferli.

Í fórum þessara manna fundust um 55 g af ætluðu kókaíni og voru þeir hvor um sig vegna rannsóknar málsins 17. febr. úrskurðaðir í gæsluvarðhald allt að hádegi í gær.

Ákæra var sl. föstudag 24. fyrra mánaðar gefin út á hendur ofangreindum mönnum og þá jafnframt af hálfu ákæruvalds krafist með vísan til 1. og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974, að ákærðu gengju ekki lausir fyrir dómsuppkvaðningu.

Ofangreind ákæra var birt báðum hinum ákærðu 25. fyrra mánaðar, en málið flutt og dómtekið 27. fyrra mánaðar.

Af hálfu ákæruvalds var í gær og hér fyrir dómi lögð fram krafa um framlengt gæsluvarðhald beggja ákærðu allt að hádegi 15. þessa mánaðar.

Sá dómari, er við þessum kröfum tók, taldi sig þurfa frest til ákvörðunar, enda á hverri stundu að vænta efnisdóms um ofangreinda ákæru.

Nefndur dómur var upp kveðinn og birtur hér við embættið kl. 16.30 í gær.

Hlaut þá ofangreindur X auk annars 14 mánaða fangelsisrefsingu og lýsti yfir að hann sætti sig við þá niðurstöðu.

Áðurnefndur Jóhannes Karlsson hlaut samkvæmt nýnefndum dómi auk annars tveggja ára fangelsisrefsingu og lýsti yfir að hann óskaði að áfrýja þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar Íslands.

Ofangreindur fulltrúi ákæruvalds dró þá til baka báðar áður nefndar gæsluvarðhaldskröfur, en lagði með vísan til nefndrar dómsniðurstöðu og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 fram kröfu um, að dómfelldi Jóhannes Karlsson yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi frá hádegi í gær að telja og þar til dómur Hæstaréttar Íslands liggur fyrir vegna ofangreindrar áfrýjunar, en þó eigi lengur en til hádegis 30. júní nk.

Jafnframt var lýst yfir að af hálfu ákæruvalds yrði allt kapp lagt á að hraða, sem frekast yrði við komið, meðferð málsins.

Dómþoli og verjandi hafa mótmælt þessari kröfugerð ákæruvalds.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem hér að ofan er rakið, gekk hér við embætti í gær og var birtur efnisdómur um tveggja ára fangelsisvist Jóhannesar Karlsson-

ar auk greiðslu sektar, að fjárhæð kr. 65.000,00, málskostnaðar og upptöku á tveim ávísunum, samtals að fjárhæð kr. 37.000,00, og 55 g af kókaíni.

Dómfelldi hefur þegar lýst yfir að hann óski af sinni hálfu að áfrýja þessari niðurstöðu til Hæstaréttar til refsimildunar.

Hér er hins vegar til úrskurðar sú krafa ákæruvalds að dómþolinn Jóhannes sæti áfram gæsluvarðhaldi þar til niðurstaða Hæstaréttar Íslands liggur fyrir um ofangreint dómsmál, en þó eigi lengur en til hádegis 30. júní nk.

Krafa ákæruvalds er reist á margnefndri dómsniðurstöðu þessa embættis svo og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til þessa svo og annars ofanritaðs ásamt hliðsjón af 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, þykir rétt að verða við fram kominni kröfu ákæruvalds og ákvarða að dómþolinn Jóhannes Karlsson sæti framlengdu gæsluvarðhaldi frá kl. 12.00 á hádegi í gær að telja og til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli ákæruvaldsins gegn nefndum Jóhannesi, en þó eigi lengur en til hádegis 30. júní nk.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald Jóhannesar Karlssonar, f. 25.2. 1961, framlengist frá kl. 12.00 á hádegi að telja 28. febrúar 1989 til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til hádegis 30. júní 1989.

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 65/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst Hæstarétti 6. þ.m.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðila, en ætla verður að úrskurðurinn hafi verið kærður í því skyni að hann verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði styttur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1989.

Ár 1989, föstudaginn 3. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Garðari Garðarssyni, kt. 10.01.65-4499, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. mars nk. kl. 17.00, en hann er grunaður um innbrot og nytjastuldi á bifreiðum. Kærði mótmælir kröfu RLR.

Undanfarið hefur RLR ásamt lögreglu á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á Akranesi og Borgarfjarðarsýslu unnið að rannsókn á innbrotum í verslanir og fyrirtæki þar sem stolið hefur verið umtalsverðum verðmætum. Þá hefur jafnframt verið unnið að rannsókn á nytjastuldi bifreiða af bílasölum og bílaleigufyrirtækjum í Reykjavík, en grunur leikur á því, að tengsl séu milli þessara mála. Hefur meðal annars fallið grunur á kærða og hefur hann viðurkennt að hafa tekið í heimildarleysi Range Rover-bifreiðina R 33136

þar sem hún stóð við bílasöluna Bílabankann við Hamarshöfða 1, 27. febrúar sl. Þá hefur kærði borið að hann hafi lýst yfir áhuga sínum á að skoða bifreiðina R 24099, en hann hefur neitað að hafa stolið þeirri bifreið. Sú bifreið fannst í gær á þeim stað, er kærði benti lögreglu á, að hann hefði skilið Range Rover-bifreiðina eftir, en sú bifreið hefur ekki enn fundist.

Kærði hefur neitað aðild sinni að ofangreindum innbrotum og frekari nytjastuldi ökutækja en hann hefur þegar greint frá.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og kærði er undir rökstuddum grun um aðild að málum þessum þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. mars 1989 kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. mars 1989 kl. 17.00.

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 69/1988. **Gunnar Gunnarsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Trésmiðjunni Meiði
(Ólafur Gústafsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Lausafjárkaup. Eignarréttarfyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Hann gerir aðallega þær dómkröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfugerð áfrýjanda hér fyrir dómi er áfátt. Samkvæmt eðli máls ber að taka kröfu um ómerkingu og frávísun til meðferðar á undan kröfu um efni máls.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Er umrædd kaup voru gerð, undirrituðu áfrýjandi og starfsmaður stefnda skjal sem bar heitið: „Kaupsamningur með eignarréttarfyrirvara — Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð". Skjal þetta er á prentuðu eyðublaði og ákvæði 5. gr. þess svohljóðandi:

„Verði um að ræða vanskil af minni hálfu með því að greiða ekki afborgun á réttum gjalddaga eða með því að sýna af mér vanrækslu, hvað snertir umgengni og hirðingu á hinu selda, eða með því að brjóta á nokkurn hátt í bága við ákvæði kaupsamnings/skuldabréfs þessa, telst öll skuldin fallin í gjalddaga, og er seljanda þá heimilt að taka hið selda aftur þegar í stað án fógetagerðar eða með aðstoð fógeta, ef þess gerist þörf. Ég á þá engan endurkröfurétt á greiddu fé, þar sem það skoðast sem greiðsla á leigu, verðrýrn-

un og skaðabótum til seljanda vegna samningsrofanna. Seljandi hefur einnig heimild til að höfða þegar í stað mál til heimtu skuldarinnar og má reka það skv. 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Mál skal rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Verði af minni hálfu vanskil, skal greiða hæstu lögleyfða dráttarvexti af vanskilaskuldinni samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma."

Stefndi fól lögmanni sínum að innheimta hjá áfrýjanda samningsfjárhæðina auk vaxta og kostnaðar. Innheimtubréf í þá átt var ritað 19. september 1985. Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að hinn 26. febrúar 1986 krafðist stefndi þess að húsgögnin yrðu tekin úr vörslum áfrýjanda. Áfrýjandi skilaði húsgögnunum 2. eða 3. maí 1986. Sami maður tók við þeim og undirritað hafði samning áfrýjanda og stefnda. Hinn 18. desember sama ár ritaði lögmaður stefnda áfrýjanda og sagði m.a.: „Vegna vanefnda af yðar hálfu á kaupsamningi nr. 1012 um kaup á húsgögnum frá Trésmiðjunni Meiði hafði verið farið fram á vörslusviptingu á umræddum húsgögnum. Það hefur hins vegar verið staðfest að þér hafið skilað umræddum húsgögnum. Eftir stendur að greiða dráttarvexti og innheimtukostnað. Krafan nemur nú kr. 75.505,00. Dráttarvextir eru reiknaðir frá 1. maí 1985 til 1. maí 1986." Stefndi höfðaði síðan mál þetta með áskorunarstefnu 1. apríl 1987 „til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 128.968,00" ásamt vöxtum og dráttarvöxtum frá 12. apríl 1985 til 2. maí 1986, „að frádregnum kr. 128.968,00, og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu". Tekið er fram, að húsgögnunum hafi verið skilað og „það metið sem greiðsla höfuðstóls...". Síðan segir: „Þrátt fyrir innheimtutilraunir hefur ekki tekist að innheimta eftirstöðvar skuldarinnar og er því málshöfðun nauðsynleg." Undir rekstri málsins breytti stefndi kröfum sínum og krafðist nú vaxta eins og rakið er í héraðsdómi. Með þessari málshöfðun vill stefndi þannig í reynd hagnýta sér bæði þau úrræði, er samningur aðila veitir honum.

Ákvæði fram lagðs samnings eru óskýr. Þar er blandað saman kaupsamnings- og skuldabréfsákvæðum og í greindu vanefndaákvæði eru ekki gerð skýr skil á milli uppgjörs, þegar seljandi fær húsgögnin aftur, og þess, er hann freistar þess að innheimta andvirði þeirra. Stefndi heimti húsgögnin aftur. Því samræmist illa að

halda kaupunum að einhverju leyti upp á áfrýjanda. Krafa stefnda er óútreiknuð vaxtakrafa. Áfrýjandi fékk húsgögnin hjá stefnda og hafði þau í sinni vörslu frá 12. apríl 1985 fram í maí 1986. Stefndi hefur ekki lagt fr[illegible] ákveðna kröfu og gögn sem nauðsynleg eru til uppgjörs á viðskiptum aðilanna. Ber af þessum ástæðum að vísa máli þessu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. desember sl., hefur Trésmiðjan Meiður, nnr. 8857-5016, Síðumúla 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. apríl 1987, á hendur Gunnari Gunnarssyni, nnr. 3356-2267, Fljótaseli 12, Reykjavík. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 34% ársvexti af kr. 128.968,00 frá 12. apríl til 20. maí 1985, en 4% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en 3,5% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en 3,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% dráttarvexti á mánuði frá þ.d. til 2. maí s.á. og málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. söluskatt.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Gunnarsson, Fljótaseli 12, Reykjavík, greiði stefnanda, Trésmiðjunni Meiði, 34% ársvexti af kr. 128.968,00 frá 12. apríl 1985 til 20. maí s.á., en 4% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en 3,5% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en 3,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 2. maí s.á. og kr. 56.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 231/1987. **Frægur hf.**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Bátanausti hf.
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann dráttarvaxta af málskostnaði samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara gerir hann þær dómkröfur, að kröfur stefnda verði stórlega mildaðar og málskostnaður þá látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags beri dæmd fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Það skýrir hann á þann veg, að hann hafi verið fjarri heimili sínu, þegar stefna var birt, og hafi sambýliskona sín gleymt að skýra sér frá stefnunni. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að útivist hans í héraði hafi verið afsakanleg í skilningi 45. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Ber því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara. Ekki verður litið til nýrra gagna og málsástæðna.

Stefndi lýsir málavöxtum í héraðsdómsstefnu svo sem rakið er í héraðsdómi. Þar kemur fram, að með dómi Hæstaréttar 10. júní

1986 var stefndi dæmdur til að greiða fyrirtækinu C.C. Jensen A/S í Danmörku 33.267,77 danskar krónur og vexti frá 15. júlí 1982 ásamt 70.000,00 krónum í málskostnað. Stefndi greiddi lögmanni C.C. Jensen A/S dómkröfuna 4. júlí 1986 með 289.817,64 krónum. Einnig greiddi hann lögmönnum sínum fyrir flutning málsins 30.302,00 krónur í héraði og 25.000,00 krónur fyrir Hæstarétti. Þannig greiddi hann alls 345.119,64 krónur. Er það stefnufjárhæð máls þessa. Hann heldur því fram, að krafa hins danska fyrirtækis hafi verið til komin vegna pöntunar hans á gluggum og kýraugum fyrir áfrýjanda, en hann hafi ráðið sig til að smíða stýrishús á m/b Jón Helgason, ÁR 12, og panta efni í það.

Stefndi lýsir því að áfrýjandi hafi ekki innleyst vöruna og hún hafi verið boðin upp til greiðslu aðflutningsgjalda. Allt uppboðsandvirðið hafi gengið til greiðslu kostnaðar og aðflutningsgjalda.

Í héraðsdómsstefnu gerði stefndi svofellda grein fyrir málsástæðum og lagarökum:

„Með því að stefndi (áfrýjandi) fól stefnanda (stefnda) að panta vöru þessa hefur hann valdið stefnanda fjárhagslegu tjóni sem stefnda ber að bæta, þ.e. endurgreiða, á grundvelli lagareglna, samninga og kröfuréttar. Öll útgjöld stefnanda leiddi af því, að stefndi hafði ráðið stefnanda til að smíða fyrir sig umrætt stýrishús og panta í það efni.“

Í hæstaréttardómi frá 10. júní 1986, sem frammi lá í héraði, er því lýst, að hið danska fyrirtæki hafi sent vöruna til stefnda, svo sem um var beðið. Vörureikningur hafi verið ritaður 30. júní 1982 og farmskírteini gefið út 1. júlí s.á. og hvort tveggja sent Landsbanka Íslands til innheimtu af viðskiptabanka fyrirtækisins. Stefnda hafi borist tilkynning um komu skjalanna og tilmæli um að leysa vöruna út. Það var því á valdi stefnda að leysa út gluggana og kýraugun. Í lýsingu málsástæðna stefnda í héraðsdómsstefnu er ekki gerð grein fyrir hvernig hann hyggst koma ábyrgð á innlausn vörunnar yfir á áfrýjanda. Auk þess verður ekki séð að hann hafi skorað á áfrýjanda að greiða kröfurnar, áður en hann höfðaði mál þetta. Þá vantar í héraðsdómsstefnu að grein sé gerð fyrir sambandi Sigurðar A. Jónssonar og Frægs hf. Loks er í héraðsdómsstefnu vitnað almennt til „lagareglna, samninga og kröfuréttar“, en engin önnur grein gerð fyrir lagarökum. Málatilbúnaður stefnda í héraði

var því í andstöðu við ákvæði b-, d- og e-liðar 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, og ber því þegar af þeim ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 3. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 9. júlí sl.

Stefnandi er Bátanaust hf., Elliðavogi, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður A. Jónsson, nnr. 7878-0126, Fagrabæ 14, Reykjavík, fyrir hönd Frægs hf., nnr. 2506-0717, Þorlákshöfn.

Dómkröfur eru þær að stefnda verði dæmt til að greiða honum 345.119,64 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 4.7.1986 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa þannig til komna, að í maímánuði 1982 hafi stefndi falið stefnanda að panta fyrir sig skipsglugga og kýraugu af Sikovigerð. Gluggarnir og kýraugun áttu að fara í stýrishús á mb. Jóni Helgasyni, ÁR 12, sem stefnandi var ráðinn til að smíða á bátinn fyrir eiganda hans, Fræg hf., sem er stefndi í máli þessu. Varan hafi verið pöntuð að beiðni stefnda hjá C.C. Jensen A/S, Danmörku, og hún átti að vera komin til landsins fyrir lok júlí 1982 og afhendast Bátanausti. C.C. Jensen ritaði vörureikninga 30.6.1982 og gaf út farmskírteini 1.7.1982 og sendi hvort tveggja Landsbanka Íslands í Reykjavík. Er talið, að vara og skjöl um hana hafi komið til landsins upp úr 15. júlí 1982. Stefndi innleysti ekki vöruna og fór svo að hún var boðin upp til greiðslu aðflutningsgjalda að kröfu tollstjórans í Reykjavík. Gekk allt uppboðsandvirði til greiðslu kostnaðar og aðflutningsgjalda.

— — —

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður því með vísan til 118. gr. l. nr. 85/1936 að dæma málið

eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við stefnukröfur verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 43.000,00.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Frægur hf., greiði stefnanda, Bátanausti hf., kr. 345.119,64 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 4.7.1986 til greiðsludags og kr. 43.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 210/1987. **Guðmundur Kristinsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Stefáni Benediktssyni
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Verklaun. Arkítektar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1987. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða helming þeirrar fjárhæðar, sem rétturinn telur að stefnda beri fyrir þau störf, sem krafist er greiðslu fyrir. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður, ef kröfum áfrýjanda verður að einhverju leyti sinnt. Í kröfu stefnda um málskostnað felast tilmæli til dómsins um að tilgreina sérstaklega söluskatt vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í héraðsdómi verður að telja sannað, að samkomulag hafi tekist um það milli aðila þessa máls, að stefndi tæki að sér að gera tillögur um nýtingu lóðarinnar nr. 40 við Skúlagötu í Reykjavík gegn 10 til 12 þúsund króna greiðslu. Ekki verður um það fjallað í þessu máli, hvort samningur hafi tekist um það milli áfrýjanda og eigenda lóðarinnar, að þeir tækju þátt í þeim kostnaði. Áfrýjandi hefur borið fyrir dómi, að hann hafi ætlað að nota tillögur stefnda í samningum sínum við lóðareigendur um „verðgildi" lóðarinnar. Vinna stefnda varð miklu umfangsmeiri en ráð var fyrir gert í upphafi, m.a. vegna breyttra hugmynda skipulagsyfirvalda um nýtingu lóðarinnar. Fasteignasalinn, sem hafði lóðina til sölu, hefur borið fyrir dómi, að fundir hafi verið „gríðarlega margir"

og teikningar þær, sem lagðar voru til grundvallar þegar samningar tókust milli áfrýjanda og eigenda lóðarinnar, hafi haft „ólíkt meira byggingarmagn en það, sem upphaflega hafði verið lagt af stað með". Ber því að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að upphaflegt samkomulag aðila hafi einungis náð til lítils hluta þess verks, sem stefndi leysti af hendi. Ekki verður talið, að stefndi hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu með því að gera ekki grein fyrir því, að hann hefði þegar unnið fyrir hluta tilboðsverðs, er hann gerði áfrýjanda tilboð. Áfrýjanda mátti vera ljóst, að stefndi hafði lagt mun meiri vinnu í verk sitt en í öndverðu var gert ráð fyrir, en stefndi hefur ekki lagt fram neitt yfirlit yfir tíma þann, sem í vinnu hans fór. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms þykir þóknun stefnda eftir atvikum hæfilega metin 140.000,00 krónur, en þar af hefur áfrýjandi greitt 20.000,00 krónur. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda eftirstöðvarnar, 120.000,00 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 90.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til söluskatts af málflutningslaunum. Ekki eru efni til að tilgreina þennan þátt málskostnaðar sérstaklega.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur Kristinsson, greiði stefnda, Stefáni Benediktssyni, 120.000,00 krónur með mánaðarlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: 2,75% frá 13. mars 1986 til 5. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 5. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en frá þeim degi til greiðsludags greiðist vextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, þó þannig, að þeir verði ekki hærri en 30% á ári. Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. mars 1987.

Áfrýjandi greiði stefnda 90.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. apríl 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 1. þessa mánaðar, hefur Stefán Benediktsson arkítekt, Túngötu 3, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum 13. mars 1986 á hendur Guðmundi Kristinssyni múrarameistara, Brekkuseli 31, Reykjavík, til greiðslu skuldar fyrir arkítektaþjónustu.

Í mars eða apríl 1982 kom stefndi að máli við stefnanda og bað hann að kanna nýtingarmöguleika á óbyggðri byggingarlóð nr. 40 við Skúlagötu, en stefnda hafði þá nýlega boðist lóðin til kaups. Stefnandi tók að sér að kanna hvernig mætti byggja á lóðinni og skýra út með einföldum hætti. Stefnandi kynnti sér skipulagsáform borgaryfirvalda og gerði „skissu" að fjögurra hæða verslunar- og skrifstofuhúsi. 27. maí 1982 sótti stefnandi að beiðni stefnda fund hagsmunaaðila. Samkvæmt ákvörðun þess fundar gerði stefnandi nokkrar tillögur um nýtingu lóðarinnar. 22. júlí 1982 var stefnanda falið að útfæra eina tillöguna og gera nauðsynlegar teikningar til að leggja fyrir byggingarnefnd. Stefnandi kveðst hafa verið kominn vel á veg með þetta verk þegar fréttist af nýjum hugmyndum borgaryfirvalda um 13-14 hæða byggingu á lóðinni í lok ágústmánaðar 1982. Var nú stefnanda falið að gera drög að teikningu 80 íbúða fjölbýlishúss með verslunar- og þjónustuaðstöðu og bílageymslum. Þessu verki lauk stefnandi skömmu eftir áramót 1982/1983. Drög hans voru síðan notuð sem grundvöllur samninga stefnda við lóðareigendur. Að ósk stefnanda gerði stefnandi stefnda tilboð um gerð teikninga að húsinu fyrir kr. 1.150.000,00, sem stefndi féllst ekki á. Gerði þá stefnandi nýtt tilboð, að fjárhæð kr. 945.511,00, sem einnig var hafnað. Stefndi samdi síðan við annan aðila um teikningar fyrir kr. 650.000,00, en eftir það barst tilboð frá stefnanda, að fjárhæð kr. 435.000,00, 4. febrúar 1983. Kveður stefnandi það tilboð fela í sér mun minni þjónustu en hin fyrri. Eftir þetta greiddi stefndi stefnanda kr. 20.000,00, en 5. maí 1983 sendi stefnandi stefnda þrjá reikninga, samtals að fjárhæð kr. 462.028,00. Stefndi hafnaði reikningunum, en bauðst til að greiða kr. 4.000,00 til viðbótar. Aðilar hafa ekki getað náð samkomulagi um endanlegt uppgjör viðskipta sinna.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa:

Að stefndur verði dæmdur til greiðslu á kr. 376.031,00 auk 5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 5. júní 1983 til 5. nóvember s.á., 4,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. desember s.á., 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. janúar 1984, 3,25% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. febrúar s.á., 2,5% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. september s.á.,2,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. febrúar 1985, 3,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. mars s.á., 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. júní s.á., 3,5% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. september s.á., 3,75% dráttarvaxta frá

þeim degi til 5. febrúar 1986, 3,75% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 545.244,95 frá 5. febrúar 1986 til 5. mars s.á., 2,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. apríl s.á., 2.25% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. febrúar 1987, 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 703.366,00 frá þeim degi til 5. mars s.á., 2,5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig að á fallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á hverju 12 mánaða tímabili 5. febrúar ár hvert, næst 1988.

Áskilinn er réttur til að hækka eða lækka dráttarvexti í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands frá uppsögu dóms og þar til skuldin er að fullu greidd.

Skv. framangreindri kröfugerð hafa dráttarvextir verið lagðir við höfuðstól þannig:

Af kr. 376.031,00 frá 5/2 85-5/2 86 (45%)	kr. 169.213,95
Af kr. 545.244,95 frá 5/2 86-5/2 87 (29%)	kr. 158.121,05
Af kr. 703.366,00 frá 5/2 1987	

Varakrafa:

Að stefndur verði dæmdur til greiðslu á kr. 376.031,00 auk 45% ársvaxta frá 5. júní 1983 til 21. september s.á., 37% ársvaxta frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvaxta frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvaxta frá þeim degi til 5. febrúar s.á., 3,75% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 442.028,00 frá 5. febrúar 1985 til 5. mars s.á., 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. júní s.á., 3,5% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. september s.á., 3,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. febrúar 1986, 3,75% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 574.244,75 frá 5. febrúar 1986 til 5. mars s.á., 2,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. apríl s.á., 2,25% dráttarvaxta frá þeim degi til 5. febrúar 1987, 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 740.776,00 frá þeim degi til 5. mars s.á., 2,5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig að á fallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á hverju 12 mánaða tímabili 5. febrúar ár hvert, næst 1988.

Áskilinn er réttur til að hækka eða lækka dráttarvexti í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands frá uppsögu dóms og þar til skuldin er að fullu greidd.

Skv. framangreindri kröfugerð hafa dráttarvextir verið lagðir við höfuðstól þannig:

Af kr. 376.031,00 frá 5/2 85-5/2 86 (45%)	kr. 169.213,95
Af kr. 545.244,75 frá 5/2 86-5/2 87 (29%)	kr. 158.121,05
Af kr. 703.366,00 frá 5/2 1987	

Dráttarvextir frá 5. júní 1983 til 5. febrúar 1985 nema skv. varakröfu kr. 169.600,00.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1.	„Fundir vegna samninga við lóðarhafa vegna gagnaöflunar, vegna forsagnar nýtingar lóðar og húss, fyrst sem verzlunar- og fjölbýlishúss og síðar sem skrifstofu- og fjölbýlishúss, alls 106 tímar á 578.95“	kr. 61.368,00
2.	„Undirbúningur, frumdrög og forteikningar skrifstofu- og fjölbýlishúss að Skúlagötu 40 samkvæmt gjaldskrá AÍ, 20% af heildarþóknun með afslætti,“	kr. 182.079,00
3.	„Undirbúningur og frumdrög verslunar- og fjölbýlishúss að Skúlagötu 40 samkv. gjaldskrá AÍ, 10% af heildarþóknun.“	kr. 152.584,00
	Alls	kr. 396.031,00
—	Innborgað	kr. 20.000,00
	Samtals	kr. 376.031,00

Stefnandi kveður kröfur sínar vera miðaðar við gjaldskrá Arkítektafélags Íslands.

Stefndi kveður hafa verið samið um það fyrir fram, að stefnandi fengi kr. 10.000,00 kr.—kr. 12.000,00 fyrir undirbúningsvinnu og teikningar og að stefndi greiddi einungis helming þeirrar fjárhæðar. Stefndi telur sig hafa gert upp við stefnanda að fullu með kr. 6.000,00 samkvæmt þessu samkomulagi auk kr. 14.000,00 fyrir fundasetur. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum rétti sínum með því að gera ekki grein fyrir því að hann hefði þegar unnið fyrir verulegum hluta tilboðsverðs er hann gerði stefnda tilboð. Loks telur stefndi kröfur stefnanda allt of háar miðað við þá vinnu, sem hann krefur um greiðslu fyrir.

Stefndi krafðist upphaflega aðallega frávísunar sökum vanreifunar og vegna ákvæða 46. gr. laga 85/1936. Hann hefur fallið frá frávísunarkröfunni. Ekki eru efni til frávísunar ex officio vegna ákvæða 46. gr. einkamálalaganna.

Dómkröfur stefnda eru endanlega þessar:

Aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða helming þeirrar fjárhæðar, sem dómurinn telur, að stefnanda beri fyrir þau störf, sem krafist er greiðslu fyrir. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi mótmælir vaxtakröfum stefnanda sem of háum, bæði að því er varðar upphafstíma, vaxtafót og vaxtavexti.

Báðir aðilar hafa gert skýrslu fyrir dóminum og leitt vitni. Samkvæmt gögnum þessum og skriflegum skýrslum aðila þykir verða að leggja til grundvallar, að samkomulag hafi orðið um greiðslu kr. 10.000,00—kr. 12.000,00 til stefnanda, en að samkomulag þetta hafi einungis náð til lítils hluta þess verks, sem stefnandi leysti af hendi. Þá þykir verða að leggja til grundvallar að ákvarðanir um verk stefnanda hafi verið teknar í viðræðum aðila og á fundum þeirra með lóðareigendum og fasteignasala. Stefndi leitaði fyrst til stefnanda með ósk um þjónustu hans. Samkomulag, sem kann að hafa orðið um að lóðareigendur og stefndi skiptu með sér kostnaði af þjónustu stefnanda, verður í þessu máli aðeins annaðhvort metið þannig að það hafi verið stefnanda óviðkomandi eða að hann hafi öðlast kröfu á hendur báðum samningsaðilum að óskiptu, sbr. 47. gr. laga 85/1936. Í báðum tilfellum er stefnanda rétt að sækja stefnda um alla skuldina.

Því hefur verið hreyft, að venja sé til, að þjónusta af því tagi, sem stefnandi veitti stefnda, sé látin í té endurgjaldslaust, ef ekki verður af samningum um að arkítekt eða annar hönnuður geri fullnaðarteikningar. Af gögnum þessa máls er ljóst, að tilætlun aðila var ekki, að stefnandi ynni án endurgjalds, og að öðru leyti þykir ekki sannað að venjan, ef til er, taki til þess starfs sem stefnandi innti af hendi. Þykir bera að leggja til grundvallar að starf stefnanda hafi aðallega miðast við að láta í té gögn, sem aðilar gætu notað sem samkomulagsgrundvöll sín í milli, og að það hafi, auk gerðar uppdrátta, aðallega verið fólgið í fundahöldum með aðilum og viðræðum við yfirvöld sveitarstjórnar og skipulags. Verður ekki annað séð en stefnandi hafi leyst það verk af hendi sem honum var falið. Þykir hann eiga rétt á hæfilegri þóknun fyrir það með hliðsjón af gjaldskrá Arkítektafélags Íslands.

Þegar bornar eru saman skriflegar og munnlegar skýrslur aðila, fram lagðir uppdrættir, gjaldskráin, tilboð stefnanda og reikningar hans, þykir hæfileg þóknun til hans metin kr. 220.000,00. Þar af hefur stefndi greitt kr. 20.000,00 og skuldar þá kr. 200.000,00 auk vaxta og kostnaðar.

Stefnandi sendi stefnda þrjá reikninga 5. maí 1983. Í ljós hefur komið að villur voru í reikningsgerðinni, sem m.a. fólust í því að einn reikningurinn var verulega miklu hærri en stefnandi ætlaðist til, auk þess sem texti þeirra var brenglaður og heildarfjárhæð þeirra verulega hærri en hæfilegt getur talist. Leiðrétting á villum kom ekki fram af hálfu stefnanda fyrr en við aðalflutning málsins. Lögmaður stefnanda sendi stefnda kröfubréf á grundvelli reikninganna 20. júlí 1984, en málið var ekki höfðað fyrr en 13. mars 1986. Aðspurður um drátt á lögsókninni hefur stefnandi einungis borið við framkvæmdaleysi. Eins og hér hagar til þykir bera að fallast á

það með stefnda að vexti beri ekki að reikna frá fyrri tíma en málshöfðunardegi.

Stefnandi hefur áritað reikninga sína með áskilnaði um hæstu lögleyfða dráttarvexti. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands 27.2. 1986 um vexti o.fl. og síðari auglýsingum bankans, sbr. augl. 29.10. 1982 IV, 1), þykir hann eigi rétt á mánaðarlegum dráttarvöxtum, eins og Seðlabankinn ákveður þá, frá málshöfðun til greiðsludags. Þ. á m. er honum heimilt að leggja á fallna vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti frá þingfestingardegi. Samkvæmt þessu ákveðast vextir eins og nánar greinir í dómsorði. Málskostnaður ákveðst kr. 40.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Ragnar Ingimarsson prófessor og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Kristinsson, greiði stefnanda, Stefáni Benediktssyni, kr. 200.000,00 með 2,75% mánaðarvöxtum frá 13. mars 1986 til 5. apríl 1986, með 2,25% vöxtum p.m. frá þeim degi til 5. mars 1987, en með 2,5% vöxtum p.m. frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 10. mars 1989.

Nr. 77/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m., sem barst Hæstarétti 9. þ.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Agnari Víði Bragasyni, með lögheimili að Hábergi 3, en dvalarstað að Bragagötu 23 hér í borg, kt. 16.09.66-3009, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 15. mars nk. kl. 17.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

RLR rannsakar nú fjölda innbrota í verslanir og fyrirtæki í Reykjavík, í Borgarnesi og Akranesi, þar sem stolið hefur verið umtalsverðum verðmætum og að auki verið unnar miklar skemmdir. Þá rannsakar RLR þjófn-

að á bifreiðum af bílasölum og bílaleigum, en einhver tengsl virðast vera þar á milli.

Hinn 21. mars sl. var brotist inn í verslunina Herjólf, Skipholti, og söluturn sem versluninni tengist. Í innbrotinu var stolið tóbaki fyrir milli 700.000,00 og 800.000,00 krónur auk 200 skafmiða. RLR hafa borist upplýsingar um að Agnar Víðir Bragason hafi brotist inn í verslunina Herjólf í félagi við Guðbjörn Gunnarsson, og einnig hefur komið fram að Ragnar Hauksson hafi verið að selja tóbak sem hann hefur borið að hafa fengið hjá Agnari Víði.

Kærði, Agnar Víðir, hefur með öllu neitað, bæði í skýrslutöku hjá RLR og fyrir dómi, að hafa átt aðild að innbrotum nú undanfarið.

Aðfaranótt 6. janúar sl. var brotist inn í verslunina Jackpot, Bankastræti 13. Þar var stolið tveimur leðurjökkum og 5.000,00—6.000,00 krónum í skiptimynt, þar á meðal tékka á SPRON, út gefinn af Sigurhönnu Sigurjónsdóttur, tékkanúmer 3348196. Tékkinn liggur frammi í ljósriti í málinu, framseldur með nafnrituninni Agnar Víðir Bragason, Hábergi 3, kt. 16.09.66-3009.

Kærði hefur viðurkennt að hafa framselt framangreindan tékka, en hefur ekki getað gefið skýringu á hvernig tékkinn komst í hendur hans né hvernig eða í hverra þágu andvirði hans var ráðstafað.

Hinn 20. febrúar sl. var bifreiðinni R 24099, AMC Eagle, stolið frá Bílasölunni Bílatorgi, Nóatúni. Garðar Garðarsson hefur viðurkennt að hafa komið í bílasöluna í febrúar, skoðað bifreiðina og gangsett. Hann hefur hins vegar algerlega neitað að hafa stolið henni.

Aðfaranótt 21. febrúar sl. var brotist inn í Geirabakarí, Borgarnesi, og verslun Jóns og Stefáns, sem starfrækt er í sama húsi. Skófar var við glugga á bakaríinu, sem farið var inn um, og einnig var skófar á gólfi fyrir innan hann. Við rannsókn málsins hefur komið í ljós að mynstur, stærð og gerð þeirra koma saman við gerð skófatnaðar, sem kærði og Garðar Garðarsson hafa notað.

Umrædda nótt sáu vegfarendur í Borgarnesi ameríska bifreið af gerðinni AMC Eagle ekið þar um götur.

Úr verslun Jóns og Stefáns var stolið um 30.000,00 krónum í skiptimynt og einnig var talið að tóbak hefði horfið.

Kærði, Agnar Víðir, hefur þverneitað aðild að þessu innbroti.

Aðfaranótt 28. febrúar sl. var brotist inn í verslunina Skagaver, Akranesi, með þeim hætti að ekið var á lagerhurð og hún sprengd upp. Inni á lagernum og fyrir utan voru för eftir hjólbarða af gerðinni Hacapelita.

Í innbrotinu voru unnar töluverðar skemmdir. Skjalaskáp var velt á milli hæða, og við það skemmdust bæði skápurinn og tröppur, sem honum var velt niður. Einnig reyndist hurð á frystigeymslu vera skemmd eftir gaffla

á lyftara. Ekki tókst þeim aðila eða aðilum, er stóðu að innbrotinu, að opna skápinn.

Í innbrotinu var stolið 50 kartonum af sígarettum, um 15.000,00 kr. í peningum, sjónvarpi og myndbandstæki.

Skóför fundust á vettvangi, sem líkjast mynstri og gerð skófatnaðar, sem Agnar Víðir Bragason og Garðar Garðarsson hafa notað nú undanfarið. Kærði, Agnar Víðir Bragason, hefur algerlega neitað aðild að innbrotinu.

Hinn 28. febrúar sl. var bifreiðinni R 55717 stolið frá Ryðvarnarskálanum, Sigtúni. Bifreiðin fannst 2. mars sl., þar sem hún stóð í Meðalholti, við Háteigsveg. Í bifreiðinni var kassi með sælgæti í sem merktur var versluninni Skagaver, Akranesi.

Óupplýstur er þjófnaður á bifreiðinni Y 3212 af gerðinni Nissan Sunny úr Ryðvarnarskálanum 1. mars sl.

Garðar Garðarsson hefur viðurkennt að hafa stolið bifreiðinni R 33136 27. febrúar sl. frá Bílasölunni Bílabankanum, Hamarshöfða, og skilað henni aftur, en sú bifreið hefur ekki fundist.

Í innbrotinu í Ryðvarnarskálann 1. mars sl. hurfu lyklar að fleiri bifreiðum.

Bifreiðin Y 3212 sást við Einholt 1. mars sl., en þá hafði ekki verið tilkynnt um þjófnað á henni. Var hennar leitað á sama stað 2. mars sl., en þá var hún horfin þaðan og er enn ófundin.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda er rannsókn mála þessara á frumstigi og veruleg hætta á að kærði spilli sakargögnum og hafi áhrif á samseka eða vitni, haldi hann óskertu frelsi. Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 15. mars nk. kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 15. mars nk. kl. 17.00.

Þriðjudaginn 14. mars 1989.

Nr. 369/1987. **Sigurður Lárusson**
(Svala Thorlacius hrl.)
gegn
Guðrúnu Ólu Pétursdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Hjón. Búskipti. Endurgjaldskrafa. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 2. desember s.á. Hann gerir þær kröfur, „að andvirði bifreiðarinnar G 6668, Toyota Tercel, árgerð 1981, kr. 200.000,00, komi til skipta í búi málsaðila". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða henni málskostnað að skaðlausu fyrir Hæstarétti að viðbættum söluskatti lögum samkvæmt, nú 12%.

Áfrýjandi gerir sömu efniskröfur fyrir Hæstarétti og hann gerði fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar. Þar fyrir dómi voru aðilar sammála um, að bifreiðin væri 200.000,00 króna virði. Í greinargerð til skiptaréttarins sagði þáverandi lögmaður áfrýjanda m.a.: „...er á því byggt, að sóknaraðili (þ.e. stefnda fyrir Hæstarétti) hafi heimildarlaust ráðstafað bifreið úr félagsbúi þeirra hjóna án þess að endurgjald hafi komið fyrir...Gerir varnaraðili því við skipti félagsbúsins endurgjaldskröfu að þessu leyti úr hendi sóknaraðila, sbr. 52. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna". Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, byggði lögmaður áfrýjanda einnig á þessu lagaákvæði við flutning málsins í héraði. Fyrir Hæstarétti vísaði hann einnig til lagaákvæðisins, bæði í greinargerð og við munnlegan flutning. Ber því, þrátt fyrir orðalag kröfu áfrýjanda, að taka afstöðu til þess, hvort við opinber skipti á eigum aðila beri áfrýjanda endurgjald á grundvelli margnefnds ákvæðis. Skiptarétturinn mátti leysa úr þessum ágreiningi, og úr-

skurður hans sætir áfrýjun eftir 21. gr., 1. mgr. 2 b, laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973.

Bifreiðin G 6668 var, eins og segir í skiptaréttarúrskurðinum, keypt fyrir fé Vélsmiðju Péturs Auðunssonar. Síðan greiddi vélsmiðjan rekstrarkostnaðinn og í hennar þágu var bifreiðin notuð að mestu leyti. Smiðjan er í eigu föður stefndu, og starfaði stefnda þar. Þrátt fyrir tilkynningu 5. júlí 1985 um sölu þriðja manns á bifreiðinni til stefndu og skráningu samkvæmt því þykir áfrýjandi ekki hafa sannað, að bifreiðin hafi orðið eign stefndu fyrir örlætisgerning eða með öðrum hætti.

Af þessu leiðir, að staðfesta ber þá niðurstöðu skiptaréttar, að áfrýjandi eigi ekki endurgjaldsrétt á grundvelli 52. gr. laga nr. 20/1923.

Eftir atvikum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar og fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigurður Lárusson, á ekki, vegna ráðstöfunar á bifreiðinni G 6668, rétt til endurgjalds eftir 52. gr. laga nr. 20/1923 við opinber skipti á eigum hans og stefndu, Guðrúnar Ólu Pétursdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 1. júní 1987.

Ár 1987, mánudaginn 1. júní, er í skiptarétti Hafnarfjarðar kveðinn upp úrskurður þessi í skiptaréttarmálinu nr. 629/1987: Guðrún Óla Pétursdóttir gegn Sigurði Lárussyni.

Hjónin Guðrún Óla Pétursdóttir, nnr. 3291-0858, Breiðvangi 59, Hafnarfirði, og Sigurður Lárusson, nnr. 7883-5842, lögheimili Breiðvangi 59, Hafnarfirði, en dvalarstaður Hagaflöt 3, Garðakaupstað, slitu samvistir í júlíbyrjun 1986.

Beiðni um opinber skipti á félagsbúi þeirra barst skiptarétti Hafnarfjarðar 10. mars 1987, eftir að valdsmaður hafði fjallað um beiðni þeirra um lögskilnað. Opinber skiptameðferð á búinu hófst 23. mars 1987. Þegar í því þinghaldi var ljóst, að ágreiningur var með aðilum um, hvort skiptin skyldu ná til bifreiðarinnar G 6668, Toyota Tercel, árg. 1981. Samkomulag varð síðar með aðilum um, að um ágreining þennan yrði fjallað í sérstöku

skiptaréttarmáli. Skiptaréttarmál þetta var þingfest 6. apríl 1987, og lagði lögmaður sóknaraðila, Guðrúnar Ólu Pétursdóttur, þá fram greinargerð um ágreininginn, og lögmaður varnaraðila lagði fram greinargerð í þinghaldi 13. apríl. Aðalflutningur málsins fór fram í þinghaldi 8. maí. Voru þá teknar skýrslur af aðilum máls og leidd fimm vitni, og munnlegur málflutningur fór fram. Málið var þá tekið til úrskurðar.

Kröfugerð.

Sóknaraðili krefst þess, að bifreiðinni G 6668, Toyota Tercel 1981, og eða andvirði hennar verði algerlega haldið utan við hjúskapareign félagsbúsins. Hann gerir ekki kröfu um málskostnað.

Varnaraðili, Sigurður Lárusson, krefst þess, að andvirði bifreiðarinnar G 6668 komi til skipta í félagsbúi málsaðila, og sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila í þessum þætti málsins málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Málsatvik eru í stuttu máli þessi: Árið 1985 keypti sóknaraðili máls þessa umrædda bifreið. Fyrir liggur í málinu ljósrit af tilkynningu til Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 5. júlí 1985. Samkvæmt tilkynningu þessari kaupir Guðrún Óla Pétursdóttir bifreiðina af Sigurði Adolfssyni. Það er þó öldungis ágreiningslaust, að það var faðir sóknaraðila, Pétur Auðunsson, sem greiddi kaupverðið og afhenti bifreiðina dóttur sinni, sóknaraðila, án endurgjalds.

Á skattframtali hjónanna, aðila þessa máls, 1986 er bifreiðin talin fram sem eign. Hinn 2. maí 1986 er aftur tilkynnt til lögreglustjórans í Hafnarfirði um sölu á bifreiðinni. Guðrún Óla Pétursdóttir selur þá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar bifreiðina G 6668. Tilkynningu þessa undirritar Guðrún Óla Pétursdóttir sem seljandi, og hún undirritar einnig f.h. kaupanda, Vélsmiðju Péturs Auðunssonar. Ekkert gjald kom fyrir bifreiðina við þessi eigendaskipti.

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður sóknaraðila færir þessi rök fyrir kröfugerð sinni: Sóknaraðili hafi um langt árabil starfað við fyrirtæki föður síns, Vélsmiðju Péturs Auðunssonar. Honum hafi verið nauðsyn á að nota bifreið við starfa sinn, og hafi hann notað bifreið fyrirtækisins eftir því sem þurfa þótti. Oft hafi þó komið fyrir að aðrir starfsmenn fyrirtækisins hafi þurft að nota sömu bifreið. Hafi þetta komið sér illa fyrir sóknaraðila og fyrir fyrirtækið. Því hafi það orðið að ráði að fyrirtækið keypti sérstaka bifreið fyrir sóknaraðila sem yrði skráð á hans nafn, enda þótt fyrirtækið ætti bifreiðina í

raun og sæi um allan rekstur og viðhald hennar. Ástæðuna fyrir því, að bifreiðin var í maí 1986 aftur færð yfir á nafn Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, telur sóknaraðili vera þá, að til hafi staðið af hálfu fyrirtækisins að kaupa jeppa, sem hafi verið nokkuð dýr, og hafi verið ætlunin að selja bifreiðina G 6668 upp í þennan jeppa. Af þessum kaupum hafi reyndar ekki orðið. Sóknaraðili heldur því fram, að bifreiðin G 6668 hafi aldrei í raun verið eign búsins, búið hafi aldrei greitt andvirði bifreiðarinnar né borið af henni nokkurn kostnað. Þá bendir sóknaraðili á að bifreiðin hafi verið umskráð yfir á nafn Vélsmiðju Péturs Auðunssonar 2. maí 1986, en það hafi ekki verið fyrr en tveimur mánuðum síðar, sem til skilnaðar aðila kom, eða 2.-3. júlí 1986. Af þessum ástæðum telur sóknaraðili að halda eigi bifreiðinni G 6668 utan við skiptin. Í munnlegum málflutningi mótmælti lögmaður sóknaraðila því sérstaklega, að 52. gr. laga nr. 20/1923 ætti við í þessu máli. Hann mótmælti því einnig að bifreiðin hefði verið afhent sóknaraðila til kvaðalausrar eignar.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að Pétur Auðunsson hafi árið 1985 fært dóttur sinni, Guðrúnu Ólu Pétursdóttur, sóknaraðila þessa máls, umrædda bifreið, G 6668, til eignar og afnota. Bifreiðin hafi þá orðið hjúskapareign sóknaraðila og tilheyrandi félagsbúi málsaðila. Þessu til stuðnings bendir hann á að sóknaraðili hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar og að bifreiðin hafi verið talin hjónunum til eignar á skattframtali 1986. Þá er því haldið fram að með sölu á bifreiðinni 2. maí 1986 hafi verið um að ræða undanskot sóknaraðila á eign félagsbúsins og ástæðan hafi verið yfirvofandi óhjákvæmilegur skilnaður hjónanna, aðila þessa máls. Bent er á, að 1. maí 1986 hafi varnaraðili farið af heimili sínu og til Þýskalands. Varnaraðili telur því engu skipta þótt sóknaraðili hafi ekki keypt umrædda bifreið í eiginlegum skilningi og afhent um leið peninga eða fjármuni á móti. Sóknaraðili hafi fengið bifreiðina afhenta til kvaðalausrar eignar, en rekstur hennar hafi verið kostaður af vinnuveitanda hans. Byggt er á því af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi heimildarlaust ráðstafað umræddri bifreið úr félagsbúi hjónanna án þess að endurgjald hafi komið fyrir. Í munnlegum málflutningi skýrði lögmaður varnaraðila þessa málsástæðu á þann veg, að konan, sóknaraðili, hefði að vísu mátt selja bílinn, en ekki án endurgjalds, þannig að búinu yrði til tjóns. Með framangreindum rökum gerir varnaraðili kröfu til endurgjalds úr hendi sóknaraðila samkv. 52. gr. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Álit réttarins.

Af gögnum máls og framburði vitna er sannað að Pétur Auðunsson eða fyrirtæki hans, Vélsmiðja Péturs Auðunssonar, keypti bifreiðina, sem nú ber númer G 6668, handa dóttur sinni, sóknaraðila þessa máls. Afhenti

nefndur Pétur sóknaraðila bifreiðina til eignar og umráða. Framburður vitna leiddi í ljós að Kristján Ármannsson, sem var verkstjóri hjá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar þegar þetta gerðist, hafði milligöngu um kaupin. Eigendaskiptin voru tilkynnt Bifreiðaeftirlitinu 5. júlí 1985. Sóknaraðili var formlega skráður eigandi bifreiðarinnar. Jafnframt var bifreiðin skráð á skattframtal aðila málsins 1986. Bifreiðin var hjúskapareign sóknaraðila.

Af framburði vitna má telja sannað að hvað sem formlegri eignarheimild leið, þá hafi sá verið tilgangur bæði Péturs Auðunssonar og sóknaraðila að hinn síðarnefndi notaði bifreiðina í vinnu sinni hjá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, en hefði hana jafnframt til eigin nota. Hér þykir ekki eiga að skipta máli hver verið hefur tilgangur sóknaraðila með eigendaskiptunum 2. maí 1986. Óumdeilt er að ekkert gjald kom fyrir bifreiðina úr félagsbúinu, þegar sóknaraðili eignaðist hana um mitt ár 1986. Enn fremur er ágreiningslaust að Vélsmiðja Péturs Auðunssonar greiddi allan kostnað af rekstri og viðhaldi bifreiðarinnar. Þá er og upplýst að ekki kom leiga fyrir notkun bifreiðarinnar í þágu Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, meðan bifreiðin var skráð á nafn sóknaraðila, og eigi heldur kom gjald fyrir bifreiðina, þegar hún var yfirfærð á nafn Vélsmiðju Péturs Auðunssonar 2. maí 1986.

Telja verður sannað með skýrslum aðila og af framburði vitna, að sóknaraðili hafi alla þá tíð, sem hér um ræðir, notað bifreiðina í eigin þágu, en einnig við vinnu sína hjá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar.

Með tilliti til ofanritaðs þykir sú ráðstöfun sóknaraðila að afhenda bifreiðina G 6668 Vélsmiðju Péturs Auðunssonar til formlegrar eignar 2. maí 1986 engan veginn fela í sér háttsemi sem fallið gæti undir 52. gr. laga nr. 20/1923. Ber því að verða við kröfu sóknaraðila.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af skiptaréttarmáli þessu.

Bjarni Ásgeirsson hdl. flutti málið fyrir sóknaraðila og Hlöðver Kjartansson hdl. af hálfu varnaraðila.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Bifreiðin G 6668 kemur ekki til skipta á félagsbúi Guðrúnar Ólu Pétursdóttur, nnr. 3291-0858, og Sigurðar Lárussonar, nnr. 7883-5842.

Hvor aðili beri sinn kostnað af skiptaréttarmáli þessu.

Þriðjudaginn 14. mars 1989.

Nr. 217/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni
(Ingvar Björnsson hdl.).

Brenna. Aðfinnslur. Skaðabætur. Mat. Skoðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1988 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til refsiþyngingar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Rannsókn máls þessa var ýmsum annmörkum háð og er nokkurra þeirra getið í héraðsdómi. Beiðni um tilnefningu sérfróðra skoðunarmanna var ekki sett fram af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrr en 28. september 1987 eða um fjórum og hálfum mánuði eftir brunann. Brunamálastjóri tilnefndi skoðunarmenn, þrátt fyrir það að í 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, sé boðið, að slík tilnefning skuli framkvæmd af stjórn brunamálastofnunar samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Umsögn skoðunarmanna var rituð í nóvember 1987 og send Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi brunamálastjóra 22. desember sama ár. Í umsögninni er byggt á röngum teikningum af Barónsstíg 25 og fram kom einnig við meðferð málsins að einungis annar skoðunarmannanna fór á vettvang. Fór hann ekki inn í húsið og virðist aðeins hafa skoðað framhlið þess. Að öðru leyti sýnist álit skoðunarmannanna byggt á teikningum og ljósmyndum rannsóknarlögreglu.

Þá er og sá galli á rannsókn málsins að slökkviliðsmenn, er á vettvang komu, voru ekki yfirheyrðir um aðkomu og aðstöðu við slökkvistarf. Einnig hefði verið eðlilegt að rannsóknarlögreglan

sýndi með ljósmyndum eða teikningum undankomuleið íbúa efstu hæðar hússins eftir húsþökum.

Ofangreindir gallar á rannsókn málsins eru mjög aðfinnsluverðir. Eigi er þó næg ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu á broti ákærða til refsiákvæða.

Eftir atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár, og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal gæsluvarðhaldsvist hans í sjö daga koma henni til frádráttar.

III.

Fébótakrafa Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, sem dæmd er í héraðsdómi, var kynnt ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. ágúst 1987 og samþykkti hann kröfuna. Í þinghaldi í sakadómi 16. mars 1988 var ákærða aftur kynnt krafan að viðstöddum skipuðum verjanda sínum og kvaðst hann þá ekki mótmæla upphæð eða sundurliðun hennar. Í málinu liggja fyrir gögn um að Karl Hallbjörnsson, sem er skráður eigandi fasteignarinnar Barónsstígs 25 hjá skráningardeild fasteigna hjá Reykjavíkurborg, hefur tekið við umræddri greiðslu frá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar. Að þessu athuguðu verður ákvæði héraðsdóms um skaðabætur staðfest.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar að undanskildu því að kostnaður við hina sérfræðilegu álitsgerð um brunann verður ekki lagður á ákærða.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, sæti fangelsi tvö ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans í sjö daga.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skal vera óraskað.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest með þeirri breytingu er að framan greinir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 215/1988: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, sem tekið var til dóms 22. mars sl.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 10. febrúar sl., gegn ákærða, Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, fæddum 14. apríl 1966 í Þýskalandi, Laugarásvegi 39 hér í borg, „fyrir brennu, með því að hafa um eða laust eftir miðnætti aðfaranótt miðvikudagsins 13. maí 1987 farið í heimildarleysi inn í kjallaraíbúð í húsinu nr. 25 við Barónsstíg í Reykjavík, sem er íbúðarhús á tveimur hæðum, kjallari og ris, kveikt þar í bréfi og fleygt því inn í stofu í suðausturhorni íbúðarinnar. Ákærði slökkti í bréfinu er hann varð var við, að maður lá á tveimur svampdýnum í eldhúsi í norðausturhorni íbúðarinnar og var að vakna af svefni, og fékk manninn til að koma með sér út úr íbúðinni. Hann yfirgaf manninn fljótlega og fór rakleiðis aftur inn í íbúðina og lagði þar eld í nefndar svampdýnur og hraðaði sér síðan á brott eftir að eldur tók að magnast. Ákærði þykir með framangreindum hætti hafa stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, fjögurra fullorðinna og eins barns, sex ára að aldri, í bersýnilegan háska og auk þess valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótlega af íbúum hússins og var slökktur af slökkviliði Reykjavíkur.

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Um kl. 00.20 aðfaranótt miðvikudagsins 13. maí sl. var lögreglunni í Reykjavík svo og slökkviliði tilkynnt að eldur væri laus í kjallaraíbúð að Barónsstíg 25 hér í borg.

Á staðinn fóru sex slökkviliðsbifreiðar. Er þær komu á staðinn, logaði eldur í tveimur svampdýnum, sem voru á gólfi undir opnum glugga í kjallaraherbergi. Var talsverður reykur í stigagangi hússins, sem er kjallari og þrjár hæðir. Tveir menn fóru með reykgrímur og tvo háþrýstikúta inn í

kjallarann til að ganga úr skugga um að hann væri mannlaus, og reyndist svo vera. Gekk slökkvistarf greiðlega. Vaknaði strax grunur um að um íkveikju hefði verið að ræða.

Einar Karl Kristjánsson lögreglumaður fór á vettvang ásamt lögreglumönnunum Sigurði Péturssyni, Alexander G. Alexanderssyni, Sveini Orra Tryggvasyni, Jóni Má Jónssyni og Benedikt Lund. Þá kom skömmu síðar á vettvang Jónas Jón Hallsson rannsóknarlögreglumaður.

Í frumskýrslu Einars Karls, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, kemur fram að við komuna á vettvang hafi þeir lögreglumennirnir reynt að fara niður í kjallarann til að ganga úr skugga um að hann væri mannlaus, en sökum reykjar hafi þeir orðið frá að hverfa. Haft var tal af tveimur íbúum hússins á vettvangi, tilkynnanda, Jóni Ásgeiri Sigurbjartssyni, og Brynjólfi Birgi Harðarsyni. Hinn fyrrgreindi skýrði frá því, að hann hefði farið að sofa um miðnætti, en stuttu síðar heyrði hann hvell og fór út á svalir til þess að athuga hvað væri á seyði. Sá hann þá mikinn reyk í porti bak við húsið og gerði sér grein fyrir, að eldur væri laus í húsinu, og hringdi samstundis í lögreglu og slökkvilið. Brynjólfur Birgir Harðarson kvaðst hafa vaknað við einhver læti. Þegar hann hugði nánar að, hvað um væri að vera, sá hann eld stíga snögglega frá bakhlið hússins, en hjaðna strax aftur. Þá varð hann var við mikinn reyk í stigagangi.

Þeir sex lögreglumenn, sem fyrstir komu á staðinn, hafa allir komið fyrir dóminn. Hafa þeir borið að mikill og svartur reykur hafi verið í stigagangi hússins þegar þá bar að. Útidyr voru lokaðar, en ólæstar. Er inn kom, var illmögulegt að draga andann í stigaganginum. Þegar reynt var að fara niður í kjallarann urðu þeir frá að hverfa vegna reykjarins. Tveir lögreglumenn lyftu þeim þriðja, Jóni Má Jónssyni, upp í rennu sem hann klifraði eftir til að komast inn um herbergi á 1. hæð, en þar var opinn gluggi. Þar var inni maður á nærklæðum, sem Jón Már fékk út með sér um stigaganginn. Taldi sá maður að einhverjir fleiri kynnu að vera í herbergjum á sömu hæð. Spörkuðu þeir upp þremur hurðum til að kanna þetta, en enginn reyndist vera þar inni. Einnig tókst þeim síðar að komast upp á 2. hæð. Kölluðu þeir og knúðu dyr til að vekja þá sem þar kynnu að vera. Þar var einn íbúi, Brynjólfur Birgir Harðarson. Brutu lögreglumenn rúðu á útihurð í íbúð hans og fengu hann út með sér, en skömmu áður hafði hann orðið eldsins var, svo sem áður er getið. Þá fóru karl og kona ásamt barni út á svalir á íbúð sinni á 3. hæð og þaðan upp á þak hússins að austanverðu. Fóru þau eftir nokkrum húsþökum uns þau komust niður um þakglugga á húsi við Grettisgötu. Ekki urðu lögreglumennirnir varir mannaferða á þaki hússins, enda flestir við störf inni í stigaganginum og vestan megin hússins. Alexander G. Alexandersson fór austan megin við húsið, þ.e. þeim megin sem snýr út í port, og var þá körfubíll frá slökkviliði kominn þeim megin að húsinu.

Í vettvangsrannsókn Jónasar Jóns Hallssonar, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, segir svo um lýsingu á húsinu, brunastað og brunaskemmdum: „Barónsstígur 25 er steinsteypt hús, þrjár hæðir og niðurgrafinn kjallari. Aðalinngangur er frá Barónsstíg, en bakdyr vísa út í bakgarð, austanvert við húsið. Þegar komið er inn um þær dyr, er komið inn í lítinn gang. Á vinstri hönd eru dyr inn í herbergi (stofu), en á hægri hönd eru dyr inn í herbergi með eldunaraðstöðu. Á báðum útveggjum þessara herbergja eru gluggar sem vísa í austur. Þeir eru báðir með opnanlegum fögum. Þegar komið er úr ganginum í gegnum dyr sem eru í hinum enda hans, er komið í litla forstofu. Þar er salernisaðstaða á vinstri hönd, undir stiga í stigagangi hússins. Þvottahús er á hægri hönd, áður en gengið er upp í stigahúsið úr kjallaranum.

Lýsing á brunastað:

Eldur hefur verið laus í því herbergi þar sem eldunaraðstaðan er. Þegar komið er inn í það úr framangreindum gangi, eru skápar og eldhúsbekkur með vaski á vinstri hönd. Hurðin opnast þar upp að. Lítið skilrúm skilur þennan eldhúskrók af. Ísskápur er við norðurvegg herbergisins á móti innganginum í það. Herbergið er um 3x2½ m að gólffleti. Rúmstæðið hefur verið meðfram austurvegg og höfðalag verið við norðurvegg. Teppi er á gólfi. Loft og gólf ásamt veggjum eru úr steinsteypu, en útveggur klæddur með timbri.

Lýsing á brunaskemmdum:

Báðar svampdýnurnar voru brunnar, þó önnur meira yfir allan flötinn sem vísað hefur upp. Brunaferlar eru á gólfteppinu út frá staðnum sem dýnurnar höfðu verið. Veggfóður hefur verið á viðarklæðningu á útvegg, og var það brunnið. Lítill eldur hefur verið í klæðningunni að sjá, en búið var að rjúfa gat á hana við slökkvistarfið. Mikill hiti hefur myndast í herberginu og valdið á því skemmdum. Í herberginu sem kallast stofa, er gólfteppi. Þar inni er skápur, sófastólar og sófaborð. Undir glugganum, meðfram austurvegg, er þriggja sæta sófi. Á gólfinu við enda sófans, næst dyrunum, er sviðinn brunablettur í gólfteppið og hjá honum hálfbrunninn sölusamningur varðandi bílaviðskipti.“

Þá verður gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna í málinu.

Ákærði hefur borið að kvöldið áður hafi hann verið að Laugavegi 51 B. Þar hitti hann Grétar Magnússon, Bjarna Sigurðsson, Sigurð Hólm Sigurðsson, Magnús Einarsson, Díönu Ósk Ármannsdóttur og Stellu Björt Guðjónsdóttur. Voru þau að skemmta sér og sátu að sumbli. Fljótlega fóru þau þaðan í kjallaraíbúð að Barónsstíg 25, en þar bjó Grétar Magnússon, og héldu þar áfram drykkju. Skömmu eftir að þangað kom var ákveðið

að fara að Yrsufelli 11 í Breiðholti. Þangað fóru þau öll nema Bjarni, sem varð eftir. Allt var í góðu lagi þar til þau komu þangað. Þá var honum borið á brýn að hann hefði stolið áfengi frá þeim hinum. Það hafi hins vegar ekki verið satt, þar sem hann átti sjálfur áfengi, en hinir ekki. Vegna þessa upphófust mikil læti, sem enduðu með, að Grétar réðst á hann. Fljótlega kýldi Magnús Einarsson hann þar sem hann sat á stól, og við það brotnuðu gleraugu hans (ákærða). Þeir Grétar og Magnús héldu áfram að sparka í hann og yfirgaf hann þá íbúðina illa til reika. Þegar hann kom út tók hann leigubifreið sem þar bar að, þar sem hann vildi komast sem fyrst í burtu. Ók leigubifreiðarstjórinn honum að Laugavegi 51 B. Þegar þangað kom ákvað hann í reiði sinni að fara í kjallaraíbúðina á Barónsstíg 25 og skemma þar eitthvað. Þegar þangað kom sá hann að allt var á tjá og tundri og lítið hægt að skemma þar. Þá var eins og þeirri hugsun slægi niður að kveikja í öllu. Næstu mínúturnar var hann eins og stjórnlaus, hann skildi ekki hvað kom yfir hann. Kveikti hann í bréfsnifsi með kveikjara og henti inn í stofu, en er hann varð þess var að Bjarni Sigurðsson svaf þar á svampdýnum inni í eldhúsi hinum megin við ganginn slökkti hann samstundis. Vakti hann Bjarna, þar sem hann vildi ekki valda mannskaða, og fékk hann með sér út bakdyra megin. Gengu þeir áleiðis að Laugavegi 51 B. Á Laugaveginum sagði hann Bjarna, að hann þyrfti að kasta af sér vatni, og hljóp sem fætur toguðu fyrir hornið á Laugavegi og Barónsstíg. Komst hann inn í húsið Barónsstígs megin, þar sem útidyr voru ólæstar. Kveikti hann nú í bréfadrasli með kveikjaranum og henti á svampdýnur þær sem Bjarni hafði áður sofið á í eldhúsinu. Þessu næst hljóp hann út í portið bakdyra megin og niður á Laugaveg og náði Bjarna áður en hann kom að Laugavegi 51 B, og urðu þeir samferða inn í húsið. Þar var hann við áfengis- og lyfjaneyslu, sofnaði og vaknaði daginn eftir. Þá um morguninn skýrði hann Valdimar Svavarssyni, húsráðanda á Laugavegi 51 B, frá því að hann hefði borið eld að íbúðinni.

Vitnið Grétar Magnússon bar á sama hátt og ákærði um ferðir þeirra umrætt kvöld. Hann kvað grun hafa beinst að ákærða vegna hvarfs á áfengisflösku og kom til handalögmála milli hans og ákærða út af því. Ákærði hefði þá farið á undan þeim hinum úr íbúðinni í Breiðholti. Hann kannaðist ekki við það, að gleraugu ákærða hefðu verið brotin, og vissi ekki til þess að fleiri hefðu lent í handalögmálum við ákærða.

Sigurður Hólm, Magnús, Hannes Þórir og Díana Ósk hafa borið á sama veg og ákærði um ferðir þeirra umrætt kvöld. Þá báru þau öll að átök hefðu orðið milli ákærða og Grétars í íbúðinni í Yrsufelli svo og að ákærði hefði farið þaðan á undan þeim hinum. Þau hefðu farið eftir miðnætti að nýju að Barónsstíg 25, en þá hefði lögreglan handtekið þau þar og brunanum verið lokið.

Reynt var að fá vitnin Dagnýju Björt (Stellu) og Valdimar Svavarsson fyrir dóminn. Dagný Björt er búsett á Seyðisfirði og Valdimar var í langferð til sjós, og sá dómarinn ekki ástæðu til að draga meðferð málsins af þeim sökum.

Bjarni Sigurðsson kveðst hafa verið með ákærða og fleira fólki við drykkju í kjallaraíbúðinni á Barónsstíg 25 umrætt kvöld. Hann hafi verið við drykkju og í sukki um alllangan tíma og muni því atburði óglöggt. Hann hafi sofnað út af á dýnu á heimili Grétars. Ákærði hafi vakið sig, en þau hin þá verið uppi í Breiðholti. Hann hafi verið með sár á nefi og talað um að hann hefði verið laminn. Ákærði hafi boðið sér í „partý" á Laugavegi 51 B. Þangað fóru þeir, en um fimm mínútum síðar fór ákærði og var ókominn þegar hann fór þaðan. Á Laugaveginum hafi ákærði verið að æsa sig yfir því að á sig hefði verið ráðist, en ákærði sagði ekki, hver það hefði gert. Bjarni kvaðst þó minnast þess, að einhverjar stimpingar hefðu orðið milli ákærða og Grétars áður en þeir fóru upp í Breiðholt.

Hólmfríður Hrönn Þórsdóttir mundi lítið eftir atvikum, þar sem hún var í mikilli óreglu um þessar mundir, en þá var hún búsett á Laugavegi 51 B. Hún minntist þess þó að ákærði hafði sagt frá því, er hann var staddur á heimili hennar þessa nótt, að hann hefði kveikt í kjallaraíbúðinni að Barónsstíg 25, en hún hefði ekki lagt trúnað á það, en farið daginn eftir ásamt fleira fólki þangað og þá séð að þar hefði verið kveikt í. Sér hefði skilist á ákærða, að hann hefði gert það vegna ósamkomulags við það fólk, sem hann var með að sukki.

Davíð Bergmann Guðbjartsson lögregluflokksstjóri, sem starfaði við leigubílaakstur um þessar mundir, kvaðst hafa ekið ákærða umrædda nótt frá Yrsufelli 11 í Breiðholti að Laugavegi 51 B. Hann þekkti ákærða ekki í sjón, en hann hefði afhent sér nafnskírteini með mynd á nafn ákærða í lok ökuferðarinnar, þar sem hann átti ekki fyrir ökugjaldinu. Hann gat ekki fullyrt, hvað klukkan var, en taldi, að það hefði verið um eða skömmu eftir miðnætti þessa nótt. Ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum, en þó ekki áberandi ölvaður. Hann hefði verið með áverka í andliti og talað um, að einhverjir þrír „gaurar" hefðu barið sig. Ákærði hefði verið mjög æstur og borið heiftarhug til þeirra sem höfðu barið hann, enda hefði hann haft á orði að hann myndi koma fram á þeim hefndum.

Brynjólfur Birgir Harðarson háskólanemi bjó á 2. hæð að Barónsstíg 25 umrætt sinn. Hann kvaðst hafa komið heim um kl. 22-22.30 um kvöldið og þá orðið var við hávaða frá íbúðinni í kjallaranum. Skömmu fyrir miðnætti hefði færst yfir ró og hann þá getað lagst til náða. Hann hrökk síðan upp, þar sem hann lá milli svefns og vöku, við skruðning frá kjallaranum. Þá var komið fram yfir miðnætti. Fór hann úr rúminu og leit út um svefnherbergisgluggann, en varð einskis var og fór þá fram og opnaði dyrnar

fram á stigaganginn. Fann hann reykjarlykt og sá lítils háttar reyk og taldi í fyrstu að einhver hefði gleymt pönnu á eldavél eða því um líkt. Fór hann því næst fram í stofu við hlið svefnherbergisins og leit þar út um glugga og sá þá bjarma frá kjallaranum. Fór hann og klæddi sig í buxur í svefnherberginu og síðan á ný inn í stofuna og leit þar út um glugga. Sá hann þá fólk í gluggum á bakhlið hússins við Grettisgötu. Um leið sá hann mikinn eldbjarma og reyk koma frá kjallaranum. Síðan varð hann var við að lögreglumaður braut glugga í íbúðarhurðinni hjá honum og kom inn til hans. Fór hann þá eftir fyrirmælum lögreglumanna og yfirgaf íbúðina. Var hann þá hálfklæddur og var mikill reykur í stigaganginum. Sá hann þar fleiri lögreglumenn, sem m.a. fóru upp á hæðina fyrir ofan. Hann hitti fyrir utan mann, sem bjó á neðri hæðinni, og par með eitt barn.

Jón Ásgeir Sigurbjartsson var á efstu hæð hússins ásamt vinkonu sinni, Ester Sverrisdóttur, og sex ára barni hennar umrædda nótt. Bjó hann þar ásamt föður sínum, sem var að heiman.

Hann kvað þau hafa komið heim um kl. 23.15-23.30. Í leiðinni fór hann niður í kjallara að sækja þvott. Varð hann þá einskis var og heyrði ekki til íbúa í kjallara. Laust eftir miðnætti heyrði hann útihurð Barónsstígs megin skellt. Var hann þá genginn til náða. Örfáum mínútum síðar heyrði hann einhvern hvell og hélt að svalahurðin á íbúð sinni hefði fokið upp. Fór hann því inn í stofu til að aðgæta það, en þá sá hann eldbjarma koma frá bakhlið hússins. Hringdi hann strax á lögreglu og tilkynnti um eld í húsinu. Því næst fór hann niður fyrsta stigann í stigaganginum, en hann sá ekkert til og vissi ekki hvar eldurinn var, en reykurinn var þykkur og kolsvartur. Þegar hann var kominn niður fyrsta stigann náði hann ekki andanum og varð því frá að hverfa. Kvaðst hann vart hafa treyst sér sjálfur til að fara niður stigann eins og ástandið var, hvað þá með barnið. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu er haft eftir Jóni Ásgeiri að hann hafi farið með barnið upp á þakið út um þakglugga. Við meðferð málsins kvað hann þetta ekki rétt, hann hefði fyrst farið út á framangreindar svalir, lyft barninu og Ester þaðan upp á þakið og farið þangað á eftir þeim. Frá svölunum upp á þak hafi verið tiltölulega auðvelt og ekki hátt að fara, þar sem þakskeggið sé það nálægt svölunum. Því hafi lítil hætta verið því samfara og mun minni hætta en að fara upp á þakið um þakglugga. Þakið hafi ekki verið bratt. Þau hafi farið eftir þakinu og komist niður um þakglugga á þaki á Grettisgötu.

Ester Sverrisdóttir var að lesa uppi í rúmi þegar hún heyrði torkennilegan hávaða. Hún og sambýlismaður hennar, Jón Ásgeir, hafi gengið til náða skömmu eftir að þau komu heim um kl. 23.00. Hélt hún í fyrstu að veður væri að versna og svalahurðin hefði skellst aftur. Hún ýtti því við Jóni Ásgeiri, sem var að sofna, og bað hann að aðgæta hvað um væri að vera.

Fór hann fram, en kom strax aftur og sagði henni, að kviknað væri í. Flýttu þau sér í föt, en Jón Ásgeir tók barnið, sem var sofandi, og reyndi hún að klæða barnið í flýti. Fyrst ætluðu þau að komast niður stigann, en þegar útidyrnar voru opnaðar var stigagangurinn fullur af kolsvörtum og þykkum reyk. Treysti hún sér á engan hátt niður stigann, hvað þá með barnið. Fóru þau út á svalir og Jón Ásgeir lyfti henni og barninu upp á þakið. Þaðan fóru þau um nokkur húsþök yfir á húsaröð við Grettisgötu. Þakið á hornhúsunum hefði verið brattara, og þar var strompur, sem erfitt var að komast fram hjá. Húsþakið þarna hefði verið mun brattara en þakið á Barónsstíg 25, og hefði Jón Ásgeir og einhver maður lyft þeim upp milli þakanna. Hún og barnið hefðu verið mjög hrædd, en þetta hefði gerst mjög snöggt. Þau hefðu svo farið niður um þakglugga á húsi við Grettisgötu og komist þar inn í íbúð. Dvaldist hún þar, meðan á slökkvistarfi stóð. Að því loknu fóru þau á ný í íbúðina, en þá var ekki hægt að hafast þar við sökum reykjar og brunalyktar.

Að morgni næsta dags fór Kristján Friðþjófsson, rannsóknarlögreglumaður tæknideildar RLR, á vettvang, og myndaði hann, en um nóttina var ekki unnt að kanna vettvang, þar sem kjallarinn var ljóslaus og íbúðin því í myrkri.

Ljósmyndaði hann kjallaraíbúðina að innan og einnig tók hann eina mynd utan frá af kjallara og fyrstu hæð hússins. Engar frekari ljósmyndir voru teknar á staðnum. Þá liggur frammi í málinu teikning með grunnteikningu af kjallaranum að Barónsstíg 25, útlitsteikningu af vestur- og austurhlið hússins svo og afstöðumynd af Barónsstíg, Grettisgötu og Laugavegi. Á grunnteikninguna af kjallaranum hafa verið færð inn húsgögn þau, sem voru í íbúðinni, og sýnir afstöðumyndin, að húsið nr. 25 er í sambyggðri húsaröð og stendur milli hússins nr. 23 við Barónsstíg og hornhúss Grettisgötu og Barónsstígs. Þá eru á sömu teikningu útlitsteikningar af húsinu nr. 25 við Barónsstíg, bæði austur- og vesturhlið. Á þeim teikningum er húsið kjallari, tvær hæðir og bratt ris, en á því eru engar svalir. Undir teikningu þessa er ritað RLR, Kópavogur 29. júní 1987 og nafnið Kristján Friðþjófsson svo og stimpill tæknideildar.

Við meðferð málsins kvaðst Kristján hafa stuðst við teikningar frá borgarverkfræðingi, sem hann hefði teiknað upp eftir. Hann hefði hins vegar sjálfur mælt innanmál stofu, gangs og eldhúss í kjallaranum og fært inn húsgögn og annað það, sem fram kemur í kjallara, en að öðru leyti stuðst við teikningar borgarverkfræðings.

Í framhaldi af ofangreindum framburði aflaði dómurinn teikninga frá borgarverkfræðingi af fram- og bakhlið Barónsstígs 25. Af þeim teikningum sést að framangreind teikning tæknideildar byggist á gamalli teikningu af bakhlið hússins, en nú er húsið austan megin kjallari og þrjár hæðir,

en ekki tvær hæðir og ris. Sú breyting var gerð á húsinu um 1959 að risinu var lyft þannig að þess í stað kemur ein hæð og þakið þeim megin því með litlum halla miðað við þann halla sem áður var. Þá eru nú svalir fyrir miðju húsinu á efstu hæð, en áður voru engar svalir á húsinu.

Hinn 28. september 1987, eða tveimur og hálfum mánuði eftir brunann, ritaði Rannsóknarlögregla ríkisins Brunamálastofnun ríkisins bréf, þar sem þess var farið á leit að stofnunin tilnefndi tvo sérfræðinga til að láta uppi álit um það hvort íkveikjan að Barónsstíg 25 umrætt sinn hefði haft í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháska annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, sbr. ákv. 164. gr. alm. hegningarlaga.

Hinn 22. desember sama ár sendir brunamálastjóri RLR umsögn Þóris Hilmarssonar og Guðmundar Gunnarssonar verkfræðings um brunann.

Í framangreindri umsögn, sem undirrituð er af ofangreindum sérfræðingum, segir m.a.: „Þar sem langt var liðið frá brunanum, þegar beiðnin barst um álitsgerðina, og vettvangi hefur verið spillt, byggist álitsgerðin á skýrslum og ljósmyndum frá RLR.

— — —

Niðurstaða.

Eins og að framan greinir, bjargaði fólkið á þriðju hæð sér út af eigin rammleik upp á þak, þar sem stigahúsið var orðið ófært að þess mati vegna reykjar. Þakið hefur nokkurn halla og er ekki gert til mannaferða. Lífsháskinn, sem eldurinn setti fólkið í, er því ekki einungis bundinn við hita og reyk eldsins, heldur ekki síður prílið uppi á þakinu.

Mennirnir á 1. og 2. hæð, teljum við, að hafi ekki verið í mikilli hættu, miðað við raunverulega þróun brunans. Hefði eldurinn ekki uppgötvast svo snemma sem raun ber vitni, hefðu þeir orðið að treysta á björgun með hjálp stiga slökkviliðsins þar sem stigahúsið hefði verið orðið ófært.

Miðað við brunaálag í íbúðinni og fyrirkomulag brunavarna í húsinu er augljóst að veruleg hætta hefur verið á stórfelldum eignaskemmdum í húsinu.“

Framangreindir sérfræðingar voru yfirheyrðir við meðferð málsins og staðfestu þeir framangreinda matsgerð.

Guðmundur kvað nánast enga hættu hafa verið á útbreiðslu eldsins í önnur hús umrætt sinn. Hins vegar hefðu eldvarnarveggir milli hússins nr. 25 og nálægra húsa ekki verið kannaðir. Hann kvað þá hafa byggt álitsgerð sína á teikningum og myndum tæknideildar RLR svo og uppdráttum borgarverkfræðings. Þá hefði hann skoðað húsið að utan.

Varðandi mögulega þróun brunans mætti reikna með að í venjulegri íbúð liðu að hámarki 10-15 mín. uns eldurinn kæmist þar inn og íbúðin yrði

alelda. Þegar rætt væri um mögulega þróun brunans væri reiknað með að slökkviliðið kæmi ekki á vettvang og bruninn héldi óheftur áfram. Í þessu tilviki myndi líklega byrja að brenna út frá íkveikjunni í kjallara á efstu hæðinni, því að hitinn og reykurinn leiti upp. Hins vegar færi það mest eftir hurðunum í stigaganginum, hversu langur tími liði, frá því að eldurinn kviknaði í kjallaranum, þangað til raunveruleg hætta væri á, að kviknaði í hæðunum fyrir ofan. Hurðirnar þarna hefðu ekki uppfyllt skilyrði núgildandi ákvæða um brunavarnir.

Guðmundur kvaðst ekki hafa komist inn í húsið við vettvangsathugun sína, enda hefði það haft sáralítið að segja þar sem svo langt var liðið frá brunanum, en sérfræðingar þurfi helst að rannsaka vettvang þegar raunverulega er unnt að sjá hvernig húsið lítur út eftir brunann, bæði brunaferlana og það, sem eftir er í húsinu, svo og ýmis önnur smáatriði sem máli geta skipt. Á slíkum gögnum megi gera miklu ítarlegri matsgerð en unnt sé í þessu máli.

Þórir kvaðst ekki hafa farið á vettvang, heldur hefði það verið í verkahring Guðmundar. Síðan hefðu þeir metið saman skýrslurnar og gögnin frá RLR og teikningar borgarverkfræðings svo og niðurstöðurnar. Guðmundur hefði að lokinni ferð á vettvang lagt fyrir sig sínar niðurstöður úr þeirri ferð og þeir byggt matið saman á brunatæknilegum sjónarmiðum.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að ofangreind matsgerð, sem byggist á villandi gögnum og framkvæmd er mörgum vikum eftir brunann, er miklum annmörkum háð og verður ekki lögð til grundvallar í málinu. Þrátt fyrir þessa annmarka á rannsókn málsins þykja þó ekki alveg nægilegar ástæður til að vísa því frá dómi. Dómarinn, verjandi og sækjandi gengu á vettvang fyrir munnlegan flutning málsins og var húsið ásamt nálægum húsum skoðað vestan og austan megin utan frá. Þótti því á þessu stigi málsins, úr því sem komið var, ekki ástæða til að ljósmynda vettvang utan frá og nálæg hús.

Ber að átelja harðlega framangreind vinnubrögð Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað að hann hafi lagt eld að tveimur svampdýnum í eldhúsi í kjallara íbúðarhússins Barónsstígs 25 skömmu eftir miðnætti 13. maí sl. Skömmu áður hafði ákærði farið í heimildarleysi inn í íbúðina í sömu erindagjörðum. Kveikti hann þá í bréfsnifsi og lagði eld að stofu, en slökkti nær samstundis, þegar hann varð þess var að félagi hans lá sofandi í eldhúsinu. Vakti hann félagann og fékk með sér út, en þegar þeir

voru gengnir smáspöl frá húsinu kvaðst ákærði þurfa að bregða sér frá og fór inn í íbúðina í fyrrgreindum tilgangi. Ákærði sat fyrr um kvöldið að sumbli ásamt fleira fólki, fyrst í kjallaranum á Barónsstíg 25, en síðar um kvöldið í fjölbýlishúsi í Breiðholti. Þar lenti hann í ryskingum við húsráðanda á Barónsstíg 25 sem bar honum á brýn að hann hefði stolið áfengisflösku. Ákærði var mjög reiður og sár vegna þessa áburðar og flýtti sér á brott. Tók hann leigubifreið að Laugavegi 51 B. Eftir skamma viðdvöl þar ákvað hann að fara að Barónsstíg 25 og reyna að skemma þar eitthvað í kjallaraíbúðinni til að hefna sín á húsráðanda þar. Þar var allt á tjá og tundri og sló þá þeirri hugsun niður hjá honum að kveikja í öllu. Verður að leggja þennan framburð ákærða til grundvallar og telja að á þeirri stundu hafi myndast sá ásetningur hans að leggja eld að íbúðinni.

Ákærða hlaut að vera ljóst að með því að leggja eld að íbúð í íbúðarhúsi á þeim tíma sólarhrings, sem gera má ráð fyrir sofandi fólki, stefndi hann mannslífum í bráða lífshættu auk þess sem veruleg hætta var á yfirgripsmiklu eignatjóni, en húsið, sem er kjallari og þrjár hæðir, er sambyggt öðrum íbúðarhúsum.

Ljóst er að í húsinu voru fjórir fullorðnir íbúar auk sex ára barns. Komust þeir út við illan leik, þar sem mikill reykur myndaðist nær samstundis í stigagangi hússins, sem var eina útgönguleiðin. Áttu lögreglumenn, sem komu örskömmu eftir eldsupptök á vettvang, erfitt með störf á vettvangi sökum reykjarins í stigaganginum. Tveir íbúar á efstu hæð með sex ára barn tóku það ráð að fara upp á þak hússins frá einu svölunum á húsinu á 3. hæð, þar sem reykurinn var orðinn svo mikill efst í stigaganginum, er þau hugðust fara þar niður, að þau töldu niðurleið ógjörlega. Komust þau greiðlega upp á þakið sem er vel manngengt á þeirri hlið. Hins vegar urðu þau að fara yfir nokkur húsþök uns þeim tókst samkvæmt ábendingu að fara niður um þakglugga á húsi við Grettisgötu. Þök þeirra húsa voru mun brattari og stórhættuleg til mannaferða. Eins og rannsókn sérfræðinga Brunamálastofnunar ríkisins er háttað, þykir leika vafi á að hætta hafi verið á útbreiðslu eldsins í næstu hús, þrátt fyrir líkur á að svo hafi verið, þar sem um samfellda húsaröð var að ræða. Verður ákærði látinn njóta góðs af þeim vafa, þannig að ósannað telst að um slíka útbreiðsluhættu hafi verið að ræða.

Varðar verknaður ákærða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga. Þykja refsimildunarástæður 74. og 75. gr. ekki koma hér til álita.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn þá sem hann sætti við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skb. í tvö ár á hendur honum fyrir þjófnað árið 1982. Á árinu 1983 sætti hann tvívegis

dómsátt, annars vegar fyrir brot gegn 257. gr. alm. hegningarlaga, en hins vegar fyrir umferðarlagabrot. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1984 2/4 60 daga varðhald skb. í 2 ár auk sektar og ökuleyfissviptingar vegna nytjastuldar og umfl-brots.

1984 1/10 3 mánaða varðhald auk ökuleyfissviptingar vegna nytjastuldar og umfl-brots.

1985 30/12 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Hegningarauki.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. maí 1987 kl. 16.00 til 20. sama mánaðar kl. 16.30, samtals 7 dagar.

Skaðabótakrafa Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, að fjárhæð kr. 330.500,00, er byggð á mati dómkvaddra matsmanna. Ljóst er af bréfi Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, sem lagt var fram í dóminum 16. mars sl., að greiðsla á kr. 330.500,00 hefur verið innt af hendi. Þá kemur fram í bréfinu að eigandi eignarinnar sé Karl Hallbjörnsson. Þrátt fyrir það að ekki sé þess getið berum orðum í bréfinu hvert greiðslur þessar hafi runnið, þykir ekki vafi liggja á því að þær hafi runnið til eigandans, sem sérstaklega er getið í bréfinu sem fyrr segir. Verður þessi annmarki á fyrrgreindri kröfu ekki talinn varða frávísun. Þar sem ákærði hefur hvorki mótmælt upphæð kröfunnar né sundurliðun verður hún tekin til greina að fullu og ákærði dæmdur til greiðslu hennar.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 7 dagar.

Ákærði greiði Húsatryggingum Reykjavíkurborgar 330.500,00 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 75.000,00 krónur.

Mánudaginn 14. mars 1989.

Nr. 151/1988, 365/1988 og 374/1988.

Ákæruvaldið
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Matthildi Eiðsdóttur
(Stefán Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnum 13. maí 1988, 17. ágúst 1988 og 15. nóvember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu, en einnig til þyngingar, þremur dómum sakadóms Reykjavíkur svo sem hér segir: dómi, upp kveðnum 27. apríl 1988, í máli, sem höfðað var samkvæmt ákærum 18. janúar 1988 og 3. mars 1988, dómi, upp kveðnum 13. júlí 1988, í máli, sem höfðað var samkvæmt ákærum 10. júní 1988 og 13. júní 1988, og dómi, upp kveðnum 10. nóvember 1988, í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru 25. október 1988.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir, þó þannig að refsing ákærðu verði þyngd. Þá er þess krafist að ákærða verði dæmd til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærða krefst þess að refsing verði ákveðin svo væg sem lög frekast leyfa.

Svo sem málið hefur verið lagt fyrir, verður að telja, að ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og vexti séu ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

I.

Héraðsdómur 27. apríl 1988.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða samkvæmt 1. kafla ákæru 18. janúar 1988, en af hálfu

ákæruvalds er nú ekki krafist sakfellingar samkvæmt 2. kafla ákæru þessarar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða samkvæmt ákæru 3. mars 1988, en fallið er frá kröfu um að ákærða verði svipt rétti til að öðlast ökuleyfi.

II.

Héraðsdómur 13. júlí 1988.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða samkvæmt ákæru 10. júní 1988.

Fyrir Hæstarétti var leiðrétt sú misritun í 1. kafla ákæru 13. júní 1988 að ákærða hefði framvísað nafnskírteini í stað ökuskírteinis, svo sem rétt er. Var málið reifað að þessu leyti, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Verður dómur lagður á ákæruatriði þetta þrátt fyrir misritun þessa. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara um efni ákæru þessarar og færslu brota til refsiákvæða.

III.

Héraðsdómur 10. nóvember 1988.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða samkvæmt ákæru í máli þessu.

IV.

Ákveða ber refsingu ákærðu með hliðsjón af ákvæðum 72. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 11 mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu tími sá, sem ákærða sat í gæsluvarðhaldi dagana 7. til 9. desember 1987 og 8. til 14. mars 1988.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi 11 mánuði, en til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hennar dagana 7. til 9. desember 1987 og 8. til 14. mars 1988.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. apríl 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 27. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 255/1988: Ákæruvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem dómtekið var 25. apríl sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur Matthildi Eiðsdóttur, fæddri 18. mars 1961 í Vestmannaeyjum, nú refsifanga í Hegningarhúsinu.

Fyrri ákæran er gefin út 18. janúar sl. Samkvæmt henni er hún ákærð „fyrir eftirgreind brot á hegningarlögum, framin í Reykjavík í nóvember og desember 1987:

1.

Fyrir skjalafals með því að hafa dagana 8.-11. nóvember framvísað í eftirgreindum stöðum greiðslukorti Ragnheiðar Pálsdóttur, Asparfelli 8, Reykjavík, frá Visa-Island, nr. 4507-4500-0007-9217, og falsað þar nafn hennar á greiðslunótur til staðfestingar á móttöku vara og þjónustu sem ákærða lét skuldfæra á viðkomandi reikning Ragnheiðar, svo sem rakið er:

1) Á veitingastaðnum Krákunni, Laugavegi 22, andvirði veitinga kr. 3.312,00 samkvæmt sölunótu nr. 3272466, dagsettri 8.11.1987.

2) Í söluturninum Læk, Lækjargötu 2, andvirði vara kr. 4.065,00 samkvæmt sölunótu nr. 4339351, dagsettri 9.11.1987.

3) Í versluninni Takti hf., Laugavegi 24, andvirði fatnaðar kr. 7.740,00 samkvæmt sölunótu nr. 3360042, dagsettri 9.11.1987.

4) Í söluturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126, andvirði vöruúttektar kr. 4.520,00 samkvæmt sölunótu nr. 2467314, dagsettri 10.11.1987.

5) Í JL-húsinu hf., Hringbraut 121, andvirði vöruúttektar kr. 4.163,00 samkvæmt sölunótu nr. 4049003, dagsettri 10.11.1987.

6) Í JL Byggingavörum, Hringbraut 121, andvirði vöru kr. 7.916,00 samkvæmt sölunótu nr. 3273527, dagsettri 10.11.1987.

7) Í versluninni Lilju, Laugavegi 19, andvirði fatnaðar kr. 7.200,00 samkvæmt sölunótu nr. 1795869, dagsettri 11.11.1987.

8) Í Húsasmiðjunni hf., Súðarvogi 3-5, andvirði málningarvöru kr. 7.923,00 samkvæmt sölunótu nr. 3860385, dagsettri 11.11.1987.

9) Í verslun Slippfélagsins hf., Dugguvogi 4, andvirði málningarvöru kr. 5.070,00 samkvæmt sölunótu nr. 9830206, dagsettri 11.11.1987.

10) Í versluninni Vörðunni, Grettisgötu 2a, andvirði kjóls kr. 3.990,00 samkvæmt sölunótu nr. 2871817, dagsettri 11.11.1987.

11) Í verslun Slippfélagsins hf., Mýrargötu 2, andvirði málningarvöru kr. 7.571,00 samkvæmt sölunótu nr. 1831113, dagsettri 11.11.1987.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

2.

Fyrir þjófnað með því að hafa laugardaginn 5. desember stolið svuntu, pilsi og peysufatablússu með sjali í versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Síðari ákæran er gefin út 3. mars sl. og er hún þar ákærð „fyrir eftirgreind brot:

1. Að hafa 13. júlí 1987 framvísað í Útvegsbanka Íslands í Keflavík beiðni um stofnun tékkareiknings sem hún falsaði með nafnrituninni Ragna Þorsteinsdóttir,

2. 15. júlí, framvísað á bæjarskrifstofunum í Keflavík tilkynningu um aðsetursskipti frá Álftalandi 7, Reykjavík, að Hafnargötu 16, Keflavík, sem hún falsaði einnig með nafnrituninni Ragna Þorsteinsdóttir, nnr. 7153-4340,

3. Notað í viðskiptum í júlí, svo sem rakið verður, eftirgreinda tékka sem hún falsaði með útgefandanafnrituninni Ragna Þorsteinsdóttir og gaf út til handhafa á reikning nr. 2961 við Útvegsbankann í Keflavík, sem hún náði að stofna með ofangreindum hætti:

1) Tékki nr. 947517, að fjárhæð kr. 16.000,00, dagsettur 17.7.1987, seldur í Grensásútibúi Iðnaðarbankans í Reykjavík.

2) Tékki nr. 947502, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 13.7.1987 með framsalsstimpli Ljósmyndastofu Suðurnesja. Óvíst um notkun.

3) Tékki nr. 947506, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 15.7.1987 með framsalsstimpli Aðalstöðvarinnar hf. í Keflavík. Óvíst um notkun.

4) Tékki nr. 947509, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 15.7.1987 með framsalsstimpli Aðalstöðvarinnar. Óvíst um notkun.

5) Tékki nr. 947518, að fjárhæð kr. 5.120,00, dagsettur 24.7.1987. Seldur í versluninni Kjallaranum í Keflavík.

4.

Hinn 17. júlí undirritað leigusamning við bílaleiguna Ós, Langholtsvegi

109, Reykjavík, um bifreiðina R 20047 með nafninu Ragna Þorsteinsdóttir, Álftalandi 7, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

5.

Aðfaranótt laugardagsins 18. júlí 1987 ekið bifreiðinni R 20047 undir áhrifum áfengis og svipt rétti til ökuleyfis um götur í Reykjavík þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hennar á Laugavegi við Höfðatún.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. nú 102. gr. laga nr. 50/1987, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

— — —

Sakaferill ákærðu er sem hér segir:

1980: 45 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir skjalafals.
1985: 6 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.
1985: 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjárdrátt, fjársvik og tékkalagabrot.
1986: 3 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.
1986: 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik.
1987: Sakfelld fyrir skjalafals og fjársvik. Ekki gerð refsing.
1988: 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik. Dómur kveðinn upp 20. janúar.

Þá hefur ákærða 5 sinnum sæst á sektargreiðslur vegna áfengis- og fíknilagabrota.

A. Málavextir samkvæmt ákæru, út gefinni 18. janúar 1988.

1.

Ákærða hefur viðurkennt að hafa haft undir höndum greiðslukort Ragnheiðar Pálsdóttur, en hefur ekki getað gert grein fyrir, hvernig hún komst yfir það. Einnig hefur hún viðurkennt að hafa framvísað kortinu í viðskiptum, svo sem rakið er í ákærunni, og falsað nafn Ragnheiðar Pálsdóttur á greiðslunóturnar sem þar er nánar lýst. Fyrir dómi kvaðst ákærða þó ekki geta fullyrt að hún hefði undirritað allar nóturnar. Gaf hún rithandarsýnishorn sem sent var Maríu Bergmann skriftarfræðingi ásamt greiðslunótunum. Niðurstaða skriftarfræðingsins var sú að sama rithönd hefði undirritað nóturnar og gefið rithandarsýnið.

Með viðurkenningu ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, telst því sannað að hún hafi gerst sek um verknaði þá, sem henni eru gefnir að sök í þessum kafla ákærunnar og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Visa-Island Greiðslumiðlun hf. hefur krafist bóta, að fjárhæð kr. 63.470,00, ásamt dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1987. Ákærða hefur samþykkt þessa kröfu og verður hún því tekin til greina.

2.

Ákærða hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa 5. desember sl. stolið svuntu, pilsi og peysufatablússu með sjali í versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21 í Reykjavík. Hafði ákærða falast eftir að kaupa þessi föt en ekki getað greitt þau. Reyndi hún þá að fá andvirðið lánað, en tókst ekki heldur. Fór hún þá á brott, en kom aftur skömmu síðar og notaði tækifærið, er verslunareigandinn var að ræða við annan mann, og stal fötunum. Þau komust til skila og er ekki gerð krafa á hendur ákærðu vegna þessa.

Í ákæruskjalinu hefur láðst að heimfæra þennan verknað undir það lagaákvæði, er ákæruvaldið telur ákærðu hafa brotið. Fullnægir ákæran að þessu leyti ekki ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974, og verður henni vísað frá dómi hvað þennan kafla snertir.

B. Málavextir samkvæmt ákæru, út gefinni 3. mars 1988.

1.

Seinni hluta vetrar og vorið 1987 vann ákærða í Gistiheimilinu að Brautarholti 22. Þar fann hún einhverju sinni ökuskírteini Rögnu Þorsteinsdóttur. Í júlímánuði fluttist hún til Keflavíkur, og 13. sama mánaðar stofnaði hún tékkareikning við útibú Útvegsbankans þar. Reikninginn stofnaði hún á nafni Rögnu Þorsteinsdóttur og framvísaði beiðni sem hún undirritaði með því nafni. Fékk hún afhent tékkhefti svo sem nánar verður rakið í þriðja lið hér á eftir.

2.

Hinn 15. júlí 1987 framvísaði ákærða tilkynningu um aðsetursskipti á bæjarskrifstofunni í Keflavík. Samkvæmt tilkynningu þessari flyst Ragna Þorsteinsdóttir frá Álftalandi 7 í Reykjavík að Hafnargötu 16 í Keflavík. Tilkynninguna undirritar ákærða með eigin nafni. Í framhaldi af þessu fékk ákærða síðan afhent sjúkrasamlagsskírteini á nafni Rögnu.

3.

Úr tékkhefti því, sem um getur í 1. lið hér að framan, falsaði ákærða þá fimm tékka, sem upp eru taldir í ákærunni, með útgefandanafnrituninni

Ragna Þorsteinsdóttir og notaði í lögskiptum. Hefur hún bæði hjá lögreglu og fyrir dómi kannast við rithönd sína á tékkunum, en ekki hefur hún getað borið um notkun þeirra, nema hvað tékki nr. 947515 var seldur í Grensásútibúi Iðnaðarbankans og tékki nr. 947518 í versluninni Kjallaranum í Keflavík.

Iðnaðarbankinn hefur krafist þess að ákærða verði dæmd til að greiða honum kr. 16.000,00 með dómvöxtum frá 17. júlí 1987. Hefur ákærða samþykkt þessa kröfu, og verður hún því tekin til greina að öðru leyti en því, að í stað dómvaxta skulu reiknast almennir vextir á kröfuna frá 17. júlí 1987 til greiðsludags, allt að frá dregnum kr. 10.300,00, sem gögn málsins bera með sér, að ákærða hafi þegar greitt inn á kröfuna.

4.

Hinn 17. júlí 1987 tók ákærða á leigu bifreið hjá bílaleigunni Ósi. Ekki þurfti hún að framvísa skilríkjum, en undirritaði leigusamninginn með nafninu Ragna Þorsteinsdóttir, Álftalandi 7, Reykjavík.

Hefur hún bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt þetta.

Ekki er gerð bótakrafa á hendur ákærðu vegna þessa atviks.

Verknaðir þeir, sem raktir hafa verið í 1.-4. hér að framan, varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga svo sem greinir í ákæruskjali.

5.

Aðfaranótt 18. júlí 1987 ók ákærða bifreiðinni R-20047 frá Hafnarstræti í Reykjavík og sem leið liggur allt þar til lögreglan stöðvaði bifreiðina á Laugavegi við Höfðatún. Ákærða var réttindalaus við aksturinn, enda kvaðst hún aldrei hafa tekið ökupróf og styðst það við afrit úr ökuferilsskrá hennar sem lagt hefur verið fram í málinu. Þá er þess einnig að geta að ekki verður séð á sakavottorði hennar að hún hafi nokkru sinni hlotið refsingu fyrir umferðarlagabrot. Það er því ekki rétt sem í ákæru segir að ákærða hafi verið svipt rétti til ökuleyfis er hún ók bifreiðinni, heldur var hún réttindalaus. Hjá lögreglu viðurkenndi ákærða að hafa drukkið þrjú glös af áfengi fyrir aksturinn og að hafa fundið til áhrifa þess við hann. Einnig neytti hún lyfja og var undir áhrifum þeirra við aksturinn. Þetta staðfesti hún fyrir dómi þótt hún tæki fram að hún myndi ekki eftir að hafa drukkið áfengi. Ákærðu var tekið blóð til alkóhólrannsóknar og sýndi niðurstaða þeirrar rannsóknar að í blóði ákærðu voru 0,92 ‰ alkóhóls í þetta skipti.

Verknaður þessi varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Viðurlög.

Refsingu ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfileg fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærðu í 2 daga.

Samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, ber að svipta hana rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá dómsuppsögudegi að telja. Samkvæmt 104. gr. sömu laga, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974, skal áfrýjun ekki fresta verkun dóms að þessu leyti.

Ákærða verður dæmd til að greiða skaðabætur sem hér segir:

Visa-Island Greiðslumiðlun hf. kr. 63.470,00 ásamt dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1987 til greiðsludags og Iðnaðarbankanum kr. 16.000,00 með almennum vöxtum frá 17. júlí 1987 til greiðsludags að frádregnum kr. 10,300,00.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 20.000,00.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi þrjá mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar í tvo daga.

2. kafla ákæru, sem út gefin er 18. janúar 1988, er vísað frá dómi.

Ákærða er svipt rétti til að öðlast ökuleyfi í þrjá mánuði frá dómsuppsögudegi að telja og frestar áfrýjun ekki verkun dóms að þessu leyti.

Ákærða greiði Visa-Island Greiðslumiðlun hf. kr. 63.470,00 með dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1987 til greiðsludags. Enn fremur greiði hún Iðnaðarbankanum kr. 16.000,00 með almennum vöxtum frá 17. júlí 1987 til greiðsludags að frá dregnum kr. 10.300,00.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 20.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 395/1988: Ákæruvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara. Með ákæru, dagsettri 10. júní sl., er málið höfðað á hendur ákærðu, sem fædd er 18. mars

1961 í Vestmannaeyjum, „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

A. Skjalafals.

Breytt fjárhæðum tveggja tékka úr kr. 2.000,00 í kr. 20.000,00 og notað þá síðan í viðskiptum. Tékkarnir eru á eyðublöðum nr. 3772793-94 frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, út gefnir af Páli Pálssyni 22. desember 1987 til handhafa á reikning nr. 31986. Ákærða framseldi þá með eigin nafni og seldi báða á útgáfudegi þeirra, annan í Miðbæjarútibúi Búnaðarbankans og hinn í Alþýðubankanum hf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

B. Þjófnaður.

1. Miðvikudaginn 23. desember 1987 stolið peningaveski á skrifstofu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, Vonarstræti 4, og innihaldi þess, sem voru kr. 5.000,00 í peningum, tékki að fjárhæð kr. 20.000,00, sem ákærða nýtti sér, svo og ýmis persónuskilríki.

2. Miðvikudaginn 24. febrúar 1988 stolið peningaveski á skrifstofu Reykjavíkurborgar að Austurstræti 18 og því, sem í veskinu var, en það var visa-kort, bankakort, ökuskírteini, ýmsar nótur og tékkhefti frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11.

Teljast þessir verknaðir ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

C. Skjalafals.

Falsað 6 tékka á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti og notað í viðskiptum. Tékkana undirritaði ákærða alla með nafni Hjörleifs B. Kvarans, og notaði reikningsnúmerið 6304, en framseldi þá með eigin nafni. Þeir eru gefnir út til handhafa, nema annað sé nefnt:

1. Nr. 2867162, kr. 20.000, dagsettur 25. febrúar 1988.

2. Nr. 2867163, kr. 20.000, dagsettur 4. mars 1988. Báða þessa tékka notaði ákærða til bílakaupa samkvæmt afsali og sölutilkynningu, dagsettum 25. febrúar 1988.

3. Nr. 2867159, kr. 12.000, dagsettur 25. febrúar 1988. Tékkann seldi ákærða í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

4. Nr. 2867164, kr. 5.000, dagsettur 26. febrúar 1988. Tékkann notaði ákærða til bensínkaupa hjá Olís, Hafnarstræti 5.

5. Nr. 2867172, kr. 4.300, dagsettur 28. febrúar 1988. Ákærða verslaði með tékkanum í versluninni Brekkuvali, Hjallabrekku 2, Kópavogi.

6. Nr. 2867174, kr. 5.480, dagsettur 29. febrúar 1988, út gefinn til Matthildar Eiðsdóttur. Tékkann notaði ákærða á veitingastað að Skipholti 70.

Teljast þessir verknaðir ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið einnig höfðað á hendur ákærðu með ákæru, dagsettri 13. júní sl., „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík 1987:

1.

Fyrir að hafa 2. október á bílaleigunni EG, Borgartúni 5, undirritað leigusamning um bifreiðina R 49539 með nafni Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, og jafnframt framvísað á bílaleigunni nafnskírteini Rögnu, sem ákærða hafði komist yfir og jafnframt falsað með því að setja í það mynd af sér.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

2.

Tekið í heimildarleysi aðfaranótt 11. desember bifreiðina R 69801 við Hótel Loftleiðir við Reykjavíkurflugvöll og ekið henni án ökuréttinda um götur í Reykjavík uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hennar í Lækjargötu um kl. 13 sama dag.

Telst heimildarlaus taka ákærðu á bifreiðinni varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna, sbr. lög nr. 20/1956, og akstur hennar án ökuréttinda við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákæra, dagsett 10. júní 1988.

A-kafli.

Þriðjudaginn 22. desember sl. fékk Páll Pálsson, Laugavegi 126, Reykjavík, ákærðu í hendur tvo tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000,00, á eyðublöðum nr. 3772793-94, frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem hann hafði sjálfur gefið út til handhafa á reikning nr. 31986. Átti ákærða að kaupa matvöru fyrir andvirði tékkanna. Ákærða gerði það hins vegar ekki, heldur breytti hún fjárhæðum þeirra beggja í 20.000,00 krónur og framseldi þá í eigin nafni og seldi sama dag í Búnaðarbankanum, Laugavegi 3, og Alþýðubankanum, Laugavegi 31.

Framangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningu hennar, sem er í samræmi við önnur málsgögn. Varðar atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Búnaðarbanki Íslands, Laugavegi 3, Reykjavík, hefur krafist þess að

ákærða verði dæmd til að greiða fjárhæð tékka þess sem hún skipti í bankanum greint sinn, 20.000,00 krónur, ásamt dráttarvöxtum frá innlausnardegi hans, sem var sama dag og honum var skipt, til greiðsludags.

Þá hefur Alþýðubankinn gert á sama hátt kröfu til þess að ákærða endurgreiði bankanum andvirði umræddra tékka, að fjárhæð kr. 20.000,00, sem hún skipti í bankanum 20. desember sl., ásamt dráttarvöxtum.

Ákærða hefur samþykkt kröfur þessar og verður hún dæmd til greiðslu þeirra ásamt almennum vöxtum frá 22. desember 1987 til greiðsludags.

B-kafli.

1. Miðvikudaginn 23. desember sl. var ákærða stödd í skrifstofu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar að Vonarstræti 4 hér í borg. Er starfsmaður stofnunarinnar brá sér frá, sló ákærða eign sinni á seðlaveski, sem var í skrifstofunni. Í veskinu voru 5.000,00 krónur í peningum, tékki að fjárhæð 20.000,00 krónur, sem ákærða nýtti sér til að kaupa farmiða til Kaupmannahafnar, auk ýmissa persónuskilríkja.

2. Miðvikudaginn 24. febrúar sl. fór ákærða á skrifstofu Reykjavíkurborgar að Austurstræti 18 í því skyni að ná tali af borgarstjóra. Var borgarstjóri ekki við, og allir þeir, sem unnu á skrifstofunni, voru í mat. Fór ákærða þá í skúffu í einu herbergjanna og stal peningaveski sem í var visa-greiðslukort, bankakort, ökuskírteini, ýmsar nótur og tékkhefti frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11 hér í borg. Seðlaveskið ásamt greiðslukortinu, bankakortinu, ökuskírteininu og nótunum kom í leitirnar 10. mars sl., og var því komið til eiganda næsta dag.

Framangreind brot ákærðu eru sönnuð með játningum hennar, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar háttsemi ákærðu í báðum liðum við 244. gr. almennra hegningarlaga.

C-kafli.

Ákærða notaði tékkhefti það, sem um getur í B-kafla ákærunnar, og falsaði þá sex tékka sem upp eru taldir í ákærukafla þessum, liðum 1-6, á eyðublöð úr heftinu. Undirritaði ákærða alla tékkana með nafni Hjörleifs B. Kvarans, en hún hafði komist yfir skilríki hans, um leið og hún stal tékkheftinu. Ákærða gaf tékkana út til handhafa, framseldi þá í eigin nafni og notaði reikningsnúmerið 6304. Notkun tékkanna, dagsetningum og fjárhæðum er að öllu leyti rétt lýst í ákæru.

Ofangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningu hennar og öðrum gögnum málsins og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirtaldar bótakröfur hafa verið gerðar á hendur ákærðu vegna þessa kafla ákærunnar:

1. Búnaðarbanki Íslands, Austurbæjarútibú, hefur krafist þess að ákærða verði dæmd til að greiða bankanum 12.000,00 krónur ásamt vöxt-

um og kostnaði (ákæruliður 3). Upphafsdagur vaxtakröfu er eigi tilgreindur, en kröfubréfið er dagsett 4. mars 1988. Verður krafa þessi tekin til greina með því að ákærða verður dæmd til greiðslu hennar ásamt almennum vöxtum frá 4. mars 1988 til greiðsludags.

2. Olíuverslun Íslands, Hafnarstræti 5, Reykjavík, krefst þess að ákærða verði dæmd til að greiða fyrirtækinu 5.000,00 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15., gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags (ákæruliður 4). Ákærða verður dæmd til greiðslu kröfu þessarar ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem hér um ræðir, sem var hinn 26. febrúar 1988, til greiðsludags.

3. Verslunin Brekkuval, Hjallabrekku 2, Kópavogi, gerir þá kröfu að ákærða verði dæmd til að greiða versluninni 4.300,00 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags (ákæruliður 5). Krafa þessi verður tekin til greina og ákærða dæmd til greiðslu hennar ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem hér um ræðir, hinn 19. febrúar 1988, til greiðsludags.

4. Að lokum hefur af hálfu veitingastaðarins American Style, Skipholti 70, Reykjavík, verið krafist þess að ákærða greiði veitingastaðnum 5.480,00 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags (ákæruliður 6). Ákærða verður dæmd til greiðslu kröfu þessarar ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem um getur í 6. lið ákærukafla þessa, sem var hinn 1. mars 1988, til greiðsludags.

Ákæra, dagsett 13. júní 1988.

1. kafli.

Hinn 2. október sl. fór ákærða á bílaleiguna EG, Borgartúni 5 hér í borg, og tók á leigu bifreiðina R 49539. Ritaði ákærða undir leigusamning um bifreiðina nafn Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340. Jafnframt framvísaði ákærða á bílaleigunni ökuskírteini umræddrar Rögnu, sem ákærða hafði áður komist yfir og falsað með því að skera úr því mynd af Rögnu og setja í staðinn mynd af sér.

Ofangreint atferli ákærðu er sannað með játningu hennar sem er í samræmi við önnur gögn málsins og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2. kafli.

Aðfaranótt 11. desember sl. tók ákærða í heimildarleysi bifreiðina R 69801, þar sem hún stóð fyrir utan Hótel Loftleiðir við Reykjavíkurflugvöll. Ákærða ók bifreiðinni án þess að hafa ökuréttindi um götur borgarinnar uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn í Lækjargötu um kl. 13 sama dag.

Brot ákærðu er sannað með játningu hennar sem er í samræmi við önnur

málsgögn. Varðar brotið við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956 og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr áður 1. mgr. 27. gr. eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 2. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sakaferill.

— — —

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. laga nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærðu ákveðin með hliðsjón af 72., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 8. til 14. mars sl., sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabætur.

Ákærða verður dæmd til greiðslu skaðabóta eins og að framan greinir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi fimm mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 8.-14. mars 1988.

Ákærða greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 3, Reykjavík, 20.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 22. desember 1987 til greiðsludags.

2. Alþýðubanka Íslands hf., Laugavegi 31, Reykjavík, 20.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 22. desember 1987 til greiðsludags.

3. Búnaðarbanka Íslands við Hlemm, Reykjavík, 12.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 25. febrúar 1988 til greiðsludags.

4. Olíuverslun Íslands, Hafnarstræti 5, Reykjavík, 5.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 26. febrúar 1988 til greiðsludags.

5. Versluninni Brekkuvali, Hjallabrekku 2, Kópavogi, 4.300,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags.

6. Veitingastaðnum American Style, Skipholti 70, Reykjavík, kr. 5.480,00 ásamt almennum vöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 596/1988: Ákæruvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. október sl., á hendur ákærðu, „Matthildi Eiðsdóttur, Brautarholti 22, Reykjavík, fæddri 18. mars 1961 í Vestmannaeyjum, fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að nota í viðskiptum í janúar 1988 eftirtalda þrjá falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Sparisjóði Kópavogs, en tékkana hafði ákærða útfyllt með fölskum undirskriftum og reikningsnúmerinu 44358:

1. Nr. 315047, kr. 24.000, dagsettur 21.1. 1988, til handhafa. Nafn útgefanda Hreiðar Jónsson. Ákærða framseldi tékkann eigin nafni og keypti fyrir hann vörur í versluninni Tónborg, Hamraborg 7, Kópavogi, og fékk peninga til baka.

2. Nr. 315044, kr. 53.000, dagsettur 22.1. 1988, til Matthildar Eiðsdóttur. Nafn útgefanda Ósk B. Bjarnadóttir. Ákærða reyndi að selja tékkann í Landsbanka Íslands, aðalbanka, þar sem hún framvísaði honum hjá gjaldkera en hvarf síðan á braut.

3. Nr. 315046, kr. 20.000, dagsettur 21.1. 1988, til handhafa. Nafn útgefanda Hreiðar Jónsson. Ákærða keypti fatnað fyrir tékkann í verslun í Hafnarstræti í Reykjavík.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu:

Hinn 26. janúar sl. kærði Héðinn Jónsson, Kjarrhólma 24, Kópavogi, til RLR þjófnað á bankakorti og 22 tékkaeyðublöðum á reikningi nr. 44257 á Sparisjóð Kópavogs, Austurbæjarútibú. Kvaðst Héðinn hafa farið að gistiheimilinu að Brautarholti 22 og hitt þar fólk og neytt áfengis með því. Þarna kvað kærandi að 22 eyðublöðum úr tékkhefti hans hefði verið stolið auk bankakorts og sjúkrasamlagsskírteinis.

Ákærða hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa fengið fimm eyðublöð úr heftinu frá Járnbrá Hilmarsdóttur og falsað þrjá tékka 21. og 22. janúar sl., en rifið tvo. Er tékkunum þremur, sem samtals eru að fjárhæð kr. 97.000,00, og notkun þeirra rétt lýst í ákæruskjali.

Ofangreind háttsemi ákærðu, sem sönnuð er með játningu hennar og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Verslunin Tónborg, Hamraborg 7, Kópavogi, hefur gert kröfu um að

ákærða verði dæmd til greiðslu á kr. 24.000,00 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags.

Krafan, sem ákærða hefur samþykkt, verður tekin til greina og skulu dráttarvextir reiknast frá innlausnardegi tékkans, 25. janúar sl.

Aðrar bótakröfur hafa ekki borist í máli þessu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

Brot ákærðu, sem hér er fjallað um, eru framin áður en dómarnir frá 27. apríl sl. og 13. júlí sl. gengu. Verður því höfð hliðsjón af ákvæðum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og henni nú ákveðinn hegningarauki. Með hliðsjón af sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærða greiði Tónaborg, Hamraborg 7, Kópavogi, kr. 24.000,00 ásamt dráttarvöxtum frá 25. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 14. mars 1989.

Nr. 54/1989. **Hreiðar Eiríksson og Eiríkur Hreiðarsson**
gegn
bæjarstjóranum á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar.

Kærumál. Frávísunardómur um hluta máls felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar hafa með kæru 5. janúar 1989 skotið til Hæstaréttar samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, frávísunardómi bæjarþings Akureyrar frá 14. desember 1988, sem kunngerður var sóknaraðilum 5. janúar 1989. Kæran barst Hæstarétti 22. febrúar 1989, greinargerð sóknaraðila 13. mars 1989 og greinargerð varnaraðila 9. mars 1989.

Sóknaraðilar krefjast þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Einnig krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að niðurstaða héraðsdóms verði staðfest að því er varðar frávísun. Auk þess áskilur varnaraðili sér rétt til áfrýjunar þess þáttar málsins er snertir bótagreiðslur, sem voru dæmdar sóknaraðilum „ásamt dæmdum málskostnaði þeim til handa". Varnaraðili krefst ekki kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilinn Eiríkur Hreiðarsson er ábúandi jarðarinnar Grísarár í Hrafnagilshreppi. Svo sem greinir í hinum kærða dómi keypti sóknaraðilinn Hreiðar Eiríksson jörð þessa af ríkissjóði á árinu 1954. Í afsali ríkissjóðs segir m.a., að vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir séu undanskilin sölu jarðarinnar.

Hinn 28. júní 1977 veitti landbúnaðarráðuneytið Hitaveitu Akureyrar leyfi til hitaleitar og jarðborana í landi Grísarár. Nýtti hitaveitan sér þann rétt með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi.

Kröfugerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi er tvíþætt, annars vegar bótakrafa, sem tekin er til greina í héraðsdómi og ekki er til úrlausnar í þessu kærumáli, hins vegar krafa um, að varnaraðili afhendi

sóknaraðilum „óskipt 2,5 sekúndulítra af 90°C heitu vatni án endurgjalds, og til vara, að stefndi afhendi stefnendum óskipt sama orkumagn í formi heits vatns með öðru lægra hitastigi án endurgjalds". Reisa stefnendur í héraði (sóknaraðilar) síðargreindar kröfur sínar á því, að stefndi í héraði (varnaraðili) hafi skert vatns- og jarðhitaréttindi þeirra með ólögmætum hætti.

Eins og áður er komið fram, er sóknaraðilinn Hreiðar Eiríksson eigandi jarðarinnar Grísarár ásamt vatns- og jarðhitaréttindum til heimilisþarfa, en ríkissjóður er eigandi vatns- og jarðhitaréttinda jarðarinnar að öðru leyti.

Hagsmunir ríkissjóðs og sóknaraðila fara ekki saman með þeim hætti, að girt sé fyrir vegna 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, að sóknaraðili leiti réttar síns án atbeina ríkissjóðs vegna jarðhitaréttinda á Grísará.

Af þessum ástæðum þykja ekki vera skilyrði til frávísunar á grundvelli upphafsákvæðis 46. gr. laga nr. 85/1936, eins og ákvæðið var fyrir breytingu, sem gerð var á því með 9. gr. laga nr. 54/1988. Það athugast, að samkvæmt 28. gr. síðargreindra laga gilda þau ekki um mál þetta, sem þingfest var á bæjarþingi Akureyrar 14. janúar 1988.

Fella ber frávísunarákvæði hins kærða dóms úr gildi og vísa málinu heim. Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af kærunni.

Dómsorð:

Frávísunarákvæði hins kærða dóms er úr gildi fellt og er málinu vísað heim í hérað að því leyti, sem það er enn ódæmt.

Hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. desember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 14. janúar 1988 af Jóni Kr. Sólnes hrl. f.h. stefnenda, Hreiðars Eiríkssonar, nnr. 4356-3769, Grísará, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, og Eiríki Hreiðarssyni, nnr. 1868-0882, s.st., og þingfestri sama dag, á hendur Sigfúsi Jónssyni, nnr. 7538-9388, bæjarstjóra á Akureyri, f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, til greiðslu skaðabóta og afhendingar á heitu vatni í samræmi við eftirfarandi kröfugerð:

Aðalkrafa: Stefndi afhendi stefnendum óskipt 2,5 sekúndulítra af 90°C

heitu vatni án endurgjalds, til vara, að stefndi afhendi stefnendum óskipt sama orkumagn í formi heits vatns með öðru lægra hitastigi án endurgjalds. Þá greiði stefndi stefnendum bætur fyrir óþægindi, landspjöll og jarðrask vegna borana á jörðinni Grísará, kr. 450.000,00 auk dráttarvaxta frá 14. janúar 1988 til greiðsludags, samkvæmt 1. mgr. 10. gr., sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnendum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Þá er áskilinn réttur til að höfða sjálfstætt skaðabótamál á hendur stefnda, verði aðal- og/eða varakrafa stefnenda í máli þessu ekki teknar til greina. Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og sér verði til dæmdur málskostnaður að mati réttarins eða samkvæmt fram lögðum reikningi, og til vara, að sér verði einungis dæmt að afhenda stefnendum jafngildi 5 til 10 lítra á mínútu af 80°C heitu vatni. Í þessum kröfulið er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að stefnandi Hreiðar Eiríksson kaupir ríkisjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu af ríkissjóði með afsalsbréfi, dagsettu 12. nóvember 1954 og 25. nóvember s.á. Í afsalsbréfinu segir svo: „Námaréttindi í landi jarðarinnar, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir, eru undanskilin sölu jarðarinnar.“ Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dagsettu 6. mars 1978, til stefnanda Hreiðars Eiríkssonar segir svo: „Eins og segir í afsali til yðar fyrir jörðinni Grísará, dags. 12. nóvember 1954, eru við söluna undantekin m.a. „vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir“. Ráðuneytið lítur svo á, að samkvæmt ofanskráðu séu vatns- og jarðhitaréttindi til heimilisþarfa samkvæmt mati sérfróðra manna hæfilega ákveðin að hámarki 2,5 sekúndul. af 90°C heitu vatni eða samsvarandi vatnsmagns af öðrum hitagráðum.“

— — —

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt dskj. nr. 16, sem hér að framan er rakið, segir, að væntanlega séu jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, er við boranir hafi reynst vera lélegur vatnsleiðari, og eru því verulegar líkur á því að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun að Hrafnagili. Einnig segir í sama dskj. að það verði að telja nokkuð öruggt að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting á aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar. Á dskj. nr. 31 segir einnig að ofannefndir jarðhitastaðir, þ.e.a.s. Reykhús, Grísará og Hrafnagil, taki væntanlega vatn úr sama vatnsleiðaranum, þ.e.a.s. berggangi sem liggur norður-suður um þessa

staði. Vatnsvinnsla á einum staðnum er því háð vatnsminnkun á hinum. Og á dskj. nr. 35 segir að ógerlegt sé að segja til um hve mikið hola GG-1 gæfi né hve djúpt vatnsborðið félli, en það væri hægt að finna með dæliprófum á holunni. Engu að síður megi telja líklegt út frá þeim ófullkomnu gögnum, sem til séu, að vinna mætti 2-3 l/s úr holunni með djúpdælu á svipaðan hátt og nú er gert að Reykhúsum. Óumdeilt er í málinu að ríkissjóður Íslands er eigandi að grunnjarðhitaréttindum á Grísará og réttindi stefnenda til jarðhita allt að 2,5 l/s af 90°C heitu vatni til heimilisþarfa eru afleidd af þeim eignarrétti og að því leyti eiga stefnendur og ríkissjóður óskipt réttindi á hendur stefnda, og er því sakaraðildin að mati dómsins óskipt í aðalsök, og með vísan til 46. gr. einkamálalaga, nr. 85/1936, sbr. 28. gr. laga nr. 54/1988, ber því að vísa aðalkröfu stefnenda svo og varakröfu frá dómi ex officio. Hins vegar hefur að mati hinna dómkvöddu matsmanna um rask, er varð á jörðinni við jarðhitaleit stefnda þar, eigi verið hnekkt og ber að taka kröfu þeirra um skaðabætur fyrir jarðrask, óþægindi og landspjöll samkvæmt því til greina að fullu, með þeim vöxtum, sem í stefnu greinir. Þá ber stefnda að greiða stefnendum málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 125.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Aðal- og varakröfu stefnenda er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri, f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, greiði stefnendum, Hreiðari Eiríkssyni og Eiríki Hreiðarssyni, kr. 450.000,00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 14. janúar 1988 til greiðsludags, og kr. 125.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. mars 1989.

Nr. 68/1989. **Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild,**
gegn
Meitlinum hf.

Kærumál. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, vísaði máli þessu frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Sóknaraðili hefur með kæru 3. þ.m. kært frávísun málsins frá bæjarþingi Reykjavíkur, sem gerð var með áritun á áskorunarstefnu 20. febrúar sl.

Sóknaraðili krefst þess, að umrædd dómsathöfn verði úr gildi felld og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið til áritunar að nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðila hefur verið tilkynnt um kærumál þetta. Hann óskar ekki eftir að gera kröfur í málinu eða skila greinargerð.

Sóknaraðili bendir á, að höfuðstöðvar sínar séu í Reykjavík. Þangað hafi varnaraðili þurft að sækja það erindi að fá gámana afhenta. Afhending gámanna hafi jafnframt verið bundin því skilyrði, að varnaraðili greiddi fyrir þjónustuna í Reykjavík, þar sem gámarnir voru afhentir. Af framangreindum ástæðum hafi sóknaraðila verið heimilt að höfða málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Sóknaraðili hefur stöðvar sínar í Reykjavík og rekur þar flutningastarfsemi með kaupskipum. Flutningur á vörum í gámum er þáttur í þeirri starfsemi. Fellur þjónusta þessi undir ákvæði 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936. Af því leiðir, að fella ber hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn er úr gildi felld og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Frávísunaráritun bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1989.

Mál þetta er höfðað til heimtu á fjórum reikningum vegna leigu stefnda á gámum hjá stefnanda. Skv. áskorunarstefnu málsins er stefndi, Meitillinn hf., skrásettur með heimili í Þorlákshöfn. Stefna málsins var birt í Mosfellsbæ fyrir Ólafi Jónssyni, stjórnarformanni Meitilsins hf. Mál þetta er hins vegar rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Á reglulegu bæjarþingi fimmtudaginn 16. febrúar var málið endurupptekið að ósk lögmanns stefnanda sem lagði fram sókn. Þar kemur fram að um krafin skuld sé vegna leigu á gámum til stefnda. Þar kveðst stefnandi enga sjálfstæða starfsemi hafa á landsbyggðinni, hins vegar hafi stefnandi umboðsmenn þar sem þurfa þyki. Af framangreindu telur stefnandi að heimilt sé að stefna þessu máli á bæjarþingi Reykjavíkur skv. 1. mgr. 82. gr. l. nr. 85/1936.

Ákvæði 1. mgr. 82. gr. l. nr. 85/1936 voru samin eftir l. nr. 59/1905, en þau tóku aðeins til verslunarskulda, þ.e. skulda sem stofnuðust vegna kaupa og sölu, s.s. skulda við lyfsala, bóksala, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita o.s.frv., sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 59/1905. Með 1. mgr. 82. gr. l. 85/1936 var reglan rýmkuð nokkuð þar sem undir greinina voru einnig felld mál til greiðslu á andvirði vinnu þeirra manna sem höfðu fasta starfstofu. Í athugasemdum við 82. gr. í greinargerð með l. nr. 85/1936 eru læknar, málfærslumenn, smiðir, bifreiða- og hjólaviðgerðarmenn nefndir sem dæmi um menn sem gætu notfært sér hagræði greinarinnar.

Orðasambandið „greiðsla á andvirði vöru" hefur almennt verið skýrt svo að átt sé við greiðslu á skuldum sem stofnist vegna kaupa og sölu á verslunarvörum í fastri starfstofu. Mál til efnda á leigusamningum voru því hvorki talin falla undir l. nr. 59/1905, sbr. Lyrd. 1919, 758 (X. bindi), né hafa verið talin falla undir 1. mgr. 82. gr. l. nr. 85/1936.

Þegar litið er til þess, hvernig greinin er sögulega til komin, og til þess að hér er um að ræða varnarþingsreglu sem er undantekningarregla, verður ekki heldur talið heimilt að skýra 1. mgr. 82. gr. rýmra en orð hennar segja til um.

Að framansögðu athuguðu þykir ekkert fram komið í málinu um að stefnda sé skylt að svara til saka utan varnarþings síns skv. 75. gr. l. nr.

85/1936. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudaginn 16. mars 1989.

Nr. 139/1987. **Salóme Bára Arnbjörnsdóttir Mendler**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra,
ríkissaksóknara og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Framsal. Handtaka. Miskabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. apríl 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s.m. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru aðallega þær, að „hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina, þ.e. greiðsla „in solidum" á miskabótum, að fjárhæð kr. 41.000.000,00, með 15% ársvöxtum frá 28. maí 1984 til 11. ágúst 1984, en þá með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en þá með 24% ársvöxtum til 11. maí 1985 og til þingfestingardags 21. maí 1985, en frá þeim degi með hæstu lögleyfðu dómvöxtum til greiðsludags. Enn fremur er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti og í héraði svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál". Til vara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar að viðbættum vöxtum og málskostnaði svo sem í aðalkröfu greinir.

Áfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1987.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur áfrýjanda verði stórlega mildaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

I.

Dómsmálaráðuneytið ritaði bréf, sem dagsett er 14. september 1983. Bréfið er stílað til utanríkisráðuneytisins, en afrit var sent sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum. Efni bréfsins er svohljóðandi:

„Ráðuneytið vísar til fyrri bréfaskrifta varðandi beiðni um framsal á Salóme Báru Arnbjörnsdóttur frá Bandaríkjunum.

Með vísun til þess, hversu langt er um liðið, síðan meint afbrot var framið, og unnt reyndist að ljúka þáttum annarra manna í málinu án hennar nærveru, þá þykja ekki lengur vera nægir réttarhagsmunir til að halda framsalsmálinu áfram.

Með hliðsjón af framansögðu og að höfðu samráði við sakadómarann í ávana- og fíkniefnamálum er þess óskað, að utanríkisráðuneytið hlutist til um, að beiðni um framsal á Salóme Báru Arnbjörnsdóttur verði afturkölluð."

Hinn 19. september 1983 ritaði utanríkisráðuneytið eftirfarandi bréf sendiráði Íslands í Washington:

„Hjálagt sendist samrit bréfs dómsmálaráðuneytisins dags. 14. þ.m., þar sem óskað er eftir að beiðni um framsal á Salóme Báru Arnbjörnsdóttur verði afturkölluð, þar eð réttarhagsmunir þykja ekki lengur vera nægir til að halda málinu áfram.

Sendiráðið er beðið að tilkynna bandarískum stjórnvöldum um afturköllun framsalsbeiðninnar."

Hinn 13. október 1983 sendi sendiráð Íslands í Washington utanríkisráðuneytinu svofellt skeyti:

„Sendiráðið tilkynnti bandaríska utanríkisráðuneytinu með orðsendingu, dags. 28. september, afturköllun framsalsbeiðni vegna Salóme Báru Arnbjörnsdóttur.

Á fundi í dag í utanríkisráðuneytinu með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins var sendiráðinu skýrt frá því, að bandarísk stjórnvöld legðu gríðarmikla áherslu á, að íslensk stjórnvöld endurskoðuðu afstöðu sína til málsins.

Létu bæði fulltrúar dómsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins í ljós þá skoðun, að afturköllun nú hefði í för með sér mikinn álitshnekki fyrir þá og okkur í ljósi þeirrar áherslu sem lögð hefur verið á málið. Lagaleg sjónarmið, er tengdust málinu, væru sérstaklega mikilvæg, þar eð unnið væri að mörgum framsalsmálum

fyrir aðrar þjóðir og niðurfelling nú skaðaði málstað bandarískra stjórnvalda í þessum málum einnig.

Sögðu fulltrúar dómsmálaráðuneytisins framsalsmálum fara fjölgandi og mjög mikillar tregðu myndi gæta við að taka upp slíkt mál fyrir Íslands hönd, ef við drægjum okkur til baka nú. Ísland hefði skuldbundið sig til að standa við bakið á dómsmálaráðuneytinu í gegnum allt málið og áríðandi væri að fá sem besta viðurkenningu dómstóla á gildi samningsins frá 1902. Fara yrði aftur í gegnum sams konar mál til að staðfesta gildi hans eða gera nýjan samning ella.

Viðurkenning á samningnum hefur einnig víðtækara gildi en gagnvart Íslandi, því að engin fordæmi eru fyrir jákvæðum úrskurði dómstóla hér um gildi slíkra almennra samninga í málum, sem snerta fíkniefnamál, síðan 1935.

Ísland hefur að áliti dómsmálaráðuneytisins mikilla langtímahagsmuna að gæta í þessu máli og yfirgnæfandi (99 prósent) líkur á að málið vinnist.

Það hefur þegar unnist á tveimur stigum og hefur nú verið tekið til dómsúrskurðar fyrir U.S. Court of Appeals for the Ninth Circuit. Var síðast mætt í málinu 7. október s.l.

Má vænta úrskurðar fljótlega og hefur Salóme þá 10 daga til að fá leyfi til áfrýjunar til Supreme Court frá dómsmálaráðuneytinu.

Æskilegt væri að fá við fyrstu hentugleika upplýsingar um framhald málsins.

Síðustu gögn í málinu póstsend í dag, en skipta ekki máli um ofangreint."

Dómsmálaráðuneytið ritaði utanríkisráðuneytinu bréf, sem dagsett er 17. október 1983. Þar segir svo:

„Með fylgiseðli, dags. 14. þ.m., framsendi utanríkisráðuneytið skeyti sendiráðs Íslands í Washington, dags. 13. þ.m., varðandi framsalsmál Salóme Báru Arnbjörnsdóttur.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram koma í skeyti sendiráðsins, telur ráðuneytið eftir atvikum rétt að framsalsmálinu verði haldið áfram."

II.

Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, voru í gildi lög nr. 52/1973,

um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum. Í 1. mgr. 8. gr. laganna er svofellt ákvæði:

„Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna."

Bréf dómsmálaráðuneytisins frá 14. september 1983, sem samið var í samráði við hinn sérstaka dómara í ávana- og fíkniefnamálum, ber að skýra svo, að það hafi verið lögformleg afturköllun rannsóknaraðilans á beiðni um framsal áfrýjanda til Íslands og jafnframt hafi í því falist niðurfelling úrskurðar um handtöku áfrýjanda frá 18. júní 1979. Það var hins vegar ekki á valdi dómsmálaráðuneytisins að ákveða einhliða að falla frá afturkölluninni, svo sem það gerði með bréfi sínu 17. október 1983.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 22. mars 1982, 527. bls., í málinu: Ákæruvaldið gegn Salóme Báru Arnbjörnsdóttur, og forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á, að áfrýjandi hafi ekki átt rétt á bótum úr ríkissjóði fyrir þær handtökuaðgerðir, sem fram fóru allt til 14. september 1983. Frá þeim tíma voru athafnir íslenskra stjórnvalda, sem leiddu til handtöku áfrýjanda, hins vegar löglausar gagnvart áfrýjanda. Eins og hér stendur á þykir ákvæði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, ekki standa því í vegi að áfrýjanda verði dæmdar miskabætur. Ber því samkvæmt grunnreglum XVIII. kafla nefndra laga að dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjanda miskabætur.

III.

Hinn 8. desember 1983 kvað áfrýjunardómstóll níunda yfirreiðarsvæðis Bandaríkja Norður-Ameríku upp dóm þess efnis, að gildur samningur milli Bandaríkjanna og Íslands um framsal sakamanna væri fyrir hendi. Áfrýjunardómstóllinn staðfesti einnig að heimilt væri að framselja áfrýjanda. Áfrýjandi reyndi að fá málið tekið fyrir í Hæstarétti Bandaríkjanna, en beiðni hennar var hafnað. Varð hún því að hlíta niðurstöðu áfrýjunardómstólsins.

Áfrýjandi var handtekin á skírdag 19. apríl 1984 á heimili sínu í Kaliforníu af alríkislögreglu Bandaríkjanna og færð í fangelsi. Var henni haldið í fangelsi til þriðjudagsins 24. apríl 1984. Þaðan var hún flutt í lögreglufylgd til flugvallarins í San Diego. Þaðan var hún flutt í fylgd tveggja lögreglumanna til Chicago og áfram þaðan

með íslenskri flugvél til Keflavíkur. Komið var til Íslands árla morguns 25. apríl 1984. Var áfrýjandi þegar færð í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík, en látin laus gegn ábyrgðaryfirlýsingu lögmanns sama morgun. Dómsrannsókn í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hófst í máli áfrýjanda strax þennan dag. Áfrýjandi og vitni gáfu skýrslur fyrir dóminum og annarra gagna var aflað. Dómsrannsókninni lauk 11. maí 1984 og 16. sama mánaðar sendi sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum málið til umsagnar ríkissaksóknara. Með bréfi, dagsettu 28. maí 1984, til sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum ákvað ríkissaksóknari að gefa ekki út ákæru á hendur áfrýjanda. Efni bréfs þessa er rakið í hinum áfrýjaða dómi.

IV.

Eftir að ríkissaksóknari ákvað 28. maí 1984, að ákæra skyldi ekki gefin út á hendur áfrýjanda, hófst hún strax handa um að afla sér vegabréfsáritunar til Bandaríkjanna til þess að komast aftur til eiginmanns síns og heimilis í Kaliforníu. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi var áfrýjanda synjað um vegabréfsáritun þrátt fyrir ítrekaðar umsóknir og hefur hún ekki enn fengið landvistarleyfi í Bandaríkjunum. Hún er nú búsett í Kanada, en mun vera skilin við hinn bandaríska eiginmann sinn, sem býr í ættlandi sínu.

V.

Því er áður lýst, að áfrýjandi var handtekin í Kaliforníu 19. apríl 1984 og flutt með valdi frá eiginmanni sínum, heimili og atvinnu. Hún var fangelsuð og síðan flutt í lögreglufylgd til Íslands og færð þar í fangageymslu um stund. Með þessu var henni mikill miski gerður.

Kemur þá til álita, hvort áfrýjandi hefði haldið landvistarleyfi sínu í Bandaríkjunum, ef við afturköllun framsalsbeiðninnar hefði verið staðið. Ótvíræðar upplýsingar um þetta atriði liggja ekki fyrir í málinu, en á hitt er að líta, að áfrýjandi var í hjúskap með bandarískum ríkisborgara. Er ósannað annað en hún hefði haldið dvalarleyfi sínu í landinu þrátt fyrir það, sem á undan var gengið. Þykir verða að líta einnig til þessa við ákvörðun miskabóta til áfrýjanda.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykja miskabætur til handa áfrýjanda hæfilega metnar 600.000,00 krónur og ber að dæma ríkissjóð

til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir, en eigi eru efni til að dæma stefndu óskipt til greiðslu bótanna.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 150.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Salóme Báru Arnbjörnsdóttur Mendler, 600.000,00 krónur með 15% ársvöxtum frá 28. maí 1984 til 11. ágúst 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1985, með dómvöxtum frá þeim tíma til 14. apríl 1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Þá greiði stefndu allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. september sl., hefur dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl., Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, höfðað f.h. Salome Báru Arnbjörnsdóttur Mendler, nnr. 7461-0919, með lögheimili að Sólvallagötu 24, Keflavík, að fenginni gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 12. apríl 1985, með stefnu, fram lagðri í dóm 21. maí 1985, á hendur „dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og ríkissaksóknara til greiðslu „in solidum" á skaðabótum, að fjárhæð kr. 41.000.000,00, með 15% ársvöxtum frá 28. maí 1984 til 11. ágúst 1984, en þá með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en þá með 24% ársvöxtum til 11. maí 1985 og til þingfestingardags 21. maí 1985, en frá þeim degi með hæstu lögleyfðu dómvöxtum til greiðsludags" (þannig). Enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær kröfur gerðar aðallega að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður úr hennar hendi að mati réttarins. Til vara er þess krafist að úr stefnukröfum verði stórlega dregið og málskostnaður þá látinn niður falla.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Tildrög máls þessa eru þau, að í júní 1977 kom stefnandi, Salome Bára Arnbjörnsdóttir, hingað til lands frá Ítalíu. Hún hafði þá dvalist langdvölum erlendis. Salome Bára ferðaðist um Norður-Evrópu til Björgvinjar í Mercedes- bifreið sem hún átti, en þar tók hún sér far með ferjunni Smyrli til Seyðisfjarðar og hafði bifreiðina með sér. Salome Bára hafði aflað sér ítalskra umboða og viðskiptasambanda, enda staðráðin í að stofna hér á landi fyrirtæki til þess að hagnýta sér þau. Síðla árs 1977 stofnaði hún síðan verslunina Mata Hari með hjónunum Guðna Gunnarssyni og Katrínu Jónu Hafsteinsdóttur. Reksturinn gekk illa. Síðla árs 1976, líklega í nóvember, seldi Salome Bára sinn eignarhluta. Kaupendur voru áðurnefndur Guðni Gunnarsson og Einar Traustason og var kaupverðið að langmestu eða öllu leyti greitt í víxlum.

Í mars 1978 hóf Salome Bára sambúð með Arnþóri Margeirssyni, en upp úr sambúðinni slitnaði um mjög svipað leyti árið 1979.

Hinn 5. maí 1979 hófst í Keflavík víðtæk rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli margra aðila þar í bæ. Þann dag var meðal annarra stefnandi, Salome Bára, yfirheyrð sem grunuð, dskj. 134. Aðspurð viðurkenndi hún að hafa neytt fíkniefna, en kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær. Aðspurð sagði hún þetta allt sitt fíkniefnamisferli. Henni var síðan sleppt. Við rannsókn málsins kom í ljós að hér var um að tefla eitt umfangsmesta og stærsta fíkniefnamál sem komið hafði til rannsóknar hér á landi. Í sambandi við rannsókn málsins sættu fjölmargir aðilar gæsluvarðhaldi. Þeirra á meðal voru Karvel Gränz, er sætti gæsluvarðhaldi frá 7. maí til 8. júní, Arnþór Margeirsson, fyrrum sambýlismaður stefnanda, er sætti gæsluvarðhaldi í 19 daga frá 30. maí, og Guðni Gunnarsson, fyrrum sameigandi stefnanda, er sætti varðhaldi í 37 daga frá 30. maí.

Við rannsókn málsins bar fyrst Karvel Gränz í yfirheyrslum hjá lögreglu og síðan sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 27. og 28. maí 1979, sbr. dskj. nr. 136, og síðar Arnþór Margeirsson í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir sama dómstóli 16. júní, sbr. dskj. nr. 123, bls. 99 og áfram, um stórfelldan innflutning og dreifingu stefnanda, Salome Báru, á 5 til 6 kílóum af hassefnum, 500 grömmum af hassolíu og meðhöndlun amfetamíns frá sumrinu 1977 til öndverðs árs 1979.

Ekki tókst að yfirheyra stefnanda, Salome Báru, vegna þessa, hvorki fyrir lögreglu né dómi, þar sem hún hafði farið af landi brott 20. maí,

eða fljótlega eftir að fyrstu mennirnir, sem við fíkniefnamálið voru riðnir, voru hnepptir í gæsluvarðhald. Hinn 18. júní 1979 var í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum kveðinn upp handtökuúrskurður á hendur stefnanda. Í forsendum úrskurðarins er vikið að framburði Karvels Gränz og Arnþórs Margeirssonar og sagt að rannsóknarinnar vegna sé brýnt að ná til Salome Báru, svo að rannsóknin tefjist ekki eða torveldist frekar. Í niðurstöðum segir: „Misferli það, sem verið er að rannsaka, varðar við lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og reglugerð 390/1974 og getur því sök, ef sönnuð, varðað fangelsi.

Þar sem nefnd Salome Bára Arnbjörnsdóttir er í máli þessu borin sökum um stórfelld brot gegn framangreindum lagaákvæðum þykir dómara brýnt í þágu rannsóknar máls þessa og með vísan til 1. mgr. 50. gr. (sic, 59. gr.) laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, að úrskurða tafarlausa handtöku Salome Báru Arnbjörnsdóttur, fæddrar 23.8. 1955, talin (sic) dveljandi í Orlando í Florida eða á leið til Jamaica, og færa hana tafarlaust til yfirheyrslu hér fyrir dómi."

25. júní 1979 og 5. júlí 1979, sbr. dskj. nr. 123, báru Guðni Gunnarsson, fyrrum sameigandi Salome Báru að versluninni Mata Hari, og Katrín, eiginkona hans, einnig um innflutning og drefingu Salome Báru á fíkniefnum. Var framburður þeirra mjög á sömu lund og Karvels og Arnþórs.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum óskaði eftir því við dómsmálaráðuneytið að það hlutaðist til um að handtökuskipuninni yrði komið á framfæri við bandarísk yfirvöld og gerð yrði krafa til þess að stefnandi yrði framseld til Íslands.

Með bréfi, dags. 19. júní 1979, sbr. dskj. nr. 5, óskaði dómsmálaráðuneytið eftir því við utanríkisráðuneytið að það hlutaðist til um að koma nefndri handtökuskipun á framfæri við bandarísk yfirvöld og gerði jafnframt kröfu til að Salome Bára yrði framseld í hendur íslenskum yfirvöldum eftir að hún hefði verið handtekin. Þennan sama dag var Interpol-skrifstofan í Washington beðin um að lýsa eftir Salome Báru og tekið fram að framsalsbeiðni hefði verið send eftir „diplomatiskum" leiðum. Með bréfi, dags. 19. júní 1979, sbr. dskj. nr. 6, fól utanríkisráðuneytið sendiráði Íslands í Washington að fara formlega fram á það við bandarísk yfirvöld að þau gerðu ráðstafanir til að handtaka Salome Báru og framselja hana til Íslands.

Sumarið 1979 og fram á vetur urðu ýmis bréfaskipti varðandi framsalsmálið, bæði um form- og efnishlið þess, sbr. dskj. nr. 12, 7, 81, 9, 13, 10, 11, 14, og 17. Á dskj. nr. 13 kemur fram að bandarísk yfirvöld töldu sumarið 1979 ekki grundvöll fyrir því að taka framsalsbeiðnina til greina fyrr en frekari gögn hefðu borist. Á dskj. nr. 9, sem er skeyti sendiráðs Íslands í Washington til utanríkisráðuneytisins og dags. er 6. júlí

1979, kemur fram að afstaða Bandaríkjastjórnar var sú að framsalssamningur þjóðanna gerði ráð fyrir að sá, sem talinn væri á flótta, hefði verið kærður fyrir afbrot áður en framsalskrafan væri sett fram. Bandarískum yfirvöldum þótti hins vegar sem aðeins væri óskað eftir Salome Báru til yfirheyrslu í sambandi við rannsókn.

Í framhaldi af áðurgreindum bréfaskiptum var unnið að því að þýða skjöl málsins og útbúa þau í samræmi við kröfur bandarískra stjórnvalda. Hinn 2. júlí 1979 skrifar Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður skýrslu á dskj. nr. 8, þar sem gefnar eru frekari upplýsingar um mál Salome Báru Arnbjörnsdóttur. Þá er hún talin kærð og dvalarstaður hennar Orlando í Bandaríkjunum. Hún er þar talin atvinnulaus. Í skýrslunni er því haldið fram að vitað sé að Salome Arnbjörnsdóttir hafi stundað smygl á fíkniefnum til Íslands á tímabilinu frá miðju ári 1977 og fram á fyrri hluta árs 1979. Aðallega sé um að ræða hass og hassolíu í allmiklu umfangi og einnig grunsemdir um meðhöndlun amfetamíns. Þar er sagt að vitað sé að Salome hafi notað þá aðferð við flutninga á hassefnum að fela hassið í undirvagni bifreiðar af gerðinni Mercedes Benz. Talið sé að uppruni þess efnis sé frá Afganistan og að Salome hafi keypt efnið með aðstoð Ítalans Barbato Umberto. Sagt er að efnið hafi verið flutt frá Afganistan til Ítalíu og þaðan um Evrópu til Björgvinjar í Noregi. Þar hafi efninu verið komið um borð í ferjuna ms. Smyril, sem hafi flutt það til Íslands.

Þá er því þar einnig haldið fram að upplýst sé að Salome hafi flutt flugleiðis frá Ítalíu til Íslands verulegt magn af hassolíu sem hafi verið falið í farangri og innan klæða. Þá er því enn fremur haldið fram að Salome hafi á þessum tíma meðhöndlað amfetamín. Þessum efnum öllum hafi verið dreift á Íslandi og vitað sé að verulegt magn efnanna hafi verið selt bandarískum varnarliðum í Nato-stöðinni á Keflavíkurvelli.

Hinn 21. september 1979 kærir lögreglan í Reykjavík, rannsóknardeild fíkniefnamála, Guðmundur Gígja lögreglufulltrúi, Salome Báru Arnbjörnsdóttur, sem þá er talin dveljast í Florida í Bandaríkjunum, fyrir eftirfarandi:

„1. Stórfelldan innflutning og sölu kannabisefna, (cannabis resin), sem falin voru í Mercedes Benz-fólksbifreið, sem Salome flutti til Íslands um mánaðamót júní/júlí 1977.

2. Stórfelldan innflutning og sölu hassolíu (hashish oil), sem Salome í félagi við nafngreindan karlmann smyglaði til Íslands seinni part september 1978.

3. Sala amphetamine á Íslandi 1977 og 1978."

Síðan segir um forsendur kæru: „Við rannsókn umfangsmikils fíkniefnamáls á Íslandi í apríl, maí og júní 1979 upplýstist, að Salome B. Arnbjörnsdóttir átti mestan þátt í smygli þeirra fíkniefna sem til sölu voru. Aðeins

lítill hluti fíkniefnanna, sem aðallega voru hass (cannabis resin), hassolía (hashish oil) og amfetamínduft, féll í hendur lögreglu. Fljótlega eftir handtöku þeirra aðila, sem telja verður nánustu samstarfsmenn Salome, flúði hún af landi brott, en þá var ekki orðið ljóst að hún var fyrirliði hópsins. Nokkru síðar fengust þær upplýsingar að hún dveldist í Florida, Bandaríkjunum.

Kæra þessi er byggð á framburði nokkurra aðila sem ýmist keyptu ofangreind fíkniefni af Salome og/eða aðstoðuðu hana við sölu efnanna.

Handtökuúrskurður á hendur Salome var kveðinn upp í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 18.6. 1979 að henni fjarstaddri."

Hinn 6. desember 1979 sendir sendiráðið í Washington utanríkisráðuneytinu skeyti þar sem fram kemur að Murrey R. Stein, associated director, Office of International Affairs, Criminal Division, Department of Justice, hafi fengið gögn í máli Salome Báru Arnbjörnsdóttur til óformlegrar athugunar. Fram kemur að Stein hefur talið nauðsynlegt að fá þessi viðbótargögn í málinu:

1. Framburð aðila sem lögreglukæran sé byggð á, þ.e.a.s. framburð sem staðfesti innflutning og sölu. Jafnframt ef fyrir hendi séu, niðurstöður sérfræðinga um efnagreiningu eiturlyfja sem féllu í hendur lögreglu.
2. Yfirlýsingu íslenskra dómsyfirvalda um fyrningartíma þessa afbrots.
3. Fingraför Salome, ef þau eru fyrir hendi, og ljósrit af vegabréfsumsókn hennar.

Á dskj. nr. 17, sem dags. er 8. desember 1980, er á vegum dómsmálaráðuneytisins ritað bréf þar sem fjallað er um fyrningartíma þeirra afbrota sem Salome Bára var sökuð um.

Hinn 22. desember 1980 sendir utanríkisráðuneytið öll gögn málsins sendiráðinu í Washington og biður það að fylgja málinu eftir.

Hinn 2. febrúar 1981 sendir sendiráðið bandaríska utanríkisráðuneytinu á ný framsalsbeiðni, sbr. dskj. nr. 146, ásamt nauðsynlegum gögnum. Eins og þar kemur fram var framsalskrafan reist á tveimur milliríkjasamningum, annars vegar tvíhliðasamningi um framsal milli Bandaríkjanna og Danmerkur frá 6. janúar 1902, sbr. dskj. nr. 126, og viðbótarsamningi frá 6. nóvember 1905, sbr. dskj. nr. 127, og hins vegar alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 30. mars 1961 með breytingum frá 25. mars 1972, sem birtur er sem nr. 22/1974 í C-deild Stjórnartíðinda.

Hinn 30. október 1981 gaf United State District Court for the Southern District of California út skipun um að handtaka Salome Báru í því skyni að hún yrði færð fyrir dóm til að svara kröfu um framsal hennar til Íslands, sbr. dskj. nr. 147.

Hinn 3. nóvember 1981 var Salome Bára handtekin vegna framsalsmálsins og leidd fyrir dómara. Í því þinghaldi var henni birtur úrskurður saka-

dóms í ávana- og fíkniefnamálum, sbr. dskj. nr. 55 og sbr. dskj. nr. 149. Sama dag úrskurðaði dómstóllinn að hún skyldi látin laus gegn tryggingu. Meðan trygging var útveguð var Salome Bára í haldi. Heldur hún því fram að það hafi tekið 3 daga, en af hálfu stefndu er því haldið fram að um hafi verið að ræða tæpar 53 klst.

Salome Bára mótmælti framsalinu og stóð í málaferlum, allt þar til hún var framseld í apríl 1984, um lögmæti þess að hún yrði framseld frá Bandaríkjunum til Íslands. Kom mál hennar fyrir öll dómstig nema Hæstarétt Bandaríkjanna sem neitaði að taka mál hennar fyrir. Á öllum dómstigum varð niðurstaðan sú að heimilt væri að lögum að framselja hana til Íslands.

Eftir handtöku stefnanda í nóvember 1981 og fyrri hluta árs 1982 gerðu ættmenn hennar og lögmaður hennar hér á landi ítrekaðar tilraunir til að fá framsalsbeiðnina afturkallaða. Jafnframt kærði lögmaður hennar 1. mars 1982 handtökuúrskurð sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 18. júní 1979 til Hæstaréttar.

Af hálfu ríkissaksóknara var þess krafist, að handtökuúrskurðurinn yrði staðfestur og jafnframt tekið fram að mál Salome Báru, sem kæran laut að, hefði ekki fyrr en í formi þessa kærða úrskurðar borist hans embætti til fyrirsagnar. Hæstiréttur vísaði kærunni frá, sbr. dskj. nr. 55, þar sem hún væri of seint fram komin, en tók jafnframt fram að ekki væri sýnilegt að kærður úrskurður væri haldinn neinum þeim göllum er vörðuðu ómerkingu hans.

Á árunum 1982 og 1983 voru kveðnir upp dómar í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum yfir þeim Arnþóri Margeirssyni og Guðna Gunnarssyni. Voru þeir m.a. sakfelldir fyrir hlutdeild sína í innflutningi og dreifingu þeirra fíkniefna sem þeir höfðu borið að Salome Bára hefði flutt til landsins 1977 og 1978.

Eftir að dómstólar í Bandaríkjunum höfðu endanlega fjallað um framsalsmál Salome Báru ákváðu bandarísk stjórnvöld að framselja hana og kom hún til landsins 25. apríl 1984, sbr. dskj. nr. 72.

Þegar eftir að hún kom, var rannsókn málsins tekin upp að nýju, hvað hana varðaði. Við rannsókn málsins komu fyrir dóm þeir aðilar sem borið höfðu um innflutning og dreifingu hennar á fíkniefnum, sbr. dskj. nr. 73. Stóðu Arnþór Margeirsson, Guðni Gunnarsson og Katrín Hafsteinsdóttir við fyrri framburð sinn og lýstu að nýju ætluðum afbrotum Salome Báru. Karvel Gränz tók hins vegar aftur fyrri framburð sinn um ætlaða aðild Salome Báru að innflutningi fíkniefna og taldi nú, að það, er áður hafði verið eftir sér haft, væri á misskilningi byggt. Hann hefði átt viðskipti við Arnþór Margeirsson um fíkniefni, en aldrei við Salome Báru, og á þeim tíma, er þau bjuggu saman, Arnþór Margeirsson og Salome Bára, hefði Salome Bára aldrei verið viðstödd, þá er hann átti viðskipti við Arnþór. Þá kom fyrir sakadóm

sérfræðingur í grindaviðgerðum. Hann lýsti því áliti, að erfitt væri að ná hassefnum úr bifreið eins og þeirri, er Salome Bára átti, með aðferðum, sem ætlaðir hlutdeildarmenn Salome Báru, Guðni Gunnarsson og Katrín Hafsteinsdóttir, höfðu lýst.

Salome Bára neitaði öllum sakargiftum í rannsókn þessari. Í réttarhaldi 4. maí 1984, dskj. 73, bls. 26-27, sagði hún, að tognað hefði úr dvöl sinni í Bandaríkjunum, m.a. vegna þess að hún hefði frétt, að móðir hennar og systir hefðu báðar verið handteknar hér á landi vegna þessarar rannsóknar og móður sinni haldið í ófrelsi í 18 klst., en systurinni í 6 klst. Hún hefði af þessum sökum óttast harðræði ef hún kæmi hingað til lands. Síðar hefðu hagir hennar breyst vegna hjúskapar ytra.

Rannsókn málsins lauk um miðjan maí 1984 og var málið sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar, sbr. dskj. nr. 73. Með bréfi, dags. 28. maí 1984, tilkynnti ríkissaksóknari, sbr. dskj. nr. 74, að hann teldi eigi lagarök til að gefa út ákæru á hendur stefnanda. Í bréfinu er eftirfarandi tekið fram:

„1. Menn þeir, sem báru konuna sökum árið 1979, geta eigi talist óaðfinnanleg vitni í máli þessu.

2. Þrír þeirra manna hafa nú fyrir dómi í apríl og maí árið 1984 dregið að meira eða minna leyti úr fyrri framburði sínum um hlut konunnar að fíkniefnabrotum.

3. Hin ætluðu brot konunnar voru talin vera framin í júní 1977 til/og september 1978 en hún var eigi yfirheyrð í dómi fyrr en 25. apríl 1984.

4. Þess eru ekki dæmi að opinbert mál hafi verið höfðað á hendur manni ef liðið hafa meira en 5 ár frá verknaði til dómsyfirheyrslu.

5. Skýra má ákvæði laga um fyrningu sakar svo, að sakir konunnar væru nú fyrndar, þótt sannaðar væru.

6. Hæstiréttur gerir ríkar kröfur til sannana þegar brotamenn bera um samsekt annarra, sbr. dóma Hæstaréttar 23. nóvember 1983 í máli ákæruvaldsins gegn Sigurði Þór Sigurðssyni og 6. apríl 1984 í máli ákæruvaldsins gegn Eyjólfi Erni Jóhannssyni.

7. Rannsóknargögn í máli þessu þykja eigi vera líkleg til sakfellis greindrar konu gegn staðfastri neitun hennar, sbr. 115. gr. og 108. gr. laga nr. 74/1974.

8. Samkvæmt framansögðu eru eigi lagarök fyrir því að gefa út ákæru á hendur Salome Báru Arnbjörnsdóttur fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf."

Undir þetta ritar Þórður Björnsson, þáverandi ríkissaksóknari.

Að beiðni bandarískra stjórnvalda óskaði utanríkisráðuneytið eftir skýringum dómsmálaráðuneytis á niðurfellingu ríkissaksóknara á málinu. Svar ráðuneytisins er dags. 27. júní 1984 og er lagt fram á dskj. nr. 80.

Stefnandi sótti formlega um landvistarleyfi í Bandaríkjunum til sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi í júlí 1984. Umsókn stefnanda var send utanríkis-

ráðuneyti Bandaríkjanna til umsagnar. Hinn 25. september 1984 var stefnanda synjað um vegabréfsáritun, sbr. dskj. nr. 151. Í því bréfi eru ástæður synjunar tilgreindar þær að stefnandi uppfylli ekki skilyrði bandarískra laga til að fá landvistarleyfi. Er þar vísað til þess ákvæðis bandarískra innflytjendalaga, sem kveður á um, að óheimilt sé að fá vegabréfsáritun manni sem viðkomandi embættismaður veit eða hefur ástæðu til að ætla, að sé eða hafi verið dreifandi fíkniefna. Í synjunarbréfinu er ekki tilgreint hvaða gögn liggi fyrir bandarískum stjórnvöldum og þau reisa synjunina á. Í bréfi á dskj. nr. 152, sem er bréf sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi til utanríkisráðuneytisins, kemur fram að Salome Bára hafði áður verið talin óhæf til landvistar í Bandaríkjunum í sambandi við umsókn hennar um „Permanent immigrant status" af sömu ástæðum.

Lögmaður stefnanda óskaði eftir endurskoðun á afstöðu bandarískra stjórnvalda og studdu íslensk stjórnvöld þá beiðni af mannúðarástæðum, sbr. dskj. nr. 106 og 91.

Hinn 21. nóvember 1984 fundu ítalskir tollverðir í Mílanó 11 g af hassi á Salome Báru sem voru gerð upptæk. Tilkynningu um þetta sendi Interpol í Róm Interpol í Reykjavík 20. janúar 1985 og til aðalregisturs Interpol í París, sbr. dskj. nr. 156.

Með bréfi 30. janúar 1985, sbr. dskj. nr. 110, er Salome Báru tilkynnt, að þau gögn, sem Department of State í Washington hafi í höndum, styðji áfram þá niðurstöðu að hún uppfylli ekki skilyrði laga til að fá landvistarleyfi í Bandaríkjunum. Í því bréfi eru ekki fremur en í því fyrra tilgreind þau gögn sem synjunin er reist á.

Í bréfi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi 21. febrúar 1985 á dskj. nr. 154 til senators Alans Cranstons um synjun á landvistarleyfi til Salome Báru og möguleika á breytingu á þeirri ákvörðun, kemur fram, að jafnvel þótt ríkissaksóknari gæfi nú yfirlýsingu um sakleysi Salome Báru á grundvelli nýrrar rannsóknar, væri engan veginn fyrir fram mögulegt að svara því hvort yfirvöld í Bandaríkjunum féllust á að endurskoða málið og hver niðurstaða yrði af slíkri endurskoðun.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 150. gr., 151. gr. og 152. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, sbr. 38. gr. sömu laga, sbr. og XI. kafla laga, nr. 85/1936. Vitnað er til bréfs ríkissaksóknara frá 28. maí 1984 sem áður hefur verið rakið. Á það er bent að rannsókn málsins hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að ríkissaksóknari hafi ekki séð sér stætt á því að ákæra í málinu, enda hafi komið fram að ávirðingar þær, sem á stefnanda voru bornar, hafi hvorki fengið staðist frá vættissjónarmiði né tæknilegu. Því er haldið fram að hörmulega hafi verið staðið að málinu gegn stefnanda frá upphafi þess. Þá hafi það verið mistök að fara með hana sem forhertan glæpamann. Í upphafi hafi þau mistök verið gerð að taka framburð vafa-

samra vitna trúanlegan og reisa eftirfarandi aðgerðir á þeim. Í því sambandi er enn vitnað til bréfs ríkissaksóknara frá 28. maí 1984. Þau mistök hafi þá verið gerð að handtökuúrskurðurinn frá 18. júní 1979 hafi ekki getað orðið grundvöllur framsals, eins og hann var upp kveðinn. Samkvæmt honum hafi átt að færa stefnanda fyrir dómstól til þess að hún yrði yfirheyrð. Hún hafi hins vegar ekki verið ákærð af ríkissaksóknara og því hafi enginn grundvöllur verið til framsals skv. hugsanlegum milliríkjasamningum um framsal sakamanna, þar sem jafnan sé þar miðað við, að sá, er framselja skal, hafi verið ákærður í sínu landi. Í bréfi sendiráðsins, dskj. nr. 21, segi, að stefnandi hafi verið ákærð, en það sé rangt. Bent er á dskj. nr. 9 um það, að bandarísk stjórnvöld telji ekki nægjanlegt til framsals, að óskað sé yfirheyrslu. Það þurfi að ákæra í málinu, sbr. dskj. nr. 12. Dómsmálaráðuneytið hafi ætlað að bæta úr þessum göllum með sendingu kæru, undirritaðri af lögreglumanni, löngu eftir uppkvaðningu handtökuúrskurðarins, eða 21. september 1979, sbr. dskj. nr. 10. Þetta sýni að úrskurðurinn hafi ekki verið nothæfur skv. milliríkjasamningum.

Þá er því haldið fram, að milliríkjasamningur sá, sem byggt hafi verið á, hafi ekki verið birtur á Íslandi og Danir hafi sagt honum upp 1968. Ambassador Íslands í Washington hafi efast um að samningur þessi væri gildur, en hafi samt beitt þessum úrelta og upp sagða samningi, sbr. dskj. nr. 121.

Embættismenn í Stjórnarráðinu, þ.e. dómsmálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu, hafi algjörlega brugðist hlutskipti sínu og hafi sent málið áfram umhugsunarlaust. Ríkissaksóknari, sem eigi að hafa yfirumsjón með öllum sakamálum í landinu, hafi verið gjörsamlega sniðgenginn, en það sé andstætt lögum sbr. 21. gr. laga nr. 74/1974. Starfsmenn ráðuneytanna hafi ekki gert sér minnstu hugmynd um, hvaða afleiðingar framsal stefnanda gætu haft fyrir hana, og því síður, að þær afleiðingar gátu verið langt umfram það sem réttlætti aðgerðir þeirra. Starfsmennirnir hafi haldið að ætlaðar ásakanir á hendur stefnanda myndu leiða til þungs dóms. Í því sambandi er vitnað til dskj. nr. 17 sem auk þess er haldið fram að sé villandi.

Þá hafi handtökuúrskurðinum verið haldið leyndum fyrir stefnanda. Hefði hún fengið að vita að óskað hefði verið eftir því við Interpol og Bandarísku alríkislögregluna, að hún yrði handtekin og framseld, hefði hún auðvitað kosið að komast hjá öllum hörmungum og horfið hávaðalaust heim til Íslands. Þar sem hún hafi hins vegar verið handtekin fyrirvaralaust og færð í fangelsi, hafi málið verið komið á það stig, að hún gat ekki lengur um frjálst höfuð strokið. Eftir nær þriggja sólarhringa fangelsun hafi hún verið látin laus gegn tryggingu og fyrirmælum um að fara ekki út fyrir borgarmörk San Diego-borgar. Sendiráð Íslands í Bandaríkjunum hafi

enga hjálp veitt henni né heldur ræðismaður Íslands á staðnum. Viðbrögð bandarískra stjórnvalda hafi verið hörð þegar þau fengu þetta mál til meðferðar, enda eftir lýsingum um harðsvíraða „mafíudrottningu" að ræða og meðferðin eftir því, einkum við seinni handtökuna í apríl 1984. Því er haldið fram, að reynt hafi verið að telja bandarískum stjórnvöldum trú um, að afbrot stefnanda væri svo alvarlegt, að það myndi falla innan 10 ára refsirammans. Vitnað er til dskj. nr. 17. Því er haldið fram að hér hafi á vítaverðan hátt verið reynt að gera ætlað afbrot stefnanda alvarlegra en efni stóðu til svo að það gæti verið grundvöllur framsals. Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins hafi hlotið að vita, að væri sök stefnanda sönn, yrði refsing hennar ekki þyngri en hálfs árs skilorðsbundið fangelsi.

Eftir að ríkissaksóknari hafði gert út um málið hafi dómsmálaráðuneytið farið að gagnrýna ákvörðun ríkissaksóknara á afskaplega óviðfelldinn og óviðeigandi hátt á dskj. nr. 80. Gagnrýni þessi hafi verið send sendiráði Bandaríkjanna með bréfi 2. ágúst 1984, þ.e. dskj. nr. 91. Sama dag hafi dómsmálaráðuneytið þó reynt að bæta fyrir þessa árás á ríkissaksóknara, sem til þess var fallin að skaða stefnanda, sbr. dskj. nr. 92, en þetta hafi verið of seint. Baráttan fyrir því, að mál hennar fengju eðlilega lausn og hún gæti horfið aftur til eiginmanns síns og heimilis í Bandaríkjunum, hafi verið unnin fyrir gýg.

Endanleg kröfugerð stefnanda í málinu er eingöngu byggð á miska. Því er haldið fram, að hér sé um að ræða bætur, sem eigi að taka til þeirrar röskunar og óþæginda sem aðgerðir íslenskra og bandarískra stjórnvalda hafi haft fyrir stefnanda. Við mat á þeim miska sé eðlilegt að litið sé til þeirra andlegu þjáninga, sem stefnandi hafi fyrst liðið í gæsluvarðhaldi, og síðan til þess, er henni leystist höfn. Því er haldið fram af lögmanni hennar, að þegar hann tók við málinu, sem hafi verið nokkrum mánuðum eftir að stefnandi lenti í fyrra skiptið í gæsluvarðhaldi, hafi hún verið svo illa farin á taugum að hún hafi hvorki getað skrifað né talað með góðu móti í síma. Þegar hann hafi farið að spyrja hana út í málavexti á grundvelli þeirra skröksagna sem honum hafi verið sagðar í fyrstu um málið, þá hafi hún brostið algjörlega og beðið hann að koma vestur til Kaliforníu, því að hún gæti ekki talað fyrir geðshræringu.

Í síðara skiptið, þegar hún var handtekin, járnuð og flutt í fangelsi að nýju í San Diego og haldið þar um páska, hafi verið eins og hálfgróin heljarund væri rifin á hol að nýju með villidýrsklóm. Öll sú niðurlæging að vera flutt í járnum í flugvél frá Kaliforníu til Chicago og í handjárnum til Íslands hafi verið martröð sem enn sæki á stefnanda. Með öllu sé óvíst að hún muni nokkru sinni ná sér.

Þá sé það enn að hún eigi nú ekki þess lengur kost að geta gerst bandarískur þegn og ekki heldur geti hún horfið aftur til heimilis síns í Kaliforníu.

Þá hafi hún orðið að kosta miklu til vegna málaferla í Kaliforniu og hér heima. Hún hafi verið í föstu starfi í Kaliforniu og misst það. Þá hafi hún þurft að dveljast hér með eiginmanni sínum, á meðan þau reyndu að fá leiðréttingu mála sinna hérlendis. Enn fremur hafi þau orðið að kosta miklu til í þýðingar, símtöl og símskeyti. Loks sé svo komið að hún og eiginmaður hennar treysti sér ekki til þess að búa saman undir þeim kringumstæðum sem þeim séu búnar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að aðgerðir íslenskra yfirvalda vegna framsalsmáls stefnanda hafi í hvívetna verið lögmætar og eigi stefnandi að lögum engan bótarétt á hendur þeim vegna aðgerða erlendra yfirvalda er af þeim leiddi. Á það er bent, að stefnandi reisir bótakröfur sínar á reglum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Í þeim kafla sé fjallað um bætur til handa sökuðum manni fyrir aðgerðir, sem hann verði fyrir í sambandi við rannsókn sakamála hér á landi og lúti reglum þeirra laga um málsmeðferð. Í þeim kafla sé ekkert kveðið á um bætur til sakaðs manns vegna framsals frá erlendu ríki að beiðni íslenskra stjórnvalda og aðgerða sem sakaður maður verði að þola erlendis í þágu framsals. Með hliðsjón af þessu er því haldið fram, að þau lagarök, sem stefnandi byggi kröfur sínar á, fái ekki staðist.

Komist rétturinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að ákvæði XVIII. kafla laga nr. 74/1974 taki til bótakröfu stefnanda, er á því byggt af hálfu stefndu, að eingöngu ákvæði 151. gr., er kveði á um bætur fyrir aðrar aðgerðir sem hafi frelsisskerðingu í för með sér, geti hér átt við. Um sjálfstæðan bótarétt á grundvelli annarra ákvæða fyrir handtöku hennar og þá gæsluvarðhaldsvist, sem hún sætti í Bandaríkjunum, sé ekki að ræða. Þær aðgerðir, sem fram hafi farið í Bandaríkjunum, séu að sjálfsögðu eftir bandarískum lögum, en ekki íslenskum, og á ábyrgð bandarískra yfirvalda. Tilvísun stefnanda til ákvæða íslenskra laga um efnisleg skilyrði í sambandi við handtöku og hvenær beita eigi gæsluvarðhaldi og reglum XVIII. kafla um bætur fyrir slíkar aðgerðir, sé því byggð á grundvallarmisskilningi.

Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu að ákvæði 151. til 152. gr. laga nr. 74/1974 um bætur eigi við í málinu, er á því byggt, að þau atriði séu ekki uppfyllt, svo að greiða megi bætur.

Samkvæmt 151. gr. laga 74/1974 megi dæma bætur að uppfylltum skilyrðum 1. og 2. tl. 150. gr. vegna handtöku eða annarra aðgerða sem hafi í för með sér frelsissviptingu, þó ekki gæsluvarðhalds- eða refsivistar, ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða ekki hefur verið nægilegt tilefni til þeirra eða þær framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Því er haldið fram að þessi bótaskilyrði séu ekki uppfyllt í málinu. Stefnandi þessa máls hafi verið framseld frá Bandaríkjunum til Íslands að beiðni íslenskra yfirvalda. Dómstólar í Bandaríkjunum hafi

fjallað um það, hvort uppfyllt væru lagaskilyrði til þess, að stjórnvöld í Bandaríkjunum mættu framselja stefnanda. Niðurstaða þeirra hafi verið sú að það væri heimilt. Um þetta atriði eigi að sjálfsögðu bandarískir dómstólar einir lögsögu og sú niðurstaða þeirra geti ekki sætt endurskoðun fyrir íslenskum dómi eins og stefnandi virðist halda.

Þá sé því haldið fram af hálfu stefnanda að framsalsbeiðni íslenskra stjórnvalda hafi ekki verið nógu vel grunduð. Af hálfu stefndu er því harðlega mótmælt. Stefnandi hafi verið grunuð um innflutning og dreifingu á 5-6 kg af hassefni um mitt sumar 1977 og innflutning og dreifingu á 500 g af hassolíu haustið 1978 í félagi við Arnþór Margeirsson, enn fremur sölu og dreifingu á amfetamíni 1977 til 1978. Þessi grunur hafi byggst á framburði, sem Karvel Gränz, Arnþór Margeirsson, Guðni Gunnarsson og Katrín Hafsteinsdóttir gáfu, hvert í sínu lagi. Hér hafi því verið um að tefla stórfellt fíkniefnamisferli ef sök yrði sönnuð. Þess vegna sé því harðlega mótmælt að viðurlögin yrðu í hæsta lagi hálfs árs skilorðsbundið fangelsi, eins og lögmaður stefnanda heldur fram.

Brot á ávana- og fíkniefnalöggjöf séu litin alvarlegum augum um allan heim og hafi þær þjóðir, sem aðilar eru að samningi um ávana- og fíkniefni, nr. 22/1974, bundist samtökum um að vinna gegn því stórfellda böli sem fíkniefnamisnotkun sé. Þjóðirnar hafi tekist á hendur skyldur til að aðstoða hver aðra við meðferð slíkra mála, m.a. með framsali sakamanna, og ef slíkt framsal sé ekki í samræmi við löggjöf landsins, að lögsækja fyrir alvarlegt brot, samanber 4. tl., a-lið, 2. mgr. 36. gr. samningsins, samanber 14. gr. viðbætis við samninginn, nr. 22/1974. Efnislegar ástæður til að biðja um að fá stefnanda framselda hafi verið nægar og þær verið fyllilega til staðar er hún var handtekin 3. nóvember 1981. Formlega rétt hafi verið staðið að beiðni um framsal stefnanda af hálfu íslenskra stjórnvalda. Til staðar hafi verið handtökuúrskurður á hendur stefnanda, sbr. dskj. nr. 4, og á þeim úrskurði hafi engir annmarkar verið er varðað gætu ómerkingu hans, sbr. ummæli Hæstaréttar á dskj. nr. 55.

Beiðni um framsal hafi komið réttilega til dómsmálaráðuneytisins frá þeim aðila sem með rannsókn málsins fór. Því er mótmælt að ríkissaksóknari hafi verið sniðgenginn í þessum þætti málsins andstætt lögum. Því er mótmælt að lög standi til þess að hann hafi átt að fá framsalsbeiðnina til fyrirsagnar. Því er haldið fram að lögformlega hafi verið rétt að málum staðið.

Þá er því haldið fram að ákvörðun ríkissaksóknara í maí 1984 um að höfða ekki opinbert mál á hendur stefnanda hafi ekki verið á því reist að hann teldi hana saklausa af þeim sökum er hún var borin. Aðrar ástæður hafi legið til grundvallar þeirri ákvörðun, sbr. dskj. nr. 74. Að það hafi dregist svo mjög að fá stefnanda framselda, hafi stafað af atvikum, sem

íslensk stjórnvöld höfðu ekki forræði um. Um handtöku hennar og gæsluvarðhald í Bandaríkjunum hafi að sjálfsögðu farið eftir bandarískum lögum. Ekkert liggi fyrir í þessu máli að þeim lögum hafi ekki verið fylgt í hvívetna. Að íslenskum rétti sé ekki bannað að láta vanfæra konu sæta gæsluvarðhaldi. Þær eigi hins vegar að vista þannig að heilsu þeirra sé borgið. Hvort sambærileg ákvörðun sé í bandarískum rétti sé stefndu ókunnugt um. Ekkert liggi annað fyrir en sá staður, sem hún hafi verið vistuð á 1981, hafi verið þannig útbúinn, að heilsu hennar hafi verið borgið. Þá sé ósönnuð sú staðhæfing stefnanda, að orsakasamband sé milli fangelsisdvalar í nóvember 1981 og þess er hún missti fóstur. Ósannað sé í máli þessu að hún hafi sætt harðræði af hálfu bandarískra yfirvalda.

Samkvæmt því, sem hér hafi verið rakið, sé ljóst, að skilyrði þau, er greinir í 1. og 2. tl. 151. gr. laga nr. 74/1974 um bætur skv. þeirri grein, séu ekki uppfyllt í máli þessu.

Þá sé skilyrðum þeim, sem greinir í 1. og 2. tl. 150. gr., sem bæði þurfi að vera uppfyllt til að greiða megi bætur skv. XVIII. kafla laga 74/1974, ekki heldur uppfyllt.

Samkvæmt 1. tl. 150. gr. sé það skilyrði að sökunautur hafi ekki sjálfur valdið þeim aðgerðum er hann reisir kröfur sínar á. Stefnandi hafi sjálf ráðið á hendur sér framsalsmálinu og þeim óþægindum og kostnaði sem því hafi fylgt. Hún hafi farið af landi brott strax og henni var ljóst að málið var komið til rannsóknar, en hún hafi verið yfirheyrð 5. maí 1979, sbr. dskj. nr. 134, og hafi haft tök á að fylgjast með því frá þeim degi, hverjir voru teknir til yfirheyrslu og hverjir sættu gæsluvarðhaldi vegna þess, uns hún hvarf af landi brott 20. maí 1979. Samkvæmt dskj. 174 gefi hún upp rangt heimilisfang í Bandaríkjunum við komuna þangað. Hún hafi ekki snúið hingað aftur sjálfviljug, þrátt fyrir, að fjölskylduástæður hennar hafi verið slíkar, að vænta hefði mátt, að hún kæmi aftur fljótlega, en þegar hún hvarf úr landi, hafi hún skilið eftir rúmlega ársgamlan son sinn í fóstri hjá móður sinni. Þá hafi stefnandi farið huldu höfði og lengi komið sér undan handtöku, en henni hafi fljótlega orðið ljóst, að hennar var leitað, sbr. framburð hennar á dskj. nr. 73, bls. 26. Þá hafi henni að minnsta kosti frá vori 1981 verið kunnugt um að skipun hafði verið gefin út um handtöku hennar, sbr. dskj. nr. 149. Af hálfu stefnanda sé því haldið fram að hún hafi ekki reynt að dyljast og hún hefði auðveldlega fundist ef eftir væri leitað. Þessu er mótmælt. Því er haldið fram að þrátt fyrir ítrekaða leit að henni í Bandaríkjunum allt frá því í júní 1979 hafi ekki tekist að finna hana fyrr en í október 1981. Ávallt þegar FBI hafi fengið upplýsingar um hugsanlegan dvalarstað hennar og hugðist finna hana fyrir, hafi stefnandi verið horfin þaðan án þess að upplýsingar væru fáanlegar um hvert hún ætlaði að halda. Vegabréf hennar beri það með sér að á

árinu 1980 sé hún á stöðugu flandri víðs vegar um heiminn, m.a. í Evrópu og um ýmsar eyjar í Karíbahafi. Því er haldið fram að af hálfu stefnanda hafi aldrei staðið til að koma hingað til lands af fúsum og frjálsum vilja til að gefa skýrslu um málið, eins og hún haldi fram. Hún hafi gert allt, hvað hún gat, til að komast hjá því og henni hafi tekist að tefja framsalið, eftir að hún var handtekin í nóvember 1981, allt fram á vor 1984 með því að standa í málarekstri út af lögmæti þess og áfrýja öllum dómum sem hægt var. Hún uppfylli því ekki þau skilyrði sem sett séu í 1. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 um bætur handa sökuðum mönnum.

Þá uppfylli hún ekki heldur skilyrði 2. tl. þeirrar greinar. Samkvæmt þeim tölulið sé það skilyrði, að ákæra hafi ekki verið hafin vegna þess, að sú háttsemi, er sökunautur hafi verið borinn, hafi verið talin ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan. Á dskj. nr. 74 komi fram forsendur ríkissaksóknara fyrir því að gefa ekki út ákæru. Margvíslegar ástæður tilgreini ríkissaksóknari þar fyrir ákvörðun sinni, m.a. að langt sé um liðið og fyrningarreglur megi skýra svo að brot hennar sé fyrnt. Því er haldið fram, að því fari fjarri, að það sé líklegra, að stefnandi sé saklaus. Á dskj. nr. 142 komi það fram í símtali, sem stefnandi hafi átt við lögmann sinn og tekið hafi verið upp á segulband, að hún viðurkenni innflutning á hassi í bifreið sinni sumarið 1977. Stefnandi mótmæli þessu síðar á dskj. nr. 73, bls. 17, og lögmaður hennar lýsi yfir, að þetta sé misskilningur og lélegt símasamband. Því er haldið fram af hálfu stefndu að þessi skýring sé með ólíkindum.

Þá er á það bent, að í rannsókninni 1984 hafi þrír af ætluðum hlutdeildarmönnum stefnanda í hvívetna haldið við fyrri framburð sinn, þ.e.a.s. Guðni Gunnarsson, Arnþór Margeirsson og Katrín Hafsteinsdóttir, sbr. dskj. nr. 73. Einn aðili, sem hafi tekið þátt í dreifingu fíkniefna fyrir stefnanda, Karvel Gränz, hafi dregið framburð sinn frá 1979 til baka í verulegum atriðum, þ.e. um hlut stefnanda í dreifingu og innflutningi hassolíu. Sú afturköllun á framburði sé tortryggileg og ekki studd trúverðugum skýringum. Sú afturköllun nái þó ekki til þess hluta framburðar hans er hann lýsi kaupum og neyslu hans og stefnanda á kókaíni.

Bjarni Þórðarson hafi í rannsókninni 1984 ekki treyst sér til að bera neitt um misferli stefnanda með fíkniefni, þar sem svo langt var um liðið, og vísaði algerlega til fyrra framburðar síns, sbr. dskj. nr. 138.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 7. júlí 1982, sbr. dskj. nr. 143, hafi Guðni Gunnarsson verið sakfelldur fyrir að hafa aðstoðað stefnanda við að fjarlægja sumarið 1977 hassefni úr bifreið hennar. Í ákæru hafi verið talið að þar væri um að tefla 5-6 kg, en ósannað hafi þótt að heildarefnismagn væri meira en rúmlega 2 kg. Enn fremur hafi Guðni verið

sakfelldur fyrir að hafa tekið við og selt mörgum mönnum 2 kg af hassinu.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. apríl 1983, sbr. dskj. nr. 144, hafi Arnþór Margeirsson verið sakfelldur fyrir að hafa selt 200 g af hassi fyrir stefnanda og að hafa í september 1978 flutt inn frá Ítalíu, í félagi við stefnanda, 500 g af hassolíu og selt eða látið selja 110 g af þeirri olíu.

Samkvæmt 2. mgr. 168. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 196. gr. eml., hafi dómar þessir fullt sönnunargildi um þau málsatvik, er í þeim greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað. Þegar allt þetta sé virt, sé augljóst að því fari víðsfjarri, að stefnandi uppfylli bótaskilyrði skv. 2. tl. 150. gr. eml. Þá er því að lokum haldið fram, að fari svo ólíklega, að sýknukrafa stefndu verði ekki tekin til greina, sé þess krafist, að dregið verið stórkostlega úr kröfum stefnanda. Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem allt of hárri og án nokkurra tengsla við dómaframkvæmd.

Sérstaklega er á það bent að stefnandi krefjist bóta fyrir að geta ekki snúið aftur til Bandaríkjanna, fengið þar þegnrétt, röskunina á stöðu og högum o.fl. Af hálfu stefndu er því haldið fram að íslensk stjórnvöld verði ekki gerð bótaábyrg fyrir því að stefnandi fái ekki landvistarleyfi í Bandaríkjunum. Það sé bandarískt innanríkismál hverjir fái þar landvist og þegnréttindi.

Loks er upphafstíma vaxtakröfu stefnanda mótmælt og því haldið fram að vextir verði ekki dæmdir nema frá því er krafa kom fram.

Í upphafi máls var þess krafist af hálfu stefndu að nánar tilgreind ummæli stefnanda í skjölum málsins væru ómerk og lögmaðurinn væri víttur fyrir þau. Í þinghaldi 9. september sl. lýsti lögmaður stefnanda yfir að hann tæki aftur og harmaði þau ummæli sem hér greinir, sbr. bls. 8-9, dskj. nr. 130. Ummælin hafi verið sett fram sem gagnrýni, en ekki sem meiðyrði og séu þau hörmuð. Að svo komnu kvaðst lögmaður stefndu taka afsökunarbeiðni lögmannsins til greina og falla frá kröfum um ómerkingu ummæla og að lögmaðurinn yrði víttur þeirra vegna.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi málsins, Salome Bára Arnbjörnsdóttir Mendler, eiginmaður hennar Jeffrey Hunter Mendler, móðir hennar, Gunnhildur Þorvaldsdóttir Hjarðar, systur hennar, Guðfinna Björk Arnbjörnsdóttir og Arnhildur H. Arnbjörnsdóttir, Karvel Gränz, Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, Jón Thors skrifstofustjóri, Þorsteinn A. Jónsson deildarstjóri, Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Sverrir Haukur Gunnlaugsson skrifstofustjóri, Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður og Magnús Guðmundur Kjartansson framkvæmdastjóri, áður rannsóknarlögreglumaður.

Álit dómsins.

Rannsókn máls stefnanda fór fram hér á landi og laut reglum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Reglur 18. kafla þeirra laga geta því átt við stefnanda, verði bætur til hennar leiddar af málsmeðferð hérlendra yfirvalda.

Með bréfi, dags. 28. maí 1984, til Ásgeirs Friðjónssonar, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, ákvað ríkissaksóknari að gefa ekki út ákæru á hendur stefnanda, Salome Báru Arnbjörnsdóttur, fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni. Þá voru meira en fimm ár liðin frá ætluðum brotum hennar. Fimm ár voru þá liðin, frá því að rannsókn hófst. Tæp fimm ár liðu, frá því að vitni báru um sakir hennar og þar til hún var framseld frá Bandaríkjunum og kom hér fyrir dóm. Málið var því orðið gamalt og sönnunaraðstaða ákæruvaldsins því orðin erfið.

Í upphafi rannsóknar beindist grunur að stefnanda um fíkniefnamisferli og við yfirheyrslur 5. maí 1979 viðurkenndi hún að hafa neytt fíkniefna. Karvel Gränz og Arnþór Margeirsson báru bæði fyrir lögreglu og sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um stórfelldan innflutning og dreifingu Salome Báru á hassefni og hassolíu frá sumrinu 1977 fram á öndvert ár 1979. Á grundvelli þess framburðar var kveðinn upp úrskurður 18. júní 1979 um tafarlausa handtöku Salome Báru. Salome Bára var þá horfin af landi brott. Fjölskylda hennar hafði gefið þær upplýsingar að hún væri farin til Florida og væri jafnvel á leið til Jamaica. Við komuna til Bandaríkjanna gaf hún hins vegar upp aðsetursstað í Kaliforniu. Guðni Gunnarsson og kona hans, Katrín Hafsteinsdóttir, báru síðan í júní og júlí 1979 einnig um innflutning og dreifingu Salome Báru á fíkniefnum. Salome Bára hefur engum rökum stutt fullyrðingar sínar um að framburður þessa fólks hafi verið gefinn af illvilja í hennar garð. Þessir aðilar gefa þessar upplýsingar fyrst að loknu löngu gæsluvarðhaldi. Guðni og Arnþór eru á árunum 1982 og 1983 dæmdir í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum m.a. fyrir að vera sannir að sök um hlutdeild í broti Salome Báru um innflutning og dreifingu fíkniefna. Þeir ásamt Katrínu Hafsteinsdóttur héldu fast við fyrri framburð sinn þegar þau voru samprófuð við Salome Báru vorið 1984, eftir að hún hafði verið framseld frá Bandaríkjunum.

Við þessar yfirheyrslur sagði Salome Bára að tognað hefði úr dvöl sinni í Bandaríkjunum meðal annars vegna þess, að móðir sín og systir hefðu verið handteknar hér á landi vegna rannsóknar ætlaðra brota sinna. Hún hefði því óttast harðræði, kæmi hún hingað til lands. Eftir það hefðu hagir sínir breyst vegna hjúskapar ytra. Hér fyrir dómi hefur hún að vísu sagst ekkert hafa vitað um ætlaðar sakir á hendur sér fyrr en þá í fyrsta lagi við handtöku í Bandaríkjunum 1981. Framburður hennar hér að ofan er í andstöðu við þá fullyrðingu. Þá hafði hún samkvæmt framburði hennar

sjálfrar og fjölskyldu hennar stöðugt samband hingað heim og fjölskylda hennar heimsótti hana til Bandaríkjanna. Skortur á farareyri hefur og tæpast hamlað heimför hennar í ljósi ferðalaga hennar til ýmissa landa Evrópu og eyja í Karíbahafi. Þegar málsatvik öll eru skoðuð og þá sérstaklega það, er hér hefur verið nefnt, þykir stefnandi, Salome Bára Arnbjörnsdóttir, ekki uppfylla bótaskilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 um, að líklegra sé, að hún sé sýkn af ætluðum ávirðingum, en sek.

Salome Bára hafði farið af landi brott skömmu eftir að rannsókn umfangsmikils fíkniefnamáls hófst, þar sem grunur hafði meðal annars beinst að henni. Fjölskylda hennar bar við yfirheyrslur að ekki væri vitað um dvalarstað hennar í Bandaríkjunum. Tveir aðilar höfðu, eftir að þeir höfðu setið í gæsluvarðhaldi í umtalsverðan tíma, borið um innflutning hennar og dreifingu á miklu magni fíkniefna. Í þessu ljósi var ekkert óeðlilegt við að rannsóknaryfirvöld vildu hafa tal af henni og að kveðinn væri upp handtökuúrskurður hér, sbr. 59. gr. laga nr. 74/1974. Framlagning íslenskra yfirvalda á formlega réttri framsalskröfu fyrir bandarísk dómsmálayfirvöld dróst að vísu úr hömlu, en eftir að málið kom fyrir bandaríska dómstóla dróst framsalsmálið vegna aðgerða stefnanda. Að lokum var þó kveðinn upp endanlegur úrskurður um framsal hennar. Það var á valdi og ábyrgð bandarískra dómsmálayfirvalda, hvernig með framsalsmálið var farið í Bandaríkjunum, svo og úrslit þess. Íslensk dómsmálayfirvöld höfðu á því ekkert forræði eða vald. Þau gátu ekki búist við öðru en farið yrði með mál Salome Báru á venjulegan hátt í Bandaríkjunum. Auk þess er ósannað að það hafi ekki verið gert. Stefnandi hefur þannig ekki sýnt fram á að kröfum skv. 2. tl. 151. gr. eða ákvæði 152. gr. laga nr. 74/1974 verði beint að íslenskum dómsmálayfirvöldum.

Þegar af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Þar sem stefnandi hefur gjafsókn hér fyrir dómi greiðist kostnaður hennar úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl. Alls telst þessi kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 140.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og ríkissaksóknari, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Salome Báru Arnbjörnsdóttur Mendler.

Málskostnaður stefnanda, kr. 140.000,00, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns stefnanda, kr. 100.000,00.

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 195/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorbjörgu Sonju Aðalsteinsdóttur
(Sveinn Snorrason hrl.).

Tilraun til manndráps.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1988, en einnig af hálfu ákæruvalds til refsiþyngingar.

Ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds, ella krefst hún þess, að háttsemi hennar verði virt til viðurlaga samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara 2. mgr. sömu greinar og refsing verði felld niður samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. 218. gr. a. Til þrautavara er þess krafist að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið samkvæmt ákvæðum VI. kafla almennra hegningarlaga eða refsivist stytt og skilyrt samkvæmt sömu lagaákvæðum. Komi til ákvörðunar refsingar, er þess krafist, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi til frádráttar.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Pétursssonar yfirlæknis verður að telja að ákærða sé sakhæf.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brots til refsiákvæða.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá stormasamri sambúð ákærðu og Hafþórs Magnússonar og áverkum sem hún hafði orðið fyrir af hans völdum, síðast nóttina áður en umræddur atburður gerðist. Ákærða hafði hringt í lögregluna þennan dag og beðið um aðstoð vegna þess að hún óttaðist ásókn Hafþórs. Eftir atburðinn tilkynnti ákærða lögreglunni, að hjá henni lægi maður í blóði sínu, og óskaði hún eftir lögreglu og sjúkrabifreið á staðinn. Áður kvaðst hún hafa reynt að kalla til sjúkralið, en ekki náð símasambandi við það.

Við ákvörðun refsingar þykir mega hafa hliðsjón af ákvæðum 4. og 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 2 ár og 6 mánuðir. Til frádráttar refsingu ákærðu komi gæsluvarðhaldsvist hennar í 33 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærða, Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar í 33 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1988.

Ár 1988, föstudaginn 15. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 229/1988: Ákæruvaldið gegn Þorbjörgu Sonju Aðalsteinsdóttur, sem tekið var til dóms 6. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. janúar sl., á hendur ákærðu, Þorbjörgu Sonju Aðalsteinsdóttur, áður að Tryggvagötu 6, nú að Skúlagötu 70 í Reykjavík, fæddri þar í borg 15. febrúar 1949.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu, „fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa miðvikudaginn 11. febrúar 1987 um kl. 15.30 að heimili sínu að Tryggvagötu 6, Reykjavík, stungið Hafþór Magnússon, Gautlandi 11, Reykjavík, með hníf í brjóst, rétt hægra megin við bringubein, og í háls þannig, að Hafþór hlaut um 1 cm grunnt sár á hálsi við barkann og lífshættulegt stungusár á brjósti, þar sem hnífurinn gekk inn úr brjóstholi í gegnum slagæð, — arteria mammaria interna, — og rispaði lunga.

Við komu á Landakotsspítala stuttu síðar var Hafþór í losti sökum mikilla innvortisblæðinga, sem læknum tókst að stöðva í skurðaðgerð.

Telst háttsemi ákærðu aðallega varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra

hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 11. febrúar 1987 klukkan 15.33 voru tveir lögreglumenn sendir af starfsmanni fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í Reykjavík til að athuga ástand í íbúð ákærðu, Þorbjargar Sonju Aðalsteinsdóttur, nr. 505 að Tryggvagötu 6, en hún hafði hringt og óskað eftir sjúkrabifreið, því að hjá sér væri maður með blæðandi sár.

Þegar lögreglumennirnir komu á staðinn opnaði ákærða íbúðina fyrir þeim. Lá þá Hafþór Magnússon, fæddur 30. ágúst 1948, á bakinu í blóði sínu rétt innan við dyrnar. Virtist blæða nokkuð mikið úr brjósti hans, og voru tveir stórir blóðpollar á gólfinu. Hafþóri var þegar veitt aðhlynning og kallað á sjúkrabifreið og frekari aðstoð. Var Hafþór með meðvitund, en mjög af honum dregið. Var hann fluttur á Landakotsspítala.

Ákærða skýrði lögreglumönnunum frá því að Hafþór væri fyrrverandi sambýlismaður sinn. Hefði hann komið til sín fyrir stundu og ósætti orðið á milli þeirra, sem hefði endað með því að hún hefði tekið lítinn hníf og stungið hann. Kvaðst ákærða hafa reynt að ná í sjúkrabifreið, en ekki náð sambandi.

Ákærða skýrði lögreglumönnunum frá því að Hafþór hefði oft lagt á hana hendur á meðan þau bjuggu saman. Virtist ákærða vera nokkuð ör og æst og talaði samhengislaust. Þá var hún þrútin og rauðeygð. Var hún flutt á aðalstöð lögreglunnar og fyrir varðstjóra þar, en síðan á Landakotsspítala og tekin úr henni tvö blóðsýni. Eftir það var ákærða flutt í fangaklefa.

Lögreglumennirnir höfðu samband við íbúa í íbúð nr. 503, sem er við hlið íbúðar ákærðu. Upplýsti kona þar að undanfarið hefði verið mikill hávaði og ófriður frá íbúð ákærðu, en konan kvaðst ekki hafa orðið vör við meiri hávaða eða læti þennan dag en venjulega.

Klukkan 14.30 þennan sama dag hafði ákærða samband við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar vegna manns, sem væri við dyr hennar, og óttaðist hún hann. Vegna þessa fóru tveir lögreglumenn á vettvang. Var enginn maður í stigaganginum né við dyr ákærðu, og er lögreglumennirnir knúðu dyra svaraði hún ekki. Heyrðu lögreglumennirnir þó að ákærða var að tala við lögreglumann í fjarskiptamiðstöð í síma, og var hún róleg að heyra. Þrátt fyrir það að lögreglumennirnir kölluðu hátt og skýrt til ákærðu, hverjir þeir væru, og henni væri tjáð það í símann, svaraði hún ekki lögreglumönnunum við dyrnar. Þeir fóru þá út í lögreglubifreiðina, sem þeir komu í, og höfðu tal af fjarskiptamiðstöðinni og var þá fjarskiptamaður í sím-

anum að ræða við ákærðu. Héldu lögreglumennirnir þá aftur að dyrum hennar, en hún svaraði ekki frekar en áður, en heyra mátti að hún var að tala áfram við fjarskiptamiðstöðina í símann. Lögreglumennirnir héldu á brott, eftir að þeir höfðu leitað vel í stigaganginum hvort þeir yrðu mannsins varir, en hurðin að íbúð ákærðu virtist traustleg og ekki hægt að merkja að maðurinn væri í íbúðinni.

Þegar kallið barst, að maður væri með blæðandi sár í íbúð ákærðu, héldu lögreglumennirnir, sem fyrst komu að íbúðinni, til aðstoðar félögum sínum. Fluttu þessir lögreglumenn ákærðu á brott, fyrst fyrir varðstjóra og síðan til blóðtöku. Í skýrslu annars þeirra segir að áfengislykt hafi verið af ákærðu og hún sljó og þvoglumælt, jafnvægi hennar mjög óstöðugt, en hún róleg. Ekki virtist hún gera sér grein fyrir alvöru atburðarins og var viðræðuglöð. Hjá varðstjóra kvaðst hún hafa neytt lyfja og nefndi þar tagamet og librium.

Í viðskiptum lögreglumannanna við ákærðu var hún mjög viðræðuglöð og ræddi um atburðinn við þá af frjálsum vilja sem og um annað. Kvaðst hún hafa stungið manninn með litlum hníf og talaði um pípuhreinsarahníf, og hefði hún gert það, því að maðurinn hefði farið svo illa með hana áður. Ekki minntist ákærða neitt á það að sér hefði staðið ógn af manninum, en hún var mjög sljó og framburður hennar í litlu samhengi og vart marktækur.

Gerð var skýrsla um samtal á milli ákærðu og fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar, sem stóð nær óslitið frá klukkan 14.28.50 til klukkan 14.49.30. Í þessu samtali kom fram í upphafi að ákærða ætti að láta lögregluna vita, þegar tiltekinn maður ónáðaði ákærðu, og væri hann að því núna. Kom fram að maðurinn væri Hafþór Magnússon, langur með gleraugu. Einni mínútu eftir að samtalið hófst var lögreglubifreið send á vettvang og hefur verið gerð grein fyrir árangurslausum tilraunum lögreglumannanna í þeirri bifreið til að komast inn til ákærðu sem þá stóð í umræddu samtali. Margneitaði ákærða að opna fyrir lögreglumönnunum. Lét ákærða þess getið í samtalinu að Hafþór væri úti í „sjoppu". Kallaði hún hann ógnvaldinn og væri hann ekki inni hjá sér.

Rannsóknarlögreglu ríkisins barst tilkynning um atburðinn klukkan 15.45, og héldu þá fimm starfsmenn hennar á staðinn. Einn þeirra, Bertram Henry Möller rannsóknarlögreglumaður, gerði skýrslu um fyrstu afskipti rannsóknarlögreglunnar af málinu. Samkvæmt henni komu Bertram og Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn á staðinn um kl. 16 og voru þá læknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðsmenn að fara með mann á sjúkrabörum út úr íbúðinni. Var hann mjög grár í andliti og virtist nánast rænulaus.

Lögreglumenn á staðnum kváðu húsráðanda, ákærðu, hafa opnað fyrir

þeim og viðurkennt að hafa stungið manninn með litlum hníf. Hún vildi hins vegar ekki segja þeim hvar hnífurinn væri. Ákærða hafði verið flutt á brott þegar rannsóknarlögreglumennirnir komu á staðinn.

Í skýrslu Bertrams Henrys segir svo um vettvangsathugun:

„Íbúð Þorbjargar Sonju er eitt herbergi og salerni. Þegar komið er inn í íbúðina er á hægri hönd fataskápur. Á gafli hans, sem snýr að dyrunum, eru blóðslettur. Við hlið skápsins er óumbúið rúm. Við rúmið stendur lítið sófaborð og á því bækur, tómur bolli með teskeið í og gleraugum. Tveir gólfdreglar eru undir borðinu og eru þeir kuðlaðir. Við gafl rúmsins er nokkurs konar bandhengi frá lofti og niður undir gólf. Þá er sjónvarpstæki við gaflinn. Þar til hliðar eru hillur úr trékössum og á þeim bækur og ýmislegt annað dót. Þá er hringborð og við það þrír stólar. Á borðinu er ýmiss konar dót, glös, bolli, sígarettupakkar, öskubakkar með sígarettuleifum, lítill borðlampi, sem kveikt er á, myndavél, sími, skálar og diskar, skeiðar og skrifblokk. Í einum stólanna er teppi. Undir gluggum, sem snúa út að Tryggvagötu, er ofn og við hliðina á honum stendur útvarp og þar við hliðina hillur úr trékössum með bókum, blómum og ýmiss konar dóti. Lítill kertastjaki liggur á gólfinu við útvarpið. Þá er komið að nokkurs konar eldhúskrók með eldavél, eldhúsborði og vaski. Á eldhúsborðinu er krukka með hnífapörum, tveimur litlum hnífsöxum, sem tekin voru í vörslu RLR. Í skáp undir vaski er lítil flaska með slatta af Tindavodka. Við hliðina á eldhúsborðinu er ísskápur og þar við hliðina er borð og blaðagrind. Greiða liggur á gólfinu við blaðagrindina. Við hliðina á borðinu er stóll og á honum er lampaskermur. Við hliðina á stólnum eru hvít leðurstígvél og er annað stígvélið blóðugt. Þá er komið inn á salerni. Á gólfinu er motta og á henni blóðslóð að salernisvaski, en hann er hreinn. Þá er á salerninu sturtuklefi og þvottavél. Á vegg og slökkvara við dyr salernisins er blóðkám. Hægra megin við salernisdyrnar, þegar komið er út, stendur stór kommóða, og á bak við hana er fatahengi. Á gólfi íbúðarinnar fyrir framan dyrnar inn á salernið er stór blóðpollur með blóðlifrum. Nokkru innar er annar stór blóðpollur. Þá er blóðkám og blóðdropar víða á gólfinu. Gerð er ýtarleg leit að hníf þeim, er hefur verið notaður, án árangurs að undanteknum þeim tveimur hnífsöxum, er tekin voru í vörslu RLR. Þau voru bæði hrein. Þá var gerð leit í sorptunnu í kjallara, en ekkert fannst þar."

Klukkan 19 fékk rannsóknarlögreglan þær fregnir frá Landakotsspítala að gerð hefði verið aðgerð á Hafþóri sem væri úr lífshættu.

Vitnin Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn og Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður fóru daginn eftir atburðinn til leitar að vopninu sem ekki var búið að finna. Eftir nokkra leit fundu þeir það í hvítum plastpoka sem var merktur SS, en í honum voru auk hnífsins teiknblokk, litir o.fl. Var plastpokinn bak við stól við borðstofuborð og úti við

miðstöðvarofn, sem er við norðurhlið herbergisins. Hnífurinn er 12 cm langur, skaftið 7 cm langt og 3 cm breitt. Í skaftinu eru innfelld lítil skæri, flöskuupptakari og naglaþjöl. Hnífsblaðið, sem stendur út, er 5,5 cm langt með svokölluðum „tálguoddi". Var það alblóðugt báðum megin og alveg að skafti, sem einnig var blóðugt.

Í vottorði, dagsettu 12. febrúar sl. og undirrituðu af Baldvin Þ. Kristjánssyni, aðstoðarlækni á skurðdeild Landakotsspítala, f.h. Þórarins Arnórssonar skurðlæknis, segir svo um afskipti spítalans af Hafþóri Magnússyni:

„Hafþór Magnússon kom á Landakotsspítala 10 til 5 mín. fyrir kl. 16 11.2.87. Var hann fluttur hingað á neyðarbíl Slysadeildar og var fluttur beint á gjörgæslu. Við komu var búið að setja upp æðaleggi og hafin vökvameðferð.

Við komuna er Hafþór greinilega í losti, gráfölur, kaldsveittur og hvorki hægt að finna púls né mæla blóðþrýsting. Hann er með töluvert minnkaða meðvitund, en getur þó fljótlega sagt til nafns.

Við skoðun gat hann hreyft alla útlimi, ekki önnur einkenni frá taugakerfi. Hann er með tvö stungusár eftir hníf. Hið fyrra er á hálsinum ofanverðum rétt hægra megin við barka. Sárið er um 1 cm langt og samsíða barkanum. Lítið virðist hafa blætt þar úr, engin blæðing við komu. Ekkert blóð í koki og engin merki um annan skaða en skurð í fitu undir húð. Annað stungusár (u.þ.b. 1 cm) er hægra megin við bringubein, sem fer milli rifja, nokkru meira hefur blætt þar úr en þó er ekki sjáanleg blæðing út. Hins vegar eru minnkuð öndunarhljóð hægra megin. Skoðun á kvið eðlileg. Er með rispuför á vinstri framhandlegg og hendi. Heimakoma á hægri sköflungi.

Röntgenmynd leiddi í ljós að hægra brjósthol var fyllt vökva. Hann fór því strax í aðgerð hjá Þórarni Arnórssyni skurðlækni.

Kom í ljós að stungusárið náði inn úr brjóstholi, hafði rispað aðeins í lungað. Hafði einnig skorið sundur arteria mammary interna og blæddi þar verulega. Eftir að búið var að stöðva blæðinguna fór ástand hans að lagast, blóðþrýstingur hækkaði og öll lífsmörk urðu betri. Aðgerð gekk vel og hann aftur fluttur á gjörgæslu. Er ekki í lífshættu eftir að búið er að stöðva blæðinguna.

Svarar vel meðferð og er í góðu ástandi um nóttina. Fékk mikinn vökva og alls 3 l blóðs til að vega upp á móti blæðingu.

Ástand 12.2. eftir atvikum gott, öll lífsmörk góð og hann úr allri lífshættu."

Rannsóknarlögregla ríkisins lagði fram kröfu um það í dóminum daginn eftir atburðinn, að ákærðu yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 15. apríl kl. 17 og að henni yrði á gæsluvarðhaldstímanum gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Ákærða var færð í dóminn þennan dag klukkan 17.30 og henni kynnt krafan. Gerði hún einungis athugasemd við lengd kröfunnar. Er framburður ákærðu síðan á þessa leið:

„Kærða kveður þau Hafþór Magnússon hafa búið saman áður en þau hafi slitið samvistum fyrir rúmum tveimur árum. Kærða kveður, að á meðan sambúð stóð hafi hún orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hans hálfu. Kærða kveður að þau hafi hist í húsi í fyrrinótt og kveður kærða Hafþór hafa veitt henni og öðrum manni áverka. Kærða kveður að í gær hafi Hafþór komið á heimili hennar. Kveðst kærða hafa hringt á lögreglu. Hafi Hafþór farið, en hringt skömmu síðar úr „sjoppu". Að sögn kærðu kom Hafþór aftur skömmu síðar og hafi hann komið inn í íbúðina. Kærða kveður að hún hafi viljað að Hafþór færi út og kom til ryskinga á milli þeirra. Kærða kveðst nú muna óljóst eftir atburðum, en kveður, að þarna hafi verið lítill föndurhnífur á borðinu sem hún kveðst hafa beitt fyrir sig í sjálfsvörn. Kærða kveðst hafa stungið Hafþór með hnífnum oftar en einu sinni, en kveðst ekki muna hversu oft. Kærða kveðst ekki vita, hvar hnífstungurnar lentu í Hafþóri, og tekur hún fram, að hún hafi ekki ætlað að vinna honum mein, heldur hafi hún verið að verja sig gegn líkamsyfirburðum hans.

Kærða kveðst hafa kynnst Hafþóri í kringum 1980 og hafi þau þá tekið upp sambúð sem lauk árið 1984. Kærða kveður að sambúð þeirra hafi verið stormasöm og hafi þau bæði leitað á slysadeild vegna áverka sem þau hlutu."

Í úrskurði dómsins síðar sama dag voru kröfur rannsóknarlögreglunnar teknar til greina og ákærða færð í gæslu klukkan 18.25.

Með tilkynningu rannsóknarlögreglunnar til fangelsisins í Síðumúla 17, dagsettri 17. mars 1987 kl. 16, var tilkynnt að eigi þættu lengur efni til gæsluvarðhaldsvistar ákærðu.

Tveir rannsóknarlögreglumenn fóru á Landakotsspítala daginn eftir atburðinn og ræddu við Hafþór og báðu hann að segja frá atvikum. Voru það Bertram Henry Möller rannsóknarlögreglumaður og Sigurbjörn Víðir Eggertsson fulltrúi sem ræddu við hann. Er skýrsla þeirra um framburð Hafþórs á þessa leið:

„Hafþór kvaðst hafa verið staddur í Dvergabakka 20 hjá Magnúsi Hákonarsyni um hádegið í gær er Þorbjörg Sonja hafi hringt og beðið sig að koma að Tryggvagötu 6, því að hún þyrfti að ræða við sig. Kvaðst Hafþór hafa samþykkt það og um kl. 15.00 hafi hann komið til hennar, en áður komið við í sjoppu þar rétt hjá. Hann kvaðst strax hafa séð að Þorbjörg Sonja var undir áhrifum, en hún hafi verið róleg. Hafi hún hleypt sér inn og hann sest í stól við kringlótt borð, en stóllinn hafi snúið að gluggunum. Þorbjörg Sonja hafi sest í stól á móti sér. Hafþór kvaðst

aldrei hafa komist að því hvaða erindi Þorbjörg Sonja átti við sig en hún hafi talað um allt mögulegt, meðal annars að hann hefði átt að slá hana í andlitið í Dvergabakka 20 nóttina áður. Hafþór kvaðst hafa setið að drykkju í Dvergabakka 20 þá nótt ásamt fleirum. Hann hefði átt í útistöðum við mann, sem þar var. Þorbjörg Sonja hefði svo komið þangað, en þá allt verið með ró og spekt. Hún hefði setið þar í um eina klukkustund og drukkið þó nokkurt brennivín, sem hún hefði komið með, en síðan hringt á leigubifreið og farið. Hafþór kvaðst ekki hafa lagt hendur á Þorbjörgu Sonju, meðan hún dvaldist í Dvergabakka 20, og ekki séð áverka á andliti hennar.

Hafþór kvaðst hafa verið orðinn þreyttur á masinu í Þorbjörgu Sonju, hann hefði átt að fara út á sjó í gærkveldi og átt eftir að fara í banka. Hann kvaðst því hafa sagt við Þorbjörgu Sonju, að hann þyrfti að fara, og síðan staðið upp og gengið að útidyrahurðinni. Þá hefði Þorbjörg Sonja kallað til sín, og er hann hefði snúið sér við hefði hún komið að honum og engum togum skipt að hún rak eitthvað í brjóstið á honum. Síðan hefði hún lyft hendinni og hann þá séð, að hún var með hníf í hendinni. Þorbjörg Sonja hefði rekið hnífinn í hálsinn á sér, en hann þá náð taki á hendi hennar og hún þá misst hnífinn. Hafþór lýsir hnífnum sem litlum „vasahníf" með litlu blaði, skærum og sennilega naglaþjöl.

Hafþór kvaðst hafa gengið fram á salernið til að skoða áverkana, eftir að Þorbjörg Sonja hafði misst hnífinn, og þá séð, að blóð spýttist úr brjósti sér. Hann kvaðst þá hafa gengið fram og lagst á gólfið og jafnframt beðið Þorbjörgu Sonju um að hringja á sjúkrabifreið. Þorbjörg Sonja hefði reynt að ná í sjúkrabifreið, en ekki náð sambandi og kvaðst Hafþór þá hafa beðið hana um að hringja á lögreglu sem hún gerði. Hafþór kvaðst síðan lítið muna eftir því hvað gerðist.

Hafþór kvað þetta vera í að minnsta kosti þriðja sinn sem Þorbjörg Sonja gerði svona atlögu að sér, en Hafþór kvað þau hafa verið í sambýli þar til á árinu 1984. Hafþór kvað sig minna, að það hafi verið á árinu 1982 að Þorbjörg Sonja réðst í tvígang á sig með hnífi. Í annað skiptið hefði hún stungið hann í öxl, en hitt skiptið veitt sér sár á hálsi.

Þá hafi það verið á árinu 1983, sennilega 5.11., að hún réðst á hann með buffhamri og veitti honum mikla áverka í andliti. Öll þessi skipti hafi þau verið á Nýlendugötu og í öll skiptin hafi lögregla verið kölluð til og hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Hafþór kveðst hafa verið nýkominn af sjó er Þorbjörg Sonja barði hann með hamrinum. Hann hafi sofnað víndauða og ekki rankað við sér fyrr en á sjúkrahúsi, allur reyfaður.

Hafþór kveðst vilja ítreka að hann geri engar kröfur í máli þessu og ekki vilja leggja fram kæru á hendur Þorbjörgu Sonju."

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu um atburðinn sjálfan og nánasta aðdraganda hans.

Ákærða kannast ekki við að hafa gerst sek um tilraun til manndráps né heldur um stórfellda líkamsárás, en kannast við að hafa stungið Hafþór umrætt sinn með hníf í brjóst og háls, en það hafi verið gert í sjálfsvörn.

Ákærða kveðst hafa verið á Hótel Loftleiðum nóttina fyrir atburðinn og hafi hún hringt, eftir að hún kom heim í Dvergabakka 20, og talað við Hafþór sem þar var staddur, en ákærðu grunaði að svo væri. Kveðst ákærða hafa spurt Hafþór hvort hann ætti kannabisefni, og hefði hann sagt svo vera og sagt henni að koma.

Ákærða hélt að Dvergabakka 20 um klukkan 3 um nóttina í leigubifreið, og er hún kom þangað, voru þar auk Hafþórs og húsráðanda, Magnúsar Hákonarsonar, tveir menn aðrir. Voru þeir allir drukknir nema helst húsráðandi, en á honum sá lítið. Ákærða var einnig undir áhrifum áfengis, en ekki var hún með vín meðferðis. Ákærða ræddi við Hafþór í íbúðinni, bæði inni á salerni og líka í stofunni. Þegar þau voru á salerninu braut Hafþór vaskinn með handafli, og hélt ákærða að Hafþór ætlaði að stinga hana í andlitið með glerbroti, þegar hann lyfti því upp með hendinni. Ákærða segir að Hafþór hafi sagt að hann væri ekki með kannabisefni, en um það málefni ræddu þau og annað ekki.

Ákærða segir, að Hafþór hafi slegið hana í andlitið, áður en þau fóru inn á salernið, svo að hún fékk blæðandi skurð innan á vörina. Ákærða segir, að engin áflog hafi orðið í íbúðinni af hálfu annarra, en Hafþór hafi skemmt húsgögn með því að sparka í þau.

Ákærða segist hafa farið inn á salernið með Hafþóri, þar sem hún hafi ekki átt annarra kosta völ, enda þótt hann væri þá búinn að slá hana. Hún kveðst hafa komist beint út úr íbúðinni af salerninu og hélt heim til sín í leigubifreið sem hún tók í næsta nágrenni. Hún lét leigubifreiðina koma við á Slysavarðstofunni þar sem litið var á meiðslin. Þá seldi leigubifreiðarstjórinn ákærðu vodkaflösku sem hún fór að drekka úr heima hjá sér og var enn við þá drykkju síðdegis daginn eftir án þess að hafa sofið um nóttina.

Einhvern tíma eftir hádegið var barið að dyrum á íbúð ákærðu og opnaði hún fljótlega. Var þá Hafþór við dyrnar. Ákærða bauð honum ekki formlega inn, en hann gekk inn óboðinn og settist óboðinn við kringlótt borð í stofunni. Fljótlega á eftir settist ákærða skáhallt á móti honum.

Ákærða man ekki, hvort Hafþór fór úr skónum, þegar hann kom inn, né man hún heldur, hvort hann fór úr jakkanum, en telur, að svo hljóti að vera.

Ákærða segir að Hafþór hafi byrjað að biðja um gott veður vegna árásarinnar á ákærðu nóttina áður, og í því sambandi talaði hann um að kaupa vídeótæki handa ákærðu í siglingu sem hann var að fara í. Segir ákærða að ekki hafi verið rætt um kaup á öðru fyrir ákærðu í þessari sigl-

ingu. Kveðst ákærða hafa sagt Hafþóri að hún ætlaði að kæra hann og vildi ekkert af honum þiggja. Þá bað hún hann að fara. Segir ákærða að þá hafi Hafþór orðið illur og æstur.

Fyrsta yfirheyrslan yfir ákærðu fór fram að kvöldi 11. febrúar hjá rannsóknarlögreglu. Lýsti ákærða því, sem fram fór, svo, að viðræður þeirra Hafþórs hefðu þróast út í rifrildi og svívirðingar gagnvart sér. Hefði sér þá orðið nóg boðið og hún óskað eftir því, að Hafþór færi út. Hann hefði neitað því og þau staðið upp. Hefði Hafþór þá tekið í ákærðu og ýtt henni í áttina að eldhúsborðinu, en hún ítrekað að hann færi út. Hefði hann þá gripið í hálsinn á ákærðu, þar sem hún hefði staðið við borðið sem þau hefðu setið við. Á borðinu hefði hnífurinn verið og hún gripið hann og otað að Hafþóri og krafist þess að hann færi út. Hann hefði neitað og þau tekist á og hann reynt að ná af henni hnífnum, og einhvern tíma, meðan á átökunum hefði staðið, hefði hnífurinn stungist í Hafþór. Vissi ákærða ekki, hvort það var einu sinni eða oftar.

Næst var ákærða yfirheyrð í dóminum, þegar lögð var fram krafan um gæsluvarðhald, og hefur verið gerð grein fyrir framburði hennar þá.

Enn var ákærða yfirheyrð 23. febrúar af rannsóknarlögreglu. Sagði hún þá að Hafþór hefði lamið í borðið og talsverður æsingur og tusk orðið á milli þeirra og hún þá gripið hnífinn. Var hún þá búin að taka hnífsblaðið út, en hnífinn notaði ákærða við blómaskreytingar. Ákærða kvaðst síðan hafa ætlað út, þar sem sér hefði fundist Hafþór í því ástandi að hann gæti gert henni mein. Kvaðst ákærða hafa verið komin fram að dyrunum fram á ganginn, og hefði Hafþór haldið í vinstri öxl hennar. Hefði þá þyrmt yfir sig og hún stungið hnífnum í brjóst eða maga Hafþórs. Ákærða sagði rannsóknarlögreglu að hún hefði tekið hnífinn af borðinu, en við meðferð málsins segir hún að hún hafi tekið hnífinn úr boxi sem stóð á ofni við borðið sem þau höfðu setið við, en í boxinu hafi einnig verið pennar, heklunálar og fleiri hlutir.

Við meðferð málsins segir ákærða í fyrstu að Hafþór hefði byrjað á að henda sjónvarpinu, sem var fyrir aftan hann, og hafi það farið á hliðina. Jafnframt hafi Hafþór eyðilagt fyrir ákærðu skerm sem hún var að búa til. Þegar hér var komið segist ákærða hafa staðið upp og sagt við Hafþór: „Hingað og ekki lengra“ og síðan gengið út að útidyrum, en þar stóð kommóða. Þangað kom Hafþór líka frá borðinu og að vinstri hlið ákærðu. Gerði hann sig líklegan til að slá ákærðu með krepptum hnefa. Var Hafþór búinn að lyfta hægri hendi í þessu skyni, og á því tímamarki rak ákærða hníf í brjóst Hafþórs. Sneri ákærða þá baki í kommóðuna. Ákærða kveðst ekki hafa verið með neinn ákveðinn stað á Hafþóri í huga þegar hún rak í hann hnífinn, og hafi það verið tilviljun hvar hann lenti. Ákærða dró hnífinn út, og í átökum, sem urðu á milli þeirra, rakst hnífurinn í háls

Hafþórs. Ákærða kveðst ekki hafa rekið hann í hálsinn af ásettu ráði. Hún man ekki, hvað hún gerði við hnífinn, eftir að Hafþór var fallinn í gólfið.

Ákærða segir síðar við meðferð málsins að það hafi verið misminni hjá sér að sjónvarpið hafi fallið um koll umrætt sinn. Það hafi gerst tvívegis í annan tíma og hafi ákærða ruglað þessu saman. Þá segir ákærða að Hafþór hafi ekki skemmt lampaskerminn fyrr en í fyrsta skipti sem hann heimsótti ákærðu, eftir að hann hafði orðið fyrir hnífstungunni og var kominn af sjúkrahúsinu.

Ákærða kveðst hafa tekið hnífinn, á meðan þau sátu við borðið, vegna þess að ákærða taldi sig þekkja gömul viðbrögð í fari Hafþórs, sem eru undanfari þess að hann beiti ákærðu ofbeldi. Ákærða segir þessi viðbrögð Hafþórs vera þau að hann hækki róminn, berji í borð og verði ör og snöggur í hreyfingum. Ákærða segist hafa haft hnífinn í hendinni við borðið, svo að Hafþór sá, og sagði við hann að hann skyldi ekki sýna ákærðu ofbeldi né eyðileggja húsmuni. Ákærða segist hafa skynjað það að hættuástand var að myndast.

Þegar ákærða sá að blóð var komið á gólfið og að það virtist vera að líða yfir Hafþór bað hún hann að leggjast á gólfið. Ákærða fór nú í síma að leita aðstoðar og Hafþór bað hana einnig um slíkt á meðan hún var að hringja. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir í símanum náði ákærða sambandi við lögreglu og tilkynnti um slasaðan mann og blæðandi í Tryggvagötu 6. Ákærða beið síðan komu lögreglu og sjúkraliðs. Ákærða kveðst hafa verið mikið ölvuð á þessum tíma, en ekki hafði hún neytt lyfja.

Ákærða kveðst vera örvhent og hafa verið með hnífinn í vinstri hendi. Sneri blaðið út frá þumalfingri.

Ákærða segir að hún muni eftir símhringingum til lögreglunnar og að Hafþór hafi verið búinn að koma áður að dyrunum áður en hún hleypti honum inn.

Ákærða sagði rannsóknarlögreglu í fyrstu yfirheyrslum að hún hefði haldið, að það væru lögreglumenn eða rafmagnsmaður, sem voru að banka, þegar ákærði knúði dyra öðru sinni, og hefði hún ekki ætlað að hleypa þeim inn, en maðurinn hefði sótt það svo fast að hún hefði ákveðið að opna dyrnar og gert það.

Vitnið Hafþór Magnússon sjómaður, Gautlandi 11 í Reykjavík, kveðst hafa verið nýkomið á heimili Magnúsar Hákonarsonar í Dvergabakka 20 umrædda nótt þegar ákærða kom þangað. Voru þá í íbúðinni auk vitnisins og húsráðanda tveir aðrir menn. Voru þeir allir undir áhrifum áfengis og ákærða líka, en hún var með smáslatta af áfengi með sér. Ákærða dvaldist í íbúðinni einhvern tíma, en ekki þorir vitnið að fullyrða hversu lengi, kannski eina klukkustund. Á meðan ákærða stóð við töluðu þau vitnið saman, aðallega inni á salerni, en einnig inni í stofunni. Á meðan þau voru

inni á salerninu, brotnaði vaskurinn þar sem vitnið rak í hann áfengisflösku. Vitnið kannast ekki við að hafa gert sig líklegt til að reka glerbrot í ákærðu. Vitnið segir að samræður þeirra hafi snúist um ýmsa hluti, þ. á m. fyrri sambúð þeirra sem lauk í september 1984, en hún hafði byrjað í október 1981. Vitnið segir að eftir að þau komu fram í stofuna á ný af salerninu, hafi byrjað áflog í stofunni og allir lent í þeim. Vitnið minnist þess ekki að hafa slegið ákærðu í þessum átökum, en segir að það geti verið.

Vitnið kannast ekki við að ákærða hafi hringt í það í Dvergabakkann um nóttina áður en hún kom þangað. Segir vitnið að ákærða hafi vitað um kunningsskap sinn við húsráðanda.

Vitnið segir að ákærða hafi beðið það að tala við sig næsta dag áður en vitnið færi út á sjó, en ákærða vissi að það stóð til næsta kvöld. Segir vitnið að búið hafi verið að tala um það áður og eins um nóttina að vitnið keypti ýmislegt erlendis fyrir ákærðu í siglingu þangað eftir næstu veiðiferð.

Vitnið svaf í Dvergabakkanum um nóttina, en fór niður í miðborg um hádegisbil. Ákærða hvarf á brott um nóttina fljótlega eftir áflogin.

Vitnið hélt eftir komu sína í miðborgina að Tryggvagötu 6 og upp á 5. hæð að dyrum íbúðar ákærðu, þar sem vitnið knúði dyra. Ákærða svaraði ekki, og hélt vitnið þá út í „sjoppu" og hringdi til hennar. Hún svaraði og vitnið spurði hvort það ætti að versla fyrir hana erlendis. Bað hún þá vitnið að koma yfir til sín. Gerði vitnið það og var nú lokið upp þegar í stað. Vitnið var ódrukkið, en sá strax að ákærða var dauðadrukkin.

Ákærða bauð vitninu sæti við kringlótt borð í stofunni og settist þar sjálf. Þá bauð hún vitninu „sjúss" sem það afþakkaði, en kveikti sér í vindlingi og reykti hann. Tók það um 15 mínútur. Hins vegar fékk vitnið vatnsglas, en það var ekki ölvað, en „þunnt". Á meðan var ákærða að rövla, og var ekkert af viti, sem hún sagði. Þegar vitnið var búið með vindlinginn stóð það upp og gekk fram að fatahenginu við dyrnar og sagðist vera farið og mundi hringja af sjónum. Fyrst fór vitnið í skóna, en teygði sig síðan upp í fatahengið til að taka jakka sinn. Þá kallaði ákærða í vitnið og sagði: „Talaðu aðeins við mig, Hafþór." Um leið var ákærða að standa upp og gekk í áttina að vitninu. Vitnið sá ekkert athugavert við ákærðu, en þegar ákærða var rétt komin að vitninu teygði hún snöggt fram vinstri höndina, en ákærða er örvhent. Hélt vitnið að ákærða ætlaði að slá það og sá ekki hníf í hendi hennar. Um leið og ákærða sló í vitnið fann vitnið að eitthvað stakkst í brjóst þess. Sá vitnið, þegar ákærða dró að sér höndina, að hún var með hníf í hendi sem hún nú rak í háls vitnisins. Náði vitnið þá að taka í hönd ákærðu og hrista af henni hnífinn. Spurði vitnið ákærðu hvort hún væri orðin brjáluð eða eitthvað í þeim dúr. Fann vitnið

samtímis að peysa þess var vot af blóði og að blóðgusur stóðu út úr bringu vitnisins. Vitnið fór inn á salernið að leita að einhverju til að setja fyrir sárið, en fann ekkert og gekk þá fram og aftur, en setti þumalfingurinn í sárið til að reyna að stöðva blóðrennslið. Bað vitnið þá ákærðu að hringja á sjúkrabíl, og reyndi hún það án árangurs og hringdi þá á lögreglu. Vitnið kveðst hafa lagst á gólfið, þegar það áttaði sig á hve áverkinn var mikill.

Vitnið kveðst hafa verið með meðvitund, þegar lögreglan kom, en rétt á eftir komu sjúkraliðsmenn. Þá var vitnið enn með meðvitund þegar það kom á sjúkrahús.

Vitnið fullyrðir að engin átök hafi orðið á milli þeirra þegar ákærða lagði til þess með hnífnum. Segist vitnið ekki hafa lagt hönd á öxl ákærðu, og ekki kveðst vitnið hafa sýnt neina tilburði að leggja hendur á ákærðu.

Vitnið segir að hnífurinn hafi verið kominn inn í háls þess þegar það náði honum.

Vitnið segir allt vera að lagast eftir áverkana, en sé enn slæmt á taugum og þori ekki að snúa baki í fólk. Þetta er þó að lagast. Telur vitnið sig ná fullri heilsu á ný og sé búið að ná henni líkamlega.

Vitnið kveðst hafa sagt við ákærðu, á meðan það stóð við hjá henni í íbúðinni umrætt sinn, að hún væri það leiðinlegasta, sem til væri, þegar hún væri full, og leiðinlegri en vitnið sjálft. Þessi ummæli vitnisins féllu þegar það var að búa sig til brottfarar og fara í skóna.

Vitnið segir, að þau hafi bæði notað hass, meðan á sambúðinni stóð og ákærða einnig notað róandi lyf.

Vitnið segir að það og ákærða hafi hist nokkrum sinnum eftir að sambúðinni lauk og einu sinni hafi vitnið verslað erlendis fyrir ákærðu. Var það í ferðinni á undan þeirri sem til stóð umrætt sinn. Keypti vitnið aðallega matvöru fyrir ákærðu.

Vitnið segir, að þau ákærða hafi hist á mánudeginum eða þriðjudeginum áður en þau hittust um nóttina í Dvergabakka.

Vitnið kveðst hafa rætt við ákærðu í nokkur skipti eftir atburðinn og þá heima hjá henni í Tryggvagötu. Síðast ræddust þau við í maí eða júní sl.

Vitnið segir að minni þess sé ekki upp á það besta, en sé að lagast eftir að vitnið hætti hassneyslu. Vitnið man þó vel atburðina í Tryggvagötu.

Vitnið gerir þá athugasemd við skýrslu þá, sem höfð er eftir því á sjúkrahúsinu daginn eftir atburðinn, að ákærða hafi ekki hringt til sín um hádegi umræddan dag né heldur hafi hún hringt í leigubíl úr Dvergabakkanum, en síminn þar hafi verið bilaður, hafi slitnað úr sambandi í ólátunum um nóttina, en hafi verið í lagi fram að því.

Vitnið heldur fast við framburð sinn í málinu og mótmælir því í framburði ákærðu sem fer í bága við það.

Vitnið kveðst ekki ætla að gera neinar kröfur á hendur ákærðu í málinu, en hún sé ekki borgunarmaður fyrir einu né neinu.

Vitnið getur ekki ímyndað sér hvað ákærðu var í huga með hnífstungunni, en segir að það hafi eins og runnið af henni um stund þegar hún hafði framið hana.

Ákærða og vitnið Hafþór voru samprófuð um það sem á milli ber í framburði þeirra. Fullyrtu bæði að framburður sinn væri réttur og reyndist samprófun árangurslaus.

Vitnið Margrét Friðjónsdóttir, Tryggvagötu 6 í Reykjavík, kveðst búa í íbúð nr. 503 í Tryggvagötu 6 og var í íbúð sinni þegar umræddur atburður varð í íbúð nr. 505.

Vitnið heyrði nokkru eftir hádegi umræddan dag að barið var að dyrum hjá ákærðu, en ekki var opnað og hvarf viðkomandi á brott. Vitnið sá í gegnum gægjugat á hurðinni hjá sér að sá, sem hafði knúið dyra, var hávaxinn karlmaður, að vitnið minnir með skegg og gleraugu. Nokkru síðar heyrði vitnið aftur bankað hjá ákærðu og sá í gegnum gægjugatið að enn var sami maður á ferð.

Vitninu fannst maðurinn vera lengur við dyrnar í seinna skiptið. Það man ekki eftir að hafa heyrt hann kalla og segir að hann hafi bankað á dyrnar á eðlilegan hátt. Vitnið sá manninn ekki fara inn til ákærðu, en hann var horfinn nokkru seinna og gerði vitnið ráð fyrir að hann hefði farið inn til ákærðu.

Nokkru eftir þetta heyrði vitnið dynki og brambolt úr íbúð ákærðu og eins og smáátök. Vitnið heyrði að ákærða var eitthvað að segja, en ekki heyrði vitnið orðaskil en heyrði eitthvað í manninum.

Vitnið tekur fram að það hafi heyrt barið þrívegis á hurðina hjá ákærðu umræddan dag og í annað skiptið hafi það ekki séð hver var á ferð, en þá hafi verið bankað hranalega eða ákveðið.

Vitnið kveðst hafa heyrt lætin úr íbúð ákærðu eftir þriðja bankið, en þá var vitnið búið að sjá manninn í annað sinn. Kynni lögreglan að hafa verið á ferðinni í annað sinnið sem barið var.

Vitnið segir að það hafi heyrt í útvarpinu og stappi ákærðu rétt áður en lögreglan kom á staðinn og eftir að dynkirnir og bramboltið hafði heyrst. Vitnið segir að atburðarásin í íbúð ákærðu hafi gerst fljótt.

Vitnið gaf áður skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni og segir við meðferð málsins að það sé farið að gleyma atburðinum, en málið hefði verið vitninu í fersku minni þegar það gaf rannsóknarlögreglunni skýrsluna sem það hefur staðfest við meðferð málsins. Þykir því rétt að geta nokkurra atriða úr henni.

Vitnið sagði að klukkan hefði verið um 14 þegar hávaxinn maður, grannur, með gleraugu og alskegg, hefði staðið fyrir utan íbúð ákærðu og

verið að berja að dyrum. Sá vitnið þetta í gegnum gægjugat á hurðinni hjá sér. Rétt á eftir sá vitnið út um glugga hvar maðurinn fór út á götu. Nokkru seinna kom maðurinn aftur að dyrum ákærðu og bankaði nú hranalega og kallaði hranalegri röddu að hún skyldi opna dyrnar. Fylgdist vitnið með þessu við og við, fékk sér að borða og gáði svo aftur og enn var maðurinn við dyrnar hjá ákærðu. Skömmu seinna gáði vitnið aftur og sá þá ekki manninn. Fannst vitninu maðurinn hafa þá verið búinn að vera 30-45 mínútur frammi á ganginum.

Um tíma varð vitnið ekki vart við neitt fyrr en eitthvað fyrir kl. 15 að það heyrði eins og tvö létt högg á vegginn sem skilur að íbúðirnar, en hann er ekki steyptur og því heyrist vel á milli. Skömmu seinna var eins og einhver gengi berserksgang í íbúð ákærðu. Var eins og einhver gengi á veggi og hvað sem fyrir varð auk þess sem vitnið heyrði óp og formælingar í ákærðu. Rétt á eftir hætti þetta, en vitnið heyrði þó í ákærðu formælingar og alls konar rugl. Vitnið heyrði ekki að neinn væri inni hjá henni á þessum tíma. Augnabliki síðar setti ákærða útvarpið á fullt smátíma, en lækkaði svo aftur. Inn á milli heyrði vitnið ruglið í ákærðu sem stappaði og klappaði með músikinni. Á milli datt allt í dúnalogn. Síðan fór vitnið að heyra muldur í ákærðu og eins og óm af karlmannsrödd, en greindi ekki orðaskil. Rétt á eftir, að vitnið minnti, heyrði vitnið ákærðu segja: „Hann datt í gólfið, ég sagði honum að rísa upp." Ekki vissi vitnið við hvern ákærða var að tala, en óminn af karlmannsröddinni heyrði vitnið áður en útvarpið var sett á fullt. Vitninu fannst þetta ekki taka langan tíma frá því að það byrjaði og þar til það varð vart við að lögreglan var komin á vettvang. Vitnið sagði að þegar það varð vart við að barið var hranalega á hurðina hjá ákærðu og hún beðin að opna, þá gáði vitnið ekki að því hver þar væri, en gerði alveg ráð fyrir að þar væri maðurinn því að nokkru seinna leit vitnið út og sá, að hann stóð við dyrnar hjá henni. Vitnið varð ekki vart við, þegar maðurinn fór inn til ákærðu, og varð ekkert vart við lögregluna, fyrr en hún barði hjá henni og var hleypt inn. Vitninu fannst í upphafi eins og hurð væri lokað og síðan eins og ein manneskja gengi berserksgang, því að vitnið heyrði aðeins í ákærðu, öskur, óp og formælingar, en vitnið hafði ekki orðið vart við þegar maðurinn fór inn til hennar. Vitnið heyrði ekkert í manninum fyrr en nokkru seinna, þegar lætin höfðu minnkað, og þá bara mjög lágt og aldrei heyrði vitnið hávaða eins og þegar fólk er að rífast.

Vitnið Magnús Hörður Hákonarson, Dvergabakka 20 í Reykjavík, segir að ákærða hafi komið á heimili þess umrædda nótt eftir að hafa áður hringt og rætt við Hafþór Magnússon í síma. Hafði hún áfengi meðferðis og stansaði í um klukkustund. Vitnið minnir að það hafi verið Hafþór sem hún ræddi við, en vill ekki fullyrða neitt um það.

Eftir komu ákærðu í íbúðina varð rifrildi og átök í íbúðinni. Segir vitnið að rifist hafi verið um hitt og þetta, og voru það aðallega Hafþór og ákærða sem rifust. Fyrst urðu átök á milli Hafþórs og manns að nafni Valdimar Svavarsson í stofu íbúðarinnar. Eftir það fóru ákærða og Hafþór inn á salerni, og þar urðu einhver átök á milli þeirra. Eftir komu þeirra af salerninu urðu aftur átök á milli þeirra í stofunni. Vitnið segir að vaskur hafi brotnað á salerninu og heyrðist vitninu að hann brotnaði vegna þess að flösku væri slegið í hann. Fljótlega á eftir komu ákærða og Hafþór út af salerninu.

Vitnið segir að Hafþór hafi valdið einhverju hnjaski á húsgögnum vegna þess hversu ölvaður hann var, en ekki af því að hann hafi ætlað að skemma þau vísvitandi.

Vitnið segir að ákærða hafi horfið á brott úr íbúðinni rétt eftir að hún hafi hlotið blóðnasir af völdum Hafþórs.

Vitninu var kynntur framburður ákærðu um það sem gerðist í íbúð vitnisins umrædda nótt. Vitnið man ekki betur en það hefur borið, en það megi vera að atburðarásin hafi eitthvað skolast til í minni sínu. Vitnið heldur fast við það að ryskingar hafi orðið í íbúðinni af völdum Hafþórs og Valdimars.

Vitnið heyrði ekki að ákærða og Hafþór ræddu um kannabisefni á meðan þau ræddu saman í stofunni. Vitninu heyrðist þau rífast um gömul ágreiningsefni og segir að í þeim viðræðum hafi Hafþór slegið til ákærðu með framangreindum afleiðingum.

Vitnið segir að það hafi ekki orðið vart við önnur átök á milli ákærðu og Hafþórs í stofunni en þegar hann sló til hennar með framangreindum afleiðingum. Hann fór á brott um hádegi næsta dag.

Vitnið Aðalsteinn Bernharðsson lögreglumaður, Álfheimum 44 í Reykjavík, kveðst hafa komið fyrst á vettvang í Tryggvagötu 6 greint sinn ásamt Gísla Jóni Matthíassyni. Íbúðin var læst, en ákærða opnaði og virtist nokkuð mikið ölvuð. Á gólfi í íbúðinni lá maður í blóði sínu og virtist rænulítill. Ákærða kvaðst hafa stungið manninn með hníf, en þeim hefði orðið sundurorða. Hún vildi ekki segja hvar hnífurinn væri. Væri maðurinn fyrrverandi sambýlismaður sinn. Vitnið man ekki eftir því að hafa heyrt ákærðu hafa orð á því að hún hefði stungið manninn í sjálfsvörn. Vitnið segir að ákærða hafi talað samhengislaust og virtist vera í uppnámi.

Vitnið gerði þegar ráðstafanir til að fá sjúkrabifreið á staðinn og ræddi síðan áfram við ákærðu, en Gísli Jón reyndi að hlúa að manninum sem virtist orðinn rænulítill.

Ákærða var mjög æst og rugluð og óð um herbergið og virtist geta verið undir áhrifum lyfja, en vitnið fann ekki áfengislykt af henni. Vitnið kveðst hafa spurt ákærðu að því, af hverju hún hefði gert þetta, og svaraði hún

því til, að hún og maðurinn hefðu verið í sambýli áður, en slitnað hefði upp úr því. Hún hefði ekki viljað fá hann inn til sín, en hann hefði þó komist inn og samræður þeirra endað með rifrildi og því að hún stakk manninn. Virtist vitninu sem ákærðu þætti þetta allt eðlilegt. Var ákærða mjög óróleg og tók meðal annars myndavél af borði og bað vitnið að hjálpa sér með leifturljósið, en hún kvaðst ætla að taka mynd af manninum. Tók vitnið myndavélina af ákærðu og lét hana á borð. Rétt á eftir kom sjúkralið og síðan fleiri lögreglumenn sem tóku ákærðu og fluttu á brott. Vitnið gat ekki séð á íbúðinni, að nein átök hefðu orðið, er vitnið kom þar inn. Lá maðurinn á gólfinu með höfuðið í áttina að rúmi, en þegar sjúkralið kom á vettvang var lítið sófaborð, sem þarna stóð, fært til svo að læknir og hjúkrunarfræðingur kæmust að til að hlúa að manninum.

Vitnið gerði skýrslu um komu þeirra Gísla Jóns á vettvang umrætt sinn og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið Gísli Jón Matthíasson lögreglumaður, Hlíðarbyggð 12, Garðabæ, kom ekki fyrir dóm, þar sem hann var við meðferð málsins erlendis og ekki talinn væntanlegur fyrr en í vor. Rétt þykir að gera grein fyrir framburði hans hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið sagði að ákærða hefði opnað fyrir þeim lögreglumönnunum þannig að hún stóð á bak við hurðina. Þá blasti við þeim lögreglumönnunum maður sem lá í blóði sínu á gólfinu og virtist rænulítill.

Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa spurt ákærðu hvað væri að gerast og hún svarað því þannig að þetta væri ekkert, bara smávegis hjónaerjur.

Vitnið fór að kanna ástand mannsins, en Aðalsteinn hringdi eftir sjúkrabifreið og á meðan beðið var eftir sjúkrabifreiðinni reyndu þeir að hlúa að manninum eftir bestu getu. Vitnið segir, að þeir hafi þráspurt að því, hvað hefði gerst og ákærða sagt, að hún hefði stungið manninn með litlum hníf, en það væri ekkert á móts við það sem hann hefði gert henni. Sýndi hún þeim ör á hálsi til sannindamerkis um það og kvað manninn hafa skorið sig á háls auk þess sem hann hefði brotið í henni tennur. Sýndi hún þeim það einnig. Ekkert var hægt að fá út úr ákærðu hvar hnífurinn væri. Vitnið segir að á meðan það var að hlúa að manninum hafi ákærða ætlað að taka mynd á myndavél af manninum, þar sem hann lá, og beðið þá að hjálpa sér með leifturljós, en Aðalsteinn tók af henni myndavélina. Síðan settust þau niður og Aðalsteinn talaði við hana, en vitnið sneri sér að manninum. Skömmu síðar kom sjúkralið og sneru þeir lögreglumennirnir sér að því að leita að hnífnum auk þess sem þeir aðstoðuðu sjúkraliðsmenn eftir þörfum.

Vitninu virtist ákærða vera mjög rugluð og æst. Talaði hún tóma þvælu og virtist reyna að gera sem minnst úr þessu öllu. Vitnið fann ekki áfengislykt af ákærðu og fannst frekar að hún væri undir áhrifum einhverra lyfja.

Vitnið mundi ekki til þess að ákærða hefði gefið skýringu á verknaðinum. Hún minntist ekkert á að þau hefðu verið í ryskingum, en vitninu fannst á henni sem hún væri að hefna sín á manninum, enda bar íbúðin engin sérstök merki um ryskingar.

Vitnið Páll Ástþór Jónsson, fyrrverandi lögreglumaður, Skipholti 8 í Reykjavík, stóð að því að flytja ákærðu frá Tryggvagötu 6 þegar eftir atburðinn. Segir vitnið að ákærða hafi verið að mati þess mjög rugluð vegna áfengis- og lyfjaáhrifa.

Vitnið Valgarður *Sveinn* Hafdal varðstjóri, Kambaseli 15 í Reykjavík, man eftir því að ákærða var leidd fyrir það á lögreglustöðinni þegar eftir að hún var handtekin.

Vitnið segir að ákærða hafi verið talsvert undir áfengisáhrifum og hugsanlega undir áhrifum lyfja.

Vitnið segir að ákærða hafi verið róleg í viðræðum og virtist eins og það hefði ekki verið neitt mál þó að maðurinn hefði orðið fyrir hnífstungunni.

Vitnið minnir að ákærða hafi sagt að maðurinn hefði verið að ónáða hana að undanförnu og væri það ástæðan fyrir verknaðinum. Ekki man vitnið eftir að ákærða minntist á sjálfsvörn í sambandi við málið.

Vitnið Sigurjón Pálsson varðstjóri, Miðvangi 105 í Hafnarfirði, gerði skýrslu eftir segulbandsupptöku fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar um samtal ákærðu við lögregluna nokkru áður en atburðurinn gerðist. Hefur vitnið staðfest þessa skýrslu sína við meðferð málsins.

Vitnið Bertram Henry Möller lögreglumaður, Tunguvegi 24 í Reykjavík, hefur staðfest við meðferð málsins áðurgreindar tvær skýrslur sínar.

Vitnið Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður, Helgubraut 23 í Kópavogi, vann við töku ljósmynda, gerð skýringa við þær og uppdrátt. Þá gerði vitnið skýrslu um rannsókn á fatnaði ákærðu. Hefur vitnið staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Vitnið Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4 í Reykjavík, gerði skýringar við ljósmyndir og skýrsluna um fund hnífsins. Hefur vitnið staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Þá hefur þetta vitni skýrt svo frá að það hafi komið á vettvang í íbúð ákærðu þegar verið var að bera Hafþór út úr íbúðinni. Vitnið kannaði vettvang og sá engin merki þess að átök hefðu orðið í íbúðinni önnur en blóðpolla og blóðslettur á gólfi og veggjum.

Vitnið segir að sjónvarpið í íbúðinni hafi staðið við rimlahengi í íbúðinni, og var hengið við fótagafl að rúmi. Fyrir framan sjónvarpsskerminn og fast upp við hann var stóll. Ofan á sjónvarpinu var blómapottur og stór vasi eða kerti. Ekki var sjáanlegt að þetta hefði fallið á gólfið. Sá vitnið enga mold á gólfinu úr blómapottinum né skemmdir á blóminu sjálfu eftir

fall. Vitnið sá ekki að lampaskermur, sem var í íbúðinni, hefði verið skemmdur, en hins vegar athugaði vitnið skerminn ekki sérstaklega. Vitnið segir að sér hafi fundist vel um íbúðina gengið.

Vitnið Þórarinn Arnórsson læknir, Suðurhólum 8 í Reykjavík, staðfestir að það hafi framkvæmt skurðaðgerð á Hafþóri eftir að hann hafði hlotið hnífstungurnar. Þá staðfestir vitnið, að áðurgreint læknisvottorð sé rétt.

Vitnið segir að hnífstungan í brjóstholið hafi sett í sundur slagæð, en stungan í hálsinn hafi verið skaðlaus, aðeins húðsár. Vitnið segir að aðgerðin á Hafþóri hafi verið fljótleg, en stungan hafi verið lífshættuleg. Hafði Hafþór misst mikið blóð þegar hann fór í aðgerðina, en hefði þolað lengri bið. Telur vitnið að Hafþór hefði þolað að bíða eftir aðgerð í 10-15 mínútur í viðbót. Vitnið segir að áverkinn hafi verið það mikill að stungunni hafi verið fylgt eftir nokkuð fast. Vitnið segir að rispan í lungað hafi verið smávægileg og æðin, sem hnífurinn fór í, hafi verið aftan á fremri brjóstvegg.

Ákærðu voru, eins og áður greinir, tekin tvö blóðsýni til rannsóknar, og var það gert umræddan dag klukkan 16.30. Var annað sýnið rannsakað með tilliti til þess, hversu mikið alkóhól væri í því, og reyndist það 2,02‰. Hitt sýnið var rannsakað með tilliti til þess, hvort barbitúrsýrusambönd eða benzódíazepínsambönd væru í því, og reyndist það ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Samkvæmt því segir í vottorðinu, að öruggt megi telja, að hlutaðeigandi hafi ekki tekið lyf úr þessum flokkum síðustu tvo sólarhringa áður en sýnið var tekið. Var það Rannsóknastofa í lyfjafræði sem rannsakaði bæði sýnin.

Ákærða var rannsökuð í fangelsinu í Síðumúla 20 sama dag og atburðurinn gerðist. Segir í vottorði, undirrituðu af Sigurði Árnasyni fangelsislækni sama dag klukkan 21.50, að hann hafi skoðað ákærðu sem komi sæmilega fyrir og svari öllum spurningum skýrt og greinilega og í samhengi. Skýrði hún lækninum svo frá að hún hefði neytt áfengis undanfarið. Segir í vottorðinu að ákærða sé greinilega með nokkur fráhvarfseinkenni. Hún neiti notkun annarra vímuefna en áfengis og tóbaks. Að lokum segir svo í vottorði fangelsislæknisins um skoðun á ákærðu:

„Bólgin efrivör hm. og að innan á slímhúð er sár eftir tönn, greinilega eftir högg utan frá, í slímhúðinni ca. 1x1 cm. Á barka vi. megin nýl. mar, ca. 1x1 cm. Áberandi nýleg stunguför í báðum olnbogabótum, sem fanginn segir eftir blóðsýnatöku á slysadeild. Ekki að sjá gamlar stungur. Á framhandleggjum beggja vegna 2-3 cm stórir gamlir marblettir. Á hæ. læri framanvert mar ca. 5x10 cm, nýtt. Á baki hæ. rispa ca. 7 cm, nýleg. Á vi. læri aftan til og utan til nýl. mar, ca. 5x7 cm. Ekki áverkamerki á hnúum. Neitar áverkum á kynfærum. Engin klínisk merki um beináverka."

Peysa, gallabuxur og blússa, sem ákærða var í, þegar hún var handtekin,

var rannsakað hjá rannsóknarlögreglu og reyndust blóð og blóðblettir og blóðstrokur í þessum fatnaði.

Sambúð ákærðu og Hafþórs Magnússonar.

Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð og lögregluskýrslur um meiðsli ákærðu og Hafþórs, á meðan þau voru í sambúð, vegna átaka í ölæði. Ekki þykir ástæða til þess að rekja þessi tilvik hvert um sig sérstaklega, en engin leiddu þau til sérstakra eftirmála. Þá hefur verið lagt fram vottorð frá fyrrverandi starfsmanni Kvennaathvarfsins þess efnis að ákærða hafi leitað þangað alls 6 sinnum til lengri eða skemmri tíma á árunum 1983 og 1984 vegna síendurtekinna líkamsmeiðinga, sem ákærða tjáði starfsmanninum að væru af völdum Hafþórs.

Vitnið Hafþór segir að ákærða hafi af sínum völdum hlotið í nokkur skipti glóðaraugu og handleggsbrot einu sinni. Þá hefur vitnið verið sakað um að hafa valdið ákærðu tannbroti, höfuðkúpubroti og skurði á háls. Telur vitnið að þetta gæti verið rétt, en man ekki eftir þessu sökum ölvunar í umrædd skipti.

Vitnið segir að ákærða hafi stungið það með hníf í allt í 5-6 skipti á meðan á sambúð þeirra stóð. Voru þetta allt minni háttar áverkar sem aðeins tvívegis leiddu til þess að vitnið fór á slysadeild. Vitnið segir að einu sinni hafi ákærða barið það með buffhamri og öðru sinni hellt sjóðheitu vatni yfir vinstri fót þess, svo að hann hljóp upp í blöðrum.

Vitnið segir, að það hafi tekið á móti ákærðu, þegar hún réðst á það, og veitt henni áverka, meðan á sambúðinni stóð. Segir vitnið, að í 90% tilvika, þegar þau neyttu áfengis, hafi það leitt til átaka á milli þeirra sem oft enduðu með meiðslum. Ódrukkin lentu þau aldrei í átökum.

Vitnið segir að ákærða hafi nokkrum sinnum leitað í Kvennaathvarfið á meðan þau voru saman og jafnvel á meðan það var úti á sjó.

Ákærða segir, að þau Hafþór hafi oft lent í átökum ölvuð, meðan á sambúðinni stóð. Einu sinni fékk þó ákærða glóðarauga, þegar þau voru ódrukkin. Ákærða kveðst ekki hafa rekið hníf í Hafþór í 5 eða 6 skipti, aðeins einu sinni fyrir utan það skipti sem málið snýst um. Heitt vatn fór yfir fót hans fyrir slysni. Atvikið með buffhamarinn sé rétt.

Ákærða segir, að Hafþór hafi, eftir að sambúð þeirra var slitið, oft haft samband við ákærðu og þá oftast vegna þess að hann var að útvega ákærðu kannabisefni. Þessi samskipti ákærðu og Hafþórs leiddu margsinnis til þess, að Hafþór lagði hendur á hana og braust stundum inn til hennar.

Geðheilbrigði ákærðu og sakhæfi.

Samtímis því að vera úrskurðuð í gæsluvarðhald var ákærðu gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi þessa rannsókn, og í niðurlagi skýrslu hans, dagsettrar 18. apríl sl., segir svo:

„Að mínu áliti er Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir ekki haldin formlegri geðveiki né heldur greindarskorti. Hins vegar tel ég, að Sonja eigi við að stríða alvarlegar persónuleikatruflanir, sem hafa m.a. lýst sér í alvarlegum atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, lélegri skóla- og atvinnusókn, áfengissýki og fíkniefnaneyslu auk almenns rótleysis í lífsháttum. Hugsanlegt er að eitthvað af framangreindum truflunum eigi rætur að rekja til erfiðra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum.

Að því er varðar nánasta aðdraganda þess verknaðar, sem Sonju er gert að sök að hafa framið, þá hafði hún að eigin sögn neytt áfengis allt frá því um kvöldið daginn áður, verið svefnlaus, þreytt og spennt. Þetta er í samræmi við niðurstöður alkóhólmælingar í blóði. Að sögn Sonju hefur þolandinn í máli þessu oftsinnis beitt hana líkamlegu ofbeldi á undanförnum árum og síðast þegar þau voru bæði í ölvunarástandi aðfaranótt þess dags sem verknaðurinn átti sér stað. Líklegt verður að teljast að áfengisáhrifin, svefnleysi og þreyta ásamt spennu hafi dregið úr sjálfsstjórn Sonju og skert nokkuð dómgreind hennar. Af framburði Sonju og viðtölum við hana bendir ekkert til þess að hún hafi fundið fyrir flogaveikieinkennum, hvorki rétt áður né á þeirri stundu, sem ætlað brot var framið. Þó líklegt megi teljast, að dómgreind og sjálfsstjórn Sonju hafi verið sljóvguð vegna ölvunar og þreytu þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég að raunveruleikamat og dómgreind hennar sé annars með þeim hætti að hún teljist sakhæf.

Persónuleikatruflanir af því tagi, sem lýst er hér að faman og í skýrslu um sálfræðileg próf, eru yfirleitt meira eða minna varanlegar. Slíkir einstaklingar eiga oft erfitt með að læra af fenginni reynslu og læknisfræðileg meðferð í eiginlegum skilningi þess orðs ber oft lítinn árangur. Slíkar truflanir lagast þó stundum með árunum og er ekki útilokað að viðkomandi komist til betri persónuleikaþroska. Í því sambandi er þýðingarmest að Sonja geri sér grein fyrir því að hún verður að halda sig alveg frá áfengis- og fíkniefnaneyslu. Sömuleiðis er þýðingarmikið að Sonja leiti sér sérfræðilegrar aðstoðar til rannsóknar á hugsanlegri flogaveiki og meðferðar ef þörf krefur."

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu, sem studd er framburði vitna, læknisvottorði og öðru, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærða stakk Hafþór Magnússon umrætt sinn með hníf í brjóst, rétt hægra megin við bringubein, og í háls þannig, að Hafþór hlaut þá áverka, sem er lýst í ákærunni í samræmi við læknisvottorð.

Ákærða hefur haldið því fram að hún hafi framið verknaðinn í sjálfsvörn. Ekki verður séð af frásögn ákærðu, sem hefur ekki ætíð verið hin sama, að Hafþór hafi lagt á ákærðu hendur í ofbeldisskyni né sýnt af sér slíkt atferli í þetta skipti að réttlætt geti það að stinga hníf í brjóst hans. Fram er komið að sambúð og samskipti ákærðu og Hafþórs voru stormasöm og leiddu oft til meiðsla, og síðast nóttina fyrir atburðinn varð ákærða fyrir meiðslum af völdum Hafþórs. Var því ekki óeðlilegt að hún væri hrædd við hann og hefði á sér andvara. Hins vegar voru viðbrögð ákærðu á engan hátt í samræmi við framkomu Hafþórs, jafnvel þótt hann hefði sýnt af sér þá háttsemi í hennar viðurvist í þetta sinn sem hún sjálf fullyrðir. Verður þess vegna því hafnað að um sjálfsvörn hafi verið að ræða.

Ósannað þykir að ákærða hafi ætlað að bana Hafþóri með hnífslaginu, þótt sumt í framkomu hennar, eftir að hún hafði lagt til hans með hnífnum, bendi til þess, að henni væri sama, hvaða afleiðingar verknaður hennar hefði. Þá er ekki hægt að ganga fram hjá því að ákærða reyndi að hringja eftir aðstoð. Hitt er ljóst að ákærðu gat með engu móti dulist að sú háttsemi að stinga Hafþór í brjóstið með beittum hníf var langlíklegust til þess að valda bana, enda er í ljós leitt, að svo hefði farið, ef ekki hefði komið til stutt leið á næsta sjúkrahús og snögg viðbrögð lækna, en læknir sá, sem skar Hafþór upp, hefur upplýst að hann hefði ekki þolað að bíða lengur en í 10-15 mínútur í viðbót án aðgerðar. Þykir brot ákærðu því varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu:

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1968 11/10 Reykjavík. Dómur: Sakfelld fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga, en ekki gerð sérstök refsing.

1986 1/9 Reykjavík. Ávana- og fíkn.: Sátt, 8.000 kr. sekt, fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, og 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, sbr. 2. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Þá var ákærða svipt sjálfræði 21. febrúar 1969, en endurveitt það 20. apríl 1979.

Refsing.

Við ákvörðun refsingar ákærðu þykja engin bein skilyrði til að beita ákvæðum 74. gr. almennra hegningarlaga til refsilækkunar, þó að horfa megi að einhverju leyti til 4. tl. umræddrar lagagreinar þegar litið er til fyrri samskipta ákærðu og Hafþórs Magnússonar. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi fjögur ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að láta áðurgreint

gæsluvarðhald ákærðu frá 12. febrúar 1987 kl. 18.25 til 17. mars 1987 klukkan 16 koma refsingu hennar til frádráttar, samtals 33 dagar.

Sakarkostnaður:

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 60.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 85.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir, sæti fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 33 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 60.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 85.000,00 krónur.

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 72/1988. **Garri hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Sólveigu Maríu Þorláksdóttur
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Umboð. Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 54.408,00 krónur ásamt tilteknum vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda starfaði hjá veitingahúsinu Pottinum og pönnunni við skrifstofustörf. Hún ritaði á víxla þá, sem málið snýst um, í samræmi við venju, sem skapast hafði í fyrirtækinu. Áfrýjandi tók við víxlunum sem greiðslu á venjulegum rekstrarvörum, sem óumdeilt er að notaðar voru við veitingarekstur inn. Eigandi veitingahússins hefur gefið yfirlýsingu þess efnis, að stefnda hafi haft umboð til að rita á víxlana f.h. fyrirtækisins. Af þessum sökum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garri hf., greiði stefndu, Sólveigu Maríu Þorláksdóttur, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri af Björgvin

Þorsteinssyni hrl. f.h. Garra hf., nnr. 2528-9803, Smiðjuvegi 42, Kópavogi, gegn Sólveigu Maríu Þorláksdóttur, nnr. 8318-4450, nú til heimilis að Barmahlíð 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda greiði skuld, að fjárhæð kr. 54.408,00, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 30.100,00 frá 15. mars 1986 til 1. apríl 1986, en með 2,25% frá þeim degi til 15. apríl 1986, en með 2,25% af kr. 54.408,00 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar sem tekið verði tillit til söluskatts.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að málskostnaður verði dæmdur úr hendi stefnanda að viðbættum söluskatti.

I.

Stefnandi byggir kröfur sínar á tveimur víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 30.100,00, út gefnum 3. febrúar 1986 af stefnanda og framseldum af honum, en samþykktum til greiðslu af stefndu f.h. fyrirtækisins Pottsins og pönnunnar sf. í Landsbanka Íslands, Reykjavík, 15. mars 1986, en hinum að fjárhæð kr. 24.308,00, út gefnum 28. febrúar 1986 af sama til greiðslu af sama 15. apríl 1986. Greiðslufall hafi orðið og hafi hvorki firmað Potturinn og pannan né stefnda fengist til að greiða víxlana. Prókúruhafi fyrir firmað Pottinn og pönnuna sé Jóhann Bragason, nnr. 4960-4157, Álfatúni 18, Kópavogi, en samkvæmt firmaskrá hafi stefnda ekki haft prókúruumboð. Málsóknin byggist því á 8. gr. víxillaga, nr. 93/1933. Stefnandi haldi því fram, að stefnda hafi ekki haft umboð, er hún samþykkti víxlana til greiðslu fyrir firmað, þar sem þess hafi ekki verið getið í firmaskrá. Stefnda hafi lagt fram í málinu yfirlýsingu frá Jóhanni Bragasyni, dags. 20. mars 1987, um að stefnda hafi haft umboð hans til þess að samþykkja í hans nafni víxla til greiðslu vegna vörukaupa. Þessi yfirlýsing sé gefin eftir á, en á þeim tíma, sem stefnda hafi ritað á víxlana, sé ekkert upplýst um umboð hennar. Jóhann Bragason sé nú gjaldþrota, og vilji hann nú aðstoða stefndu, sem hafi unnið skrifstofustörf í fyrirtæki hans, að komast hjá greiðslu. Væri dæminu snúið við, og væri stefnda gjaldþrota í dag, en ekki Jóhann, þá gæti hann nú á sama hátt komið með yfirlýsingu um að hún hefði aldrei haft neitt umboð til þess að skuldbinda hann. Þess vegna hafi ekki verið unnt að stefna fyrirtækinu Pottinum og pönnunni til að greiða víxlana, þar sem fyrirtækið hefði getað borið fyrir sig, að stefnda hafi ekki haft umboð til þess að skuldbinda það. Ekkert hafi verið skráð um umboð stefndu og þess vegna hafi hún ekki haft umboð.

II.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hún hafi haft fullt umboð einkaeiganda firmans, Jóhanns Bragasonar, til þess að samþykkja umræddra víxla vegna firmans. Umboðið hafi verið munnlegt og hafi Jóhann staðfest umboðið með fram lagðri yfirlýsingu sinni í máli þessu. Hún hafi hvergi farið út fyrir umboðið og hún hafi ekki ritað stafina „s/f" við nafn firmans á víxlana. Víxlarnir hafi verið ritaðir og útfylltir að öllu öðru leyti af stefnanda sjálfum til notkunar sem greiðslur vegna vörukaupa hjá stefnanda og hafi stefnandi treyst því, að stefnda hafi haft umboð, þegar stefnandi tók við víxlunum samþykktum úr hennar hendi. Firmað hafi á þessum tíma verið einkafirma Jóhanns Bragasonar og engin tilkynning hafi verið send firmaskrá Reykjavíkur um, að nokkur aðili hefði prókúruumboð. Eina tilkynningin, sem send hafi verið, hafi verið sú, sem birtist í 89. tbl. Lögbirtingablaðsins 1986, og þar komi ekkert fram um nokkurn prókúruhafa firmans, enda ekki sérstök þörf fyrir slíkt, þar sem um einkafirma var að ræða. Stefnandi hafi mátt treysta umboði stefndu, þegar hann tók við víxlunum, og hafi gert, og hafi aðrir sambærilegir vöruvíxlar verið greiddir af hálfu fyrirtækisins Pottsins og pönnunnar.

III.

Stefnda hefur haldið því fram að hún hafi haft umboð einkaeiganda firmans til þess að samþykkja víxla í nafni firmans, eins og víxla þá sem stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu á. Einkaeigandi firmans, Jóhann Bragason, hefur gefið út yfirlýsingu þessu til staðfestingar. Þrátt fyrir þetta heldur stefnandi því fram að stefnda hafi ekki haft umboðið, þar sem það hafi ekki verið skráð í firmaskrá. Skráning umboðs í firmaskrá er ekki skilyrði þess að umboð sé gilt. Ber stefnandi því sönnunarbyrði í máli þessu að stefnda hafi ekki haft umboð, og þar sem hann hefur ekki sannað það, ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 33.000,00, þar með talinn söluskattur.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Sólveig María Þorláksdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Garra hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 33.000,00 í málskostnað, þar með talinn söluskatt, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 78/1989. **Hótel Örk hf.**
gegn
Framkvæmdasjóði Íslands,
Sigurði Hall og
Svölu Ólafsdóttur.

Kærumál. Fógetagerð. Útburðargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Þorgeir Ingi Njálsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu 2. mars sl. lýsti lögmaður Hótel Arkar hf. kæru til Hæstaréttar á þeirri dómsathöfn sýslumanns að lýsa yfir því 16. febrúar sl., að Framkvæmdasjóði Íslands væru fengin umráð fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði. Vitneskju um dómsathöfnina kvaðst forsvarsmaður hlutafélagsins hafa fengið 17. febrúar. Kæruheimild var talin vera 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Krafa sóknaraðila er sú, að framangreind ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðila gert að greiða sjóðnum málskostnað. Til vara er þess krafist að hin kærða dómsathöfn verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða sjóðnum málskostnað.

Sigurður Hall og Svala Ólafsdóttir hafa ekki sett fram kröfur hér fyrir dómi.

Með útburðarbeiðni, dagsettri 16. febrúar sl., var þess beiðst af hálfu varnaraðila, Framkvæmdasjóðs Íslands, að áðurgreind fasteign (Hótel Örk), sem sögð var eign sjóðsins, yrði rýmd og fengin honum til fullra og óheftra umráða. Þess var óskað, að útburðargerðinni yrði beint að umráðamönnum fasteignarinnar, Sigurði Hall og Svölu Ólafsdóttur, sem hefðu „öll formleg umráð fasteignarinnar á hendi á grundvelli „samnings“ við hótel Örk hf. um leigu

á fasteigninni, dags. 12.2.1989". Í útburðarbeiðninni er lýst ágreiningi um gildi leigusamninga um fasteignina.

Fógetaréttur var settur í Breiðumörk 1 C þegar hinn 16. febrúar. Var bókað, að fyrir væri tekið fógetaréttarmál Framkvæmdasjóðs Íslands gegn Sigurði Hall og Svölu Ólafsdóttur. Þau lýstu yfir, að þau samþykktu kröfuna um útburð, og kváðust víkja af eigninni. Síðan var bókað:

„Fógeti lýsti yfir, að með samþykki gerðarþola væru gerðarbeiðanda fengin umráð fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði.

Með framangreindum hætti er gerð þessari lokið."

Fógetagerð þessi sætir ekki kæru, heldur áfrýjun til Hæstaréttar eftir 21. gr., 1. mgr. 3 c í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Sjálfstæðri kæru á grundvelli 21. gr., 2. mgr., verður ekki við komið að lögum í málinu. Ber því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 8/1988. **Þorvaldur Ólafsson**
(Jón G. Briem hdl.)
gegn
þrotabúi Hafskipa hf.
(Ingólfur Hjartarson hdl.)
og gagnsök

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1988. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, til vara krefst hann þess að verða dæmdur til að greiða lægri fjárhæð, en til þrautavara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Aðaláfrýjandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1988. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða 7.429.012,00 krónur, en til vara 5.703.820,00 krónur, hvort tveggja með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags. Er þess krafist bæði í aðalkröfu og varakröfu að leggja megi áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. febrúar 1986, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar á tölvuútskriftum sem bera heitið „Reikningshreyfing úr ársfærsluskrá". Eru þar skráðar færslur á viðskiptareikninga aðaláfrýjanda nr. 00029 og nr. 00709 í bókhaldi gagnáfrýjanda. Er því ómótmælt að gögn þessi hafi verið rituð eftir að bú Hafskipa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt gögnum þessum nam skuld aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda á reikningi nr. 00029 í ársbyrjun 1985 4.546.787,00 krónum, en sú fjárhæð var lækkuð í 3.183.778,00 krónur með nánari skýringu.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur því verið mótmælt að byggt verði á framangreindum gögnum, enda gefi þau ekki rétta mynd af stöðu viðskiptareikninga aðilanna.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi sendi aðaláfrýjandi Hafskipum hf. mánaðarlega skilagrein um flutningsgjöld og rekstrarkostnað sinn. Hafskip hf. sendu aðaláfrýjanda mánaðarlega reikningsyfirlit um stöðu viðskiptanna. Gagnáfrýjandi hefur ekki lagt fram yfirlit þessi. Gögn þau, sem gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar á, þykja ekki veita nægilega traustan grundvöll til þess að efnisdómur verði lagður á kröfurnar. Þykir það ekki breyta þessu, eins og hér stendur á, hvaða vísbendingu gögn aðaláfrýjanda og skýrsla hans gefa um stöðu viðskipta aðilanna.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, þrotabú Hafskipa hf., greiði aðaláfrýjanda, Þorvaldi Ólafssyni, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 31. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 6. mars 1987.

Stefnandi er þrotabú Hafskipa hf., nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Þorvaldur Ólafsson, nnr. 9816-6874, Drangavöllum 4, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 7.524.340,00 krónur auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði af 3.183.778,00 krónum frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af 2.460.911,00 krónum frá þeim degi til 1.4. 1985, en af 2.600.339,00 krónum frá þeim degi til 1.5. 1985, en af 3.623.569,00 krónum frá þeim degi til 1.6. 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði

af 3.429.885,00 krónum frá þeim degi til 1.7. 1985, en af 3.979.703,00 krónum frá þeim degi til 1.8. 1985, en af 4.940.669,00 krónum frá þeim degi til 1.9. 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 4.990.227,00 krónum frá þeim degi til 1.10. 1985, en af 4.764.815,00 krónum frá þeim degi til 1.11. 1985, en af 5.907.934,00 krónum frá þeim degi til 1.12. 1985, en af 6.370.116,00 krónum frá þeim degi til 1.1. 1986, en af 7.538.668,00 krónum frá þeim degi til 1.2.86, en af 7.605.148,00 krónum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af 7.599.183,00 krónum frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 7.552.769,00 krónum frá þeim degi til 1.5. 1986, en af 7.547.422,00 krónum frá þeim degi til 1.6. 1986, en af 7.524.340,00 krónum frá þeim degi til 1.3. 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6.5. 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1987, en með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. 1987, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. 1987, en með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1987, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að í dómsorði sé kveðið á um að áföllnum dráttarvöxtum megi bæta við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1.2. 1986 og síðan sama dag árlega, og skuli sömu vexti og að framan greinir reikna af hinum höfuðstólsfærðu vöxtum.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og að stefnda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eða hann verði felldur niður.

Málavextir.

Aðdragandi að máli þessu er sá að í byrjun árs 1984 var gerður samningur milli Hafskipa hf. og stefnda, þar sem stefndi gerðist umboðsmaður Hafskipa hf. á Suðurnesjum.

Aðalefni samningsins, sem nefndur var umboðssamningur, var að skipafélagið færði vörur, sem það flutti til landsins fyrir viðskiptamenn á umboðssvæði stefnda, í vöruhús hans í Keflavík, en stefndi annaðist geymslu og afgreiðslu vörunnar og sæi um innheimtu á farmgjöldum. Í umboðssamningnum var fjallað um ýmsar aðrar skyldur umboðsmannsins auk ákvæða um þóknun hans og uppgjör til Hafskipa hf.

Þannig bar umboðsmanni samkvæmt samningnum að annast ráðningu verkafólks við skipaafgreiðslu, sjá um vinnuaðstöðu á hafnarbakka, útvegun krana og lyftara auk þess sem hann átti að leggja til útbúnað vegna losunar eða lestunar. Þá hafði umboðsmaður með höndum ýmis önnur verkefni á vegum Hafskipa hf., svo sem markaðskynningu og ýmsa þjónustu við skip félagsins.

Tekjur stefnda voru samkvæmt samningnum fólgnar í 1-2% þóknun af flutningsgjöldum, hluta uppskipunargjalda, aksturs- og vaxtatekjum auk gjalda vegna vöru er hann geymdi í vörugeymslu sinni umfram ákveðinn dagafjölda.

Þá skyldi stefndi einnig njóta 70% uppskipunargjalda fram til áramóta 1984/85 samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi sem fram kemur í fylgiskjali með samningnum.

Í fylgiskjali með samningnum kemur einnig fram að stefndi hefur haft uppi hugmyndir um að Hafskip hf. legðu fram fé vegna stofnkostnaðar umboðsins, 470.000,00 krónur. Þessu var hafnað af forráðamönnum Hafskipa hf., en samkomulag gert um að ofangreind fjárhæð mætti vera í skuld á viðskiptareikningi hans hjá Hafskipum hf. án vaxta og skyldi þetta ákvæði sæta endurskoðun síðar.

Í samningnum segir að honum megi segja upp með sex mánaða fyrirvara.

Stefndi hefur borið fyrir rétti að fyrir gerð samningsins hafi legið fyrir frá Hafskipum hf. áætlanir um heildartekjur væntanlegs umboðs. Á grundvelli þeirra hafi þóknun til hans og aðrar tekjur verið ákvarðaðar. Stefndi hafi hins vegar séð að þær tekjur myndu ekki nægja fyrir hallalausum rekstri umboðsins miðað við kostnaðaráætlanir er hann gerði ásamt endurskoðanda sínum. Vegna þessara efasemda hafi ákvæði á fylgiskjölum samningsins komið til.

Auk þessara viðbótarákvæða taldi stefndi sig hafa fengið vilyrði viðsemjenda sinna um að hann bæri ekki halla af rekstrinum.

Framkvæmdin á viðskiptum aðila var í samræmi við samning þeirra, þ.e. að Hafskip hf. skuldfærðu stefnda á viðskiptareikningi fyrir öllum flutningsgjöldum af þeim vörum, sem til umboðsins fóru, svo og öllum eftirkröfum og kostnaði vegna flutningsins. Jafnframt voru stefnda færðar til tekna umboðslaun hans af sömu flutningum.

Samkvæmt samningnum bar stefnda að gera skil á greiddum flutningskostnaði mánaðarlega og senda Hafskipum hf. uppgjör fyrir 20. hvers mánaðar. Starfsmaður stefnda annaðist gerð þessara skilagreina og sendi þær Hafskipum hf. fyrir tilskilinn dag ásamt kostnaðarreikningum umboðsins. Um hver mánaðamót sendu síðan Hafskip hf. umboðinu yfirlit um stöðu viðskiptanna.

Skilagreinum frá stefnda skyldu fylgja yfirlit yfir útistandandi ógreiddan flutningskostnað, enda var það á ábyrgð stefnda ef hann veitti gjaldfrest á greiðslu hans.

Í árslok 1984 og í byrjun árs 1985 mótmæltu forráðamenn Hafskipa hf. bréflega við stefnda uppgjörum og skilagreinum frá umboðinu og mótmæltu m.a. eindregið þeirri aðferð stefnda að draga ákveðinn kostnað við rekstur umboðsins frá tekjum Hafskipa hf. við skil til félagsins.

Í ljós kom að samkvæmt bókhaldi stefnda reyndist verulegur halli vera á rekstri umboðsins árið 1984. Þannig höfðu rekstrargjöld umboðsins mánuðina apríl til desember 1984 numið 1.715.552,00 krónum umfram tekjur og gerði stefndi kröfur til að Hafskip hf. greiddu þann mismun.

Eftir nokkrar viðræður stefnda og forráðamanna Hafskipa hf. var gert samkomulag þess efnis að Hafskip hf. tóku að sér að greiða 70% af rekstrargjöldum umboðsins umfram tekjur starfsárið 1984. „Hins vegar voru ekki gerðar breytingar á umboðssamningi aðila við þetta tækifæri og hvorugur aðila sagði honum upp," eins og segir í greinargerð stefnanda.

Af hálfu stefnda var hins vegar sá skilningur lagður í samkomulagið að hann væri að taka á sig 30% af tapi á rekstrinum og myndi hann ekki gera það til frambúðar. Hafi niðurstaða þessa samkomulags og umræðna er fram fóru í kjölfar þessa, verið sú að Hafskip hf. ætluðu að leysa málið á þann hátt að hann færi skaðlaust út úr rekstri umboðsins. Hafi Hafskip hf. ætlað að greiða allan breytilegan kostnað og sanngjarnan fastan kostnað við rekstur umboðsins.

Þegar Hafskip hf. urðu gjaldþrota 6. desember 1985 skuldaði stefndi félaginu verulegar fjárhæðir samkvæmt bókhaldi þess.

Á fundi málsaðila 14. febrúar 1986 um skil umboðsins til þrotabús Hafskipa hf. lagði stefndi hins vegar fram reikning, dskj. nr. 10, þar sem stefnandi er talinn skulda stefnda 1.522.518,00 krónur.

Samkvæmt reikningnum hafði stefndi skuldfært Hafskip hf. fyrir rekstrargjöldum sínum árið 1985, 4.243.274,80 krónum, og fyrir áætluðum kostnaði árið 1986, 2.532.010,00 krónum. Þá er á reikningi stefnda „álagning" 20%, 1.355.056,00 krónur, og liðurinn tvígreiddur víxill, 370.813,00 krónur. Samtals nema þessar fjárhæðir 8.501.153,80 krónum. Á sama reikningi færði stefndi Hafskipum hf. til tekna flutningsgjöld vegna ársins 1985 7.763.354,00 krónur, og kemur þannig fram mismunur er á að sýna skuld stefnanda við stefnda.

Af hálfu stefnanda var farið yfir kröfur stefnda og þeim að því búnu hafnað, þar sem þær ættu sér enga stoð í umboðssamningnum. Þá væru kröfurnar þess eðlis að þar væri um að ræða kostnað sem að hluta tengdist öðrum atvinnurekstri stefnda í Keflavík og því umboði Hafskipa hf. óviðkomandi eins og segir í greinargerð stefnanda.

Af hálfu stefnanda var stefnda boðið á fundi aðila 14.2. 1986 að allar óafgreiddar vörur hjá umboðinu yrðu fluttar til Reykjavíkur og afgreiddar frá þrotabúinu þaðan. Stefndi gæti þannig dregið úr þeim kostnaði sem hann teldi sig verða fyrir við afgreiðslu þeirra. Jafnframt yrðu ógreidd flutningsgjöld vegna þessara vara bakfærð af viðskiptareikningi stefnda svo og umboðslaun hans. Ekki kom til að stefndi tæki þessu boði stefnanda.

Á fundi málsaðila 26.3. 1986 var ákveðið að láta yfirfara uppgjör stefnda

fyrir árið 1985 með tilliti til þess hvort þeir kostnaðarliðir, sem þar voru taldir, væru vegna reksturs umboðsins og hvort sá kostnaður gæti talist eðlilegur. Verk þetta var unnið af Þorvaldi Björnssyni, fyrrum fulltrúa forstjóra Hafskipa hf., og skilaði hann athugasemdum sínum, dags. 8.4. 1986. Stefndi fékk þessar athugasemdir til meðferðar og svaraði þeim með bréfi lögmanns síns, dags. 2.5. 1986. Ljóst var þá að mikið bar á milli aðila um viðskiptin og leiddu frekari samningaumleitanir ekki til niðurstöðu. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskipa hf. 20.6. 1986 var skiptastjórum búsins falið að höfða mál þetta.

Í stefnu og greinargerð gerir stefnandi ráð fyrir að kröfur vegna tímabilsins 18.11. 1985 - 5.12. 1985, þ.e. það tímabil er Íslenska skipafélagið hf. starfaði, væru utan máls þessa.

Í þinghaldi 1. október sl. varð samkomulag með aðilum um að kröfur Íslenska skipafélagsins hf. á hendur stefnda, að fjárhæð 452.481,00 krónur, kæmust að í málinu, enda hafði þrotabú Hafskipa hf. tekið við þeirri kröfu á hendur stefnda með samningi við Útvegsbanka Íslands, dags. 4. apríl 1987.

Við munnlegan málflutning 8. þ.m. var bókuð sú málflutningsyfirlýsing stefnanda að leggja mætti til grundvallar dskj. nr. 18, sem er athugasemdir Þorvalds Björnssonar vegna uppgjörs Keflavíkurumboðs 1985 um reksturskostnað umboðsins á því tímabili sem það tekur yfir.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Ólafsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hafskipa hf., 4.959.299,00 krónur ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 2.183.778,00 krónum frá 1.2. 1985 til 1.3. sama ár, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af 1.460.911,00 krónum frá þeim degi til 1.4. sama ár, en af 1.600.339,00 krónum frá þeim degi til 1.5. sama ár, en af 2.623.569,00 krónum frá þeim degi til 1.6. sama ár, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 2.429.885,00 krónum frá þeim degi til 1.7. sama ár, en af 2.979.703,00 krónum frá þeim degi til 1.8. sama ár, en af 3.940,669,00 krónum frá þeim degi til 1.9. sama ár, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 3.959.299,00 krónum frá þeim degi til 10. sama ár, en af 3.764.815,00 krónum frá þeim degi til 1.11. sama ár, en af 3.959.299,00 krónum frá þeim degi til 6.12. sama ár, en af 4.959.299,00 krónum frá þeim degi til 1.3. 1986, en þá með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.4. 1987, en þá með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6.5. sama ár, en þá með 30% ársvöxtum til 1.6. sama ár, en þá með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. s.á., en þá með 36%

ársvöxtum til 1.8. sama ár, en þá með 40,8% ársvöxtum til 1.9. sama ár, en þá með 42% ársvöxtum til greiðsludags.

Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1.2. 1986, og skulu sömu vextir og að framan greinir reiknast af samanlagðri fjárhæð.

Þá greiði stefndi stefnanda 400.000,00 krónur í málskostnað.

Dómkröfur greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 342/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðjóni Erni Aðalsteinssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1988 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til refsiþyngingar og upptöku á veiðarfærum og afla samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfu um upptöku veiðarfæra.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi urðu mistök í sjávarútvegsráðuneytinu við útgáfu leyfis 2. maí 1988 handa mb. Sigurbjörgu, VE-62, til langlúruveiða, að því er varðar gildistíma leyfisins. Þegar leyfi þetta var gefið út var í gildi leyfi skipstjóra bátsins til dragnótaveiða, er gefið var út 2. mars 1988, með gildistíma til 1. júní 1988. Ekki var þess getið í hinu nýja leyfi frá 2. maí að hið fyrra væri fellt úr gildi, en í tilkynningu, sem send var Landhelgisgæslunni þann dag og lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, er sagt að dragnótaleyfið sé fellt úr gildi. Jafnframt er þar tekið fram að leyfið til langlúruveiða gildi til 1. júní 1988.

Hvað sem líður mistökum ráðuneytis við útgáfu leyfisins 2. maí 1988 bar ákærða að kynna sér efni þess, m.a. gildistíma. Veiðar hans 7. júlí 1988 verða því ekki réttlættar með því að hann hafi ekki lesið leyfið sem gefið var út rúmlega tveimur mánuðum áður. Leyfi hans til almennra dragnótaveiða hafði og eftir orðanna hljóðan einungis gildi til 1. júní 1988. Þegar komið var að ákærða við dragnótaveiðar 7. júlí 1988 hafði hann því ekkert gilt veiðileyfi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sak-

fellingu ákærða. Hefur hann brotið gegn 2. mgr. 2. gr. og 13. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 20. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum. Í ákæru er ekki vísað til 13. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 20. gr. laga nr. 3/1988, sem síðast breytti lagagrein þessari, en samkvæmt henni féll 2. mgr. 13. gr. niður. Í ákærunni er hins vegar vísað til 2. gr. laga nr. 118/1984 sem breytti 1. mgr. 13. gr. og var sama efnis og ákvæði það er nú gildir. Þetta þykir því ekki standa í vegi fyrir því að dómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands 13. mars sl., þegar mál þetta var dómtekið, jafngilda 100 gullkrónur 3.121,56 krónum.

Með hliðsjón af 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., og 21. gr. laga nr. 81/1976 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í Landhelgissjóð Íslands, 130.000,00 krónur, en vararefsing ákveðst varðhald 55 daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um upptöku afla mb. Sigurbjargar, VE-62.

Óraskað skal ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og ákærði verður einnig dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Örn Aðalsteinsson, greiði 130.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 55 daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um upptöku afla mb. Sigurbjargar, VE 62.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. júlí 1988.

I.

Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 8. þ.m., á hendur Guðjóni Erni Aðalsteinssyni, Illugagötu 45, Vestmannaeyjum, skipstjóra á Sigurbjörgu, VE62, skipshafnarnúmer 1543, „fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis fimmtudaginn 7. júlí 1988 án tilskilins leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til dragnótaveiða verið á dragnótaveiðum á skipinu, sem er 29 brúttórúmlestir og 17.31 lengdarmetri, í fiskveiðilandhelgi Íslands skammt undan Kötlutanga. Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984, um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976, upptöku á veiðarfærum skipsins svo og öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Við meðferð málsins hér fyrir dóminum neitaði ákærði sakargiftum, en tók ekki sérstaklega til varna í málinu.

II.

Málsatvik.

Síðdegis 7. júlí sl. barst embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum tilkynning frá stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um að gæsluþyrlan TF-Sif hefði staðið mb. Sigurbjörgu, VE 62, að ætluðum ólöglegum dragnótaveiðum undan Kötlutanga þá fyrr um daginn og hefði skipherra fyrirskipað skipstjóranum á umræddu skipi að hífa inn veiðarfærin og halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði tekið til rannsóknar og meðferðar. Var óskað eftir því af hálfu gæslunnar að embættið gerði viðeigandi ráðstafanir er skipið kæmi til hafnar og jafnframt var tilkynnt að skýrsla skipherrans á gæsluþyrlunni bærist embættinu bréflega næsta dag.

Formleg rannsókn í málinu hófst síðan með skýrslutöku lögreglu og rannsókn fyrir sakadómi 8. júlí sl. Í skýrslu skipherrans á TF-Sif, Sigurðar Steinars Ketilssonar, segir:

„Hinn 7. júlí stóð gæsluþyrlan TF-Sif mb. Sigurbjörgu, VE-62 (skipask. nr. 1543), að meintum ólöglegum dragnótaveiðum undan Kötlutanga en báturinn hafði ekki tilskilin leyfi til slíkra veiða. Skipstjóri Guðjón Örn Aðalsteinsson, fæddur 10.11.1950, til heimilis að Illugagötu 45, Vestmannaeyjum.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn 7. júlí var TF-Sif á eftirlitsflugi úti fyrir Suðurlandi.

Kl. 10.42 var komið að mb. Sigurbjörgu, VE 62, þar sem báturinn var að dragnótaveiðum grunnt undan Kötlutanga. Báturinn hafði ekki leyfi samkvæmt veiðileyfiskrá þyrlunnar og var þá haft samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, og hann ekki heldur á veiðileyfaskrá þar.

Kl-10:44 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum: 63 21'78 N — 18 46'15 V, samtímis var mæld fjarlægð í fjöruborðið 1,8 sjóml. Togaði báturinn þá í vestlæga stefnu.

Kl-10:52 var kallað í bátinn á rás 16/6 VHF var skipstjórinn spurður um útgáfudag og gildistíma á veiðileyfi hans.

Kl-10:56 sagði skipstjórinn að það hefði verið útgefið 2/5 '88 og væri útrunnið. Kl-14:16 hringdi skipstjórinn í síma þyrlunnar og sagði að hann hefði lesið upp úr röngu leyfisbréfi. Það veiðileyfi sem hann fékk úthlutað síðast var útgefið 2/3 '88 og hefði verið í gildi til 1/6 '88.

Kl-10:59 var skipstjóranum fyrirskipað að hífa inn veiðarfærin, þar sem hann hefði verið staðinn að meintum ólöglegum veiðum og ætti hann að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað nánar. Sagðist hann verða þar eftir 5½ klst.

Staðarákvarðanir voru gerðar með LORAN C af gerðinni ONI - 7000 og ratsjá af gerðinni BENDIX 1400 C, af Benóný Ásgrímssyni flugstjóra, Jakobi Ólafssyni flugmanni og undirrituðum.

Veður: hægviðri og skýjað.

Sig Steinar Ketilsson (sign)
skipherra."

Við rannsókn málsins hér fyrir dóminum kvaðst ákærði viðurkenna að hafa verið á dragnótaveiðum undan Kötlutanga eins og tilgreint væri í skýrslu Sig. Steinars Ketilssonar skipherra. Ákærði kvaðst enn fremur ekki gera athugasemdir við staðarákvarðanir þær sem áhöfn gæsluþyrlunnar TF-Sifjar hefði gert og sýndu stað skips hans, Sigurbjargar, VE-62, við veiðarnar. Hann kvaðst hins vegar neita því að hafa verið á ólöglegum veiðum í umrætt sinn. Hann kvaðst með engu móti gera sér grein fyrir né skilja að um ólöglegar veiðar væri að ræða, enda hefði hann sótt um leyfi til sjávarútvegsráðuneytisins 2. maí 1988 og fengið þá leyfi út gefið, en þar sem hann hafi ekki lesið leyfið eftir að það var út gefið, fyrr en gæsluþyrlan hafði afskipti af veiðum hans, þá hafi hann ekki gert sér grein fyrir að leyfið var útrunnið er það var gefið út.

Meðal málskjala er leyfi til dragnótaveiða, út gefið af sjávarútvegsráðuneytinu 2. mars 1988, með svofelldu upphafsákvæði:

„Leyfi til dragnótaveiða 1988.

Með tilvísun til 20. gr. laga nr. 3, 8. desember (sic) 1988, vill ráðuneytið hér með leyfa skipstjóranum á m.b. Sigurbjörgu VE 62 (1543) að stunda dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands." Enn fremur segir í sama leyfisbréfi:...

— — —

III. Leyfisbréf þetta gildir frá 1. janúar 1988 til 1. júní 1988.
Leyfisbréf þetta geymist um borð í bátnum.
Gjald 5.400,00 krónur
Greitt:

F.h.r.
e.u.
Þórður Eyþórsson (sign., stimplað)."

Leyfi það, sem út gefið er 2. maí 1988 og til er vitnað hér að framan og einnig er meðal málskjala, er svohljóðandi:

„Leyfi til langlúruveiða

Með tilvísun til 15. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, leyfir ráðuneytið m.b. Sigurbjörgu VE 62 (1543) að stunda tilraunaveiðar á langlúru í dragnót með 120 mm lágmarksmöskvastærð. Veiðarnar eru heimilaðar við suðurströndina. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Eystrahorni. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Garðskaga. Leyfið er bundið eftirfarandi skilyrðum og áskilur ráðuneytið sér rétt til breytinga á þeim og til setningar nýrra.

— — —

8. Leyfi þetta gildir frá 10. febrúar til 10. apríl 1988.
Gjald: 5.400,00 krónur.

F.h.r.
e.u.
Þórður Eyþórsson (sign., stimplað.)."

Ákærði kvaðst líta svo á að hann hefði fullgilt leyfi til þeirra veiða er hann var að stunda. Er hann hafi sótt um leyfið frá 2. maí 1988 hafi hann verið með venjulegt dragnótaveiðileyfi fyrir sem hljóðað hafi upp á 135 mm möskva. Dragnótaveiðileyfi til langlúruveiða, sem gildi fyrir veiðar á svokallaðri „lemmasól", þ.e. þykkvalúru, tilgreini þéttriðnari möskva, þ.e. 120 mm. Þegar hann hafi sótt um leyfið 2. maí 1988 hafi það verið til veiða á þykkvalúru. Ákærði kvaðst viðurkenna að það hefði verið athuga-

leysi hjá sér að lesa ekki niðurlag leyfisbréfs ráðuneytisins frá 2. maí 1988. Þegar hann hafi sótt leyfið á pósthúsið, hafi hann ekki átt von á öðru en hann hafi verið með fullgilt leyfi í höndunum. Þegar áhöfn gæsluþyrlunnar hafi haft samband við sig og kallað eftir gildandi leyfi frá sér hafi hann fyrst lesið upp úr leyfisbréfinu frá 2. maí 1988 og það hafi verið útrunnið. Hann kvaðst síðan hafa farið að athuga málin betur og séð að leyfisbréfið, sem hann hafi verið að lesa upp úr og verið efst hjá sér í skipsskjalamöppunni, hafi verið útrunnið þegar honum hafi verið veitt það. Hann kvað rétt vera að hann hefði eftir þetta hringt í síma gæsluþyrlunnar og sagt frá leyfisbréfinu sem hafi verið út gefið 2. mars 1988 og með gildistíma til 1. júní 1988. Var á ákærða að skilja að hann hefði í athugaleysi í þessu samtali sagt að hann hefði lesið upp úr röngu leyfisbréfi í fyrra samtali og sömuleiðis hefði það verið vitleysa hjá sér að tilgreina leyfisbréfið frá 2. mars 1988 sem það leyfisbréf er síðast hafi verið úthlutað sér. Ákærði kvað sér hins vegar finnast það skrýtið, að sér skuli vera veitt leyfi, sem sé svo útrunnið. Ákærði kvaðst engar athugasemdir hafa gert við það að sér hafi verið fyrirskipað að hífa inn veiðarfærin og halda til hafnar, enda séð að eitthvað hlaut að vera að. Hann kvaðst hins vegar enga grein hafa gert sér fyrir því að hann hefði verið þarna að ólöglegum veiðum. Ákærði sagði að þegar gæsluþyrlan hefði haft afskipti af veiðum sínum hefði hann verið með svokallaða fiskivoð sem sé með stærri riðli, þ.e. 135 mm möskva. Hún hafi hins vegar glatast á leið til hafnar, eftir að gæsluþyrlan hafði haft afskipti af veiðum sínum. Ákærði sagði að það hefði borið þannig að að eftir að búið var að draga voðina inn fyrir borðstokkinn hafi hann hringt í þyrluna og látið vita að búið væri að draga veiðarfærin inn og báturinn lagður af stað til hafnar. Á meðan þessu hafi farið fram hafi áhöfnin gert voðina klára til köstunar eins og vani sé að gera þegar búið sé að hífa. Þegar voðin sé þannig orðin klár sé fyrri vængur umhalaður, pokinn settur upp á lunninguna svo að léttara sé að velta honum út þegar vængurinn fari í köstun. Á heimkeyrslu hafi pokinn dottið út og því sé veiðarfærið glatað. Ákærði sagði að enginn hefði orðið var við það að veiðarfærið væri glatað fyrr en komið var inn í höfnina. Ákærði sagði að fiskivoðin, sem hann hafi tapað með fyrrgreindum hætti eins og að framan greini, hafi verið með 135 mm möskva og hafi kostað, er hún var keypt ný fyrir rúmu ári 150.000,00 krónur. Ákærði sagði, að í umræddri veiðiferð hefði 120 mm voðin ekki verið um borð, þar sem hún hefði legið uppi á bryggju í Vestmannaeyjahöfn. Ákærði sagði að eftir að hann kom í land úr hinni kærðu veiðiferð, hefði hann hringt í Þórð Eyþórsson í sjávarútvegsráðuneytinu og samkvæmt beiðni sinni hefði hann fengið leyfi til að hefja dragnótaveiðar frá 8. júlí 1988, en Þórður hefði verið ófáanlegur til að láta leyfið gilda aftur í tímann.

Vitnið Jón Gísli Jónsson, vélstjóri á mb. Sigurbjörgu, VE-62, staðfesti að þeir hefðu verið á dragnótaveiðum er gæsluþyrlan hafði afskipti af þeim. Eftir það hafi veiðarfærin verið tekin inn í gegnum blökk. Pokinn hafi síðan verið tekinn fram og leyst úr honum og síðan hafi verið híft inn á þilfar. Pokinn og belgurinn hafi síðan verið settir upp á lunninguna og annar vængur halaður yfir. Vitnið taldi víst að ástæðan til þess, að veiðarfærin hafi farið í sjóinn, hafi verið sú að pokinn og belgurinn hafi legið of tæpt á lunningunni. Á heimkeyrslunni kvaðst vitnið, ásamt hásetunum, hafa verið í koju og þeir því ekki frekar en vitnið til frásagnar um það þegar veiðarfærin fóru í sjóinn.

Vitnið Þórður Eyþórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, kom einnig fyrir réttinn og greindi frá leyfisveitingum ráðuneytisins í þessu sambandi. Um leyfið til langlúruveiða, út gefið 2. maí 1988, sagði vitnið, að hjá ráðuneytinu hefðu orðið mistök við útgáfuna. Sagði vitnið að mistökin hefðu verið fólgin í því, að sent hefði verið út leyfisbréf, sem í rauninni hefði verið marklaust þar sem það hafði engan gildistíma. Vitnið sagði að þessi misheppnuðu leyfi hefðu farið til allra þeirra er langlúruleyfi hefðu haft, þ.e. um það bil tíu útgerða að því er vitnið taldi. Vitnið sagði að einn leyfishafinn hefði haft samband við sig og bent sér á villuna. Kvaðst vitnið hafa strax haft samband við starfsfólk sitt og óskað eftir því að þetta yrði leiðrétt strax þannig að sendar yrðu leiðréttingar öllum viðkomandi aðilum, og kvaðst vitnið ekki vita annað en svo hefði verið gert. Í þessu sambandi benti vitnið á að allir langlúrubátarnir séu með leyfisbréf sem gildi á sama tíma og séu gefin út til skamms tíma í senn, venjulega í tvo mánuði. Vitnið sagði að leiðréttingin hefði verið fólgin í því að leyfið gilti til 1. júní. Vitnið sagði að bátarnir, sem stunduðu langlúruveiðarnar, hefðu hafið veiðar 10. apríl og hefði gildistíminn eftir leiðréttingu þá verið frá 10. apríl til 1. júní. Vitnið sagði að ákærði hefði komið inn í þetta tímabil. Hann hefði sótt um leyfi 2. maí og það væri útgáfudagurinn og hefði því gildistíminn átt að vera frá 2. maí til 1. júní. Undantekningarlaust væri, sagði vitnið, að ráðuneytið tilkynnti Landhelgisgæslunni strax og leyfisveiting færi fram og skipti þá ekki máli hvort það væri til þessara veiða eða annarra. Vitnið sagði að í seinni tíð hefðu slíkar tilkynningar verið sendar á telex, fyrst kæmu almennar upplýsingar um skipið, nafn, númer o.þ.h., og síðan væri tilgreint hvaða veiðileyfi skipið fengi. Vitnið sagði, að Landhelgisgæslunni væri enn fremur sent sýnishorn af viðkomandi leyfisbréfi þegar veiðileyfi væri gefið út að nýju og breytingar verið gerðar á reglum sem þar séu greindar. Að því er varðaði þetta mál sérstaklega, taldi vitnið samkvæmt skýrslu Landhelgisgæslunnar ljóst að þeir hefðu verið að kanna áður en lengra væri haldið hvort einhver misbrestur hefði orðið í þessari tilkynningu og báturinn væri með leyfi, en það hefði ekki borist réttum

aðilum, einhverra hluta vegna. Að því er tæki til umræddrs langlúruveiðileyfis, taldi vitnið að gæslunni hefði verið tilkynnt um það að leyfi ákveðinna skipa hefði verið framlengt um tiltekinn tíma til 1. júní, en ekki verið sent eintak af leyfisbréfinu sjálfu vegna þess að ekki hefðu orðið neinar breytingar á reglum leyfisins á milli tímabila. Þá sagðist vitnið telja að ráðuneytið hefði tilkynnt Landhelgisgæslunni að mb. Sigurbjörg, VE-62, hefði veiðileyfi til langlúruveiða til 1. júní 1988. Vitnið sagði að þessi svokölluðu sérleyfi til tilraunaveiða væru gefin út til skemmri tíma en almennu leyfin og venjulegast í um það bil tvo mánuði. Hins vegar væri það undantekningarlaust að umsókn þyrfti að koma frá viðkomandi skipi til þess að hægt væri að gefa út leyfin. Slík umsókn bærist ráðuneytinu annaðhvort símleiðis eða með skeytum og bréfum. Vitnið sagði að við veiðar á þykkvalúru (lemmasól) væru notuð sömu veiðarfæri og við langlúruveiðar, þ.e.a.s. 120 mm möskvastærð, sem sé lágmarksmöskvastærð, og var á vitninu að skilja að þess vegna hefði ákærða verið veitt leyfi til langlúruveiða þegar hann hefði sótt um leyfi til veiða á þykkvalúru. Vitnið sagði að ekki væru til neinar skráðar reglur um það hvernig ætti að haga aðferðinni við leyfisveitingarnar, heldur hefðu um það myndast í ráðuneytinu ákveðnar verklagsreglur.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu að þegar gæsluþyrlan TF - Sif kom að skipi ákærða fimmtudaginn 7. júlí sl. var ákærði með skip sitt á almennum dragnótaveiðum undan Kötlutanga.

Sá er stundar dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þarf að hafa aflað sér heimildar til slíkra veiða, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Samkvæmt 13. gr. sömu laga, eins og henni er breytt með 2. gr. laga nr. 118/1984 og 20. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988 - 1990, er slík heimild veitt með sérstökum leyfum sjávarútvegsráðherra. Með 3. gr. síðasttalinna laga er áréttað að sérstakt veiðileyfi þurfi til þess veiðiskapar er hér um ræðir. Upplýst er í málinu og óumdeilt að ákærði gat ekki framvísað slíku veiðileyfi er skipherra gæsluþyrlunnar kallaði eftir slíku veiðileyfi hjá ákærða, en skip ákærða Sigurbjörg, VE-62, var ekki á veiðileyfaskrá þyrlunnar né hafði stjórnstöð Landhelgisgæslunnar skipið á slíkri veiðileyfaskrá. Þá er enn fremur óumdeilt að til að öðlast leyfi til almennra dragnótaveiða þurfti ákærði að sækja um það sérstaklega til sjávarútvegsráðuneytisins. Leyfi til almennra dragnótaveiða eru gefin út tvisvar á ári með gildistíma frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. júní og út árið. Að jafnaði kalla þeir, er stunda dragnótaveiðar, eftir slíku leyfi í ársbyrjun og er þá gildistími leyfanna miðaður við það

og fram á mitt ár eins og að framan greinir. Ákærði, sem að mati sjávarútvegsráðuneytisins uppfyllti skilyrði til að fá út gefið leyfi til veiða með venjulegri dragnót, sótti um slíkt leyfi 2. mars 1988 og gilti leyfið til 1. júní s.á. Ákærði hélt áfram að stunda veiðar með venjulegri dragnót þótt veiðileyfi hans rynni út 1. júní sl. og hinn 7. júlí sl. er ákærði var með skip sitt á dragnótaveiðum undan Kötlutanga, var veiðileyfi hans löngu útrunnið. Með því gerðist ákærði brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og að framan greinir.

Þótt ákærði hafi sótt um leyfi til veiða í tilraunaskyni 2. maí sl. og sú leyfisveiting hafi mistekist í höndum ráðuneytisins skiptir það ekki máli í þessu sambandi, enda er upplýst í málinu að leyfi þetta hefði aldrei, þótt rétt hefði verið að útgáfunni staðið, framlengt gildistíma leyfisins frá 2. mars sl. og áður er um getið. Ákærða, sem um árabil hafði stundað dragnótaveiðar á skipi sínu, Sigurbjörgu, VE-62, er hann gerir sjálfur út, gat ekki dulist að hann þurfti að sækja um leyfi til veiðanna, enda bar honum skylda til að hafa viðkomandi leyfi um borð í skipi sínu og fylgjast með gildistíma þess, en eins og að framan greinir sinnti ákærði einmitt ekki þeirri skyldu sinni.

Samkvæmt þessu verður eigi talið að refsilækkunarsjónarmið 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 eigi hér við, enda er hvorki um að ræða afsakanlega vanþekkingu ákærða né aðra lögvillu (error juris) í skilningi nefnds lagaákvæðis.

Huglægum refsiskilyrðum telst fullnægt í máli þessu, enda hlaut ákærða að vera ljóst í samræmi við ofanritað hverjar afleiðingar það hefði í för með sér ef hann væri á dragnótaveiðum án tilskilins leyfis.

Í samræmi við það, sem hér að framan greinir, þykir nægilega sannað að ákærði hafi árdegis fimmtudaginn 7. júlí 1988 sem skipstjóri á mb. Sigurbjörgu, VE-62, sem ber skráningarnúmerið 1543 og er 29 brúttórúmlestir og 17.31 lengdarmetri, verið á dragnótaveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands skammt undan Kötlutanga án tilskilins leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til dragnótaveiða og gerst þannig sekur um fiskveiðibrot. Hegðun ákærða er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar færð til réttra refsilagaákvæða.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 8. júlí sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi 8. júlí 1988 jafngilda 100 gullkrónur 2.724,81 krónu, tvö þúsund sjö hundruð tuttugu og fjórum 81/100."

Ákærði, Guðjón Örn Aðalsteinsson, er sakhæfur. Hann er fæddur 10. nóvember 1950 í Reykjavík og hefur sætt á tímabilinu frá 1966 til 1976 átta sinnum sektarrefsingu fyrir ölvun.

Með dómsátt í Vestmannaeyjum 28. apríl 1967 undirgekkst ákærði 350,00 króna sektarrefsingu fyrir brot gegn 1. mgr. 256. gr. almennra

hegningarlaga og í Reykjavík 1969 var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár frá 20. nóv. 1969 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Loks samþykkti ákærði í dómsátt í Reykjavík 18. des. 1969 að greiða 3.000,00 krónur í sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga og sæta ökuleyfissviptingu í þrjá mán. frá 18. desember 1969. Að öðru leyti hefur ákærði samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, er frammi liggur í málinu, ekki sætt kærum né refsingum svo að vitað sé.

Samkvæmt refsiákvæðum þeim, sem í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð mb. Sigurbjargar, VE-62, og þegar atvik málsins í heild sinni eru virt, þar með talin góð framkoma ákærða hér fyrir dóminum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, 110.000,00 krónur til Landhelgissjóðs Íslands og komi 55 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Afli mb. Sigurbjargar, VE-62, var metinn til peningaverðs af dómkvöddum matsmönnum, þeim Sigurði Inga Ingólfssyni netagerðarmeistara og Georg Kristjánssyni verkstjóra, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofelldri niðurstöðu í mati sínu:

Fiskafli:
4½ tonn sem skiptist þannig:

800 kg	ýsa, 38.81 pr. kg	kr.	31.048,00
600 —	þorskur, 40.26 pr. kg	—	24.156,00
500 —	steinbítur, 21.26 pr. kg	—	10.630,00
360 —	ufsi, 17.34 pr. kg	—	6.242,00
2.240 —	koli, 19.29 pr. kg	—	43.209,00
	Samtals	kr.	115.285,00

Hinir dómkvöddu matsmenn upplýstu að er skipið kom til hafnar hefðu engin veiðarfæri verið um borð og við rannsókn málsins hér fyrir dóminum hefur ákærði borið að veiðarfærið hafi sér glatast á heimsiglingu eftir að Landhelgisgæsluþyrlan TF-Sif hafði afskipti af veiðum hans er skipið var undan Kötlutanga. Telur ákærði að veiðarfærið sé sér algjörlega glatað. Ekkert er fram komið í málinu sem hnekkir þessari fullyrðingu ákærða og verður því að líta svo á að upptöku á veiðarfærum mb. Sigurbjargar, VE-62, verði eigi við komið í máli þessu, en dragstrengir voru ónýtir að mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Eins og krafist er í ákæruskjali ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga

nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla mb. Sigurbjargar, VE-62, upptækan til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 19/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gísla Erlingi Kristinssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var með stefnu 11. nóvember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Atvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskiveiðilandhelgi Íslands, eru íslenskum skipum bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum. Ákvæði um heimildir íslenskra skipa til veiða með botnvörpu og flotvörpu á tilteknum veiðisvæðum og veiðitímum er í 3. gr. laganna, „enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum". Í 5. gr. þeirra segir: „Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma." Þá segir í 12. gr.: „Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærð netja og um lágmarksstærð þeirra fisktegunda, sem landa má. ..." Um refsingar er mælt í 17. og 18. gr. laganna. Í 17. gr. er meðal annars kveðið á um viðurlög við brotum gegn 2. gr. og 5. gr., en í 18. gr. um viðurlög við brotum gegn 12. gr. laganna.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, er sett sú meginregla að lágmarksstærð möskva í að

minnsta kosti átta öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skuli vera 155 millímetrar, en í öðrum hlutum þeirra 135 millímetrar. Undantekning er gerð í 2. gr. og skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilað að nota eingöngu riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm á svæðum sem þar eru tilgreind. Samkvæmt 10. gr. varða brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976. Þá segir þar að um upptöku afla fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla. Í 11. gr. segir loks að reglugerð þessi sé sett meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976 og 1. gr. og 2. gr., lið a, sbr. 10. gr., reglugerðar nr. 125/1979, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976, og til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum og afla. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að vísun til 2. tölulíðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 væri augljós misritun og ætti að vera til 1. tölulíðar þessarar málsgreinar, enda þannig dæmt í héraði.

Verjandi ákærða telur lagatilvísanir í ákæru rangar og varði brot ákærða við 12. gr. laga nr. 81/1976 og refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra. Ákæruvaldið andmælir þessum skilningi. Fyrir Hæstarétti var málið reifað um þennan ágreining, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærði var að botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976, og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er um í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979. Undanþáguákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði þar sem hann var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og unnið til refsingar samkvæmt því.

Við gildistöku reglugerðar nr. 125/1979 féll úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 327/1978. Í þeirri reglugerð var meðal annars tekið

fram að hún væri sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81/1976 og brot gegn henni vörðuðu refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra laga. Á undan þessari reglugerð gilti um sama efni reglugerð nr. 290/1976 og var eins að þessu leyti. Áður höfðu reglugerðir um þetta efni verið settar samkvæmt tilsvarandi ákvæðum eldri laga. Við setningu reglugerðar nr. 125/1979 var hins vegar ekki vísað í tiltekna grein laga nr. 81/1976, en þess í stað vísað til þeirra í heild. Ekki verður það túlkað svo, að í því felist nýr skilningur á lagagrundvelli reglugerðarinnar eða að eldri reglugerðir sama efnis hafi ekki haft næga lagastoð. Verður að hafna þeirri lögskýringu ákæruvaldsins að 2. gr. reglugerðar þessarar geti ekki átt stoð í 12. gr. laga nr. 81/1976, en styðjist við 2. gr., 3. gr. og 5. gr. þeirra. Á sama hátt ber að hafna þeirri lögskýringu að brot gegn reglugerð þessari varði við 17. gr. laga nr. 81/1976 og verður ekki á það fallist að ráðherra geti með reglugerðarbreytingu af þessu tagi fært brot til þyngri refsiákvæða en lög gera ráð fyrir.

Samkvæmt þessu ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngiltu 100 gullkrónur 3.119,32 krónum 6. mars síðastliðinn er mál þetta var dómtekið. Eins og mál þetta er vaxið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 320.000,00 krónur er skal samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir að fjögurra mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Í framangreindu ákvæði 18. gr. segir að um upptöku afla fari samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Í 2. gr. þeirra laga segir að ólöglegur sjávarafli skuli gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð sem þar er lýst. Ákvæði greinarinnar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla. Skilja verður tilvísun 18. gr. laga nr. 81/1976 svo að unnt sé að leggja kröfu um upptöku ólöglegs sjávarafla beint fyrir dómstóla. Í máli þessu liggur fyrir mat dómkvaddra manna á verðmæti þess afla sem var um borð í mb. Unu í Garði, GK 100. Samkvæmt því þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um upptöku þessa afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðarfæra nema við ítrekað brot og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að ¾ hlutum eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Erlingur Kristinsson, greiði 320.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í fjóra mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli mb. Unu í Garði, GK 100, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er hrundið.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að ¾ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 12. október 1988.

Ár 1988, miðvikudag 12. október, var á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem haldið var í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1 á Ísafirði af Katrínu Hilmarsdóttur, fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði, ásamt meðdómanda, Guðmundi Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Silfurgötu 7, Ísafirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 645/1988: Ákæruvaldið gegn Gísla Kristinssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta, sem þingfest var 11. október 1988 og dómtekið í dag, höfðaði ríkissaksóknari með ákæru, dags. 12. október 1988, fyrir sakadómi Ísafjarðar... „á hendur Gísla Kristinssyni, Garðsbraut 8, Garði, fæddum 26.

janúar 1938 á Þingeyri, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis þriðjudaginn 11. október 1988 sem skipstjóri á togskipinu Unu í Garði, GK-100, skipaskráningarnúmer 1287, sem er 138 brúttórúmlestir og 29,23 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu með botnvörpu með lágmarksmöskvastærð minni en 155 mm undan Arnarfirði, á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands og langt innan þeirrar viðmiðunarlínu þar sem heimilaðar eru karfaveiðar með 135 mm lágmarksmöskvastærð.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, og 1. gr. og 2. gr., tölul. A., sbr. 10. gr. reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið, 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. og 21. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Málavextir eru þeir samkvæmt fram lagðri skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni að þriðjudaginn 11. október 1988 um kl. 08.40, er varðskipið var á eftirlitsferð á Vestfjarðamiðum, kom það að mb. Unu í Garði, GK-100, þar sem báturinn var að toga í Arnarfjarðarál. Kl. 08.45 fóru 1. og 2. stýrimaður ásamt tveimur hásetum yfir í Unu, GK-100, til mælinga og búnaðarskoðunar. Kl. 09.32 tilkynntu yfirmenn varðskipsins um borð í bátnum að þeir hefðu mælt 135 mm möskvastærð í poka varavörpu bátsins og að skipstjóri hans hefði viðurkennt að sama möskvastærð væri í poka vörpunnar sem væri í sjó.

Kl. 09.38 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í kjölvatni GK100: Fjallaskagi fj. 14,5 sjómílur, Kópanes fj. 13,2 sjómílur. Þessi staðarákvörðun gaf GK 100 stað um 20,3 sjómílur innan karfalínunnar.

Kl. 09.46 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið GK100: Fjallaskagi fj. 14,7 sjómílur, Kópanes fj. 12,9 sjómílur. Þessi staðarákvörðun gaf GK 100 stað um 24,4 sjómílur innan karfalínunnar.

Framangreindar staðarákvarðanir voru báðar unnar af Ó.K. (Ómari Karlssyni yfirstýrimanni) og H.S. (Höskuldi Skarphéðinssyni skipherra). Voru þær gerðar á Sperry M.K.-16 ratsjá og fjarlægðarhringir bornir saman við þá föstu og reyndust réttir.

Á tímabilinu frá kl. 09.50 til 11.40 var gerð mæling á vörpu Unu í Garði, GK-100, sem staðfesti að við vörpuna var svonefndur karfapoki, möskvastærð 135 mm.

Var skipstjóra GK 100 sagt að halda til Ísafjarðar, þar sem málið yrði rannsakað frekar.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson, skipherra á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm og staðfesti framangreinda skýrslu sína að öðru leyti en því að hann taldi að síðari staðarákvörðun væri misrituð í skýrslu sinni, en þar stendur að síðari staðarákvörðun sé 24,4 sjómílur innan karfamarka, en rétt staðarákvörðun eigi að vera 20,4 sjómílur innan greindra marka.

Vitnið kvaðst sjálft hafa unnið að gerð staðarákvörðunar ásamt Ómari Karlssyni yfirstýrimanni.

Vitnið kvaðst hafa lagt fyrir skipverja á varðskipinu að mæla möskvastærð á botnvörpu. Annars vegar hafi verið framkvæmdar mælingar á varavörpu og hins vegar á aðalvörpu og séu niðurstöður þessara mælinga á dskj. nr. 4. Kvaðst vitnið hafa lagt fyrir skipverja að mæla a.m.k. 20 möskva eftir síðum upp miðjan pokann og á sama hátt sitt hvorum megin við leysi.

Vitnið Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm. Kvaðst vitnið hafa átt þátt í gerð skýrslunnar á dskj. nr. 1 og kvað það efni hennar vera rétt utan þess að síðari staðarákvörðun væri rangt tilgreind í skýrslunni. Hún eigi að vera 20,4 sjómílur, en ekki 24,4 sjómílur innan karfamarka.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóminn. Kvaðst vitnið hafa átt þátt í samningu skýrslunnar á dskj. nr. 1 og kvað það efni hennar vera rétt. Vitnið kvaðst hafa unnið að mælingu á möskvastærð aðaltrollsins og staðfesti það mælingar sem skráðar eru í skýrslu um þær mælingar.

Vitnið kvað Friðrik H. Friðriksson, 2. stýrimann, og hásetana Guðmund Valdimarsson og Kristin Óskarsson hafa staðið að mælingum á aukatrolli og hafi þeir aðstoðað sig við mælingar á aðaltrolli.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Friðrik Hermann Friðriksson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni. Kvaðst vitnið hafa ásamt öðrum skipverjum varðskipsins unnið að mælingum á varavörpu og aðalvörpu. Vitnið staðfesti sem réttar mælingar á vörpunum sem greindar eru á dskj. nr. 4.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson kom aftur fyrir dóm síðar sama dag. Hafði vitnið meðferðis skipsdagbók og lagði fram ljósrit úr dagbókinni. Í skipsdagbókinni er síðari staðarákvörðun tilgreind 20,4 sjómílur innan línu og er sú mæling í samræmi við mælingar sem gerðar voru í réttinum á sjókorti á dskj. nr. 2.

Ákærði kom fyrir dóm sama dag. Kvað hann bátinn hafa verið á kolaveiðum, en kvaðst ekki muna staðarákvörðun bátsins er varðskipið hafði afskipti af honum. Kvaðst hann viðurkenna að hafa verið á veiðum á svæði þar sem möskvastærð 135 mm er ólögleg.

Ákærði kvað möskvastærð botnvörpunnar hafa verið undir 155 mm og telur að hún hafi haft möskvastærð 135 mm eins og fram hafi komið í mælingum varðskipsmanna á botnvörpunni. Hann kvaðst ekki mótmæla þeirri mælingu.

Ákærði kom aftur fyrir dóm í dag og var honum þá birt framangreind ákæra. Ákærði viðurkenndi að hafa brotið af sér svo sem greinir í ákæru og kvaðst ekkert frekar hafa um málið að segja og vildi engar athugasemdir gera við skjöl málsins.

Með framangreindri skýrslu skipherrans fylgdi sjókort þar sem staðsetningar bátsins eru markaðar og eru þær í samræmi við þær staðarákvarðanir sem skráðar eru í skipsdagbók varðskipsins. Gefur önnur staðarákvörðunin bátnum stað 20,3 sjómílur innan karfalínunnar og hin 20,4 sjómílur innan þeirra marka.

Einnig fylgdi með skýrslunni skýrsla um mælingar á möskvastærð aukatrolls og aðaltrolls. Á fyrstu síðu eru mælingar á möskvum aukatrolls og á síðu tvö og þrjú eru mælingar á möskvum aðaltrolls. Er skýrsla þessi merkt sem dómskjal nr. 4.

Samkvæmt skýrslu þessari voru gerðar mælingar á 40 möskvum aukatrolls. Sex möskvar af mældum reyndust vera 155 mm eða stærri, en 34 reyndust vera undir 155 mm.

Á aðaltrolli voru mældir 120 möskvar og af þeim reyndust samkvæmt skýrslunni sex möskvar vera um og yfir 155 mm að stærð og 114 undir þeim mörkum. Í flestum tilvikum reyndist stærð möskvanna vera á bilinu 135 - 145 mm, 94 möskvar af þeim sem mældir voru.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af játningu ákærða og framburði vitna svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega færð til lagaákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árunum 1960 til 1987 átta sinnum gengist undir dómsátt vegna ölvunar- og umferðarlagabrota. Þá hefur hann og tvívegis hlotið dóma vegna ölvunar við akstur og verið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvörðun viðurlaga.

Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976, þar sem mb. Una í Garði, GK 100, er 29,23 lengdarmetrar og 138 brúttórúmlestir.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu í dag, segir, að samkvæmt gullgildi 12. október 1988 jafngildi 100 gullkrónur 2.827,21 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt til Landhelgissjóðs Íslands, 282.000,00 krónur, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi fjóra mánuði.

Þá ber samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 81/1976 að gera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands veiðarfæri mb. Unu í Garði, GK 100, þar með talda alla dragstrengi, svo og allan afla innan borðs.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kváðu upp Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, og meðdómsmaðurinn Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Kristinsson, greiði sekt, 282.000,00 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald fjóra mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri mb. Unu í Garði, GK 100, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 20/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Draupni Hálfdánarsyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var með stefnu 19. desember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Atvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr.laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru íslenskum skipum bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum. Ákvæði um heimildir íslenskra skipa til veiða með botnvörpu og flötvörpu á tilteknum veiðisvæðum og veiðitímum eru í 3. gr. laganna, „enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum". Í 5. gr. þeirra segir: „Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma." Þá segir í 12. gr.: „Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. ..." Um refsingar er mælt í 17. og 18. gr. laganna. Í 17. gr. er meðal annars kveðið á um viðurlög við brotum gegn 2. gr. og 5. gr., en í 18. gr. um viðurlög við brotum gegn 12. gr. laganna.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu, er sett sú meginregla, að lágmarksstærð möskva í að

minnsta kosti átta öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skuli vera 155 millimetrar, en í öðrum hlutum þeirra 135 millimetrar. Undantekning er gerð í 2. gr. og skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilað að nota eingöngu riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm á svæðum sem þar eru tilgreind. Samkvæmt 10. gr. varða brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976. Þá segir þar að um upptöku afla fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla. Í 11. gr. segir loks að reglugerð þessi sé sett meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976 og 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., lið a, og 10. gr. reglugerðar nr. 125/1979, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. laga nr. 81/1976 og til að sæta samkvæmt 3.mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. sömu laga, upptöku á veiðarfærum og afla. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að vísun til 7. gr. laga nr. 81/1976 ætti ekki við í máli þessu.

Verjandi ákærða telur lagatilvísanir í ákæru rangar og varði brot ákærða við 12. gr. laga nr. 81/1976 og refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra. Ákæruvaldið andmælir þessum skilningi. Fyrir Hæstarétti var málið reifað um þennan ágreining, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærði var að botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976 og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er um í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979. Undanþáguákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði þar sem hann var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og unnið til refsingar samkvæmt því.

Við gildistöku reglugerðar nr. 125/1979 féll úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 327/1978. Í þeirri reglugerð var meðal annars tekið fram að hún væri sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81/1976 og brot

gegn henni vörðuðu refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra laga. Á undan þessari reglugerð gilti um sama efni reglugerð nr. 290/1976 og var eins að þessu leyti. Áður höfðu reglugerðir um þetta efni verið settar samkvæmt tilsvarandi ákvæðum eldri laga. Við setningu reglugerðar nr. 125/1979 var hins vegar ekki vísað í tiltekna grein laga nr. 81/1976, en þess í stað vísað til þeirra í heild. Ekki verður það túlkað svo að í því felist nýr skilningur á lagagrundvelli reglugerðarinnar eða að eldri reglugerðir sama efnis hafi ekki haft næga lagastoð. Verður að hafna þeirri lögskýringu ákæruvaldsins að 2. gr. reglugerðar þessarar geti ekki átt stoð í 12. gr. laga nr. 81/1976, en styðjist við 2. gr., 3. gr. og 5. gr. þeirra. Á sama hátt ber að hafna þeirri lögskýringu að brot gegn reglugerð þessari varði við 17. gr. laga nr. 81/1976, og verður ekki á það fallist að ráðherra geti með reglugerðarbreytingu af þessu tagi fært brot til þyngri refsiákvæða en lög gera ráð fyrir.

Samkvæmt þessu ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngiltu 100 gullkrónur 3.119,32 krónum 6. mars síðastliðinn er mál þetta var dómtekið. Eins og mál þetta er vaxið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, 380.000,00 krónur, er skal samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir að fimm mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Í framangreindu ákvæði 18. gr. segir að um upptöku afla fari samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Í 2. gr. þeirra laga segir að ólöglegur sjávarafli skuli gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð sem þar er lýst. Ákvæði greinarinnar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla. Skilja verður tilvísun 18. gr. laga nr. 81/1976 svo að unnt sé að leggja kröfu um upptöku ólöglegs sjávarafla beint fyrir dómstóla. Í máli þessu liggur fyrir mat dómkvaddra manna á verðmæti þess afla sem var um borð í bv. Sveini Jónssyni, KE 9. Samkvæmt því þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um upptöku þessa afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðar-

færa nema við ítrekað brot og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að ¾ hlutum eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Draupnir Hálfdánarson, greiði 380.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald fimm mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli bv. Sveins Jónssonar, KE 9, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er hrundið.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að ¾ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 24. nóvember 1988.

Ár 1988, fimmtudag 24. nóvember, var á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem haldið var í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1 á Ísafirði af Katrínu Hilmarsdóttur, fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 728/1988: Ákæruvaldið gegn Einar Draupni Hálfdánarsyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta, sem þingfest var 23. nóvember 1988 og dómtekið í dag, höfðaði ríkissaksóknari með ákæru, dags. 23. nóvember 1988, fyrir sakadómi Ísafjarðar ... „á hendur Einari Draupni Hálfdánarsyni, Melbæ 35, Reykjavík, fæddum 11. apríl 1946 í Bolungarvík, skipstjóra á skuttogaranum Sveini Jónssyni, KE 9, skipaskrárnúmar 1342, sem er 298 brúttórúmlestir og 46.53 lengdarmetrar, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi þriðjudaginn 22. nóvember 1988 verið á botnvörpuveiðum á skipinu með botnvörðu leyfðri til karfaveiða, þ.e. steinavörpu með tveimur pokum

og 135 mm lágmarksmöskva, í djúpkanti út af Barðagrunni, en á svæði innan fiskveiðilandhelginnar þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru ekki leyfðar.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, og 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., lið a, og 10. gr. reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. og 7. gr. nefndra laga nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. sömu laga, upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

Málavextir eru þeir samkvæmt fram lagðri skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni að þriðjudaginn 22. nóvember 1988 um kl. 13.35, er varðskipið var að mælingastörfum í djúpkantinum út af Barðagrunni, kom það að bv. Sveini Jónssyni, KE 9, með veiðarfæri í sjó. Var þá lesin af lórantækjum varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun við hlið KE 9: 66°21'2 N og 25°43'3 V. Þessi staðarákvörðun gaf KE 9 stað um 8,5 sjómílur innan karfalínunnar. Var KE 9 sagt að hífa veiðarfæri sín úr sjó og taka á móti mælingamönnum varðskipsins.

Um kl. 13.38 fóru yfirstýrimaður og 1. stýrimaður ásamt þremur hásetum um borð í KE 9. Um kl. 13.50 kallaði yfirstýrimaður yfir til varðskipsins og sagði að skipstjóri KE 9 hefði viðurkennt að vera að veiðum með karfapoka, það er poka með lágmarksmöskvastærð 135 mm. Kl. 13.52 las hann eftirfarandi staðarákvörðun af lórantækjum nr. 1 og 2 um borð í KE 9: 46198,3 - 64714,4.

Kl. 13.54 var lesin af lórantækjum varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun í kjölvatni KE 9: 66°21'2 N og 25°44'1 V, dýpi 396 m (46198,7-62714,5). Gaf þessi staðarákvörðun togaranum stað um 8,7 sjómílur innan karfalínunnar.

Við mælingar á vörpu togarans, sem reyndist vera steinavarpa, það er varpa með tveimur pokum, kom í ljós að meðaltalsmöskvastærð hvors poka um sig var um 139,08 mm og 138,06 mm. Meðaltalsmöskvastærð beggja pokanna reyndist vera 138,93 mm, en innan karfalínunnar er lágmarksmöskvastærð samkvæmt reglugerð 155 mm.

Kl. 15.22 var mælingu á veiðarfærum og afla svo og skoðun á búnaði lokið og var skipstjóra KE 9 sagt að halda til Ísafjarðar þar sem mál hans yrði rannsakað frekar.

Kl. 15.36 héldu skipin af stað áleiðis til Ísafjarðar og var þá lesin af lórantækjum varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun: 66°22'2 N og 25°44'8 V. Gaf þessi staðarákvörðun stað skipanna um 9,2 sjómílur innan karfalínunnar.

Mælingar á veiðarfærum KE 9 voru gerðar með UTZON-kraftmæli sem gefinn er út fyrir 5 kg átak og löggiltur af Löggildingarstofu ríkisins.

Aflestur staðarákvarðana var gerður á Internav og J.R.C.-lórantæki varðskipsins og bar þeim saman.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson, skipherra á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm 23. nóvember 1988 og staðfesti framangreinda skýrslu sína að öðru leyti en því að hann kvað staðsetningar KE 9 innan karfalínunnar hafa víxlast í skýrslu sinni. Kvað hann staðarákvörðun, sem framkvæmd var kl. 13.55, gefa KE 9 stað um 8,7 sjómílur innan karfalínunnar, en ekki um 8,5 sjómílur innan hennar, og staðarákvörðun, sem framkvæmd var kl. 13.54 gefa KE 9 stað um 8,5 sjómílur innan karfalínunnar, en ekki 8,7 sjómílur innan hennar eins og segir í skýrslu hans.

Vitnið kvaðst sjálft hafa staðið að gerð staðarákvarðana ásamt Friðriki Friðrikssyni, 2. stýrimanni. Friðrik hafi þó staðið einn að útreikningum síðustu staðarákvörðunar.

Vitnið Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm 23. nóvember 1988. Kvaðst vitnið hafa átt þátt í gerð skýrslu skipherrans og kvað efni hennar vera rétt utan þess að staðsetningar KE 9 innan karfalínunnar hefðu víxlast, og skýrði frá þeirri misritun á sama hátt og skipherrann fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa unnið ásamt öðrum skipverjum varðskipsins að mælingum á möskvastærð vörpunnar og hafi þeir notað UTZON-kraftmæli við þær mælingar. Þeir hafi reynt að stinga þorskpokaspjaldi í möskva vörpunnar, en það hafi ekki gengið í gegn.

Vitnið lýsti framkvæmd mælinga á möskvastærð á þann hátt að fyrst hefðu verið mældir möskvar í efra byrði pokanna, þ.e. 30 möskvar úr hvorum poka. Síðan hefði verið mælt í neðra byrði pokanna, þ.e. 20 möskvar úr hvorum poka, og auk þess 20 möskvar í efra byrði stjórnborðspoka. Kvað vitnið um svokallað steinatroll að ræða, en á þeim sé tvískiptur poki sem saumaður sé við belg vörpunnar.

Vitnið kvað að þegar varðskipsmenn komu um borð í bv. Svein Jónsson, KE 9, hafi skipstjóri hans tilkynnt varðskipsmönnum að fyrra bragði að hann væri á veiðum með karfapoka og hafi þá mælingar á möskvastærð pokanna ekki verið hafnar.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm sama dag. Bar vitnið að það hefði átt þátt í gerð skýrslu skipherrans og kvað það efni hennar vera rétt. Þá kvaðst vitnið hafa unnið

að mælingum á möskvastærð trollpokans og staðfesti skýrslu um þær mælingar sem rétta.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Friðrik Hermann Friðriksson 2. stýrimaður á varðskipinu. Bar vitnið að það hefði staðið að útreikningum staðarákvarðana og staðfesti þá útreikninga sem rétta, en kvað áðurgreindar staðsetningar KE 9 innan karfalínunnar hafa víxlast og bar um það atriði á sama hátt og aðrir yfirmenn varðskipsins hér fyrir dómi.

Ákærði kom fyrir dóminn sama dag. Aðspurður kvaðst hann hafa verið á togveiðum um kl. 13.35 í kantinum austur af Víkurál á um 230 - 240 faðma dýpi. Kvaðst hann hafa verið að draga trollið úr sjó er varðskipsmenn bar að og komu síðan um borð í togarann.

Ákærða voru kynntar staðarákvarðanir sem varðskipsmenn framkvæmdu er þeir fóru um borð í togarann og kvað ákærði þær vera réttar. Kvað hann engan ágreining hafa verið um staðsetningu togarans umrætt sinn og hafi hann og varðskipsmenn verið sammála um staðarákvörðun. Ákærða var sýnt sjókort sem staðsetningar togarans voru færðar inn á og kvað hann þær vera réttar. Ákærði viðurkenndi að hann hefði verið að veiðum um 8,5 - 8,7 sjómílur innan karfalínunnar.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið á veiðum með karfapoka og kvaðst hafa verið viðstaddur mælingar varðskipsmanna á pokunum. Kvað hann annan pokann vera nýjan, þ.e.um hálfsmánaðargamlan, en hinn mun eldri.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki sjá ástæðu til að rengja mælingar varðskipsmanna á möskvum pokanna.

Ákærði kvaðst vilja taka fram að hann hefði ekki verið að veiðum á smáfiskaslóð og kvað fiskinn vera stóran og benti því til staðfestingar á aflaskýrslu sem hann lagði fram.

Ákærði kom aftur fyrir dóm í dag og var honum þá birt framangreind ákæra. Viðurkenndi hann að hafa verið að veiðum með karfapoka þriðjudaginn 22. nóvember 1988 í djúpkanti úti af Barðagrunni innan fiskveiðilandhelgi Íslands þar sem veiðar með slíka botnvörpu eru óheimilar, og viðurkenndi að hafa verið um 8,5 - 8,7 sjómílur innan karfalínu.

Ákærða var kynntur framburður varðskipsmanna hér fyrir dómi svo og fram lögð skjöl málsins, en hann kvaðst engar athugasemdir hafa fram að færa.

Með framangreindri skýrslu skipherrans fylgdi sjókort sem markaðar eru inn á staðsetningar bv. Sveins Jónssonar, KE 9, og enn fremur dregin upp lína af karfaveiðisvæðinu.

Enn fremur fylgdi með skýrsla um mælingar á möskvastærð beggja poka botnvörpunnar. Samkvæmt þeirri skýrslu voru mældir 60 möskvar í hvorum poka vörpunnar, samtals 120 möskvar. Meðaltalsmöskvastærð í öðrum pokanum reyndist vera 139,08 mm og í hinum um 138,93 mm.

Skýrsla varðskipsmanna sýnir að af 120 mældum möskvum reyndist möskvastærðin liggja á bilinu frá 128 mm upp í 154 mm, en tveir þriðju hlutar þeirra reyndust vera 140 mm eða minni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa verið að veiðum á bv. Sveini Jónssyni, KE 9, með botnvörpu, sem ætluð er til karfaveiða, í djúpkanti úti af Barðagrunni þriðjudaginn 22. nóvember 1988 er varðskipið Óðinn hafði afskipti af togaranum og er sú játning í samræmi við framburð varðskipsmanna sem framkvæmdu mælingar á pokum botnvörpunnar, svo og skýrslu varðskipsmanna, sem lögð var fram í málinu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans var togarinn á veiðum í djúpkanti úti af Barðagrunni er varðskipið bar að og var þá lesin af lórantækjum varðskipsins við hlið bv. Sveins Jónssonar, KE 9, staðarákvörðun 66°21'2 N 25°43'5 V, og skömmu síðar var framkvæmd önnur staðarákvörðun í kjölvatni togarans og sýndi hún staðarákvörðunina 66°21,2 N og 25°44'1 V. Ákærði hefur fyrir dómi borið að þessir útreikningar á staðarákvörðun séu réttir og jafnframt viðurkennt að þessi staðarákvörðun sýni að togarinn var staddur um 8,5 - 8,7 sjómílur innan karfaveiðisvæðisins.

Með því að ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að veiðum umrætt sinn með botnvörpu, sem skal hafa lágmarksmöskvastærð 135 mm og ætluð er til karfaveiða á þeim svæðum sem getið er um í 2. gr., tölulið a., í reglugerð nr. 125/1979, og sú játning er í samræmi við annað það, sem fram hefur komið í málinu, þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um fiskveiðibrot þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru ekki heimilar á þeim stað sem ákærði var að veiðum umrætt sinn. Á þeim stað eru einungis heimilar togveiðar með botnvörpu og flotvörpu sem hafa lágmarksmöskvastærð 155 mm í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar.

Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 2. gr.laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, og 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., tölul. a., og 10. gr. reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. og 7. gr. áðurgreindra laga, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

„Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingu sem hér segir: 1984, 10/9, í Reykjavík. Sátt: 800. kr. sekt fyrir brot gegn 8. gr. reglugerðar nr. 185/1966, sbr. 65. gr. umferðarlaga."

Ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar

sem bv. Sveinn Jónsson, KE 9, er 46,53 lengdarmetrar og 298 brúttórúmlestir.

Í vottorði Seðlabanka Íslands segir að samkvæmt gullgildi 23. nóvember 1988 jafngildi 100 gullkrónur 2.818,10 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt til Landhelgissjóðs Íslands, 450.000,00 krónur, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í sex mánuði.

Þá ber samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 81/1976 að gera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands veiðarfæri bv. Sveins Jónssonar, KE 9, þar með talda alla dragstrengi, svo og allan afla innan borðs.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kvað upp Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Draupnir Hálfdánarson, greiði sekt, 450.000,00 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, ella sæti hann varðhaldi í sex mánuði.

Afli og veiðarfæri bv. Sveins Jónssonar, KE 9, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför aí lögum.

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 103/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Kristjáni Jacobsen.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. þ.m. sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Réttargæslumaður varnaraðila krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðili látinn laus. Til vara er sú krafa gerð að varnaraðili verði látinn laus gegn tryggingu, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974 og 3. tl. i.f. 5. gr. fylgiskjals með auglýsingu nr. 11/1954. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. mars 1989.

Ár 1989, fimmtudag 16. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 13.30 sl. mánudag tilkynnti starfsmaður tollgæslu á Keflavíkurflugvelli lögreglu í Reykjavík að hjá tollgæslu væru í haldi tveir menn, þá nýkomnir flugleiðis frá Amsterdam og grunaðir um að leyna fíkniefnum innvortis.

Menn þessir reyndust Valdimar T. Þorvaldsson, kt. 300165-3709, og Jón K. Jacobsen, kt. 261266-5989.

Upplýst var að þeir höfðu haldið flugleiðis til Amsterdam tveimur dögum fyrr og þá með jafnvirði 180.000,00 íslenskra krónar í erlendri mynt, en það fé að sögn áðurnefnds Valdimars allt eyðst í skemmtanir og ferðakostnað.

Ofangreindir aðilar voru færðir í röntgenmyndatöku sem ekki benti til að þeir hefðu fíkniefni fólgin innvortis og þeir því látnir lausir.

Degi síðar bárust lögreglu hins vegar ýtarlegar upplýsingar um að ofangreindir menn hefðu með sér smyglað stórri sælgætisdós úr þessari utanferð og í þessu íláti leynt verulegu magni hassefna, en einnig að Heimir Hrafnkelsson, f. 20.10. 1965, ætti hlut að þessu broti og hefði að sér tekið söludreifingu efnanna.

Lögregla leitaði þá allra ofangreindra manna og aflaði húsleitarheimildar að Kúrlandi 27 í vistarverum Heimis áðurnefnds.

Þessi leit var gerð um kl. 2.00, 15. þ.m., og fundust þá ýmsir munir, taldir tengjast fíkniefnum og notkun þeirra, en að auki liðlega 970 g af ætluðum hassefnum.

Heimir áðurnefndur gaf þá skýringu á uppruna efna að hann hefði sl. föstudag í akstri við Grandagarð veitt athygli plastpoka milli steina á bak við frystihús Ísbjarnarins og í þessum poka reynst áðurnefnd efni. Heimir þessi kannaðist og við að hafa flutt efnin til síns heima og falið þar í geymslu á jarðhæð og innan í teppi.

Ofangreindur Valdimar T. Þorvaldsson reyndist eftir hingaðkomu hafa vistast á Landsspítala og nánar deild 33A þar sem hann var í gær yfirheyrður af lögreglu.

Hann kvaðst ásamt Jóni K. Jacobsen lengst af síðustu viku hafa lagt á ráðin um för til Amsterdam til fíkniefnakaupa í hagnaðarskyni og þá auk annars rætt við Heimi Hrafnkelsson sem fallist hafi á að taka við og dreifa hérlendis slíkum efnum.

Valdimar þessi kvað gjaldeyriskaup vegna utanferðar hafa numið jafnvirði 180.000,00 íslenskra króna og sem annar kostnaður farar skipst að jöfnu á sig og áðurnefndan Jón Jacobsen.

Valdimar kvað þá félaga hafa haldið flugleiðis til Amsterdam sl.laugardag og ytra að kvöldi sama dags keypt að jöfnu 1.100 g af hassefnum og falið í stórri sælgætisdós, en þannig smyglað henni hingað til lands sl. mánudag og sú fyrirætlan tekist þrátt fyrir afskipti lögreglu og tollgæslu auk röntgenmyndatöku.

Degi síðar kvaðst Valdimar þessi hafa boðað símleiðis til sín að Þingholtsstræti hér í borg ofangreindan Heimi Hrafnkelsson. Hafi hinn síðastnefndi komið þangað akandi skömmu síðar og þeir fylgst að í Kúrland 27 með áðurnefnda sælgætisdós og hassefni í henni falin.

Kvaðst nefndur Valdimar þarna í Kúrlandi og kl. 17:00 - 17:30 sl. þriðjudag hafa afhent áðurnefndum Heimi hassefnin, en tekið með sér dósina og sælgæti þar í.

Valdimar þessi kvað þá Jón hafa rætt að líklega fengju þeir í sinn hlut af söluandvirði þessara efna allt að einni milljón króna.

Ofangreindur Jón K. Jacobsen hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi kannast við nefnda Amsterdamför með Valdimar, en með öllu neitað, að það ferðalag hafi í nokkru tengst meðhöndlun fíkniefna.

Um fjármál vegna ferðarinnar kvaðst Jón þessi ekki vita utan það að hafa hennar vegna afhent Valdimar 50.000,00 íslenskar krónur og hinn síðarnefndi eftir það annast allar greiðslur.

Nefndur Jón kannaðist ekki við að í fórum þeirra félaga hefði verið sælgætisdós, hvorki á útleið né við komu hingað til lands. Hann taldi sig ekki heldur hafa séð eða handleikið slíka dós ytra.

Vegna ofanritaðs er af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík fram komin krafa um gæsluvarðhald Jóns K. Jacobsens allt að hádegi laugardags 25. þessa mánaðar.

Þeirri kröfu er af hálfu réttargæslumanns mótmælt, en til vara krafist, að slík gæsluvarðhaldsvist verði verulega stytt frá kröfu lögregluyfirvalda.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð umtalsverð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Telja verður rannsókn á frumstigi, enda misræmi milli framburðar grunaðra um veigamikil atriði.

Ekki verður þó fullyrt að samprófanir séu nú tímabærar.

Ætlað sakarefni, sem að Jóni E. Jacobsen snýr, virðist þess eðlis að varðað gæti hann fangelsisrefsingu ef nægilega teldist sannað.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, auk annars ofanritaðs, svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík.

Einnig verður horft til kröfu réttargæslumanns að stytta slíka vistun frá kröfugerð lögregluyfirvalda svo og þess að frá og með 23. þ.m. hefst röð frídaga vegna páska.

Ákveðst því að Jón K. Jacobsen, kt. 261266-5989, skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 22.20 að telja 16.3. 1989 og allt að miðnætti miðvikudags 22. sama mánaðar.

Úrskurðarorð:

Jón K. Jacobsen, kt. 261266-5989, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 22.20 að telja 15.3. 1989 og allt að miðnætti 22. sama mánaðar.

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 104/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Eggerti Júlíussyni.

Kærumál. Héraðsdómari víkur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Með bókun á dómþingi sakadóms Keflavíkurflugvallar 6. mars sl. kærði varnaraðili til Hæstaréttar úrskurð, sem hafði verið kveðinn upp á sama dómþingi, þess efnis að hafnað væri kröfu varnaraðila um að Þorgeir Þorsteinsson lögreglustjóri viki sæti í málinu. Kærunni var lýst með þeim áskilnaði að leyfi ríkissaksóknara fengist eftir 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Það leyfi var veitt og bárust skjöl málsins Hæstarétti í dag. Varnaraðili krefst þess að úrskurðinum verði hrundið og dæmt verði að lögreglustjóra sé skylt að víkja sæti. Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Ríkissaksóknari óskar ekki eftir að skila greinargerð í kærumálinu.

Mál þetta var fyrst tekið til rannsóknar 1982 og hefur lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli alla tíð síðan borið ábyrgð á rannsókn þess. Er rétt að hann víki sæti sem dómari eftir 36. gr., 7. tl., laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, sem hér ber að beita eftir 15. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, Þorgeir Þorsteinsson, víkur sæti í máli ákæruvaldsins gegn Ólafi Eggerti Júlíussyni.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 6. mars 1989.

Ár 1989, mánudag 6. mars, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Keflavíkurflugvallar sem háð er á lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli af Þorgeiri Þorsteinssyni lögreglustjóra.

Í sakadómi Keflavíkurflugvallar í máli þessu 10. febrúar 1989 á skrifstofu

fulltrúa embættisins, Sigrúnar Kristmannsdóttur, mætti verjandi ákærða, Garðar Garðarsson hrl., og gerði þá kröfu, að lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli viki sæti í málinu og næði sú sætisvikning einnig til fulltrúa hans.

Tildrög máls þessa eru þau að árið 1982 hófst rannsókn á ætluðu tollalagabroti Ólafs E. Júlíussonar og Guðjóns Einarssonar. Var þetta umfangsmikið mál og mikið af áfengi og varningi sem hald var lagt á vegna rannsóknar málsins.

Það sem hald var lagt á, var áfengi, tóbak, þvottaefni, verkfærakista með verkfærum í, segulbandssnældur, myndsegulbandssnældur, hljómplötur, sjónvarpsfjarstýringar, borvélar, ýmis matvæli og gosdrykkir, vasadiskótæki, músíkheyrnartæki, rakvélarblöð, leikföng, málning, þynnir, bón, sápulögur ýmiss konar, sjónvarp, grill, vídeó, magnari, útvarp, kassettutæki, segulband, tónjafnari, plötuspilari og hátalarar.

Vegna umfangs málsins þurfti að fá aðstoð frá rannsóknarlögreglunni í Keflavík og ennig frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda fámennt rannsóknarlögreglulið á Keflavíkurflugvelli.

5. júlí 1983 var málið síðan sent ríkissaksóknara til meðferðar, en þá voru enn nokkur atriði til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

16. febrúar 1984 var málið endursent frá ríkissaksóknara og beðið um dómsrannsókn. 24. júlí 1984 krafðist verjandi úrskurðar um afhendingu muna. 18. ágúst 1984 var þeirri kröfu hafnað með úrskurði. Var þeim úrskurði ekki áfrýjað.

5. sept. 1984 var dómsrannsókn lokið að mestu leyti.

22. ágúst 1986, er bókað í sakadómi að Guðjón Einarsson geti ekki sinnt boðun þar sem hann sé á sjúkrahúsi erlendis.

29. ágúst 1986 er bókað að málið hafi dregist á langinn vegna anna dómara og vegna persónulegra ástæðna dómara. Einnig er bókað að ekki sé unnt að taka málið fyrir á næstunni.

14. apríl 1988 er málið sent ríkissaksóknara.

17. okt. 1988 er síðan gefin út opinber ákæra á hendur Ólafi Júlíussyni af ríkissaksóknara.

6. des. 1988 var ákæra birt og málið þingfest.

Þá eru einnig afhentir þeir munir sem hald var lagt á við rannsókn málsins og ekki var ákært út af. Þá kemur einnig fram krafa um það að lögreglustjóri víki sæti í málinu. 10. febrúar 1989 skilar verjandi inn bókun um það atriði. Er hún svohljóðandi:

„Sem skipaður verjandi ákærða, Ólafs Eggerts Júlíussonar, Heiðargarði 12, Keflavík, geri ég þá kröfu að hr. Þorgeir Þorsteinsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, víki sæti sem dómari í máli þessu. Sú sætisvikning nái að sjálfsögðu einnig til fulltrúa lögreglustjórans.

Mál þetta hófst 29.8. 1982 (fyrir liðlega 6½ ári) með því að lögreglumenn

geystust inn á heimili ákærða vegna rannsóknar á meintum tollalagabrotum hans. Létu lögreglumenn, undir yfirstjórn lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, greipar sópa um heimili ákærða og báru úr húsi nær allt sem hönd á festi. Við yfirheyrslu gekkst ákærði greiðlega við ákveðnum tollalagabrotum, en neitaði staðfastlega öðrum sökum, sem á hann voru bornar.

Rannsókn þessa máls fór fram hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og á hans ábyrgð. Er skemmst frá því að segja að öll meðferð málsins þar hefur verið með eindæmum. Ef rétt hefði verið á haldið hefði rannsókn þessa máls í mesta lagi tekið eina viku. Rannsóknaraðilar flæktu málið hins vegar með alls kyns röngum áburði (sem þeir síðar hafa þurft að draga til baka) og notuðu þær tylliástæður til að tefja málið og sinntu illa eða ekki beiðnum um rannsókn sem hefði hreinsað ákærða strax af áburði þeirra. Gekk málið svo langt að ákærði (eða umboðsmaður hans) varð sífellt að vera að reka á eftir rannsókninni, bæði skriflega og munnlega! Hefur sá eftirrekstur nú borið þann árangur, eftir allan þennan tíma, að ákærða hefur verið skilað nær öllum þeim heimilismunum og búnaði sem hald var lagt á í upphafi málsins (ranglega og að nauðsynjalausu).

Þegar í upphafi málsins var gerður áskilnaður um bætur vegna ólöglegs halds á munum ákærða. Var það ítrekað bréflega. Mun sú bótakrafa beinast að dómara og ríkissjóði.

Þá hefur verið á það bent að starfsmenn lögreglustjóra hafa verið með ýmiss konar yfirlýsingar sem eru bæði rangar og meiðandi fyrir ákærða. Auk þess hefur ekki verið unnið að rannsókn málsins í anda 138. gr. laga um meðferð opinberra mála sem er í samræmi við alþjóðlega samninga um mannréttindi sem Ísland er aðili að og hefur skuldbundið sig til að hlíta. Þá munu væntanlegar varnir ákærða í málinu m.a. lúta að meðferð málsins hjá embætti lögreglustjórans.

Vegna alls þessa er augljóst að lögreglustjóri er vanhæfur til þess að fjalla um mál þetta þar sem hætta er á að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, sbr. niðurlag 7. tl. 36. gr. l. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. l. 74/1974. Ef lögreglustjóri dæmdi í máli þessu væri hann að dæma í sjálfs sín sök, þar sem telja verður að hann beri ábyrgð á atferli undirmanna sinna. Er fulltrúi hans einnig vanhæfur til að dæma í málinu, sbr. 3. mgr. 37. gr. l. 85/1936. Ber lögreglustjóra því að víkja sæti, enda er það í samræmi við venju að dómari víki sæti ef fram hefur komið áskilnaður um bætur vegna meðferðar hans á máli (jafnvel þótt ekki sé um persónulega kröfu á hendur dómara að ræða).“

Það er ljóst að á máli þessu hefur orðið mikil töf, en benda má á það að málið var umfangsmikið og aðstoð þurfti til rannsóknar þess.

Samkvæmt VI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, má leggja hald á muni vegna rannsóknar opinbers máls af þessu tagi og verður

að telja eðlilegt að slíkir munir verði hafðir í haldi þar til opinber ákæra hefur verið gefin út svo að ljóst sé hvort ákæruvaldið ákæri út af slíkum hlutum.

Samkvæmt 138. gr. laga 74/1974 skal hraða meðferð opinberra mála eftir föngum, en dómari ræður gangi máls og er ekki bundinn af yfirlýsingum eða beiðnum málflytjenda.

Enda þótt meðferð þessa máls hafi tekið langan tíma eru það ekki rök til þess að dómari fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, þannig að 7. tl. 36. gr. laga 85/1936 eigi við.

Ekki er til að dreifa venju um það, að dómari víki sæti, þó að bótakrafa sé höfð uppi gagnvart embætti, enda eru í 36. gr. l. 85/1936 tæmandi taldar ástæður fyrir því, að dómari víki sæti, og telja verður, að í kröfugerð verjanda hafi ekki verið leidd fram slík rök að valdi vanhæfi lögreglustjóra í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Krafa Garðars Garðarssonar hrl. f.h. Ólafs E. Júlíussonar, að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli víki sæti í máli ákæruvaldsins gegn greindum Ólafi, er eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 21. mars 1989.

Nr. 306/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Árna Ólafssyni og
Valgarði Sveini Hafdal
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Brot í opinberu starfi. Líkamsmeiðingar. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1988 til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar, að því er ákærða Valgarð Svein Hafdal varðar, en til þyngingar á refsingu dómfellda Árna Ólafssonar, svo og til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

I.

I. Ákæra fyrir ólöglega handtöku og fangelsan.

1. Það verður að teljast grundvallarregla að lögreglumenn rannsaki ekki sjálfir mál sín og nákominna vandamanna. Þegar litið er til starfsreynslu ákærða Árna sem lögreglumanns verður að telja að honum hafi mátt vera ljóst að ekki væri við hæfi að hann byði sig fram til þess að sinna kæru sonar síns með þeim hætti sem lýst er í héraðsdómi. Það var og misráðið af varðstjóra í fjarskiptamiðstöð að leyfa þetta, enda ekki annað í ljós leitt en unnt hefði verið að fela öðrum lögreglumönnum verkið. Eru þessi afskipti ákærða Árna af máli Sveins Benedikts Jónassonar ámælisverð.

Af gögnum máls verður ekki ráðið að Sveinn Benedikt hafi verið handtekinn áður en hann fór upp í lögreglubifreiðina. Honum var ljóst að lögreglumenn vildu spyrja hann um atvikið í Aðalstræti og skylt að svara spurningum þeirra um nafn og heimilisfang. Fram er komið að bróðir Sveins tafði fyrir því að skýrsla væri tekin af honum. Skýrslutöku var ekki lokið er Sveinn leitaði útgöngu úr

lögreglubifreiðinni. Var lögreglumönnum því heimilt að stöðva för hans. Sveinn Benedikt bar mjög æstur og veitti lögreglumönnum mótþróa. Við þessar aðstæður var þeim rétt að handtaka hann og færa til yfirheyrslu á lögreglustöðinni, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um þetta ákæruatriði staðfest.

2. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdómara að fyrirhuguð vistun Sveins Benedikts í fangageymslu hafi ekki verið að nauðsynjalausu. Þykir því mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þetta ákæruatriði.

II. Ákæra fyrir líkamsmeiðingu.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja sannað að handleggsbrot Sveins Benedikts Jónassonar verði rakið til gáleysis ákærða Árna. Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu brotsins til refsiákvæða. Þykir refsing hæfilega ákveðin sekt 30.000,00 krónur er ákærði greiði innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 15 daga.

II.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af ákærða Árna eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði Valgarður Sveinn Hafdal skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ákærði Árni Ólafsson greiði 30.000,00 krónur í sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Gylfa Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur, greiðist að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af ákærða Árna. Ákærði Árni greiði 12.500,00 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1988.

Ár 1988, þriðjudag 5. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 374-375/1988: Ákæruvaldið gegn Árna Ólafssyni og Valgarði Sveini Hafdal, sem tekið var til dóms 28. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. apríl sl., á hendur ákærðu, Árna Ólafssyni, fyrrverandi lögregluþjóni, Stórageröi 22, Reykjavík, fæddum 18. júlí 1947 að Eylandi í Vestur-Landeyjum, og Valgarði Sveini Hafdal lögregluvarðstjóra, Kambaseli 15, Reykjavík, fæddum 7. júlí 1940 á Akureyri.

Í ákærunni segir:

„Ákærðu eru báðum gefin að sök eftirgreind brot í opinberu starfi og ákærða Árna enn fremur eftirgreind líkamsmeiðing við framkvæmd lögreglustarfa aðfaranótt 13. febrúar 1988 í Reykjavík í sambandi við meðferð máls Sveins Benedikts Jónassonar, fædds 28. júní 1967:

I.

Ólögleg handtaka og fangelsan.

1. Ákærða Árna er gefið að sök að hafa laust eftir miðnætti fyrrgreinda nótt farið fyrir og stjórnað för lögreglumanna að dvalarstað Sveins Benedikts að Njálsgötu 39 og handtekið hann þar að nauðsynjalausu vegna kæru sonar síns, Hrafns, á hendur Sveini Benedikt fyrir meint spjöll á bifreið Hrafns, R 39935, og var Sveinn Benedikt síðan fluttur í handjárnum á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113.

2. Ákærða Valgarði Sveini er gefið að sök að hafa sem varðstjóri í fangamóttöku, er komið var með Svein Benedikt á lögreglustöðina, ákveðið vistun hans í fangaklefa þrátt fyrir það að enga nauðsyn bæri til slíkrar vistunar.

Þykja ákærðu með framangreindum hætti hafa gerst brotlegir við 131. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 132. gr. sömu laga.

II.

Líkamsmeiðing.

Ákærða Árna er enn fremur gefið að sök að hafa gerst offari í starfi í greint skipti er hann ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum færði Svein Benedikt úr yfirhöfn vegna fyrirhugaðrar vistunar hans í fangaklefa, tók báðum höndum um vinstri handlegg Sveins Benedikts og sveigði hann aftur fyrir bak með þeim afleiðingum að Sveinn Benedikt hlaut brot á neðanverðu upphandleggsbeini.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr., til vara við 219. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

III.

Dómkröfur.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.“

A.

Málavextir eru þessir:

Skömmu fyrir klukkan eitt aðfaranótt laugardags 13. febrúar sl. kom Hrafn Árnason, f. 28. september 1967, á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og bað stöðvarmann á vakt að hafa samband við föður sinn, Árna Ólafsson lögreglumann, sem væri að störfum.

Kvaðst Hrafn hafa orðið fyrir því að unnið hefði verið skemmdarverk á bifreið sinni. Hringdi stöðvarmaðurinn inn á fjarskipti og var þaðan haft samband við föður Hrafns sem þá var staddur í lögreglubifreið nr. 31 í eftirlitsferð í Kringlunni. Með honum í bifreiðinni voru lögreglumennirnir Grímur Grímsson og Júlíus Einarsson. Voru þeir skráðir á starfssvæði 2 sem er austan Snorrabrautar. Árni var elstur starfsmaður og þess vegna í fyrirsvari fyrir þá. Óku þeir, sem leið lá, á lögreglustöðina og hittu þar fyrir utan Hrafn og vin hans sem var með honum í bifreiðinni er atburðurinn átti sér stað.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna varðandi aðdraganda framangreinds atburðar:

Hrafn Árnason kvaðst hafa ekið Austurstræti til vesturs. Með honum var vinur hans, Guðni Sveinn Theódórsson, sem sat við hlið hans í farþegasætinu. Á móts við Fógetann stöðvaði hann bifreiðina fyrir vegfarendum. Einn úr þeim hópi kom aðvífandi að bílnum. Þeytti hann þá bílflautuna til að vekja athygli mannsins. Maðurinn hélt hins vegar áfram og hlammaði sér upp á vélarhlífina og gekk síðan í burtu. Fór Hrafn þá út úr bílnum og elti hann. Reyndi hann að sýna honum skemmdirnar, ræða við hann og fá upp nafn hans, heimilisfang og aðrar upplýsingar. Á meðan færði Guðni Sveinn bílinn. Maðurinn neitaði með öllu að gefa upp nafn og heimilisfang, en félagar hans kölluðu hann Svenna. Félagar Svenna réðust þá á Hrafn, spörkuðu í hann og börðu hann í hálsinn. Leikurinn barst á ný að bílnum og þar réðst einn vina mannsins á Hrafn. Á meðan á þessu stóð stökk sá, sem hoppaði upp á vélarhlífina, í burtu og í leigubifreið sem þar var. Reyndi hann síðan að stinga af með því að fara í aðra leigubifreið sem stóð fyrir aftan. Tveir félagar hans voru eftir í fyrri bifreiðinni. Elti Hrafn leigubílinn, sem Svenni fór í, að Njálsgötu 39. Fór hann við svo búið á lögreglustöðina við Hverfisgötu og óskaði eftir viðtali við föður sinn, Árna. Haft var samband við hann um fjarskipti og kom hann nokkru síðar að stöðinni þar sem þeir Guðni Sveinn biðu. Með honum voru tveir

lögreglumenn. Sagði hann þeim hvað gerst hafði og leitaði ráða. Faðir hans fór inn á lögreglustöðina og kom út stuttu síðar og bað þá Guðna að koma með þeim að Njálsgötu 39 til að bera kennsl á manninn.

Hrafn sagði að greinilegar skemmdir hefðu sést á vélarhlífinni, hún hefði dældast og hluti dældarinnar gengið upp að nýju og eftir þann hluta verið „spegill". Faðir sinn hefði kannað skemmdirnar á bifreiðinni fyrir utan lögreglustöðina og einnig hefði Júlíus, sem sat inni í lögreglubifreiðinni, sagt að hann hefði séð þær.

Guðni Sveinn bar á sama veg og Hrafn um ferðir þeirra. Pilturinn, sem hann síðar heyrði að félagar hans kölluðu Svenna, kom gangandi í átt að bílnum, en þá var hann í um 4-5 metra fjarlægð. Þegar hann kom að bílnum henti hann sér upp á vélarhlífina. Við þetta kom dæld sem gekk upp, en eftir hana voru sjáanlegar skemmdir. Gekk pilturinn síðan í burtu, en Hrafn fór út á eftir honum, en á meðan færði hann bifreiðina. Sá hann ekki hvað þeim fór á milli, en þegar hann kom út var hópurinn í einhverjum handalögmálum í kringum Hrafn og piltinn sem félagar hans kölluðu Svenna. Síðan komu allir að bílnum og fóru að strjúka hann í leit að skemmdum. Hrafn hefði reynt að fá nafn og heimilisfang piltsins, en pilturinn hefði ekki gefið það upp, a.m.k. í sinni áheyrn. Hann hefði ekki heldur heyrt hann neita því. Þeir hefðu síðan elt seinni leigubifreiðina, sem Svenni fór inn í, í þeim tilgangi að vita deili á honum, en Hrafn hefði sagt sér, að hann hefði ekki haft upp úr piltinum nafn hans og heimilisfang. Þá lýsir hann á sama veg og Hrafn ferð þeirra að lögreglustöðinni og þaðan að Njálsgötu 39.

Sveinn Benedikt Jónasson kvaðst hafa hafið áfengisneyslu ásamt bróður sínum, Þóri Karli, á Njálsgötu 39, heimili Þóris Karls, þetta kvöld. Þeir hefðu drukkið þar um þrjú glös af áfengi hvor. Þaðan fóru þeir á Hótel Borg og drukku eitt glas hvor af áfengisblöndu. Um miðnætti fóru þeir á Fógetann og drakk hann þar tvö glös af áfengisblöndu. Þar voru þeir dágóða stund, en um kl. 00.30 fóru þeir þaðan ásamt kunningjum Þóris Karls sem þeir hittu þar. Hann var lítillega ölvaður, en bróðir ódrukkinn. Fyrir dómi breytti hann þeim framburði að bróðir sinn hefði drukkið ofangreint áfengi og taldi hann að bróðir sinn hefði ekkert áfengi drukkið. Svipuðust þeir eftir leigubíl þegar út var komið. Heyrði hann þá bróður sinn kalla og sá hvítan bíl nálgast. Við þetta brá honum og lagðist hann upp á vélarhlífina. Þegar hann áttaði sig á hvað hann hafði gert tók hann viðbragð og hljóp í burtu í átt að þeim sem hann var með. Hann kvaðst ekki vita nánar hvernig þetta gerðist eða af hverju. Fyrir dóminum bar hann hins vegar að hann hefði lent á hálkubletti á götunni og runnið til og við það dottið. Skömmu seinna kom ökumaðurinn og fóru þeir afsíðis til að tala saman. Sagði ökumaðurinn honum að hann hefði dældað vélarhlífina.

Á meðan þeir ræddu saman kom Þórir Karl og fleira fólk þarna að. Varð talsverður æsingur og sumir vildu láta hnefaréttinn ráða. Eftir smávægilegar ryskingar fóru þeir og skoðuðu bifreiðina, en eftir því sem þeir best gátu séð, sáu þeir ekki svo mikið sem rispu. Ökumaðurinn var alveg óður og vildi fá nafn hans og heimilisfang. Sagði hann honum það. Við svo búið fór hann ásamt bróður sínum og fleirum að Njálsgötu 39.

Þórir Karl Jónasson bar að hann hefði einskis áfengis neytt er hann kom ásamt Sveini Benedikt og fleira fólki út af Fógetanum, hann hefði verið allsgáður. Sveinn Benedikt hefði aðeins dregið sig út úr hópnum, annaðhvort farið út á undan þeim eða eftir. Skyndilega sá hann bróður sinn uppi á vélarhlífinni. Fór hann strax niður aftur. Skömmu seinna kom ökumaðurinn út. Voru hann og Sveinn Benedikt í einhverju tuski, en ekki kom til áfloga. Spurði ökumaðurinn Svein Benedikt að nafni og hvar hann ætti heima. Sagði Sveinn Benedikt honum fullt nafn og heimilisfang að Njálsgötu 39. Hins vegar hefði einhver strákur kallað til Sveins að hann skyldi ekki gefa upp nafn sitt. Eftir þetta slepptu ökumaðurinn og Sveinn Benedikt taki hvor á öðrum, en Þórir Karl ásamt öðrum strák tóku í hann og sögðu honum að hætta þessum látum. Fór hópurinn síðan að Njálsgötu 39 í tveim leigubílum, en ökumaðurinn elti þá.

Í skýrslu Júlíusar um aðdragandann að máli þessu segir m.a. að tjónþoli, þ.e. Hrafn Árnason, hafi komið á lögreglustöðina og borið að maður, sem héti Sveinn, hefði hent sér upp á vélarhlíf bifreiðar sinnar og haldið að Njálsgötu 39. Þeir lögreglumennirnir hafi haldið þangað og komu tjónþolinn og vitnið með þeim í lögreglubifreiðinni.

Samkvæmt segulbandsupptöku fjarskipta hafði Árni samband við fjarskipti kl. 01.02. Varð Viðar S. Waage fyrir svörum. Kvað Árni son sinn hafa orðið fyrir því að piltur hefði stokkið upp á vélarhlíf bifreiðar hans með þeim afleiðingum að hún skemmdist dálítið. Vissi sonur sinn að pilturinn væri á Njálsgötu. Bað Árni um heimild til að „fara í málið" og veitti Viðar honum þá heimild.

Í skýrslu Júlíusar um ferð þeirra að Njálsgötu 39, handtöku á Sveini Benedikt Jónassyni, vistun hans í fangaklefa og í framhaldi af því handleggsbrot hans segir m.a. að Sveinn Benedikt hafi verið handtekinn við húsið og færður fyrir S.H. varðstjóra sem fjallaði um mál hans og úrskurðaði í fangaklefa, en Sveinn hefði unnið skemmdarverk á bifreið. Í fangageymslu hefði verið að störfum Guðrún Jóna Sigurðardóttir og Jóhann Eyþórsson sem báðu Svein að tína upp úr vösum sínum og afklæðast yfirhöfn. Þá hefði Sveinn upphafið heitingar og æst mjög. Tóku þeir lögreglumennirnir og Jóhann þá Svein föstum tökum og hófu að færa hann úr yfirhöfn, en allan tímann braust Sveinn um. Ekki hafði svo lengi gengið þegar smellur kvað við. Kveinkaði Sveinn sér vegna sársauka í vinstri hand-

legg og var farið með hann á slysadeild Borgarspítalans. Kom þá í ljós að vinstri handleggur hans var brotinn.

B.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna og ákærðu að því er varðar ákæruefni eins og því er lýst í ákæru.

I.

1. Ákærði Árni kveðst hafa starfað um árabil sem lögreglumaður, fyrst úti á landi, en frá 1. febrúar 1987 hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Umrætt sinn hafi hann verið á vakt og verið í lögreglubifreiðinni R 20031 (nr. 31) með þeim lögreglumönnunum Júlíusi Óla Einarssyni og Grími Grímssyni. Samkvæmt varðskrá hafi þeir átt að sinna verkefnum á varðsvæði 2, sem er austan Snorrabrautar. Þar sem hann bar lægst númer var hann jafnframt stjórnandi áhafnarinnar. Bifreiðunum sé stjórnað af fjarskiptadeild, en yfirmaður sinn sé aðalvarðstjóri á vaktinni. Þeir hafi verið staddir í Kringlunni þegar kallað var á þá frá fjarskiptum og þeir beðnir að koma á stöðina þar sem þar væri maður sem vildi hafa tal af honum. Óku þeir að aðaldyrunum. Þar beið þá sonur hans, Hrafn, ásamt vini sínum, Guðna Sveini. Skýrði Hrafn honum frá því að bifreið sín hefði orðið fyrir skemmdum af völdum manns í Aðalstræti. Þar hefði þessi maður hent sér upp á vélarhlífina á bílnum. Hann sagðist ekki vita hvað þessi maður héti, en hann teldi að hann væri í húsi nr. 39 við Njálsgötu. Þangað hefði hann veitt eftirför leigubifreið sem maðurinn var í. Hrafn hefði sagt að hann hefði reynt að fá upp nafn mannsins, en hið eina, sem hann vissi, væri að hann hefði heyrt hann kallaðan Svenna.

Árni kvaðst hafa lagt lögreglubifreiðinni við hlið bifreiðar Hrafns og skoðað bifreið Hrafns þar sem hún stóð fyrir utan lögreglustöðina. Hann hefði greinilega séð ákomu og för á vélarhlífinni hægra megin framan til eða hægra megin við miðju. Bíllinn hefði verið hreinn, en mjög rykugur og greinileg dæld eða dældir sem spegluðust í útilýsingunni, en þurrt var og frost. Hinir lögreglumennirnir hefðu ekki skoðað bifreiðina með sér.

Er hann hafði heyrt málavöxtu hjá Hrafni skýrði hann Júlíusi og Grími frá þeim og fór við svo búið inn til stöðvarmannsins og hringdi í Viðar Waage, varðstjóra á fjarskiptum, tilkynnti honum, hvað gerst hefði, og spurði hvort hann gæfi sér heimild til að kanna málið. Jafnframt tilkynnti hann honum að Hrafn vissi, hvar tjónvaldurinn héldi sig. Hafi Viðar samþykkt, að þeir færu að Njálsgötu 39.

Þeir hafi haldið í lögreglubifreiðinni með Hrafni og Guðna Sveini sem leið lá að Njálsgötu 39. Þar fóru þeir lögreglumennirnir út úr bifreiðinni og knúðu á dyr. Hið eins, sem þeir vissu um tjónvaldinn, var það, sem

Hrafn hafði sagt þeim, þ.e., að hann væri kallaður Svenni. Dyrum lauk upp fyrir þeim ungur maður, sem sagðist vera húsráðandi.

Við yfirheyrslu hjá RLR er bókað eftir Árna, að þegar maðurinn kom til dyra, hafi þeir spurt eftir Sveini, en við meðferð málsins kvað ákærði þetta ekki rétt. Þeir hafi spurt eftir Svenna, enda ekki vitað þá, að maðurinn héti Sveinn. Maðurinn hafi brugðist illa við komu þeirra, sagt, að þeir hefðu þarna ekkert að gera og þá varðaði ekkert um bróður sinn. Þeir hafi ekki beðið um leyfi til að fara inn í húsið, enda hafi það ekki verið ætlunin, heldur einungis að fá upplýsingar um nafn og heimilisfang piltsins. Hann hafi sagt, að hann vissi um erindi þeirra, og eftir þessi orðaskipti hefði hann kallað á Svenna. Þá hefði piltur komið út fyrir dyrnar. Þeir hefðu reynt að ræða í rólegheitum við hann, en án árangurs. Húsráðandi og Svenni hefðu báðir virst ölvaðir. Þar sem hvorki gekk né rak að ræða við piltinn eða fá hann til að svara spurningum hefðu þeir beðið hann að koma með sér út í lögreglubílinn. Hann hefði viljað það og farið með þeim sjálfviljugur. Áður en til þess kom hefði bæði verið búið að spyrja piltinn og bróðurinn um nafn hans, en hvorugur viljað svara. Hins vegar minntist hann þess ekki að þeir hefðu beðið hann um skilríki.

Pilturinn fór með Grími inn í bílinn. Kom þá bróðir piltsins og fór að skattyrðast við þá og æsa piltinn upp. Reyndi Árni að róa bróðurinn og útskýra fyrir honum málavöxtu, en það tókst ekki. Júlíus var þá á leið inn í bílinn, en sjálfur var hann að búa sig undir að fara inn um rennihurð á hlið bílsins. Vissi hann ekki fyrr til en hurðinni er allt í einu rennt upp og stökk Svenni á hann þar sem hann stóð fyrir utan. Vörnuðu þeir honum útgöngu, en ákærði kvaðst ekki geta fullyrt með vissu hvar hinir lögreglumennirnir voru, utan við bílinn eða í honum. Er þeir reyndu að varna honum útgöngu flaugst hann á við þá og tók engum sönsum. Hann hefði brotist um og engin leið hefði verið að róa hann. Hefði þetta endað með því að þeir færðu hann í handjárn. Hann minntist þess ekki að einn þeirra hefði öðrum fremur ákveðið að handjárna piltinn. Minnti hann að þegar honum hefði dottið í hug að járna Svein hefði Grímur verið kominn með járnin í hendurnar. Er ákærða var bent á þann framburð Gríms að hann hefði beðið Grím um að handjárna piltinn kvaðst hann ekki minnast þess, en kvaðst ekki þræta fyrir að svo hefði verið.

Á meðan á þessu stóð voru þeir allir þrír, að því er hann minnti, komnir inn í lögreglubifreiðina, en auk þeirra og piltsins voru þar Hrafn og Guðni Sveinn, en hinir tveir síðarnefndu fóru aldrei út úr henni í ferðinni til og frá Njálsgötu 39.

Ákærði kvaðst hafa séð fulla ástæðu til að varna ákærða útgöngu eins og hér stóð á, pilturinn hefði neitað að segja til nafns, sýnt mótþróa, verið í átökum við þá og engum sönsum tekið. Undir slíkum kringumstæðum

sé venjan vegna öryggis mannsins sjálfs, lögreglumannanna og annarra að beita handjárnum.

Við þessar aðstæður hefði vegna hegðunar piltsins og viðbragða að sínu mati ekki verið um annað að ræða en handjárna piltinn og handtaka. Aðgerðir þeirra hefðu ekki verið of harkalegar miðað við aðstæður. Pilturinn hefði ekki gefið upp nafn sitt, dvalarstað eða heimili og þeir ekki átt á vísan að róa með það síðar. Hann hefði ekki heldur getað treyst orðum húsráðanda eins og framkomu hans var háttað.

Í framhaldi af þessu kvaðst ákærði hafa ekið, sem leið lá, á lögreglustöðina. Sveinn hefði setið rólegur aftur í við hlið lögreglumannsins á leiðinni, þ.e. hann hefði ekki brotist um, en verið mjög æstur og reiður. Hann hefði ekki orðið var við að Sveinn viðurkenndi verknaðinn eða segði til nafns á leiðinni á lögreglustöðina, en þegar lagt var af stað hefði Sveinn enn lýst yfir að hann hefði ekkert við þá að tala.

Aðspurður um það, hvort Júlíusi og Grími hafi verið kunnugt um að Hrafn væri sonur hans, kvaðst hann telja að Júlíusi ætti að hafa verið um það kunnugt því að þeir hefðu oft hist áður.

Vitnið Júlíus Óli Einarsson bar á sama veg og ákærði um aðdragandann að komu þeirra á lögreglustöðina. Er þeir komu þangað hefði komið í ljós að maður sá, er þar var vegna skemmda á bifreið sinni, var sonur ákærða Árna. Hann hefði séð út um hliðarrúðuna þar sem hann sat í framsæti lögreglubifreiðarinnar að mjög lítil dæld var hægra megin á vélarhlíf bifreiðar Hrafns, en bifreiðarnar stóðu samsíða. Árni stóð úti við bílinn og benti honum þaðan á skemmdirnar.

Samkvæmt frásögn Árna hefði Hrafni eingöngu verið kunnugt um að tjónvaldur var kallaður Svenni og að hann hefði farið inn í húsið nr. 39 við Njálsgötu. Hann minntist þess ekki að Hrafn hefði verið spurður um málavexti á leiðinni að Njálsgötu 39.

Tilgangurinn með ferðinni að Njálsgötu 39 hefði verið sá að hafa uppi á þeim, sem tjóninu olli, og málavöxtum vegna þess.

Er þangað kom hefði húsráðandi látið ólíkindalega í byrjun, en skýrt síðan frá atvikinu og kannast við það, en sagt að bróðir sinn hefði ekki átt þátt í því. Hann minntist þess ekki hvort húsráðandi var spurður að nafni. Eftir nokkrar vífilengjur hefði húsráðandi kannast við að bróðir sinn væri þar inni. Hafi hann komið fram og byrjað að ræða við þá í dyragættinni, en viðræðurnar gengið illa þar sem bróðirinn (húsráðandinn) var sífellt að trufla þá. Þeir hafi spurt piltinn, sem var greinilega ölvaður en þó ekki slagandi, að nafni og reynt að ræða við hann um atburðinn í Aðalstrætinu, en hann ekki viljað ræða þetta, og hafi bróðir hans, sem bæði var æstur og málglaður, átt þar mikinn þátt að. Þess vegna hefðu þeir beðið piltinn að koma og ræða við sig úti í lögreglubifreiðinni, og hefði hann

þá komið með þeim sjálfviljugur út í bifreiðina. Hann hefði einnig verið spurður að nafni eftir að hann kom inn í bifreiðina, en neitað að gefa það upp. Hann minntist þess ekki að pilturinn hefði verið krafinn skilríkja.

Júlíus kveðst hafa sest í framsætið hægra megin, en Grímur sest aftur í, hægra megin næst hurðinni, að því er hann minnti. Voru þeir nýfarnir að ræða við piltinn um atvikið við Fógetann. Árni var þá fyrir utan á tali við bróður piltsins og var bróðirinn mjög æstur. Virtist honum pilturinn æsast mjög við að heyra í bróður sínum því að hann hefði sprottið upp, rennt upp hurðinni, en þeir Árni og Grímur vörnuðu því að hann kæmist út. Árni og Grímur hefðu svo handjárnað piltinn, en ekki heyrði hann hvað þeim fór á milli. Minnti hann að Grímur hefði tekið upp handjárnin, en þeir Árni járnað hann í sameiningu.

Er vitninu Júlíusi var kynntur sá framburður Sveins Benedikts að hann hefði fyrst orðið æstur er hann varð þess áskynja að þeir ætluðu ekki að sleppa honum út úr bílnum, sagði hann að þeir hefðu fyrst sagt honum að þeir ætluðu með hann niður á stöð eftir að þeir handjárnuðu hann. Æsingur piltsins hefði fyrst og fremst stafað af því er hann heyrði í bróður sínum fyrir utan með æsing og hávaða.

Júlíus taldi fráleitt að reyna að halda uppi samræðum við piltinn þarna á staðnum eins og ástatt var og því hefði þeim þótt rétt að færa hann fyrir varðstjóra til þess að fá umbeðnar upplýsingar, enda vildi hann hvorki gefa upp nafn né heimilisfang og var orðinn mjög æstur. Hann hefði allan tímann verið mjög æstur, þó misjafnlega mikið. Á leiðinni á stöðina hefði hann verið æstur og sýnilega ölvaður, en ekki sýnt mótþróa. Hann minntist þess ekki að hafa orðið þess áskynja að pilturinn hefði viðurkennt verknaðinn á leiðinni.

Vitnið Grímur Grímsson lýsti aðdraganda þess, að þeir fóru að lögreglustöðinni og Njálsgötu 39, á sama veg og Júlíus. Hann kvaðst hins vegar enga hugmynd hafa haft um það að Hrafn væri sonur ákærða Árna. Hann kvaðst hafa litið út um glugga lögreglubifreiðarinnar á bifreið Hrafns, þegar hún stóð fyrir utan lögreglustöðina, og séð tvær litlar dældir á vélarhlífinni.

Á leiðinni að Njálsgötu 39 hefðu piltar þeir, sem komu með þeim, sagt að þeir hefðu verið í kyrrstæðri bifreið fyrir utan Fógetann þegar maður kom og hoppaði upp á vélarhlíf bifreiðarinnar og til stympinga hefði komið. Piltarnir hefðu sagt að maður þessi héti Sveinn og væri í tilteknu húsi við Njálsgötu.

Er þeir komu að Njálsgötu 39 hefði Júlíus barið þar upp á og virtist þar vera gleðskapur. Eftir nokkra bið kom maður til dyra og kvaðst vera húsráðandi. Þeir hefðu spurt eftir Sveini, en maðurinn sagt að þar væri enginn Sveinn. Eftir ítrekaðar spurningar hefði maðurinn samt viðurkennt að Sveinn bróðir sinn væri þarna, kallað á hann og beðið hann að koma

fram. Sveinn hefði greinilega verið undir áfengisáhrifum, en vel viðræðuhæfur. Þar sem samkvæmi var í húsinu og þeir vildu ræða við Svein í næði bað Júlíus hann að koma með þeim út í lögreglubílinn og ræða við þá og féllst hann á það. Fylgdi bróðirinn á eftir. Þar kvaðst Grímur hafa haft tal af honum. Bróðirinn var æstur og ölvaður og leiður vegna þessa atviks, en Grímur taldi ekki að tilgangur bróðurins hefði verið sá að æsa Svein. Hann hefði ekki spurt bróðurinn um nafn og heimilisfang Sveins þar sem hann taldi að Sveinn mundi sjálfur segja þeim það í bifreiðinni þar sem hann fór þangað sjálfviljugur. Á meðan hann talaði við bróðurinn voru þeir Sveinn, Júlíus og piltarnir tveir, sem komu með þeim, í lögreglubifreiðinni, en hvað þeim fór á milli vissi hann ekki. Þegar hann opnaði hurðina og ætlaði inn í bifreiðina var Sveinn, sem var talsvert ölvaður, orðinn æstur og ósáttur við þá sem inni voru og reyndi hann að komast út. Kom til átaka milli þeirra lögreglumannanna og Sveins og höfðu þeir hann undir.

Í skýrslu sinni hjá RLR er haft eftir Grími að hann minni að Árni hafi beðið sig um handjárnin, en hann þá þegar haft þau tilbúin. Við meðferð málsins kvaðst hann telja að Árni hefði spurt sig um þau. Hefði hann haft þau tilbúin og handjárnað Svein. Sjálfgefið hefði verið að handjárna hann þar sem hann braust um í tökum. Þá hefðu þeir reynt að róa Svein með því að spyrja hann að nafni og heimilisfangi, þ.e. Árni hefði gert það, en það hefði ekki tekist. Þess vegna hefðu þeir tekið þá ákvörðun að fara með hann niður á stöð, þar sem það tíðkist, vilji menn ekki gefa upp nafn sitt.

Á leiðinni á stöðina hefði hann reynt að róa Svein sem sat við hlið hans og var hann sæmilega rólegur. Í umræðum þeirra hefði Sveinn viðurkennt fyrir honum verknaðinn og lýst sig reiðubúinn að greiða bætur. Þar sem stutt var á leiðarenda og stjórnandi þeirra við akstur hefði ekki komið til álita að sleppa Sveini, enda heyrðu þeir Júlíus og Árni, sem sátu frammi í, ekki þessar viðræður. Hann hefði ekki fengið upplýsingar um frekari deili á Sveini, enda hefði hann ekki verið að taka af honum skýrslu þarna á leiðinni.

Vitnið Sveinn Benedikt Jónasson kvaðst hafa drukkið úr einu glasi af áfengisblöndu eftir að hann kom að Njálsgötu 39 með bróður sínum og fleira fólki umrædda nótt. Hann hefði verið lítillega ölvaður, en bróðir sinn ódrukkinn, enda ekkert áfengi drukkið.

Sveini Benedikt var við meðferð málsins bent á framburð sinn fyrir RLR varðandi það áfengi sem þeir bræður drukku og rakið er í kafla A. Kvaðst hann nú telja að það væri ekki rétt, bróðir sinn hefði ekkert áfengi drukkið.

Eftir 30 - 45 mínútur komu lögreglumenn og með þeim ökumaður bifreiðarinnar, sem hann lenti uppi á í Aðalstræti, og vinur hans. Þórir Karl

hafi fyrst rætt við þá, en kom svo til hans og sagði að lögreglan vildi ræða við hann. Þegar hann kom út á tröppurnar spurðu lögreglumennirnir þrír hann spurninga um það hvað gerst hafði í Aðalstræti og hefði hann svarað þeim, en þeir hefðu ekki trúað sér og beðið sig að fara með sér út í lögreglubifreiðina. Þar yfirheyrðu lögreglumennirnir hann og sögðust myndu sleppa honum ef hann segði sannleikann. Eftir smátíma hefði hann viðurkennt að hafa gert þetta vísvitandi sem var ekki rétt þar sem hann hafði lent, svo sem áður er lýst, uppi á vélarhlífinni. Þá spurðu þeir hann að nafni og heimilisfangi inni í bifreiðinni og gaf hann þeim upp fullt nafn og heimilisfang. Er þetta var voru í lögreglubifreiðinni ofangreindir tveir menn, sem voru í bifreiðinni í Aðalstræti, og tveir lögreglumenn sem fóru inn í hana aftan til, en hann kvaðst ekki vera viss um hvar þeir sátu í bifreiðinni.

Er hann hafði gefið lögreglumönnunum þessar upplýsingar vildi hann komast út úr bifreiðinni þar sem hann sá enga ástæðu til að vera þar lengur, en þeir lokuðu bifreiðinni og sögðu að hann yrði að koma með sér á lögreglustöðina. Hann varð þess var að Þórir Karl, bróðir sinn, stóð fyrir utan bifreiðina og var hann orðinn eitthvað æstur. Kallaði Þórir Karl til hans. Af öllum þessum ástæðum kvaðst hann hafa reynt að komat út úr bifreiðinni.

Þá hefðu tveir lögreglumannanna ráðist að sér, en hvort þeir voru þá allir í bifreiðinni kvaðst hann ekki geta fullyrt. Vel gæti verið að annar þeirra, sem á sig réðst, hefði staðið utan við bifreiðina. Hins vegar hefðu tveir þeirra staðið að því að handjárna sig, og hefðu þeir báðir verið inni í bifreiðinni.

Á leiðinni í lögreglubifreiðinni hefði hann viðurkennt á ný að hann hefði lent uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar í Aðalstræti og lýst sig reiðubúinn að bæta tjón sem af þessu hefði hlotist. Þetta hefði hann gert til þess að þeir létu sig lausan.

Vitnið Þórir Karl Jónasson kvaðst hafa verið orðinn talsvert undir áhrifum áfengis er lögreglan kom að heimili hans umrætt sinn. Hann hefði hafið áfengisneyslu eftir að hann kom heim. Um 15 - 30 mínútum eftir að þeir komu heim hefði lögreglan komið. Fór hann til dyra. Spurðu þeir hvort Sveinn Jónasson ætti heima þarna og náði hann í Svein.

Við meðferð málsins var Þóri Karli bent á framburð lögreglumannanna um það að þeir hefðu ekki vitað önnur deili á Sveini en hann væri kallaður Svenni. Hélt Þórir Karl fast við framangreindan framburð sinn. Hann kvaðst ekki hafa heyrt viðræður lögreglumannanna við Svein eftir að Sveinn kom út til þeirra, en Sveinn hefði farið sjálfviljugur með þeim út í lögreglubílinn. Fór hann þá inn til sín á ný, en kom að vörmu spori aftur út og spurði lögreglumennina hvort Sveinn Benedikt færi ekki að koma.

Gekk hann á eftir lögreglumönnunum og fór að ræða við einn þeirra. Var hann með einhvern „kjaft" við lögreglumanninn og kallaði til bróður síns hvort hann ætlaði ekki að fara að koma eða eitthvað í þeim dúr. Sá hann þá einhver átök inni í lögreglubifreiðinni og í framhaldi af því hefði Sveinn verið handjárnaður.

Vitnið Hrafn Árnason kvað þá Guðna Svein hafa beðið inni í lögreglubifreiðinni á meðan lögreglumennirnir knúðu dyra á Njálsgötu 39.

Sveinn kom síðan út eftir smástund og kom sjálfviljugur inn í bílinn. Þegar búið var að loka hurðinni á bílnum kom þarna að maður og fór að „rífa kjaft". Þá æstist Sveinn allur upp og varð alveg óður. Í þann mund, er Júlíus var að fara inn í framsæti bifreiðarinnar, hefði Sveinn opnað hliðardyrnar og gert sig líklegan til að stökkva út, en lent í fanginu á Grími og Árna sem þá handjárnuðu hann. Þetta hefði borið brátt að og kvaðst Hrafn ekki vita hvort einhver einn þeirra tók þá ákvörðun að handjárna Svein. Ekki hefði gefist ráðrúm til að tala við Svein áður en hann var handjárnaður, en eftir það reyndu lögreglumennirnir að róa hann og spyrja hann um nafn og heimilisfang. Hann kvaðst ekki hafa heyrt hvað þeim Sveini og Grími fór á milli á leiðinni, Sveinn hefði setið rólegur í bílnum, en þó verið greinilega ölvaður og æstur í fasi.

Vitnið Guðni Sveinn lýsti komunni á Njálsgötu 39 á sama veg og Hrafn. Lögreglumennirnir hefðu allir þrír farið heim að dyrunum, en komið eftir stutta stund aftur með piltinn sem henti sér upp á vélarhlífina í Aðalstræti. Pilturinn hefði gengið inn í lögreglubifreiðina og sest við hlið Hrafns í aftursætið. Lögreglumennirnir lokuðu hurðinni og fóru að tala við einhvern mann sem var fyrir utan, en sá hefði verið með einhverjar hótanir. Pilturinn vildi strax komast út, en þá hefðu lögreglumennirnir þrír komið inn um hliðardyrnar og annar þeirra ásamt Árna handjárnað piltinn. Hinn þriðji fór síðan út og settist farþega megin í framsætið. Hann kvaðst ekki hafa heyrt orðaskipti milli lögreglumannanna og Sveins, hvort þeir spurðu hann að nafni eða um skilríki, hvorki fyrir né eftir að hann var handjárnaður. Sá lögreglumannanna, sem settist við hlið hans, hefði reynt að róa Svein, en hvað þeim fór á milli vissi hann ekki. Sveinn hefði verið rólegur á leiðinni, en þó talsvert ölvaður og óánægður. Hann hefði ekki orðið var við að hann hefði viðurkennt atburðinn á leiðinni.

Viðar Guðmundsson Waage kvaðst hafa verið varðstjóri í stjórnstöð (fjarskiptum) umrætt sinn. Hann kannaðist við þá starfslýsingu lögreglustjórans í Reykjavík frá 1. janúar sl. sem honum var sýnd við yfirheyrslur hjá RLR og við meðferð málsins, svo og að eftir henni væri starfað. Samkvæmt henni skulu tveir starfsmenn vera á vakt á fjarskiptum, annar þeirra varðstjóri. Þá segir í starfslýsingunni að sé um bráðaútkall að ræða

skuli varðstjóri beina ökutækjum á brotavettvang og stjórna því hvaða ökutæki fari þangað.

Þá kannaðist hann einnig við samtal sitt við ákærða Árna sem skráð er eftir segulbandsupptöku fjarskipta, sbr. kafla A.

Viðar kvaðst ekkert athugavert hafa séð við það að gefa Árna heimild til að sinna þessu máli þar sem Árni hefði ætlað að fara á staðinn til að fá upp nafn og upplýsingar, og þá heimild hefði hann gefið. Hins vegar væru hvorki fyrir hendi munnleg né skrifleg fyrirmæli um það að lögreglumenn að störfum skuli ekki sinna málum sem varða að einhverju leyti skyldmenni eða kunningja.

Viðar sagði að umrædda nótt hefði lögreglubifreiðin 31 (R20031), sem ákærði Árni var að störfum í, átt að vera samkvæmt lögregluvarðskrá á varðsvæði 2, en það sé austan Snorrabrautar. Meginreglan sé sú að lögreglubifreiðunum sé haldið innan hvers varðsvæðis sem úthlutað sé. Hins vegar hefði hann heimild til að senda lögreglubíla milli varðsvæða eftir ástæðum og verkefnaþunga hverju sinni. Í þessu tilviki hefði ákærði, stjórnandi bifreiðar nr. 31, óskað heimildar til að sinna máli á öðru varðsvæði, þ.e. á varðsvæði 1. Hefði hann veitt ákærða Árna þessa heimild þar sem Árna hefði verið umhugað um að sinna þessu máli. Jafnframt hefði sér verið ljóst að Árni væri yfirvegaður og rólegur í starfi sínu og ekki ástæða til að ætla annað en hann gengi að því með sama hugarfari. Hann hefði vitað að um son Árna hefði verið að ræða, en ekki að sonurinn væri starfandi lögreglumaður, svo sem unnt væri að sjá af framangreindri útskrift segulbandsupptökunnar af samtali þeirra.

Vitnið Jónas Jón Hallsson, sem var aðalvarðstjóri á vakt umrætt sinn og sem slíkur æðsti yfirmaður á vakt, kvað framangreinda starfslýsingu vera í gildi og unnið væri eftir henni. Á fjarskiptum hefði Viðar G. Waage verið varðstjóri, en í fangamóttöku Valgarður Sveinn Hafdal.

Hann bar að borginni væri skipt í fjögur varðsvæði. Fengi áhöfn hvers bíls fyrirmæli í byrjun vaktarinnar um það hvaða varðsvæði hún ætti að sinna. Það væri óskráð regla að sá lögreglumannanna, sem lægst númer bæri og því með lengstan starfsaldur, væri stjórnandi áhafnarinnar nema annað væri tekið fram. Í þessu tilviki hefði Árni verið stjórnandinn. Engar skriflegar reglur væru þegar svo stæði á að skyldmenni lögreglumanna ættu hlut að máli, slík afskipti ættu ekki að eiga sér stað að sínu mati. Sér hefði ekki verið kunnugt um það að sonur Árna hefði átt hér hlut að máli fyrr en kvöldið eftir þennan atburð. Þá hefði sér ekki verið kunnugt að Viðari G. Waage var þetta ljóst er hann veitti ákærða heimild til að fara að Njálsgötu 39.

Vitnin Gunnlaugur Sigurðsson, Gunnleifur Kjartansson og Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumenn skoðuðu bifreið Hrafns, R39935, af

gerðinni Mazda,árgerð 1987, hvíta að lit, fyrir hádegi daginn eftir umræddan atburð, þar sem hún stóð í bílskúr við heimili hans.

Samkvæmt framburði þeirra skoðuðu þeir bifreiðina, aðallega með tilliti til skemmda á vélarhlíf. Enginn þeirra kom auga á skemmdir, hvorki á vélarhlíf né öðrum stöðum. Benti Hrafn þeim á að ef ljós félli „þannig" á vélarhlífina mætti greina dæld, að vísu mjög litla. Við skoðun bifreiðarinnar var góð birta og bifreiðin hrein og þurr.

Vitnið Friðbjörn Kristjánsson bílasmiður kvað tvo menn hafa komið til sín 18. febrúar sl. og beðið sig að meta skemmdir á vélarhlíf bifreiðarinnar R39935. Hann hefði engin deili vitað á þessum mönnum. Við skoðun á bifreiðinni hefði ekki farið á milli mála að skemmd var á vélarhlífinni, þ.e. aflíðandi dæld. Þetta hefði hann fundið með því að strjúka yfir vélarhlífina og séð það þegar sér var á það bent svo og þegar hann settist undir stýrið og horfði eftir vélarhlífinni. Bifreiðin hefði verið hvít og því ljósari sem bifreiðar væru því erfiðara væri að sjá dældir af þessu tagi. Erfitt gæti verið fyrir leikmenn og þá, sem ekki eru því kunnugri bílum, að sjá slíkar dældir. Auðvelt væri að finna slíka dæld með því að setja „afréttara" yfir dældina. Sjáanlegar lakkskemmdir hefðu ekki verið á bifreiðinni, en „hitapunkta" hefði þurft til að strekkja stálið á vélarhlífinni sem sýni að tognun hafi verið í stálinu.

Friðbjörn kannaðist við matsgerð sína um ætlaðan kostnað við viðgerð á bifreiðinni, að fjárhæð 7.862,00 krónur, svo og reikning sinn, að fjárhæð 7.862,00 krónur, vegna réttingarvinnu sinnar, en gögn þessi voru honum sýnd við meðferð málsins. Þá liggur einnig frammi í málinu ljósrit af reikningi Bílamálunar sf., að fjárhæð 10.687,00 krónur, en Friðbjörn kvað það fyrirtæki, sem er til húsa við hlið fyrirtækis hans, hafa annast málningarvinnuna á bifreiðinni.

2. Svo sem fram kemur í kafla A var Sveinn Benedikt færður fyrir varðstjóra er komið var með hann á lögreglustöðina. Samkvæmt segulbandsupptöku fjarskipta er koma lögreglubifreiðarinnar í móttöku tilkynnt til fjarskipta kl. 01.15. Samkvæmt bókun í svokallaða „fangabók", en samkvæmt henni skal varðstjóri færa upplýsingar um handtekna menn, var Sveinn Benedikt færður í fangamóttöku kl. 01.20.

Ákærði Valgarður Sveinn Hafdal var, svo sem fram er komið, varðstjóri í fangamóttökunni. Hann kannaðist við framangreinda starfslýsingu, sem honum var sýnd við yfirheyrslu fyrir RLR, og við meðferð málsins svo og að eftir henni væri starfað.

Hann kvaðst hafa starfað við lögreglustjóraembættið í Reykjavík tæp 18 ár, þar af tæp sex ár sem varðstjóri og sem staðgengill aðalvarðstjóra undanfarin þrjú ár.

Hann hefði verið staddur í fangageymslu þegar hann var beðinn að koma

í fangamóttökuna. Er hann kom þangað voru þar meðákærði Árni, Júlíus og Grímur. Voru þeir með handjárnaðan mann í tökum. Maðurinn hefði verið bæði mjög æstur og ölvaður. Árni hefði haft orð fyrir þeim lögreglumönnunum og skýrt sér frá aðdraganda málsins. Skýrði hann svo frá í viðurvist hins handtekna að maðurinn hefði valdið talsverðum skemmdum á bifreið í Aðalstræti með því að stökkva upp á vélarhlíf hennar í drykkjulátum. Hann hefði verið að koma af Fógetanum og slangrað út á götuna. Eigandinn hefði farið út úr bifreiðinni og reynt að ræða við manninn sem svarað hefði illu einu og neitað að segja á sér deili. Hann hefði síðan ásamt félögum sínum farið í leigubifreið og reynt að stinga af. Bifreiðarstjórinn hefði fylgt á eftir og séð hvar maðurinn fór inn í húsið nr. 39 við Njálsgötu. Síðan hefði Árni komið á lögreglustöðina og beðið um aðstoð vegna máls þessa. Þeir hefðu svo farið að umræddu húsi, kvatt dyra og eftir nokkurt þóf fengið manninn til að koma út í lögreglubifreiðina. Voru þeir byrjaðir að ræða þar við hann þegar bróðir hans kom út að lögreglubifreiðinni og fór að blanda sér í málið. Hefði bróðurnum á svipstundu tekist að æsa manninn svo að til handalögmála hefði komið og þeir orðið að færa manninn í handjárn og í framhaldi af því fært hann á lögreglustöðina.

Ákærði kvaðst enga hugmynd hafa haft um það að kærandi málsins væri sonur meðákærða Árna. Sér hefði fyrst verið það kunnugt undir morgun er Viðar G. Waage, varðstjóri á fjarskiptum, tilkynnti sér það.

Ákærði kvaðst hafa reynt að róa manninn, en það hefði ekki tekist. Hann hefði verið mjög áberandi ölvaður og æstur, sterkur áfengisþefur verið af honum og augun fljótandi. Ekki hefði komið fram í viðræðum þeirra að Sveinn Benedikt hefði verið svona æstur vegna handtökunnar. Taldi ákærði að æsingur hans hefði bæði stafað af ölvunarástandi hans og handtökunni þó að hann minntist þess ekki að maðurinn hefði mótmælt handtökunni.

Eins og ástandi Sveins Benedikts var háttað og þar sem ákærða hefði ekki tekist að róa hann hefði hann talið rétt að Sveinn Benedikt yrði ekki færður úr handjárnunum. Illa hefði gengið að ná samhengi í framburði Sveins Benedikts vegna ölvunar hans og æsings, en þó hefði hann sagt ákærða nafn sitt og heimilisfang og viðurkennt að hafa valdið skemmdum á bifreiðinni í einhverjum fíflalátum. Ekki minntist hann þess að Sveinn Benedikt hefði lýst sig reiðubúinn að greiða skaðabætur vegna tjónsins.

Vistun Sveins Benedikts hefði átt að standa um stundarsakir í því skyni að mesta áfengisvíman rynni af honum, en ákærði óttaðist að í þessu ástandi kynni Sveinn Benedikt að vinna sjálfum sér og öðrum tjón ef honum yrði sleppt. Það hefði fyrst og fremst verið vegna þessara ástæðna, þ.e. öryggisástæðna, sem hann tók ákvörðun um vistun Sveins Benedikts,

en ekki hefði verið ætlunin að vista hann til morguns vegna skýrslutöku um kæruefnið, þ.e. tjónsins á bifreiðinni.

Vistunin hefði ekki verið ætluð til ákveðins tíma, enda sé slíkt ekki venja, heldur hefði hann haft í huga að vitja Sveins Benedikts síðar og kanna ástand hans nánar og ræða við hann er ölvunin rynni af honum og hann yrði viðræðuhæfur.

Ekki hefði borið á góma að sleppa Sveini Benedikt lausum. Eins og ástandi hans var háttað hefði að mati ákærða verið tilgangslaust að reyna að tjónka við hann með því að segja honum að hann væri frjáls ferða sinna. Þó hefði sér komið í hug að láta færa hann úr handjárnunum og leyfa honum að fara frjálsum ferða sinna, en að athugðu máli og vegna reynslu sinnar við svipaðar kringumstæður hefði hann talið að slíkt myndi kosta frekari átök vegna þess ástands sem Sveinn Benedikt var í.

Ákærði sagði að hann hefði ekki bent Sveini Benedikt á rétt hans til þess að fá skipaðan réttargæslumann þrátt fyrir fyrirmæli sem fram komi um það í fyrrgreindri starfslýsingu fyrir varðstjóra. Slíkt sé ekki venja þegar handteknir menn eru illa drukknir og af þeim sökum óviðræðuhæfir. Hins vegar sé það gert síðar þegar mesta víman er runnin af mönnum. Þótt þessara fyrirmæla sé gætt væri þess ekki getið í frumskýrslu.

Er ákærði hafði tekið ákvörðun um skammtímavistun Sveins Benedikts í fangageymslu kvaðst hann hafa gefið þeim lögreglumönnum, sem með hann komu, fyrirmæli um að færa hann í fangageymslu. Ákærði fór ekki með þeim, enda tíðkist ekki að varðstjóri í fangamóttöku fylgi mönnum sem færðir eru þangað til vistunar, heldur sé hann áfram í fangamóttöku, en sjái svo um að lögreglumenn þeir, sem koma með hinn handtekna, annist þann flutning. Varðstjóri í fangamóttöku sé hins vegar yfir fangavörðum á vaktinni, en fangaverðir heyri þó aðallega undir aðalvarðstjóra á vakt hverju sinni. Hins vegar hafi varðstjóri í fangamóttöku enga aðstoðarmenn samkvæmt skipuriti.

Ákærði bar að hvort sem handteknir menn væru vistaðir til skamms tíma eða til morguns væri farið með þá í fangaklefa og þeir færðir úr yfirhöfn, sbr. framangreinda starfslýsingu. Ekki séu fyrir hendi aðrar vistarverur til skammtímavistunar.

Þegar lögreglumennirnir voru farnir með Svein Benedikt hefði hann rætt við Hrafn. Var frásögn Hrafns um málið á sama veg og lögreglumannanna. Í samtali þeirra hefði komið fram að Hrafn hefði nýlega hafið afleysingastörf í lögreglunni í Reykjavík. Hins vegar hefði ekki komið fram að hann væri sonur meðákærða Árna. Sér hefði fyrst verið um það kunnugt þegar Jónas Jón Hallsson aðalvarðstjóri og jafnframt yfirmaður sinn á þessari vakt hefði tjáð sér atburðinn í fangageymslunni um klukkustund síðar.

Er ákærða var bent á það að tímasetningar á komu lögreglubifreiðar-

innar á stöðina samkvæmt segulbandsupptöku fjarskipta og skráningu á komu Sveins Benedikts í gangamóttöku samkvæmt ,,fangabók", sem hann skráði umrætt sinn, kæmu ekki heim og saman (þ.e. um væri að ræða um 5 mínútna mun), bar ákærði að síðargreind tímasetning væri ekki nákvæm, því að líklega hefði hann ritað komu Sveins Benedikts í fangamóttöku í ,,fangabókina" eftir að lögreglumennirnir voru farnir áleiðis í fangageymslu, en ekki við komu þeirra í fangamóttöku.

Meðákærði Árni Ólafsson kvað þá þrjá, sig, Grím og Júlíus, hafa leitt Svein Benedikt fyrir ákærða Valgarð Svein er þeir komu með Svein Benedikt í fangamóttökuna. Hann hefði enn verið mjög æstur og ,,upptrekktur" og ófús að fara inn á stöðina. Hann hefði sem fyrr verið áberandi ölvaður, enginn vafi hefði leikið á því að hann var undir verulegum áhrifum.

Árni kvaðst að mestu hafa haft orð fyrir þeim. Hann hefði að Sveini Benedikt áheyrandi skýrt Valgarði Sveini frá málavöxtum, þ.e. frásögn Hrafns og því sem gerst hafði að Njálsgötu 39. Hann kvaðst ekki minnast þess hvort hann tjáði ákærða Valgarði Sveini að sonur sinn ætti hér hlut að máli.

Árni kvaðst ekki hafa verið viðstaddur samtal varðstjórans við Svein Benedikt því að dyrnar voru lokaðar og hann hefði brugðið sér frá til að færa lögreglubifreiðina frá útidyrunum, en skömmu síðar farið á ný inn í varðstjóraherbergið og hafði varðstjórinn þá úrskurðað Svein Benedikt í geymslu.

Júlíus bar að í fangamóttökunni hefði Árni lýst atvikum fyrir varðstjóra, ákærða Valgarði Sveini, fyrst tjóninu á bíl Hrafns og síðan því sem gerðist að Njálsgötunni. Kvaðst Júlíus hafa hlustað á varðstjórann ræða við Svein Benedikt sem enn var í handjárnunum. Reiðin hefði bráð af Sveini Benedikt, en þó hefði hann enn verið æstur. Hann hefði svarað spurningum varðstjórans eðlilega. Þá fyrst hefði Sveinn Benedikt skýrt frá nafni og heimilisfangi, lögheimili á Eskifirði og dvalarstað að Njálsgötu 39. Einnig hefði Sveinn viðurkennt að hann hefði hoppað í fíflagangi upp á vélarhlíf bifreiðar við Fógetann.

Sveinn hefði enn verið greinilega ölvaður, en þó ekki svo að hann slagaði. Að loknu viðtalinu við Svein Benedikt hefði Valgarður Sveinn ákvarðað að hann skyldi vistaður í fangageymslu.

Júlíus bar að ástand Sveins Benedikts hefði sökum æsings og ölvunar verið slíkt að hann hefði verið til alls líklegur og því óhæfur á almannafæri.

Grímur Grímsson bar á sama veg og Júlíus um ástand Sveins Benedikts þá er komið var með hann í fangamóttökuna. Hann hefði enn verið mjög æstur og þar sem ekki hefði tekist að róa hann hefði hann ekki verið færður úr handjárnunum, svo sem vani sé ef handteknir menn verði rólegri. Illa

hefði gengið að fá frásögn hans af atburðarásinni, en hann hefði þó gefið varðstjóranum upp nafn sitt og heimilisfang og viðurkennt verknaðinn. Sveinn Benedikt hefði verið æstur og sér hefði fundist eðlilegt, miðað við það sem almennt er gert, að vista hann í fangageymslu.

Grímur kvaðst hafa verið viðstaddur þegar Árni skýrði Valgarði Sveini frá málavöxtum við komuna í fangamóttökuna, en mundi ekki hvernig frásögn hans var.

Sveinn Benedikt kvaðst hafa verið svolítið æstur þegar hann kom fyrir varðstjóra. Þó hefði hann þagað mestallan tímann, en skýrt frá nafni og heimilisfangi og viðurkennt að hann hefði lent uppi á margnefndri vélarhlíf. Frekari spurningum varðstjórans hefði hann ekki svarað, enda verið orðinn reiður og ekki talið þörf á því. Að sínu mati hefði hann ekki verið svo ölvaður eða hættulegur sjálfum sér eða öðrum að nauðsyn hefði borið til að vista sig í fangageymslu þótt hann hefði verið reiður vegna meðferðar málsins.

Guðni Sveinn kvaðst hafa setið á bekk fyrir framan fangamóttökuna á meðan lögreglumennirnir þrír fóru með Svein Benedikt inn til varðstjórans. Árni hefði komið þaðan út skömmu síðar til að færa lögreglubílinn, en að því búnu farið aftur þangað inn. Vissi Guðni Sveinn ekki hvað fram fór fyrr en Sveinn kom út með Árna og öðrum lögreglumanninum sem var í ferðinni að og frá Njálsgötu 39. Fóru þeir með hann á milli sín í lyftu. Var Sveinn Benedikt með svipuðu móti og við komuna, þ.e. rólegur, en talsvert ölvaður.

Hrafn kvaðst hafa fært bifreið sína sem staðið hafði fyrir utan lögreglustöðina á meðan Sveinn Benedikt var færður fyrir varðstjóra. Þegar hann kom inn aftur voru lögreglumennirnir að leiða eða teyma hann milli sín í lyftu. Sveinn Benedikt reifst og skammaðist við þá og hefði hann þá verið greinilega ölvaður.

Hrafn kvaðst hafa hafið störf sem lögreglumaður 8. febrúar sl., en áður verið um vikutíma á námskeiði í lögreglufræðum. Umrætt sinn var Hrafn í fríi svo sem fram hefur komið af gögnum málsins.

Jónas Jón Hallsson aðalvarðstjóri kvaðst hafa verið á leið út í eftirlitsferð um kl. 01.30 þessa nótt. Hefði hann gert varðstjórum sínum á vaktinni grein fyrir því. Fór hann áleiðis í fangamóttökuna til að kanna ástandið áður en hann fór út. Þegar hann kom niður í lyftuna hitti hann ákærða Árna og Grím Grímsson með mann. Tók hann eftir því að maðurinn var rólegur og sýndi engan mótþróa, en hann hefði verið sýnilega ölvaður. Hann hefði verið í handjárnum, en annar lögreglumannanna leitt hann við hönd.

Jónas kvaðst síðan hafa farið inn í fangamóttökuna og séð þar Valgarð Svein varðstjóra í viðræðum við einhvern mann og afréð hann að trufla

hann ekki við störfin þar sem hann virtist ekki þurfa á aðstoð sinni að halda. Kvaðst Jónas hafa farið við svo búið út í eftirlitsferðina og komið aftur um kl. 3.00 um nóttina.

Jónas sagði að þegar um frumskýrslur væri að ræða, sem teknar væru af handteknum mönnum í fangamóttöku undir svipuðum kringumstæðum, væri ekki vaninn að mönnum væri bent á þann rétt sinn að fá sér skipaðan réttargæslumann, það væri gert ef rannsóknardeild tæki við málinu.

II.

Svo sem að framan greinir var Sveinn Benedikt færður í fangageymslu samkvæmt ákvörðun varðstjóra og leiddur þar fyrir fangaverði.

Sveinn Benedikt hefur borið að sömu þrír lögreglumenn og handtóku sig hafi farið með sig í lyftu til fangageymslunnar. Hann kvaðst ekki muna hvort hann var þá enn í handjárnunum eða hvenær þau voru tekin af sér. Hann hefði verið leiddur að afgreiðsluborði og kona, sem þar var, hefði beðið sig um skilríki. Þegar hann afhenti konunni skilríkin, hefði hún byrjað með svívirðingar í sinn garð og sagt eitthvað í þessum dúr: „Þú ert Austfirðingur, þú ert nú ekki sá fyrsti, þú ert jafnvitlaus og aðrir Austfirðingar." Með orðavali sínu hefði hún gefið í skyn að Austfirðingar væru hið versta fólk. Hann hefði verið í æstu hugarástandi, en við þessi ummæli hefði hann orðið alveg snarvitlaus. Sagði Sveinn Benedikt að ekki hefði verið hægt að misskilja þessi orð konunnar á þann veg að hún hefði verið að reyna að róa hann eða lempa, svo sem hún og fleiri vitni hafa borið, hún hafi þvert í móti verið dónaleg. Hann hefði sagt að slíka ókurteisi léti hann ekki bjóða sér og neitað að fara úr yfirhöfn nema konan bæði sig afsökunar, en það hefði hún ekki gert. Þá bað hún lögreglumennina að taka hann bara með valdi. Réðust þá tveir þeirra á hann og skelltu vinstri handlegg, sem þeir héldu stífum fram á við, utan í borðbrúnina. Um leið sneru þeir upp á handlegginn. Héldu þeir áfram þannig um handlegginn og lömdu hann af alefli á borðið. Á meðan var hægra handlegg haldið fyrir aftan bak. Fann hann skyndilega til mikils sársauka og hélt í fyrstu að hann hefði farið úr liði. Er þetta gerðist kvaðst hann enn hafa verið í yfirhöfninni. Hann mundi ekki hver þeirra lögreglumannanna átti hér hlut að máli, þeir hefðu allir tekið á sér þarna.

Eftir atburðinn hefðu þeir talað um að þetta væri allt í lagi, hann hefði veitt mótspyrnu við handtöku. Síðan hefði þeim orðið ljóst að meiðslin voru meiri en þeir höfðu haldið og best væri að fara með sig á slysadeild. Það hefðu þeir gert. Á leiðinni þangað hefði hann áttað sig á hvað hafði gerst og varð hann mjög æstur. Hann hefði spurt lögreglumennina hvað þetta ætti að þýða, en þeir svarað sér með skætingi eitthvað á þá leið að hann væri nú ekki dauður enn, þetta væri allt í lagi. Hann hefði verið

röntgenmyndaður og í ljós hefði komið að hann var tvíbrotinn á vinstra handlegg. Gert hefði verið að meiðslum sínum og handleggurinn settur í gips.

Daginn eftir atburðinn lagði Sveinn Benedikt fram kæru á hendur lögreglumönnunum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna líkamsárásar og krafðist þess að þeim yrði refsað vegna verknaðarins og áskildi sér rétt til að leggja fram skaðabótakröfu að höfðu samráði við lögmann.

Grímur Grímsson sagði að Sveinn Benedikt hefði enn verið í handjárnunum er hann var leiddur í fangageymslu þar sem ekki hefði tekist að róa hann. Á leiðinni þangað hefðu þeir þurft að leiða hann á milli sín, en hann þó virst sæmilega rólegur, en ósáttur við ákvörðun varðstjóra. Hann hefði sýnt mótþróa við komuna í fangageymsluna, en þó ekki veist að þeim eða slíkt.

Grímur kvaðst hafa leyst járnin af Sveini Benedikt við komuna í fangageymslu. Þar hafi hann verið spurður um nafn og aðrar persónulegar upplýsingar, en önnur orðaskipti mundi hann ekki. Jóna fangavörður hefði reynt að tala Svein Benedikt til, en það ekki tekist. Jóhann fangavörður hefði beðið hann að fara úr yfirhöfn og hefði hann þá gert sig líklegan til að ráðast á Jóhann. Minnti Grím að áður hefði Jóhann verið búinn að biðja sig og Árna um hjálp við að færa Svein Benedikt úr yfirhöfninni. Þá hefði Sveinn Benedikt gripið inn fyrir afgreiðsluborðið með báðum höndum. Stóð Grímur þá við hægri hlið Sveins Benedikts og losaði hægri hönd hans frá borðinu. Jóhann hefði síðan klætt Svein Benedikt úr yfirhöfninni. Sveinn hefði ekki veitt mikla mótspyrnu meðan þetta átti sér stað, en þó reynt að vinda sér til og losa sig úr tökum þeirra lögreglumannanna, en það hefði ekki tekist. Jóhann hefði einnig viljað færa hann úr leðurvesti sem hann var í. Þegar Jóhann var byrjaður að færa Svein Benedikt úr kvaðst Grímur hafa haldið við hægri hönd hans til hliðar. Árni hefði hins vegar haldið vinstri hendi Sveins Benedikts aftur fyrir bak hans.

Grímur kvaðst engu óvæntu hafa tekið eftir, en Árni spurt Svein Benedikt hvort ekki væri allt í lagi með hann, en Sveinn engu svarað, legið fram á afgreiðsluborðið og hætt allri mótspyrnu. Þá kvaðst Grímur hafa spurt hann hvort ekki væri allt í lagi með hann, en hann svaraði því til að hann héldi að hann hefði farið úr olnbogalið á vinstra handlegg og beðið þá að kippa í liðinn. Í samráði við Valgarð Svein Hafdal varðstjóra hefðu þeir farið með Svein Benedikt á slysadeild Borgarspítalans. Þar hefði komið í ljós að handleggurinn var brotinn. Á slysadeildinni hefðu áfengisáhrif Sveins Benedikts verið orðin óveruleg eða lítil, en hann æstur og sparkað í þá lögreglumennina.

Grímur kvað fráleitt að átökin hefðu verið með þeim hætti sem Sveinn Benedikt hefur lýst.

Júlíus Óli Einarsson kvaðst hafa verið smástund lengur en þeir Árni og

Grímur í fangamóttöku þar sem hann ræddi þar við varðstjórann og Hrafn, en við svo búið farið á eftir þeim lögreglumönnunum upp í fangageymslu. Þegar hann kom þangað höfðu handjárnin verið tekin af Sveini Benedikt og stóð hann í ýfingum við fangaverði og lögreglumennina, vildi ekki láta setja sig inn. Af því leiddi að taka varð hann tökum. Árni og Jóhann hefðu lagt Svein Benedikt á grúfu fram á afgreiðsluborðið. Þar var honum haldið föngnum, þ.e. Árni hélt í vinstri hönd hans lögreglutaki, Jóhann stóð fyrir framan Svein Benedikt, en þeir Grímur við hægri hlið hans. Um leið hefði verið reynt að færa hann úr yfirhöfninni, þ.e. Júlíus hélt í hægri jakkaermina, en Jóhann reyndi að færa hann úr. Þá heyrðist skyndilega smellur. Í framhaldi af því hefði strax verið farið með Svein Benedikt á slysadeild, en þar kom í ljós að hann var handleggsbrotinn.

Júlíus kvað framburð Sveins Benedikts um átökin og ummæli konunnar við komu hans í fangageymsluna fráleitan. Æsingur Sveins Benedikts hefði byrjað í fangamóttökunni þegar hann vissi að hann átti að fara í klefa. Honum hefði verið haldið í föstum tökum og haldið eins og hægt var, en ekki hefði verið um barsmíðar að ræða. Hann kvaðst ekki minnast þess að Sveinn Benedikt hefði framvísað skilríkjum í fangamóttöku. Um orðaskipti fangavarða við Svein Benedikt sagði Júlíus að Jóna hefði hent gaman að því að Sveinn Benedikt væri Austfirðingur, en nánar hvað hún sagði mundi hann ekki. Hann hefði skilið orð hennar sem stríðni; þau hefðu verið sögð í góðu, það hefði alls ekki verið unnt að skilja þau sem svívirðingar.

Jóhann Eyþórsson fangavörður kvaðst hafa starfað í fjögur ár sem fangavörður við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Hann hefði verið á vakt umrætt sinn með Guðrúnu Jónu Sigurðardóttur.

Guðrún Jóna og hann hefðu verið fyrir innan afgreiðsluborðið, en þegar komið var með Svein Benedikt fór hann fram fyrir það í þeim tilgangi að færa hann úr yfirhöfn þar sem hann átti að fara í klefa. Sveinn Benedikt hefði strax verið orðinn æstur þegar hann kom í fylgd lögreglumannanna í fangageymsluna. Sveinn Benedikt hefði verið undir áhrifum áfengis, en ekki mjög drukkinn. Þau Guðrún Jóna hefðu reynt að róa Svein Benedikt og hún beðið hann um skilríki, en Jóhann kvaðst ekki muna hvort hann afhenti þau. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við orðaskipti milli Sveins Benedikts og Guðrúnar Jónu, enda haft um annað að hugsa þar sem hann fór fram fyrir til að reyna að færa Svein Benedikt úr yfirhöfn og Guðrún Jóna þurfti um leið að svara í símann. Kannaðist Jóhann ekki við að hafa heyrt Guðrúnu Jónu viðhafa þau ummæli sem fram koma í framburði Sveins Benedikts, en áréttaði að Sveinn Benedikt hefði þegar verið orðinn reiður og æstur er komið var með hann í fangageymsluna.

Jóhann kvaðst hafa beðið Svein Benedikt að fara úr yfirhöfninni, en hann hefði verið þver og stífur og neitað því. Sveinn Benedikt hefði þá

staðið með bakið í sig. Þegar hann reyndi að færa Svein Benedikt úr yfirhöfninni í rólegheitum, hefði hann orðið enn æstari og veist að sér. Stóðu þá lögreglumennirnir við hlið Sveins Benedikts, Árni vinstra megin, en Grímur hægra megin og Júlíus aftan til við Grím. Sveinn Benedikt hefði reynt að veitast að sér (Jóhanni) með því að vinda sér að sér, en hann stóð fyrir aftan Svein Benedikt sem sneri við sér baki. Þá hefði Árni tekið Svein Benedikt lögreglutaki, þ.e. sett vinstri hönd hans aftur fyrir bak hans. Strax og Árni tók hann þessu taki heyrðist smellur og hefði Sveinn Benedikt haft á orði að hann hefði farið úr liði. Við yfirheyrslu fyrir RLR, sem Jóhann staðfesti fyrir dóminum, sagði hann að eftir þetta hefði hann fært Svein Benedikt úr yfirhöfninni og síðar úr leðurvesti sem hann var í, en þá hefði heyrst smellur. Þá hefði Sveini Benedikt verið haldið upp við afgreiðsluborðið. Hann hefði veitt mótspyrnu, en þeim samt tekist að færa hann úr. Þegar smellurinn heyrðist hefði Árni sleppt vinstri handlegg Sveins Benedikts sem bað þá að kippa í liðinn. Þá hefði strax verið farið með hann á slysadeild.

Jóhann kvað framburð Sveins Benedikts um aðför þeirra lögreglumannanna að honum ósannindi og lýsti hann furðu sinni á því hvernig handleggur Sveins Benedikts hefði getað brotnað í því taki sem Árni hélt honum, þar sem slíkt tak væri alvanalegt undir þessum kringumstæðum.

Þá kvaðst Jóhann ekki kannast við þau ummæli Guðrúnar Jónu sem höfð eru eftir Sveini Benedikt, „að lögreglumennirnir skyldu bara taka hann með valdi".

Guðrún Jóna Sigurðardóttir fangavörður lýsti komu lögreglumannanna með Svein Benedikt á sama veg og Jóhann. Fljótlega eftir að komið var með hann hefðu handjárnin verið tekin af honum. Hún kveðst hafa staðið fyrir innan afgreiðsluborðið og beðið Svein Benedikt um skilríki, en hann hefði ekki viljað framvísa þeim. Hann hefði verið ölvaður, þó ekki ofurölvi, mjög stífur og „upptendraður". Hún hefði svo fengið ökuskírteini hans í hendur, sennilega frá einum lögreglumannanna, a.m.k. hefði hann sjálfur ekki afhent sér það. Athugaði hún í spjaldskrá hvort hann hefði komið áður í fangageymsluna en svo reyndist ekki vera. Gekk hún frá spjaldi sem útfylla þarf við komu manna sem þar þarf að vista. Á meðan talaði hún við Svein Benedikt í því skyni að ná einhverju sambandi við hann og róa hann. Spurði hún hann hvort hann væri Austfirðingur eða eitthvað í þeim dúr. Hún kvað framburð Sveins Benedikts um ummæli sín, svo og að hann hefði afhent sér skilríkin, með öllu tilhæfulausan. Einu afskiptin, sem hún hefði haft af Sveini Benedikt önnur en þau sem hún hefur að framan lýst, hefðu verið þau að hún talaði til hans í því skyni að ná athygli hans, því að oft róist menn við að tala við aðra en þá lögreglumenn sem færa þá til fangageymslu. Það hefði hins vegar

verið vonlaust að ná sambandi við Svein Benedikt eða ræða við hann. Í þann mund, er hún var að tala til Sveins Benedikts og ganga frá spjaldi hans, hefði síminn hringt. Fór hún frá afgreiðsluborðinu og gekk að símanum. Þegar síminn hringdi hefði engin átök verið byrjuð, en Sveinn verið með hnefana á lofti og mjög „spenntur" og þeir haft á honum hendur, en hvorki Jóhann né lögreglumennirnir hefðu þá verið farnir að taka á honum. Húń hefði ekki séð átökin við Svein Benedikt, hún hefði þá snúið við þeim baki þar sem hún gekk að símanum, en þau hefðu tekið örskamma stund, rétt á meðan hún fór í símann. Hún hefði ekki séð hverjir höfðu hendur á Sveini, en sá lögreglumannanna, sem gerði skýrslu um málið, hefði staðið fjær hinum og haldið á blokk svo sem venja er um þá sem annast skýrslugerð. Rétt áður en hún tók upp símtólið heyrði hún smell og kom henni í hug að þarna hefði orðið beinbrot.

Sá sem talaði við hana í símanum, hefði spurt um Svein Benedikt og virst ölvaður. Hún hefði sagt að hann fengi engar upplýsingar um Svein Benedikt.

Ákærði Árni bar að á leiðinni í lyftunni hefði Sveinn Benedikt enn verið mjög æstur. Hann hefði þó farið með þeim mótþróalaust, en Grímur og hann hefðu leitt Svein Benedikt á milli sín. Júlíus hefði annaðhvort komið með þeim eða skömmu síðar.

Þeir hafi fært Svein Benedikt að borðinu í fangamóttökunni, en þar voru fangaverðirnir Jóhann og Jóna. Einhver orðaskipti hefðu verið milli Jónu og Sveins Benedikts. Hún hefði beðið hann um skilríki eða eitthvað í þeim dúr, en annarra orðaskipta kvaðst hann ekki minnast, því að hann hefði verið með hugann við að róa Svein Benedikt og fá hann til að fara úr yfirhöfninni. Tóku þeir Svein Benedikt úr handjárnunum og báðu hann að fara úr yfirhöfn, en því neitaði hann og kvaðst ekki ætla að vera þarna inni. Um leið hefði hann steytt hnefann framan í Jóhann, bjó sig hreinlega undir að rjúka í hann.

Árni kvaðst ekki hafa orðið þess var að Sveinn Benedikt hefði afhent Jónu skilríki. Jóhann hefði komið fram fyrir afgreiðsluborðið og þegar Sveinn Benedikt neitaði að fara úr yfirhöfninni hefði Jóhann tekið í aðra jakkaermina. Þá hefði Sveinn Benedikt snúið baki í afgreiðsluborðið. Jóhann hefði snúið Sveini Benedikt við, að því er hann minnti, og um leið fært hann úr jakkanum á vinstri hendi. Braust Sveinn Benedikt um á hæl og hnakka.

Í framhaldi af því kvaðst Árni hafa tekið hann „lögreglutaki", sem kennt væri við Lögregluskóla ríkisins, til þess að varna því að hann skaðaði sjálfan sig og þá hina, þ.e. hann tók með hægri hendi um úlnlið vinstri handar Sveins Benedikts, en hélt vinstri hendi sinni um olnboga vinstri handar hans, þannig að vinstri hönd Sveins Benedikts var fyrir aftan bak

hans, vel fyrir ofan mitti. Á meðan reyndi Jóhann fangavörður og a.m.k. Grímur að færa hann úr yfirhöfninni á hægri hendi. Þrátt fyrir þetta hefði Sveinn Benedikt brotist um, enda hefði hann ekki haldið Sveini Benedikt mjög fast eða þvingað. Þegar þetta var sneri Sveinn Benedikt upp að afgreiðsluborðinu, hallaðist fram á það og braust um í sífellu og hnykkti sér til með því að spyrna í borðið með fótunum. Heyrði Árni þá brak eða smell og varð þess áskynja að eitthvað var að og sleppti takinu. Sagði þá Sveinn Benedikt að hann hefði farið úr liði.

Árni kvað framburð Sveins Benedikts um það, að handlegg hans hefði verið snúið niður á borðið og lamið við það, uppspuna út í hött. Hann hefði tekið Svein Benedikt þessu lögreglutaki eins og hann væri vanur og án þess að handleggurinn kæmi nokkurs staðar við. Hann hefði hvorki spennt handlegginn hátt né tekið óvarlega á honum og ekki heldur snúið upp á hann. Þetta tak væri kennt í Lögregluskólanum og í kennslu talið löglegt tak. Hann hefði ekki tekið of harkalega á handleggnum og kvaðst hann aldrei hafa verið varaður við því að menn gætu brotnað, væri takinu beitt of harkalega. Taldi Árni að brot ætti ekki að eiga sér stað þegar mönnum væri haldið í þessu taki nema þeir brytust því meira um.

Árni sagði að þessu lögreglutaki væri oft beitt við handtökur á mönnum, jafnvel þótt þeir brytust um. Sveinn Benedikt hefði ekki verið beittur meira harðræði en nauðsyn bar til miðað við þær aðstæður sem hann sjálfur hafði skapað sér.

Í framhaldi af því, að Sveinn Benedikt kvaðst vera farinn úr liði, hefðu þeir lögreglumennirnir farið með hann á slysadeild. Þar var farið með hann í myndatöku sem leiddi í ljós að hann var handleggsbrotinn.

Magnús Einarsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglustjórans í Reykjavík, kom fyrir dóminn sem vitni 26. maí sl.

Kvaðst hann hafa verið kennari við Lögregluskóla ríkisins frá 1. maí 1977 fram á þennan dag. Hann sagði að svokölluð handtökutök væru þrjú. Handtökutak nr. 3 væri þannig að handlegg væri haldið aftur á bak hins handtekna, framhandlegg haldið upp á við, en hendinni aðeins inn á við. Sýndi Magnús í dóminum hvernig taki þessu væri beitt. Í Lögregluskólanum væru þessi handtökutök kölluð lögleg tök, enda kennd öllum verðandi lögreglumönnum sem þyrftu að gangast undir próf í þeim að viðstöddum prófdómara. Ekki væru til skrifleg fyrirmæli um þessi handtök, en þó væri fyrir hendi eins konar vinnuplagg þar sem tökunum væri lýst, en sú lýsing væri ekki ýtarleg og henni fylgdu engar myndir. Tök þessi væru einföld og auðlærð og væri brýnt fyrir lögreglumönnum að beita ekki við notkun þeirra meira harðræði en nauðsyn bæri til. Hins vegar þyrfti oft að halda mönnum fast eða á þann veg að menn kæmust ekki úr þeim ef þeir brytust um.

Magnús sagði að ef manni væri haldið í þessu taki gæti hann ekki losað sig úr því nema með því að setja handlegginn niður á við eða olnbogann út á við frá líkamanum. Þrátt fyrir það að menn reyndu að losa sig úr takinu ætti það ekki að geta gerst að hans mati að menn brotnuðu ef þeim tækist ekki að losa sig nema högg kæmi til. Ef hins vegar væri beitt of miklu átaki þegar mönnum væri haldið í þessu taki gæti það hent að þeir tognuðu því að við slíkar kringumstæður kæmi átak eða snúningur við öxl og olnboga. Næðu menn hins vegar að brjótast svo mikið um, að þeir losnuðu úr takinu á þann veg sem lýst hefur verið hér að framan, gæti óhapp orðið, svo að menn brotnuðu. Þjálfaðir lögreglumenn ættu að geta haldið mönnum í þessu taki þrátt fyrir það að menn brytust um og þrátt fyrir það að þeir hefðu ekki stuðning við hina hlið mannsins. Hins vegar væri betra, þegar svo stæði á, að fá stuðning frá vegg eða ámóta við hina hliðina.

Magnús kvaðst sem yfirmaður fangageymslunnar hafa kannað þar aðstöðuna eftir þennan atburð að beiðni starfsmanna þar. Þeir hefðu bent sér á það að lagfæra þyrfti hvassa borðbrún í móttökunni í fangageymslunni, ella væri hætta á að menn gætu skaddast ef þeir féllu á brúnina. Í byrjun mars sl. hefði verið ákveðið að hefjast handa við að breyta brúninni, þannig að borðröndin yrði ávöl, en ekki hvöss, og hefði það verið gert, sbr. skýrslu vitnisins ásamt ljósmyndum og teikningu af núverandi borði sem fangar eru leiddir að við komu í fangageymslu.

Magnús sagði að við skoðun sína á borðinu, eins og það var fyrir breytinguna, hefði vaknað sá grunur að hið umrædda óhapp kynni að hafa orðið af völdum þess, hversu hvöss plötubrúnin á borðinu var.

Jónas Jón Hallsson aðalvarðstjóri kvaðst, svo sem fyrr er lýst, hafa komið á ný úr eftirlitsferð sinni á lögreglustöðina um kl. 3.00, en vakt hans lauk kl. 6.00. Skömmu eftir að hann kom þangað hefði Viðar G. Waage tilkynnt sér atvikið í fangageymslunni svo og að maðurinn hefði verið fluttur í slysadeild Borgarspítalans og reynst vera handleggsbrotinn. Þá hefði Valgarður Sveinn einnig tilkynnt sér þetta skömmu síðar. Taldi hann rétt í ljósi reynslu sinnar sem rannsóknarlögreglumanns að láta málið bíða afgreiðslu fulltrúa morguninn eftir þar sem hann taldi ekki hættu á sakarspjöllum. Ræddi hann því ekki atvikið við ákærðu er hann hitti þá um kl. 5.00 um morguninn, enda sá hann ekki ástæðu til að yfirheyra þá eða starfsfólkið í fangageymslu þar sem ljóst væri að sjálfstæð rannsókn hæfist að morgni.

Jónas sagði að samkvæmt framangreindri verkefnaskiptingu frá 1. janúar sl. væri það regla að þeir lögreglumenn, sem handtekið hefðu mann, fylgdu honum í fangaklefa. Varðstjóri í fangamóttöku tæki ákvörðun um vistun manns. Hins vegar tæki fangavörður í fangageymslu við hinum

handtekna, færði hann úr yfirhöfn, gerði á honum leit og tæki af honum muni til varðveislu. Fangaverðinum bæri að gæta þess vandlega að fanginn hefði ekkert það á sér sem gæti valdið honum skaða. Lögreglumenn þeir, sem fylgi hinum handtekna til fangageymslu, eigi að vera fangaverðinum til aðstoðar í þessum sambandi.

Rögnvaldur Þorleifsson, læknir á slysadeild Borgarspítalans, kom fyrir dóminn sem vitni 26. maí sl., en hann undirritaði læknisvottorð slysadeildar vegna handleggsbrots Sveins Benedikts, en vottorðið byggist á bókunum í sjúkraskrár Sveins Benedikts svo og þekkingu Rögnvalds á áverkum og meðferð á brotinu. Verður vottorði þessu lýst í kafla C hér á eftir.

Rögnvaldur kvaðst ekki geta staðhæft án þess að sjá nánar röntgenmyndir af brotinu hvað hefði valdið því. Brotið hefði verið svokallað snúningsbrot, en með því væri átt við að brotið væri ekki þverstætt og ekki væri um slétt snið að ræða. Í þessu tilviki væri að einhverju leyti um að ræða skrúfulagað brot.

Er vitninu hafði verið kynntur framburður ákærðu og annarra vitna kvað hann sennilegustu orsök áverkans miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þá að olnboga sjúklingsins hefði verið haldið í einhverri kreppu og framhandleggur notaður sem einhvers konar vogarstöng til að snúa upp á handlegginn, annaðhvort út á við eða inn á við. Hafi sjúklingnum verið haldið í svokölluðu „lögreglutaki", þ.e. upphandleggur og hönd færð upp eftir baki og látin fylgja bakinu og honum haldið á meðan í föstum skorðum, sé mjög ósennilegt að upphandleggsbeinið hafi brotnað nema framhandleggur hafi færst aftur frá bakinu, annaðhvort að tilverknaði þeirra, sem héldu honum, eða hans sjálfs.

Rögnvaldur sagði að algengasta ástæðan fyrir brotum af þessari gerð væri sú að snúningur kæmi á upphandlegg, olnbogi væri nálægt 90° kreppistöðu og framhandleggur verki sem vogarstöng þegar honum er snúið út á við, álag við sömu gerð og við svokallaðan „sjómann". Miklum mun meira snúningsátak muni þurfa til þess að upphandleggsbein snúist í sundur ef tekið er á hendi eða framhandlegg og olnbogi er í beinni stöðu. Hann vildi þó ekki útiloka að upphandleggur gæti snúist sundur með þessum hætti. Einnig hefðu brot af þessari gerð orðið með þeim hætti að högg hefði komið á upphandlegg undir vissu snúningsálagi enda þótt olnbogi hefði verið beinn eða verið haldið beinum.

Rögnvaldur taldi líklegt að við nánari skoðun röntgenmyndar af brotinu gæti sérfræðingur í röntgengreiningu borið vitni með sterkum líkum við hvers konar álag beinið hefði brotnað.

Rögnvaldur sagði að aðstoðarlæknir hefði tekið við Sveini Benedikt, þegar komið var með hann á slysadeildina um nóttina, og annast bókun í sjúkraskrá, en um morguninn hefði hann sjálfur séð Svein Benedikt.

C.

Verður nú gerð grein fyrir öðrum þeim gögnum, sem liggja frammi í málinu og hér skipta máli, en vikið hefur verið að sumum þeirra hér að framan:

Samkvæmt framangreindri segulbandsupptöku fjarskipta við áhöfn lögreglubifreiðar nr. 31, R20031, umrætt sinn var tilkynnt um brottförina á slysadeild kl. 1.24, svo og um veru hennar á slysadeild kl. 2.02.

Í framangreindu vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 23. febrúar sl., segir að Sveinn Benedikt hafi komið þangað kl. 1.34 í fylgd lögreglumanna.

Í vottorðinu segir að Sveinn Benedikt hafi kvartað um verulega verki og hvers konar hreyfisársauka í vinstri upphandlegg, en hann hafi ekki kvartað um verki annars staðar. Þá segir í vottorðinu á þessa leið um skoðun á Sveini Benedikt:

„Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Sveinn bar allveruleg merki ölvunar. Hann var nokkuð æstur og stóryrtur í garð lögreglumanna þeirra er um hann höfðu fjallað. Áberandi eymsli og önnur merki um brot voru á vi. upphandleggnum. Hringlaga far var að sjá í húðina á úlnliðnum. Þessi för sýndust geta verið eftir handjárn. Þau voru lítið eitt rauð í miðjunni, en húðin var ekki fleiðruð.

Röntgenmyndir voru teknar af vi. upphandlegg og sýndu þær snúningsbrot (spiralbrot) neðanvert við mitt upphandleggsbeinið. Lítill brotfleygur hafði losnað frá leggnum neðst í brotinu og á myndunum sást hvar sprungur gengu nokkuð upp í efri brotendann. Aðrir áverkar sáust ekki á upphandleggsbeininu, en nokkur skekkja var í brotinu og talsverð hliðrun milli brothluta.

Röntgenmyndirnar sýndu a.ö.l. eðlilega beingerð og ekkert benti til þess að nein veiklun hefði verið í beininu áður en það brotnaði.

Brotið var fært í viðunandi skorður með hefðbundnum hætti og síðan lagðar á tíðkanlegar gips-umbúðir. Röntgenmyndir teknar eftir þetta sýndu rétta stefnu á leggnum, en nokkra hliðrun ennþá. Brotstaðan var talin vel viðunandi og frekari umbúnaður eða meðferð ekki nauðsynleg að svo stöddu.

Sveinn var lagður inn á gæsludeild slysadeildarinnar til næsta dags, til eftirlits. Um kl. 13.00 var hann útskrifaður, enda taldi hann sig geta bjargast orðið heima við. Hann bar sig tiltölul. vel og kvaðst ekki hafa lengur mikla verki í handleggnum. Rétt þótti þó að hann tæki algengar verkjatöflur þar til verkirnir rénuðu enn frekar. Ákveðið var að Sveinn kæmi síðan til framhaldsmeðferðar og eftirlits á slysadeildina.

Hann kom þangað skv. áætlun þ. 22/2 sl. Hann lét þá vel að líðan sinni. Röntgenmyndir voru teknar af brotinu á vi. upphandlegg og sýndu þær

óbreytta og tiltölul. góða legu í brotinu. Sjúkl. var látinn hafa áfram sömu gipsumbúðirnar sem var aðeins hagrætt lítillega. Nægilegt þótti að Sveinn kæmi næst til eftirlits á slysadeildina þremur vikum síðar og var þá gert ráð fyrir að nýjar röntgenmyndir yrðu teknar af brotinu.“

Með bréfi, dagsettu 3. f.m., fór dómarinn þess á leit við Örn S. Arnaldsson, yfirlækni röntgendeildar Borgarspítalans, að hann léti dóminum í té álit sitt á því hvort röntgenmyndir af broti á vinstra upphandlegg Sveins Benedikts Jónassonar, sem kom á slysadeildina umrætt sinn, gæfu til kynna með hverjum hætti brotið varð, í hvaða stöðu handleggurinn var þegar hann brotnaði, hvort hann var beinn eða boginn. Þá var þess óskað að röntgenmyndirnar yrðu kannaðar með það fyrir augum hvort unnt væri að segja til um það hvort snúningur hefði komið á upphandlegginn og/eða hvort brotið bæri með sér að hann hefði orðið fyrir höggi.

Í svarbréfi Arnar Smára til dómsins, dags. 9. f.m., segir svo:

„Í fyrsta lagi er spurt hvort röntgenmyndir gefi til kynna með hverjum hætti brotið varð. Svarið við þessari spurningu er jákvætt. Hér er um svokallað snúningsbrot að ræða (spiralbrot) neðan til á vinstra upphandsleggsbeini sem gefur þá til kynna að um snúningsáverka er að ræða, en ekki verður dæmt af myndunum hvað veldur áverkanum.

Í öðru lagi er spurt í hvaða stöðu handleggurinn var þegar hann brotnaði og hvort hann var beinn eða boginn.

Þessu verður ekki svarað til fulls, en þó er mun líklegra að brot með þessu útliti gerist með bognum handlegg, þ.e.a.s. beygðum um olnboga, heldur en við snúning á beinum handlegg. Um það, hvort handleggur vísi fram eða aftur, þegar beinið brotnar, er ekki hægt að ákvarða af röntgenmyndum.

Í þriðja lagi er spurt hvort unnt sé að segja til um það hvort snúningur hafi komið á upphandlegginn. Þessu er reyndar svarað við fyrstu spurningu.

Í fjórða lagi er spurt hvort brotið beri það með sér að handleggur hafi orðið fyrir höggi.

Eins og fram hefur komið áður er um snúningsbrot að ræða. Útlit þessa brots bendir þannig ekki til þess að högg hafi komið á handlegginn. Slík brot, er verða við högg, eru oftast meira þverlæg.“

Í málinu liggur frammi ljósrit úr kennsluáætlunarbók fyrir fyrri önn Lögregluskólans, staðfest af Magnúsi Einarssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, en þar kemur fram að um þrjár mismunandi handtökuæfingar sé að ræða sem kenndar séu. Þar segir m.a. að kennslumarkmið þessara æfinga sé að nemendur kunni að framkvæma og útskýra þrjár mismunandi handtökuaðferðir, geti framkvæmt og útskýrt þrjár mismunandi handjárnunaraðferðir, áhersla sé lögð á rétt handtök, rétta staðsetningu hnés og fóta,

rétta notkun handjárna svo og það að hinn handtekni skaði sig ekki og hann sé ekki beittur meira harðræði en nauðsyn krefji.

Þá hafa verið lagðar fram ljósmyndir og uppdrættir af vettvangi í fangageymslu, dags. 9. og 17. maí., en gögn þessi bera með sér að margnefnt borð hefur þá nýlega verið hækkað um 7 cm. Jafnframt hefur það verið dúklagt og brúnir þess að ofan orðnar ávalar.

Ríkissaksóknari leitaði umsagnar dómsmálaráðuneytisins vegna máls þessa, sbr. ákv. 2. mgr. 21. gr. l. nr. 74/1974.

Í bréfi ráðuneytisins til ríkissaksóknara, dags. 8. apríl sl., segir m.a. svo:

„Ráðuneytið tekur fram að það telur eðlilegt að um þátt Árna Ólafssonar lögreglumanns verði fjallað af dómstólum.

Þá virðist sem ákvörðun um fangelsun Sveins Benedikts hafi verið tekin án þess að málavextir hafi verið kannaðir með fullnægjandi hætti.

Af gögnum rannsóknarinnar verður tæpast ráðið, svo óyggjandi sé, hvort aðild annarra lögreglumanna sé saknæm."

Niðurstöður.

I.1.

Samkvæmt 3. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 er lögreglumönnum rétt og skylt að handtaka mann ef hann er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumönnum skýrslu um nafn sitt og heimilisfang.

Þá segir í 35. gr. sömu laga að fái lögreglumaður vitneskju eða rökstuddan grun um að refsiverð háttsemi hafi verið drýgð í umdæmi sínu, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, beri að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og framkvæma hvað eina sem horfir til glöggvunar málavöxtum, svo sem að leita þeirra sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m.a. um háttsemi og dvalarstað á þeim tíma sem brot er framið o.s.frv.

Ákærði Árni hefur allt frá upphafi borið, að sonur sinn, Hrafn, hafi skýrt sér svo frá að Sveinn Benedikt hafi neitað að gefa upp nafn sitt og heimilisfang er þeir ræddust við í Aðalstræti eftir að Sveinn Benedikt hafði valdið tjóni á bifreið hans. Hrafn hafi heyrt félaga Sveins Benedikts kalla hann „Svenna". Hrafn hafi komist að því, hvar hann hélt sig þá stundina, með því að veita leigubifreið, sem Sveinn Benedikt fór inn í, eftirför að Njálsgötu 39. Fær þessi framburður ákærða stoð í framburði sonar hans, Hrafns, og vitnisins Guðna Sveins, en vitnin Sveinn Benedikt og bróðir hans, Þórir Karl, hafa hins vegar haldið því fram að Sveinn Benedikt hafi bæði gefið Hrafni upp nafn og heimilisfang.

Verður að leggja þann framburð ákærða til grundvallar að honum hafi

ekki verið kunnugt um nafn og heimilisfang Sveins Benedikts þá er hann hélt við þriðja lögreglumann að Njálsgötu 39.

Svo sem fram hefur komið af gögnum málsins veitti Viðar G. Waage, sem var varðstjóri á fjarskiptum umrætt sinn, ákærða heimild til að fara af varðsvæði sínu ásamt áhöfn sinni á lögreglubifreiðinni R20031 að Njálsgötu 39 er ákærði hafði tilkynnt honum málavöxtu í aðalatriðum, þar á meðal það að sonur ákærða ætti hér hlut að máli.

Ákærði og lögreglumenn þeir, sem fóru með honum að Njálsgötu 39, Júlíus Óli Einarsson og Grímur Grímsson, hafa allir borið að Sveinn Benedikt hafi neitað að skýra þeim frá nafni og heimilisfangi svo og að ræða um atburðinn við Aðalstræti er þeir höfðu tal af honum þegar hann kom til dyra að Njálsgötu 39 eftir að bróðir hans kallaði á hann. Þeir lögreglumennirnir hafi því óskað eftir að hann kæmi með þeim og ræddi við þá í lögreglubifreiðinni þar sem þar gæfist betra næði því að gleðskapur var í íbúðinni og bróðir hans var með einhver ólíkindalæti. Sveinn Benedikt hafi fallist á það. Í lögreglubifreiðinni voru þá þeir Hrafn og Guðni Sveinn, sem komu með í því skyni að bera kennsl á Svein Benedikt. Grímur hafi farið með Sveini Benedikt inn í bílinn og byrjað að ræða við hann, en Júlíus verið á leið inn í bílinn og ákærði staðið fyrir utan hann. Í sama mund hafi bróðir Sveins Benedikts, sem var við skál, kallað í hann fyrir utan bifreiðina. Við þetta hafi Sveinn Benedikt, sem var töluvert ölvaður, orðið æstur og viljað fara út. Er þetta var hafi Grímur verið í aftursætinu hjá Sveini Benedikt, Júlíus í þann mund að fara inn í bílinn og ákærði fyrir utan. Ákærði og Grímur hafi varnað honum útgöngu, en hann ekki tekið sönsum og flogist á við þá. Þeir ákærði og Grímur hafi þá handjárnað Svein Benedikt í sameiningu, en ekki gátu þeir um það borið hvor þeirra tók þá ákvörðun. Í framhaldi af þessu héldu þeir með Svein Benedikt á lögreglustöðina þar sem þeim fannst rétt að færa hann fyrir varðstjóra þar sem hann vildi hvorki gefa þeim upp nafn né heimilisfang.

Sveinn Benedikt og bróðir hans, Þórir Karl, hafa hins vegar báðir borið að Sveinn Benedikt hafi látið þeim lögreglumönnunum í té bæði nafn og heimilisfang.

Framburður ákærða um handtökuna og aðdraganda hennar er í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við framburð þeirra tveggja lögreglumanna sem að henni stóðu ásamt ákærða. Þá fær framburður hans einnig stoð í framburði Hrafns og Guðna Sveins.

Hafa ákærði, Júlíus Óli og Grímur staðfastlega borið að Sveinn hafi ekki, þrátt fyrir tilmæli þeirra, viljað gefa þeim þessar upplýsingar.

Sveinn Benedikt var undir grun um refsiverðan verknað er ákærði handtók hann ásamt tveim öðrum lögreglumönnum. Svo sem að framan er rakið telst ósannað að Sveinn Benedikt hafi svarað spurningum ákærða og hinna

lögreglumannanna, sem að handtöku hans stóðu, um nafn sitt og heimilisfang. Höfðu þeir lögreglumennirnir því lögmæta ástæðu til að handtaka Svein Benedikt og færa hann fyrir varðstjóra í því skyni að fá þessar upplýsingar.

Breytir hér engu um lögmæti handtökunnar og réttmæti þess að færa Svein Benedikt fyrir varðstjóra þótt hann hafi viðurkennt verknaðinn og lýst sig reiðubúinn að greiða bætur er skammt var á leiðarenda.

Er því talið að ákærði hafi haft tilefni til að handtaka Svein Bendikt, sbr. 2. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974.

Þá kemur til álita hvort handtakan hafi verið lögmæt eins og hér stóð á, þ.e. vegna skyldleika þeirra ákærða og Hrafns.

Ákærða Árna var rétt, er hann hafði heyrt málavöxtu hjá syni sínum, að fara þess á leit við yfirmenn sína á vaktinni að málið yrði kannað án hans íhlutunar í stað þess að óska eftir því að sinna því sjálfur. Þetta var honum í lófa lagið, enda ekki bráð hætta yfirvofandi. Þá þykir einnig, eins og á stóð, óviðurkvæmilegt af ákærða að flytja son sinn og annað vitni í lögreglubifreiðinni á vettvang og leiða Svein Benedikt þangað að þeim viðstöddum til viðræðna við þá lögreglumennina.

Við beitingu þvingunarúrræðis sem handtöku er nauðsynlegt, réttaröryggisins vegna, að ekki skapist sú hætta að ákvörðun um hana stjórnist af persónulegum hagsmunum þeirra sem að henni standa.

Í íslenskri löggjöf er hins vegar hvergi að finna almennar reglur eða einstök ákvæði um vanhæfi lögreglustjóra eða lögreglumanna til meðferðar einstaks máls, en á nokkrum stöðum í löggjöfinni er að finna lagaboð er víkja að vanhæfi tilgreindra embættismanna og stjórnvalda, sbr. t.d. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, er geyma ýtarleg ákvæði um vanhæfi dómara. Ákvæði, sem fjalla um vanhæfi stjórnvalda, eiga að jafnaði við stjórnvöld sem hafa úrskurðarvald eða hafa á hendi ýmis matsstörf.

Það er hins vegar viðurkennd grundvallarregla í íslenskum rétti að stjórnvald, sem hefur slíkt formlegt úrskurðarvald, geti undir vissum kringumstæðum verið vanhæft til að fara með einstaka mál, en þó er óljóst hvenær slíkt er fyrir hendi.

Ekki hefur verið talið heimilt að beita ákvæðum 36. gr. eml.með lögjöfnun þegar um handhafa stjórnsýslu er að ræða þar sem aðstæður við ákvörðunartöku geta verið með mjög ólíkum hætti.

Þykir ljóst að ekki er fyrir hendi skýlaus lagaheimild er kveði svo á að lögreglumenn séu vanhæfir þegar svo stendur á sem í máli þessu.

Af framangreindum ástæðum telur dómurinn að ekki verði slegið föstu að ákærði hafi verið vanhæfur til að handtaka Svein Benedikt þrátt fyrir þann annmarka að náið skyldmenni ákærða átti hér hagsmuna að gæta.

Þar sem dómarinn hefur og komist að þeirri niðurstöðu að handtakan var ekki að nauðsynjalausu og hlutræn skilyrði handtökunnar voru fyrir hendi, þykir ákærði hvorki hafa brotið gegn ákvæðum 131. gr. né 132. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem honum er að sök gefin í I. kafla, 1. tl., ákæru.

I.2.

Í framangreindri starfslýsingu fyrir almenna deild lögreglunnar í Reykjavík, undirritaðri af lögreglustjóra, sem gildi tók í janúar sl., segir að varðstjóri í fangamóttöku ákveði vistun í fangageymslu og beri ábyrgð á innsetningu handtekinna manna. Þá ákveði hann hvort ölvaðir menn, sem handteknir hafa verið, skuli settir í fangageymslu eða ráðstafað á annan hátt. Sé um aðra sök að ræða hjá fanganum, skuli ekki sleppa honum nema með samþykki dómara eða rannsóknarlögreglumanns sem með mál hans fari. Varðstjórinn gæti þess að fyllsta öryggis sé gætt í meðferð fanga og við gæslu þeirra. Eru þessi fyrirmæli í samræmi við reglur fyrir lögreglumenn og fangaverði um meðferð handtekinna manna, geymslu þeirra o.fl., gefnar út af lögreglustjóranum í Reykjavík (Tilkynning nr. 1/1975). Ljóst er að framangreind tilmæli um það að, fanga verði ekki sleppt, sé um aðra sök að ræða en ölvun, ber að túlka í ljósi ákvæða 61. gr. laga nr. 74/1974, þannig að varðstjóra ber ekki að fylgja þeim fortakslaust, heldur skal hann meta þörf vistunar með ákvæði þessi að leiðarljósi hverju sinni.

Samkvæmt framburði ákærða Valgarðs Sveins var Sveinn Benedikt í handjárnum er lögreglumennirnir þrír komu með hann í fangamóttöku og var hann bæði mjög æstur og áberandi ölvaður. Æsingur Sveins Benedikts hefði, að sínu mati, stafað bæði af ölvunarástandi hans og handtökunni þó að hann minntist þess ekki að Sveinn Benedikt hefði mótmælt henni í sín eyru. Eins og ástandi piltsins var háttað og þar sem ekki hefði tekist að róa hann hefði ákærði talið rétt að færa hann ekki úr handjárnunum. Illa hafi gengið að ná samhengi í framburð piltsins vegna ölvunar hans og æsings, en þó hefði hann svarað spurningum ákærða um nafn og heimilisfang og viðurkennt verknaðinn. Vistun Sveins Benedikts hefði átt að standa um stundarsakir uns víman rynni af honum þar sem ákærði óttaðist að í þessu ástandi kynni hann að vinna sjálfum sér og öðrum mein ef hann yrði frjáls ferða sinna. Það hefði fyrst og fremst verið vegna þessara ástæðna, þ.e. öryggisástæðna, sem hann tók ákvörðun um vistun Sveins Benedikts, en ekki vegna rannsóknarhagsmuna. Hann hefði metið aðstæður þannig í ljósi reynslu sinnar við svipaðar kringumstæður. Þá bar ákærði Valgarður Sveinn að meðákærði Árni hefði í viðurvist hinna lögreglumannanna og Sveins Benedikts skýrt frá aðdraganda að handtökunni og málavöxtum að Njálsgötu 39. Ekki hefði komið fram að sonur Árna átti hlut

að máli, og hefði sér ekki verið um það kunnugt fyrr en undir morgun er Viðar G. Waage, varðstjóri á fjarskiptum þessa vakt, tjáði honum það. Fær þessi framburður stoð í framburði þeirra vitna sem viðstödd voru.

Þrátt fyrir framburð vitnanna Jónasar Jóns Hallssonar aðalvarðstjóra og Guðna Sveins Theodórssonar, sem sáu Svein Benedikt koma út úr fangamóttöku að lokinni ákvörðun ákærða um vistun hans, um það að Sveinn Benedikt hafi verið rólegur og farið mótþróalaust með lögreglumönnunum í lyftuna, verður að leggja til grundvallar þann framburð ákærða Valgarðs Sveins, sem er í samræmi við framburð þeirra þriggja lögreglumannanna sem að handtökunni stóðu, að Sveinn Benedikt hafi verið mjög æstur og greinilega ölvaður og til alls vís, þótt hann hafi ekki verið ofurölvi, enda hafi vitnin bæði borið að pilturinn Sveinn Benedikt hafi verið sýnilega ölvaður.

Ljóst er að engan veginn er sjálfgefið að ölvaður maður, sem hefur verið handtekinn, skuli vistaður í fangageymslur. Er það að sjálfsögðu komið undir mati hverju sinni.

Leggja verður til grundvallar þann framburð ákærða Valgarðs Sveins, enda hefur ekkert komið fram í málinu sem mælir því í gegn, að hann hafi einvörðungu ætlað að vista Svein Benedikt vegna öryggissjónarmiða til skamms tíma uns af honum rynni áfengisvíman.

Af framansögðu verður ekki talið sannað að vistun Sveins Benedikts hafi verið að nauðsynjalausu, sé litið til þess vitnisburðar sem fram hefur komið í málinu. Ber því að sýkna ákærða Valgarð Svein af þeirri háttsemi sem honum er að sök gefin í I. kafla, 2. tl., ákæru.

Það athugast hins vegar að ákærði Valgarður Sveinn gætti þess ekki, svo sem rétt var og skylt, að benda Sveini Benedikt á þann rétt hans að fá skipaðan réttargæslumann, sbr. ákvæði 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979. Hins vegar ber til þess að líta að sú venja hefur viðgengist, þrátt fyrir nefnt lagaákvæði, þar sem erfitt hefur reynst undir þessum kringumstæðum að ná til lögmanna, að handteknum mönnum er fyrst bent á þennan rétt við formlega skýrslutöku þegar runnin er af þeim áfengisvíman. Allt að einu er hér um skýlaust lagaákvæði að ræða sem ber að virða, enda verður ekki talið að Sveinn Benedikt hafi verið svo ofurölvi að honum hefði ekki verið ljós þessi réttur sinn, ef honum hefði verið á hann bent. Ber að átelja að þetta var látið undir höfuð leggjast.

II.

Sveinn Benedikt hefur haldið því fram að þegar hann neitaði að fara úr yfirhöfn sinni í fangageymslu í framhaldi af því, að kvenfangavörður hafi sýnt sér dónaskap og ósvífni, hafi kvenfangavörðurinn sagt þeim

lögreglumönnunum að þeir skyldu þá bara taka hann með valdi. Í framhaldi af þessum ummælum hafi lögreglumennirnir ráðist á sig með valdi og skellt handlegg sínum beinum af alefli í afgreiðsluborðið. Um leið hafi þeir snúið upp á handlegginn.

Ákærði Árni, Grímur og Júlíus svo og fangaverðirnir Jóhann og Guðrún Jóna hafa öll borið að Sveinn Benedikt hafi verið færður úr handjárnunum er komið var með hann í fangageymsluna. Hann hafi verið æstur og ölvaður og neitað að fara úr yfirhöfn þegar Jóhann fangavörður hafi beðið hann um það. Hafi því ákærði Árni, Grímur og Júlíus komið Jóhanni til hjálpar þar sem skylda er að færa handtekinn mann úr yfirhöfn áður en hann er vistaður í fangaklefa. Ekkert þeirra kannaðist við að Guðrún Jóna hefði sýnt Sveini Benedikt dónaskap eða ókurteisi, þvert á móti hefði hún reynt að róa hann og tala hann til. Einn lögreglumannanna kvað hana hafa hent gaman að því að Sveinn Benedikt væri Austfirðingur, en orð hennar hefði alls ekki verið unnt að skilja sem svívirðingar, heldur góðlátlegt grín.

Er hér var komið sögu hringdi síminn. Guðrún Jóna sneri baki í afgreiðsluborðið og gekk að símanum. Kveðst hún því ekki hafa séð hvað fram fór á meðan.

Ákærði Árni, Júlíus, Grímur og Jóhann hafa allir borið að frásögn Sveins Benedikts um það, að handlegg hans hafi verið skellt í borðið og snúið upp á hann, sé fráleit. Jafnframt hafa þeir ákærði Árni, Jóhann og Júlíus borið að Sveinn Benedikt hafi veitt mikla mótspyrnu þegar reynt var að færa hann úr yfirhöfninni og brotist um á hæl og hnakka. Hann hafi staðið við afgreiðsluborðið, Jóhann hafi staðið fyrir aftan hann, Árni við vinstri hönd, en Grímur við þá hægri og Júlíus við hlið Gríms. Þá hafa þeir allir, að undanskildum Júlíusi sem kom í fangageymslu skömmu síðar, borið að Sveinn Benedikt hafi reynt að veitast að Jóhanni strax og hann reyndi að færa hann úr yfirhöfninni.

Grímur hefur lýst átökunum á þann veg að Sveinn Benedikt hafi í fyrstu gripið með báðum höndum inn fyrir afgreiðsluborðið, en sér hafi tekist að losa hægri hönd Sveins Benedikts. Er þetta var hafi Sveinn Benedikt ekki veitt mikla mótspyrnu, en reynt að vinda sér til í því skyni að reyna að losa sig úr tökum þeirra lögreglumannanna. Jóhann hafi síðan klætt Svein Benedikt úr yfirhöfninni. Jóhann hafi einnig viljað færa hann úr leðurvesti sem hann var í. Þegar Jóhann var byrjaður að færa hann úr kveðst Grímur hafa haldið um hægri hönd hans, en ákærði Árni hafi haldið vinstri hendinni aftur fyrir bak hans. Næsta, sem Grímur vissi, var það að Árni spurði Svein Benedikt hvort ekki væri allt í lagi með hann, en Sveinn Benedikt þá hætt mótspyrnu og talið sig hafa farið úr liði á vinstri olnboga.

Júlíus kom, svo sem fyrr greinir, á eftir þeim hinum í fangageymsluna.

Er hann kom þangað kvað hann ákærða hafa staðið í ýfingum við þá hina. Ákærði Árni og Jóhann hafi þá lagt Svein Benedikt á grúfu fram á afgreiðsluborðið og héldu honum þar föngnum. Árni hafi haldið vinstri hendi hans í svokölluðu „lögreglutaki", þ.e. fyrir aftan bak, en þeir hinir staðið svo sem lýst er að framan, og hélt Júlíus í hægri jakkaermi Sveins Benedikts. Á meðan var reynt að færa hann úr. Þá hafi skyndilega heyrst smellur.

Ákærði Árni hefur borið að Sveinn Benedikt hafi brotist um í sífellu á meðan hann hélt honum í framangreindu „lögreglutaki", jafnframt því sem Jóhann og Grímur reyndu að færa hann úr. Sveinn Benedikt hafi hallað sér fram á afgreiðsluborðið um leið og hann braust um og hnykkti sér til með því að spyrna í borðið með fótunum. Heyrði ákærði þá brak og smell og varð þess áskynja að eitthvað var að og sleppti strax takinu. Ákærði kveðst hafa beitt „lögreglutakinu" eins og hann sé vanur og sér hafi verið kennt, hann hafi alls ekki haldið of fast eða þvingað um handlegginn. Þá hafi hann ekki heldur snúið upp á hann eða spennt hann of hátt.

Af framangreindum framburði ákærða Árna og ofangreindra vitna þykir sannað að vinstri upphandleggur Sveins Benedikts hafi brotnað þá er ákærði hélt honum í margnefndu „lögreglutaki." Bendir og sérfræðiálit yfirlæknis röntgendeildar Borgarspítalans, Arnar Smára Arnaldssonar, og vætti Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild, eindregið til þess að handleggurinn hafi verið boginn er hann brotnaði. Verður því ekki fallist á þann framburð Sveins Benedikts að átökin hafi verið með þeim hætti er hann hefur lýst.

Sveinn Benedikt, sem er grannur og lágvaxinn, var í átökum við þrjá fullorðna lögreglumenn og einn fangavörð þegar handleggur hans, sem ákærði hélt í umræddu taki, brotnaði. Þrátt fyrir það að „lögreglutak" þetta sé kennt öllum verðandi lögreglumönnum, verður að leggja þeim þá skyldu á herðar að beita því með þeim hætti að menn slasist ekki alvarlega. Verður að telja, eins og á stóð, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega varkárni, er hann hélt um handlegg Sveins Benedikts umrætt sinn þótt í ljós sé leitt að Sveinn Benedikt hafi veitt mikla mótspyrnu er reynt var að færa hann úr yfirhöfn, svo sem skylda er. Handleggsbrot Sveins Benedikts verður samkvæmt framansögðu rakið til gáleysis ákærða Árna, en áverkarnir eru slíkir að þeir myndu hafa varðað refsingu samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga, ef um ásetningsverk væri að ræða. Verður því ákærða Árna gerð refsing samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga að Sveinn Benedikt veitti mikla mótspyrnu umrætt sinn svo og að ákærða hefur verið vikið frá störfum.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst tíu daga varðhald.

Svo sem fyrr greinir hefur engin skaðabótakrafa verið lögð fram af hálfu Sveins Benedikts Jónassonar í máli þessu.

Þá greiðist sakarkostnaður, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Gylfa Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur, að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en ¼ hluta af ákærða Árna.

Dómsorð:

Ákærði Valgarður Sveinn Hafdal skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Árni Ólafsson greiði 20.000,00 krónur sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í tíu daga.

Sakarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu beggja, Gylfa Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur, greiðist að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af ákærða Árna.

Mánudaginn 3. apríl 1989.

Nr. 161/1988. **Guðmundur I. Bjarnason hf.**

gegn

Verðlaunasjóði Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur I. Bjarnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Verðlaunasjóði Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. apríl 1989.

Nr. 35/1989. **Ásgeir Ebenezersson.**

gegn

Arinbirni Óskarssyni
Arnóri Sigurðssyni
Auðbjörgu Helgadóttur
Blikksmiðju Gylfa
Byggingavöruverslun Kópavogs sf.
Contoro
Eddu Björgvinsdóttur
Einari Ingimundarsyni
Erlu Bjarnadóttur
Fa Trici Schober
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Guðfinnu Kristjánsdóttur
Guðjóni Axelssyni
Guðrúnu Jónsdóttur
Guðrúnu Ó. Blöndal
Halldóri Páli Gíslasyni
Heklu hf.
Iðnaðarbanka Íslands hf.
Jórunni Ingimundardóttur
Karnabæ hf.
Kristínu Jónsdóttur
Lars Lundgren
Magnúsi Héðinssyni
Magnúsi I. Magnússyni
Matteu Þorleifsdóttur
Nirði Geirdal
Rögnvaldi Bergsveinssyni
S. Helgasyni hf.
Sigríði Guðmundsdóttur
Sigrúnu Óladóttur
Sigurði Guðmundssyni
Sonju Marelu Strandness
Stefáni Pedersen
Sverri Sigurðssyni

Sævari Helgasyni
Tollstjóraembættinu í Reykjavík
Valdimar Kristinssyni
Verslunarbanka Íslands hf.
Verðbréfasjóði Hagskipta hf.
JL-Völundi hf.
Þóru Árnadóttur
Þórhalli Halldórssyni
Þórunni Hermannsdóttur
Þórði Kristjánssyni
Árvakri hf.
Ásmundi Jakobssyni
Ólafi Þ. Jónssyni og
Ólöfu Októsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir Ebenezersson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. apríl 1989.

Nr. 38/1989. **Þórður Þ. Þórðarson**

gegn

Tryggingastofnun ríkisins
Samvinnubanka Íslands hf.
db. Guðjóns Steingrímssonar
Gunnari Jónssyni og
Búnaðarbanka Íslands, Búðardal.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórður Þ. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 15/1988. **Ragnhildur Matthíasdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Keflavíkur og
Þorbirni Einarssyni
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.).

Nauðungaruppboð. Lögræði. Skuldabréf. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. desember 1987 samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og úrskurðar að nýju, en til vara að synjað verði um nauðungaruppboð á eignarhluta áfrýjanda í 2. hæð fasteignarinnar að Laufásvegi 17 í Reykjavík. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ómerkingu og heimvísun málsins á því, að í úrskurðarorði hins áfrýjaða úrskurðar sé ekki getið um uppboðsheimildir eða kröfufjárhæðir og skiptingu þeirra í höfuðstól og vexti. Þá séu Matthías Einarsson og Ingibjörg Matthíasdóttir í úrskurðarorði tilgreind varnaraðilar í málinu. Þetta sé ekki rétt. Aðilar að hinu sérstaka uppboðsréttarmáli hafi annars vegar verið áfrýjandi og Matthías Matthíasson og hins vegar bæjarsjóður Keflavíkur og Þorbjörn Einarsson. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður hafi því einnig verið ranglega nefndur sóknaraðili í úrskurðarorðinu.

Ýtarleg grein er gerð fyrir uppboðsheimildum í hinum áfrýjaða úrskurði og var ekki þörf á að geta þeirra sérstaklega í úrskurðarorði.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði krafðist Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður þess í héraði fyrir hönd stefndu, bæjarsjóðs Keflavíkur og Þorbjörns Einarssonar, að uppboð færi fram á áðurnefndri fasteign til lúkningar nánar tilgreindum skuldum. Í héraði krafðist áfrýjandi þess einungis, að synjað yrði að umbeðið nauðungaruppboð næði fram að ganga. Í úrskurðinum er þess vegna aðeins fjallað um hvort uppboð fari fram, en ekki önnur álitaefni, svo sem úthlutun uppboðsandvirðis. Hafði héraðsdómari því hvorki ástæðu til að geta í úrskurðarorði um kröfufjárhæðir né skiptingu þeirra í höfuðstól og vexti.

Matthías Einarsson og Ingibjörg Matthíasdóttir eru meðal eigenda uppboðsandlags og nafngreind sem uppboðsþolendur í uppboðsbók við fyrstu fyrirtöku uppboðsbeiðna hinn 27. febrúar 1985 og síðar. Varðar það ekki ómerkingu úrskurðarins, að héraðsdómari nafngreinir þau sem varnaraðila í úrskurðarorði.

Af framangreindum ástæðum ber að synja kröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða úrskurð með vísun til forsendna hans.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ragnhildur Matthíasdóttir, greiði stefndu, bæjarsjóði Keflavíkur og Þorbirni Einarssyni, 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 26. október 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. október 1987.

Sóknaraðili, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður, Hafnargötu 31, Keflavík, krefst þess fyrir hönd bæjarsjóðs Keflavíkur, Nónvörðu 11, Keflavík, og Þorbjörns Einarssonar, Nónvörðu 8, Keflavík, aðallega

að fram fari annað og síðara nauðungaruppboð á 2.hæð fasteignarinnar að Laufásvegi 17, Reykjavík, að frá talinni tveggja herbergja íbúð, auk hlutdeildar í eignarlóðarréttindum. Til vara krefst hann þess að um beðið nauðungaruppboð fari fram á eignarhlutum varnaraðilanna, Matthíasar Einarssonar, Ingibjargar Matthíasdóttur og Ragnhildar Matthíasdóttur, í framangreindri eign, en eignarhlutar þeirra eru saman lagðir 75% hennar. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess að um beðið nauðungaruppboð taki til eignarhluta varnaraðilanna Matthíasar Einarssonar og Ingibjargar Matthíasdóttur í nefndri eign, eða 50% hennar. Í aðalkröfu krefst sóknaraðili málskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila, í varakröfu krefst hann málskostnaðar úr hendi þeirra þriggja varnaraðila, sem varakrafa hans beinist að, en í þrautavarakröfu krefst hann málskostnaðar óskipt úr hendi þeirra tveggja varnaraðila, er þar getur.

Varnaraðilar. Matthías Matthíasson og Ragnhildur Matthíasdóttir, krefjast þess að synjað verði að um beðið nauðungaruppboð nái fram að ganga. Þau krefjast málskostnaðar in solidum úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Einarssonar og Ingibjargar Matthíasdóttur hafa kröfur ekki verið hafðar uppi í máli þessu.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að með bréfi, dagsettu 14. maí 1984, krafðist sóknaraðili þessa máls nauðungaruppboðs á 2. hæð fasteignarinnar að Laufásvegi 17, Reykjavík, en meginmál nefnds bréfs er svohljóðandi:

„Jafnframt því að senda yður, herra borgarfógeti, hjálagt veðskuldabréf m. lánskjaravísitölu, útg. 28.3. 1983, tryggt með 2. veðrétti í Laufásvegi 17, 2. hæð, Reykjavík, vil ég leyfa mér að beiðast þess, að hin veðsetta eign, Laufásvegur 17, 2. hæð, Reykjavík, verði boðin upp og seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuldinni, sem nú sundurliðast þannig:

Höfuðstóll m. lánskjaravísit. 879	kr.	82.230,00
Vextir til gjalddaga 18.3. 1984	“	2.498,00
Bankakostnaður	“	
Dráttarvextir 7,5% ársv. 18.5. 1984	“	1.059,00
Innheimtulaun	“	8.498,00
Fjárnámsbeiðni	“	
Fjárnáms- og þingl- kostnaður	“	
Uppboðsbeiðni	“	700,00
Samtals	kr.	94.985,00

auk áfallandi vísitöluhækkana og dráttarvaxta auk alls kostnaðar við uppboðið, áfallins og áfallandi.

Uppboðið fari fram á ábyrgð umbj.m.“

Sóknaraðili sendi uppboðshaldara aðra beiðni um nauðungaruppboð á sömu eign með bréfi, dagsettu 15. maí 1984, samhljóða því sem að framan greinir.

Með báðum uppboðsbeiðnum sóknaraðila fylgdu frumrit samhljóða skuldabréfa, út gefinna 28. mars 1983 af Ingibjörgu Matthíasdóttur, Hrísholti 9, Garðabæ, hvor að upphaflegri fjárhæð 50.000,00 krónur. Bréf þessi skyldi greiða með tólf jöfnum afborgunum á sex árum með árlegum gjalddögum 18. mars og 18. september, í fyrsta sinn 18. mars 1984. Skuld samkvæmt þeim var bundin lánskjaravísitölu með grunntölu 537 stigum, en vexti skyldi reikna frá 1. mars 1983 og vera hæstu leyfilegir vextir af verðtryggðum lánum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Fyrir skuldum samkvæmt bréfum þessum setti útgefandi þeirra að veði aðra hæð hússins að Laufásvegi 17 í Reykjavík ásamt tilheyrandi eignarlóðarhluta að undanskilinni tveggja herbergja íbúð á hæðinni. Nutu skuldabréf þessi 2. veðréttar samhliða þremur öðrum samhljóða skuldabréfum, en á undan þeim hvíldi á 1. veðrétti veðskuldabréf, að fjárhæð 250.000,00 krónur, út gefið sama dag og bundið lánskjaravísitölu. Skuldabréf þessi voru móttekin til þinglýsingar 29. mars 1983 og færð í þinglýsingarbækur Reykjavíkur 30. sama mánaðar án athugasemda. Skuldabréfin eru bæði gefin út til Matthíasar Einarssonar, Blönduhlíð 1, Reykjavík, en framseld af honum 20. apríl 1983 til Jónasar Ragnarssonar, Ásgarði 8, Keflavík. Skuldabréf, er fylgdi uppboðsbeiðni frá 14. maí 1984, er framselt af nefndum Jónasi eyðuframsali, en skuldabréf með uppboðsbeiðni 15. maí 1984 ber með sér óslitna framsalsröð til bæjarsjóðs Keflavíkur, en eyðuframsal er undirritað á skuldabréfið af þeim aðila.

Framangreindar uppboðsbeiðnir voru samkvæmt yfirlýsingum sóknaraðila teknar fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur um vorið 1984, en uppboð vegna þeirra fellt niður í september sama ár að tilhlutan uppboðshaldara. Kveður sóknaraðili nýtt nauðungaruppboð hafa síðan verið auglýst með lögboðnum hætti og tekið fyrst fyrir 27. febrúar 1985.

Í fram lögðu endurriti úr uppboðsbók kemur fram að 27. febrúar 1985 hafi uppboðsbeiðnir sóknaraðila þessa máls verið teknar fyrir og jafnframt krafa um nauðungaruppboð á sömu eign frá Gjaldheimtunni í Reykjavík, en uppboðsþolendur eru sagðir vera varnaraðilar máls þessa. Var þar mætt af hálfu uppboðsbeiðenda, en ekki af hálfu uppboðsþolenda, og ákveðið að fresta uppboði til sölu á eigninni sjálfri 19. mars sama ár. Þann dag var tekið fyrir að selja umrædda eign á nauðungaruppboði samkvæmt kröfum fyrrnefndra og var mætt af þeirra hálfu, en af uppboðsþolendum

mættu Matthías Einarsson og Matthías Matthíasson. Er bókað að uppboðshaldari hafi gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart nefndum mönnum, en þess er ekki getið að þeir hafi haft uppi athugasemdir við kröfum uppboðsbeiðenda. Eitt boð kom fram í eignina, að fjárhæð 100.000,00 krónur, frá sóknaraðila þessa máls, en samkvæmt beiðni uppboðsþolans Matthíasar Einarssonar var ákveðið að annað og síðara nauðungaruppboð færi fram á eigninni sjálfri 25. júní 1985. Þegar tekið var fyrir þann dag að selja eignina á öðru og síðara nauðungaruppboði hafði komið fram ný beiðni um nauðungaruppboð á henni, frá Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni. Á uppboðsþingi kom fram ósk uppboðsþolans Matthíasar Einarssonar um frestun uppboðsins, sem fallist var á af hálfu uppboðsbeiðenda, og ákveðið að annað og síðara uppboð færi fram 28. ágúst 1985.

Með bréfi til uppboðshaldara, dagsettu 27. ágúst 1985, tilkynnti Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður að hann mótmælti fyrir hönd Matthíasar Matthíassonar að fram færi annað og síðara nauðungaruppboð á nefndri eign. Voru mótmæli þessi tekin fyrir í þinghaldi 17. nóvember 1986 og ákveðinn rekstur þessa máls, sem fyrst var tekið fyrir þann dag. Upphaflegir sóknaraðilar voru uppboðsbeiðendurnir Gjaldheimtan í Reykjavík og Kristján Stefánsson, auk Vilhjálms H. Vilhjálmssonar. Þingsókn féll niður af hálfu Kristjáns Stefánssonar í þinghaldi 24. nóvember 1986, en í þinghaldi 9. október 1987 var lögð fram yfirlýsing af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að kröfur að baki uppboðsbeiðni hennar hefðu greiðst og hún félli því frá kröfum í málinu.

Mál þetta var upphaflega munnlega flutt 9. október 1987, en endurupptekið og munnlega flutt að nýju 23. sama mánaðar.

Varnaraðilarnir Matthías Einarsson og Ingibjörg Matthíasdóttir hafa ekki látið mál þetta til sín taka.

III.

Samkvæmt fram lögðum gögnum og munnlegum málflutningi byggja varnaraðilarnir Matthías Matthíasson og Ragnhildur Matthíasdóttir mótmæli gegn uppboðsbeiðnum sóknaraðila á eftirfarandi atriðum:

1. Að heimildarlaust hafi verið að styðja nýtt nauðungaruppboð við uppboðsbeiðnir sóknaraðila eftir að upphaflegt nauðungaruppboð á grundvelli þeirra var fellt niður á árinu 1984.
2. Að hvorki komi fram í uppboðsbeiðnum nöfn uppboðsbeiðenda né uppboðsþolenda.
3. Að skuldabréf þau, sem sóknaraðili krefst nauðungaruppboðs fyrir, beri ekki með sér hver formlegur eigandi þeirra er.
4. Að þessum varnaraðilum hafi ekki verið tilkynnt um greiðslustað

skuldabréfa sem uppboðsbeiðnir sóknaraðila styðjast við, og hafi þau ekki verið krafin um greiðslu skulda samkvæmt þeim.

5. Að varnaraðilanum Matthíasi Matthíassyni hafi ekki verið tilkynnt með lögmætum hætti um um beðið uppboð.

6. Að veðsetning Ingibjargar Matthíasdóttur, sem felst í skuldabréfum að baki uppboðsbeiðnum sóknaraðila, bindi ekki varnaraðilann Matthías Matthíasson.

7. Að nefnd veðsetning sé ógild gagnvart varnaraðilanum Ragnhildi Matthíasdóttur.

Verða nú raktar nánar málsástæður aðila og fram lögð gögn, sem varða hvert þessara atriða um sig, í sömu röð og þau hafa nú verið upp talin.

1.

Sóknaraðili kveður uppboðsbeiðnir sínar frá 14. og 15. maí 1984 upphaflega hafa komið til kasta við nauðungaruppboð á umræddum eignarhluta í fasteigninni að Laufásvegi 17, sem stóð yfir um vorið 1984, en það uppboð hafi verið fellt niður að tilhlutan uppboðshaldara um haustið á því ári vegna ágalla við framkvæmd þess. Nýtt nauðungaruppboð á eigninni hafi síðan verið auglýst með lögmæltum hætti og beiðnir sóknaraðila lagðar fram við fyrstu fyrirtöku þess 27. febrúar 1985. Sóknaraðili kveðst ekki telja það skipta máli hvort sömu beiðnir hafi legið fyrir við fyrra nauðungaruppboð. Meginmáli skipti að þær hafi verið lagðar fram við hið nýja uppboð, sem mál þetta á rætur að rekja til, enda hafi þær aldrei verið afturkallaðar.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur hefur því verið haldið fram í þessu sambandi að heimildarlaust hafi verið að hefjast handa um nýtt nauðungaruppboð á grundvelli fyrirliggjandi uppboðsbeiðna sóknaraðila við fyrra nauðungaruppboð, sem hafi verið fellt niður vega formgalla. Er bent á í þessu sambandi að sú meðferð samsvari því að almennt einkamál yrði þingfest á ný á grundvelli stefnu í máli sem hafi verið hafið eða vísað frá dómi, en augljóst sé að slíkt yrði talið ófært. Telja varnaraðilar þessir þannig ljóst að þörf hafi verið nýrra uppboðsbeiðna af hendi sóknaraðila, og beri því að hafna kröfum hans af þessum sökum.

2.

Sóknaraðili hefur viðurkennt að rétt sé með farið af hálfu varnaraðila að nöfn eigenda uppboðsheimilda, hinna eiginlegu uppboðsbeiðenda, hafi fallið niður við ritun beiðna hans um umrætt nauðungaruppboð. Úr þessu hafi hins vegar verið bætt með bréfi sóknaraðila, sem lagt hefur verið fram í máli þessu og dagsett er 17. september 1984, en þar komi fram að upp-

boðsbeiðendur séu áðurnefndir Þorbjörn Einarsson og bæjarsjóður Keflavíkur. Vegna gefins tilefnis af hálfu varnaraðila hefur sóknaraðili lýst yfir því að ekki sé útilokað að tilkynning þessi sé ranglega ársett og að hún stafi í reynd frá árinu 1985.

Sóknaraðili telur þann annmarka, sem upphaflega var á uppboðsbeiðnum sínum af þessum sökum, ekki hafa þýðingu í málinu, enda hafi komið fram upplýsingar til úrbóta á honum um leið og tilefni gafst. Bendir sóknaraðili á að það hafi tíðkast í áratugi að lögmenn biðji um nauðungaruppboð í eigin nafni, þótt uppboðsheimild hljóði á umbjóðanda þeirra. Sú tilhögun hafi ekki sætt aðfinnslum, enda auglýsi uppboðshaldarar jafnan nauðungaruppboð með þeim hætti, að þeir tiltaki viðkomandi lögmenn sem uppboðsbeiðendur. Kveður sóknaraðili aðild að ágreiningsmálum fyrir uppboðsrétti jafnframt hafa verið hagað með sama hætti, og vísar hann sérstaklega í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1982/371. Þá hefur sóknaraðili einnig bent á að hagsmunir uppboðsþolenda af því, að nöfn eigenda uppboðskrafna komi fram í uppboðsbeiðnum felist í rétti þeirra til að koma fram mótbárum gagnvart ákveðnum kröfueiganda. Í þessu máli hafi engar mótbárur komið fram af hálfu varnaraðila, sem snúi sérstaklega að kröfueigendum fremur en lögmanni þeirra, og hafi þeir því ekki orðið fyrir réttarspjöllum af þessum sökum.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur er vísað til þess að í 6. gr. laga nr. 57/1949 segi að greina skuli í uppboðsbeiðni, svo að ekki verði um villst, nöfn, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðsþola. Ekkert hafi komið fram um nöfn uppboðsbeiðenda í beiðnum sóknaraðila og hafi ekki verið úr því bætt við þingfestingu uppboðs, heldur fyrst í september 1985, að fram komnum mótmælum á þessum grunni. Ekki sé heldur getið nafna uppboðsþolenda og hafi upplýsingar um þá aldrei komið fram af hálfu sóknaraðila. Telja þessir varnaraðilar þetta fela í sér slíkan galla á uppboðsbeiðnum sóknaraðila að uppboðshaldara hefði borið að hafna þeim þegar í stað. Ekki sé fært að bæta úr annmarka sem þessum eftir á, eins og sóknaraðili hafi leitast við, enda yrði ekki viðurkennt í almennu einkamáli að bæta mætti úr hliðstæðum ágöllum á stefnu með gagnaöflun eftir þingfestingu slíks máls.

3.

Sóknaraðili heldur því fram að sú mótbára varnaraðila, að skuldabréf að baki uppboðsbeiðnum sínum beri ekki með sér nöfn formlega réttra eigenda, breyti engu um gildi beinnar uppboðsheimildar samkvæmt þeim. Þessi mótbára geti í mesta lagi haft þýðingu fyrir ágreining um hvort verðtrygging samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna yrði talin haldast, en ekki reyni á það í þessu máli. Sóknaraðili kveður rétt að annað skuldabréfið,

sem hann segir tilheyra Þorbirni Einarssyni, sé framselt eyðuframsali og komi nafn eigandans ekki fram í framsalstexta. Hitt skuldabréfið tilheyri hins vegar bæjarsjóði Keflavíkur og beri óslitna framsalsröð til hans, en sóknaraðili telur það enga þýðingu hafa þótt ritað hafi verið undir óútfyllta framsalsyfirlýsingu á skuldabréfinu af hálfu nefnds kröfueiganda, án þess að orðið hafi af eigendaskiptum að því. Álítur sóknaraðili því að mótbárur varnaraðila á þessum grundvelli geti að minnsta kosti ekki tekið til uppboðsbeiðni sinnar í þágu bæjarsjóðs Keflavíkur.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur hefur ekki verið sérstaklega rökstutt hverja þýðingu það geti haft fyrir gildi uppboðsheimilda sóknaraðila, ef annmarkar yrðu taldir vera á framsalsáritunum á umræddum skuldabréfum, en því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af þeirra hálfu að skuldabréfin tilheyri þeim sem sóknaraðili kveður kröfueigendur.

4.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið haldið fram að útgefandi þeirra skuldabréfa sem uppboðsbeiðnir hans styðjast við, hafi verið krafinn um greiðslu verðbættrar afborgunar og vaxta með innheimtutilkynningu banka fyrir fyrsta gjalddaga, 18. mars 1984. Útgefandanum hafi verið sent innheimtubréf sóknaraðila og síðan afrit uppboðsbeiðna, en engum greiðslutilmælum sinnt. Telur sóknaraðili þessar tilkynningar nægjanlegar, enda um nafnbréf að ræða og óskylt að tilkynna eigendum hinnar veðsettu eignar sérstaklega um vanskil eða skora á þá að greiða skuldina. Heldur sóknaraðili því fram að sérstök tilkynning til uppboðsþolenda um vanskil veðskuldar og gjaldfellingu þurfi aðeins að koma til, ef um handhafabréf er að ræða og eigendur veðsettrar eignar, aðrir en útgefandi skuldabréfs, hafi tekið að sér greiðslu skuldarinnar samkvæmt þinglýstu afsali. Þau atvik eigi hins vegar engan veginn við í þessu tilviki. Þá hefur sóknaraðili sérstaklega mótmælt mótbárum varnaraðila á þessum grunni sem of seint fram komnum, þar sem þær hafi fyrst komið fram þegar selja átti viðkomandi eign á öðru og síðara nauðungaruppboði, en engum athugasemdum hafi verið hreyft af þessu tilefni fyrr.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur hefur því verið haldið fram að skuldabréf þau, sem sóknaraðili styður uppboðsbeiðnir við, geti ekki talist réttmætur grundvöllur nauðungaruppboðs, með því að þeim hafi ekki verið tilkynnt um greiðslustað skuldar samkvæmt þeim eða um vanskil. Er bent á það af þeirra hálfu að umrædd skuldabréf hafi verið framseld eyðuframsali og teljist því ekki nafnbréf, heldur handhafabréf. Er vísað í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1983/691, þar sem því hafi verið slegið föstu að tilkynna

yrði eiganda veðs, sem ekki var útgefandi veðskuldabréfs, um greiðslustað skuldar samkvæmt handhafabréfi, ef það ætti að koma að notum sem bein uppboðsheimild. Þar hafi líkt og hér verið haldið fram að nægjanlegt væri að senda útgefanda skuldabréfs slíka tilkynningu, en því sjónarmiði hafnað.

5.

Þá mótbáru varnaraðila, að uppboðsþolinn Matthías Matthíasson hafi ekki fengið lögmæta tilkynningu um umrætt nauðungaruppboð, telur sóknaraðili á engum rökum reista. Bendir hann á að umræddur uppboðsþoli hafi verið staddur við fyrra nauðungaruppboð 19. mars 1985, sem segi þegar sína sögu. Uppboðsþoli þessi hafi heldur enga athugasemd gert við það tækifæri, en fram lagt endurrit úr uppboðsbók beri með sér að uppboðshaldari hafi gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart honum á því uppboðsþingi.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur hefur ekki verið sérstaklega fjallað um mótbáru þessa að öðru leyti en því að í skriflegum mótmælum gegn framgangi uppboðs í þágu nefnds Matthíasar kemur fram staðhæfing um að hann hafi ekki fengið lögmæta tilkynningu um uppboðið, og er skírskotað til þess að hann hafi átt heimili í Danmörku frá 21. mars 1985 samkvæmt þjóðskrá.

6.

Um þá mótbáru, að umrædd veðsetning Ingibjargar Matthíasdóttur bindi ekki varnaraðilann Matthías Matthíasson, hefur það komið fram undir rekstri málsins að nefndur Matthías muni vera fæddur 17. apríl 1965 og hafi hann því ekki verið orðinn fjárráða fyrir aldurs sakir þegar hann heimilaði veðsetningu eignarhluta síns og gefin voru út veðskuldabréf þau sem mál þetta varða, 18. mars 1983. Ekki var aflað samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir þeirri ráðstöfun.

Sóknaraðili telur fjárræðisskort varnaraðilans Matthíasar Matthíassonar við veðsetningu fasteignarinnar ekki leiða til þess að hann verði óbundinn af henni. Styður sóknaraðili þetta viðhorf þeim rökum að lögráðamaður þessa varnaraðila, Matthías Einarsson, vissi af veðsetningunni, undirritaði ásamt Matthíasi Matthíassyni veðheimild fyrir sína hönd og annars ófjárráða barns síns og taldist upphaflegur kröfueigandi samkvæmt hljóðan þeirra skuldabréfa sem hér um ræðir. Lögráðamaðurinn hafi og tekið við söluandvirði veðskuldabréfanna sem gefin voru út í skjóli nefndrar veðheimildar. Dómsmálaráðuneytið hafi samþykkt veðsetningu eignarinnar, hvað eignarhluta Ragnhildar Matthíasdóttur varðaði, og bendi ekkert til að samþykki hefði ekki einnig fengist til veðsetningar eignarhluta Matthías-

ar Matthíassonar. Sú yfirsjón Matthíasar Matthíassonar og Matthíasar Einarssonar, sem hér hafi orðið, geti því ekki orðið til réttindamissis fyrir grandalausa eigendur skuldabréfanna.

Sóknaraðili telur Matthías Matthíasson enn fremur bundinn af umræddri veðsetningu vegna aðgerðarleysis hans um ógildingu hennar eftir að hann öðlaðist fjárræði í apríl 1983. Sóknaraðili kveður engar athugasemdir hafa komið fram af hendi varnaraðilans af þessu tilefni fyrr en við munnlegan flutning þessa máls, en honum hafi margsinnis verið gefið tilefni til slíks, ekki síst þegar hann mætti við fyrra uppboð eignarinnar. Telur sóknaraðili að ef umræddur varnaraðili hafi viljað losna undan skuldbindingu af veðsetningu þessari hafi honum borið að láta það í ljós þegar í stað eftir að hann varð fjárráða. Aðgerðarleysi hans í þessum efnum verði þannig að teljast eftirfarandi samþykki veðsetningarinnar, sem bindi hann nú. Sóknaraðili telur þessi viðhorf sækja stoð í ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 95/1947, sem giltu á umræddum tíma.

Af hálfu varnaraðilans Matthíasar Matthíassonar er því haldið fram að það leiði af ákvæðum 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 95/1947 að veðsetning sú, sem mál þetta varðar, sé óbindandi gagnvart eignarhluta sínum. Er því mótmælt af hans hálfu, að aðgerðarleysi sitt um riftun veðsetningarinnar geti talist eftirfarandi samþykki af sinni hendi, enda leiði framangreind ákvæði til þess að gerningur sem þessi teljist óskuldbindandi, án þess að hlutaðeigandi þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana eftir að fjárræðisaldri er náð.

7.

Varðandi ágreining um, hvort veðsetning samkvæmt veðskuldabréfum, sem uppboðsbeiðnir sóknaraðila styðjast við, hafi gildi gagnvart varnaraðilanum Ragnhildi Matthíasdóttur, liggur það fyrir í málinu að hún muni vera fædd 19. mars 1969. Um aðdraganda að veðsetningu þessari hefur verið lagt fram bréf yfirfjárráðandans í Reykjavík til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 21. mars 1983, sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér virðingarfyllst að senda ráðuneytinu bréf Matthíasar Einarssonar, Blönduhlíð 1, dags. í dag.

Hann fer þess á leit að mega veðsetja f.h. ólögráða dóttur sinnar, Ragnhildar, 14 ára, eignarhluta hennar í húseigninni nr. 17 við Laufásveg, þ.e. 25% af óskiptu, ásamt öðrum eignarhlutum í húseigninni til tryggingar láni, að upphæð allt að kr. 500.000,00, sem fyrirhugað er að taka hjá Fjárfestingarfélaginu h/f og verja á til greiðslu erfðafjárskatts vegna skipta á dánar- og félagsbúi hjónanna Odds Jónassonar og Elíasabetar Jónsdóttur, en hin ólögráða var einn af erfingjum búsins.

Ekki er enn fastákveðið hve mikill partur af húsi þessu verður veðsettur,

ef leyfi fæst til, en Matthías telur að um geti orðið að ræða ca. 10 - 15% allrar eignarinnar.

Fylgiskjalið óskast endursent með væntanlegu svari ráðuneytisins."

Á fram lögðu eintaki þessa bréfs er að finna áritun dómsmálaráðuneytisins, dagsetta 23. mars 1983, sem hljóðar svo:

„Ráðuneytið samþykkir ofangreinda veðsetningu til tryggingar láni sem fyrirhugað er að taka hjá Fjárfestingarfélaginu hf. til tryggingar láni, að upphæð allt að kr. 500.000,00, og verja á til greiðslu erfðafjárskatts vegna skipta á dánar- og félagsbúi hjónanna Odds Jónassonar og Elísabetar Jónsdóttur."

Veðskuldabréf þau, sem mál þetta varða, eru, sem áður segir, gefin út af varnaraðilanum Ingibjörgu Matthíasdóttur 28. mars 1983 til varnaraðilans Matthíasar Einarssonar, en til þessarar veðsetningar gáfu aðrir eigendur nefndrar eignar en útgefandi bréfanna svohljóðandi heimild:

„Matthías Einarsson, nnr. 6540-7074, fyrir mína hönd og ófjárráða dóttur minnar, Ragnhildar, og Matthías Matthíasson, Hrísholti 9, Garðabæ, veitum hér með Ingibjörgu Matthíasdóttur, nnr. 4628-3228, leyfi til að veðsetja 2. hæð í húsinu nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, ásamt tilheyrandi eignarlóðarhluta, að undanskilinni 2ja herb. íbúð á hæðinni.

Veðleyfið nær til tryggingar skuld við Matthías Einarsson, nnr. 6540-7074, að fjárhæð kr. 500.000,00 —fimm hundruð þúsund 00/100—, verðtr. skv. lkjv. m/grv. 537 stig.

Eignina má hún veðsetja með 1. og 2. veðrétti."

Yfirlýsingu þessa undirrituðu Matthías Einarsson fyrir eigin hönd og ófjárráða dóttur sinnar, svo og Matthías Matthíasson. Ber hún og undirritanir tveggja manna sem votta rétta dagsetningu og fjárræði útgefenda.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að veðsetning sú, sem hér um ræðir, gildi ekki gagnvart varnaraðilanum Ragnhildi, þar sem hún hafi ekki verið í samræmi við áður ívitnaða heimild dómsmálaráðuneytisins.

Sóknaraðili heldur því fram varðandi mótbáru þessa að ekki skipti máli hvernig orðalagi leyfis dómsmálaráðuneytisins til veðsetningar þessarar hafi verið hagað. Meginatriði þessa leyfis sé að varnaraðilanum Matthíasi Einarssyni er heimilað að veðsetja eignarhluta ófjárráða dóttur sinnar í umræddri fasteign fyrir tiltekinni fjárhæð. Sú veðsetning hafi farið fram innan marka heimildar þessarar og á grundvelli veðheimildar nefnds varnaraðila, viðkomandi skuldabréfum hafi verið þinglýst án athugasemda og núverandi eigendur þeirra séu grandalausir um þá annmarka sem varnaraðilar telja nú á veðsetningunni. Telur sóknaraðili það ekki hafa þýðingu fyrir formlegt gildi veðsetningarinnar, þótt það segi í umræddri heimild að veðsetja megi eignina til tryggingar láni hjá Fjárfestingarfélaginu hf. Alkunna

sé, að Fjárfestingarfélag Íslands hf. veiti ekki lán, heldur hafi það milligöngu um sölu skuldabréfa sem gerð eru úr garði með sama hætti og þau veðskuldabréf sem hér um ræðir. Sóknaraðili telur ekki heldur koma til álita að taka tillit til þess hvort söluandvirði skuldabréfanna hafi í reynd verið varið í samræmi við nefnda heimild ráðuneytis. Sóknaraðili hefur einnig haldið því fram að mótmæli varnaraðila á þessum grundvelli séu of seint fram komin, enda hafi þeim fyrst verið haldið uppi löngu eftir að fyrra nauðungaruppboð hafði farið fram.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur hefur því verið haldið fram að sú heimild, sem dómsmálaráðuneytið veitti Matthíasi Einarssyni til veðsetningar umræddrar fasteignar, hafi aldrei verið notuð. Heimild þessi hafi tekið til veðsetningar til tryggingar lántöku hjá Fjárfestingarfélagi Íslands hf. Nefndur Matthías hafi hins vegar í eigin nafni og í þágu varnaraðilans Ragnhildar veitt Ingibjörgu Matthíasdóttur heimild til að veðsetja hluta fasteignarinnar til tryggingar skuldar við hann sjálfan. Veðsetningin hafi ekki náð til þess eignarhluta í fasteigninni sem heimilað var, heldur til afmarkaðs hluta, sem samrýmist ekki heimildinni. Telja varnaraðilar að eins og veðsetningin var úr garði gerð hafi þinglýsingardómara borið að synja um þinglýsingu skuldabréfa sem sóknaraðili krefst nú nauðungaruppboðs fyrir, eða hið minnsta að árita þau um heimildarbrest veðsala.

Af framangreindum ástæðum telja nefndir varnaraðilar að veðsetning sú, sem gefin var fyrir umræddum skuldabréfum, hafi ekki gildi gagnvart Ragnhildi Matthíasdóttur og geti nauðungaruppboð því ekki náð fram að ganga á þeim grundvelli. Benda varnaraðilar einnig á að bein uppboðsheimild feli í sér undantekningu frá meginreglum um þörf dóms og aðfarar til uppboðsheimildar. Bein uppboðsheimild þurfi því að vera skýr og ótvíræð, en ef vafi er um gildi hennar beri að synja um framgang nauðungaruppboðs og telja varnaraðilar þau sjónarmið eiga við í máli þessu.

Sóknaraðili kveður varakröfu sína miðast við að umrædd veðsetning verði ekki talin binda varnaraðilann Matthías Matthíasson vegna ófjárræðis hans er hún átti sér stað. Telur sóknaraðili þessa mótbáru aðeins geta haft áhrif á framgang nauðungaruppboðs á eignarhluta Matthíasar Matthíassonar í viðkomandi eign, en hún varði á engan hátt uppboðsheimild gagnvart eignarhlutum annarra varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að fyrir liggi skiptayfirlýsing sem eignarréttur varnaraðila styðjist við, en þar komi skýrlega fram að hvert þeirra eigi 25% eignarhluta í fasteign þeirri sem hér um ræðir. Sóknaraðili telur það ekki skipta máli þótt uppboðsbeiðnir hans taki til eignarhluta allra varnaraðilanna og nauðungaruppboð hafi verið auglýst og undirbúið að öðru leyti með það fyrir augum, enda hafi ekki verið tilefni til varakröfu sem þessarar fyrr en nú. Bendir sóknaraðili á að

ekkert standi almennt í vegi fyrir að nauðungaruppboð taki aðeins til eignarhluta tiltekinna eigenda að óskiptri sameign. Sóknaraðili kveður þrautavarakröfu sína á sama hátt miðast við að mótbárur beggja varnaraðilanna, Matthíasar og Ragnhildar, sem snúa að gildi veðsetningar eignarhluta þeirra, yrðu teknar til greina, en þær mótbárur geti engin áhrif haft á gildi veðsetningar eignarhluta Matthíasar Einarssonar og Ingibjargar Matthíasdóttur.

Því er haldið fram af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur, að nauðungaruppboð geti ekki náð fram að ganga að kröfu sóknaraðila á eignarhlutum einstakra sameigenda hinnar veðsettu eignar, eins og undirbúningi þess hefur verið háttað. Uppboðsbeiðni og uppboðsauglýsing hafi miðast við nauðungarsölu eignarhluta allra varnaraðila, en ekki eignarhluta tveggja eða eftir atvikum þriggja þeirra. Draga varnaraðilar þessir og í efa að veðskuldabréf þau, sem hér um ræðir, geti lengur talist gild uppboðsheimild vegna þeirra annmarka sem snúa að veðsetningu eignarhluta þeirra.

IV.

Af hálfu varnaraðilanna Matthíasar Einarssonar og Ingibjargar Matthíasdóttur hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Ber því samkvæmt 118., sbr. 223. gr., laga nr. 85/1936 að leysa úr kröfum sóknaraðila gagnvart þeim á grundvelli fram lagðra skjala og skilríkja, að teknu tilliti til þeirra málsvarna varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur sem varða heimild sóknaraðila til að krefjast nauðungaruppboðs á eignarhlutum þeirra allra í hinni veðsettu eign.

Er mál þetta var fyrst tekið fyrir var það auðkennt með þeim hætti að Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, þá héraðsdómslögmaður, væri sóknaraðili þess, en ekki þeir sem hann hafði þó áður lýst yfir að væru eigendur þeirra skuldabréfa, sem mál þetta varða. Eins og áður er komið fram er það meðal ágreiningsefna málsins hvort nefndum lögmanni hafi verið rétt að krefjast nauðungaruppboðs í eigin nafni og hvort tillit verði tekið til síðar fram kominna upplýsinga um nöfn umbjóðenda hans. Af þessum ástæðum hefur ekki þótt rétt að raska upphaflegri ákvörðun á aðild og heiti málsins.

Sú mótbára varnaraðilanna Matthíasar Matthíassonar og Ragnhildar Matthíasdóttur, sem fyrst er talin hér að framan, snýr að því að uppboðsbeiðnir sóknaraðila, sem mál þetta varða, hafi í upphafi verið teknar til meðferðar við nauðungaruppboð á umræddri fasteign, en það uppboð hafi verið fellt niður og sömu beiðnir verið lagðar til grundvallar nýju nauðungaruppboði, sem varnaraðilarnir telja óheimilt.

Um málsatvik í þessu sambandi liggur ekki annað fyrir í málinu en frásögn af hálfu sóknaraðila við munnlegan flutning þess. Kom þar fram að

upphaflegar uppboðsaðgerðir vegna beiðna hans hafi verið felldar niður af uppboðshaldara vegna annmarka á undirbúningi uppboðs. Nýtt nauðungaruppboð hafi því verið auglýst vegna beiðna hans og þær teknar þar fyrir.

Umræddar uppboðsbeiðnir bera ekki með sér að þær hafi verið afturkallaðar af sóknaraðila við hið fyrra nauðungaruppboð. Því hefur ekki verið haldið fram af hálfu varnaraðila að uppboðshaldari hafi hafnað nauðungaruppboði af sjálfsdáðum á grundvelli þeirra. Aðstæðum þessum verður því ekki jafnað til hafningar eða frávísunar almenns einkamáls, svo sem varnaraðilar hafa haldið fram. Verður ekki séð að beiðnir þessar hafi á nokkurn hátt tapað gildi sínu þótt uppboðshaldari hafi tekið upp hjá sjálfum sér að ráða bót á annmarka við undirbúning fyrra umboðs með því að auglýsa og taka sérstaklega fyrir nýtt nauðungaruppboð á grundvelli fyrirliggjandi uppboðsbeiðna. Eru því ekki efni til að fallast á kröfur varnaraðila á þessum grundvelli.

Varnaraðilarnir Matthías Matthíasson og Ragnhildur Matthíasdóttir hafa réttilega bent á að í uppboðsbeiðnum sóknaraðila, sem mál þetta er risið af, koma hvorki fram nöfn eigenda viðkomandi krafna né nöfn uppboðsþolenda. Sá háttur á uppboðsbeiðnum þessum er að sönnu í andstöðu við fyrirmæli 6. gr. laga nr. 57/1949. Í þessu sambandi verður þó ekki hjá því litið að um árabil hefur verið látið átölulaust við meðferð nauðungaruppboða að lögmaður, sem hefur kröfu til innheimtu, biðji um nauðungaruppboð án þess að nafngreina í hvers umboði það sé gert. Sóknaraðili lagði og þegar fram fyrir upphaf rekstrar þessa máls upplýsingar um nöfn eigenda þeirra krafna er hann krefst uppboðs til fullnustu á. Telja verður að þær upplýsingar hafi þannig komið nægilega fljótt fram til þess að varnaraðilum gæfist kostur á að hreyfa andmælum gegn uppboðskröfunum sem beinst gætu að kröfueigendum fremur en lögmanni þeirra. Verður því ekki séð að frávik sóknaraðila frá formskilyrðum 6. gr. laga nr. 57/1949 að þessu leyti hafi þýðingu að lögum fyrir varnaraðila. Uppboðsþolendur geta eðli málsins samkvæmt ekki orðið aðrir en þeir sem teljast eigendur þeirra verðmæta sem krafist er uppboðs á. Í því tilviki, sem hér um ræðir, sýnist ekki orka tvímælis hverjir hafi talist eigendur að uppboðsandlaginu þegar uppboðsbeiðnir sóknaraðila komu fram, enda eru þeir nafngreindir sem uppboðsþolendur í fram lögðu endurriti úr uppboðsbók frá fyrstu fyrirtöku uppboðsbeiðnanna 27. febrúar 1985. Verður ekki séð að uppboðshaldari hafi séð ástæðu til að finna að vöntun upplýsinga um þetta efni í uppboðsbeiðnum sóknaraðila, er þær komu fram, og getur þetta því ekki skipt varnaraðila máli að lögum. Af þessum sökum verður ekki nú talin næg ástæða til að synja um nauðungaruppboð samkvæmt beiðnum sóknaraðila vegna frávika frá reglum 6. gr. laga nr. 57/1949.

Varnaraðilarnir Matthías Matthíasson og Ragnhildur Matthíasdóttir hafa, sem áður segir, mótmælt uppboðsbeiðnum sóknaraðila á þeim grundvelli að skuldabréf þau, sem þær styðjast við, beri ekki með sér nöfn formlegra eigenda þeirra. Það hefur hins vegar ekki verið fyrir því haft af hendi nefndra varnaraðila að rökstyðja hverja þýðingu þetta atriði geti haft fyrir heimild sóknaraðila til að krefjast uppboðs á grundvelli skuldabréfanna. Skuldabréf þessi bera ekkert það með sér sem gefur tilefni til að ætla að þeir aðilar, sem sóknaraðili kveður eigendur þeirra, séu það ekki með réttu, enda hafa varnaraðilar ekki haft uppi mótmæli á þeim grunni. Í máli þessu hefur ekki komið til umfjöllunar ágreiningur um heildarfjárhæð krafna sóknaraðila og eftir atvikum hvort annmarkar á framsali skuldabréfa kunni að hafa áhrif á gildi ákvæða þeirra um verðtryggingu. Óumdeilt sýnist hins vegar að fyrir hendi séu gjaldfallnar kröfur samkvæmt umræddum skuldabréfum. Verður því ekki litið svo á að annmarki sé á uppboðsheimild sóknaraðila af þessum sökum.

Þá hafa varnaraðilarnir Matthías Matthíasson og Ragnhildur Matthíasdóttir mótmælt kröfum sóknaraðila með þeim rökum, að þeim hafi ekki verið tilkynnt um greiðslustað afborgana og vaxta af umræddum skuldabréfum sem voru í gjalddaga 18. mars 1984, og ber því að synja um framgang nauðungaruppboðs af þeim sökum. Skuldabréf þau, sem hér um ræðir, eru út gefin af varnaraðilanum Ingibjörgu Matthíasdóttur og telst hún skuldari samkvæmt þeim. Bera þau ekki með sér að aðrir hafi tekið að sér skyldu til greiðslu samkvæmt þeim, hvorki í stað nefndrar Ingibjargar né samhliða henni. Fyrrnefndir varnaraðilar hafa ekki haldið því fram að þeir hafi tekið að sér skyldu gagnvart kröfueigendum samkvæmt þinglýstri eignarheimild til að standa skil á greiðslum samkvæmt skuldabréfum þessum. Þeirri staðhæfingu sóknaraðila, að nefnd Ingibjörg hafi verið krafin um greiðslu af bankastofnun fyrir gjalddaga og af honum sjálfum eftir gjalddaga, hefur ekki verið mótmælt. Verður því ekki á það fallist með varnaraðilunum Matthíasi og Ragnhildi að kröfueigendum hafi borið skylda til að tilkynna frekar en gert var um greiðslustað afborgana og vaxta af skuldabréfum þeirra sem komu í gjalddaga 18. mars 1984, enda á fordæmisregla sú, sem dregin verður af hæstaréttardómi í dómasafni 1982/691, ekki við um þær aðstæður sem hér eru fyrir hendi.

Af hálfu varnaraðilans Matthíasar Matthíassonar hefur kröfum sóknaraðila verið mótmælt á þeim grunni að honum hafi ekki verið tilkynnt með lögmætum hætti um uppboð á margnefndri fasteign. Ekki hefur komið nánar fram af hendi þessa varnarðila hverja tilkynningu hann telur sig hafa farið á mis við og er málsástæða þessi því ekki svo skýr sem skyldi. Allt að einu má ljóst vera að varnaraðili þessi var staddur við fyrra nauðungaruppboð fasteignarinnar 19. mars 1985 og gerði engar athugasemdir af þessu

tilefni. Í 29. gr. laga nr. 57/1949 er ekki kveðið á um skyldu til að tilkynna uppboðsþola sérstaklega að fyrir dyrum standi annað og síðara nauðungaruppboð á fasteign, en ákvörðun um stað og stund til annars og síðara uppboðs var þó tekin við lok fyrra uppboðs að varnaraðilanum Matthíasi viðstöddum. Ákvörðun um frestun annars og síðara uppboðs til tiltekins tíma var síðan tekin við fyrirtöku málefnisins á uppboðsstað. Þegar af þessum ástæðum fá mótbárur af hendi varnaraðilans á þessum grunni ekki staðist.

Eins og áður er rakið liggur það fyrir í málinu að varnaraðilinn Matthías Matthíasson er fæddur 17. apríl 1965. Hann hafði því ekki náð fjárræðisaldri samkvæmt 3. gr. laga nr. 95/1947 er hann veitti varnaraðilanum Ingibjörgu Matthíasdóttur heimild 28. mars 1983 til að veðsetja eignarhluta hans í hluta fasteignarinnar að Laufásvegi 17. Samþykkis dómsmálaráðuneytisins var ekki aflað fyrir veðsetningu þessari samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

Í 37. gr. laga nr. 95/1947 kemur fram það fortakslausa skilyrði fyrir veðsetningu fasteignar ófjárráða manns að samþykki dómsmálaráðuneytisins hafi fengist fyrir henni. Þótt Matthías Einarsson, sem sagður er hafa verið lögráðamaður Matthíasar Matthíassonar á umræddum tíma, hafi sjálfur átt þátt í þeirri veðsetningu sem mál þetta varðar, og þótt dómsmálaráðuneytið hafi fengið til umfjöllunar óskir um heimild til veðsetningar eignarhluta annars ófjárráða eiganda að sömu eign, breytir það því ekki að samþykkis ráðuneytisins var ekki aflað til að veðsetja eignarhluta Matthíasar Matthíassonar. Öflun slíks samþykkis verður að telja gildisskilyrði fyrir veðsetningu sem að öðrum kosti verður óskuldbindandi. Af þeirri ástæðu er ekki heldur unnt að líta svo á að aðgerðarleysi varnaraðilans Matthíasar Matthíassonar um að halda uppi mótmælum á þessum grunni geti talist eftirfarandi samþykki þessarar ráðstöfunar. Í ljósi 2. mgr. 33. gr. laga nr. 39/1978 hefur það ekki heldur þýðingu í þessu sambandi þótt veðskuldabréfum, sem sóknaraðili krefst uppboðs fyrir, hafi verið þinglýst án athugasemda. Af þessum sökum verður ekki talið að sóknaraðili hafi gilda heimild til að krefjast nauðungaruppboðs á eignarhluta Matthíasar Matthíassonar í fasteigninni að Laufásvegi 17.

Hér áður hefur verið rakið að varnaraðilinn Matthías Einarsson aflaði samþykkis dómsmálaráðuneytisins til að veðsetja eignarhluta ófjárráða dóttur sinnar, Ragnhildar, í þeirri fasteign sem mál þetta varðar. Beiðni hans til yfirfjárráðanda um heimild til þessarar ráðstöfunar hefur ekki verið lögð fram í málinu, en erindi hans er lýst í bréfi yfirfjárráðanda til dómsmálaráðuneytisins á þann hátt að umræddur Matthías sækist eftir heimild til veðsetningar alls eignarhluta Ragnhildar í fasteigninni að Laufásvegi 17 til tryggingar láni að fjárhæð 500.000,00 krónur, sem fyrirhugað sé að taka

hjá svonefndu Fjárfestingarfélaginu hf., en lánsfénu eigi að verja til greiðslu erfðafjárskatts við tiltekin búskipti. Í yfirlýsingu dómsmálaráðuneytisins um samþykki þessarar beiðni eru sömu efnisatriðin og nú voru talin endurtekin. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að þinglýsing þeirra veðskuldabréfa, sem sóknaraðili styður uppboðsheimild við, hafi átt sér stað í skjóli þessa samþykkis ráðuneytisins, hvað eignarhluta nefndrar Ragnhildar varðar.

Varnaraðilinn Ragnhildur Matthíasdóttir ber því við að veðsetning sú, sem fjallað er um í máli þessu, samrýmist ekki framangreindu samþykki dómsmálaráðuneytisins. Er af hennar hálfu bent á að veðsetningin hafi ekki tekið til alls þess eignarhluta, sem samþykki hafi þó verið fengið fyrir, og að eignarhlutinn hafi ekki verið veðsettur svonefndu Fjárfestingarfélaginu hf., heldur föður hennar, til tryggingar skuld Ingibjargar Matthíasdóttur við hann.

Í 37. gr. laga nr. 95/1947 sagði meðal annars eftirfarandi: „Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip...“ Í ákvæði þessu komu ekki fram fyrirmæli um heimild eða skyldu dómsmálaráðuneytisins til að setja sérstök skilyrði fyrir samþykki sínu eða frekari fyrirmæli um ráðstöfun, þegar slíkt samþykki var veitt, svo að bindandi væri við þinglýsingu veðskjala eða fyrir réttarstöðu grandalauss veðhafa.

Í yfirlýsingu dómsmálaráðuneytisins, dagsettri 23. mars 1983, kemur fram að samþykki sé veitt til veðsetningar eignarhluta Ragnhildar Matthíasdóttur í fasteigninni Laufásvegi 17 til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 500.000,00. Telja verður að í þessum ummælum einum komi fram nægileg heimild af hendi dómsmálaráðuneytisins til „lagningar veðbanda“ á fasteign varnaraðilans Ragnhildar í skilningi áður rakins ákvæðis. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu að farið hafi verið fram úr framangreindri hámarksfjárhæð með veðsetningum í skjóli þessa samþykkis. Sú mótbára, að það hafi þýðingu fyrir úrlausn þessa máls að veðsetning hafi ekki náð til alls þess eignarhluta sem heimilað var, heldur aðeins afmarkaðs hluta, er út í hött, enda er takmarkaðri veðsetning bersýnilega hinum ófjárráða eiganda til hagsbóta.

Þau atriði önnur, sem fram koma í umræddu bréfi yfirfjárráðanda og yfirlýsingu dómsmálaráðuneytisins, geta ekki talist þess eðlis að þau hafi áhrif á gildi veðsetningarinnar gagnvart grandalausum þriðja manni, enda sýnast þau aðeins fela í sér fyrirmæli til lögráðamanns hins ófjárráða barns um nýtingu veittrar heimildar. Þótt sagt sé í umræddri yfirlýsingu að veðsetja megi fasteignina „til tryggingar láni sem fyrirhugað er að taka hjá Fjárfestingarfélaginu hf.“, verða þessi ummæli ekki skilin á þann veg að

það skilyrði sé sett að væntanleg veðskuldabréf verði gefin út á nafn hins svonefnda Fjárfestingarfélags hf. Sóknaraðili hefur og haldið því fram að skuldabréf þau, sem hér um ræðir, hafi í reynd verið notuð til lántöku fyrir atbeina Fjárfestingarfélags Íslands hf., þótt útgáfu þeirra hafi verið háttað sem áður er lýst. Þeirri staðhæfingu hefur ekki verið hrundið af hálfu varnaraðila. Tilgreindir skilmálar í yfirlýsingu dómsmálaráðuneytisins um ráðstöfun væntanlegs lánsfjár geta fráleitt talist þess eðlis að frávik frá þeim kunni að hafa áhrif á réttarstöðu grandalauss eiganda veðskuldabréfs. Hugsanleg brot af hendi Matthíasar Einarssonar á þessum skilmálum geta því ekki haft áhrif á gildi veðsetningar gagnvart grandalausum þriðja manni, en hér ber og að líta til þess að af hendi varnaraðilans, Ragnhildar, hafa engar sönnur þess komið fram gegn andmælum sóknaraðila að í reynd hafi verið brotið gegn umræddum fyrirmælum.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á mótmæli varnaraðilans Ragnhildar Matthíasdóttur gegn gildi veðsetningar eignarhluta hennar í fasteigninni Laufásvegi 17.

Með framangreindu hefur verið hrundið aðalkröfu sóknaraðila að því leyti að um beðið nauðungaruppboð getur ekki náð fram að ganga hvað varðar eignarhluta varnaraðilans Matthíasar Matthíassonar í umræddri fasteign. Sóknaraðili hefur, sem áður segir, gert þá varakröfu að kveðið verði á um að annað og síðara nauðungaruppboð fari fram á eignarhlutum annarra varnaraðila, en því hafa varnaraðilarnir Matthías Matthíasson og Ragnhildur Matthíasdóttir mótmælt með þeirri röksemd, að auglýsing og annar undirbúningur uppboðsins miðist við nauðungarsölu eignarinnar í heild, auk þess sem þau draga í efa gildi beinnar uppboðsheimildar samkvæmt umræddum skuldabréfum, eins og hér stendur á.

Í veðskuldabréfum þeim, sem sóknaraðili byggir kröfu um nauðungaruppboð á, er mælt fyrir um heimild kröfueiganda til að selja hið veðsetta á opinberu uppboði án undangengins dóms eða sáttar og aðfarar, ef vanskil verða á greiðslu afborgana og vaxta, en um heimild þessa er vísað til 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947 og 3. gr. laga nr. 19/1887. Samkvæmt því, sem hér á undan geinir, telst veðsetning samkvæmt umræddum skuldabréfum gild gagnvart öðrum varnaraðilum en Matthíasi Matthíassyni. Hefur ekkert komið fram í málinu sem hnekkir gildi beinnar uppboðsheimildar gagnvart þeim varnaraðilum, en ekki verður litið svo á að ógildi veðsetningar afmarkaðs eignarhluta í hinu veðsetta hafi áhrif í þessum efnum. Verður því að telja gilda beina uppboðsheimild samkvæmt veðskuldabréfum, sem sóknaraðili styður kröfur sínar við, varðandi 75% hlutdeildar í veðinu.

Í uppboðsbeiðnum sóknaraðila, sem mál þetta varðar, var krafist nauðungaruppboðs á hinni veðsettu eign, eins og henni var nánar lýst í veð-

skuldabréfum að baki beiðnunum. Fyrir liggur í málinu að þinglýst eignarheimild varnaraðila kveði á um að þau teljist hvert um sig eiga í óskiptri sameign 25% af þeirri fasteign sem veðsett var. Eftir meginreglum einkamálaréttarfars, sem meðal annars koma fram í 113. gr. laga nr. 85/1936, getur sækjandi máls dregið úr upphaflegum kröfum sínum undir rekstri máls, þar á meðal fallið frá kröfum á hendur einum eða fleiri gagnaðilum án þess að málatilbúnaður hans ónýtist. Telja verður sömu meginreglu eiga við um kröfu um nauðungaruppboð, sem leiðir til þess að uppboðsbeiðanda verður að telja heimilt að draga úr kröfum sínum samkvæmt uppboðsbeiðni við meðferð nauðungaruppboðs, hvort sem sú takmörkun varðar lækkun fjárkrafna hans eða kröfu um nauðungarsölu á takmörkuðum hluta þeirrar eignar sem beiðni hans varðar í upphafi. Af því leiðir óhjákvæmilega að auglýsing og undirbúningur uppboðs, sem miðast við upphaflegar kröfur uppboðsbeiðanda, geta ekki ónýst þótt uppboðsbeiðandi kjósi síðar að draga úr kröfum. Hið sama verður að telja að eigi við ef kröfum uppboðsbeiðanda er hnekkt að einhverju leyti eftir auglýsingu uppboðs og annan undirbúning.

Lagareglur standa ekki í vegi fyrir að heimilt sé að krefjast nauðungaruppboðs á tiltekinni hlutdeild skuldara í óskiptri sameign. Í máli þessu liggur fyrir, að varnaraðilarnir Matthías Einarsson og Ingibjörg og Ragnhildur Matthíasdætur eru hvert um sig eigendur að 25% af 2. hæð hússins að Laufásvegi 17, að frá talinni tveggja herbergja íbúð á umræddri hæð. Afmörkun uppboðsandlags verður þannig að telja nægjanlega til þess að nauðungaruppboð nái að þessu leyti fram að ganga að kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu verður því tekin til greina varakrafa sóknaraðila um að fram fari annað og síðara nauðungaruppboð á eignarhlutum varnaraðilanna Matthíasar Einarssonar, Ingibjargar Matthíasdóttur og Ragnhildar Matthíasdóttur í umræddri fasteign, sem samtals nema 75% eignarinnar.

Við ákvörðun málskostnaðar milli sóknaraðila og varnaraðilans Matthíasar Matthíassonar þykir verða að taka tillit til þess, að sú málsástæða, sem varnaraðilanum hefur komið að haldi samkvæmt framangreindu, kom fyrst fram við endurupptöku málsins og samkvæmt ábendingu dómarans. Er ekki tilefni til annars en að málskostnaður falli niður hvað hann varðar. Málskostnað milli sóknaraðila og varnaraðilans Ragnhildar Matthíasdóttur þykir rétt að fella niður með hliðsjón af 178. gr. laga nr. 85/1936. Varnaraðilarnir Matthías Einarsson og Ingibjörg Matthíasdóttir hafa ekki haldið uppi vörnum fyrir sitt leyti í málinu. Telja verður því heimildarlaust að gera þeim að greiða sóknaraðila málskostnað.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með málið frá 15. september 1987.

Úrskurðarorð:

Annað og síðara nauðungaruppboð á eignarhlutum varnaraðila, Matthíasar Einarssonar, Ingibjargar Matthíasdóttur og Ragnhildar Matthíasdóttur, í 2. hæð fasteignarinnar að Laufásvegi 17, Reykjavík, að undanskilinni tveggja herbergja íbúð á nefndri hæð, en með tilheyrandi hlutdeild í eignarlóðarréttindum, samtals 75% af þessari fasteign, nær fram að ganga samkvæmt kröfu sóknaraðila, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 7/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ingvari Oddgeiri Magnússyni
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuleyfis. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til staðfestingar á sakfellingu ákærða, en þyngingar refsingar.

Hér fyrir dómi var því haldið fram af hálfu ákæruvalds, að líta bæri til þess að ákærði hefði rofið skilorð dóms, sem kveðinn var upp í sakadómi Kópavogs 3. ágúst 1984. Sá dómur var birtur ákærða 21. maí 1985. Mál þetta var í héraði þingfest 3. október 1988 og hafði eigi áður farið fram rannsókn með þeim hætti, sem greinir í 60. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Var skilorðstíminn, 3 ár, þá liðinn. Telst ákærði því ekki hafa rofið skilorðið.

Með skírskotun til héraðsdóms ber að refsa ákærða fyrir brot gegn lagaákvæðum þeim, sem ákært er fyrir. Refsing þykir með tilliti til sakarferils ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Oddgeir Magnússon, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 3. október 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 28. apríl 1988, „á hendur Ingvari Oddgeiri Magnússyni, Hófgerði 9, Kópavogi, fæddum 18. desember 1963 í Reykjavík, fyrir að aka föstudaginn 28. nóvember 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 61158 um götur í Kópavogi, þar til lögregla stöðvaði akstur hans á Kópavogshálsi við bensínafgreiðslu Skeljungs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir að föstudaginn 28. nóvember 1986 veitti lögreglan bifreiðinni R 61158 athygli, þar sem henni var ekið að bensínstöð Skeljungs á Kópavogshálsi. Lögreglan hafði tal af ökumanni sem reyndist vera ákærði í máli þessu, Ingvar Oddgeir Magnússon, en samkvæmt skjalaskrá lögreglunnar hafði hann verið sviptur ökuréttindum ævilangt frá 21. maí 1985.

Ákærði hefur gefið skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglu og fyrir dómi. Þar viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni R 61158 28. nóvember 1986 og að hann hefði þá verið sviptur ökuréttindum ævilangt.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1979 í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 15/10 1979.

1979 23/10 í Reykjavík. Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.

1983 11/5 í Kópavogi. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 49. og 50. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 11/5 '83.

1983 1/7 í Kópavogi. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 4. gr., 5. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1984 3/8 í Kópavogi. Dómur: 3 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr., hgl. 2. gr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 21/5 1985.

1985 2/12 í Kópavogi. Sátt: 22.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl. og 248. gr. hgl.

1988 12/2 í Hafnarf. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

Brot ákærða er framið áður en dómur var kveðinn upp 12. febrúar sl. í sakadómi Hafnarfjarðar. Refsingu ákærða ber því að ákveða sem hegningarauka, sbr. 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin með vísan til þess og þeirra refsilagaákvæða, sem sakfellt er eftir, svo og með vísan til sakarferils ákærða, varðhald í 10 daga.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Oddgeir Magnússon, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 8/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigþóri Heiðari Hrafnssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. desember 1988 að ósk ákærða.

Á grundvelli framburðar ákærða, sem er í samræmi við önnur sakargögn, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu.

Með dómi Hæstaréttar 9. desember 1988 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi. Voru tvö mál gegn ákærða þá sameinuð hér fyrir dómi og dæmd í einu lagi. Var þar annars vegar um að ræða mál það, sem um getur í hinum áfrýjaða dómi og dæmt var 1. desember 1987. Í öðru lagi var fjallað um mál, sem dæmt var 31. október 1988 í sakadómi Reykjavíkur, en þá var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Refsing ákærða er með hliðsjón af sakarferli hans hæfilega ákveðin fangelsi 40 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest og dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti fangelsi 40 daga.

Sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 1. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 642/1988: Ákæruvaldið gegn Sigþóri Heiðari Hrafnssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. nóvember 1988, á hendur ákærða, Sigþóri Heiðari Hrafnssyni málara, Krummahólum 2 í Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1966 á Selfossi, „fyrir að aka miðvikudaginn 31. ágúst 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 52911 austur Suðurlandsveg í Árnessýslu með allt að 108 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla við Hraungerði, en þar hafði lögreglan afskipti af akstri hans og fyrir að aka bifreiðinni þaðan að bænum Þjórsártúni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 52911, sviptur ökuréttindum ævilangt, austur Suðurlandsveg með 108 kílómetra hraða á klukkustund á móts við bæinn Hraungerði í Hraungerðishreppi í Árnessýslu og að aka bifreiðinni þaðan að bænum Þjórsártúni.

Í 3. mgr. 80. gr. eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, var varðhaldsrefsing lögð við því að aka vélknúnu ökutæki sviptur ökuréttindum eða rétti til þess að öðlast þau. Þegar umferðarlögunum var breytt með lögum nr. 54/1976, féll ákvæði þetta niður. Dómstólar hafa eftir það beitt 1. mgr. 27. gr. laganna sem refsiheimild um tilvik sem þessi. Það ákvæði er efnislega samhljóða 1. mgr. 48. gr. núgildandi umferðarlaga, en þau lög hafa ekki að geyma neitt ákvæði sem svarar til 3. mgr. 80. gr. eldri umferðarlaga. Verður að telja með hliðsjón af margra ára dómvenju, að ákærði hafi með atferli sínu brotið gegn 1. mgr. 48. gr. núgildandi umferðarlaga. Þá hefur ákærði brotið gegn 2. mgr. 37. gr. umferðarlaganna, sbr. 1. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987.

Ákærði var í nóvember 1982 sektaður og sviptur ökuleyfi í tvo mánuði fyrir ölvun við akstur. Þá var árið eftir frestað ákæru á hendur honum fyrir þjófnað. Í janúar 1984 var ákærði dæmdur í 30 daga skilorðsbundið varðhald og sekt fyrir nytjatöku og réttindaleysi við akstur. Í mars 1986 var hann sektaður fyrir ölvun við akstur og sviptur ökuréttindum í sex mánuði og í apríl sama ár var hann sektaður og sviptur ökuréttindum í tólf

mánuði fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Í desember 1987 hlaut ákærði 45 daga varðhaldsdóm fyrir fölsunarbrot, þjófnað, nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur. Þá var hann sviptur ökuréttindum ævilangt. Í október það ár var hann svo sektaður fyrir eignaspjöll. Loks var ákærði sakfelldur í maímánuði síðastliðnum fyrir skjalafals, en ekki gerð sérstök refsing.

Refsing ákærða nú þykir hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 123/1989. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
gegn
Trausta Jóhannssyni

Kærumál. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði mál þetta til Hæstaréttar 20. mars sl. og barst kæran dómnum 3. þ.m. Kæruheimild er 21. gr., 1. mgr. 2. tl., laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta ásamt búi Stáltækni sf. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að 13. gr., l. tl. c, í gjaldþrotalögum, nr. 6/1978, sýnist miða að því að koma í veg fyrir, að skiptaráðendum sé íþyngt með skiptabeiðnum byggðum á marklausum yfirlýsingum. Skiptaráðendum sé hins vegar ekki bannað að taka mál fyrir, þótt liðinn sé sá þriggja mánaða frestur sem nefndur er í ákvæðinu. Yrði réttur varnaraðila í engu skertur, þó að hann yrði kvaddur fyrir skiptarétt og spurður þar um fjárhag sinn á nýjan leik. Í þessu máli hafi skiptaráðanda verið skylt að taka málið fyrir ásamt beiðni um gjaldþrotaskipti á búi Stáltækni sf., en beiðnin hafi borist innan tiltekins frests að því er varði það félag.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði lýsti varnaraðili yfir í fógetarétti 6. júlí 1988, að hann væri eignalaus. Beiðni um gjaldþrotaskipti á búi hans barst skiptarétti 13. desember. Var þá liðinn sá þriggja mánaða frestur, sem fyrr er um getið, ef miðað er við 6. júlí, en vitnað var í beiðninni til fógetaréttar 7. október, sem beindist að Stáltækni sf. og manni þeim, sem ásamt varnaraðila er eigandi þess félags. Yfirlýsing varnaraðila 6. júlí er ekki fullnægjandi grundvöllur gjaldþrotaskipta á búi hans og fógetagerðin 7. október ekki heldur. Þar sem ekki er á öðru að byggja um fjárhag

hans ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, enda var ekki skylt að kalla varnaraðila fyrir skiptarétt vegna þeirrar beiðni um gjaldþrotaskipti, sem barst 13. desember sl.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 14. mars 1989.

I

Með bréfi, dagsettu 8.12.1988, fór Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að bú Trausta Jóhannssonar, kt. 020736-3569, Borgartúni 19, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Beiðni þessi studdist við árangurslausa aðfarargerð sem hófst hjá Ráltækni sf., kt. 530575-0399, 6. júlí 1988. Aðfarargerð þessari var fram haldið 14.9.1988 og lokið 7.10.1988.

Af hálfu Trausta Jóhannssonar hefur ekki verið sótt þing vegna framkominna gjaldþrotabeiðna.

II.

Sem fyrr greinir styður Gjaldheimtan í Reykjavík umrædda gjaldþrotabeiðni við árangurslausa aðfarargerð er fram fór vegna krafna hennar og hófst hjá Ráltækni sf. 6.7.1988 og var fram haldið 14.9.1988 og lokið 7.10.1988. Skráðir eigendur Ráltækni sf. eru þeir Trausti Jóhannsson og Þorlákur Jóhannsson, kt. 161243-4939.

Lögtakið hófst 14.9.1988 hjá Ráltækni sf. Fyrir sameignarfélagið mætti Trausti Jóhannsson. Í endurriti gerðar þessarar, er fylgdi umræddri beiðni, segir meðal annars: „Mættur er í réttinum Trausti Jóhannsson, nnr. 8930-8011, Borgartúni 19, Reykjavík, annar eigandi Ráltækni sf. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt fyrir gerðarþola. Þá var skorað á Trausta að benda á eignir firmans til lögtaks og tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Trausti segir að firmað sé hætt starfsemi og eigi ekki eignir er tryggt gætu kröfuupphæð gerðarbeiðanda. Þá var skorað á Trausta að benda á eigin eignir til tryggingar kröfunni. Trausti kveðst vera eignalaus. Samkvæmt framansögðu er gerðin án árangurs að svo komnu."

Hinn 14.9.1988 var málið tekið fyrir að nýju í fógetarétti. Í því lögtaki er bókað að Þorlákur Jóhannsson, annar eigandi Ráltækni sf., hafi verið boðaður með bréfi sem lagt var fram í réttinum. Ekki var mætt í réttinum af hálfu Þorláks.

Hinn 7.10.1988 var málið tekið fyrir í þriðja sinni í fógetarétti. Þorlákur Jóhannsson mætti í réttinum og lýsti hann yfir að sameignarfélagið og hann sjálfur væru eignalaus.

Skiptaráðandanum í Reykjavík barst gjaldþrotabeiðni þessi 13.12.1988. Var hún endursend gjaldþrotabeiðanda með bréfi 15. febrúar 1989 þar sem hún þótti ekki fullnægja skilyrðum c-liðar 1. töluliðar 13. gr. laga nr. 6/1978. Þessu bréfi svaraði Gjaldheimtan í Reykjavík með bréfi, dagsettu 25. febrúar 1989. Í bréfinu segir meðal annars:

„Af hálfu Gjaldheimtunnar er tekið fram að hér er fyrst og fremst um að ræða beiðni um gjaldþrotaskipti hjá sameignarfélagi, en vegna ákvæða 3. töluliðar 13. gr. laga nr. 6/1978 hlýtur beiðni um skipti á búum eigenda þess að verða samferða nema svo standi á að skipti á búi séu þegar áður til meðferðar í skiptarétti. Lögð er áhersla á að til grundvallar skiptabeiðni hjá félaginu og öðrum eiganda þess, Trausta Jóhannssyni, liggur sama lögtakið, sem byrjað var 6.7. 1988 og lokið 7.10. 1988, eins og áður sagði. Við þá dagsetningu telur Gjaldheimtan rétt að miða eins og mál þetta er vaxið og má í því sambandi minna á 2. gr. lögtakslaga, nr. 29/1885, þótt ekki sé hægt að tala þar um beina lögjöfnun."

Með vísan til þessa bréfs ítrekaði Gjaldheimtan í Reykjavík beiðni sína um töku umræddra bús til gjaldþrotaskipta.

III.

Ekki er haldið uppi vörnum í máli þessu af hálfu varnaraðila og ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að fella úrskurð á málskröfur sóknaraðila samkvæmt fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Í c lið 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 er svo fyrir mælt að bú skuldara megi taka til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu lánardrottins, hafi verið gerð árangurslaus aðför hjá skuldaranum á þremur síðustu mánuðum fyrir móttöku skiptaráðanda á beiðni þar um.

Í því máli, sem hér um ræðir, var gert lögtak hjá Ståltækni sf. 6. júlí 1988. Fyrir Ståltækni sf. mætti Trausti Jóhannsson og lýsti hann yfir eignaleysi sínu og félagsins.

Er málið var tekið fyrir að nýju í fógetarétti 14.9.1988, var ekki mætt í réttinum af hálfu gerðarþola og var gerðinni frestað. Hinn 7.10.1988 var málið tekið fyrir í þriðja sinni og mætti þá Þorlákur Jóhannsson. Í því lögtaki lýsti hann yfir eignaleysi sínu og félagsins.

Beiðni um töku bús Trausta Jóhannssonar til gjaldþrotaskipta barst skiptaráðandanum í Reykjavík hinn 13. desember 1988. Voru þá liðnir rúmir fimm mánuðir frá því að Trausti Jóhannsson lýsti yfir eignaleysi sínu í aðfarargerð, sem beint var að Ståltækni sf. 6. júlí 1988.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna fram kominni beiðni Gjald-

heimtunnar í Reykjavík um að bú Trausta Jóhannssonar, kt. 020736-3569, Borgartúni 19, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfur hafa ekki verið hafðar uppi um málskostnað vegna þess málefnis.

Steinunn Guðbjartsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að bú Trausta Jóhannssonar, kt. 020736-3569, Borgartúni 19, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 322/1987. **Katrín Friðriksdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Sveini Sveinssyni
héraðsdómslögmanni
fyrir hönd Alex Graas
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Víxlar. Gengi. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hún gerir aðallega þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, til vara krefst hún sýknu af öllum kröfum og til þrautavara, að dómkrafan verði einungis tekin til greina í íslenskum krónum miðað við gengi 13. júlí 1984, að höfuðstóll verði lækkaður um 1.104.223,00 krónur og vextir verði einungis dæmdir frá 10. júní 1986. Þá krefst hún málskostnaðar alls úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi gerir kröfu um staðfestingu hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að vextir dæmist samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 23. júlí 1987 til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi styður ómerkingarkröfu sína þeim rökum, að eigi verði af dómsorði hins áfrýjaða dóms séð hvaða fjárhæð áfrýjanda beri að greiða, þar sem ekki sé greint við hvaða tímamark draga eigi 1.043.980 belgíska franka frá dómkröfum eða hvernig fara skuli með vexti af þeirri innborgun. Stefndi telur kröfugerð þessa stafa af misskilningi. Í dómsorði komi fram lækkun á höfuðstól skuldar, sem vextir reiknast af, á innborgunardögunum 26. febrúar og 17.

mars 1987, og nemi hún þeim hluta innborgana, sem samkvæmt málflutningi stefnda gengu inn á höfuðstól hennar.

Í héraði var áfrýjanda dæmt að greiða tiltekna skuld með vöxtum, en að frá dregnum innborgunum, svo sem í dómsorði greinir. Ágreiningur um það, hvort innborgun skuli bera vexti eða að fullu koma til lækkunar höfuðstól skuldar, varðar efnishlið máls. Því verður ekki á ómerkingarkröfu áfrýjanda fallist.

II.

Þetta er víxilmál. Víxlar þeir, sem um er stefnt, eru allir samþykktir af áfrýjanda til greiðslu á tilteknum gjalddögum samkvæmt tilvísun Jóns Guðmundssonar, Álfabrekku við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Greiðslustaður var samkvæmt 3. mgr. 2. gr. víxillaga, nr. 93/1933, að Laugarásvegi 22 í Reykjavík. Víxlarnir eru allir sömu fjárhæðar, 591.800 belgískra franka. Á einn þeirra er ritað um innborgun 25. september 1985, að fjárhæð 227.882 franka, og eftirstöðvar tilgreindar 363.918 belgískir frankar. Jón Guðmundsson hefur gefið víxlana út og framselt þá stefnda, sem er búsettur í Lúxemborg. Fyrir dómi kvaðst Jón hafa selt stefnda víxlana á árinu 1985 eftir gjalddaga þeirra og sjálfur hafa tekið við framangreindri greiðslu 25. september 1985. Hér verður því lagt til grundvallar, að framsal víxlanna til stefnda hafi farið fram að liðnum afsagnarfresti þeirra. Samkvæmt 20. gr. víxillaga hefur framsalið því aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu og getur stefndi eigi borið fyrir sig ákvæði 17. gr. víxillaga í máli þessu.

Víxlarnir voru gefnir út í Reykjavík 13. júlí 1984. Ekki er um það deilt, að þann dag hafi áfrýjandi samþykkt þá og afhent Jóni Guðmundssyni. Verður að túlka víxilskuldbindingu áfrýjanda að þeim lögum, er þá voru í gildi á Íslandi, og er réttur framsalshafa að því leyti ekki meiri en réttur viðtakanda skuldbindingarinnar. Ber í þessu efni að líta til ákvæða laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., VII. kafla, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Samkvæmt 36. gr. laganna skal Seðlabanki Íslands hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla þeirra og er lagt á hans vald að veita heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Í 38. gr. er tekið fram, að ákvæði kaflans taki ekki til þeirra skuldbindinga, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart

aðilum búsettum erlendis, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessari grein og 39. gr. Í 39. gr. segir: „Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum: ... 4. að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir: ... b. miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.“

Hinn 13. júlí 1984 var áfrýjandi búsett á Íslandi sem og Jón Guðmundsson. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 519/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, töldust þau þá innlendir aðilar. Ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 gilda því um þessar víxilskuldbindingar áfrýjanda. Ekki verður á það fallist, að í 41. gr. víxillaga felist heimild til verðtryggingar. Í málinu er upplýst, að ekki var leitað heimildar Seðlabanka Íslands um verðtryggingu fjárskuldbindinga þessara. Stefndi hefur ekki sýnt fram á aðrar heimildir, er þær geti stuðst við.

Samkvæmt þessu ber að hnekkja niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til greiðslu jafnvirðis hinna umstefndu víxla í íslenskum krónum miðað við gengi á útgáfudegi víxlanna 13. júlí 1984. Samkvæmt kröfugerð áfrýjanda verður miðað við sölugengi belgísks franka, sem samkvæmt yfirliti Seðlabanka Íslands um gengisskráningu þann dag var 0,5270 krónur. Reiknast honum höfuðstóll stefnukröfu 1.751.177,00 krónur. Þeim útreikningi hefur ekki verið andmælt og verður við hann miðað. Samkvæmt þessu er jafnvirði hvers af fimm hinna umstefnu víxla 311.878,60 krónur, en hins sjötta 191.784,78 krónur.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að stefnda beri vextir frá gjalddaga hvers víxils. Fyrir Hæstarétti hefur stefndi krafist vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá uppsögu héraðsdóms 23. júlí 1987. Þeirri kröfu var ekki sérstaklega andmælt af hálfu áfrýjanda, sem ekki hefur tilgreint vaxtafót í kröfugerð sinni fyrir Hæstarétti. Eins og kröfugerð í máli þessu er háttað verður þessi vaxtakrafa því tekin til greina, en ákvörðun héraðsdóms um vexti að öðru leyti látin óhögguð.

Óumdeilt er, að upp í kröfu þessa voru greiddar 1.040.000,00 krónur hinn 26. febrúar 1987 og 64.223,00 krónur 17. mars sama ár. Koma þessar fjárhæðir til frádráttar skuld áfrýjanda. Samkvæmt kröfugerð stefnda gekk hluti fyrri greiðslunnar til lúkningar þeim vöxtum, sem þá voru á fallnir. Að öðru leyti kom þessi

greiðsla til lækkunar þeim höfuðstól, er vextir voru reiknaðir af, sem og öll síðari greiðslan. Fallast ber á, að þessi reikningsfærsla hafi verið heimil. Eftir þessu námu á fallnir vextir 26. febrúar 1987 samtals 346.617,00 krónum og var skuld áfrýjanda þann dag því samtals 2.097.794,00 krónur. Þá voru greiddar 1.040.000,00 krónur upp í skuldina og eftirstöðvar hennar eftir þá greiðslu 1.057.794,00 krónur. Hinn 17. mars 1987 voru enn fremur greiddar 64.223,00 krónur upp í skuldina og koma samkvæmt framansögðu einnig til lækkunar höfuðtól hennar. Skuld áfrýjanda við stefnda nemur samkvæmt þessu 993.571,00 krónu og ber að dæma hana til greiðslu þeirrar fjárhæðar með 9% ársvöxtum af 1.057.794,00 krónum frá 26. febrúar 1987 til 17. mars sama ár, en af 993.571,00 krónu frá þeim degi til 23. júlí sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Katrín Friðriksdóttir, greiði stefnda, Sveini Sveinssyni héraðsdómslögmanni fyrir hönd Alex Graas, 993.571,00 krónu með 9% ársvöxtum af 1.057.794,00 krónum frá 26. febrúar 1987 til 17. mars sama ár, en af 993.571,00 krónu frá þeim degi til 23. júlí sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, svo og 120.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, sem hér greinir:

Í 1. gr. reglugerðar nr. 519/1979, sem í gildi var þegar viðskipti aðila urðu, er þess ekki getið við hvaða tímamark það skuli metið

hvort aðilar eru búsettir hér á landi. Það verður því að metast eftir aðstæðum í hvert eitt sinn. Áfrýjandi ætlaði samkvæmt framburði sínum að efna skuldbindingu sína samkvæmt víxlunum með greiðslum frá Lúxemborg. Hún hafði búið þar langa hríð og aðeins verið búsett hér í skamman tíma. Hún fluttist samkvæmt flutningstilkynningu þangað aftur hálfum mánuði eftir samþykkt víxlanna og var búsett þar á gjalddögum þeirra og þar eru nokkrir þeirra greiddir. Þykir því mega staðfesta það mat héraðsdómara að hún sé erlendis búsett í skilningi reglugerðarákvæðisins. Af því leiðir að ekkert í íslenskum lögum er því til fyrirstöðu að hún hafi mátt skuldbinda sig til greiðslu víxlanna í erlendri mynt. Skil Jóns Guðmundssonar gagnvart íslenskum gjaldeyrisyfirvöldum eru þessu máli óviðkomandi. Ég tel því að dæma megi stefnda eftirstöðvar víxlanna í belgískum frönkum með vöxtum og kostnaði samkvæmt dómsorði meiri hluta dómenda, en í samræmi við þá niðurstöðu. Vextir frá 23. júlí 1987 fari þó eftir 11. gr. vaxtalaga.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. júní 1987, er höfðað með stefnu, birtri 4. júní 1986 af Sveini Sveinssyni hdl. f.h. Alex Graas, 9 Rue Adolphe, Lúxemborg, gegn Katrínu Friðriksdóttur, nnr. 5557-9121, til heimilis að Laufásvegi 38, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða skuld, að fjárhæð BEC 3.322.918,00, auk 10,25% ársvaxta af BEC 591.800,00 frá 10. desember 1984 til 10. janúar 1985, en frá þeim degi af BEC 1.183.600,00 til 10. febrúar 1985, en frá þeim degi af BEC 1.775.400,00 til 10. mars 1985, en frá þeim degi af BEC 2.367.200,00 til 10. apríl 1985, en frá þeim degi af BEC 2.959.000,00 til 10. maí 1985, en frá þeim degi af BEC 3.550.800,00 til 25. september 1985, en frá þeim degi af BEC 3.322.918,00 til 1. janúar 1986, en með 10% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16. mars s.á., en með 9,75% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16. apríl s.á., en með 9,3% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16. maí s.á., en með 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 26. febrúar 1987, en frá þeim degi af BEC 2.982.750,00 til 17. mars 1987, en frá þeim degi af BEC 2.921.420,00 til greiðsludags, allt að frádregnum BEC 1.043.980,00, sem greiddir voru inn á kröfuna 26. febrúar 1987 (BEC 982.649,70) og 17. mars 1987 (BEC 61.330,00). Þá er krafist málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, sem sé útreiknaður skv. gjaldskrá LMFÍ, 326.714,00 krónur.

Af hálfu stefndu eru aðallega gerðar þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni tildæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. taxta Lögmannafélags Íslands, til vara, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. sex víxlum í belgískum frönkum, út gefnum 13. júlí 1984, en útgefandi og framseljandi til stefnanda sé Jón Guðmundsson, Álfabrekku við Suðurlandsbraut, Reykjavík. Víxlarnir séu samþykktir af stefndu, Katrínu Friðriksdóttur, til greiðslu að Laugarásvegi 22, Reykjavík, 10. desember 1984 einn víxill að fjárhæð BEC 591.800,00, hinn 10. janúar 1985 einn víxill að fjárhæð BEC 591.800,00, hinn 10. febrúar 1985 einn víxill að fjárhæð BEC 591.800,00, hinn 10. mars 1985 einn víxill að fjárhæð BEC 591.800,00, hinn 10. apríl 1985 einn víxill að fjárhæð BEC 591.800,00 hinn 10.maí 1985 einn víxill að fjárhæð BEC 591.800,00, en nú að eftirstöðvum BEC 363.918,00, þar sem greiddir hafi verið inn á hann BEC 227.882,00 hinn 25. september 1985. Hinn 26. febrúar 1987 hafi verið greitt inn á víxlana BEC 982.649,70 (kr. 1.040.000,00 á gengi 1.0427 að frá dregnum yfirfærslukostnaði, kr. 15.391,00) vegna dómsáttar í bæjarþingsmálinu nr. 3189/1986: Katrín Friðriksdóttir gegn Jóni Guðmundssyni. Þá hafi skuldin verið að höfuðstól BEC 3.322.918,00 og á fallnir vextir BEC 642.482,00, samtals BEC 3.965.400,00. Eftir innborgun vegna sömu dómsáttar hinn 17. mars 1987, BEC 61.330 (kr. 64.223,00 á gengi 1.0316 að frá dregnum yfirfærslukostnaði, kr. 955,00), sé vaxtaberandi höfuðstóll hinn 17. mars 1987 BEC 2.921.420,00.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta sem víxilmál, sbr. XVII. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, og samþykkir ekki aðrar varnir en þær sem komast mega að skv. 208. gr. s.l. Málið var höfðað sem áskorunarmál, en því var vikið til almennrar meðferðar einkamála.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að mál þetta sé höfðað af röngum aðila. Stefnda telur að raunverulegur eigandi víxlanna, sem krafið er um greiðslu á í málinu, sé Jón Guðmundsson, Álfabrekku við Suðurlandsbraut, Reykjavík, og að hér sé um málamyndaframsal að ræða, gert í þeim tilgangi að skaða sig. Af hálfu stefnanda, sem er erlendur, hefur verið lagt fram opinbert vottorð hagstofu borgarinnar Lúxemborgar, dags. 29. september 1986, sem staðfestir nafn hans, heimilisfang og fæðingardag. Stefnandi hefur samkvæmt framsali, árituðu á bakhlið víxlanna, lögformlega heimild til þeirra, og verður því að telja, að ofangreint vottorð og handhöfn víxlanna sé fullnægjandi sönnun fyrir réttri aðild hans að málinu. Að undanteknum víxli með gjalddaga 15. maí 1985, sem borgað var inn á 25. september s.á. og framseldur eftir þá innborgun samkvæmt því sem skjalið ber með sér, eru framsöl víxlanna ódagsett og teljast því skv. 2. mgr. 20.

gr. laga nr. 93/1933, um víxla, rituð áður en afsagnarfrestur leið. Þótt víxill með gjalddaga 25. maí 1985 teljist hafa verið framseldur eftir það tímamark, sem greinir í 20. gr. laga 93/1933, kemur það ekki í veg fyrir að framsalshafi geti rekið mál út af þeim víxli sem víxilmál.

Af hálfu stefndu var því haldið fram við munnlegan málflutning að víxlarnir fullnægðu ekki formskilyrðum sem gerð eru til víxla, þar sem þeir hefðu ekki verið útfylltir að fullu við útgáfu; hefði útgefandi ekki ritað nafn sitt á víxlana fyrr en rétt fyrir þingfestingu málsins. Víxlar þeir, sem lagðir eru fram í málinu, fullnægja formskilyrðum 1. gr. laga 93/1933, og ekkert bendir til þess að þeir hafi verið útfylltir á annan hátt en þann sem um var samið. Er þessi varnarástæða því ekki tekin til greina með tilvísun til 10. gr. s.l.

Hinir umstefndu víxlar eru skráðir í belgískum frönkum. Af hálfu stefndu er því haldið fram að óheimilt hafi verið að lögum að skrá víxlana í erlendum gjaldeyri. Þykir hér vera um vörn að ræða er varði efni víxilsins og megi komast að, sbr. 2. mgr. 208. gr. l. nr. 85/1936. Gagnaöflun hefur farið fram um þetta atriði og lögmenn fjallað ýtarlega um það í málflutningi. Hinir umdeildu víxlar eru sagðir gefnir út vegna kaupa stefndu á húseign Jóns Guðmundssonar, útgefanda þeirra, að Laugarásvegi 22, Reykjavík. Telur stefnda að hér sé um að ræða samning milli íslenskra ríkisborgara um sölu fasteignar hér á landi og því hafi verið óheimilt að semja um hluta greiðslunnar í erlendum gjaldeyri. Stefnda telur að með gagnályktun frá 38. og 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., eigi grundvallarrök 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, við um lögskipti aðila. Stefnda segir að Jón Guðmundsson hafi haft bankareikning í Lúxemborg $ acc. nr. 30-28287-19, Banque Général, Mainbranch Office, 27 Ave. Montery, Lúxemborg. Þar sem stefnda hafi dvalist um hríð í Lúxemborg á þessu tímabili, hafi hún greitt hluta kaupverðs inn á þennan bankareikning Jóns Guðmundssonar. Telur stefnda ljóst að hér sé um gjaldeyrismisferli hans að ræða. Tilurð víxlanna, sem liggi til grundvallar í máli þessu, byggist því á sviksamlegu athæfi Jóns Guðmundssonar. Stefnda heldur því fram að hér hafi verið um að ræða viðskipti aðila búsettra hér á landi, en af hálfu stefnanda er því haldið fram að viðskiptin hafi átt sér stað milli aðila búsetts á Íslandi við aðila sem búsettur var erlendis, þ.e. stefndu. Enn fremur er um það deilt, við hvaða tímamark eigi að miða í þessu tilliti.

Telja verður upplýst að samþykkjandi og útgefandi víxlanna hafi upphaflega samið um greiðslu með víxlum í bandarískum dollurum, og er sá samningur dags. 9. júní 1984, en ekki er ljóst hvort þeir víxlar voru gefnir út. Líta verður svo á að síðar hafi verið ákveðið að breyta samningnum þannig að víxlarnir hljóðuðu upp á greiðslu í belgískum frönkum. Eru það

þeir víxlar sem mál þetta snýst um og ber að miða við útgáfudag þeirra, 13. júlí 1984.

Með lögum nr. 13/1979, 47. gr., VII. kafla, eru felld úr gildi lög nr. 71/1966. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 13/1979 kemur fram að tilgangur laganna sé að stuðla að verðtryggingu í lánsviðskiptum almennt, t.d. í tengslum við kaup og sölu fasteigna. Gerð er grein fyrir þeirri meginstefnu að verðtrygging miðist við opinbera skráða verðvísitölu, en einnig að heimilt yrði að leyfa verðtryggingu er miðaðist við gengi erlends gjaldeyris. Samkvæmt 39. gr., 4. tl. b, skal viðmiðun við gengi erlends gjaldeyris vera samkvæmt heimild í lögum eða reglugerð. Heimilt er að ákveða fjárhæð víxils í erlendri mynt, sbr. 41. gr. l. 93/1933, og er upplýst að stefnda og útgefandi víxlanna sömdu um að þeir væru í belgískum frönkum, og hefur stefnda borið að hún hafi gert sér grein fyrir því að hún þyrfti að greiða þá í belgískum frönkum. Ekki þykir unnt með vísan til laga nr. 13/1979 að ógilda þann löggerning, sem gerður var með víxlunum, jafnvel þótt lagaheimild kunni að hafa skort fyrir gengistryggingu þeirra viðskipta sem þeir eru sprottnir af. Það athugast að svo virðist sem löglegri meðferð gjaldeyrisins hafi verið ábótavant.

Stefnda hefur komið fyrir dóminn og lýst aðstæðum sínum á þessum tíma. Hafði hún dvalist erlendis um árabil, er hún fluttist hingað til lands haustið 1983. Var hún skráð hér með búsetu í rúma tíu mánuði, en fluttist þá aftur til Lúxemborgar. Hún skildi að borði og sæng á þessum tíma, en lögskilnaður varð ekki. Eiginmaður hennar var búsettur í Lúxemborg, og áttu þau eignir þar. Þótt ekki þyki sannað gegn andmælum hennar að hún hafi á útgáfudegi víxlanna haft þann ásetning að flytjast búferlum aftur til Lúxemborgar, þykir ekki unnt við þessar aðstæður að líta eingöngu til skráðs heimilisfangs á útgáfudegi víxlanna, 13. júlí 1984, en stefnda tilkynnir aðsetursskipti frá og með 1. ágúst 1984. Þykir eðlilegt eins og hér stendur á og með vísan til þess, að stefnda var erlendis á gjalddögum fyrstu víxlanna og greiddi þá þar, að telja víxla þá, sem hér er fjallað um, samþykkta af aðila búsettum erlendis í skilningi gjaldeyrislaga, nr. 63/1979, sbr. 1. gr. regl. nr. 519/1979.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er framangreind varnarástæða stefndu ekki tekin til greina og þau viðskipti, sem að baki víxlunum liggja, koma hér ekki frekar til álita, sbr. 17. gr. víxillaga.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu að víxlarnir hafi ekki verið sýndir fyrr en við þingfestingu málsins. Því beri aðeins að dæma vexti frá þeim degi. Það beri ekki að dæma dráttarvexti, heldur almenna vexti, og ekki að dæma málskostnað, verði kröfur stefnanda teknar til greina. Í 38. gr. víxillaga sé sú skylda lögð á handhafa að sýna víxil til greiðslu. Skilyrði þess, að víxlar falli í gjalddaga, sé að þeir séu sýndir. Víxlarnir hafi aldrei

verið sýndir, þ.e. aldrei verið sýndir að Laugarásvegi 22 sem talinn sé greiðslustaður þeirra. Þá hafi víxlarnir aldrei verið afsagðir skv. 44. gr. víxillaga. Stefnda hafi leitað eftir að fá að sjá víxlana bæði hjá lögmanninum Patrick Weinacht og hjá lögmanninum Sveini Sveinssyni, en hafi á hvorugum staðnum fengið að sjá þá.

Því er ekki haldið fram að greindir víxlar hafi upphaflega verið sýningarvíxlar. Að því athuguðu þykir 38. gr. l. 93/1933 ekki hafa áhrif á þá skyldu samþykkjanda að greiða víxla á fyrir fram ákveðnum gjalddaga, og þótt fallast verði á það með stefndu að stefnandi hafi ekki sannað að víxlarnir hafi verið sýndir lögum samkvæmt, þykir það ekki hafa áhrif á rétt hans til vaxta frá gjalddaga eins og hér stendur á.

Ekki þykir unnt að taka þá kröfu stefndu til greina að innborganir 26. febrúar og 17. mars sl. komi einvörðungu til lækkunar höfuðstól.

Þegar litið er til allra laga- og efnisraka, sem fram hafa komið í máli þessu, er niðurstaða dómsins sú, að taka beri til greina kröfur stefnanda að því er varðar höfuðstól og vexti, en eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda, Katrín Friðriksdóttir, greiði stefnanda, Sveini Sveinssyni hdl. vegna Alex Graas, BEC 3.322.918,00 auk 10,25% ársvaxta af BEC 591.800,00 frá 10. desember 1984 til 10. janúar 1985, en frá þeim degi af BEC 1.183.600,00 til 10. febrúar 1985, en frá þeim degi af BEC 1.775.400,00 til 10. mars 1985, en frá þeim degi af BEC 2.367.200,00 til 10. apríl 1985, en frá þeim degi af BEC 2.959.000,00 til 10. maí 1985, en frá þeim degi af BEC 3.550.800,00 til 25. september 1985, en frá þeim degi af BEC 3.322.918,00 til 1. janúar 1986, en með 10% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16. mars s.á., en með 9,75% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16. apríl s.á., en með 9,3% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16. maí s.á., en með 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 26. febrúar 1987, en frá þeim degi af BEC 2.982.750,00 til 17.mars 1987, en frá þeim degi af BEC 2.921.420,00 til greiðsludags, allt að frá dregnum BEC 1.043.980,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. apríl 1989.

Nr. 128/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m.

Réttargæslumaður varnaraðila krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1989.

Ár 1989, sunnudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, X verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 21. apríl n.k. kl. 16.00, en hann er grunaður um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir að Y hefur lagt fram kæru á hendur kærða vegna nauðgunar er hún kvaðst hafa orðið fyrir síðastliðna nótt að ... hér í borg. Kveðst kærandi hafa hitt kærða í gærkvöld í íbúð að ..., þar sem þau voru bæði gestkomandi. Hafi fólkið haldið þaðan á skemmtistaðinn Þórscafé, þar sem kærandi kveðst hafa dansað við kærða. Að loknum dansleik fór

kærandi í íbúðina að ..., þar sem hún hugðist gista, og var kærði í för með henni. Reyndi kærandi að losna við kærða, en það tókst ekki og að sögn kæranda kom til átaka á milli þeirra og tókst kærða að hafa samfarir við kæranda að henni nauðugri. Lauk viðskiptum þeirra þannig, að kunningi sambýlismanns hennar kom að þeim í svefnherberginu.

Kærði hefur neitað að hafa nauðgað kæranda, en kveðst hafa leitað eftir samförum við hana, en hún hafi ekki viljað þýðast sig.

Bæði bera þau merki átaka og hefur kærandi borið að hún hafi bitið kærða og samkvæmt læknisvottorði vottar fyrir tannaförum á vinstri öxl kærða.

Í gær fékk kærði reynslulausn eftir 1½ árs fangavist, en í nóvember 1986 var kærði dæmdur í 2½ árs fangelsi fyrir brot gegn 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og kærði er undir rökstuddum grun um að hafa þröngvað stúlku til samræðis, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 21. apríl nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 21. apríl 1989 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 13. apríl 1989.

Nr. 98/1989. **Mjólkursamsalan**
gegn
Sverri Þórissyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 13. f.m.

Sóknaraðili krefst þess í greinargerð, dagsettri 11. þ.m., að hinn kærði frávísunardómur varðandi dráttarvaxtakröfu, að fjárhæð 723,00 krónur, verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja einnig efnisdóm á þennan þátt málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi stefnda.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Sóknaraðili bendir á, að dráttarvaxtareikningar þeir, sem um er fjallað í frávísunardómnum, séu þannig til komnir, að varnaraðili hafi ekki greitt átta tilgreinda reikninga fyrir vöruúttekt á réttum gjalddögum. Varnaraðili hafi síðan greitt reikninga þessa án þess að standa skil á á föllnum dráttarvöxtum. Hér sé því um sjálfstæða dráttarvaxtaskuld að ræða, sjálfstæða reikninga, sem hafi verið sameinaðir öðrum reikningum, þegar sóknaraðili hafi neyðst til að leita aðstoðar dómstóla vegna allra hinna ógreiddu reikninga, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Er því haldið fram, að slíkir dráttarvaxtareikningar séu mjög algengir hjá sóknaraðila og hafi bæjarþing Reykjavíkur ekki gert athugasemdir við slíka reikninga í a.m.k. fimm og hálft ár. Þá er á það lögð áhersla, að varnaraðili hafi fengið alla hina umstefndu reikninga senda. Ekki hafi komið fram nein mótmæli af hálfu varnaraðila gegn dráttarvaxtareikningunum og hann hafi ekki hirt um að halda uppi vörnum í málinu. Þá vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar 1987/513. Samkvæmt þessu telur sóknaraðili, að fella beri hinn kærða frávísunardóm úr gildi.

Héraðsdómari hefur samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973 gert þá athugasemd, að hann mótmæli algerlega þeirri staðhæfingu sóknaraðila, „að bæjarþing Reykjavíkur hafi ekki gert athugasemdir við sambærilega dráttarvaxtareikninga Mjólkursamsölunnar í a.m.k. fimm og hálft ár. Hins vegar ber að geta þess, að dómaframkvæmd hefur ekki verið samræmd í héraði á sviði vaxta, og er því þarft að fá úrlausn Hæstaréttar um ýmis efni þar um".

Héraðsdómari telur vandkvæði á að leggja dóm á dráttarvaxtakröfuna eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að hagga þeirri niðurstöðu hans.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 3. febrúar 1989, af Mjólkursamsölunni, kt. 470269-3679, Bitruhálsi 1, Reykjavík, á hendur Sverri Þórissyni, kt. 171262-4459, Merkurgötu 12, Hafnarfirði, fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Söluturnsins, Hellisgötu 18, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 68.993,00 með 44,4% ársvöxtum af kr. 728,00 frá 1. júní 1988 til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af kr. 57.566,00 frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. október 1988 til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. nóvember 1988 til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. desember 1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól hvers reiknings fyrir sig 12 mánuðum frá gjalddaga hvers reiknings, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Jafnframt er krafist greiðslu á eldri dráttarvaxtaskuldum, kr. 723,00.

Þá er krafist málskostnaðar skv. viðmiðunargjaldskrá LMFÍ auk söluskatts af málflutningsþóknun og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál og það þingfest á

reglulegu bæjarþingi þriðjudaginn 14. febrúar 1989. Var málið þá tekið til áritunar sama dag. Á reglulegu bæjarþingi þriðjudaginn 21. febrúar var málið endurupptekið og því vikið til venjulegrar meðferðar og dómtekið sama dag.

Stefnandi kveðst reka verslun hér í borg með framleiðsluvörur sínar sem séu ýmiss konar mjólkurvörur. Skuld þessi sé vegna úttekta stefnda á slíkum vörum hjá stefnanda tímabilið júní til ágúst 1988 sem hér segir:

Blandaður reikn. ds.	1.	júní	1988	kr. 1.739,00
Mjólkurv. reikn. ds.	27.	maí	1988	kr. 1.011,00
Mjólkurv. reikn. ds.	10.	júní	1988	kr. 5.079,00
Mjólkurv. reikn. ds.	20.	júní	1988	kr. 8.152,00
Mjólkurv. reikn. ds.	24.	júní	1988	kr. 9.896,00
Mjólkurv. reikn. ds.	1.	júlí	1988	kr. 7.472,00
Mjólkurv. reikn. ds.	1.	júlí	1988	kr. 8.551,00
Blandaður reikn. ds.	1.	júlí	1988	kr. 2.688,00
Mjólkurv. reikn. ds.	3.	júní	1988	kr. 15.000,00
Mjólkurv. reikn. ds.	8.	júlí	1988	kr. 2.604,00
Mjólkurv. reikn. ds.	15.	júlí	1988	kr. 3.144,00
Mjólkurv. reikn. ds.	1.	ágúst	1988	kr. 4.143,00
Blandaður reikn. ds.	1.	ágúst	1988	kr. 1.536,00

Að auki kveðst stefnandi krefjast greiðslu á eldri dráttarvaxtaskuld sem hér segir:

Dráttarvaxtareikningur ds.	20.	júní	1988	kr. 554,00
Dráttarvaxtareikningur ds.	1.	júlí	1988	kr. 77,00
Dráttarvaxtareikningur ds.	1.	ágúst	1988	kr. 92,00

Loks kveður stefnandi að innheimtutilraunir hafi engan árangur borið og sé því málsókn þessi óhjákvæmileg.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Af fram lögðum reikningi, dagsettum 20. júní 1988, er ljóst að krafist er dráttarvaxta, að fjárhæð kr. 554,00, af sex reikningum sem bera afgreiðslunúmerin: 8733243, 8735711, 8736471, 8738218, 8742063 og 8743823. Skv. reikningi, dagsettum 1. júlí 1988, er krafist dráttarvaxta, að fjárhæð 77,00 kr. af reikningi, sem ber afgreiðslunúmerið 8742629, og skv. reikningi, dagsettum 1. ágúst 1988, er krafist dráttarvaxta, að fjárhæð 92,00 kr., af reikningi, sem ber afgreiðslunúmerið 8742629.

Það er sammerkt með kröfugerð stefnanda varðandi eldri dráttarvaxtaskuldir (sic) að ekkert er getið um vaxtahæð dráttarvaxtakröfunnar, höfuð-

stól reikninga þeirra, sem hún er reiknuð af, né það tímabil, sem umræddur greiðsludráttur á að hafa staðið yfir.

Þar sem dráttarvextir eru vanefndaúrræði, sem heimilt er að beita í tilefni af greiðsludrætti peningakrafna, verður að telja að óhjákvæmilegt sé að tilgreina höfuðstól þeirrar kröfu, sem dráttarvaxta er krafist af, svo og það tímabil, sem greiðsludrátturinn stóð yfir, þegar gerð er krafa um dráttarvexti.

Þá hefur dráttarvaxtakrafa, eins og hér er gerð og ekki getur um vaxtahæð dráttarvaxtanna, einnig verið talin óheimil skv. venjubundinni skýringu á c-lið 88. gr. laga nr. 85/1936. Grundvallaðist sú skýring ekki síst á því að fyrir gildistöku laga nr. 25/1987 fór það eftir tegund kröfu hve háa dráttarvexti mátti taka af henni við vanskil. Við þær aðstæður var óhjákvæmilegt að telja kröfu vanreifaða þegar ekki var gerð grein fyrir vaxtahæð dráttarvaxtakröfunnar, sbr. t.d. Hrd. 1983, bls. 2200. Við setningu vaxtalaganna var þessu fyrirkomulagi ekki breytt að öðru leyti en því, að dæma mátti dráttarvexti frá þeim tíma, er mál teldist höfðað, til greiðsludags, enda þótt vaxtahæð væri ekki tilgreind í stefnu, sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987. Með gagnályktun frá 14. gr. laga nr. 25/1987 verður að telja að í stefnu þurfi undantekningarlaust að geta vaxtahæðar dráttarvaxtakröfu frá upphafsdegi dráttarvaxtanna til þess tíma er mál telst höfðað.

Svo sem framangreind dráttarvaxtakrafa er úr garði gerð verður með framangreint í huga að telja hana svo vanreifaða að ekki verði lagður á hana dómur. Þykir því verða að vísa henni frá dómi.

Þar sem dómkröfur stefnanda eru að öðru leyti í samræmi við fram lögð skjöl og skilríki þykir með tilliti til 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 13. gr. laga nr. 54/1988, mega taka kröfur hans til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 15.900,00 krónur, þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Páll Hreinsson, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Framangreindri dráttarvaxtakröfu stefnanda, að fjárhæð 723,00 krónur, er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, Söluturninn, Hellisgötu 18, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Mjólkursamsölunni, kr. 68.993,00 með 44,4% ársvöxtum af kr. 728,00 frá 1. júní 1988 til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af kr. 57.566,00 frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. október 1988 til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. nóvember 1988 til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1.

desember 1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.900,00 í málskostnað, þar með talinn söluskattur. Þá ber stefnda að greiða stefnanda dráttarvexti af málskostnaði 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá leggist á fallnir dráttarvextir við höfuðstól hvers reiknings fyrir sig 12 mánuðum eftir gjalddaga hvers reiknings.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. apríl 1989.

Nr. 238/1988. **Skagaskel hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Þorgrími Ómari Unasyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Halldór Halldórsson, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur lögmaður áfrýjanda lýst yfir því, að málsókn stefnda hafi réttilega verið beint gegn áfrýjanda.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur. Þegar þess er gætt og með hliðsjón af meginreglunni í 1. tl. 1. mgr. 19. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður í héraði. Þá er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 24. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 24. mars 1988, hefur Þorgrímur Ómar Unason, Kirkjugötu 9, Hofsósi, kt.

280465-4029, höfðað fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu með stefnu, birtri 2. mars 1987, á hendur Skagaskel hf., Hofsósi, kt. 430484-0449, til greiðslu á kr. 247.731,80 auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 10. mars 1986 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum reikningi. Þá er krafist staðfestingar sjóveðréttar í mb. Hafborgu, SK 50, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Stefnda krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að hinn 27. febrúar 1986 var allri áhöfninni á Hafborgu, SK 50, 53 rúmlesta bát, sagt upp störfum vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri útgerðarinnar. Hinn 10. mars 1986 var skipstjóra bátsins vikið úr starfi og annar skipstjóri, Steinþór Sigurbjörnsson, ráðinn í hans stað. Sá hafði skipstjórnarréttindi á báta allt að 30 tonnum að stærð, en vegna einhverra mistaka sýndi skipstjórnarskírteini hans að hann hefði réttindi til skipstjórnar á bátum allt að 80 tonnum. Hinn 18. mars 1986 ritar lögmaður stefnanda Þórðarhöfða hf. bréf þar sem fram kemur að til sín hafi leitað Ómar Unason vegna uppsagnar sinnar úr skiprúmi á mb. Hafborgu. Í því kemur fram að Ómar Unason hafi verið á skelfisksveiðum í eina viku, en 10. mars 1986 hafi honum borist bréf þar sem greint var frá því að samkomulag hefði verið gert milli Þórðarhöfða hf. annars vegar og Skagaskeljar hf. hins vegar, þess efnis að öll starfsemi Þórðarhöfða hf. yrði færð yfir til Skagaskeljar hf. sem yfirtaki allar eignir og rekstur Þórðarhöfða hf. frá og með 8. mars 1986. Í bréfi þessu gerir lögmaður stefnanda þær kröfur að umbjóðandi sinn fái greiddan fullan hlut í þrjá mánuði, enda verði miðað við sama aflamagn og báturinn fiskaði í mars, apríl og maí 1985. Bréfi þessu svaraði framkvæmdastjóri Skagaskeljar 9. apríl 1986 með bréfi til lögmanns stefnanda. Þar kemur fram að framkvæmdastjóri Skagaskeljar telur að ekki eigi að greiða stefnanda laun miðað við það aflamagn sem báturinn aflaði í mars, apríl og maí 1985. Þá segir og í bréfinu að stefnanda hafi staðið til boða að vera áfram á mb. Hafborgu, en það hafi hann ekki viljað, og þar sem stefnandi tók ekki út sinn uppsagnarfrest, eigi hann ekki rétt til launa fyrir þann tíma, sbr. ákvæði sjómannalaga, nr. 35/1985, um uppsagnarfrest.

Steinþór Sigurbjörnsson fór með mb. Hafborgu eina veiðiferð, en stefnandi hafði áður neitað að fara með honum. Eftir þessa ferð fór þáverandi framkvæmdastjóri Skagaskeljar, Sigurður Pálmason, með bátinn nokkrar ferðir. Síðar, hinn 16. maí 1986, fæst undanþága fyrir Steinþór Sigurbjörnsson og tekur hann þá við skipstjórninni.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefndu hafi verið óheimilt að víkja sér úr starfi fyrirvaralaust og neitun sín að

fara í róður með réttindalausum skipstjóra, þegar völ var á manni með réttindi, hafi verið réttmæt. Stefnandi telur sig eiga rétt á skaðabótum sem jafngildi launum staðgengils í þrjá mánuði, sbr. 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, og dómvenju. Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Kauptrygging, fastakaup og orlof í mars 1986	kr.	41.077,50
Hlutur með orlofi í apríl 1986	kr.	147.972,30
Kauptrygging, fastakaup og orlof í maí 1986	kr.	58.682,00
Samtals	kr.	247.731,80

Stefnda byggir sýknukröfu sína á 4. mgr. 22. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem segir berum orðum að það heimili skipverja ekki að krefjast lausnar úr skiprúmi þótt skipstjóraskipti verði á skipinu. Breyti hér engu þótt skipstjóri sá, sem tekur við skipinu, starfi á undanþágu, en Steinþór Sigurbjörnsson, sem hefur 30 tonna skipstjórnarréttindi, hafi fengið undanþágu til starfans, sbr. dómskjal nr. 10.

Við skýrslutöku fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa farið úr skiprúmi vegna þess að sér hefði verið sagt upp störfum. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa farið með mb. Hafborgu vegna þess að réttindalaus maður hafði verið ráðinn skipstjóri. Stefnandi kvaðst hafa neitað að fara með réttindalausum skipstjóra til sjós. Stefnandi kveður að Steinþór Sigurbjörnsson hafi farið með bátinn eina veiðiferð, en hefði áður haft samband við stefnanda og spurt hvort hann vildi fá stöðu stýrimanns á mb. Hafborgu. Þessu kveðst stefnandi hafa neitað vegna þess að hann hafi vitað að Steinþór hafi ekki haft réttindi til skipstjórnar á stærra skipi en 30 tonnum. Aðspurður kvaðst stefnandi hafa verið tilbúinn til að fara um borð í bátinn um leið og skipstjóri með tilskilin réttindi fengist. Stefnandi kveðst ekki hafa verið beðinn um að fara með bátnum eftir að maður með réttindi var orðinn skipstjóri.

Sigurður Pálmason, 30 ára, framkvæmdastjóri, til heimilis að Hlíðarvegi 54, Ólafsfirði, sem var framkvæmdastjóri hjá Þórðarhöfða og síðar Skagaskel frá 15. september 1985 til hausts 1986, gaf skýrslu fyrir dóminum. Aðspurður segir hann að vegna slæmrar afkomu útgerðarinnar hafi verið nauðsynlegt að sameina Þórðarhöfða og Skagaskel. Í framhaldi af þeirri ákvörðun hafi skipverjum á mb. Hafborgu verið sagt upp. Í raun hafi samt ekki verið um neinar breytingar á útgerðinni að ræða. Eftir þetta hafi Steinþór Sigurbjörnsson verið ráðinn skipstjóri á mb. Hafborgu, en hann var á þessum tíma vélstjóri á bátnum. Að beiðni útgerðarinnar hafði Steinþór samband við stefnanda og innti hann eftir því hvort hann vildi vera stýrimaður á mb. Hafborgu hjá sér. Stefnandi tjáði Steinþóri þá að það vildi hann ekki. Sigurður sagði að síðan hefði hann sjálfur haft samband við stefnanda og spurt hvort hann ætlaði að koma aftur um borð. Stefnandi

hefði neitað því og sagt að ekki kæmi til greina að hann færi aftur um borð í bátinn hvernig sem málin þróuðust. Sigurður segir að þáverandi stjórnarformaður Skagaskeljar hafi hlustað á þetta samtal. Sigurður kveður að eftir þetta hafi ekki verið eytt meira „púðri" í þetta mál, heldur farið að vinna að því að koma bátnum á sjó.

Stefnandi kom aftur fyrir dóm og kvaðst aðspurður einungis hafa neitað að fara með réttindalausum skipstjóra til sjós þegar Sigurður Pálmason hefði haft samband við sig eftir ráðningu Steinþórs Sigurbjörnssonar, en hann kvaðst ekki hafa neitað að fara aftur um borð í bátinn ef skipstjóri með tilskilin réttindi fengist.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda sömu kröfur og greinir í stefnu, nema hvað hann með leyfi lögmanns stefndu gerði kröfu um hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 1. maí 1987 til greiðsludags. Lögmaðurinn lagði áherslu á að ekki væri um tölulegan ágreining að ræða milli aðilanna og yrði áfall dæmt, ætti umbjóðandi sinn rétt á staðgengilslaunum í þriggja mánaða uppsagnarfresti. Lögmaðurinn segir að Steinþór Sigurbjörnsson hafi verið ráðinn til skipstjórnar án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. Þegar svo stóð á hafi umbjóðanda sínum verið rétt og skylt að neita að fara með mb. Hafborgu í róður. Lögmaðurinn leggur áherslu á að eftir að réttindi Steinþórs Sigurbjörnssonar höfðu verið afturkölluð, hefði Sigurður Pálmason, sem tók við skipstjórn mb. Hafborgar, ekki boðið stefnanda að fara með í róður. Lögmaðurinn leggur áherslu á að stefnda beri hallann af því, takist henni ekki að sanna, að umbjóðanda sínum hafi verið boðið að fara með Sigurði Pálmasyni, þegar hann fór með bátinn.

Lögmaður stefndu gerði við munnlegan flutning málsins sömu kröfur og í greinargerð. Hann kveður stefnanda hafa neitað að fara með Steinþóri Sigurbjörnssyni og í framhaldi af því hafi hann neitað að fara með Sigurði Pálmasyni sem hafði tilskilin skipstjórnarréttindi. Lögmaðurinn vitnar til 4. mgr. 22. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, máli sínu til stuðnings. Hann leggur áherslu á að hafi maður lögmæta heimild til að fara með skip sem skipstjóri, heimili það skipverjum ekki að hlaupast úr skiprúmi. Þetta brotthlaup stefnanda hafi því verið ólögmætt og hafi hann viljað koma aftur um borð, hefði hann þurft að hafa frumkvæðið að því.

Lögmaður stefnanda tók aftur til máls og lagði áherslu á að réttindi Steinþórs Sigurbjörnssonar hefðu ekki verið í lagi, og þegar Sigurður Pálmason fór með bátinn, hefði umbjóðanda sínum ekki verið boðið starf. Lögmaðurinn leggur áherslu á að umbjóðandi sinn hafi ekki neitað að fara með manni með réttindi eða manni með undanþágu til skipstjórnar, heldur einungis neitað að fara með réttindalausum manni.

Lögmaður stefndu lagði áherslu á þegar hann tók til máls í annað sinn

að embætti sýslumanns Skagafjarðarsýslu hefði gefið út skírteini til Steinþórs Sigurbjörnssonar sem heimilaði honum að vera skipstjóri á báti allt að 80 tonnum. Hann leggur áherslu á að þótt stefnandi hafi talið sér heimilt að hverfa úr skiprúmi, hafi Steinþór Sigurbjörnsson haft tilskilin réttindi á þeim tíma sem hann stjórnaði skipinu.

Niðurstöður.

Það hefur komið í ljós og er óumdeilt að Steinþór Sigurbjörnsson fékk út gefið skipstjórnarskírteini sem sýndi meiri réttindi en hann átti í raun að hafa. Mál þetta snýst því um það hvort stefnanda hafi verið heimilt að neita að fara í róður með skipstjóra, sem hafði ekki tilskilin réttindi, og í framhaldi af því hvort honum hafi verið rétt að líta svo á að ráðningarsamningi sínum væri slitið, þar sem honum hafi ekki verið boðið starf þegar maður með tilskilin skipstjórnarréttindi var kominn á bátinn.

Aðilum málsins ber ekki saman um það hvernig atvikum vegna brottfarar stefnanda úr skiprúmi var háttað. Stefnandi kveðst einungis hafa neitað að fara í róður með réttindalausum skipstjóra. Framkvæmdastjóri Skagaskeljar á þessum tíma hefur aftur á móti borið að stefnandi hafi með öllu neitað að koma um borð í bátinn hvernig sem málum væri háttað. Á dómskjali nr. 9 kemur fram að stefnanda hafi staðið til boða að vera áfram á bátnum, en hann hafi ekki viljað það.

Dómarinn telur að stefnanda hafi verið heimilt að neita að fara í róður með réttindalausum skipstjóra, enda þótt hann hafi haft skírteini sem sýndi að hann hefði heimild til að stjórna þessu skipi. Stefnandi hefur borið að sér hafi verið kunnugt um að skírteinið sýndi of mikil réttindi. Stefnda hefur ekki hreyft neinum mótmælum gegn þessari fullyrðingu stefnanda.

Þar sem stefnanda var heimilt að neita að fara í róður með réttindalausum skipstjóra verður að telja að stefnda beri hallann af því að honum hefur ekki gegn andmælum stefnanda tekist að sanna að stefnanda hafi verið boðin staða um borð í bátnum eftir að skipstjóri með réttindi tók við og í framhaldi af því maður með undanþágu til skipstjórnar. Úr því að stefndu hefur ekki tekist að sanna að stefnanda hafi verið boðið að vera áfram stýrimaður á mb. Hafborgu verður að telja að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að sér hafi verið vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi, og að hann eigi því rétt á staðgengilslaunum í þrjá mánuði.

Hér er ekki um tölulegan ágreining að ræða og eru kröfur stefnanda því teknar til greina að fullu. Þó skal krafa um vexti tekin til greina með þeirri breytingu sem greinir í dómsorði.

Skv. 1. tl. 197. gr. laga nr. 34/1985 ber að viðurkenna sjóveðsrétt í mb. Hafborgu, SK 50, til tryggingar dæmdum kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 50.000,00 krónur í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Skagaskel hf., greiði stefnanda, Þorgrími Ómari Unasyni, kr. 247.731,80 auk 27% ársvaxta frá 10. mars 1986 til 1. maí 1987, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefnda greiði stefnanda kr. 50.000,00 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðsrétt í mb. Hafborgu, SK 50, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. apríl 1989.

Nr. 101/1988. **Gústaf Magnús Einarsson og Skúli Sigurðsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Blikksmiðju Gylfa
(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Verksamningar. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1988. Þeir krefjast aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfu stefndu gegn greiðslu á 20.000,00 krónum. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda óskipt.

Frávísunarkrafa áfrýjenda er hér fyrir dómi studd þeirri röksemd, að skylt hafi verið að beina málsókn þessari þegar í upphafi að báðum áfrýjendum samkvæmt 46., 47. og 48. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en það var ekki gert, svo sem fram kemur í héraðsdómi. Hinn 1. febrúar 1988 hafnaði héraðsdómari með úrskurði frávísunarkröfu áfrýjandans Gústafs Magnúsar, sem byggð var á því, að óheimilt hefði verið að stefna honum inn í mál gegn áfrýjandanum Skúla með sakaukastefnu. Þessum úrskurði hefur ekki verið áfrýjað með aðalmálinu, og verður ekki við honum hróflað hér í dómi, nema vísa beri kröfum á Gústaf Magnús Einarsson sjálfkrafa frá héraðsdómi. Fer um þetta eftir 108. gr., 3. mgr., laga nr. 85/1936, eins og þetta lagaákvæði var fyrir gildistöku laga nr. 54/1988, sbr. 28. gr. þeirra laga. Ekki var lögskylt að vísa sakaukamálinu frá dómi, og var málsókn þessari réttilega beint að áfrýjendum. Krafan um frávísun málsins í heild af fyrrgreindri ástæðu á því ekki við rök að styðjast.

Fallast verður á það með héraðsdómara að ósannað, sé, að samið hafi verið um, að fyrir þakrennur og það annað, sem áfrýjendur

keyptu af stefndu og hér er um deilt, skyldi greitt eftir verðskrá Félags blikksmiðjueigenda. Ber að staðfesta þá niðurstöðu, að áfrýjendur greiði stefndu 43.656,00 krónur. Ekki var deilt um vexti fyrir Hæstarétti, en skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, verða þeir svo sem í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað, og er hann án söluskatts hæfilega ákveðinn samtals 50.000,00 krónur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, þó ekki hærri en 27% á ári.

Áfrýjendur, Gústaf Magnús Einarsson og Skúli Sigurðsson, greiði óskipt stefndu, Blikksmiðju Gylfa, samtals 50.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. mars sl., er höfðað af Blikksmiðju Gylfa, nnr. 1362-6715, Tangarhöfða 11, Reykjavík, með stefnu og sakaukastefnu, birtum 24. febrúar 1987 og 2. september 1987, á hendur Skúla Sigurðssyni, nnr. 1108-6543, Bauganesi 4, Reykjavík, og Gústafi Magnúsi Einarssyni, nnr. 3471-9926, Bauganesi 4, Reykjavík, in solidum til greiðslu á kr. 43.656,00 ásamt 3,5% mánaðarvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., en 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Skúli gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en til vara að stefnandi verði dæmd til þess að gefa út reikning í samræmi við þá pöntun sem stefndi f.h. húseignarinnar Bauganess 4 gerði hjá honum í apríl 1985. Þá krefst stefndi Skúli málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMEÍ úr hendi stefnanda.

Stefndi Gústaf gerir þær dómkröfur að stefnufjárhæðin verði lækkuð

verulega og að sér verði til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Sakaukastefndi Gústaf Magnús Einarsson gerði upphaflega þær kröfur í máli þessu að kröfum stefnanda á hendur sér yrði vísað frá dómi og fór fram munnlegur málflutningur um þann þátt málsins 1. febrúar sl. Með úrskurði, upp kveðnum sama dag, var frávísunarkröfu sakaukastefnda hrundið.

III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að stefndu hafi falið stefnanda að annast fyrir sig endurnýjun á þakrennum og niðurföllum í fasteign sinni að Bauganesi 4, Reykjavík. Reikningurinn sé nr. 8101, dags. 2.5.1985. Við smíði og málun hafi stefnandi unnið í 32 klst. á kr. 284,00 pr. klst., eða kr. 9.088,00. Vélavinna hafi numið kr. 2.720,00, verkstjórn kr. 1.056,00 og söluskattur kr. 3.087,00. Við uppsetningu hafi stefnandi unnið í 32 klst. í blikksmiðju á kr. 284,00 pr. klst., eða kr. 9.088,00. Vélavinna hafi numið kr. 1.818,00, verkstjórn kr. 1.056,00, söluskattur kr. 436,00 og máltaka kr. 500,00. Hafi vinna numið skv. nótu nr. 2311, dags. 2.5. 1985, alls kr. 28.849,00. Efnið, sem stefnandi þurfti að nota til vinnunnar, hafi verið járn, niðurfallsrör o.fl. fyrir alls kr. 14.307,00, skv. nótu nr. 2310. Vinna og efni nemi því samtals kr. 43.156,00. Akstur hafi verið 2 ferðir á kr. 250,00 eða alls kr. 500,00. Reikningur nr. 8101 nemi því alls kr. 43.656,00 eða stefnufjárhæð.

Er stefndi bað um framangreint verk hafi rennubönd verið komin upp, og hafi orðið að ákvarða stærð rennanna í samræmi við þau bönd. Rennur af þeirri stærð, sem þurfti, hafi ekki verið til á lager, og hafi rennurnar því verið smíðaðar. Það verk hafi verið unnið í tímavinnu og sé krafið um greiðslu á verkinu skv. því.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og samningsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Stefndi Skúli kveður málavexti vera þá að stefndi hafi f.h. húsfélagsins Bauganess 4 pantað hjá stefnanda þakrennur og niðurföll skv. verðskrá Félags blikksmiðjueigenda. Rennur þessar og niðurföll hafi stefnandi átt til á lager, enda hafi þær verið af staðlaðri gerð. Verðhugmyndir stefnanda, þegar pöntunin var gerð, hafi verið um það bil 15-16.000,00 krónur, og hafi það verið í samræmi við fyrrnefnda verðskrá. Auk þess hafi stefndi óskað eftir því að rennurnar yrðu málaðar, og hefði verðið því átt að vera eitthvað hærra, eða allt að kr. 20.000,00. Inni í þessu verði hafi átt að

vera uppsetning. Stefnandi hafi sett rennurnar upp, og hafi hann síðan gert stefnda, f.h. húseignarinnar Bauganess 4, reikning fyrir smíði á rennum og niðurföllum. Krafist hafi verið reiknings í samræmi við pöntun, en því hafi ekki verið sinnt til þessa. Greiðslu hafi ekki verið hafnað og húseigendur í Bauganesi 4 hafi ávallt lýst sig reiðubúna til þess að greiða hina upphaflegu pöntun. Ekki sé rétt stefnt í málinu, þar sem stefna hefði átt húsfélaginu Bauganesi 4.

Stefndi byggir á l. nr. 85/1936 og l. nr. 39/1922.

Málavexti, málsástæður og lagarök kveður stefndi Gústaf vera þessi: Stefndi Skúli hafi pantað f.h. húsfélagsins Bauganess 4 þakrennur og niðurföll hjá stefnanda ásamt uppsetningu, og hafi pöntunin verið gerð skv. verðskrá Félags blikksmiðjueigenda. Rennurnar og niðurföllin hafi verið af staðlaðri gerð og upp gefið verð við pöntunina frá stefnanda kr. 15-16.000,00, sem hafi verið í samræmi við nefnda verðskrá. Óskað hafi verið eftir að rennurnar yrðu málaðar og hafi verðið þá átt að hækka í allt að kr. 20.000,00.

Stefnandi hafi sett upp rennurnar og niðurföllin, og er reikningur var gerður stefndu hafi fjárhæðin numið kr. 43.656,00. Stefndu hafi mótmælt þegar í stað fjárhæð reikningsins og krafist þess að staðið yrði við um samda fjárhæð fyrir verkið. Því hafi í engu verið sinnt. Stefndu hafi alla tíð verið reiðubúnir að greiða um samda fjárhæð.

Vísað sé til grundvallarreglna kaupa- og samningalaga.

IV.

Við munnlegan málflutning kom fram að stefndi Skúli byggir sýknukröfu sína á því að röngum aðila hafi verið stefnt, þar sem skuldari sér húsfélagið Bauganes 4. Upplýst er að húsfélagið er óskráð og sameigendur þess eru stefndu í máli þessu. Þeir eru því persónulega ábyrgir fyrir skuldum húsfélagsins og er því réttilega stefnt í máli þessu.

Eins og kemur fram í greinargerðum stefndu byggja þeir kröfur sínar á því að samið hafi verið um fast verð samkvæmt verðskrá Félags blikksmiðjueigenda, en gerð hafi verið pöntun á stöðluðum rennum samkvæmt verðskránni.

Aðilar málsins hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Það er upplýst í máli þessu og reyndar óumdeilt, að þegar pöntunin var gerð voru komin rennubönd á þakið og takmarkaðist stærð rennanna af stærð þeirra. Þá liggur fyrir að sú stærð af rennum, sem stefndi Skúli kveðst hafa pantað samkvæmt verðskrá og til var á lager hjá stefnanda, passaði ekki við stærð rennubandanna, þannig að sérsmíða þurfti rennurnar eftir máli. Ósannað er að samið hafi verið um að rennurnar skyldu seldar á verði sem gefið er upp í verðskrá stefnanda yfir staðlaðar rennur af þeirri stærð sem stefndi Skúli telur sig hafa pantað.

Fyrir dómi hélt fyrirsvarsmaður stefnanda því fram að verðskrá sú, sem fjallað er um í málinu, sé lágmarksgjaldskrá, og þar sem annað er ekki sannað verður ekki á því byggt að hún sé bindandi fyrir stefnanda.

Ekki er ágreiningur um það magn, sem keypt var, eða að vinnan hafi verið unnin, og ber því samkvæmt framansögðu og með vísan til 5. gr. l. nr. 39/1922 að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, en vaxtafæti og upphafstíma vaxta hefur ekki verið mótmælt.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 37.402,00, þar með talinn söluskattur kr. 3.902,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Skúli Sigurðsson, Bauganesi 4, Reykjavík, og Gústaf Magnús Einarsson, Bauganesi 4, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Blikksmiðju Gylfa, Tangarhöfða 11, Reykjavík, kr. 43.656,00 ásamt 3,5% mánaðarvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 37.402,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. apríl 1989.

Nr. 328/1987. **Gunnar Sigurjónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Húsasmiðjunni hf.
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Fölsun. Skjöl. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. nóvember 1987. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda samþykkir sýknukröfu áfrýjanda. Hún mótmælir hins vegar málskostnaðarkröfu áfrýjanda og krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með bréfi, dagsettu 18. nóvember 1987, til Rannsóknarlögreglu ríkisins krafðist lögmaður áfrýjanda opinberrar rannsóknar á vöruúttekt þeirri, sem málið fjallar um. Rannsókn fór fram og hafa gögn um hana verið lögð fram í Hæstarétti. Samkvæmt þeim viðurkenndi tilgreindur maður að hafa tekið út umræddar vörur og notað þær til eigin þarfa. Þá viðurkenndi hann að hafa ritað nafn áfrýjanda undir hina svokölluðu „sjálfskuldarábyrgð á úttekt" svo og reikninga þá, sem voru grundvöllur málshöfðunar stefndu. Maður þessi skýrði m.a. svo frá: „Ástæðan fyrir því, að ég notaði nafn Gunnars, var sú, að ég hafði leyfi hans til þess að nota nafn hans á reikningana. Ég hef sjálfur ekki lánstraust og því fékk ég leyfi Gunnars fyrir að nota hans nafn." Áfrýjandi staðhæfði fyrir rannsóknarlögreglunni, að það væri með öllu tilhæfulaust, að hann hefði veitt manni þessum leyfi til að nota nafn sitt til vöruúttektar hjá stefndu.

Hér fyrir dómi hefur því verið lýst yfir af hálfu stefndu, að stefnda eigi engar kröfur á hendur áfrýjanda aðrar en málskostnað

fyrir Hæstarétti. Áfrýjanda hafi verið í lófa lagið að krefjast strax opinberrar rannsóknar, þegar hann var krafinn um greiðslu fyrir vöruúttektina. Það hafi hann ekki gert fyrr en búið var að kveða upp dóminn í héraði. Beri því að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka kröfu áfrýjanda um sýknu til greina.

Áfrýjandi kveðst hafa tjáð lögmanni stefndu málavöxtu, þegar er honum barst innheimtubréf, og hafa gefið lögmanninum sýnishorn af rithendi sinni. Fyrir bæjarþingi var því haldið fram, svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, að nafnritun áfrýjanda væri fölsuð á skjöl þau, sem kröfur stefndu voru byggðar á. Aðila- og vitnaleiðslur fóru fram og áfrýjandi ritaði nafn sitt í þingbók, sbr. 156. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Nafnritanirnar gáfu tilefni til grunsemda. Telja verður, eins og á stóð, að sönnunarbyrðin um falsleysi umræddra skjala hafi hvílt á stefndu, sbr. 155. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 80.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnar Sigurjónsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Húsasmiðjunnar hf., í máli þessu.

Stefnda greiði áfrýjanda samtals 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 12. febrúar 1987, af Húsasmiðjunni hf., nnr. 4451-5741, Súðarvogi 3, Reykjavík, gegn Gunnari Sigurjónssyni, nnr. 3385-8574, Þingholtsstræti 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 33.425,00 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.685,00 frá 9. júní 1986 til 10. júní 1986, af kr. 32.674,00 frá þeim degi til 16. júní 1986, af kr. 33.425,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi reisir kröfu sína á fjórum reikningum, sem hér greinir: nr. 125511, dags. 9. júní 1986, að fjárhæð kr. 15.416,00, nr. 125512, dags. sama dag, að fjárhæð kr. 16.269,00, nr. 125728, dags. 10. júní 1986, að fjárhæð kr. 989,00, og nr. 127120, dags. 16. júní 1986, að fjárhæð kr. 751,00. Reikningar þessir séu vegna vöruúttektar stefnda hjá stefnanda. Stefndi hafi hinn 9. júní 1986 fengið heimild stefnanda til að taka vörur út á reikning og það hafi hann gert og kvittað fyrir. Hann hafi ekki greitt reikningana þrátt fyrir innheimtutilraunir og því hafi mál þetta verið höfðað.

Stefnandi vísar á bug öllum fullyrðingum stefnda hér fyrir dómi um að hann hafi ekki tekið út þessar vörur og að nafnritun hans hafi verið fölsuð. Stefndi verði að sanna fölsun og það hafi ekki tekist.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Hann hafi hvorki fyrr né síðar átt viðskipti við stefnanda. Úttekt sú, sem stefnandi byggi á, hafi ekki verið á vegum stefnda. Nafnritun hans hafi verið fölsuð, eins og greinilega megi sjá með samanburði á rithandarsýnishorni stefnda sem lagt hafi verið fram í málinu. Reikningar stefnanda séu stílaðir á Gunnar Sigurjónsson, Kaplaskjólsvegi 37, Reykjavík, og sama heimilisfang sé á skjali því sem stefnandi hafi lagt fram og sagt, að sé gert hjá stefnanda, og eigi að vera með undirskrift stefnda. Á árunum 1980 og 1981 hafi stefndi búið að Kaplaskjólsvegi 37, en frá 1986 hafi hann búið að Þingholtsstræti 25. Sá sem hafi gefið upp nafn hans og nafnnúmer hjá stefnanda, hafi gefið upp þetta eldra heimilisfang. Ljóst megi sjá af rithendi þessa manns að hún sé allt önnur en stefnda sjálfs. Kvittað hafi verið á reikningana hjá stefnanda með „Gunnar S", „G S" og meira að segja „GBÁS" á einum. Á það sé einnig bent, að samkvæmt upplýsingum gjaldkera stefnanda hafi maður þessi gefið upp nafn og nafnnúmer stefnda án þess að hann hafi verið beðinn um sannanir eða skilríki. Þetta sé slík óvarkárni að sönnunarbyrði leggist á stefnanda í máli þessu, að sanna að stefndi sé skuldarinn, en sú sönnun hafi ekki tekist. Opinber rannsókn af hálfu stefnda í máli þessu sé ekki nauðsynleg þegar sönnunarbyrðin snúist við. Stefndi hafi sjálfur farið á skrifstofu lögmanns stefnanda, þegar honum barst stefnan, og sýnt fram á, að rithönd sín sé allt önnur.

Niðurstaða.

Reikningar þeir, sem stefnandi stefnir stefnda fyrir, eru stílaðir á „Gunnar Sigurjónsson, Kaplaskjólsvegi 37, 107 Reykjavík", og kvittaðir um móttöku. Stefndi þverneitar að hafa átt þessi viðskipti.

Stefndi kveðst hafa búið að Þingholtsstræti 25 árið 1986, þegar úttektirnar áttu sér stað, og hefur því ekki verið hnekkt af stefnanda. Kröfubréf lögmanns stefnanda, dags. 4.11.1986, er sömuleiðis stílað á stefnda að Kaplaskjólsvegi 37. Stefna var hins vegar gefin út á stefnda á heimilisfangi

hans að Þingholtsstræti 25, Reykjavík, og birt fyrir honum sjálfum, og tók hann þegar til varna. Þetta bendir til að bréf stefnanda hafi ekki borist stefnda fyrr en honum var birt stefnan.

Stefndi hefur ekki farið fram á opinbera rannsókn á hinni ætluðu fölsun, heldur einungis lagt fram rithandarsýnishorn sitt og ritað nafn sitt hér í dómabók í þinghaldi. Ekki verður fallist á með stefnda að stefnandi beri sönnunarbyrði vegna vanrækslu í viðskiptum þeim sem stefnt er út af. Stefnda ber því að sanna að um fölsun sé að ræða og aðildarskort og verður ekki talið að það sé fullnægjandi leitt í ljós. Verður því að taka kröfur stefnanda til greina, en eftir öllum atvikum er rétt að dráttarvextir reiknist frá stefnubirtingardegi og að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Sigurjónsson, greiði stefnanda, Húsasmiðjunni hf., kr. 33.425,00 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. febrúar 1987 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 17. apríl 1989.

Nr. 133/1989. **Guðmundur Þórðarson**

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, báðum f.h. Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði mál þetta til Hæstaréttar 6. þ.m. og barst kæran dóminum 12. þ.m. Kæruheimild er b-liður 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Sóknaraðili kveðst ekki hafa verið kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu hins kærða dóms og eigi fengið vitneskju um málsúrslit fyrr en 28. mars 1989.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili heldur því fram, að málatilbúnaður sinn sé nægilega skýr og beri héraðsdómara því að dæma málið að efni til. Sóknaraðili andmælir einnig því, að ekki sé að finna í fram lögðum skjölum heimild honum til handa til innheimtu á víxli þeim, sem um ræðir í héraðsdómi. Telur hann gögn málsins sýna, að hann sé eigandi víxilsins.

Varnaraðilar halda því fram í greinargerð, sem barst Hæstarétti í dag, að málsókn sóknaraðila uppfylli ekki skilyrði grundvallarreglna réttarfarslaga um að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Sóknaraðili byggi annars vegar á því, að hann eigi greindan víxil, og hins vegar því, að hann hafi verið með víxilinn til innheimtu fyrir annan aðila. Varnaraðilar halda því einnig fram, að sóknaraðili hafi ekki lagt fram gögn, sem sýni, að hann sé réttur

víxilhafi samkvæmt óslitinni framsalsröð. Til stuðnings kröfunni um frávísun í héraði er enn fremur bent á, að sóknaraðili hafi ekki gætt ákvæða e-liðar 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Í stefnu kemur ótvírætt fram af hálfu sóknaraðila, að hann telur sig eiga fyrrgreindan víxil. Upplýsingar sóknaraðila í tveimur málsskjölum um það hver eigi víxilinn, hagga ekki yfirlýsingum í stefnu. Lýsing málavaxta í stefnu og greinargerð þykir eigi haldin slíkum annmörkum, að ekki megi leggja efnisdóm á mál þetta. Reifun lagaraka sóknaraðila í málsskjölum í héraði er almenns efnis og stutt. Ekki þykir það þó næg ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi. Varnir, sem varnaraðilar bera fyrir sig varðandi framsalsröð, eru efnisástæður, sem valda ekki frávísun.

Af þessu leiðir að fella ber héraðsdóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Kópavogs 28. febrúar 1989.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 24. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu, birtri 31. október 1988, af Guðmundi Þórðarsyni, nnr. 3118-1828, Hamraborg 12, Kópavogi, á hendur fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, nnr. 6756-5932, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, f.h. ríkissjóðs Íslands, dómsmálaráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, nnr. 3569-3963, Brekkuseli 22, Reykjavík, og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Boga Nílssyni, nnr. 1373-2450, Giljalandi 21, Reykjavík, báðum f.h. rannsóknarlögreglu ríkisins, Auðbrekku 6, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 150.000,00, auk [nánar tiltekinna dráttarvaxta, og málskostnaðar.]

— — —

Af hálfu stefndu var krafist við framlagningu greinargerðar í bæjarþinginu, 15. desember 1988, aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Fyrsta varakrafa er sú að stefndu verði með öllu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Önnur varakrafa er sú að stefndu verði að svo stöddu sýknaðir af kröfum stefnanda. Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins. Þriðja varakrafa stefndu er sú að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður falli niður í því tilviki.

Í þessum þætti málsins er því eingöngu fjallað um frávísunarkröfu stefndu skv. 108. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, þar sem sáttaumleitanir dómara hafa eigi borið árangur.

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins eru þær að máli þessu verði vísað frá dómi. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í þessum þætti málsins að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og stefndu verði gert að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað.

Stefndu byggja í fyrsta lagi frávísunarkröfu á þeirri málsástæðu að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki skilyrði grundvallarreglna réttarfarslaga, að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur, sbr. 88. gr., 1. mgr. 105. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. og 11. gr. laga nr. 54/1988, um breyting á þeim lögum.

Máli sínu til stuðnings er m.a. á það bent af hálfu stefndu að stefnandi byggir annars vegar á því í stefnu og fram lögðum gögnum að hann sé eigandi víxils, sem dómkrafan er reist á, og hins vegar að hann hafi verið með víxilinn í innheimtu fyrir umbjóðanda sinn. Málatilbúnaður stefnanda sé því um grundvallaratriði óskýr. Að auki hafi stefnandi ekki lagt fram gögn sem sýni að stefnandi sé réttur víxilhafi samkvæmt óslitinni framsalsröð. Frávísunarkröfunni til stuðnings er enn fremur á það bent af hálfu stefndu að stefnandi hafi eigi gætt ákvæða e-liðar 1. töluliðar 88. gr. eml., sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, sbr. og 1. mgr. 105. gr. eml. Ógjörningur sé því fyrir stefndu, eins og málatilbúnaði stefnanda sé háttað, að átta sig á því á hvaða lagaákvæðum stefnandi reisi mál sitt.

Af hálfu stefnanda er þeirri málsástæðu stefndu mótmælt að málatilbúnaður sé óljós. Stefnandi heldur því fram að hann sé sjálfur eigandi kröfunnar eins og komi fram í stefnu, dskj. nr. 1. Stefnandi segist hafa verið handhafi víxilsins, en víxillinn hafi verið framseldur sér með eyðuframsali. Hafi hann tekið víxilinn sem greiðslu upp í kröfu sem hann hafi átt á hendur þriðja aðila, sbr. dskj. nr. 10. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda vegna skrifa hans til Rannsóknarlögreglu ríkisins að hann hafi litið svo á að Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi ekki komið það við hver hafi verið raunverulegur eigandi víxilsins. Stefnandi kveðst hafa afhent Rannsóknarlögreglu ríkisins víxilinn í góðri trú, og líta verði svo á að það hafi verið mistök af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins að afhenda þriðja aðila víxilinn að stefnanda fornspurðum. Beri stefndu því sönnunarbyrði á þeirri málsástæðu að framsalsröð hafi ekki verið óslitin.

Á það verður fallist með stefndu að málatilbúnaður stefnanda fullnægi eigi skilyrðum réttarfarslaga um skýran og glöggan málatilbúnað.

Þykir stefnandi eigi hafa gætt ákvæða 1. töluliðar a), d) og e) 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, svo og 1. mgr. 105. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988, sem skyldi í málatilbúnaði sínum.

Enn fremur verður á það fallist með stefndu að ekki er að finna í fram lögðum sóknarskjölum stefnanda heimild honum til handa til innheimtu á umræddum víxli.

Þykir því, svo sem að framan hefur verið rakið, mál þetta svo vanreifað að vísa ber því frá dómi.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðmundur Þórðarson, greiði stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins f.h. Rannsóknarlögreglu ríkisins, kr. 17.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. apríl 1989.

Nr. 203/1987. **Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf.**
gegn
Heublein Inc. og Helga Vilhjálmssyni.

Firma. Vörumerki. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. júní 1987 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og krefst jafnframt að stefndu verði óheimilt að nota auðkennið „Kentucky Fried Chicken" við rekstur veitingastaðar að Hjallahrauni 15, Hafnarfirði, og verði stefnda Heublein Inc. dæmt skylt að afmá vörumerkið nr. 112/1982 „Kentucky Fried Chicken" (orð og myndmerki) úr vörumerkjaskrá að viðlögðum 10.000,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá uppkvaðningu dóms. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Fram er komið að enginn atvinnurekstur hefur verið stundaður á vegum áfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins eru Birkir Baldvinsson og Valgeir T. Sigurðsson eigendur sameignarfélags þess sem skráð er undir firmanafninu Kentucky Fried Chicken í firmaskrá Reykjavíkur.

Efni skýrslu fyrirsvarsmanns stefnda Heublein Inc., sem rakið er í héraðsdómi, hefur ekki verið hnekkt. Fallast ber á með héraðsdómi, að telja verði að öðrum eiganda áfrýjanda, Birki Baldvinssyni, hafi verið vel kunnugt um atvinnurekstur þann, sem fer fram í mörgum löndum undir auðkenninu Kentucky Fried Chicken, og þá hagsmuni, sem honum eru tengdir. Samkvæmt því og vegna augljósrar ruglingshættu á firmanafni áfrýjanda og vörumerki stefnda Heublein

Inc. ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig að dagsektir taka að falla á að liðnum 15 dögum frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi greiði stefndu 125.000,00 krónur samtals í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að dagsektir taka að falla á að liðnum 15 dögum frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf., greiði stefndu, Heublein Inc. og Helga Vilhjálmssyni, 125.000,00 krónur samtals í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. október 1986, er höfðað með stefnu, út gefinni 28. nóvember 1984, sem þingfest var 13. desember s.á., af Þórði S. Gunnarssyni hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík, f.h. Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf., nnr. 5579-7005, Reykjavík, á hendur Sigurjónsson & Thor sf., nnr. 7981-9905, Óðinsgötu 4, Reykjavík, f.h. Heublein Inc., Farmington, Connecticut 06032, USA, og Helga Vilhjálmssyni, nnr. 3988-2019, framkvæmdastjóra, Skjólvangi 1, Hafnarfirði.

Gagnsök er höfðuð með gagnstefnu, þingfestri 7. febrúar 1985, af Heublein Inc.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndu verði dæmt óheimilt að nota auðkennið „Kentucky Fried Chicken" við rekstur veitingastaðar að Hjallahrauni 15, Hafnarfirði, og stefnda Heublein Inc. verði dæmt skylt af afmá vörumerkið nr. 112/1982, „Kentucky Fried Chicken" (orð og myndmerki), úr vörumerkjaskrá að viðlögðum kr. 10.000,00 dagsektum, er renni til stefnanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá uppkvaðningu dóms.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar in solidum og að skaðlausu úr hendi stefndu.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefnda verði dæmt skylt að láta afmá firmanafnið „Kentucky Fried Chicken á Íslandi

sf.“ úr firmaskrá Reykjavíkur að viðlögðum kr. 10.000,00 dagsektum er renni til gagnstefnanda og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá uppkvaðningu dóms.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að mati dómsins.

Af hálfu gagnstefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum gagnstefnanda og sér tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Undir meðferð málsins krafðist aðalstefndi frávísunar með tilvísun til 114. gr., sbr. 116. gr. l. nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómara hinn 11. apríl 1986.

Málsatvik.

Sameignarfélagið Kentucky Fried Chicken á Íslandi var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur með tilkynningu dags. 20.10. 1977. Auglýsing um skráninguna var birt í Lögbirtingablaðinu 30.11. 1977. Tilgangur sameignarfélagsins var skráður sala og dreifing á kryddvörum, vélum og tækjum á veitingastaði.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að skráningin hafi ekki farið eðlilega fram. Segja þeir í greinargerð að stefnendur hafi beitt ólögmætum brögðum og sagt þeim embættismanni er skráninguna annaðist, Ásbergi Sigurðssyni, ósatt í því skyni að fá þennan embættismann til þess að skrá firmað með vörumerki stefnda Heublein Inc. „Kentucky Fried Chicken“. Einnig halda þeir því fram að embættismaðurinn hafi verið mjög tregur til að skrá þetta nafn, enda sé það greinilega erlent og samrýmist ekki reglum íslensks máls.

Hinn 28. júní 1982 var skráð hér á landi vörumerkið nr. 112/1982 „Kentucky Fried Chicken“ (orð og myndmerki). Eigandi þessa merkis er stefnda Heublein Inc. Er merkið skráð fyrir allar vörur í 29. fl. vöruskrár innar. Hefur vörumerkið um nokkurt skeið verið notað við rekstur veitingastaðar hér á landi, fyrst á Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, en síðan að Hjallahrauni 15, Hafnarfirði, og er sá veitingastaður í eigu stefnda Helga Vilhjálmssonar. Byggist notkun hans á vörumerkinu á samningi stefndu.

Aðalsök.

Málsástæður.

Stefnandi heldur því fram að skráning vörumerkisins nr. 112/1982 og notkun þess brjóti í bága við firmarétt hans, enda skapi notkun stefndu á merkinu ruglingshættu gagnvart stefnanda og standi í vegi fyrir réttmætri og eðlilegri notkun hans á firmanafninu „Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf.“ eða styttingu þess. Færir hann eftirfarandi rök fyrir þessari fullyrðingu: Álíta verði að firmanafn stefnanda hafi í sér fólgin nægileg sérkenni til að njóta réttarverndar og eigi stefnandi einkarétt á nafninu í skilningi

merkjaréttar. Ruglingshætta milli merkjanna sé ótvíræð, enda bendi firmanafnið ekki til ákveðins atvinnurekstrar og sjónlíking og hljóðlíking merkjanna séu verulegar. Krafa um bann við notkun vörumerkisins beinist að báðum stefndu. Eftir því sem best sé vitað sé merkið í notkun hér á landi skv. leyfi Heublein Inc. og stefndu því báðir aðilar að því réttarbroti sem notkunin er gagnvart stefnanda. Krafan um bann við notkun vörumerkisins við rekstur veitingastaðarins að Hjallahrauni 15 sé í eðli sínu víðtæk og nái bæði til notkunar merkisins að Hjallahrauni 15, t.d. á umbúðum og auglýsingaskiltum, og notkunar á auglýsingum í fjölmiðlum, t.d. sjónvarpi og dagblöðum. Vörumerki nr. 112/1982 sé skráð með þeirri athugasemd að skráningin veiti ekki einkarétt á orðunum í merkinu, sbr. dskj. nr. 4. Jafnvel þótt orðin í merkinu njóti ekki réttarverndar á grundvelli skráningar er ljóst að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að vörumerkið í heild verði afmáð úr vörumerkjaskránni. Skráningin sem slík brjóti í bága við einkarétt stefnanda og sé til þess fallin að valda ruglingi. Takmarkanir á réttarlegum áhrifum skráningarinnar skv. 15. gr. laga nr. 47/1968 skipti ekki máli í þessu sambandi. Firmanafn stefnanda njóti óskertrar lagaverndar án tillits til notkunar, en þó sé rétt að undirstrika að firmanafnið hafi verið notað hér á landi og vaxandi notkun þess sé fyrirhuguð. Stefnandi hafi mótmælt notkun vörumerkisins í maí 1983 og hafi allar götur síðan staðið fast á rétti sínum. Eigendur firmanafnsins séu báðir búsettir erlendis, og hafi þeir gert það sem í þeirra valdi stóð og eðlilegt getur talist, til að fá notkun vörumerkisins stöðvaða.

Í aðalsök er því haldið fram af hálfu stefndu að ólögmætum brögðum og þrýstingi hafi verið beitt í því skyni að fá firmanafn stefndu skráð. Firmanafnið hafi greinilega verið erlent og ekki samrýmst reglum íslensks máls og því hafi verið að lögum óheimilt að skrá þetta firma með þessu nafni. Hafi þetta verið skoðun firmaskrárritara og sé hún staðfest með áliti örnefnanefndar. Þessa fullyrðingu styður stefnandi tveimur skjölum, bréfi þáverandi firmaskrárritara til lögmanns stefndu og bréfi örnefnanefndar til sama. Fyrra bréfið er dags. 22. janúar 1985 og er texti þess svohljóðandi:

„Firmaskrá Reykjavíkur hefur framsent mér erindi yðar, dags. 14. desember 1984, varðandi nafnið „Kentucky Fried Chicken", sem ég mun hafa skráð í firmaskrá Rvíkur á árinu 1977.

Ég man vel að ég var mjög tregur til að skrá þetta nafn, enda greinilega erlent og samrýmist ekki reglum íslensks máls. Hins vegar var mjög fast sótt um skráningu þess. Þetta væri heimsþekkt vöru- og firmaheiti sem umsækjendur töldu sig hafa öðlast rétt til að nota hér á landi samkvæmt heimildum hins erlenda félags.

Ég man að ég reyndi að fá þá til að þýða nafnið á íslensku. Því var

algerlega hafnað þar sem slíkt íslenskt nafn hefði enga viðskiptavild.

Niðurstaðan var sú að ég stakk upp á að skrá firmað Kentucky Fried Chicken *á Íslandi*. Rökin voru þau að lengi hafði það viðgengist í firmaskrá Reykjavíkur að taka þekkt erlend nöfn til skráningar með einhverju íslensku viðskeyti, t.d. Ford-umboðið, Toyota-umboðið, Baader-þjónustan, Saab-verkstæðið, Kosta-Boda-búðin o.s.frv.

Deila má um réttmæti þessa praxis, en hér er verið að láta undan gífurlegum þrýstingi um að fá að skrá heimsþekkt nöfn hér á landi þó að þau samrýmist engan veginn reglum íslensks máls.

Hvort viðskeytið „á Íslandi" réttlæti skráningu afkáralegs erlends nafns skal ósagt látið. En í vissum tilfellum getur það farið sæmilega vel, t.d. Cosmos á Íslandi h.f., Entek á Íslandi h.f., I.B.M. h/f."

Bréf örnefnanefndar er dags. 23. janúar 1985, og er texti þess svohljóðandi:

„Örnefnanefnd fjallaði á fundi sínum í dag um bréf yðar, dags. 13. f.m., þar sem spurst er fyrir um það, hvort nefndin telji, að firmanafnið „Kentucky Fried Chicken á Íslandi" samrýmist íslensku málkerfi, og sé þá sérstaklega átt við erlendu orðin „Kentucky Fried Chicken".

Það er skemmst af að segja að nefndin telur að af augljósum ástæðum samrýmist orðin „Kentucky Fried Chicken" ekki íslensku málkerfi."

Með þessu telja stefndu augljóst og sannað að skráning firmanafns stefnanda hafi verið ólögleg og í andstöðu við 8. gr. laga nr. 42/1903, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1982. Af þessu leiði að stefnandi geti ekki byggt neinn lagalegan rétt til þessa firmanafns gagnvart vörumerkjarétti stefnda Heublein Inc., enda verði þess krafist í gagnsök, að gert verði skylt að afmá þetta firmanafn úr firmaskrá Reykjavíkur.

Stefndu telja firma stefnanda aldrei hafa starfað neitt hér á landi frá því það var stofnað og njóti það því ekki lagaverndar sem slíkt þar sem um enga ruglingshættu sé að ræða í viðskiptum gagnvart vörumerkjarétti stefndu skv. vörumerkinu „Kentucky Fried Chicken", nr. 112/1982.

Hinn 28. maí 1986 lagði lögmaður aðalstefnda fram bókun þess efnis að stefnendur í aðalsök hefðu sýnt af sér tómlæti, þar sem þeir hefðu ekki andmælt skráningu merkisins þegar umsókn um skráningu þess hefði verið til meðferðar í stjórnsýslunni. Er þessi málsástæða studd tilvísun í 20. gr. og 4. tl. 14. gr. vörumerkjalaga, nr. 47/1967.

Taldi hann enn fremur að þetta tómlæti staðfesti m.a. að fyrirsvarsmenn firmans Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf. hefðu vitað um betri rétt Heublein Inc. til auðkennisins „Kentucky Fried Chicken" og þar af leiðandi verið í vondri trú þegar þeir sóttu um skráningu í firmaskrá Reykjavíkur á firmanafninu „Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf."

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari bókun á þeirri forsendu að hún fæli í sér nýja málsástæðu, sem væri of seint fram komin.

Lagarök.

Aðalstefnandi styður kröfu sína við 30. gr., sbr. 26. gr., laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, 4. tl. 14. gr. laga 47/1967, um vörumerki, 193. gr. laga nr. 85/1983, um meðferð einkamála í héraði.

Stefndu í aðalsök styðja kröfur sínar við 8. gr. og 10. gr. laga nr. 42/1903, um verslunarskrár, firmu- og prókúruumboð, 30. gr., sbr. 26. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og 8. gr. laga nr. 102/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Gagnsök.

Málsástæður.

Kröfur sínar í gagnsök byggir gagnstefnandi á fram komnum skjölum og málsatvikalýsingu. Kveður hann af þessu vera ljóst að gagnstefndi hafi ekki verið „bona fide", er hann hafi fengið firmanafnið „Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf." skráð hér á landi, og af vottorði hr. Ásbergs Sigurðssonar á dskj. nr. 14 komi beinlínis fram að gagnstefndi hafi með þessari skráningu ætlað sér að leggja undir sig eða þetta firma sitt allan þann mikla og verðmæta „goodwill" sem felist í vörumerkinu og firmanafninu „Kentucky Fried Chicken", en dómstólar geti ekki lagt blessun sína yfir slíkt, sbr. 26. gr. laga nr. 56/1978. Þá bendir hann á að vörumerki hans, „Kentucky Fried Chicken", sé skráð í 80 löndum og teljist því til hinna svokölluðu „heimsfrægu" vörumerkja og njóti því þetta merki aukinnar lagaverndar. Telur hann hiklaust mega gera ráð fyrir því að aðalstefnendur, sem sjálfir stundi veitingahúsarekstur, hafi þekkt þetta merki þegar þeir báðu um skráningu á firmanu Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf.

Kröfur sínar í gagnsök styður hann annars við 10. gr. laga nr. 42/1903, 30. gr., sbr. 26. gr., laga nr. 56/1978 og 8. gr. Parísarsamþykktarinnar, lög nr. 102/1961.

Sýknukröfu sína í gagnsök styður gagnstefndi eftirfarandi rökum: Tekur hann fram að eftir því sem best verði ráðið af kröfugerð gagnstefnanda sé hún á því reist að eigandi firmanafnsins „Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf." hafi við skráningu þess í firmaskrá Reykjavíkur veitt starfsmanni firmaskrárinnar rangar og villandi upplýsingar um rétt sinn til firmanafnsins, og hafi firmað af þeirri ástæðu fengist skráð. Hafi gagnstefnandi stór orð um þetta í greinargerð sinni í aðalsök og segi þar m.a. að gagnstefndi hafi „beitt ólögmætum brögðum" og ósannindum og að tilgreindur

borgarfógeti hafi þannig verið „beittur bæði brögðum og þrýstingi". Kveður hann þessi ummæli með öllu tilhæfulaus og ónauðsynleg. Kveður hann hið rétta vera að þegar umrædd skráning hafi farið fram hafi skráningarbeiðendur átt skráð í Lúxemborg firmanafnið „Kentucky Fried Chicken Luxembourg S.A.", og hafi þeir vitnað til þeirrar skráningar við umsókn sína hér á landi. Fullyrðing um, að skráningarbeiðendur hafi lýst yfir því eða gefið í skyn að þeir hefðu sérstakt samþykki eða heimild gagnstefnanda til skráningarinnar, sé hins vegar röng, enda hafi slíks samþykkis ekki verið þörf.

Á hinn bóginn sé vandséð hvaða réttarlega þýðingu staðhæfingar gagnstefnanda hafi, enda hafi gagnstefnandi hvorki verið beittur „ólögmætum brögðum" né „þrýstingi", svo að vitað sé, í tilefni af skráningu umrædds firmanafns, en meintur skoðanamunur við skráningu firmanafnsins hafi eingöngu verið vegna erlends yfirbragðs þess, en ekki vegna meints betri réttar gagnstefnanda.

Þá telur gagnstefndi að sýkna beri vegna tómlætis gagnstefnanda. Sameignarfélagið Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf. hafi verið tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur með tilkynningu, dags. 20.11. 1977. Engin andmæli hafi komið fram gegn skráningunni fyrr en nú með birtingu gagnstefnu á dskj. nr. 18, um það bil sjö árum og tveimur mánuðum eftir birtingu skráningarinnar. Sé þar um svo stórkostlegt tómlæti að ræða að jafnvel þótt um krafinn réttur hafi stofnast hljóti hann að vera löngu niður fallinn.

Þess séu fjölmörg dæmi að erlend orð og heiti séu skráð í hlutafélaga- og firmaskrá hér á landi sem nafn eða hluti af nafni félaga og fyrirtækja. Slík heiti njóti sömu réttarverndar og alíslensk nöfn að öðrum skilyrðum uppfylltum og þá fyrst og fremst skilyrði um aðgreiningareiginleika firmanafnsins. Hvort umrætt firmanafn sé íslenskt eða erlent og hvort það samrýmist íslensku málkerfi eða ekki, breyti engu um vernd eiganda þess gegn því að gagnstefnandi skrái hér á landi og noti hérlendis vörumerki, er villast má á og firmanafni gagnstefnda.

Gagnstefndi kveður framangreindar málsástæður styðjast við 7., 8. og 10. gr. laga nr. 42/1903 og 30. gr., sbr. 26. gr., laga nr. 56/1978, auk meginreglu íslenskra laga um réttindamissi sakir tómlætis.

Álit dómsins.

Samkvæmt dskj. nr. 22, skriflegri eiðfestri yfirlýsingu Michael J. McGraw, aðstoðarfulltrúa Heublein Inc., sem staðfest er af notarius publicus Kentucky-ríkis í Bandaríkjunum 15. des. 1981, hóf bandarískur maður, Harland Sanders ofursti, í byrjun 6. áratugarins notkun auðkennisins „Kentucky Fried Chicken" við rekstur smásöluverslana sem selja tilbúinn mat, þ.á m. steikta kjúklinga. Mun hann hafa gert þetta fyrirtæki að

lögpersónu árið 1955, er nefndist Kentucky Fried Chicken Inc. Árið 1964 hafi nokkrir einstaklingar keypt eignir félagsins og stofnað nýtt félag, Kentucky Fried Chicken Corporation, sem hafi yfirtekið öll réttindi og hagsmuni, þ. á m. viðskiptavild, er fylgdu firmanafninu og vöru- og þjónustumerkinu „Kentucky Fried Chicken". Þetta félag hafi verið stofnað samkvæmt lögum Kentucky-ríkis í Bandaríkjunum, en síðan verið yfirtekið af samnefndu félagi sem stofnað hafi verið samkvæmt lögum Delawareríkis, en það félag hafi Heublein Inc. eignast árið 1971. Nafni Kentucky Fried Chicken Corporation hafi verið breytt í KFC Corporation og sé nú starfrækt undir því nafni sem dótturfélag Heublein Inc. og sé algerlega í eigu þess. KFC Corporation sé eigandi eftirtalinna skrásettra vöru- og þjónustumerkja sem einkaleyfisskrifstofa Bandaríkjanna hafi gefið út:

Skrásetn-nr.	merki	útg. dags.
815.167 þjónustumerki	KENTUCKY FRIED CHICKEN	13. sept. 1966
838.895 vörumerki	KENTYCKY FRIED CHICKEN	14. nóv. 1967

Hafi Heublein Inc. í eigin nafni og í nafni dótturfélaga sinna skráð eða sótt um skrásetningu á vörumerkinu „Kentucky Fried Chicken", annaðhvort einu sér eða í sambandi við önnur orð, í meira en 80 löndum í sex heimsálfum. Rekinn sé á vegum fyrirtækisins í Bandaríkjunum og erlendis vaxandi fjöldi veitingahúsa og matsölustaða er sérhæfi sig í sölu nýlagaðra steiktra kjúklinga og annarrar matvöru með þjónustu- og vörumerkinu „Kentucky Fried Chicken".

Sérleyfishöfum séu látnir í té staðlar og fyrirmæli varðandi þjónustuna, er veita ber, og matvælin, sem seld verða, með þjónustu- og vörumerkinu „Kentucky Fried Chicken", en sérleyfishafarnir veiti eingöngu þá þjónustu og selji einvörðungu þau matvæli með þjónustu- og vörumerkinu „Kentucky Fried Chicken" sem eru þess eðlis og í þeim gæðaflokki er Heublein Inc. hefur samþykkt.

Árið 1965 hafi 883 slíkir staðir verið reknir í Bandaríkjunum, árið 1975 3989 og árið 1981 4448. Utan Bandaríkjanna hafi árið 1965 verið reknir 20 slíkir staðir í þremur löndum, 1975 749 í 41 landi og 1981 1317 í 49 löndum. Samanlögð sala á heimsmarkaði á varningi með firmanafni, þjónustu og vörumerki „Kentucky Fried Chicken" sé talin hafa verið um það bil og eigi minni en $ 150.000.000 árið 1965, $ 1.050.000.000 árið 1975 og áætluð ekki minni en 2.200.000.000 árið 1981, og sé fullyrt að slík sala haldi áfram að aukast.

Auglýsingar með firmanafni, þjónustu- og vörumerki „Kentucky Fried Chicken" hafi birst í öllum tegundum fjölmiðla, þ. á m. sjónvarpi, hljóðvarpi, tímaritum og fréttablöðum í Bandaríkjunum og yfir 50 öðrum löndum um víða veröld í sex af sjö heimsálfum. Útgjöld vegna slíkra auglýsinga

hafi árið 1965 verið talin nema eigi minna en $ 4.500.000, 1975 $ 30.000.000 og áætluð árið 1981 $ 60.000.000, og haldi þau útgjöld áfram að aukast.

Firma aðalstefnanda, Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf., var móttekið til skráningar hjá firmaskrá Reykjavíkur 24. október 1977 og auglýst í Lögbirtingablaðinu, 95. tbl., 1977. Krafa aðalstefnanda grundvallast á því að hann hafi einkarétt til ofangreinds firmanafns.

Fyrir dóminn kom Valgeir P. Sigurðsson, annar eigenda og forsvarsmaður aðalstefnanda. Kvaðst hann hafa séð um skráningu firmans hér á landi. Kvaðst hann hafa lagt fram hjá skráningarstjóra gögn um skráningu fyrirtækisins í Lúxemborg frá 1973. Hann kvaðst ekki hafa gefið í skyn að hann væri umboðsmaður Heublein Inc. Kvaðst hann ekki hafa haft neitt samband við Heublein Inc. í Bandaríkjunum. Hann kvað það ekki rétt að hann hefði beitt þrýstingi né að skráningarstjóri hefði breytt nafninu í Kentucky Fried Chicken á Íslandi, heldur hefði það einmitt verið það sem beðið var um: endurskráning á fyrirtæki sem skrásett var í Lúxemborg. Hann kvaðst kannast við, að óskað hefði verið eftir þýðingu á nafninu, en ekki hefði verið gott að verða við því. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa höfðað til viðskiptavildar félagsins við skráninguna.

Stangast þessi framburður efnislega nokkuð á við lýsingu þess embættismanns sem sá um skráningu firmans, dskj. 15, og rakin hefur verið, en þar segir m.a.: „...Þetta væri heimsþekkt vöru- og firmaheiti sem umsækjendur töldu sig hafa öðlast rétt til að nota hér á landi samkvæmt heimildum hins erlenda félags. Ég reyndi að fá þá til að þýða nafnið á íslensku. Því var algerlega hafnað, þar sem slíkt íslenskt nafn hefði enga viðskiptavild."

Birkir Baldvinsson, sameigandi Valgeirs að fyrirtæki aðalstefnanda, hefur ekki orðið við ítrekuðum áskorunum aðalstefnda um að mæta fyrir dóminum og gefa skýrslu. Af gögnum málsins má sjá að hann leitaði á árunum 1974 - 1976 eftir því að verða sérleyfishafi fyrir „Kentucky Fried Chicken"-rekstur í Lúxemborg og víðar, m.a. á Íslandi. Af þessum gögnum verður ráðið að skráning aðalstefnanda Birkis Baldvinssonar á fyrirtækinu Kentucky Fried Chicken Luxembourg SA sætti mótmælum af hálfu stefnda Heublein Inc. og að þau voru dregin til baka á árinu 1973 vegna væntanlegs sérleyfis honum til handa. Samningar tókust ekki og virðist endanlega hafa slitnað upp úr þeim viðræðum í október 1976.

Við mat á sönnun á þeim atriðum, er hér hafa verið rakin, og að svo miklu leyti, er það þykir snerta skráningu á firma aðalstefnanda hér á landi, þykir rétt að líta til þess að aðalstefnandi Birkir kom ekki fyrir dóminn. Af ofangreindri lýsingu M. J. McGraw, sem studd er öðrum málsskjölum, m.a. dskj. 53, en samkvæmt því var auðkennið hinn 29. maí sl. skráð í um 90 löndum, þykir ljóst að á árinu 1977 hafi auðkennið „Kentucky Fried Chicken" og sá atvinnurekstur, sem því tengist, verið þekkt víða um heim

og því þá þegar tengdir miklir og vaxandi hagsmunir. Einnig þykir sannað að Birki Baldvinssyni hafi verið vel kunnugt um þennan rekstur og þá hagsmuni er honum voru tengdir.

Bandaríki Norður-Ameríku eru samkvæmt fram lögðum gögnum aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Aðalstefndi Heublein Inc. naut hér því verndar samkvæmt 8. gr. laga nr. 102/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Þegar haft er í huga allt, sem hér að framan hefur verið rakið, og með vísan til 8. gr. laga 102/1961, sbr. 10. gr. laga 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, og 30. gr., sbr. 26. gr., laga 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, þykir aðalstefnandi ekki hafa öðlast einkarétt til auðkennisins „Kentucky Fried Chicken" við skráningu firma síns hér á landi árið 1977 og breytir engu þótt staðarheiti „á Íslandi" hafi verið bætt við. Skulu stefndu því vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í aðalsök.

Ekki verður fallist á að skráning gagnstefnda sé ólögmæt vegna erlends yfirbragðs firmaheitisins, enda var það mat viðkomandi skrásetjara þá að skilyrði laganna væri fullnægt með viðskeytinu (sic) „á Íslandi", sbr. 8. gr. l. 42/1903. Gagnstefnandi Heublein Inc. er erlendur aðili og þar sem gagnstefndi hefur ekki stundað neinn rekstur verður ekki fallist á það að Heublein Inc. hafi með tómlæti glatað rétti sínum gagnvart honum.

Með vísan til sömu raka og fram koma við reifun aðalsakar hér að framan og þar sem telja verður að um augljósa ruglingshættu sé að ræða á milli firma gagnstefnda og vörumerkis gagnstefnanda, eins og það er notað, þykir eftir atvikum rétt að fallast á kröfu hans um að gagnstefnda verði gert að afmá firmaheitið „Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf." úr firmaskrá Reykjavíkur.

Fullnægingarfrestur skyldunnar skal vera 15 dagar frá uppkvaðningu dóms að viðlögðum 5.000 króna dagsektum.

Eins og máli þessu er háttað og þegar litið er til niðurstöðu úrskurðar um frávísunarkröfu þykir rétt að hvor aðili beri sin kostnað af málinu öllu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Heublein Inc. og Helgi Vilhjálmsson, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í aðalsök.

Gagnstefndi, Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf., skal láta afmá firmanafnið „Kentucky Fried Chicken á Íslandi sf." úr firmaskrá Reykjavíkur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 5.000 króna dagsektum, sem renni til gagnstefnanda.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök skal falla niður.

Miðvikudaginn 19. apríl 1989.

Nr. 2/1989 **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Birni Líndal Gíslasyni
(Jón Oddsson hrl.).

Tékkar. Fjársvik. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 14. desember 1988 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar. Hins vegar var af hálfu ákæruvalds fallið frá skaðabótakröfu á hendur ákærða, sem dæmd var í héraði, þar sem ákærði hefur greitt hana að fullu.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi og hefur héraðsdómari réttilega sakfellt ákærða fyrir atferli það, sem honum er gefið að sök, og er það réttilega fært til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Þegar litið er til þess, að ákærði hefur eigi áður sætt refsingu og hann hefur að fullu greitt skaðabætur þær, sem hann var dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða dómi, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa aða telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem greinir í dómsorði. Málsvarnarlaun eru dæmd án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Líndal Gíslason, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja,

haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 7. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 656/1988: Ákæruvaldið gegn Birni Líndal Gíslasyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. f.m., á hendur ákærða, Birni Líndal Gíslasyni, Spítalastíg 1 í Reykjavík, fæddum 16. nóvember 1961 þar í borg.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkasvik með því að hafa í mars til maí 1988 gefið út til handhafa eftirtalda 29 tékka á reikning sinn nr. 115318, í Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, án þess að innstæða væri fyrir tékkunum á reikningnum og honum lokað 11. maí, og notað tékkana í staðgreiðsluviðskiptum með eftirgreindum hætti í Reykjavík nema annað sé nefnt:

1. Nr. 4-0401, kr. 3.000,00, dagsettur 31. mars. Notaður í Sælgætissölunni, Grundarstíg 12.
2. Nr. 5-0401, kr. 1.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum og er á tékkanum framsalið Jón Pálsson 5176-3238.
3. Nr. 7-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingahúsinu Ölveri, Álfheimum 74.
4. Nr. 8-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.
5. Nr. 9-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í viðskiptum við leigubílstjóra og er tékkinn framseldur af Jóni B. Ingimagnssyni.
6. Nr. 11-0401, kr. 1.500,00, dagsettur 8. apríl. Notaður í veitingahúsinu Þórskaffi, Brautarholti 20.
7. Nr. 12-0401, kr. 1.000,00, dagsettur 9. apríl. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.
8. Nr. 13-0401, kr. 1.000,00, dagsettur 10. apríl. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, framsal ólæsilegt.

9. Nr. 14-0401,kr. 4.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingahúsinu Sælkeranum, Austurstræti 22.

10. Nr. 15-0401, kr. 1.000,00, dagsettur sama dag. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsalið H. Stefánsson.

11. Nr. 16-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingahúsinu Ölveri, Álfheimum 74.

12. Nr. 17-0401,kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

13. Nr. 20-0401, kr. 3.000,00, dagsettur 17. apríl. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

14. Nr. 21-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

15. Nr. 22-0401, kr. 500,00, dagsettur 25. apríl. Notaður í Snorrabakarii, Hverfisgötu 61, Hafnarfirði.

16. Nr. 23-0401, kr. 2.000,00, dagsettur 1. maí. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsalið Jón Guðvarðsson.

17. Nr. 24.-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á Hótel Borg.

18. Nr. 26-0401, kr. 5.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í viðskiptum við leigubílstjóra og ber tékkinn framsal Jóns B. Ingimagnssonar og Borgarbílastöðvarinnar.

19. Nr. 27-0401, kr. 5.000,00, dagsettur sama dag. Notaður hjá Flugleiðum hf., greiddur flugfarseðill til Ísafjarðar.

20. Nr. 32-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í söluturninum Toppinum, Síðumúla 8.

21. Nr. 34-0401, kr. 1.000,00, dagsettur 6. maí. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsalið Hjörtur Hjartarson.

22. Nr. 36-0401, kr. 3.000,00, dagsettur 8. maí. Notaður á Bifreiðastöð Íslands, Umferðarmiðstöðinni, Vatnsmýrarvegi 10, til kaupa á veitingum.

23. Nr. 38-0401, kr. 6.000,00, dagsettur 15. maí. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsal Jóhanns Secci 4996-6474.

24. Nr. 39-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í sams konar viðskiptum við sama aðila og með sama framsali og næsti tékki hér á undan.

25. Nr. 41-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingastaðnum Ölveri, Álfheimum 74.

26. Nr. 42-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

27. Nr. 43-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

28. Nr. 45-0401, kr. 5.000,00, dagsettur 16. maí. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

29. Nr. 46-0401, kr. 1.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á Bifreiðastöð Íslands, til kaupa á tóbaki.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Hinn 28. mars sl. stofnaði ákærði, Björn Líndal Gíslason, alreikning nr. 115318 við Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12 í Reykjavík, með því að leggja inn á reikninginn 24.000,00 krónur. Jafnframt fékk ákærði afhent tvö tékkhefti, hvort með 25 eyðublöðum, til útskriftar tékka á reikninginn, og voru öll eyðublöðin með áprentaðri mynd af ákærða.

Stuttu eftir að ákærði opnaði reikninginn lenti hann í óreglu og gaf þá út og notaði þá 29 innstæðulausu tékka, að fjárhæð samtals 74.000,00 krónur, sem um ræðir í ákæru málsins. Voru þeir allir notaðir í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík nema einn í Hafnarfirði og jafnan gefinn einhver mismunur til baka í peningum á fjárhæð tékkanna hvers um sig og andvirði þeirra viðskipta sem áttu sér stað hverju sinni. Var ákærða alltaf nema í tvö skipti ljóst að hann var að gefa út innstæðulausa tékka. Taldi ákærði að fyrir tékkanum í 1. lið væri næg innstæða. Þá veit ákærði ekki, hvort honum var ljóst um innstæðuleysi tékkans í 2. lið ákærunnar.

Ákærði kveðst hafa fyllt út meginmál tékkanna ýmist sjálfur eða fengið aðra til þess að gera það, þar sem hann hafi verið ófær um það vegna ölvunar. Ákærði ritaði þó sjálfur undir alla tékkana nafn sitt. Ákærði telur, að aðrir hafi fyllt út fyrir hann tékkana í liðum 4 - 5, 12 - 14, 18 - 20, 23 -26 og 28 - 29.

Reikningi ákærða var lokað 11. maí sl. og eru tékkarnir í liðum 23 - 29 dagsettir eftir það. Ekki gerði ákærði sér grein fyrir því að hann væri að gefa þessa tékka út á lokaðan reikning.

Ákærði segir notkunarstöðum tékkanna rétt lýst í ákærunni að því marki sem henni er þar lýst, en ekki man ákærði um notkunarstaði tékkanna í liðum 2 og 8, sem þó hafi verið notaðir í staðgreiðsluviðskiptum eins og allir hinir tékkarnir. Oftast keypti ákærði áfengi fyrir þá tékkana, sem notaðir voru í veitingahúsum, og sælgæti, gosdrykki og tóbak fyrir tékkana, sem notaðir voru í sælgætis- og söluturnum.

Ákærði hefur ekkert greitt af tékkunum.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði hafi gefið út til handhafa og notað í staðgreiðsluviðskiptum þá 29 innstæðulausu tékka, að fjárhæð samtals

74.000,00 krónur, sem um alla gerð og notkun er rétt lýst í ákærunni. Er þetta brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingu svo að kunnugt sé.

Refsing.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður við ákvörðun refsingar tekið tillit til þess annars vegar að ákærði hefur ekki sýnt neinn lit á því að bæta fyrir brot sitt, og eins hins, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði, en fresta þykir mega fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti refsingarinnar falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabætur.

Mál þetta var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 18. ágúst sl., f.h. Iðnaðarbanka Íslands hf. af hálfu Árna Einarssonar héraðsdómslögmanns, en áður hafði ákærða verið ritað kröfubréf sem hann hafði ekki sinnt. Í kærubréfinu er gerð eftirgreind sundurliðuð bótakrafa, að fjárhæð 108.451,00 króna, á hendur ákærða:

Höfuðstóll tékkanna	kr.	74.000,00
Bankakostnaður	"	8.120,00
Dráttarvextir til 1. september 1988	"	11.026,00
Innheimtukostnaður, gjaldskrá LMFÍ	"	13.665,00
Söluskattur	"	1.640,00

Þá er gerð krafa um hæstu dráttarvexti samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. september 1988 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt höfuðstól bótakröfunnar auk dráttarvaxta, en vill ekki samþykkja aðra liði kröfunnar.

Þar sem dæmt er um kröfuna í opinberu máli verður ekki dæmdur neinn innheimtukostnaður lögmanns né söluskattur af honum. Þá verður eigi heldur dæmdur bankakostnaður, sem er innheimtukostnaður bankans. Ákærði verður því dæmdur til þess að greiða 74.000,00 krónur í bætur auk dráttarvaxta, sem rétt þykir að reikna frá sýningardegi hvers tékka í banka, en ekki verður miðað við ákveðna fjárhæð dráttarvaxta til 1. september sl. af tékkunum eins og í kröfunni greinir. Verður ákærði

því dæmdur til þess að greiða kröfuna eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Líndal Gíslason, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12 í Reykjavík, 74.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum af 10.000,00 krónum frá 5. apríl 1988, af 12.500,00 krónum frá 11. apríl 1988, af 5.000,00 krónum frá 18. apríl 1988, af 500 krónum frá 29. apríl 1988, af 12.000,00 krónum frá 2. maí 1988, af 5.000,00 krónum frá 3. maí 1988, af 3.000,00 krónum frá 4. maí 1988, af 4.000,00 krónum frá 9. maí 1988, af 1.000,00 krónum frá 14. maí 1988 og af 21.000,00 krónum frá 16. maí 1988, allt til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 19. apríl 1989.

Nr. 250/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Braga Ólafssyni
(Örn Clausen hrl.).

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Sigurður Líndal prófessor.

Máli þessu er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, með áfrýjunarstefnu 25. júlí 1988. Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að refsing ákærða verðir þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi, jafnframt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og kostnaður af málinu fyrir báðum dómum verði lagður á ríkissjóð, en til vara, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þrautavara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að refsing verði milduð. Verði refsivist dæmd, komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. janúar 1988 til frádráttar með fullri dagatölu. Loks gerir hann kröfu um hæfileg málsvarnarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti og réttargæslulaun sér til handa.

Að áliti Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er niðurstaða krufningar og réttarefnafræðilegrar rannsóknar sú, að banamein Grétu Birgisdóttur hafi verið köfnun. Samkvæmt lýsingu hans og ljósmyndum af líkinu voru tvö þverlæg brýstiför framanvert á hálsinum neðanverðum og eitt ofar með stefnu upp á við aftur fyrir vinstra eyra. Áverk-

ar eru mestir eftir miðbandið, og segir prófessorinn, að þrýstingur hafi verið mestur undan því, hafi það grópast að, brotið skjaldbrjóskið og lokað öndunarvegum.

Eftir uppsögu héraðsdóms lagði ríkissaksóknari mál þetta fyrir læknaráð og leitaði svara við eftirfarandi spurningum:

„I. Er læknaráð sammála niðurstöðum próf. Gunnlaugs Björns Geirssonar í réttarkrufningsskýrslu hans um banamein Grétu Birgisdóttur? Eru efni til frekari umsagnar um banamein konunnar?

II. Er læknaráð sammála niðurstöðum próf. Þorkels Jóhannessonar um þá hættu, sem af þar greindu magni etanóls í blóði og þvagi kann að stafa?

III. Fellst læknaráð á niðurstöður dr. med. Hannesar Péturssonar yfirlæknis í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða?"

Ályktun læknaráðs er frá 8. febrúar 1989 og er svohljóðandi:

„Ad. 1. Læknaráð er sammála niðurstöðu prófessors Gunnlaugs Björns Geirssonar um banamein Grétu. Læknaráð bendir jafnframt á, að áfengismagn í blóði var svo mikið, að konan hefði getað látist úr áfengiseitrun.

Ad.2. Já, sbr. ad. 1.

Ad.3. Af ályktun Hannesar Péturssonar má ráða að ákærði sé drykkjusjúkur með geðvilluskapgerð. Læknaráð er sammála niðurstöðu Hannesar Péturssonar um að ákærði sé sakhæfur."

Af ofanrituðu er sannað að banamein Grétu Birgisdóttur var köfnun.

Ákærði er einn til frásagnar um tildrög að andláti konunnar. Hann segir fyrir dómi að þau hjónin hafi verið orðin mjög ölvuð og þreytt af langvarandi drykkju þegar komið hafi til átaka milli þeirra, sem hafi lyktað með því að hann greip handfylli af böndum eða köðlum úr dyrahengi í svefnherbergisdyrum og vafði þeim fast um höfuð konunnar og háls. Meðan á þessu gekk, hafi konan barist um og reynt að klóra sig. Gunnlaugur Geirsson prófessor hefur sagt fyrir dómi, að skjaldbrjósk sé brjósk, sem myndi barkakýlið. Það sé mjög sveigjanlegt og geti þolað nokkurn áverka án þess að brotna. Breiðasta bandið, það í miðjunni, hafi valdið þessu broti og blæðingu í kringum það. Tvö neðri bandförin hafi verið þverlæg og bent til þrýstings beint að hálsinum. Af frásögn ákærða, lýsingu

prófessorsins, áverkunum á líkinu og ummerkjum á vettvangi þykir fullsannað, að ákærði hafi valdið þeim áverkum, sem leiddu til dauða konunnar. Gat honum ekki dulist að lífsháski stafaði af aðför hans. Ber því að fallast á heimfærslu héraðsdóms á broti ákærða til 211. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði ákærða og ályktun læknaráðs er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um sakhæfi ákærða. Ölvun hans og áhrif lyfja leysa hann ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og hér háttar til, verður þeim framburði ákærða ekki hafnað með öllu að hin látna hafi átt upptökin að átökum þeirra. Hins vegar er til þess að líta að ákærði bar engin merki átaka samkvæmt vottorði fangelsislæknis sem skoðaði hann daginn eftir atburðinn. Með vísun til allra atvika málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. janúar 1988 til þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, ákveðast 200.000,00 krónur. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Bragi Ólafsson, sæti fangelsi 10 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 12. janúar 1988 á að koma refsivist til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, ákveðast 200.000,00 krónur. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1988.

Ár 1988, mánudaginn 13. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 332/1988: Ákæruvaldið gegn Braga Ólafssyni, sem dómtekið var 7. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. apríl 1988, á hendur ákærða, Braga Ólafssyni, Klapparstíg 11 hér í borg, fæddum hér í borginni 17. nóvember 1936, „fyrir manndráp með því að hafa árla morguns sunnudaginn 10. janúar 1988 svipt eiginkonu sína, Grétu Birgisdóttur, fædda 23. apríl 1961, lífi á heimili þeirra í risíbúð að Klapparstíg 11 í Reykjavík, með því að misþyrma henni með spörkum í andlit og höfuð og vefja síðan köðlum svo um háls hennar, að skjaldbrjóskið brotnaði og hún lést af köfnun.

Telst ákærði með fyrrgreindum verknaði hafa gerst brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Kl. 19.35 sunnudaginn 10. janúar sl. hringdi ákærði í lögregluna í Reykjavík og bað um að lögregla kæmi á heimili sitt, Klapparstíg 11, þar sem kona sín lægi ísköld. Frásögn ákærða var mjög óskýr og ruglingsleg, en hann gaf í skyn að kona sín, Gréta Birgisdóttir, hefði hengt sig. Hefði hann vaknað fyrir um tveimur tímum eftir um 6 - 7 tíma svefn og hefði komið að konunni hangandi í kaðli eða böndum í svefnherbergisdyrum. Hefði hann losað hana og lagt á gólfið og breitt yfir hana sæng eða teppi.

Lögreglumennirnir Jónas Hannes Þorgeirsson, Þóra Jónasdóttir og Kristján Kristjánsson fóru heim til ákærða, sem lauk upp fyrir þeim. Vísaði ákærði þeim á lík Grétu Birgisdóttur, sem lá á bakinu undir verlausri sæng á gólfinu fyrir utan svefnherbergisdyr. Skýrði hann svo frá að þau Gréta heitin hefðu verið við drykkju undanfarna daga og fram á nóttina. Einhverjar deilur og átök hefðu orðið með þeim. Fyrir 1 - 2 tímum hefði hann vaknað eftir 6 - 7 tíma ölvunarsvefn og hefði konan þá hangið í kaðalspottum í svefnherbergisdyrunum. Hefði hann leyst hana úr köðlunum og lagt á gólfið. Hin látna hefði sífellt haft á orði, bæði um nóttina og endranær, að fyrirfara sér. Þá skýrði ákærði frá því að hann hefði hafið drykkju að nýju, eftir að hann vaknaði, og væri búinn að drekka eina flösku af áfengi. Ákærði var greinilega ölvaður og frásögn hans óskýr.

Rannsóknarlögregla ríkisins var kvödd til skömmu seinna. Eru skýrslur rannsóknarlögreglumanna af ástandi og frásögn ákærða á sömu lund og hér hefur verið rakið.

Af vettvangi var gerður uppdráttur og ljósmyndir voru teknar af líki Grétu og vettvangi, jafnt úti sem inni.

Húsið Klapparstígur 11 er tveggja hæða timburhús með risi, járnvarið.

Aðalinngangur snýr mót norðri. Íbúð ákærða og Grétu heitinnar er í risinu. Í rækilegri vettvangsskýrslu Kristjáns Friðþjófssonar, rannsóknarlögreglumanns, segir svo m.a.:

„Hurð inn í íbúð Braga snýr á móti norðri og opnast hún inn og til vinstri. Íbúðin er stofa, svefnherbergi, forstofa, skáli, bað og eldhús.

Stofa.

Vinstra megin, þegar komið er inn í íbúðina, er dyraop, og þar fyrir innan er lítill gangur, sem tengir saman stofu og svefnherbergi. Í þessum gangi lá lík Grétu Birgisdóttur og sneri höfuðið í suður. Líkið lá við vesturvegg á ganginum. Yfir líkinu var blá verlaus sæng, sjá myndir nr. 4, 5 og 6. Þegar sængin var tekin af líkinu voru sjáanlegir áverkar á andliti og hálsi (myndir nr. 7, 9, 10, 11, 12 og 13). Var líkið í nærbuxum og sokkum. Hendur voru þvert yfir brjóst og fætur saman. Undir höfðinu var útsaumaður púði, mynd nr. 14, og undir rassi var samanvöðlað gluggatjald.

Stofan er í suðuvesturhorni íbúðarinnar. Við norðurvegg er þriggja sæta sófi, með lausum, snjáðum, aflöngum sessum, mynd nr. 15, vestan megin við sófann er gamall stofustóll og á honum er laus þykk sessa. Sófaborð, með palisanderspón, er fyrir framan sófann, með langhliðina að sófanum. Á borðinu er fjarstýring fyrir sjónvarp, tannkrem, skrúfjárn með blóði á oddinum (mynd nr. 17 og 18), rifið tímarit frá Stöð 2 og kringlóttur lítill dúkur.

— — —

Í dyraopi svefnherbergisins eru 32 kaðalþræðir, sjá myndir nr. 25, 26, 27, 28, 29 og 30, sem hnýttir eru upp í yfirstykkið að ofanverðu og greinist hver í 3 þræði efst í dyraopinu. Blóðblettir fundust í fjórum þráðum frá 60 cm upp í 110 cm frá gólfi. Tveir þræðir eru hengdir upp á krók við dyraopið inni í svefnherberginu, og er blóð á öðrum þeirra. ...“

— — —

Þeir Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn og Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður skoðuðu dyrahengið og umbúnað þess. Er hengið traust að gerð og gaf sig ekki þótt þeir héngju í böndunum. Böndin eru úr þríþættum kaðli, sem er rakinn í sundur, og liggja upp í gegnum göt í yfirstykki og er hnútur riðinn fyrir ofan. Efst er heill kaðall. Ekki sáust merki þess, að neitt vantaði í böndin.

Lagt var hald á ýmsa lausamuni á vettvangi og þeir rannsakaðir. Á svölum fannst m.a. hvítur baðsloppur úr „frotté“-efni. Blóðblettir fundust á röngunni á hægri ermi sloppsins. Margvíslegar lyfjaumbúðir fundust í sorpi og í íbúðinni af lyfjum, sem ákærða og Grétu hafði verið ávísað á síðasta

ári, og einnig talsvert frá því eftir áramótin. Þá fannst hvít prjónapeysa á kommóðu í skála og voru blóðblettir í peysunni. Kaðalspotti úr hampi, 60 cm að lengd, fannst í sorppoka í eldhúsi. Virtist hann vera líkrar gerðar og böndin í dyrahenginu að áliti Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns. Hann hafi þó verið heill, en ekki rakinn í sundur eins og böndin í henginu.

Skrúfjárnið, sem áður er getið, er stjörnuskrúfjárn með rauðu handfangi og var blóðugt um 2 cm upp eftir járninu. Loks fundust brotin húsgögn við sorptunnur utan dyra, sams konar og eru í risíbúðinni.

Gunnlaugur Geirsson prófessor kom á vettvang síðar þetta kvöld og skoðaði lík Grétu Birgisdóttur þegar að lokinni annarri vettvangsrannsókn kl. 22.15. Var þá „líkið orðið kalt, líkblettir samfelldir á bakflötum og varð aðeins þokað við þéttan þrýsting. Líkstirðnun var nær algjör." Hiti í herberginu mældist 22.2 gráður, og sami hiti mældist í líkinu.

Í skýrslu prófessorsins segir annars þetta um líkskoðunina:

— — —

Prófessorinn krufði líkið næsta dag og segir svo í skýrslu hans um krufninguna:

„Krufningin.

Averkalýsing: Mest er um áverka á höfði og hálsi: Framan á hálsinum eru mörg bogadregin för eða rákir, sem hefjast hæ. megin u.þ.b. 3 cm aftan við línu frá hæ. eyra fram yfir barkakýli og aftur undir vi. eyra og upp á við. Mælast rákir þessar 32 cm að lengd hið lengsta. Rákarförin eru sem hér segir: Neðst á hálsinum er rák, er mælist 0,8 cm á breidd, þverstæð. Þar fyrir ofan er breiðari rák eða belti, sem mælist mjóst 0,8 cm en 3,6 cm þar sem rákin er breiðust, sem er framan á hæ. hálsvöðva (sternocleido-vöðvanum). Sér þar marka fyrir samsíða rákum í marinu. Efst er svo fremur mjó og nokkuð óregluleg rák, sem mælist 0,4 cm hið mjósta, en 0,8 cm hið breiðasta, og er það sú rákin, er liggur upp bak við vi. eyra. Húðin í rákunum er innþornuð eins og bókfell. Undir kjálkabarði eru áverkamerki með óreglulegum impressionum og afrifum í húðinni. Neðan við munn og út á kinnar neðan til eru fíngerðar afrifur og er húðin rauðblá og dílótt. Mikið mar er á nefi og upp á nefrótina. Hliðlægt við vi. auga er stungufar, u.þ.b. 0,6 cm í þvermál, og hefur blóð runnið frá því aftur á við í átt til eyrans. Glóðarauga er á báðum augum. Á enninu eru fjölmargar bogadregnar áverkalínur grunnar, er liggja þvert yfir ennið, u.þ.b. 1,2 cm ofan við augabrýnnar. Mælist bogadregin skurfa ofan við vi. auga 5 cm að lengd og 0,2 cm að breidd. Framhald af henni er yfir nefrótinni, 2 cm að lengd og 0,3 cm að breidd, og yfir hæ. auga eru tvær samsíða

skrámur af sömu tegund, sem mælast 7,8 cm, en styttri armur hennar 5 cm, og er breidd þeirra 0,4 cm. Ofar á enninu hæ. megin er bogadregin skráma af sömu tegund, 5,5 cm að lengd og 0,4 cm að breidd. Þegar hár hefur verið klippt af, sést, að sams konar bogadregnar línur í stefnu fram og aftur eru í hársverðinum sem byrja við hárlínu. Mælist sú, sem er miðlæg, 6 cm að lengd, en önnur lítið eitt til vinstri við miðlínu, er 3 cm að lengd. Breidd þessara ráka er frá 0,4 cm, en mar umhverfis allt að 1 cm að breidd. 8 cm ofan við vi. eyra er 0,6 cm hringlaga stungufar og liggur 2 cm skurfa frá því niður á við. Hæ. megin á gagnauga, 8 cm ofan við eyra, er 6 cm mar og er vefurinn þar í kring þybbinn átöku. Þegar höfuðleðri hefur verið flett frá sjást marflákar yfir þeim svæðum, sem áverkum er lýst á: Þannig er 3x4 cm blæðing undir höfuðleðri og yfir beinhimnu yfir hæ. eyra. Mar er framan til á hvirflinum svarandi til ráka þeirra, sem áður er lýst, og blæðingar eru hliðlægt vi. megin á höfði og í vi. augntótt eftir stungufar skammt frá auga. Bulbus oculi (augknötturinn) er heill. Annars staðar á líkama eru áverkar sem hér segir: Á framhandleggjum báðum megin eru nýlegir marblettir, sem mælast frá 1 cm í 4 cm í þvermál. Rispur eins og eftir klór eru á handarbökum. Ekki er að sjá áverkamerki á brjóstvegg né kviðvegg. Ekkert athugavert greinist á kynfærum utan það að smá bréfsnifsi sjást hangandi við skapahár. Á ganglimum er talsvert af marblettum, sumum hverjum nýlegum, en öðrum eldri, og mælast þeir frá 2 í 6 cm í mesta þvermál. Ekkert sérstakt athugavert greinist á baki konunnar. Saur er umhverfis endaþarm. Ör er á botnlangastað, mælist það 9 cm að lengd. Utanvert á hæ. læri ofanverðu er 20 cm langt ör eftir lengdarás ganglimsins. Rétt þar ofan við er svipað ör, 8 cm að lengd.

Augun eru brostin, sjáöldur jafnvíð, 0,2 cm í þvermál. Augnhvíta er lítið eitt þornuð, þar sem glufa hefur verið á augnlokum, en ekki er að sjá neina áberandi æðateikningu og engar blæðingar eru í augum. Ekki verður greint neitt sérstakt athugavert í eyrum, utan lítils háttar blóð hefur vætlað frá sári í augntótt yfir í vi. eyra. Blóðkleprar eru í hári aftanvert. Skrámur eru aftan á hálsi, en þar sjást ekki för eftir band. Nefið er með miklu mari, sem heita má að nái yfir það allt, frá nasavængjum, nefbrodd og upp að nefrótum. Lítils háttar blóðvætl er í nösum. Mar er á vörum, en ekki hefur sprungið fyrir. Hins vegar hefur sprungið fyrir innanvert á munninum (frenulum). Hæ. framtönn í neðri góm hefur rifnað út með tannrót og sjá má áverkamerki (marfláka), 1,5 x 1 cm, á tannholdinu neðan við sæti tannarinnar, sem fallið hefur úr. Tönnin finnst ekki.

Líkið er opnað með miðlínuskurði, sem fer í 3,5 cm af fitu á kviðvegg. Þegar vefir á hálsi eru skoðaðir, sést, að mar (blæðing) hefur orðið í djúpvefjum hæ. megin við miðlínu, svarandi til þess, er miðrákin á hálsinum

er breiðust. Mar þetta liggur yfir skjaldbrjóskinu, og þegar það er athugað, kemur í ljós að skjaldbrjóskið er brotið hæ. megin. Skjaldbrjóskið vi. megin er heilt og málbeinið sömuleiðis.

Ekki eru nein áverkamerki innan í líkinu og holrúm líkamans eru klædd sléttum, gljáandi þekjum. Engan vökva er að finna í holrúmunum.

Öndunarfæri: Hæ. lunga vegur 415 g og vi. lunga 480 g. Framfletir beggja lungna eru ljósgráleitir, en rauðbláir að aftanverðu. Í skorum milli lungnalappanna sjást fíngerðar dílablæðingar, u.þ.b. 0,2 cm í þvermál, dreift undir yfirborðsklæðningu lungnanna (pleura). Gegnskurður sýnir rauðbláan, fremur þurran vef, með bleikari litblæ framanvert. Í barka er gráleit, slímkennd froða með blóðlitum blæ efst, en gráleit, þegar neðar dregur, og í meginberkjum er ríkuleg, hvítleit, fíngerð froða. Vellur hún fram þegar stutt er á lungun. Berkjuslímhúðin sjálf er eðlileg. Ekkert athugavert greinist í lungnaslagæðum. Áður er lýst málbeini og skjaldbrjóski.

Höfuð og miðtaugakerfi: Áður er lýst áverkamerkjum á höfði, hvirfli og undir höfuðleðri. Kúpubeinin eru heil. Þegar kúpuhvelfingunni hefur verið lyft af sjást eðlilegar heilahimnur. Heili vegur 1230 g. Hann er eðlilegur að lögun og sjást engar blæðingar eða önnur merki um áverka. Stunga í vi. auga hefur náð 1,9 cm inn í mjúkvefi og valdið blæðingum hliðlægt við augað, en hefur ekki náð inn í augnbotn. Gegnskurður sýnir eðlilegan heilavef og heilavökvinn er tær.

Sýni úr blóði, þvagi, lifur og heila voru send til efnarannsókna.

Frumályktun.

Banamein konunnar var köfnun. Þrjú bönd höfðu herst að hálsi hennar framanverðum og að hliðum og var þrýstingur mestur undan miðbandinu, sem hefur grópast að, brotið skjaldbrjóskið og lokað öndunarvegum. Önnur áverkamerki voru þrenns konar:

1) Circuler stunguför 0,6 cm í þvermál ofan til á vi. gagnauga og hliðlægt við vi. auga.
2) Grunnar skurfur yfir þvert enni og á hvirfli.
   Áverkar, sem lýst er í 1 og 2, geta samrýmst því að hafa verið veittir með skrúfjárni því, sem áður er lýst og fannst á vettvangi.
3) „Sljóir" áverkar:
   a) mar hæ. megin á höfði,
   b) glóðaraugu b. megin,
   c) mar á nefi - blóðnasir,
   d) mar á vörum og tannholdi. Tönn í neðri góm brotin úr kjálkanum,
   e) mar á hálsi, aðallega ofan til undir kjálkabörðum, með lítils háttar hrufli á hörundi,

f) lítils háttar mar og hrufl aftan á hálsi,
g) marblettir á útlimum.

Framanskráðir áverkar teljast nýlegir. Nokkrir marblettir á útlimum og fingerðar rispur á handarbaki teljast nokkru eldri.

Vegna fram kominna upplýsinga voru teknar röntgenmyndir af höfði Grétu Birgisdóttur 19.1. '88. Sýndi mynd framtönn úr neðri góm í vinstra nefholi konunnar. Auk þess sást kinnbeinsbrot.

Smásjárskoðun.

Sneiðar úr innri líffærum sýna eðlilegan hjartavöðva. Lungun eru með þöndum loftrúmum. Í sneið úr barka sést fersk blæðing í mjúkvefina. Sneið úr lifur sýnir fitubreytingar í frymi lifrarfrumna. Sneið úr hörundi frá hálsi sýnir, að vefirnir hafa þrýst saman og þornað, en ekki sést blæðing. Sneið úr eggjastokk sýnir „corpus luteum". Heilavefur er eðlilegur.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegrar rannsóknar (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Háskóla Íslands), sem hér fylgir með í ljósriti, reyndist magn etanóls í blóði 4,4 ‰ og 4,3 ‰ í þvagi. Í blóði fannst diazepam 55 ng/ml og umbrotsefni þess, nordíazepam, 125 ng/ml. Auk þess fannst fenemal í blóði og reyndist magn þess 1 - 2 microg/ml.

Lokaályktun.

Samkvæmt niðurstöðum krufningarinnar, réttarefnafræðilegrar rannsóknar svo og upplýsingum lögreglu má ályktа að banamein konunnar hafi verið köfnun og að öllum líkindum hafi hún verið kyrkt. Tvö þverlæg þrýstiför voru framanvert á hálsinum neðanverðum, en eitt ofar með stefnu upp á við aftur fyrir vinstra eyra. Önnur áverkamerki voru einnig á líkinu, sem stöfuðu að hluta af „sljóum" áverkum, og einnig voru á líkinu sár, sem veitt hafa verið með oddhvössu áhaldi, er samrýmist því að hafa getað verið skrúfjárn. Áverkar þessir voru þó ekki slíkir að þeir hafi verið meðverkandi að dauða konunnar."

Prófessor Gunnlaugur hefur komið hér fyrir dóminn og staðfest skýrslur sínar. Hefur hann skýrt frá því að fyrir utan áverkana á og í hálsi líksins bentu tvö teikn til köfnunardauða: mikil froða í öndunarvegum og fingerðar dílablæðingar undir klæðningu lungnanna. Þessi einkenni væru önnur en þau, sem sést hefðu, ef konan hefði látist af áfengiseitrun með lömun öndunarfæra. Af bandförunum mætti ráða, að tvö neðri böndin, sem voru þverlæg, hafi þrýst beint að hálsinum, en efsta bandfarið benti til þess, að konan hefði hangið í böndum. Bandförin væru öll lík og virtust hafa komið á svipuðum tíma. Ekki væri með vissu hægt að segja hvort efsta bandfarið hefði komið skömmu eftir dauðann, en hefði getað komið jafn-

snemma hinum tveimur. Ekki hafi sést óyggjandi merki um lykkju eða hnút. Miðbandið og það breiðasta hafi valdið broti á skjaldbrjóskinu og blæðingu í kringum það. Skjaldbrjósk hafi mikinn sveigjanleika og geti þolað nokkurn áverka án þess að brotna.

Sárin við auga konunnar kvað prófessorinn hafa verið veitt með hvössu eggvopni, annaðhvort meðan konan var á lífi eða í síðasta lagi nokkrum mínútum eftir lát hennar. Gætu þau hvorki verið eftir táneglur né logandi vindlingaglóð (sbr. hér á eftir).

Þá hafa verið lögð fram gögn í málinu, sem sýna, að kinnbeinsbrotið var ferskt. Að áliti prófessors Gunnlaugs átti það brot ekki þátt í dauða konunnar.

Á Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði fór fram rannsókn á sýnum úr líki Grétu Birgisdóttur. Í vottorði Þorkels Jóhannessonar prófessors segir svo um niðurstöðurnar:

„Magn etanóls í blóði var 4,4 ‰ og 4,3 ‰ í þvagi. Í blóðinu var diazepam 55 ng/ml og umbrotsefni þess, nordíazepam, 125 ng/ml. Við lyfjaleit í lifur a.m. Kæmpe fannst fenemal og vottur af koffeíni, díazepami og nordíazepami. Magn fenemals í blóði reyndist vera á bilinu 1 - 2 míkróg/ml. Hvorki tríklóretanól né dígoxín voru í mælanlegu magni í blóðinu.

Magn díazepams (og nordíazepams) og fenemals í blóði var minna en svarar til lækningalegra skammta. Magn etanóls í blóði og þvagi var hins vegar svo mikið að konan hefði getað látist af áfengisneyslu."

Prófessor Þorkell kom hér fyrir dóminn og var spurður hvort einhver breyting á etanólmagni yrði við andlát og hvort konan hefði verið með þetta magn etanóls þegar hún lést. Skýrði prófessorinn frá því að etanólmagn geti breyst eftir dauðann. Ef lík er rotið að marki megi búast við því að magn etanóls minnki eftir dauðann. Í vissum öðrum tilvikum geti þó svo farið að magn etanóls í líksýnum verði meira en það hafi verið í lifanda lífi. Þannig geti komið fyrir að á vissu stigi rotnunar verði magn etanóls tímabundið meira en í lifanda lífi. Varðandi lík Grétu Birgisdóttur væri þess að geta, að konan væri talin hafa dáið 10. janúar og krufning hafi verið gerð 11. janúar, þ.e.a.s um það bil sólarhring síðar. Honum væri ekki kunnugt um að nokkrar upplýsingar lægju fyrir um að líkið hafi verið rotið umfram venju eða nokkur sérstök atvik önnur hafi gilt um líkið. Þess vegna teldi hann, að það magn etanóls, sem mældist í blóði og þvagi úr líkinu, hafi nánast einnig verið í blóði og þvagi konunnar í lifanda lífi.

Þá var vitnið innt eftir því hvert hefði verið ölvunarástand konunnar, þegar hún lést, og hvaða líkur væru á því, að konan myndi hafa látist af áfengisneyslu einni saman.

Vitnið kvað menn geta vel lifað með 4 ‰ etanóls í blóði, enda þótt það

etanólmagn sé oftast banvænt. Allar líkur væru á því, að hafi konan ekki látist af etanóleitrun, að hafi hún verið mjög ölvuð, en ekki sé hægt að segja til um hvort hún hafi verið rænulaus. Slíkt fari mjög eftir þoli sem menn hafi gagnvart áfengi og sé mismunandi.

Ákærða var tekið blóð og þvag til rannsóknar laust eftir kl. 22.00 þetta kvöld. Vínandi í blóði mældist 1,58 ‰, en í þvagi 1,81 ‰. Í blóði fundust díazepam og fenemal í magni sem svarar til töku lyfjanna í litlum lækningalegum skömmtum. Samkvæmt vottorði prófessors Þorkels Jóhannessonar verka bæði lyfin þó saman með etanóli.

Fatnaður, sem ákærði var í, var tekinn til rannsóknar. Um rannsóknina segir Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumaður í skýrslu sinni:

„Bolur.

Hvítur ermalaus bolur úr baðmullarblöndu. Vörumerki KAKTUS, stærð M. Með einni tölu í hálsmáli, rifið út úr hnappagati. Áprentað á ská niður yfir bol að framan KAKTUS SPORT. Smá-blóðstorkur má sjá neðst á bolnum að framan hægra megin við miðju. Sú neðri er 3 cm ofan við fald og 15 cm til hægri frá miðju. Sú efri er 12 cm ofan við fald og 8,5 cm til hægri við miðju.

Gallabuxur.

Bláar gallabuxur úr 100% baðmull. Gerð LEE, framleiðsluland ÍRLAND. Buxurnar eru með tveimur vösum að framan og tveimur rassvösum.

Þegar þær eru skoðaðar nánar sjást á þeim blóðblettir. Að framan, á vinstri skálm, 48 cm fyrir neðan streng, 14 cm frá innanverðum saum á skálm, er blóðblettur (flekkur), sem mælist 3,5 x 2 cm að stærð, og 3 cm blóðtaumur upp frá honum.

Á hægri skálm er blóðblettur, 38 cm fyrir neðan streng, 1 x 1,5 cm að stærð og 18 cm frá innanverðum saumi skálmar. Nokkru neðar á skálminni, eða 49 cm fyrir neðan streng og 14,5 cm frá innanverðum saumi skálmar, er blóðtaumur 4 cm á lengd.

Aftan á buxunum er blóðtaumur, 3,5 cm á lengd og um 0,5 cm í þvermál, á utanverðum hægri rassvasa. Er hann 20 cm fyrir neðan streng og 8 cm frá utanverðum hliðarsaumi skálmar. Smá-blóðblettur, 0,5 cm í þvermál, er á sama vasa, 23 cm fyrir neðan streng og 14 cm frá utanverðum hliðarsaumi skálmar.

Allar framantaldar athuganir voru gerðar með „LEUCOMALACHITE", viðurkenndri aðferð til blóðprufunar."

Ákærði hefur greint frá því að hann hafi kynnst Grétu heitinni Birgisdóttur þegar hún var 17 ára gömul. Þau hafi byrjað sambúð haustið 1984

og gengið í hjónaband rétt fyrir jólin það ár. Þau hafi fyrst búið í leiguíbúð í Krummahólum 8, en verið sagt upp húsnæðinu vegna óreglu. Næstu 6 - 7 mánuðina hafi þau gist í Brautarholti 22 á vegum borgarinnar eða þar til þau fengu íbúð á Vatnsstíg 11, einnig á vegum borgarinnar. Þar voru þau í tæpt ár, lentu í óreglu og voru síðan á hrakhólum þar til þau fluttust inn í risíbúðina á Klappastíg 11 1. apríl í fyrra. Höfðu þau þá hvorki smakkað áfengi né pillur í næstum ár. Skömmu eftir að þau fluttust inn, byrjuðu þau að drekka og neyttu einnig lyfja með áfenginu. Hafi Gréta heitin notað róandi lyf, en ákærði nærri eingöngu amfetamín. Stóð óreglan samfleytt þennan mánuð. Næsta óreglutímabil, 6 dagar, hafi byrjað seinni hluta ágústmánaðar, það þriðja á Þorláksmessu og stóð fram yfir áramót og loks hófst síðasti túrinn 6. janúar, eftir tveggja daga hlé. Að sögn ákærða var oft æði-stormasamt hjá þeim, meðan þau voru í óreglunni, og hendur látnar skipta. Kveðst ákærði oftar hafa farið halloka í þeim átökum, enda hafi Gréta verið stór og sterk og oft beitt einhverjum áhöldum gegn sér. Aftur á móti segir ákærði að samband þeirra hafi verið gott þegar þau voru allsgáð. Þau hafi átt vel saman og hjálpast að við að halda sig frá óreglunni.

Framburður ákærða af atburðum á heimili þeirra Grétu var í byrjun á þá lund að hann hefði fundið konu sína hangandi í böndunum í svefnherbergisdyrunum þegar hann vaknaði af svefni eftir undanfarandi drykkju þeirra hjónanna. Í þinghaldi 12. janúar sagði ákærði Grétu hafa skvett á sig vatni og talað um að kasta sér fram af svölunum og fremja sjálfsmorð.

Hinn 21. janúar skýrði hann aftur á móti frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að átök hefðu orðið með þeim um nóttina. Hefði Gréta heitin ætlað að ráðast á sig, en hann hefði þá slegið hnénu upp í andlit hennar, og þegar hún hefði risið aftur á fætur og ætlað að ráðast að sér á ný hefði hann gripið hana og vafið böndunum úr dyrahenginu um háls hennar og höfuð og snúið henni þannig að þau hertust að höfði hennar og hálsi. Hann hefði svo sofnað, enda verið búinn að taka inn þrjár svefntöflur. Í skýrslu tveim dögum síðar sagðist hann hafa tekið fast með hægri hendi um höku eða háls Grétu og vafið með hinni hendinni böndunum um höfuð hennar og háls, en svo sofnað sjálfur. Hefur þessi frásögn ákærða staðið í meginatriðum óbreytt.

Í lögregluskýrslu 25. sama mánaðar kvað hann Grétu hafa gert sig líklega til þess að klóra sig og hefði hann sett hnéð í andlit hennar, sennilega í höku og nef hennar, svo að hún datt aftur á bak og rakst í náttborð sem er við hliðina á fleti þeirra. Hún hefði staðið upp aftur og ráðist að sér, en hann þá tekið með hægri hendi um höku hennar eða háls, tekið handfylli af böndum úr dyrahenginu og vafið fast um höfuð Grétu og háls þangað til böndin voru búin. Taldi ákærði að hún hefði „verið með einhvern hama-

gang" meðan á þessu stóð. Hann hafi svo hlotið að hafa dottið út af, enda hafi hann verið farinn að finna til áhrifa af þremur töflum af lyfinu „mebumal natrium", sem hann hafði tekið inn nokkru áður.

Í skýrslu 27. janúar kvað ákærði Grétu hafa komið „stökkvandi" á sig og kveðst ákærði hafa haldið að hún ætlaði að grípa í pung hans, eins og hún hefði gert áður. Þá hafi hann sparkað í hana og hafi rist og tær hægri fótar lent í höfði hennar. Hafi hún þá fallið út á hlið á mitt flet þeirra. Hafi hún síðan ætlað að rísa á fætur aftur og hann talið að hún ætlaði að grípa í pung hans, og hafi hann þá sparkað aftur í höfuð hennar með hægri fæti og hún fallið aftur á bak á náttborðið. Þá hafi hún staðið upp aftur og komið æðandi að honum, en hann þá gripið með hægri hendi um höku hennar eða háls og haldið fast. Hann hafi staðið við dyrahengið og haldið sér í það, enda hafi svefnlyfið verið farið að verka á hann. Hann hafi svo vafið böndunum fast um höfuð og háls Grétu, en svo „dottið út af".

Þegar ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 3. febrúar sl. kvaðst hann vilja viðurkenna að vera valdur að láti eiginkonu sinnar, Grétu Birgisdóttur, eins og hann hefði nánar lýst í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu. Sagði ákærði að til átaka hefði komið með þeim hjónunum og hefði hann veitt henni áverka á höfuð með spörkum, en að svo búnu tekið hana hálstaki og vafið síðan böndunum fast um höfuð hennar og háls og skilið hana þar eftir. Hann kveðst þó ekki hafa hert böndin að höfði og hálsi hennar, heldur hafi hann sagt við hana, um leið og hann hafði lokið þessu verki sínu, hvort hún vildi ekki hengja sig.

Ákærði hefur að öðru leyti skýrt svo frá að þau hjónin hafi hafið drykkju miðvikudaginn 6. janúar sl., eftir að hafa safnað birgðum af áfengi, 6 - 7 flöskum af brennivíni og vodka. Segir ákærði að þau hafi drukkið sleitulaust fram á sunnudagsnóttina og keypt áfengi á svörtu þegar birgðir þraut. Kveður ákærði þau ekkert hafa sofið allan þennan tíma.

Á föstudagskvöld hafi ákærði farið út í „sjoppu" og hitt þar stúlku sem hann bauð heim með sér. Hafi Gréta virst afbrýðisöm út í stúlkuna og hafi komið til nokkurrar orðasennu milli þeirra, eftir að stúlkan var farin.

Ákærði kveður Grétu hafa verið klædda í gallabuxur og bol framan af, en síðar hafi hún farið úr þessu og líklega farið í hvítan baðslopp.

Um miðnætti aðfaranótt sunnudags hafi þeim hjónum aftur orðið sundurorða út af stúlkunni. Kveður ákærði þau hjónin hafa drukkið linnulaust þessa nótt og hafi þau verið orðin mjög ölvuð. Gréta hafi verið orðin eins og stjörf, en þó getað staðið undir sér. Kveður ákærði hafa verið líkt á komið um sig. Hafi þau bæði verið orðin yfir sig þreytt. Um kvöldið eða nóttina hafi einhver óhemjugangur virst renna á Grétu. Hún hafi ausið yfir sig vatni og einu sinni reynt að fara út á svalir og hótað að farga sér,

en ákærði telur að sér hafi tekist að afstýra því, að hún færi út. Hafi hún alltaf verið að detta. Síðan hafi virst draga af Grétu og hafi þau þá sest inn í stofu, þar sem hún hélt áfram stífri drykkju, en ákærði drakk minna. Ákærði kveðst hafa lagt sæng í sófann hjá Grétu, ef hún vildi fara að sofa, og farið sjálfur inn í svefnherbergi, tekið 3 svefntöflur og tekið til við að hátta sig. Gréta, sem hafi nú verið í nærbuxunum einum fata, hafi þá komið inn í svefnherbergið og farið að rífast út af stúlkunni sem áður er nefnd. Hafi hún reynt að sparka í kynfæri ákærða og kveðst hann þá hafa sparkað í höfuð henni. Telur ákærði að tærnar og ristin hafi komið á höfuðið og hafi Gréta þá dottið á rúmflet þeirra. Hún hafi fljótlega reynt að standa upp aftur og gert sig líklega til að klípa í pung ákærða eins og hún hefði oft áður gert, og hafi ákærði þá sparkað aftur. Það spark hafi eins og lent utan á höfði Grétu. Hún hafi fallið aftur fyrir sig og út á hlið og utan í eða á náttborðið. Gréta hafi staðið upp aftur fljótlega og komið í áttina til ákærða, hálfbogin. Ákærði kveðst þá hafa gripið með vinstri hendi, en ekki hægri eins og segir í lögregluskýrslu, um höku eða háls Grétu. Ákærði, sem kveðst hafa verið farinn að finna fyrir áhrifum svefnlyfjanna, segist hafa gripið handfylli af böndum eða köðlum úr dýrahenginu og vafið þeim fast um höfuð hennar og háls. Meðan á þessu gekk, sem var mjög stutt stund, segir ákærði að Gréta hafi barist um og reynt að klóra sig. Ákærði kveðst hafa öskrað á Grétu: „Af hverju hengir þú þig ekki, þú herðir bara að." Ákærði kveðst muna það síðast að Gréta stóð í dyragættinni, vafin í böndin. Hafi hún staðið en ekki hangið í böndunum. Kveðst ákærði ekki muna hvort böndin voru slök eða strekkt fyrir ofan höfuð hennar, en hann segist hvorki hafa gert bragð né lykkju á böndin né heldur fest endana með neinum hætti, enda hafi hann notað upp öll böndin þegar hann vafði þeim. Ákærði kveðst svo hafa liðið út af og sofnað. Ákærði kveðst ekki geta gert sér grein fyrir hvað klukkan var þá. Hann segist ekki vera viss um hvað hann svaf lengi, það hefðu getað verið 5 - 6 tímar, en hann kynni líka að hafa sofið lengur, e.t.v. 2 - 3 tíma, eins og hann eigi til þegar hann hafi tekið svefnlyf.

Frásögn ákærða af því, hvernig komið hafi verið fyrir Grétu, þegar hann vaknaði, hefur verið á reiki. Framan af hélt hann því fram, að hún hefði hangið í böndunum þegar hann vaknaði, eins og fyrr segir, og hafi hann leyst hana úr þeim og lagt hana til. Síðar, 21. janúar, sagði ákærði að hún hefði legið „svona fram í kaðlana", og tveim dögum síðar, að hún hefði ekki verið með böndin um höfuðið en þau legið niður að því. Önnur hönd hennar hafi hins vegar verið í einhverri lykkju í þeim. Þá sagði ákærði 25. janúar að sig rámaði í, að einhver flækja af böndum hefði verið um höfuð Grétu, sem lá á gólfinu, og hann leyst þau í sundur. Þegar gengið var á ákærða um þetta hér í dóminum sagðist hann ekki treysta sér til þess

að muna hvernig þetta var, en sagði þó, að sig hálfrámaði í, að hún hefði jafnvel hangið í einum kaðli og að hann hefði skorið hana niður úr honum.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að sér hafi í fyrstu ekki verið ljóst að Gréta væri látin. Taldi hann að hún svæfi, lagði hana á bakið fyrir utan svefnherbergisdyrnar og hálfa inn í stofu og breiddi sæng yfir hana. Hann kveðst hafa farið fram í eldhús og hafið drykkju, en sest svo inn í stofu og horft í stutta stund á sjónvarp. Kveðst hann hafa reynt að vekja Grétu og látið logandi vindling að vanga hennar. Hann hafi ætlað að koma áfengi ofan í hana til að hressa hana við, en hún hafi verið með munninn saman bitinn. Hafi hann þá sótt skrúfjárn fram í eldhús og reynt að opna munn Grétu með því. Þá hafi tönn í munni hennar brotnað og hafi hann lagt tönnina á efri vör hennar. Þegar hann hellti áfenginu hafi flotið upp á vörina og tönnin skolast upp í aðra nösina og hafi hann ekki náð tönninni. Ákærði kveðst þá hafa fundið, að líkami Grétu var kaldur viðkomu, og orðið þess áskynja, að hún var látin. Hafi hann þá hringt í fyrrverandi konu sína og rétt á eftir í lögregluna. Hafi þá um ein og hálf klukkustund verið liðin frá því að hann vaknaði.

Ákærði hefur sagt að það hafi ekki verið ásetningur sinn að svipta Grétu Birgisdóttur lífi, heldur hafi það verið óviljaverk.

Ákærði hefur ekki getað skýrt sárin á gagnauga Grétu. Hann hefur þó stungið upp á því að þau gætu verið eftir táneglur hans, þegar hann sparkaði í höfuð Grétu, eða vindlingsglóðina, sem hann reyndi að vekja hana með.

Íbúar á Klapparstíg 11 hafa verið yfirheyrðir og urðu þeir ekki varir við neitt óvenjulegt í risíbúðinni um kvöldið eða nóttina, að öðru leyti en því að Geirfinnur Trausti Þórðarson, sem býr á 2. hæð hússins, varð var við umgang í risinu fram undir klukkan 4 um nóttina. Var eins og gengið væri um gólf uppi og einnig upp og niður stigann á milli hæðanna. Hafi þetta haldið vöku fyrir sér. Ekki heyrði hann neinar raddir, aðeins þennan umgang. Er Geirfinnur heyrnardaufur.

Geirfinnur Trausti hefur annars skýrt frá því að nokkrum sinnum hafi verið ónæði af íbúunum í risinu og hafi þurft að kalla til lögreglu af þeim sökum.

Inga Fjóla Baldursdóttir býr á 1. hæð hússins. Kvaðst hún aldrei hafa orðið vör við, að ákærði beitti Grétu heitna ofbeldi. Hún hefði ekki orðið vör við, að gestkvæmt væri hjá þeim, og ekki orðið þeirra vör nema þegar þau væru að koma inn eða fara út.

Elías Guðbjartsson, sem býr á 2. hæð, kvaðst ekki hafa orðið var við að ákærði legði hendur á konu sína.

Klara Georgsdóttir, sem býr á 1. hæð, kveðst mjög lítið hafa orðið vör við ákærða og Grétu og ekki getað kvartað undan sambýlinu við þau.

Fram er komið í málinu að rétt fyrir jól, líklega á Þorláksmessunótt, komu í heimsókn til ákærða og Grétu heitinnar hjónin Guðmundur Ingi Björgvinsson og Margrét Lilja Rut Andrésdóttir. Til einhverra átaka kom og bera þau hjón að ákærði hafi veist að Margréti og Grétu heitinni með þeim afleiðingum að Gréta hrataði á rúðu sem brotnaði. Ákærði kveður framburð hjónanna alrangan og segir Margréti hafa hrundið Grétu á rúðuna. Nýtur framburður ákærða stuðnings af vætti fyrrnefndrar Ingu Fjólu Baldursdóttur sem kveðst hafa hitt Grétu á aðfangadag, og hefði hún sagt vitninu, að kona, sem var í heimsókn hjá þeim á Þorláksmessunótt, hafi hrint sér á gluggarúðu sem hafi brotnað. Hafi Gréta verið með skurð á vanga.

Faðir Grétu, Birgir Jónsson, hefur skýrt frá því, að hún hefði haldið sambandi við sig og heimili sitt eftir að þau ákærði giftu sig, bæði með því að koma reglulega í heimsókn og eins með því að hringja, sem var oftar. Vitninu skildist á Grétu að sambúðin væri brösótt með köflum, en þess á milli hafi virst ganga betur hjá þeim hjónunum. Segir vitnið að Gréta hafi oft kvartað um það við sig, að ákærði berði sig. Vitnið kveðst oft hafa séð marbletti og litla brunabletti á henni. Segist vitnið muna eftir því að í fyrra sumar hafi Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir hringt í sig af lögreglustöðinni í Reykjavík og sagst hafa lagt Grétu heitna inn á sjúkrahús í Reykjavík vegna barsmíða og brunasára af völdum ákærða. Vitnið segist síðast hafa séð dóttur sína 19. desember sl., og hafi hún þá verið glöð og reif eins og hún var oftast, enda hafi hún verið glaðsinna. Hún hafi þó verið bólgin í andliti og augun hálfsokkin. Þau hafi ekkert rætt af hverju það stafaði.

Milli jóla og nýárs, segir vitnið, að Gréta hafi hringt heim til þeirra hjónanna. Kveðst vitnið hafa verið heima þá en Gréta hefði talað við stjúpmóður sína. Hefði Guðmunda, kona sín, sagt sér, að Gréta hefði talað um, að ákærði hefði barið sig illa. Kona sín hefði spurt sig á meðan á símtalinu stóð, hvað til ráða væri, og þeim komið saman um að Gréta skyldi leita til lögreglunnar, og hafi Grétu verið ráðlagt það. Hafi Gréta virst ætla að taka því ráði.

Bróðir Grétu, Ármann Birgisson, hefur skýrt frá því að kynni sín af heimili þeirra Grétu og ákærða hafi hafist, eftir að þau fluttust á Klapparstíginn. Segist vitnið halda að hann hafi komið í fjögur skipti í heimsókn þangað og hitt misvel á. Í þrjú skipti hafi verið greinileg óregla á þeim og umgengni verið slæm, en í eitt skipti, í júní í fyrra, hafi allt virst vera í röð og reglu. Vitnið segist síðast hafa komið á Þorláksmessu með jólagjafir. Þá hafi þau bæði verið ölvuð og allt í rusli. Vitnið segir að þegar hann hafi hitt Grétu hafi hún stundum verið með áverka á andliti og handleggjum. Vitnið kveður þau systkinin oft hafa talað saman í síma. Framan

af hafi hún látið vel af sér og ekki kvartað undan ákærða, en á milli jóla og nýárs hafi hún hringt nokkrum sinnum í vitnið og sagt að ákærði berði sig. Skildist vitninu, að hún sætti lagi að hringja, á meðan ákærði svæfi, og að hún óttaðist barsmíðar þegar hann vaknaði. Vitnið segist ekki hafa gert neitt með þetta og talið þetta ölvunarþvælu. Vitnið segir að hún hafi stundum áður hringt í sig ölvuð og beðið sig að hjálpa sér um peninga. Vitnið segist hafa hringt á gamlársdag í ákærða og skammað hann fyrir að berja Grétu heitna. Hefði ákærði þrætt fyrir það. Segist vitnið aldrei hafa séð áverka á ákærða þegar hann kom heimsókn á Klapparstíg.

Stjúpmóðir Grétu, Guðmunda Hjálmarsdóttir, kveðst fyrst hafa frétt um það í ágúst 1987 að ákærði berði Grétu. Haft var samband við föður Grétu heitinnar frá borgarlæknisembættinu og sagt að Gréta væri illa útleikin eftir ákærða. Það hafi svo verið laugardaginn fyrir síðustu jól að Gréta heimsótti vitnið og sá vitnið þá brunabletti víða um andlitið á henni og á handleggjum. Sagði Gréta vitninu að hún væri auk þess brennd annars staðar á líkamanum. Væru brunablettir þessir eftir ákærða. Vitnið segir að þau Gréta og ákærði hafi verið óreglufólk. Hafi þau legið í drykkjuskap annað slagið frá því að þau tóku saman. Þess á milli hafi allt virst vera í lagi hjá þeim og Gréta litið vel út. Vitnið kveður Grétu heitna hafa hringt til sín milli jóla og nýárs sl. og sagst vera í pillum og að ákærði „gengi á bakinu á sér og sparkaði í andlit sér svo að önnur kinnin væri stokkbólgin". Vitninu skildist á henni, að ákærði svæfi, á meðan hún talaði, og að hún væri hrædd um að hann vaknaði. Kveðst vitnið hafa ráðlagt Grétu að hringja í lögregluna og leita læknis. Hafi hún fallist á það.

Í fyrra sumar hafi Gréta heitin sagt sér frá því, að hún hefði skvett spritti framan í ákærða. Hefði spritt farið í auga hans og Gréta beðið um peninga til að borga fyrir læknishjálp handa Braga á slysavarðstofunni. Þá segist vitnið muna eftir því að einhvern tíma hafi Gréta heitin meitt Braga á hendi með kjötskurðarhníf, þegar átök höfðu orðið með þeim hjónunum.

Samkvæmt vottorði slysadeildar Borgarspítalans leitaði Gréta þangað ölvuð í maí 1986 og kvaðst hafa orðið fyrir árás manns síns. Var hún þá m.a. marin, fleiðruð og bólgin í andliti. Þá segir þar einnig, að Gréta hafi komið þar 9. ágúst í fyrra vegna áfengis- og lyfjamisnotkunar og óeirða á heimili. Reyndist hún þá marin á víð og dreif og með smá brunasár á kviði.

Ákærði gekkst undir sálfræðipróf hjá Heiðdísi Sigurðardóttur. Reyndist greind hans vera í meðallagi. Um persónuleika ákærða segir sálfræðingurinn í skýrslu sinni: .

„Niðurstöður úr EPQ-persónuleikaprófi.

Bragi kemur hátt út á „extrovert" kvarða prófsins. Hinn dæmigerði

extrovert er félagslyndur, kýs fjölbreytni og líf í kringum sig. Hann er hrifinn af hvers konar breytingum, tekur áhættu, oftar en ekki áhyggjulaus og tekur lífinu létt. Extrovertinn er fljótur til framkvæmda og er almennt hvatvís (impulsiv): Tilfinningar eru oft undir slæmri stjórn, og stundum gætir tilhneigingar til árásargirni.

Aðrir kvarðar prófsins sýna niðurstöður innan þeirra marka er dæmigerðar eru fyrir þorra almennings.

Niðurstöður úr MMPI-persónuleikaprófi.

Gildiskvarðar áreiðanleika prófsins (LFR) voru innan eðlilegra marka, þ.e. benda til marktækra niðurstaðna.

Eftirfarandi einkenni eru algeng meðal einstaklinga með prófniðurstöður samsvarandi útkomu Braga:

Upptekinn af líkamlegum einkennum og kvartar gjarnan. Þetta gæti samrýmst starfrænni truflun (hysterisk einkenni), þótt það útiloki ekki vefrænan sjúkleika.

Mjög félagslega „úthverfur" (extrovert) einstaklingur og í umgengni við annað fólk krefjandi á tilfinningar þess, athygli og stuðning. Sterk þörf fyrir að vera öðrum háður og á jafnframt erfitt með að taka höfnun.

Oft skortir á hæfileika til að bíða með eða fresta fullnægingu langana og þarfa (impulsiv), — hið minnsta mótlæti leiðir oft til pirrings og vanhugsaðra bráðræðisaðgerða. Lágt mótlætisþol.

Í niðurstöðum örlar á kvíða- og svartsýnistilfinningum."

Hannes Pétursson yfirlæknir gerði geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í ályktun læknisins segir svo:

„Að mínu áliti er Bragi Ólafsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar bendir lífsferill hans ásamt niðurstöðu persónuleikaprófa til þess að Bragi eigi við að stríða nokkrar persónuleikatruflanir samfara skapgerðarbrestum. Vandkvæði þessi hafa m.a. lýst sér í óreglulegri skóla- og atvinnusókn, alvarlegri misnotkun áfengis og lyfjafíkn, endurteknum afbrotum, ásamt erfiðleikum í tilfinningasamböndum. Framangreindra skapgerðarbresta, svo sem hvatvísi og skorts á sjálfsstjórn, virðist helst verða vart hjá Braga undir áhrifum áfengis og annarra fíkniefna.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim er Bragi er nú grunaður um, þá vega að líkindum þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara áhrifum langvarandi áfengismisnotkunar og annarrar fíkniefnaneyslu, en að sögn Braga var hann að auki búinn að vaka á fjórða sólarhring þegar framangreindur verknaður átti sér stað. Samkvæmt Braga kom til átaka milli þeirra Grétu heitinnar, m.a. að hans sögn vegna afbrýðisemi hennar. Ekki er ljóst hvort eða með hverjum hætti ásetningur hefur orðið

til varðandi framangreindan verknað, en Bragi lýsti því margsinnis, að hann teldi að hér hefði verið um slysaatvik að ræða. Atburðarásin er á köflum fremur óljós, m.a. vegna minnistruflana í kjölfar langvarandi og mikillar neyslu áfengis og annarra fíkniefna. Vegna þessa er líklegt að dómgreind Braga hafi verið sljóvguð þegar framangreindur atburður átti sér stað, en þó verður að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Braga Ólafssonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur."

Að áliti dómsins er ákærði sakhæfur.

Niðurstaða.

Telja verður sannað með vætti Gunnlaugs Geirssonar prófessors að snemma sunnudagsmorguninn 10. janúar sl. hafi Gréta Birgisdóttir kafnað á þann hátt að band var hert að þverum hálsi hennar framanverðum og að hliðunum, svo að það grópaðist að, braut skjaldbrjóskið og lokaði öndunarvegum. Ákærði hefur játað að hafa í átökum þeirra vafið böndum úr dyrahengi fast um höfuð og háls konunnar, og verður að telja sannað, að hún hafi kafnað af völdum þessa verknaðar ákærða. Ákærði hefur sagt, að hann hafi ekki ætlað sér að svipta Grétu lífi, og verður að byggja á því að hann hafi ekki gert það af ráðnum hug og að spörk hans í höfuð hennar hafi ekki miðað að því. Aftur á móti hlaut ákærða að vera ljóst, að langlíklegast væri, að Gréta hlyti bana af því, að hann vafði böndunum fast um háls hennar. Hefur ákærði því orðið brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga með því að verða Grétu að bana með þeim hætti.

Sakaferill ákærða er langur og hefur hann frá 1954 til 1983 hlotið 11 refsidóma fyrir hegningarlagabrot og tvo fyrir ölvun við akstur. Auk þessa var ákæru frestað á hendur honum fyrir ránsbrot árið 1955 og einnig verið sektaður 14 sinnum fyrir margvísleg brot, síðast 1984, þar af einu sinni, 1980, fyrir líkamsárás.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. janúar sl. til þessa, samtals 154 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 150.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Bragi Ólafsson, sæti fangelsi 8 ár. Frá refsingu ákærða dragist gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. janúar 1988, samtals 154 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 150.000,00 krónur.

Föstudaginn 21. apríl 1989.

Nr. 329/1987. **Sigurður Jónsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Sigurði K. Jónssyni og
Tryggingamiðstöðinni hf.
(Valgarð Briem hrl.)
og gagnsök.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi Sigurður K. Jónsson verði dæmdur til að greiða sér 16.562.890,00 krónur, þar af 10.000.000,00 krónur óskipt með gagnáfrýjanda Tryggingamiðstöðinni hf., með ársvöxtum af heildarkröfufjárhæð sem hér segir: 15% frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst sama ár, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 22% frá þeim degi til 10. febrúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 19% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 20% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 15,5% frá þeim degi til 11. október sama ár, 15,75% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 16% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 16,25% frá þeim degi til 11. desember sama ár, 17,75% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 20% frá þeim degi til 11. mars sama ár, 22% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 23% frá þeim degi til 14. sama mánaðar, 30% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 36% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 42% frá þeim degi til 1. október sama ár, 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 45,6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 45,6% frá þeim degi til 14. apríl sama ár, og síðan ársvöxtum af 23.553.533,85 krónum sem

hér segir: 45,6% frá 14. apríl 1988 til 1. maí sama ár, 44,4% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 56,4% frá þeim degi til 1. september sama ár, 49,2% frá þeim degi til 1. október sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27,6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% frá þeim degi og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, til greiðsludags. Gerð er krafa um það, að vextir séu höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 14. apríl 1988. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu af sinni hendi með stefnu 14. desember 1987 og krefjast þess aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum aðaláfrýjanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að hin dæmda fjárhæð verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðir nýir líkindareikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings um fjárhagstjón aðaláfrýjanda, dagsettir 12. apríl 1988 og 21. mars 1989. Samkvæmt hinum síðari eru óskertar árstekjur áfrýjanda á útreikningsdegi áætlaðar 3.030.700,00 krónur og tekjutap á ári 1.818.400,00 krónur. Er þá við það miðað, að tekjutap vegna slyssins sé sami hundraðshluti tekna og örorka er metin. Höfuðstólsverðmæti tímabundinnar örorku er óbreytt frá fyrri útreikningum, en höfuðstólsverðmæti varanlegrar örorku á slysdegi er reiknað 14.751.000,00 krónur og verðmæti vinnutekjutaps alls 15.540.200,00 krónur. Við útreikningana eru sem fyrr notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Vaxtafótur þessi er rakinn í héraðsdómi til 21. febrúar 1987. Frá þeim tíma eru notaðir þessir ársvextir: 11% til 30. apríl sama ár, síðan 12% til 20. júní, 13% til 10. júlí, 15% til 20. september, 17% til 10. október, 19% til 31. október og 20% til 30. nóvember 1987, þá 22% til 20. janúar 1988, 20% til 29. febrúar, 19% til 10. júní, 23% til 20. júní, 24% til 31. júlí,

26% til 20. ágúst, 22% til 31. ágúst, 12% til 10. október, 9% til 20. október og 6% til 30. nóvember 1988, og loks 4% til 20. janúar 1989, 6% til 31. janúar og 8% frá 1. febrúar 1989 til útreikningsdags. Eftir hann eru sem fyrr notaðir 6% vextir og vaxtavextir.

Í héraði voru að beiðni gagnáfrýjenda dómkvaddir læknarnir Stefán Bogason aðstoðartryggingayfirlæknir og Gísli Einarsson, sérfræðingur í skurðlækningum, endurhæfingu og orkulækningum, til að meta skerðingu á starfsorku aðaláfrýjanda vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut í slysinu, og láta í té skriflegt og rökstutt álit um það, hver sé „raunveruleg skerðing á starfsorku" hans af þessum sökum. Matsgerð þeirra var lögð fram á bæjarþingi Reykjavíkur 11. febrúar 1987. Þar segir m.a.:

„...Slasaði vinnur nú sitt fyrra starf, er hann hafði með höndum fyrir slysið, og gerir það að fullu (100%). Starf þetta er annars vegar hálfs dags starf læknis á Hrafnistu, DAS, og hins vegar hálfs dags starf sem heimilislæknir á stofu í Domus medica. Ef miðað er við þessi störf, sem telja verður unnin á vernduðum vinnustöðum í þessu tilviki, er starfsgeta Sigurðar Jónssonar 100%....

...einungis við óbreyttar forsendur á vinnumarkaði lækna í Reykjavík er hægt að fullyrða, að starfsgeta Sigurðar Jónssonar sé nálægt því að vera óskert. Í þeim umbrotum, sem nú eru í málum sjúkra- og heilsugæslu, er alls ekki gefið, að slíkar forsendur haldist óbreyttar um ókomna tíð. Búast má við, að auk þess varanlega tjóns og örkumla, er Sigurður hefur hlotið af slysinu, ... muni ending vissra hluta stoðkerfis Sigurðar vera lakara en skyldi....

Það er skoðun undirritaðra, að séu varanleg örkuml slasaða af völdum umræddS slyss lögð saman og metin eftir viðurkenndum örorkumatsskrám, sé örorkumat Ólafs Jónssonar læknis frá 26.8. 1985 mjög nærri sanni og gætu undirritaðir vel skrifað undir það á þeim forsendum.

Aftur á móti er undirrituðum falið að meta „raunverulega skerðingu" á starfsorku Sigurðar Jónssonar. Undirritaðir álíta að til þess að meta skerðingu á starfsorku á þann hátt þurfi að taka beint tillit til starfa slasaða bæði fyrir og eftir slys ásamt fleiri atriðum í félagslegri stöðu slasaða,...

Það er álit undirritaðra, að þó að slasaði vinni nú fullt starf miðað við það, sem hann gerði fyrir slysið, sé raunverulega um að ræða

verulega skerðingu á starfsorku hans, bæði eins og hún er nú og einnig verði að taka tillit til hugsanlegra breytinga, þar sem búast má við, að starfsgeta kunni að fara minnkandi með tímanum, eins og þegar hefur verið lýst. Þá telja undirritaðir, að miðað við núverandi ástand séu slasaða settar talsverðar hömlur í starfsvali og gæti áhrifa þess bæði í atvinnu og einkalífi....

...telja undirritaðir, að tímabundin og varanleg örorka slasaða sé hæfilega metin sem hér segir: frá slysdegi í 8 mánuði örorka 100%, eftir það í 1 mánuð örorka 75%, varanleg örorka 50%."

Í málflutningi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti kom fram, að hann hefði haldið í horfinu tekjulega, eftir að hann fór að vinna. Þá var enn fremur lýst yfir, að hann hefði til þessa eigi sótt lögmæltar örorkubætur til Tryggingastofnunar ríkisins vegna ágreinings um örorkustig.

II.

Á uppdrætti, sem gerður var samkvæmt mælingum lögreglumanna þeirra er fóru á slysstað, sést afstaða bifreiðanna við komu þeirra þangað. Annar þeirra bar fyrir dómi að við vettvangskönnun þeirra hefðu engin hemla- og hjólför verið sjáanleg. Á uppdrættinum eru því engin hemlaför sýnd. Í héraðsdómi er rakinn framburður vitna, sem komu á slysstað á undan lögreglumönnunum og báru að hafa séð för eftir bifreiðina H 700 hægra megin á veginum, miðað við stefnu hennar. Vitnisburði þeirra hefur ekki verið hnekkt. Af honum má ályktа, að fyrir árekstur hafi bifreiðinni H 700 verið ekið hægra megin við miðlínu vegarins. Staða bifreiðanna eftir árekstur hnekkir ekki þessari ályktun. Verður því að leggja til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi ekið bifreið sinni eftir miðjum veginum og að hluta yfir á vinstri vegarhelmingi, miðað við aksturs-stefnu sína. Var þetta mjög óvarlegt, einkum þegar litið er til þess að rykmökkur frá vöruflutningabifreiðinni H 1070, sem ekið var á undan honum, lá yfir veginn til vinstri og byrgði honum sýn fram á veginn. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi á þessari stundu ætlað að aka fram úr vöruflutningabifreiðinni. Þykir samkvæmt þessu mega staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 45. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968, og eigi meginsök á árekstrinum.

Með vísan til framburðar farþega í bifreiðinni H 1070, sem kveðst

hafa séð ljós á bifreiðinni H 700, er ósannað, að þeirri bifreið hafi ekki verið ekið með ljósum. Hins vegar virðist sem vöruflutningabifreiðinni hafi verið ekið óvarlega miðað við aðstæður og stjórnandi hennar hafi vikið illa, er hann mætti bifreiðinni H 700. Var því, eins og í héraðsdómi segir, fyllsta ástæða fyrir stjórnanda H 700, gagnáfrýjanda Sigurð K. Jónsson, að draga mjög verulega úr ferð og sýna ýtrustu varkárni, ekki síst vegna rykmakkar þess, er frá bifreiðinni lagði yfir aksturleið hans og byrgði honum sýn. Verður að fallast á, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt þessa sem skyldi. Hann hefur því brotið gegn 1. mgr. 47. gr., sbr. 1. mgr. og f-lið 3. mgr. 49. gr., þágildandi umferðarlaga. Hann á því einnig sök á árekstrinum.

Þegar allt þetta er virt, þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skiptingu sakar í máli þessu. Samkvæmt því ber gagnáfrýjendum að bæta aðaláfrýjanda tjón hans að 1/3 hluta.

III.

Aðaláfrýjandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

1. Örorkutjón	15.540.200,00	krónur
2. Miskabætur	1.000.000,00	krónur
3. Munatjón	22.690,00	krónur
Samtals	16.562.890,00	krónur

Um 1. lið.

Þessi kröfuliður er byggður á framangreindum útreikningi frá 21. mars 1989, sem gerður er samkvæmt mati Ólafs Jónssonar læknis á örorku aðaláfrýjanda og hefur stoð í matsgerð hinna dómkvöddu lækna. Í honum er ekki tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta. Hér ber að hafa í huga, að aðaláfrýjandi hefur eftir slysið gegnt störfum sínum áfram og haldið launum. Hins vegar er ljóst, að aflahæfi hans hefur skerst af völdum slyssins. Þegar þetta er haft í huga, þykir hæfilegt að meta tjón aðaláfrýjanda vegna örorku 7.500.000,00 krónur. Hefur þá verið höfð hliðsjón af því til lækkunar, að bætur þessar eru skattfrjálsar, svo og verið tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu í samræmi við dómvenju.

Um 2. lið.

Rétt þykir að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið.

Um 3. lið.

Þessi liður sætir eigi andmælum og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um hann.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst heildartjón aðaláfrýjanda 7.922.690,00 krónur. Frá þeirri fjárhæð ber að draga eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris, sem aðaláfrýjandi á rétt til úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins og nemur 361.500,00 krónum samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 4. mars 1987, sem miða verður við eins og kröfugerð í máli þessu er háttað. Eftir standa þá 7.561.190,00 krónur, sem gagnáfrýjendum ber óskipt að bæta að 1/3, þ.e. 2.520.396,67 krónur, auk vaxta svo sem í dómsorði greinir. Þykir samkvæmt 15.gr. vaxtalaga heimilt að taka dráttarvaxtakröfu aðaláfrýjanda til greina frá uppkvaðningu hæstaréttardóms þessa.

Eftir þessum málalokum verða gagnáfrýjendur dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda óskipt 550.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Sigurður K. Jónsson og Tryggingamiðstöðin hf., greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Jónssyni, óskipt 2.520.396,67 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 15% frá 29. júlí 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. til 31. október 1987, 20% frá 1. til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 10. júní 1988, 23% frá 11. til 20. júní 1988, 24% frá 21. júní 1988 til 31. júlí 1988, 26% frá 1. til 20. ágúst 1988,

22% frá 21. til 31. ágúst 1988, 12% frá 1. september 1988 til 10. október 1988, 9% frá 11. til 20. október 1988, 6% frá 21. október 1988 til 30. nóvember 1988, 4% frá 1. desember 1988 til 20. janúar 1989, 6% frá 21. til 31. janúar 1989 og 8% frá 1. febrúar 1989 til uppkvaðningar hæstaréttardóms þessa, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt 550.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Jónssyni, nnr. 7878-0363, lækni, Tómasarhaga 15, Reykjavík, gegn Sigurði K. Jónssyni, nnr. 7878-0002, húsasmíðameistara, Húnabraut 32, Blönduósi, og Tryggingamiðstöðinni hf., nnr. 8936-7840, Aðalstræti 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 10. febrúar 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi Sigurður verði dæmdur til að greiða sér kr. 28.349.890,00, þar af óskipt með stefndu, Tryggingamiðstöðinni hf., kr. 10.000.000,00. Vaxta er krafist af heildarstefnufjárhæðinni sem hér segir: með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. ágúst 1985, með 22% ársvöxtum frá 11. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979), eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og stefndi Sigurður verði að auki dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18.349.890,00 með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. ágúst 1985, með 22% ársvöxtum frá 11. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979), eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst þess einnig, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu á málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi Sigurður verði dæmdur til að greiða kr. 12.255.890,00, þar af óskipt með stefndu, Tryggingamiðstöðinni

hf., kr. 10.000.000,00 með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. ágúst 1985, með 22% ársvöxtum frá 11. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979), eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði algjörlega sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu, og jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu stefndu til handa að mati dómsins.

Við aðalflutning málsins breytti stefnandi upphaflegri kröfugerð sinni þannig að fallið var frá kröfu vegna útlagðs kostnaðar, að fjárhæð kr. 21.960,00, skv. 2. tl. í stefnu, en jafnframt var gerð krafa um þann kostnað sem lið í málskostnaði. Þá var varakrafan hækkuð á grundvelli endurútreiknings á örorkutjóni stefnanda.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að hinn 29. júlí 1984 varð umferðarslys á þjóðveginum í Norðurárdal í Mýrasýslu, skammt austan við akveg að bænum Klettstíu. Þar varð harkalegur árekstur með bifreið stefnda, H 700, sem hann ók sjálfur, og bifreiðinni R 6068, sem stefnandi ók. Með stefnanda í bifreiðinni tiltekið sinn var kona hans, Anna Jensdóttir, og dóttir þeirra, Olga. Í bifreið stefnda Sigurðar K. voru auk hans eiginkona hans, Guðrún Ingimarsdóttir, faðir hans, Jón Guðmundsson, Jónas Ingimarsson frá Dalvík og Snorri Sturluson frá Blönduósi. Í árekstri þessum slösuðust báðir ökumenn og einnig farþegar bifreiðanna, meira eða minna. Stefnandi mun hafa slasast mest. Bifreiðarnar gjöreyðilögðust.

Bifreiðarnar voru í akstri, hvor á móti annarri, er áreksturinn varð. Stefndi var á leið norður, en stefnandi á leið suður. Mun áreksturinn hafa orðið, að því er virðist, í kjölfar þess, að stefndi hafði mætt dráttarbifreiðinni H 1020, sem ekið var til suðurs á undan bifreið stefnanda, R 6068. Ökumaður bifreiðarinnar H 1020 var Sigurður Hjálmarsson, og farþegi í bifreið hans var Karl Tryggvason. Er áreksturinn varð var veður þurrt og hvasst og lagði rykmökk frá bifreiðinni H 1020 yfir á vegarhelming bifreiðar stefnda, H 700. Um nánari tildrög áreksturs þessa og staðsetningu bifreiðanna á veginum við áreksturinn er þó verulegur ágreiningur með aðilum.

Í máli þessu sækir stefnandi stefndu um bætur fyrir fjárhagstjón og miska vegna líkamsmeiðsla sinna, en bifreiðin H 700 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefndu Tryggingamiðstöðinni hf.

III.

Stefnandi telur að stefndi Sigurður hafi einn átt sök á slysinu með ógætilegum akstri sínum. Er stefndi hafi mætt bifreiðinni H 1020, hafi hann sveigt bifreið sinni strax inn á veginn aftur og ekki gætt nægilega að umferð, sem hugsanlega kæmi á eftir bifreiðinni H 1020. Stefnda Sigurði hafi borið að sýna sérstaka aðgát, því að hann hafi verið að mæta stórri flutningabifreið með tengivagn, sem þyrlað hafi upp miklu ryki á veginum svo að skyggni hafi verið lélegt. Stefndi virðist einnig hafa verið á of mikilli ferð miðað við aðstæður, þar sem hann hafi ekki náð að stöðva bifreið sína í tæka tíð eftir að bifreið stefnanda hafi komið í ljós, en stefnandi hafi ekið með fullum ljósum. Stefnandi hafi borið það að honum hafi virst sem bifreið stefnda hafi stefnt beint á sína bifreið rétt áður en slysið varð. Stefndi Sigurður hafi því sveigt allt of langt og allt of snemma inn að miðju vegarins eftir að hann hafi mætt bifreiðinni H 1020. Sökin á árekstrinum sé því öll hjá stefnda Sigurði. Bifreið stefnda Sigurðar hafi verið ábyrgðartryggð hjá stefndu Tryggingamiðstöðinni hf. Stefndu beri því að bæta stefnanda in solidum allt það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna slyssins.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til 1. mgr. 47. gr. og 49. gr., 3. mgr., b-lið, umferðarlaga, nr. 40/1968, að því er varðar varúðarskyldu þá, sem á stefnda Sigurði hafi hvílt. Um fébótaábyrgð er vísað til 67. gr., 69. gr. og 74. gr., 2. mgr., sömu laga. Varðandi vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar ökutækja á þeim tíma, er slysið varð, er vísað til 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 133/1984. Varðandi málskostnaðarkröfu er vísað til XII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Stefnandi hafi slasast mjög mikið í árekstrinum. Kalla hafi þurft á þyrlu frá björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til að flytja hann og Jónas Ingimarsson, farþega í H 700, á Borgarspítalann í Reykjavík. Þyrlan hafi fengið rangar upplýsingar um slysstaðinn og hafi dregist að hún kæmi á vettvang. Slysið hafi orðið um kl. 19.30, en stefnandi hafi ekki verið kominn á sjúkrahús fyrr en kl. 23.30. Stefnandi hafi hlotið mikla brjóstholsáverka í slysinu, brotnað á vinstri olnboga og bæði viðbein hafi brotnað. Einnig hafi hann fengið opið lærbrot á vinstra fæti og ökklabrotnað á hægra fæti.

Stefnandi hafi verið í verulegri lífshættu fyrstu dagana eftir slysið. Hann hafi legið á gjörgæsludeild tæpar þrjár vikur, síðan á legudeild og á Grensásdeild Borgarspítalans frá 31. ágúst 1984 fram í marsmánuð 1985. Stefnandi hafi gengist undir fjöldann allan af aðgerðum á þessum tíma, bæði smáum og stórum. Stefnandi sé nú með staurlið um ökkla, miklar hreyfihindranir í hné og olnboga. Bæði viðbein hafi brotnað og af þeim sökum sé orðin röskun á afstöðu axlargrindar báðum megin og af þeim leiði

nokkra bæklun. Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, dags. 26. ágúst 1985, hafi stefnandi verið 100% öryrki í sjö og hálfan mánuð eftir slysið, síðan 80% öryrki næstu tvo mánuði, en síðan varanlegur 60% öryrki. Jón Erlingur Þorlákssón tryggingafræðingur hafi reiknað út örorkutjón stefnanda. Er þar um að ræða tvo útreikninga, hinn fyrri dags. 24. september 1985 og hinn síðari 4. mars 1987, og séu þeir byggðir á áðurnefndu örorkumati Ólafs Jónssonar læknis og skattframtölum stefnanda fyrir árin 1982 til 1985. Samkvæmt fyrri útreikningi sé örorkutjón stefnanda talið vera kr. 8.442.400,00, en skv. síðari útreikningnum sé örorkutjónið talið vera kr. 11.233.200,00.

Endanleg heildaraðalkrafa stefnanda á hendur stefnda Sigurði K., kr. 28.349.890,00, sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón kr. 25.327.200,00, byggt á fyrri örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar og sú fjárhæð síðan þrefölduð. Krafan sé höfð svo há, til að hún nái yfir þær hækkanir, sem kunni að verða á tjóni stefnanda á næstu einu til tveimur árum, ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, en auknum kröfum yrði þá ekki við komið.

2. Miskabætur kr. 3.000.000,00. Miskabætur sé að sjálfsögðu erfitt að ákvarða, en krafan sé höfð svona há til að mæta hugsanlegum verðhækkunum á næstu árum, verði máli þessu áfrýjað. Til stuðnings miskabótakröfunni skuli þó bent á eftirfarandi:

Eftir að slysið varð hafi stefnandi verið fastur í bílflakinu, stórslasaður, og þjáður í um það bil þrjár klukkustundir, meðan beðið hafi verið eftir björgunarþyrlu. Hann hafi ekki komist undir læknishendur fyrr en fjórum klukkustundum eftir slysið. Stefnandi hafi dvalist síðan á sjúkrahúsum í sjö og hálfan mánuð. Á þeim tíma hafi hann gengist undir ótal erfiðar og kvalafullar aðgerðir. Að auki hafi hann verið í mikilli sjúkraþjálfun. Líkur séu á, að síðar meir muni hann þurfa að gangast undir að minnsta kosti eina aðgerð til viðbótar og þá til að fá gervilið í vinstra hné. Hann hafi stöðug óþægindi og verki í vinstri handlegg, hægri ökkla, sem sé alveg stífur, og vinstra hné. Bæði viðbein hafi gróið með misgengi báðum megin og sé af þessum sökum nokkur stöðubreyting í báðum axlarliðum. Stefnandi hafi talsverð ör á fótum og víðar eftir aðgerðir, sem hann hafi þurft að gangast undir vegna slyssins. Slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir, hafi gjörbreytt lífi hans. Fyrir slysið hafi hann verið mikill sportmaður, hann hafi stundað skíðaferðir, laxveiðar og „skyttirí". Nú sé geta hans til íþróttaiðkana engin, og honum sé ómögulegt að stunda nokkrar líkamsæfingar nema kannski þær allra léttustu. Hann sé gjörsamlega ófær um að sinna nokkrum líkamlegum störfum, ekki einu sinni einföldustu garðyrkjustörfum. Hann geti ekkert gengið nema með hjálp hækjustafs og þá

aðeins á sléttum fleti. Hann geti ekki ferðast einsamall nema rétt milli húsa og geti ekki verið óstuddur í mannþröng eða annars staðar, þar sem hætta gæti verið að hann félli til jarðar, en hann geti ekki reist sig við aftur hjálparlaust. Ólafur Jónsson læknir segi reyndar í örorkumati sínu að stefnandi sé nánast ófær um allt nema sinna einföldustu nauðþurftum. Lífsháttum stefnanda hafi því verið gjörbreytt og lífi hans umturnað vegna slyss þessa.

3. Munatjón. Ýmsir hlutir, sem í bifreiðinni hafi verið, og föt þau, er stefnandi hafi verið í, er slysið varð, hafi gjöreyðilagst. Krafa vegna munatjóns sundurliðast þannig:

Gleraugu	kr.	4.539,00
úr	kr.	6.990,00
lopapeysa	kr.	1.100,00
flauelsbuxur	kr.	1.000,00
skyrta	kr.	500,00
nærföt	kr.	300,00
skjalataska	kr.	3.000,00
nestistaska fyrir fjóra	kr.	2.961,00
regngalli	kr.	2.300,00
Samtals	kr.	22.690,00

Aðalkrafan hafi verið lækkuð um útlagðan kostnað, að fjárhæð kr. 21.960,00, sem krafist sé með málskostnaði.

Aðalkrafa stefnanda á hendur stefndu Tryggingamiðstöðinni hf., kr. 10.000.000,00, sé byggð á sömu rökum og krafan á hendur stefnda Sigurði, en takmarkist þó af hámarkstryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar H 700, eins og hún hafi verið á þeim tíma, sem slysið varð, þ.e. kr. 10.000.000,00.

Endanleg varakrafa stefnanda, kr. 12.255.890,00, sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón kr. 11.233.200,00. Krafan sé byggð á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 4. mars 1987.

2. Miskabætur kr. 1.000.000,00. Krafan sé byggð á sömu rökum og miskabótakrafa aðalkröfu.

3. Munatjón kr. 22.690,00, sbr. sundurliðun í aðalkröfu. Fallið var frá kröfu um útlagðan kostnað, að fjárhæð kr. 21.960,00, sem krafist er með málskostnaði.

Viðurkenndur er frádráttur, að fjárhæð kr. 360.000,00, vegna örorkulífeyrisgreiðslna, sem stefnandi á rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína á þann hátt að slys þetta hafi eingöngu orðið vegna ógætilegs aksturs stefnanda. Tildrög árekstursins hafi verið þau að stefnandi, ökumaður R 6068, hafi verið um það bil að hefja

framúrakstur fram úr bifreiðinni H 1020, og þar af leiðandi hafi bifreið hans verið komin yfir á vinstri vegarhelming. Ljóst sé að stefnandi hafi í umrætt sinn ekið allt of hratt miðað við aðstæður, en hann freisti þess, nánast blindaður af rykmekki, að aka fram úr stórri flutningabifreið á malarvegi og slíkt hljóti að teljast algjört glapræði eins og á hafi staðið. Jafnvel þótt ekki teljist sannað að stefnandi hafi verið að aka fram úr H 1020 í umrætt sinn, sé að minnsta kosti ljóst, að hann hafi ekið of nærri bifreiðinni H 1020, m.a. með tilliti til þess mikla ryks, sem þarna hafi byrgt útsýni ökumanna, og það eitt út af fyrir sig nægi að mati stefndu, til að hann einn teljist eiga sök á hvernig fór. Ekkert liggi fyrir í málinu um þá skoðun stefnanda að stefndi Sigurður K. hafi skömmu fyrir óhappið sveigt bifreið sinni inn á veginn og sé þeirri fullyrðingu harðlega mótmælt. Þvert á móti beri vitni um, að hemlafar eftir bifreiðina H 700 hafi verið merkjanlegt á akbrautinni fyrst eftir óhappið og skv. því hafi bifreiðin H 700 verið yst til hægri á akbrautinni um það bil er árekstur inn hafi orðið. Einu haldbæru skýringarnar, sem séu á orsökum slyss þessa, séu því þær, að stefnandi hafi verið um það bil að aka fram úr H 1020 og því verið kominn of mikið til vinstri á akbrautinni eða ekið of nærri H 1020 og örugglega of hratt miðað við aðstæður; því beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnukröfum í málinu sé mótmælt sem allt of háum og byggist það m.a. á því, að telji dómurinn, að eitthvað af röksemdafærslu stefnanda standist, hljóti það að hafa í för með sér skiptingu sakar, því að það, sem stefnandi finni akstursmáta stefnda Sigurðar K. til foráttu, eigi tvímælalaust einnig við um stefnanda sjálfan. Eigi stefndu þar fyrst og fremst við fullyrðingar um of hraðan akstur stefnda Sigurðar K., svo og að á hafi skort af hans hálfu varúð vegna lélegs skyggnis. En eins og áður sé getið, sé ekkert í málinu, sem styðji þá fullyrðingu stefnanda, að stefndi Sigurður K. hafi sveigt bifreið sinni inn að miðju vegar fyrir óhappið. Þau gögn, sem fyrir liggi, styðji hins vegar málstað stefndu og því ætti að þeirra mati, ef sakarskiptingu yrði beitt, að leggja meginhluta sakarinnar á stefnanda.

Um lækkunarkröfu stefndu að öðru leyti sé rétt að benda á: Í örorkumati því, sem lagt sé til grundvallar áætluðum tekjumissi stefnanda, sé einungis miðað við læknisfræðilega örorku og sé matinu sem slíku mótmælt og áskilinn réttur til að koma að athugasemdum við það síðar og krefjast nýs örorkumats ef ástæða þyki til. Þá sé bent á í þessu sambandi að aðaluppistaða stefnukröfu máls þessa séu niðurstöður örorkutjónsútreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings. Ekki verði annað séð en tryggingafræðingurinn gangi út frá því að tekjur stefnanda rýrni um 60% vegna slyssins í samræmi við niðurstöðu örorkumatsins, svo sem venja sé við uppgjör slysamála þar sem varanleg örorka sé fyrir hendi. Hér sýnist þó úti-

lokað að beita þessari aðferð. Það byggist á því að þar sem stefnandi hafi starfað sem læknir fyrir slysið og geri reyndar enn telji stefndu að hann hafi nánast ekkert misst af föstum launum sínum.

Slysið kunni að hafa minnkað möguleika stefnanda eitthvað á öflun aukatekna, en þó sýnist við athugun á skattframtölum sem liggi frammi í málinu á dskj. nr. 19 og 20 að hækkun á brúttótekjum stefnanda milli áranna 1983 og 1984 fylgi því sem næst meðalhækkun kauptaxta allra launþega milli áranna sem um ræðir, sbr. bréf kjararannsóknarnefndar, merkt dskj. nr. 33, og ef eitthvað sé þá sé hækkun launa stefnanda heldur hærri en meðalhækkunin sem áður sé nefnd. Það sé því ljóst að fráleitt hljóti að vera að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar í máli þessu eins og á standi þar sem hann eigi enga stoð í raunveruleikanum. Í þessu sambandi áskilji stefndu sér rétt til að afla frekari útreikninga ef ástæða sýnist til, svo og annarra gagna er sýni fram á raunverulegt tekjutap stefnanda vegna slyssins. Þá sé skorað á stefnanda að leggja fram viðbótargögn vegna þessa þáttar eftir því sem tilefni gefist til, s.s. skattskýrslur og annað þess háttar. Þá sé ekki í kröfugerð stefnanda gert ráð fyrir hugsanlegu hagræði af skattfrelsi og eingreiðslu þeirra bóta sem kynnu að verða dæmdar.

Miskabótakröfu sé mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við þá dómvenju sem nú tíðkist í þeim efnum. Enn fremur telja stefndu, að ekki sé hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að stefnandi hafi ekki notað öryggisbelti þegar slys þetta hafi orðið. Það sé engum vafa undirorpið að notkun öryggisbeltis hefði í þetta sinn stórlega minnkað meiðsl stefnanda og afleiðingar árekstursins. Stefnandi, sem er læknir að mennt, ætti að vita öðrum mönnum fremur hve mikilvægt sé að vera ávallt í öryggisbelti við akstur, sbr. lagaskyldu þar að lútandi, og sé því vanræksla hans að þessu leyti alvarlegri en ella og hljóti að hafa veruleg áhrif til lækkunar á endanlegum bótum til stefnanda, fallist dómurinn að einhverju leyti á kröfur hans.

Til stuðnings málsástæðum sínum vísa stefndu m.a. til 45. gr., 1. mgr. 47. gr., 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 49. gr., 2. mgr. 49. gr., 3. mgr., stafliða a, b og f, og 64. gr., stafliðar a, umferðarlaga, nr. 40/1968.

IV.

Stefnandi, Sigurður Jónsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu, svo og dóttir hans, Olga Sigurðardóttir. Þá hefur verið lagt fram í máli þessu endurrit af yfirheyrslum í bæjarþingsmálinu nr. 4074/1986, sem stefndi Sigurður K. Jónsson höfðaði gegn stefnanda, Sigurði Jónssyni, og Ábyrgð hf. vegna umferðarslyss þessa.

Stefnandi, Sigurður Jónsson, hefur m.a. skýrt svo frá í lögregluskýrslu,

sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi ekið suður þjóðveg 1 áleiðis til Reykjavíkur tiltekið sinn. Með sér í bifreiðinni hafi verið kona sín, Anna Jensdóttir, sem sat í framsæti, en í aftursæti hafi verið Olga, dóttir þeirra, sofandi. Stefnandi var ekki með spennt bílbelti, en kona hans hafi verið með beltið spennt. Kvaðst stefnandi hafa verið kominn ofan af Holtavörðuheiði og niður í Norðurárdal, þegar hann ók fram á dráttarbifreið með tengivagn, sem þá var að fara yfir brú, sem þar var. Stefnandi ók á eftir dráttarbifreiðinni suður veginn eftir að yfir brú þessa var komið. Kvaðst hann hafa haldið sig í hæfilegri fjarlægð, enda ekki ætlað sér fram úr henni. Tengivagninn, sem var tómur, hafi skoppað talsvert á veginum. Stefnandi kvaðst hafa ekið með fullum ökuljósum frá því að hann lagði af stað. Stefnandi kvað dráttarbifreiðina hafa þyrlað upp rykmekki eftir að hún var komin á ferð, en vindur hafi staðið þannig að hann hafi blásið rykinu til vinstri miðað við akstursleið stefnanda. Stefnandi kvaðst hafa verið búinn að aka á eftir bifreiðinni nokkra km á að giska, þegar hann hafi skyndilega séð til ferða bifreiðar, sem á móti hafi komið út úr rykmekkinum og stefnt beint á sína bifreið, en síðan muni hann ekki meira. Stefnandi kvaðst þó hafa séð, áður en bifreiðarnar skullu saman, að ökuljósin hefðu ekki verið tendruð á hinni bifreiðinni. Þá kvaðst stefnandi hafa verið fullviss um það að bifreið sín hafi verið eðlilega staðsett á götunni og á hægri vegarhelmingi miðað við sína akstursstefnu þegar bifreiðarnar skullu saman. Stefnandi gat ekki sagt til um ökuhraða sinn, en taldi hann hafa verið undir 70 km/klst. Stefnandi tók fram að sér hefði fundist dráttarbifreiðinni ekið allógætilega þarna með tóman vagninn skoppandi aftan í sér og með því skapað hættu fyrir þá sem á móti komu. Stefnandi tók fram að rétt fyrir áreksturinn hefði hann séð bifreið stefnda koma á móti sér út úr rykmekkinum.

Aðspurður um slys sitt og meiðsli skýrði stefnandi frá því fyrir dómi að við slysið hefði hann fengið samfallinn brjóstkassa hægra megin, flest rifbein hefðu brotnað og gat komið á lunga. Þar fyrir utan hefðu bæði viðbein brotnað og einnig hefði hann fengið opið brot á vinstri olnboga og vinstra hné og þar að auki hefði hægri ökkli brotnað. Fyrstu nóttina kvaðst hann hafa verið í aðgerð. Gert hefði verið að olnboganum og ökklanum. Hann kvaðst lítið muna eftir sér á Borgarspítalanum fyrstu þrjá til fjóra dagana. Hann hefði verið látinn bíða tólf daga áður en gert hefði verið að lærbrotinu. Stefnandi kvaðst hafa verið í lífshættu fyrstu dagana. Hann hefði verið á gjörgæsludeild tæpar þrjár vikur í öndunarvél. Alls kvaðst stefnandi hafa verið á sjúkrahúsum á sjötta mánuð. Eftir slysið kvaðst stefnandi vera alvarlega hreyfihamlaður nema þá á styttri vegalengdum og sléttum fleti. Hann kvaðst geta stundað starf sitt og geta gengið úr og í bíl. Stefnandi kvaðst hafa hafið störf átta mánuðum eftir slysið,

hinn 1. apríl 1985. Stefnandi kvaðst gegna sömu störfum og hann gerði áður, en sér reyndist það kannski erfiðara en áður. Stefnandi gat þess, að vegna fjarveru sinnar vegna slyssins hefði dregið úr stofupraxis sínum, það hefði fækkað dálítið á listanum hjá sér og ekki orðið sú endurnýjun, sem hann hefði annars getað aflað sér. Stefnandi kvaðst hafa gegnt fullu starfi síðan hann hóf störf að nýju.

Verður nú rakinn framburður fyrir dómi skv. fram lögðu endurriti á dskj. nr. 46, að því marki sem ástæða þykir til vegna úrlausnar sakarefnis þessa. Samhengis vegna verður fyrst vikið að framburði Önnu Jensdóttur, eiginkonu stefnanda.

Vitnið Anna Jensdóttir, eiginkona stefnanda, hefur skýrt svo frá að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni R 6068 og setið í hægra framsæti. Kveðst hún hafa verið með öryggisbelti, en ekki maður sinn. Barn þeirra hafi verið í aftursæti og sofandi að því er vitnið taldi. Kveðst vitnið minnast þess, að þau hjón hafi verið að tala um það, hve flutningabílnum, sem ekið var á undan þeim, væru ekið ógætilega. Aftan í honum hafi verið tengivagn sem kastast hafi til og frá á veginum. Vitnið kveðst einnig muna, vegna þess hve þurrt var, að mikill rykmökkur hafi gosið undan flutningabílnum. Taldi vitnið að vindur hefði staðið þeim á hægri hönd og borið rykmökkinn yfir veginn til vinstri. Vitnið taldi að þau hefðu ekki verið nálægt flutningabílnum og ekki hefði staðið til að aka fram úr þeirri bifreið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð bifreiðina, sem á móti kom, og mundi ekki tildrög áreksturs-ins frekar.

Stefndi Sigurður K. Jónsson kveðst muna það síðast fyrir áreksturinn að hann hafi tekið farþegann Snorra Sturluson upp í bifreið sína skammt frá Svignaskarði. Stefndi mundi ekki sérstaklega, hvort hann hefði verið með tendruð ökuljós á bifreið sinni í þetta skipti, en taldi þó að svo hefði verið.

Vitnið Guðrún Ingimarsdóttir, eiginkona stefnda Sigurðar, hefur skýrt svo frá að þau hafi fyrir skömmu verið komin út af olíumölinni hjá Klettstíu í Norðurárdal er þau mættu bifreiðinni H 1020, dráttarbifreið með löngum aftanívagni. Mjög mikið ryk hafi verið undan dráttarbifreiðinni svo að skyggni hafi verið mjög lítið, þegar bifreiðarnar mættust. Þar sem rykið var mest, sennilega aftan til við dráttarvagninn, kvaðst vitnið hafa séð grilla í ljós á bíl er var að koma á móti. Hefði sést vel í vinstra framljósið, en rétt glórt í hægra ljósið í hringiðu af moldroki. Fannst vitninu sem bifreiðin stefndi beint á þau. Vitnið taldi, að þeirra bifreið, H 700, hefði verið á sínum vegarhelmingi, þegar áreksturinn varð. Vitnið taldi, að ökuljós bifreiðar þeirra hlytu að hafa verið kveikt tiltekið sinn, þar sem stefndi hefði það fyrir reglu að aka alltaf með ljósum úti á þjóðvegum.

Vitnið Snorri Sturluson kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni H 700 og

setið í aftursæti fyrir miðju. Kvað vitnið árekstur inn hafa orðið með þeim hætti að þau hefðu verið að mæta stórri dráttarbifreið með aftanívagni. Kvað vitnið mikinn rykmökk hafa verið á eftir dráttarbifreiðinni og af þeim sökum hefði skyggni verið mjög lítið fram á veginn. Vitnið kvað þau rétt hafa verið búin að mæta dráttarbifreiðinni, þegar því hefði skyndilega, að því sýndist, séð ljós í gegnum rykmökkinn og vissi svo ekki fyrr til en árekstur varð með bifreiðunum. Vitnið kvað H 700 hafa verið vel yfir á hægri kanti vegarins miðað við akstursstefnu þegar árekstur inn varð, þar sem þau hafi verið nýbúin að mæta dráttarbifreiðinni. Vitnið gat ekki um það borið, hvort bifreiðin H 700 hefði verið með tendruð ökuljós tiltekið sinn.

Vitnið Sigurður Hjálmarsson kvaðst tiltekið sinn hafa verið á leið til Reykjavíkur frá Blönduósi á dráttarbifreið sinni, H 1020. Skammt fyrir ofan bæinn Klettstíu í Norðurárdal kvaðst hann hafa mætt bifreiðinni H 700, sem hann kvaðst telja að hefði vikið mjög vel. Kvaðst vitnið hafa heyrt grjóthljóð, þegar bílarnir mættust, og þá talið, að hann hefði með bifreið sinni verið að ausa möl yfir bifreiðina H 700. Vitnið kvaðst hafa ekið stuttan spöl, er hann hefði séð í ökuspegli bifreiðar sinnar, að H 700 hafði lent í árekstri eftir að bílarnir höfðu mæst. Taldi vitnið að árekstur inn hefði orðið mjög nálægt þeim stað er vitnið hafði áður mætt bifreiðinni H 700. Ekki gat vitnið borið um það, hvort bifreiðin H 700 hefði verið með ljósum er bifreiðarnar mættust. Vitnið kvaðst hafa séð hemlaför eftir H 700 á veginum. Hefði það verið eitt hjólfar eftir vinstra hjól H 700. Taldi vitnið, að hitt hjólfarið, hægra hjól, hefði verið í mölinni við vegarbrúnina og því ekki merkjanlegt. Samkvæmt teikningu vitnisins er meint hemlafar eftir vinstra hjól bifreiðarinnar H 700 nálægt miðjum vegarhelmingi þeirrar bifreiðar miðað við akstursstefnu hennar. Vitnið kvaðst telja að hemlafarið hefði verið í beinni stefnu eftir veginum, þ.e. samsíða vegarbrúninni.

Vitnið Karl Tryggvason kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni H 1020, er hún mætti bifreiðinni H 700 við Klettstíu í Norðurárdal tiltekið sinn. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir því að ökuljós voru kveikt á H 700 og sér hafi virst sem þeirri bifreið væri ekið á eðlilegum hraða. Vitnið tók fram að veður á slysstað hefði verið þannig, að vindur hefði staðið þvert á akbrautina, svo að rykmökkurinn undan H 1020 og tengivagni, sem hefði verið tengdur henni, hefði fokið yfir á vinstri akrein miðað við akstursstefnu hennar. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli að ökumaður H 1020 hefði ekki vikið vel, er hann mætti H 700, og kvaðst vitnið telja, að árekstur inn hefði orðið mjög nærri enda tengivagnsins miðað við þá vegalengd, sem H 1020 hafi verið komin, þegar ökumaður hafi séð í baksýnisspegli hvað gerst hafði. Vitnið sagði, að mjög greinileg hemlaför hefðu verið eftir bifreiðina H 700, sem vitnið kvaðst hafa stigið og fundist vera 6-7 m löng. Far eftir vinstra hjól hefði verið á vegarhelmingi H 700, en far eftir hægra

hjól hefði alveg verið úti í lausamölinni við hægri vegarbrún, miðað við aksturssstefnu bifreiðarinnar. Hemlaförin hefðu verið í beinni línu og samsíða vegarbrúninni.

Vitnið Ásgeir E. Tómasson, sem var fyrsti vegfarandinn sem kom að slysinu eftir að það varð, kvaðst hafa séð hemlaför á veginum eftir bifreiðina H 700. Vinstra hemlafar hefði verið inni á veginum, en hið hægra í lausamölinni í kantinum á vegarhelmingi H 700. Hemlaförin hefðu legið samsíða vegarbrúninni. Kvaðst vitnið fyrir dómi greinilega muna eftir þessum hemlaförum.

Vitnið Kristvin Ómar Jónsson, lögreglumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem á staðinn kom vegna umferðarslyss þessa, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að gerðar hafi verið athuganir á vettvangi, þegar búið var að gera ráðstafanir til að flytja þá sem slasaðir voru. Við vettvangskönnun hafi engin hemla- og hjólför verið sjáanleg. Vitnið upplýsti að vettvangsuppdráttur hefði verið unninn eftir mælingum, sem lögreglumennirnir hefðu gert á staðnum, miðað við staðsetningu bifreiðanna er lögreglan kom á vettvang.

Ekki þykir ástæða til að rekja framburð frekar.

V.

Í máli þessu er um það ágreiningur með aðilum hvernig háttað var staðsetningu bifreiðanna á veginum er áreksturinn varð tiltekið sinn. Ekki verður um það ráðið af framburði ökumanna og engin utanaðkomandi vitni hafa komið fram sem sáu bifreiðarnar rekast saman. Þá ber vitnum þeim, sem á staðinn komu, ekki fyllilega saman um staðsetningu bifreiðanna eftir áreksturinn, en þar um þykir þó verða að byggja á vettvangsuppdrætti lögreglu, sem gerður var á grundvelli mælinga sem fram fóru á staðnum skv. vætti Kristvins Ómars Jónssonar lögreglumanns.

Vitnin Sigurður Hjálmarsson, Karl Tryggvason og Ásgeir E. Tómasson, sem á vettvang komu eftir slysið, báru það öll að hafa séð hjólför bifreiðarinnar H 700 á vegarhelmingi þeirrar bifreiðar. Frásagnir greindra vitna samrýmast því framburði Guðrúnar Ingimarsdóttur, eiginkonu stefnda Sigurðar K. Jónssonar, og vitnisins Snorra Sturlusonar um staðsetningu bifreiðarinnar H 700 á veginum fyrir áreksturinn.

Ekki verður talið að staðsetning bifreiðanna á veginum skv. vettvangsuppdrætti lögreglu mæli gegn því að áreksturinn hafi orðið á vegarhelmingi stefnda. Fram lagðar ljósmyndir og uppdráttur sýna meginákomustaði á vinstri framhornum bifreiðanna, sem er vísbending um að við áreksturinn hafi þær snúist í þá stöðu, sem uppdrátturinn sýnir. Verður því að telja nægilega í ljós leitt, að bifreiðin H 700 hafi verið í beinni aksturssstefnu á eigin vegarhelmingi þegar áreksturinn varð.

Með akstri sínum tiltekið sinn hefur stefnandi því, skv. framansögðu, einkum brotið gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og telst hann eiga meginsök á árekstrinum.

Svo virðist sem dráttarbifreiðinni H 1020 hafi verið ekið óvarlega miðað við aðstæður og vikið illa er hún mætti bifreið stefnda, H 700, tiltekið sinn. Var því fyllsta ástæða fyrir stefnda að draga mjög verulega úr ferð bifreiðar sinnar og sýna ýtrustu varkárni, er hann mætti bifreiðinni H 1020 og ók inn í rykmökkinn sem frá henni lagði. Telja verður að stefndi hafi ekki gætt þessa sem skyldi, auk þess sem ósannað er að hann hafi ekið með ökuljósum, sem var nauðsynleg varúðarráðstöfun miðað við aðstæður og akstursskilyrði tiltekið sinn. Þykir stefndi einkum hafa brotið gegn 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga og því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum. Rétt þykir, skv. 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, að skipta sök þannig að stefndu bæti stefnanda að 1/3 hluta tjón hans vegna árekstursins, en stefnandi beri tjón sitt sjálfur að 2/3 hlutum.

Liggur þá fyrir að fjalla um tölulega kröfugerð stefnanda sem grundvölluð er á örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, dags. 26. ágúst 1985, og tjónsútreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 24. september 1985 og 4. mars 1987.

Í örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, þar sem byggt er á upplýsingum úr fram lögðu vottorði Stefáns Carlssonar, læknis slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík, svo og skoðun og viðtali við stefnanda, segir svo í ályktun:

„Hér er um að ræða 47 ára gamlan lækni sem varð fyrir miklum áverkum í bílslysi fyrir tæpum 13 mánuðum, svo að hægri ökkli brotnaði og brákaðist þannig að gera þurfti staurlið bæði í subtalarlið og talocolarlið og er nú engin hreyfing í ökklanum. Vinstra hné brotnaði ofan við liðinn og skaddaðist neðri liðflötur lærleggs verulega og eru miklar hreyfingarhindranir í hnénu og augljóst að þar verður um að ræða miklar ótímabærar slitbreytingar, þannig að gera verður ráð fyrir að hnémeiðslin leiði til þess að Sigurður þurfi að fá gervilið í hnéð áður en lýkur. Vinstri olnbogi brotnaði þannig, að olecranon mölbrotnaði svo að liðfletir olnbogaliðarins eru verulega skemmdir og þar eru miklar hreyfingarhindranir og öruggt um ótímabærar slitbreytingar er leitt geta til þess að hreyfingar í olnbogaliðnum verði sárar eða enn meir takmarkaðar. Bæði viðbein brotnuðu og af þeim er orðin röskun á afstöðu axlargrindar báðum megin og af þeim leiðir nokkra bæklun. Eins og að framan er lýst er öll starfsgeta Sigurðar til líkamlegra starfa trufluð og takmarkast þannig að hann má heita ófær um allt nema að sinna einföldustu nauðþurftum. Hann getur til dæmis ekki ferðast einsamall nema rétt milli húsa og getur ekki verið óstuddur í mann-

þröng eða annars staðar þar sem hætta gæti verið á að hann félli til jarðar og getur þá ekki reist sig á fætur hjálparlaust. Geta til íþróttaiðkana eða sports er engin og líkamlegar æfingar ómögulegar nema þær allra léttustu. Sigurður var algjörlega frá störfum í sjö og hálfan mánuð. Næstu tvo mánuði á eftir var starfsgeta hans nokkru meiri, en síðustu þrjá til fjóra mánuði hefur starfsgetan verið óbreytt og ástand komið, eftir því sem best verður séð, í varanlegt horf. Tímabært er því að meta örorku þá er af slysinu hlaust og telst hún hæfilega metin 100% í sjö og hálfan mánuð, síðan 80% næstu tvo mánuði, síðan 60% varanleg."

Í útreikningum sínum hefur Jón Erlingur Þorlákssson tryggingafræðingur byggt á framangreindu örorkumati. Í síðari útreikningi hans, sem dags. er 4. mars 1987, segir nánar svo:

„Samkvæmt ljósritun af skattframtölum Sigurðar voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

	Laun frá Hrafnistu (DAS)	Reiknuð laun á læknastofu	Samtals
Árið 1981	263.654	47.375	311.029
Árið 1982	432.905	104.173	537.078
Árið 1983	682.294	145.309	827.603

Þegar tekjurnar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 1.929.900,00 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 1.144.400,00	999.900,00
2. árið eftir slysið	kr. 1.579.600,00	947.700,00
3. árið eftir slysið	kr. 1.895.000,00	1.137.000,00
Síðan árlega	kr. 1.929.900,00	1.157.900,00

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 789.200,00
Vegna varanlegrar örorku	kr. 10.444.000,00
Samtals	kr. 11.233.200,00

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi, 4. mars 1987, notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (15% frá slysdegi til 12/8 84, 17% frá 13/8 til 31/12 84, 24% frá 1/1 til 10/5 85, 22% frá 11/5 85 til 28/2 86, 12% frá 1/3 til 31/3 86,

9% frá 1/4 1986 til 20/1 87, 10% frá 21/1 til 20/2 87 og 11% frá 21/2 1987). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta."

Í aðalkröfu byggir stefnandi á fyrri örorkutjónsútreikningi tryggingafræðingsins, dags. 24. september 1985, og þrefaldar þá fjárhæð, og miskabótafjárhæð er þrefalt hærri í aðalkröfu en varakröfu. Er þetta í því skyni gert að krafan nái yfir þær hækkanir sem kunni að verða á tjóni stefnanda á næstu einu til tveimur árum, ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Samkvæmt þessari kröfugerð og málflutningi stefnanda eru það einungis fjárhæðir varakröfu sem koma til álita hér fyrir dómi.

Varakröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

Örorkutjón		kr. 11.233.200,00
Miskabætur		kr. 1.000.000,00
Munatjón		kr. 22.690,00
	Samtals	kr. 12.255.890,00

Krafa stefnanda vegna örorkutjóns er byggð á seinni útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 4. mars 1987, og sundurliðast nánar svo:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 789.200,00
Vegna varanlegrar örorku	kr. 10.444.000,00

Stefndu hafa mótmælt kröfugerð stefnanda að þessu leyti, þar sem við útreikning á vinnutekjutapi hans sé miðað við þá læknisfræðilegu örorku sem honum var metin vegna slyssins. Þá viðmiðun sé ekki hægt að nota, þar sem stefnandi gegni óbreyttu starfi eftir slysið og hafi nánast ekkert misst af föstum launum sínum.

Ákvörðun bóta vegna örorkutjóns er háð margþættu og um margt óvissu mati. Meðal viðtekinna viðmiðunargagna í því efni er læknisfræðilegt örorkumat svo og tjónsútreikningar tryggingafræðinga á grundvelli þeirra. Við mat á bótafjárhæð vegna örorkutjóns stefnanda þykir, auk framangreindra viðmiðunargagna, einnig mega taka tillit til þess að tekjutap hans fram til þessa vegna slyssins er óverulegt og að hann gegnir nú eftir sem áður fullu starfi sínu. Hins vegar ber og að líta til þess að meiðsli stefnanda eru til þess fallin að skerða starfsorku hans til framtíðar litið.

Að þessu virtu og að teknu tilliti til skattfrelsis bótanna, eingreiðslu þeirra og annars þess, sem virða ber, þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda vegna örorku alls kr. 6.000.000,00. Hefur þá einnig verið tekið tillit til ör-

orkulífeyrisgreiðslna, að fjárhæð kr. 360.000,00, sem stefnandi á rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með hliðsjón af meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut í slysinu, sjúkrasögu hans og heilsuhögum, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar með kr. 400.000,00.

Krafa stefnanda um bætur vegna munatjóns, að fjárhæð kr. 22.690,00, hefur ekki sætt andmælum og verður því tekin til greina að fullu.

Vanræksla stefnanda á notkun öryggisbeltis í akstri sínum tiltekið sinn þykir ekki eiga að hafa áhrif á bótakröfu hans til lækkunar, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 4. gr. laga nr. 55/1981.

Samkvæmt framansögðu telst heildartjón stefnanda vegna slyssins nema kr. 6.422.690,00 (6.000.000,00 + 400.000,00 + 22.690,00), sem dæma ber stefndu til þess að greiða stefnanda óskipt að 1/3 hluta í samræmi við fyrrgreinda sakarskiptingu með kr. 2.140.897,00.

Dæma ber vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, en þó þannig að reikna ber 22% ársvexti frá 11. maí 1985 til stefnubirtingardags, 10. febrúar 1986, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Þá ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 275.000,00, þar með talinn útlagður kostnaður samkvæmt reikningum, að fjárhæð kr. 27.960,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður K. Jónsson og Tryggingamiðstöðin hf., greiði stefnanda, Sigurði Jónssyni, óskipt kr. 2.140.897,00 með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 275.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. apríl 1989.

Nr. 262/1987. **Guðrún Gyða Ölvisdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Kreditkortum sf.
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. sama mánaðar. Gerir hún þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og máli þessu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hún sýknu af öllum kröfum stefndu og til þrautavara að kröfur stefndu verði takmarkaðar verulega. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar greiðsluskyldu áfrýjanda, með þeirri breytingu, að frá 15. apríl 1987 beri skuld áfrýjanda dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987. Þá krefjast þau málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málinu er ekki áfrýjað af hálfu Guðmundar Jónssonar og Bjargs sf. og er það því ekki til meðferðar hér fyrir dómi að því er þá aðila varðar.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi var í þinghaldi bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1985 bókað eftir lögmanni stefndu, að fallist væri á kröfu lögmanns áfrýjanda um að allar varnir mættu að komast og yrði málið þá rekið sem almennt skuldamál, er byggðist á lögskiptum aðila. Segir og í bókuninni að víxlar þeir, sem upphaflega var stefnt út af, teljist „ekki lengur grundvöllur í máli þessu". Þessi breyting á grundvelli málsins var í samræmi við ákvæði 1. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Samkvæmt bókun stefndu skyldi málið nú rekið sem al-

mennt skuldamál á hendur Bjargi sf. og eigendum þess. Forsendur málsóknar þeirra voru því breyttar, frá því er þau höfðuðu málið sem víxilmál. Bar stefndu því að gera skýra grein fyrir nýjum málsástæðum og lagarökum sínum svo að tryggt yrði, að vörn í málinu yrði réttilega fram færð. Hins vegar var í þinghaldi 8. janúar 1986 bókuð ný kröfugerð eftir lögmanni stefndu.

Enda þótt raktar séu í forsendum hins áfrýjaða dóms málsástæður og lagarök stefndu, er lóst, að hvorki í þinghaldi 8. janúar 1986, þegar kröfugerð þeirra var breytt, né við munnlegan málflutning 20. mars 1987 var nokkuð lagt fram eða bókað af þeirra hálfu um þessi efni, sbr. hins vegar nú 2. mgr. 230. gr. i.f. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Braut þetta í bága við reglur 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Af þessum sökum þykir bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði, að því er áfrýjanda varðar, frá og með 8. janúar 1986, þegar ný kröfugerð stefnda var bókuð, og vísa málinu að því leyti heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá og með 8. janúar 1986 eiga að vera ómerk að því er varðar áfrýjanda, Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur, og er málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi, Reykjavíkur með stefnu, birtri 2., 3. og 7. maí 1985, af Kreditkortum sf., 5690-2910, Ármúla 28, Reykjavík, gegn Guðmundi Jónssyni framkvæmdastjóra, nafnnr. 3084-0291, Goðheimum 15, Reykjavík, persónulega og f.h. Bjargs sf., fasteignamiðlunar, nafnnr. 1167-0385, Goðheimum 15, Reykjavík, Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur, nafnnr. 3322-2467, til heimilis að Þverbrekku 4, Kópavogi, og Hrólfi Ölvissyni, nafnnr. 4391-5517, Þjórsártúni, Ásahreppi, Rangárvallasýslu.

Mál þetta var upphaflega höfðað til greiðslu tveggja víxla, að fjárhæð

kr. 250.000,00 hvor víxill. Annar víxillinn var út gefinn og framseldur af stefndu Guðrúnu Gyðu hinn 4. febrúar 1985 í Reykjavík, en samþykktur til greiðslu af stefnda Guðmundi f.h. Bjargs sf. hinn 4. mars 1985 í Landsbanka Íslands, Reykjavík, ábektur af Hrólfi Ölvissyni og Guðmundi Jónssyni. Hinn víxillinn var út gefinn og framseldur af stefnda Guðmundi Jónssyni 4. febrúar 1985 í Reykjavík, en samþykktur til greiðslu af Guðmundi Jónssyni f.h. Bjargs sf. hinn 4. mars 1985 í Landsbanka Íslands, Reykjavík, ábektur af Hrólfi Ölvissyni og stefndu Guðrúnu Gyðu. Báðir víxlarnir voru án afsagnar og báru báðir áritunina „tryggingarvíxill".

Í þinghaldi 6. nóvember 1985 krafðist lögmaður stefnanda þess, að eftirfarandi yrði bókað: „Í dskj. nr. 4, greinargerð stefndu Guðrúnar Gyðu og Hrólfs, er gerð sú krafa af hálfu lögmanns stefndu Guðrúnar Gyðu og Hrólfs, að máli þessu verði vikið til venjulegrar meðferðar, auk áskorunar um að allar varnir megi að komast. Er á það fallist og er mál þetta rekið af lögmanni stefnanda sem almennt skuldamál er byggist á lögskiptum aðila. Gögn til sönnunar og staðfestu kröfum stefnanda verða lögð fram við næstu fyrirtöku máls. Þar sem málið verður framvegis ekki rekið sem víxilmál, heldur almennt skuldamál, á hendur Bjargi s.f. og eigendum þess, stefnda Guðmundi Jónssyni og stefndu Guðrúnu Gyðu, eru kröfur felldar niður á stefnda Hrólf án krafna um málskostnað úr hendi hans, en hann var ábekingur á dskj. nr. 2-3, víxlum. Skjöl þessi teljast ekki lengur grundvöllur í máli þessu. Ný og endurskoðuð kröfugerð mun lögð fram í næsta þinghaldi."

Í sama þinghaldi krafðist lögmaður stefndu Guðrúnar Gyðu og Hrólfs að bókað yrði að frávísunarkrafa stefndu Guðrúnar Gyðu og Hrólfs, sem fram kemur í greinargerð þeirra, byggi enn fremur á framangreindri bókun stefnda, þar sem því sé lýst að víxlar á dskj. nr. 2 og 3 séu ekki lengur grundvöllur málshöfðunarinnar og þar með fullnægi málshöfðunin ekki skilyrðum 104. gr., 105. gr., 114. gr. og 115. gr. eml. og beri því að vísa málinu frá dómi, sbr. 116. gr. eml., nr. 85/1936. Jafnframt kom fram sú krafa af hálfu stefnda Hrólfs, að honum yrði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Fór síðan fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefndu Guðrúnar Gyðu og málskostnaðarkröfu Hrólfs. Með úrskurði, upp kveðnum 19. nóvember 1985, var frávísunarkröfu stefndu Guðrúnar Gyðu hrundið, en stefnda Hrólfi úrskurðaðar kr. 5.500,00 í málskostnað.

Í þinghaldi 18. desember 1984 lagði stefnandi fram umsókn um Evrócard-kreditkort ásamt yfirlitum yfir úttektir og fleiri skjöl, og í framhaldi af framlagningu þessara skjala gerði lögmaður stefnanda breytingar á kröfugerð sinni til lækkunar.

Við munnlegan málflutning voru endanlegar dómkröfur stefnanda þær

að stefndu Guðmundi Jónssyni, Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur og Bjargi sf. yrði in solidum gert að greiða stefnanda, Kreditkortum sf., kr. 424.047,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 20. maí 1985 af kr. 352.798,23 til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum kr. 28.939,50.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefndu Guðrúnar Gyðu þá kröfu aðallega að málinu yrði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða henni málskostnað. Næði frávísunarkrafa ekki fram að ganga, var krafist sýknu og málskostnaðar til handa stefndu Guðrúnu Gyðu. Til þrautavara var krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum.

Af hálfu stefnda Guðmundar Jónssonar hefur ekki verið sótt þing.

Sættir voru reyndar án árangurs.

Endanlegar málsástæður stefnanda eru þær að eigendur Bjargs sf. hafi leitað til stefnanda, Kreditkorta sf., í því skyni að fá stefnanda til þess að láta þeim í té Evrócard-kreditkort tæpum mánuði eftir að fyrirtækið var skráð í firmaskrá. Hinn 19. september 1984 hafi stefndu Guðmundur Jónsson og Guðrún Gyða Ölvisdóttir óskað eftir því að verða skráð í viðskipti hjá Kreditkortum sf., þar sem þau yrðu talin réttir notendur kreditkorta. Þau hafi fengið afhent tvö kort, skráð á Bjarg sf., en undir nafni fyrirtækisins hafi verið skráð nöfn kortnotendanna, á öðru kortinu nafn Guðmundar Jónssonar, en hinu nafn Guðrúnar Gyðu Ölvisdóttur.

Stefnda Guðrún Gyða sé skv. tilkynningu til firmaskrár talin einn af stofnendum Bjargs sf. með ótakmarkaðri ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Tilgangur félagsins hafi verið fasteignasala og skyld starfsemi. Þeir sem riti firmað, séu Guðmundur Jónsson, Guðrún Gyða Ölvisdóttir og Hrólfur Ölvisson og undirriti þau öll tilkynningu til firmaskrár 21. ágúst 1984.

Umsókn um kreditkort sé undirrituð af stefndu Guðrúnu Gyðu, sem með því að leggja inn slíka umsókn takist á hendur skuldbindingar gagnvart stefnanda skv. viðskiptaskilmálum stefnanda.

Stefnda Guðrún Gyða hafi skv. eigin framburði starfað í hlutastarfi við fasteignasöluna og beri sem slík fulla ábyrgð á rekstri þess firma.

Máli þessu sé stefnt inn í skjóli þeirra trygginga, sem fyrir lágu, og var upphaflega höfðað sem víxilmál, en að kröfu lögmanns stefndu Guðrúnar Gyðu hafi verið fallist á að allar varnir kæmust að í málinu og málið upp frá því rekið sem almennt skuldamál. Í skjóli þessa hafi verið fallið frá kröfum á Hrólf Ölvisson, sem hafi verið mistök, þar sem hann hafi verið einn af stofnendum Bjargs sf. Í þinghaldi 8. janúar hafi verið lögð fram ný kröfugerð, sem hafi átt rætur að rekja til þessarar breyttu málsmeð-

ferðar. Málið sé höfðað á hendur Bjargi sf. og ábyrgðaraðilum þess firma og sameigendum þess réttilega stefnt í málinu.

Af hálfu stefndu Guðrúnar Gyðu hafi verið lagðar fram greiðslukvittanir á dskj. nr. 26-28. Tekið hafi verið tillit til innborgana skv. kvittunum á dskj. nr. 26 og 27 á yfirliti á dskj. nr. 8, en vegna innborgunar skv. kvittun á dskj. nr. 28 hafi stefnandi í munnlegum málflutningi lækkað stefnukröfur sem þeirri fjárhæð nemi.

Stefnandi telji, að stefnda Guðrún Gyða beri persónulega ábyrgð á þeim skuldum, sem Bjarg sf. hafi stofnað til við stefnanda, Kreditkort sf., og vísar í því sambandi til tilkynningar til firmaskrár og skýrslu Guðrúnar Gyðu fyrir dóminum um þátt sinn í félaginu og stofnun þess. Jafnframt kveðst stefnandi byggja kröfur sínar á umsókn um kreditkort á dskj. nr. 7.

Samkvæmt almennum reglum samningalaga hafi stofnast samningur milli Bjargs sf. og Kreditkorta sf. um ákveðin viðskipti. Þessi viðskipti hafi farið þannig fram að Bjarg sf. hafi keypt vöru og þjónustu með milligöngu Kreditkorta sf. Bjarg sf. hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar og beri eigendur þess fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins. Stefnda Guðrún Gyða hafi viðurkennt að hafa notað kort sem á stóð Bjarg sf. Guðrún Gyða Ölvisdóttir. Hún hafi skrifað undir umsókn um kort og greitt reikninga til stefnanda.

Af hálfu stefndu Guðrúnar Gyðu er því haldið fram að hún sé skuldlaus við stefnanda máls þessa. Málavextir séu þeir að í september 1984 hafi firmað Bjarg sf. fengið greiðslukort hjá firmanu Kreditkortum sf. Enn fremur hafi fengið greiðslukort stefndu Guðmundur Jónsson og Guðrún Gyða.

Kortanúmer Bjargs sf. hafi verið	5414-8370-3000
kortanúmer Guðmundar	5414-8370-3103
og Guðrúnar Gyðu	5414-8370-3111

Til tryggingar viðskiptum sínum hafi stefndi Guðmundur afhent tryggingarvíxil á dskj. nr. 2, en stefnda Guðrún Gyða hafi afhent tryggingarvíxil á dskj. nr. 3. Úttektarheimild hafi verið kr. 25.000,00.

Stefnda Guðrún Gyða sé skuldlaus við stefnanda og því hafi verið með öllu heimildarlaust að leita innheimtu á tryggingarvíxli á dskj. nr. 3 og sé sýknukrafan reist á þeirri málsástæðu.

Ábyrgð Guðrúnar Gyðu og Hrólfs á greiðslukorti meðstefnda, Guðmundar Jónssonar, taki til ábyrgðar á viðskiptaskuld, sem stofnað sé til með samningsbundnum lögmætum hætti. Skuld stefnda Guðmundar Jónssonar sem stofnað sé til eftir 4. mars 1985, en þá sé viðskiptasamningi sagt upp, sé stefndu Guðrúnu Gyðu með öllu óviðkomandi, enda sú starfsemi meint umboðssvik.

Á dskj. nr. 7, umsókn um kreditkort, komi fram að Guðmundur Jónsson

hafi sótt um kreditkort. Guðrún hafi sjálf ekki sótt um kort, heldur fullnægi einungis þeirri formskyldu að gefa rithandarsýnishorn. Hún hafi því ekki skuldbundið sjálfa sig skv. þeim skilmálum sem stefnandi setur varðandi viðskipti aðila.

Á dskj. nr. 9 sé korthafi að korti nr. 5414 8370 0046 3000 tilgreindur Bjarg sf. Til tryggingar þessu korti hafi verið lagður fram tryggingarvíxill, að fjárhæð kr. 250.000,00. Á dskj. nr. 10 sé korthafi að korti nr. 5414 8370 0046 3111 tilgreindur Guðrún Gyða Ölvisdóttir og til tryggingar þessu korti hafi verið lagður fram víxill að fjárhæð kr. 250.000,00.

Viðskipti með kort Bjargs sf. og Guðmundar Jónssonar hafi farið úr böndunum og verði að greina sundur þessi tvö kort. Stefndu Guðmundur og Guðrún Gyða hafi haft tvö aðskilin kort til afnota. Víxill á dskj. nr. 3 sé sá víxill sem verið hafi til tryggingar korti Guðrúnar Gyðu, sbr. dskj. nr. 10, en kort hennar hafi verið nr. 5414 8370 0046 3111. Notkun hennar á þessu korti sé skuldlaus (sic) og stefnda sé enn í viðskiptum við fyrirtækið. Guðmundur Jónsson hafi lent í óreglu og hafi Guðrún Gyða haft samband við stefnanda og óskað þess, að notkun kortsins, sem hann hafði, yrði stöðvuð. Hafi hún með því sýnt mikla ábyrgð. Henni hafi verið ljóst að hún bæri ábyrgð skv. tryggingarvíxlinum. Hún hafi leitast við að gera upp viðskipti þau, sem hún hafði skv. sínu korti. Hún hafi að fullu gert upp þau viðskipti, sem hún hafði stofnað til við stefnanda skv. korti nr. 5414 8370 0046 3111, og að baki þeim víxli, sem verið hafi til tryggingar þessu sérstaka korti, sé heldur engin skuld.

Ábyrgð Guðrúnar Gyðu á korti Guðmundar hljóti að vera innan þeirrar heimildar sem hann hafi haft til úttektar.

Skv. einhliða yfirlýsingu stefnanda hafi grundvelli málsins verið breytt. Af hálfu stefndu hafi einungis verið farið fram á að koma að vörnum í málinu.

Sýknukröfu sína byggði stefndi einnig á aðildarskorti skv. 45. gr. l. nr. 85/1936. Lögmaður stefnanda mótmælti þeirri málsástæðu sem of seint fram kominni við munnlegan málflutning.

Niðurstaða.

Við munnlegan málflutning um efnishlið málsins gerði lögmaður stefndu Guðrúnar Gyðu jafnframt kröfu um frávísun málsins án þess að hann óskaði sérstakrar bókunar um tilefni þeirrar kröfu eða að um hana yrði sérstaklega fjallað. Af flutningi lögmannsins mátti ráða að frávísunarkrafan væri byggð á sömu forsendum og frávísunarkrafa hans sem um var fjallað í þinghaldi 6. nóvember 1985 og synjað var með úrskurði upp kveðnum 19. sama mánaðar. Þegar af þeim sökum, að kröfu þessari hefur þegar verið hafnað með úrskurði, verður hún ekki tekin til greina.

Yfirlýsingu stefnanda í þinghaldi 8. janúar 1986 og áður er rakin, ber að túlka á þann veg að krafa stefnanda sé ekki lengur byggð á víxilréttinum, heldur séu víxlarnir áfram sönnunargögn í málinu sem skuldaviðurkenningar ásamt öðrum þeim gögnum, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu til stuðnings kröfum sínum.

Stefnandi lýsir lögskiptunum að baki fram lögðum víxlum þannig, að skuld stefndu sé til komin vegna úttekta stefndu með Evrócard-kreditkortum. Þau hafi ekki staðið í skilum við stefnanda og nemi skuld þeirra kröfufjárhæð þeirri sem gerð er í málinu.

Umsókn um Evrócard-kreditkort á dskj. nr. 7 er undirrituð af Guðmundi Jónssyni. Af umsókninni verður ráðið að sótt er um fyrirtækjakort á nafni Bjargs sf. og aukakort á sama reikning fyrir Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur. Í dálk vegna fyrirtækjakortsins gefur rithandarsýnishorn Guðmundur Jónsson, en vegna aukakortsins gefur rithandarsýnishorn Guðrún Gyða Ölvisdóttir.

Gunnar Bæringsson, framkvæmdastjóri stefnanda, kom fyrir dóm. Hann lýsti því að sótt hefði verið um tvö kort fyrir Bjarg sf. Sótt hefði verið um fyrirtækjakort og hefðu bæði kortin verið stíluð á Bjarg sf., en auk þess á nöfn notenda kortanna.

Stefnda Guðrún Gyða kom einnig fyrir dóm. Hún skýrði frá því að kort það, er hún hefði haft undir höndum og notað, hefði verið stílað á Bjarg sf., en nafn sitt tilgreint undir nafni fyrirtækisins.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að sýnt hafi verið fram á að fyrirtækið Bjarg sf. hafi haft til umráða tvö Evrócard-kreditkort frá stefnanda og að stefndi Guðmundur Jónsson hafi notað annað kortið, en Guðrún Gyða hitt.

Skv. tilkynningu til firmaskrár, er dags. var 21. ágúst 1984, en móttekin 22. ágúst s.á., var Guðrún Gyða einn af stofnendum Bjargs sf. með ótakmarkaðri ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sbr. dskj. nr. 23. Aðrir stofnendur félagsins voru Guðmundur Jónsson og Hrólfur Ölvisson. Með tilkynningu til firmaskrár á dskj. nr. 24, sem dags. er 1. mars 1985, en móttekin hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík 14. mars 1985, tilkynnir Guðrún Gyða Ölvisdóttir að hún hafi frá 1. mars 1985 hætt þátttöku sinni í Fasteignasölunni Bjargi sf.

Skv. fram lögðum yfirlitum fór síðasta úttekt fram 16. mars 1985. Ekki hefur verið sýnt fram á að auglýsing skv. 7. gr. l. nr. 42/1903 hafi verið birt, þegar úttektir skv. máli þessu fóru fram, né hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi haft vitneskju um tilkynninguna til firmaskrár.

Telja verður því að stefnda Guðrún Gyða Ölvisdóttir beri fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þeim sem Bjarg sf. stofnaði til við stefnanda og um er deilt í máli þessu, enda hefur af hálfu stefndu ekki verið mótmælt

að úttektir skv. fram lögðum yfirlitum hafi átt sér stað og enginn tölulegur ágreiningur er um úttektarfjárhæðir. Ber því skv. framansögðu að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefndu Guðrúnu Gyðu.

Engar varnir hafa verið hafðar uppi af hálfu Guðmundar Jónssonar og Bjargs sf. Er málið því dæmt á hendur þeim skv. fram lögðum skjölum og skilríkjum, sbr. 118. gr. l. nr. 85/1936.

Skv. þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, er Bjarg sf. sameignarfélag stefnda Guðmundar Jónssonar og Hrólfs Ölvissonar og var Guðmundi einum stefnt fyrir hönd Bjargs sf. þar sem Hrólfi Ölvissyni var stefnt í málinu persónulega. Þótt síðar væri fallið frá kröfum á hendur honum þykir mega telja að Bjargi sf. hafi verið fullnægjandi stefnt í málinu.

Þar sem fram lögð gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda á hendur Guðmundi og Bjargi sf. ber að taka kröfur hans á hendur þeim til greina.

Í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um dráttarvexti dæmast 2,75% dráttarvextir á mánuði af stefnufjárhæð frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvextir á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1987, en 2,5% dráttarvextir á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 93.000,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, settur borgardómari í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Jónsson, Guðrún Gyða Ölvisdóttir og Bjarg sf., greiði in solidum stefnanda, Kreditkortum sf., kr. 424.047,50 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 352.798,23 frá 20. maí 1985 til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 83.000,00 í málskostnað, allt að frá dregnum kr. 28.939,50, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. apríl 1989.

Nr.255/1987. **Guðmunda Gísladóttir og**
Jón Gíslason
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Ragnheiði Ólafsdóttur
Ólafi Ágústi Ólafssyni
Ástríði Ólafsdóttur
Arndísi Gísladóttur
Hildi Gísladóttur
Ólafi Gíslasyni
Ólafi Þorsteinssyni
Ágústu Áróru Þorsteinsdóttur
Valdísi Kristjánsdóttur
Guðrúnu Kristjánsdóttur
Steinunni Aagot Kristjánsdóttur og
dánarbúi Steinunnar Jónsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Erfðaskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 31. ágúst s.á. samkvæmt 20. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sbr. 96. gr. skiptalaga, nr. 3/1878. Kröfur þeirra eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að þau teljist einir og sameiginlegir erfingjar fasteignarinnar nr. 13 við Lindargötu í Reykjavík á grundvelli erfðaskrárviðauka hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur frá 12. maí 1955. Jafnframt krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Steinunn Jónsdóttir lést 14. mars 1988 og hefur dánarbú hennar tekið við aðild máls þessa.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing skiptaráðandans í Reykjavík 20. janúar 1989 þess efnis, að eignir dánarbús Guðmundu Þórunnar Gísladóttur séu, auk fasteignarinnar nr. 13 við Lindargötu og innbús, innstæður sparisjóðsbóka, sem hafi numið 334.945,11 krónum í júnímánuði 1986.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er rakið, að hjónin Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir gerðu sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá 8. september 1930. Þá er rakinn erfðaskrárviðauki sá, sem þau gerðu 12. maí 1955, þar sem þau arfleiddu Gísla Jónsson, systurson Guðmundu Þórunnar, að fasteigninni nr. 13 við Lindargötu að sér báðum látnum.

Með úrskurði Hæstaréttar 10. febrúar sl. var aðilum þessa máls gefinn kostur á að afla gagna, sem varpa kynnu frekara ljósi á arfleiðsluvilja hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur. Skýrslutaka fór fram í skiptarétti Reykjavíkur 6. mars sl., og liggur endurrit hennar fyrir Hæstarétti. Þar kemur fram, að Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, sem var annar tveggja votta að erfðaskránni 12. maí 1955, man ekki eftir þessari erfðaskrárgerð og telur mjög ólíklegt, að hann hafi sjálfur samið erfðaskrána. Auk Guðmundar komu fyrir skiptarétt til skýrslutöku áfrýjendur máls þessa og móðir þeirra, Hulda Sigurðardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Lindargötu 21, Reykjavík, sem þekkt hafði Guðmundu Þórunni Gísladóttur um árabil, Steinunn Helgadóttir, sem búið hefur að Lindargötu 13 frá árinu 1951, og stefndu Ástríður Ólafsdóttir og Ólafur Ágúst Ólafsson og Jón Hjaltason, sonur Steinunnar Jónsdóttur.

Af skýrslum framangreindra aðila og vitna er ljóst, að samband Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur og fjölskyldu Gísla Jónssonar hefur verið mjög náið, þau hafi verið nánast sem ein fjölskylda. Gísli Jónsson og kona hans, Hulda Sigurðardóttir, fluttust á fyrstu hæð hússins Lindargötu 13 árið 1948 með son sinn Jón ársgamlan, og þar fæddist dóttir þeirra, Guðmunda Þórunn, árið 1954. Guðmunda Þórunn yngri fluttist á efri hæðina til nöfnu sinnar, þegar hún var fimm ára, og var þar hjá henni þar til hún varð 18 ára. Hún kallaði hana alltaf „mömmu

uppi" eða „mömmu á loftinu". Guðmunda Þórunn eldri var alltaf hjá fjölskyldu Gísla Jónssonar á jólum og páskum og öðrum hátíðum og naut umönnunar þeirra og aðstoðar við heimilishald, eftir að hún varð lasburða. Þá kom einnig fram, að börn áfrýjanda, Jóns, kölluðu Guðmundu Þórunni ætíð ömmu.

Vitnið Brynjólfur Karlsson, sem var samstarfsmaður og vinur Gísla Jónssonar, hefur borið, að Gísli hafi talið sig skuldbundinn til að búa á Lindargötu meðan Guðmunda Þórunn lifði. Hafi Gísli og Hulda, eiginkona hans, verið mjög bundin yfir Guðmundu, ekki síst eftir að hún lærbrotnaði, og hafi þá nánast allt mætt á Huldu.

Vitnið Tryggvi Ólafsson, sem var samstarfsmaður Gísla í áratugi og náinn vinur hans, hefur borið, að Gísli hafi sagt sér, að hann gæti ekki farið af Lindargötunni, vegna þess að hann hefði tekið að sér að sjá um gömlu konuna. Væri hann erfingi að húsinu og gæti hann þess vegna ekki farið frá henni.

Hulda Sigurðardóttir stendur ekki að málsókn þessari, en fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að hún styður kröfur barna sinna.

Guðmunda Þórunn Gísladóttir andaðist 28. mars 1986 og hafði þá dvalist á hjúkrunardeild Hrafnistu frá árinu 1980. Samkvæmt vottorði Sigurðar Jónssonar, læknis Hrafnistu, var henni þegar við komuna þangað „mjög andlega aftur farið og hvorki áttuð (svo) á stað né stund" og var öll þau ár, sem hún var á Hrafnistu, „alls óhæf til að annast eða taka ákvarðanir í eigin málum". Gísli Jónsson andaðist 23. maí 1983, og er óumdeilt, að Guðmunda Þórunn var þá orðin andlega ófær um að gera breytingar á erfðaskrá sinni.

Guðmunda Þórunn Gísladóttir arfleiddi áfrýjanda Guðmundu að innbúi sínu árið 1976. Hjónin Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir ráðgerðu á árinu 1954 að arfleiða Barnaspítalasjóð Hringsins að öllum eignum sínum, og var það skráð á skjal það, sem erfðaskrárnar frá 1930 og 1954 eru ritaðar á, en var ekki undirritað. Fólst í því, að lögerfingjar tækju ekki arf eftir þau. Með þetta í huga og með hliðsjón af hinu nána sambandi, sem stofnast hafði milli hjónanna og Gísla Jónssonar og fjölskyldu hans, þykir mega skýra efni erfðaskrárviðaukans frá 12. maí 1955 á þann veg, að þau Engilbert og Guðmunda Þórunn hafi viljað ráðstafa húseigninni þannig, að hún rynni ekki til annarra en Gísla Jónssonar og fjölskyldu hans.

Ber því að taka kröfur áfrýjenda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Guðmunda Gísladóttir og Jón Gíslason, skulu teljast einu og sameiginlegir erfingjar að fasteigninni nr. 13 við Lindargötu í Reykjavík á grundvelli erfðaskrárviðauka hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur frá 12. maí 1955.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. desember 1986.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess 13. nóvember 1986.

Sóknaraðilar þess eru Guðmunda Gísladóttir, Sævangi 48, Hafnarfirði, og Jón Gíslason, Rauðagerði 43, Reykjavík. Þau krefjast þess að þau verði talin einir og sameiginlegir erfingjar fasteignarinnar númer 13 við Lindargötu, Reykjavík, á grundvelli erfðaskrárviðauka hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur, dagsetts 12. maí 1955. Sóknaraðilar krefjast einnig málskostnaðar í máli þessu úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðilar málsins eru Ragnheiður Ólafsdóttir, Varmahlíð, Skagafirði, Ólafur Ágúst Ólafsson, Kársnesbraut 107, Kópavogi, Ástríður Ólafsdóttir, Fornhaga 15, Reykjavík, Arndís Gísladóttir, Lindarseli 3, Reykjavík, Hildur Gísladóttir, Seljabraut 38, Reykjavík, Ólafur Gíslason, Álfatúni 17, Kópavogi, Ólafur Þorsteinsson, Hlíðarvegi 51, Kópavogi, Valdís Kristjánsdóttir, Fálkagötu 19, Reykjavík, Guðrún Kristjánsdóttir, Boðagranda 7, Reykjavík, Steinunn Aagot Kristjánsdóttir, Boðagranda 7, Reykjavík, Ágústa Áróra Þorsteinsdóttir, Dalsgerði 6D, Akureyri, og Steinunn Jónsdóttir, Bólstaðarhlíð 40, Reykjavík. Varnaraðilar krefjast þess að synjað verði kröfu sóknaraðilanna og viðurkennt að við skipti á dánarbúi Guðmundu Þórunnar Gísladóttur skuli fasteignin Lindargata 13, Reykjavík, koma til

skipta milli lögerfingja samkvæmt lögerfðareglum. Þá gera varnaraðilar óskipt kröfu um að sóknaraðilar greiði þeim in solidum málskostnað í máli þessu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Helstu málavextir eru þeir samkvæmt gögnum málsins að hjónin Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir gerðu með sér erfðaskrá 8. september 1930, þar sem þau arfleiða hvort annað að öllum eignum sínum. Hinn 12. maí 1955 gerðu hjónin viðauka við framangreinda erfðaskrá, en þar segir orðrétt:

„Að okkur báðum látnum skal húseign okkar nr. 13 við Lindargötu renna til Gísla Jónssonar brunavarðar hér í bæ.

Að öðru leyti fer um arf eftir okkur að lögum."

Engilbert Magnússon andaðist hinn 28. júní 1955 og var Guðmunda, eiginkona hans, einkaerfingi hans.

Erfingi að fasteigninni Lindargötu 13 að báðum látnum, Gísli Jónsson, andaðist 23. maí 1983, og fékk eftirlifandi maki hans, Hulda Sigurðardóttir, leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu búi. Guðmunda Þórunn Gísladóttir andaðist 28. mars 1986.

Uppskrift dánarbúsins fór fram 29. apríl 1986, og kom þá þegar fram sá skilningur sóknaraðila, að þar sem bréferfinginn, Gísli Jónsson, faðir þeirra, væri látinn, litu þau svo á, að þau væru réttmætir erfingjar að fasteigninni Lindargötu 13 í hans stað. Varnaraðilar málsins voru ekki tilbúnir þá þegar til þess að taka afstöðu hvað þetta snerti og var málinu frestað til 28. maí 1986 og svo aftur til 23. júní 1986. Í því réttarhaldi lýstu sóknaraðilar því að þau krefðust þess, að þau tækju þann arf, sem föður sínum var ætlaður í áðurgreindum erfðaskrárviðauka. Þessu mótmæltu aðrir lögerfingjar, þ.e. varnaraðilar máls þessa, og var því ákveðinn rekstur þessa sérstaka máls til úrlausnar um fram kominn ágreining. Var málið þingfest 8. september 1986.

III.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því að þau séu réttmætir bréferfingjar í stað látins föður síns, Gísla Jónssonar, og telja að við mat á réttmæti kröfu sinnar þurfi að hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum.

Engilbert og Guðmunda hafi engin börn átt og hafi Gísli Jónsson, systursonur Guðmundu, gengið þeim í sonar stað. Hafi Gísli og eiginkona hans, Hulda Sigurðardóttir, búið í húsi arfleiðenda frá árinu 1949 ásamt fjölskyldu sinni, og búi Hulda, ekkja Gísla, þar enn í dag. Hafi heilsu Engilberts hrakað mjög á árinu 1955 og hafi hann séð fram á að hann myndi falla frá á undan konu sinni. Hafi hann falið Gísla að annast hana eftir

sinn dag og kunngert honum að þau hjónin hefðu arfleitt hann að húsinu Lindargötu 13. Eftir andlát Engilberts hafi Gísli annast allt viðhald húseignarinnar. Nokkrum árum síðar hafi Guðmunda slasast og eftir það verið sjúklingur og í fæði hjá fjölskyldu Gísla til ársins 1980, er hún fór á sjúkrahús. Hafi sóknaraðilinn Guðmunda búið hjá nöfnu sinni, henni til trausts og halds, alveg frá árinu 1960.

Hafi öll sambúðarárin verið mikill samgangur milli fjölskyldnanna og hafi Gísli séð um fjármál Guðmundu og Hulda ásamt sóknaraðilum að Gísla látnum, þar til Guðmunda andaðist. Hafi sóknaraðilum verið ljúft að halda þessari umönnun áfram, enda hafi verið litið á Guðmundu sem eina af fjölskyldunni. Enn fremur hafi þeim þótt sér skylt að gera þetta vegna arfleiðslu Gísla að húseigninni Lindargötu 13, og hafi það m.a. verið talið umbun fyrir þetta starf. Hafi Guðmunda heitin ánafnað sóknaraðilanum Guðmundu allt innbú sitt eftir sinn dag, og sýni það, hvern hug Guðmunda bar til niðja Gísla Jónssonar, sem höfðu alist upp með henni sem hennar barnabörn væru.

Sóknaraðilar benda einnig á að við slysið hafi heilsu Guðmundu heitinnar hrakað mjög og einnig andlegri heilsu hennar og hafi hún verið orðin mikill sjúklingur þegar Gísli Jónsson lést. Hafi hún ekki gert sér grein fyrir dvalarstað sínum eða umhverfi og hafi verið algerlega ófær um að gera nokkra löggerninga eða breytingar á erfðaskrá, sem fullvíst megi telja að hún hefði gert eftir andlát Gísla, hefði heilsa hennar leyft. Rökstyðja sóknaraðilar ástand hennar með læknisvottorði, sbr. réttarskjal nr. 5.

Jafnframt benda sóknaraðilar á, að Gísli hafi verið 29 árum yngri en Guðmunda og 46 árum yngri en Engilbert og megi af staðreyndum þessum ályktа að eðlilegt hafi verið að arfleifendur hafi ekki gert ráð fyrir þeim möguleika við gerð erfðaskrárviðaukans, að Gísli myndi látast á undan öðru hvoru þeirra, og með tilliti til þess tilnefnt staðgengil eða staðgengla í stað Gísla. Megi fullvíst telja að hefðu þau eða aðstoðarmaður við gerð viðaukans komið auga á þennan möguleika, hefði verið bætt úr þessu á þann veg að tilnefna sóknaraðila sem erfingja með Gísla og eftir atvikum Huldu Sigurðardóttur. Sé reyndar ekki venja að slíkir vara-aðilar eða staðgenglar séu tilgreindir í erfðaskrám, heldur að erfðaskrám sé breytt við fráfall erfingja. Sóknaraðili telur að í þessu sambandi megi styðjast við 37. gr. erfðalaganna, nr. 8/1962, en 2. málsl. hennar hljóðar svo:

„Nú er leitt í ljós, að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlast og stafi það af misritun eða öðrum mistökum, og skal þá framkvæma ákvæðið í samræmi við það, sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, ef auðið er að staðreyna arfleiðsluviljann."

Hér hafi í raun og veru orðið mistök, sem voru í því fólgin, að ekki voru fleiri aðilar tilnefndir í erfðaskránni. Túlka verði erfðaskrána miðað

við, hver var raunverulegur vilji arfleifanda, og megi í því sambandi ekki binda túlkun einungis við erfðaskrána, heldur verði að líta á kringumstæður og aðstæður hverju sinni.

Sóknaraðilar benda á að arfleifendum hafi að sjálfsögðu verið kunnugt um að þeir ættu lögerfingja. Þeir benda á að ef skoðuð sé erfðaskrá, dagsett 8. september 1930, sbr. réttarskjal nr. 2, óundirritaður og yfirstrikaður viðauki frá árinu 1954 og undirritaður viðauki, dagsettur 12. maí 1955, og enn fremur erfðaskrá, dagsett 2. febrúar 1976, um arfleiðslu innbús til sóknaraðilans Guðmundu, komi í ljós að arfleifendur höfðu vilja til að ráðstafa eigum sínum með erfðaskrá, þ.e. notfæra sér þá heimild, sem þeir áttu lögum samkvæmt til að ráðstafa eigum sínum eftir sinn dag og með þeim hætti rýra erfðarétt lögerfingjanna. Megi ályktа út frá þessu að hefði Guðmunda verið heil heilsu við andlát Gísla, hefði hún gert nýja erfðaskrá þar sem hún hefði arfleitt sóknaraðila, sem voru heimilisfólk hennar og nánustu vinir, að fasteigninni.

Við munnlegan málflutning kom fram af hendi sóknaraðila að í raun og veru mætti líta svo á, að um tvíhliða samkomulag hefði verið að ræða milli Engilberts og Gísla á sínum tíma. Gísli hefði gefið þjónustuloforð, sem hann stóð við alla tíð og fjölskylda hans lét í té að honum látnum, gegn því að hann fengi fasteignina í staðinn. Hafi skyldur þessar, sem lagðar voru á Gísla, ungan manninn, verið honum og fjölskyldu hans fjötur um fót, hafi þau lítið getað ferðast og búið í of litlu húsnæði til þess að geta séð um gömlu konuna. Þau hafi átt stærra og betra húsnæði annars staðar, en dvalist hjá Guðmundu vegna sjúkleika hennar.

Að lokum benda sóknaraðilar á að í íslenskum lögum séu engin ákvæði um það, þegar bréferfingi deyr, hver skuli þá taka arf. Hins vegar sé ákvæði þess efnis að finna í 11. kafla finnska lagabálksins, en þar sé ákvæði þess efnis, að ef bréferfingi andist á undan arfleifanda eða erfðaskrá verði að öðru leyti ekki framkvæmd að því er hann varðar, þá skuli börn hans taka þann arf sem honum hefði borið, enda séu þau arfgeng eftir hann og ekki leiði annað af atvikum. Þetta sé m.a. ástæðan fyrir því að sóknaraðilar máls þessa séu aðeins börn bréferfingjans, en ekki maki hans, auk þess sem hún, þ.e. makinn, vilji, að börn sín hljóti arfinn. Telja sóknaraðilar þess ekki langt að bíða að framngreint ákvæði finnsku laganna verði sett í lög hér á landi. Sé fordæmi fyrir því að norrænni löggjöf hafi verið beitt hér á landi, þegar íslensk lög þryti, sbr. hæstaréttardóm frá árinu 1981, bls. 610.

IV.

Varnaraðilar telja, að arfleiðsla falli niður við andlát bréferfingja og að arfur sá, sem hann hefði hlotið, ef hann hefði verið á lífi, falli til lögerfingja

arfleifandans. Varnaraðilar benda á eftirfarandi atriði máli sínu til stuðnings.

Það sé viðtekin kenning í íslenskum rétti og raunar norrænum, að arfleiðsla sé persónuleg, þannig, að arfleiðsla falli niður, ef bréferfingi andast á undan arfleifanda. Komi þetta fram í fræðiritum og hafi verið lagt til grundvallar í dómum. Þýði þetta að því aðeins komi lögerfingjar bréferfingja í stað hans að bein fyrirmæli séu um það í erfðaskránni sjálfri. Í settum lögum nokkurra ríkja, sem nærri okkur standa, hafi verið mælt fyrir um að í vissum tilvikum komi sumir af erfingjum látins bréferfingja í stað hans. Séu slík lagafyrirmæli í sjálfu sér ekki annað en staðfesting á að slík skipan þarfnist beinna lagafyrirmæla.

Varnaraðilar benda og á að niðurstaða í þessu máli hljóti að ráðast beint af framangreindum skýrum lagasjónarmiðum íslensks réttar. Verði niðurstaða aldrei byggð á hugleiðingum hvort líklegt sé eða ólíklegt að Guðmunda Þórunn Gísladóttir hefði viljað að sóknaraðilar kæmu í stað föður síns, Gísla Jónssonar. Það, sem máli skipti, sé, að engin slík fyrirmæli sé að finna í erfðaskránni sjálfri.

Varnaraðilar benda og á að í málinu liggi ekki fyrir neinar sérstakar líkur á að Guðmunda hefði viljað að börn Gísla kæmu í stað hans að honum látnum. Hefði henni og Engilbert verið í lófa lagið að kveða á um þetta í erfðaskránni sjálfri, hefði vilji þeirra staðið til þess. Hafi þeim auðvitað verið ljóst, að Gísli kynni að andast á undan þeim, þótt yngri væri hann að árum. Hafi enginn vafi verið talinn leika á reglum íslensks réttar að þessu leyti og hefðu þau átt auðvelt með að afla sér vitneskju um þær. Megi á það benda að þau hafi líklega við gerð erfðaskrárviðaukans 12. maí 1955 notið aðstoðar hæstaréttarlögmanns þess sem vottar undirskriftir þeirra.

Enn fremur benda varnaraðilar á, að Guðmunda heitin hafi átt ágæt og kærleiksrík samskipti við fjölmarga ættingja sína. Sé það ekkert dregið í efa að samskipti hennar við móður sóknaraðila og þá sjálfa hafi verið góð og að þetta fólk hafi reynst henni vel. Hafi það enn fremur notið góðs af því, til dæmis með því að hafa jafnan afnot af íbúð hennar. Af góðum samskiptum verði hins vegar ekki dregnar neinar ályktanir um arfleiðsluvilja, enda væru réttarreglur um erfðaskrár þá óþarfar. Ef leysa ætti mál þetta eftir formála sóknaraðila og talið yrði að arfleiðslan ætti að vera einshvers konar endurgjald fyrir góð samskipti og tilsjón Gísla Jónssonar og fjölskyldu hans, þá væri sjálfsagt eins líklegt að ekkja Gísla, Hulda, ætti að taka arfinn. Kjarni málsins sé sá að ekki sé mögulegt að skipta arfi eftir slíkum hugleiðingum eftir á um arfleiðsluviljann. Komi arfleiðsluvilji ekki fram í erfðaskránni sjálfri með beinum eða óbeinum hætti, hafi hann ekki þýðingu við skipti.

Benda varnaraðilar að lokum á, að vel megi vera, að Guðmunda og eftir atvikum Engilbert hafi beinlínis leitt hugann að því, hvert arfurinn myndi renna, ef svo færi, að Gísli andaðist á undan hinu langlífara þeirra, og megi vel vera að þau hafi í því falli viljað að þá skyldi arfleiðslan falla niður og lögerfingjar taka við. Hafi þetta verið vilji þeirra, var engin ástæða til þess að geta um það sérstaklega í erfðaskránni, enda hafi þau varla mátt búast við því að menn myndu að þeim látnum smíða þeim arfleiðsluvilja sem ekki kæmi fram í erfðaskránni.

V.

Mál þetta snýst um það, hver skuli taka arf í því tilviki, þegar bréferfingi andast á undan arfleifanda og ekkert er tekið fram um það í erfðaskránni, hvernig með arfinn skuli þá fara. Erfðaskrá sú, sem hér er til umfjöllunar, hljóðar svo:

„Við undirrituð hjón, Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir, gerum hér með svofelldan viðauka við framanskráða erfðaskrá, er við undirrituðum 8. sept. 1930: Að okkur báðum látnum skal húseign okkar, nr. 13 við Lindargötu, renna til Gísla Jónssonar, brunavarðar hér í bæ. Að öðru leyti fer um arf eftir okkur að lögum."

Erfðaskrá þessi verður að teljast nokkuð skýr að efni, og er enginn ágreiningur um túlkun efnis hennar, svo langt sem það nær. Ágreiningurinn er um það, hvort við fráfall bréferfingjans komi börn hans eða aðrir niðjar í stað hans eða hvort slík arfleiðsla sé persónubundin og að arfur, sem bréferfingi hefði annars hlotið, renni til lögerfingja hans.

Í íslenskum rétti og dönskum hefur það verið talið gróin fyllingarregla, að arfleiðsla sé persónuleg. Felst í því að andist bréferfingi á undan arfleifanda, taki börn hans og aðrir niðjar bréferfingjans ekki þann hlut, sem bréferfingjanum var ætlaður, og hefur almennt verið talið, að hlutur sá, sem hinn látni bréferfingi á að hljóta, skuli renna til lögerfingja arfláta, sé annars ekki getið. Þetta er þó ekki einhlítt. Þegar skýra á efni erfðaskráa þarf meðal annars að reyna að staðreyna hver hafi verið raunverulegur vilji arfleifanda.

Eins og áður sagði er orðalag erfðaskrárinnar skýrt og enginn ágreiningur um efni hennar, heldur um það hvort arfleifendur í þessu máli hefðu orðað erfðaskrána á annan hátt, hefðu þeir gert sér grein fyrir því, að bréferfinginn myndi andast á undan öðru þeirra. Sóknaraðilar hafa bent á að ekki megi túlka erfðaskrána einungis eftir efni hennar, heldur verði að hafa aðstæður allar og kringumstæður til hliðsjónar.

Það hlýtur að vera athugunarefni að kanna hver hafi verið vilji arfleifenda. Ljóst er að vilji þeirra stóð til að Gísli Jónsson fengi húsið að Lindargötu 13 eftir þeirra dag. Spurningin er hins vegar hvort þau hafi leitt

hugann að því hvert arfurinn myndi fara ef svo kynni að fara að Gísli andaðist á undan öðru þeirra eða báðum. Fólk deyr óháð aldri, svo að ekki er hægt að fallast á þá fullyrðingu sóknaraðila að þar sem arfleifendur hafi verið töluvert eldri en Gísli hafi þau ekki leitt hugann að þeim möguleika að hann kynni að andast á undan þeim.

Ekki verður heldur fallist á þá röksemd sóknaraðila að við gerð erfðaskrárinnar hafi átt sér stað mistök, sbr. 37. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, sem voru í því fólgin að hugsa ekki út í að setja staðgengil eða staðgengla í stað Gísla. Það er alþekkt vandamál við gerð erfðaskráa að fólk gerir sér ekki grein fyrir því hvað tíminn muni bera í skauti sér, enda þess kostur oftast að gera nýja erfðaskrá. Ekki þykja sóknaraðilar málsins hafa sýnt fram á það að hér hafi verið um að ræða mistök af hálfu arfleifanda.

Sú staðreynd, að arfleifendur hafi gert erfðaskrár, fyrst 8. september 1930, aðra, sem aldrei var undirrituð, á árinu 1954, þessa, sem um er deilt í máli þessu, hinn 12. maí 1955 og Guðmunda hina síðustu 2. febrúar 1976, þarf ekki að þýða að með því hafi arfleifendur sýnt það að þau hafi haft vilja til að rýra rétt lögerfingja sinna, og verður ekki heldur af þessu dregin nein ályktun þess efnis að hefði Guðmunda verið heil heilsu við andlát Gísla hefði hún gert aðra erfðaskrá, þar sem hún hefði arfleitt sóknaraðila að fasteigninni. Allt eins mætti halda því fram að hún hefði þá ráðstafað eigninni til einhvers annars, hefði hún verið til þess bær, sbr. áðurnefndan yfirstrikaðan erfðaskárviðauka frá árinu 1954, en samkvæmt honum skyldu eignir arfleifenda að báðum látnum renna til Barnaspítalasjóðs Hringsins.

Sú fullyrðing sóknaraðila, að það sýni hug Guðmundu til niðja Gísla Jónssonar, að hún skuli hafa ánafnað Guðmundu allt innbú sitt með erfðaskrá, þykir ekki eiga við rök að styðjast. Sýnir þessi ráðstöfun hennar einungis, hvern hug hún bar til nöfnu sinnar, Guðmundu, ekki annarra.

Það kann vel að vera rétt, að Engilbert hafi litið svo á, að Gísla bæri að annast um Guðmundu, þar sem hann fengi húseignina í staðinn, og eins kann það vel að vera rétt að Gísli hafi talið sér skylt að annast Guðmundu vegna erfðaskrárinnar. Hins vegar hefur komið fram, að tengsl þessara tveggja fjölskyldna voru mikil og að litið hafi verið á Gísla sem son arfleifenda, konu hans sem tengdadóttur þeirra og börn hans sem barnabörn. Þegar til þess er litið, er ekkert óeðlilegt við það, að þau hafi talið sér skylt að annast um Guðmundu eftir að hún var orðin sjúklingur og átti ekki auðvelt með að sjá um sig sjálf, án tillits til þess, hvort Gísli myndi erfa fasteignina eða ekki. Erfðaskráin var án skilyrða, Gísli skyldi erfa fasteignina. Arfleifendum hefði verið í lófa lagið að tilnefna staðgengla hans, og verður ekki fallist á þá fullyrðingu sóknaraðila að slíkt sé ekki tíðkað. Ef það hefði verið einlægur vilji þeirra að einhverjir aðrir en lögerfingjar sínir fengju íbúðina, var þeim í lófa lagið að gæta þess.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður ekki tekin til greina sú krafa sóknaraðila að þau verði talin einir og sameiginlegir erfingjar fasteignarinnar Lindargötu 13, Reykjavík, og skal fasteignin koma til skipta milli lögerfingja samkvæmt lögerfðareglum.

Þykir eftir atvikum rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

Gréta Baldursdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila um, að þau verði talin einir og sameiginlegir erfingjar að fasteigninni Lindargötu 13, Reykjavík, er hafnað, og kemur fasteignin til skipta milli lögerfingja samkvæmt lögerfðareglum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. apríl 1989.

Nr. 148/1989. **Ákæruvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. apríl 1989, sem barst Hæstarétti 24. s.m. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1989.

Ár 1989, föstudaginn 21. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Að morgni hins 9. apríl sl. lagði Y, fædd ... 1957, fram kæru á hendur X, fæddum ... 1961, fyrir að hafa nauðgað sér þá um nóttina í íbúð á 1. hæð til hægri að ... hér í borg, en lögreglan var kvödd þangað kl. 5.46 um morguninn. Hefur vitnið skýrt svo frá, að kvöldið áður hafi það hitt X í íbúð að ... , þar sem þau voru bæði gestkomandi. Þaðan hafi verið farið á skemmtistað, þar sem vitnið hafi dansað við hann einn dans. Að loknum dansleik hafi vitnið haldið í íbúð í ... en þar hafi vitnið ætlað að gista. Hafi vitnið viljað losna við X, sem hafi orðið samferða því, en ekki tekist það. Hafi X síðan ráðist á vitnið, rifið utan af því nærbuxur og bol og haft samfarir við vitnið að því nauðugu, en vitnið kveðst hafa veitt mótspyrnu eftir megni.

Samkvæmt læknisvottorði um skoðun á Y kl. 6.16 um morguninn var hún með eymsli dreifð um allan hársvörð og a.m.k. tvo marbletti framan á hálsi. Þá var hún með sár á baki, sem virtist vera eftir neglur, og þar var einnig mar. Fjölmargir marblettir voru á vinstri handlegg fyrir ofan úlnlið. Doði og hiti var á vinstri upphandlegg og einnig var þar mar. Nokkrir marblettir voru á hægri framhandlegg. Sár var á framanverðu hægra læri og marblettir á því innanverðu og virtust þeir vera eftir fingur. Hrufl var við hægri ökkla og mar yfir hægra hælbeini. Mar var síðan á rist vinstri fótleggjar og annar marblettur yfir ökklaliðnum innanverðum og marblettur var einnig utanvert á vinstra læri.

Við skoðun á kynfærum hennar sama dag voru ytri barmar þeirra þrútnir og einnig voru smárispur á þeim. Að auki var sár hægra megin og fersk rifa var á húðinni milli minni og stærri barma. Önnur rifa var vinstra megin á sambærilegum stað. Húðin var klístrug. Tíðartappi var í leggöngum. Við smásjárskoðun sáust engar sæðisfrumur, hvorki frá húð né leggöngum.

Ákærði var skoðaður kl. 14.20 greindan dag. Á vinstri öxl hans voru tvö sár með roða og mari, og vottaði fyrir tannaförum í kanti. Á baki hans voru fjórar grunnar, nýlegar rispur. Rétt aftan við vinstri holhönd voru þrjár stuttar bogadregnar rispur, sem líktust mest naglaförum.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að botn hjónarúms í ofangreindri íbúð var brotinn niður um miðju. Rauðir blettir voru í laki þess og rúmföt í mikilli óreiðu. Sloppur og bolur, sem var rifinn frá hálsmáli niður úr, fundust framan við rúmið og rifnar nærbuxur fundust á salerni.

Tveir sæðisblettir fundust í nærbuxum ákærða. Þá fundust þrír sæðisblettir í laki rúmsins og einnig tveir blóðlitaðir blettir.

Tvö vitni bera að hafa komið að Y og X nöktum í umræddu hjónarúmi laust eftir kl. 5.00 um morguninn og hafi Y þá verið grátandi. Þá hefur annað vitni skýrt svo frá, að það hafi hringt þrisvar í síma í íbúðinni á milli kl. 4.00 og 5.00. Kveðst vitnið hafa heyrt í Y og jafnframt karlmannsrödd, auk þess sem það hafi heyrt mikil læti eins og eitthvað gengi á í tvö fyrri skiptin, en í þriðja skiptið hafi svo til samstundis verið skellt á.

X var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa hinn 9. þ.m. til kl. 16.00 í dag. Hann hefur neitað sök, en kannast við að hafa lent í einhverjum átökum við Y.

Í dag var gefin út ákæra á hendur X, þar sem honum er gefið að sök að hafa greint sinn með ofbeldi þröngvað Y til holdlegs samræðis, og brotið talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Jafnframt er þess krafist af hálfu ríkissaksóknara, að ákærða verði með vísan til 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 30. júní nk. kl. 16.00.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Hinn 4. nóvember 1986 var ákærði dæmdur í 2½ árs fangelsi í Hæstarétti fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 8. apríl sl. var ákærða veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar vegna þess dóms, auk eftirstöðva refsinga vegna þriggja varðhaldsdóma, þar sem ákærði var dæmdur í samtals 4½ mánaðar varðhald, aðallega vegna ölvunarakstursbrota. Var honum veitt reynslulausn á samtals 345 daga eftirstöðvum. Samkvæmt því var rétt liðinn sólarhringur, frá því að ákærði var laus til reynslu, þar til hann var kærður fyrir brot það, sem nú hefur verið ákært út af.

Svo sem rakið hefur verið er ákærði undir rökstuddum grun um mjög alvarlegan verknað. Hefur ákærði áður hlotið dóm vegna samkynja brots og hann er nú sakaður um. Ætla má, að brot ákæra, ef sannað telst, varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu ákæruvaldsins til greina og gera ákærða að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í máli þessu, en þó eigi lengur en til föstudagsins 30. júní nk. kl. 16.00, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því eigi til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Ákærði, X, sæti gæsluvarðhaldi áfram til uppkvaðningar dóms í máli þessu, en þó eigi lengur en til föstudagsins 30. júní 1989 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 2. maí 1989.

Nr. 19/1988. **Ragnar Kjartansson**
(Jón Magnússon hdl.)
gegn
þrotabúi Hafskipa hf.
(Gestur Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1988. Hann gerir þær dómkröfur í aðalsök, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, allar kröfur sínar fyrir skiptarétti verði teknar til greina, en þær eru, „að viðurkennd verði krafa og réttur áfrýjanda til þess að skuldajafna kröfu sinni á hendur þrotabúi Hafskipa hf., að fjárhæð 125.390 Bandaríkjadalir, umreiknað í íslenskar krónur miðað við gengi Bandaríkjadals, þegar bú Hafskipa hf. var tekið til skipta, kr. 41.52, samtals kr. 5.206.193,00 við öllum kröfum þrotabúsins á hendur sér, þ.m.t. kr. 700.000,00, sem er krafa þrotabúsins um endurgreiðslu bifreiðaláns, og kröfu þrotabúsins, að fjárhæð kr. 622.753,00, vegna viðurkenndra úttekta áfrýjanda". Í gagnsök krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að hafnað verði öllum kröfum aðaláfrýjanda á hendur þrotabúi Hafskipa hf. og að staðfestur verði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur um greiðsluskyldu aðaláfrýjanda til þrotabúsins. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð umsögn Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, annars vegar um útreikninga Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. og hins vegar um útreikninga Helga Magnús-

sonar, löggilts endurskoðanda, á viðbótartekjum aðaláfrýjanda. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Helga Magnússonar 10. júní 1987 til lögmanns aðaláfrýjanda.

Í greinargerð aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti kemur fram sú málsástæða, að engin sundurliðun liggi fyrir á úttektum aðaláfrýjanda, heldur séu lagðar saman úttektir hans og Björgólfs Guðmundssonar og þeim samanlögðu úttektum skipt í tvennt, án þess að nokkur tilraun sé gerð til að leiða í ljós raunverulegar úttektir aðaláfrýjanda. Hafi gagnáfrýjandi því ekki lagt fram fullnægjandi gögn fyrir kröfum sínum á hendur aðaláfrýjanda. Í málflutningi fyrir Hæstarétti mótmælti gagnáfrýjandi þessari málsástæðu sem of seint fram kominni. Í greinargerð aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði var þessari málsútlistun gagnáfrýjanda ekki andmælt, enda byggir aðaláfrýjandi sjálfur kröfur sínar á sameiginlegum úttektum ósundurgreint og lagði þannig grundvöll málsins í upphafi. Er því fallist á það með gagnáfrýjanda, að málsástæða þessi sé of seint fram komin.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, er ágreiningur milli aðila um eftirtalin atriði: I. Hvernig skýra skuli hugtakið „skattar" í samningum aðaláfrýjanda og Hafskipa hf. II. Hvort framreikna skuli rekstrarárangur ársins 1977 til verðlags viðkomandi rekstrarárs við útreikning á „rekstrarafkomu/bættri afkomu". III. Hvort hagnaður hafi orðið hjá Hafskipum hf. árið 1984. IV. Hvað greitt var inn á hlaupareikninga og hver staða þeirra var í lok hvers árs.

I. Skattar. Fallast ber á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um þetta atriði með vísan til forsendna hans.

II. Framreikningur hagnaðar. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, gerði aðaláfrýjandi samninga við Hafskip hf. um viðbótarlaun, sem nema skyldu ákveðnum hundraðshluta af „rekstrarafkomu félagsins frá árinu 1977", eins og segir í samkomulaginu sem gert var í júní 1978, eða „bættri afkomu félagsins frá 31/12 1977", eins og segir í samningnum frá 14. ágúst 1980. Báðir aðilar hafa lýst yfir, að enginn efnismunur sé á samningunum þrátt fyrir mismunandi orðalag, tilgangurinn hafi verið sá að veita aðaláfrýjanda hlutdeild í bættri afkomu félagsins milli ára. Deilt er um það, hvernig ákvarða skuli bætta afkomu félagsins miðað við árið 1977. Við ákvörðun á bættri afkomu félagsins verður að miða við raunverulega afkomu þess. Þykir því rétt að framreikna hagnað ársins

1977 til þess að finna raunverulega bætta rekstrarafkomu félagsins. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að fallast á niðurstöðu hans um framreikning miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

III. Hagnaður ársins 1984. Aðaláfrýjandi byggir á því, að hagnaður hafi orðið af rekstri Hafskipa hf. árið 1984 samkvæmt ársreikningi félagsins það ár, og eigi því að reikna viðbótarlaun af bættri rekstrarafkomu félagsins það ár miðað við árið 1977. Hinn 6. desember 1985 var bú Hafskipa hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Aðaláfrýjandi hefur ekki leitt í ljós, að hagnaður hafi orðið af rekstri hlutafélagsins árið 1984. Ber því að hafna kröfu hans um viðbótarlaun fyrir það ár.

IV. Staða hlaupareikninga. Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar með vísan til forsendna hans.

Samkvæmt framansögðu er öllum kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök hafnað, en staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar í gagnsök.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 2.849.153,00 krónur með vöxtum svo sem í dómsorði segir, en ekki er ágreiningur um vexti.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir skiptarétti falli niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 250.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Öllum kröfum aðaláfrýjanda, Ragnars Kjartanssonar, er hafnað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, þrotabúi Hafskipa hf., 2.849.153,00 krónur með mánaðarlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: af 15.087,00 krónum 4,5% frá 1. janúar 1982 til 21. apríl s.á., 4% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 5% frá þeim degi til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 1. janúar 1984, af 313.087,00 krónum 3,25% frá 1. janúar 1984 til 21. s.m., 2,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. janúar 1985, af 622.753,00 krónum 2,75% frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 3,75%

frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 6. desember s.á., en af 2.849.153,00 krónum 3,75% frá 6. desember 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 6. maí s.á., en frá þeim degi með árlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: 30% til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 14. júlí s.á., en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Heimilt er að færa á fallna dráttarvexti til höfuðstóls á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1985.

Málskostnaður fyrir skiptarétti fellur niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 250.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 31. desember 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 15. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili í aðalsök er Ragnar Kjartansson, nnr. 7173-8167, Vogalandi 11, Reykjavík.

Varnaraðili í aðalsök er þrotabú Hafskipa hf., nnr. 3504-0528, Reykjavík.

Hinn 25. september 1986 var ákveðið á skiptafundi í búinu að reka mál þetta fyrir skiptarétti á grundvelli 112. gr. l. nr. 6/1978, þar sem upp kom ágreiningur um viðurkenningu á lýstri kröfu sóknaraðila í þrotabú Hafskipa hf. Málið var þingfest 28. október s.á.

Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í skiptarétti Reykjavíkur 14. júlí 1987, kom fram gagnkrafa þrotabús Hafskipa hf. á hendur sóknaraðila í aðalsök. Varð um það samkomulag með málsaðilum að reka aðalsök og gagnsök í einu máli.

Dómkröfum málsaðila var í upphafi lýst í greinargerðum þeirra, en var breytt með bókunum í þinghaldi 15. desember sl. Endanlegar dómkröfur eru eftirfarandi:

Í aðalsök gerir sóknaraðili, Ragnar Kjartansson, eftirtaldar kröfur:

1. að viðurkenndur verði með úrskurði skiptaréttarins réttur sóknaraðila til þess að skuldajafna kröfu, er hann telur sig eiga á hendur varnaraðila, að fjárhæð kr. 700.000,00, gegn kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila um endurgreiðslu á bifreiðakaupaláni að sömu fjárhæð,

2. að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til að skuldajafna kröfu, er hann telur sig eiga á hendur varnaraðila, að fjárhæð 125.390,00 Bandaríkjadali, að frá dregnum kr. 700.000,00, gegn viðurkenndum kröfum, að fjárhæð kr. 622.753,00, og öðrum hugsanlegum kröfum, er þrotabúið kynni að gera á hendur honum.

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili í aðalsök, þrotabú Hafskipa hf., krefst þess, að hafnað verði kröfu sóknaraðila.

Í gagnsök krefst sóknaraðili, þrotabú Hafskipa hf., sjálfstæðs úrskurðar um að varnaraðila í gagnsök, Ragnari Kjartanssyni, beri að greiða sóknaraðila kr. 2.849.153,00 auk 4,5% drv. á mánuði af kr. 15.087,00 frá 1.1. 1982 til 21.4. s.á., en með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en með 5% drv. á mánuði frá þ.d. til 21.10. 1983, en með 4,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 21.11. s.á., en með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til 21.12. s.á., en með 3,25% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1984, en af kr. 313.087,00 frá þ.d. til 21.1. s.á., en með 2,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en með 2,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1985, en af kr. 622.753,00 frá þ.d. til 1.2. s.á., en með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.3. s.á., en með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 3,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 6.12. s.á., en af kr. 2.849.153,00 frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.4. s.á., en með 2,25% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.3. 1987, en með 2,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 6.5. s.á., en með 30% drv. á ári frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 33,6% drv. á ári til 14.7. s.á., en drv. skv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Þess er einnig krafist, að heimilt verði að færa á fallna dráttarvexti til höfuðstóls á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. l. 25/1987, í fyrsta sinn 1.1. 1983.

Í gagnsök krefst varnaraðili, Ragnar Kjartansson, sýknu af öllum kröfum sóknaraðila auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þessir helstir:

Með úrskurði, dags. 6. desember 1985, var bú Hafskipa hf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðili, Ragnar Kjartansson, hafði sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Hafskipa hf. fengið hjá félaginu lán, að fjárhæð kr.

700.000,00, til bifreiðakaupa. Lán þetta hafði ekki verið endurgreitt, þegar bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

Með kröfulýsingu, dags. 6. maí 1986, í þrotabú Hafskipa hf. lýsti sóknaraðili kröfu í búið, að fjárhæð kr. 700.000,00, til skuldajafnaðar gegn endurgreiðslukröfu varnaraðila vegna bifreiðakaupalánsins.

Jafnframt gerði sóknaraðili í kröfulýsingunni fyrirvara um frekari skuldajöfnuð, allt að jafnvirði 125.390,00 Bandaríkjadala, vegna óuppgerðra viðbótarlauna, sem hann taldi sig eiga inni hjá félaginu, til að mæta öðrum þeim kröfum, sem þrotabúið kynni að eiga á hendur honum.

Með bréfi, dags. 7. júní 1986, höfnuðu skiptastjórar þrotabúsins skuldajafnaðarkröfu sóknaraðila.

Á skiptafundi í búinu 25. september 1986 varð, eins og áður segir, samkomulag um það að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining málsaðila.

Ágreiningsefnið á rætur að rekja til ólíkrar túlkunar málsaðila á starfskjörum sóknaraðila hjá Hafskipum hf. Þykir því rétt að gera grein fyrir þeim samningum, sem sóknaraðili hafði gert á starfstímanum við félagið um kjör sín og skipta máli við úrlausn ágreiningsins.

Í júní árið 1978 mun hafa verið gert samkomulag við framkvæmdastjóra Hafskipa hf. um starfskjör þeirra, sbr. frásögn af því samkomulagi á dskj. nr. 2.

Samkvæmt því skyldi sóknaraðili fá viðbótarlaun umfram föst mánaðarlaun frá 1. janúar 1978. Skyldu þau nema „2% af rekstrarafkomu félagsins frá árinu 1977, þ.e. hagnaður á undan fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum", eins og segir í ódagsettri yfirlýsingu Ólafs B. Ólafssonar, fyrrverandi varaformanns félagsins, um samkomulagið.

Viðbótarlaunin skyldu renna sameiginlega til sóknaraðila og Björgólfs Guðmundssonar, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins.

Í yfirlýsingu Ólafs B. Ólafssonar segir, að þar sem greiðslugeta fyrirtækisins sé erfið og líklegt, að greiðslur geti dregist, sé um það samkomulag, að við útreikning á viðbótarlaunum skyldu þau umreiknuð yfir í Bandaríkjadali miðað við meðalgengi hvers tekjuárs og skyldi reikna innstæðuvexti „af dollarainnstæðum að meðaltali frá 1/2 tekjuári", eins og segir í yfirlýsingunni.

Greiðslur viðbótarlaunanna skyldu fara í gegnum sérstakan bankareikning, sem stofna átti, og vera í vörslu framkvæmdastjóranna.

Af reikningi þessum skyldi einnig greiða ýmsan kostnað, „jaðarkostnað", og útgjöld framkvæmdastjóranna vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu.

Samningur þessi var í gildi til 14. ágúst 1980, en þá voru gerðar á honum breytingar og viðbætur, sem tóku gildi frá 1. janúar s.á. Helstu breytingar frá fyrra samkomulagi voru þessar:

Félagið skyldi lána hvorum framkvæmdastjóranna kr. 150.000 (15 millj.

kr.) til bifreiðakaupa. Lánið skyldi vera vaxtalaust og endurgreitt á tíu árum og afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Hafskip hf. tóku að sér að greiða slysa/líftryggingu framkvæmdastjóranna.

Þá var hundraðshluti viðbótarlauna hækkaður úr 2% í 3,5% „af bættri afkomu félagsins" frá 31. desember 1977. „Er útreikningur hagnaðar á undan fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum", eins og segir í undirritaðri yfirlýsingu þáverandi starfsmanna stjórnar félagsins, þeirra Alberts Guðmundssonar formanns, Ólafs B. Ólafssonar varaformanns og Sveins R. Eyjólfssonar ritara, um samkomulagið. Í skjali þessu, sem er dskj. nr. 3, kemur fram, að einstök atriði samkomulagsins voru ekki bókuð í fundargerðabók félagsins, en tillaga um kjör framkvæmdastjóranna samþykkt í heild af stjórn þess.

Með samkomulagi, dags. 15. desember 1983, var enn gerð breyting á starfskjörum sóknaraðila, þegar svo var samið, að „prósenta lækki um þriðjung árið 1984", þ.e. hundraðshlutinn lækkar úr 3,5% í 2,33%.

Þá var einnig áformað að endurskoðun færi fram á launakjörum í desember 1984, en úr því varð ekki.

Handskrifað samkomulag þetta, sem er dskj. nr. 4, staðfesta þeir Sveinn R. Eyjólfsson, Ólafur B. Ólafsson, Björgólfur Guðmundsson og sóknaraðili, Ragnar Kjartansson, allir með ritun upphafsstafa nafna sinna.

Er hér var komið sögu, var sóknaraðili orðinn stjórnarformaður Hafskipa hf. Samkomulag þetta átti hins vegar við um launakjör sóknaraðila samkvæmt yfirskrift þess, en þar stendur: „Tillaga um launakjör frá 1/1 84 (BG+RK)."

Önnur ákvæði þessara starfssamninga eru ágreiningsefninu óviðkomandi.

III.

Sóknaraðili telur að inneign sín hjá þrotabúinu vegna ógreiddra viðbótarlauna nemi 125.390,00 Bandaríkjadölum, og er sú fjárhæð byggð á útreikningum Helga Magnússonar, fyrrverandi endurskoðanda Hafskipa hf., á grundvelli kjarasamninga þeirra, er áður hefur verið lýst. Verður gerð grein fyrir þeim útreikningum síðar.

Í þinghaldi 15. desember sl. lýsti lögmaður varnaraðila yfir, að af hálfu varnaraðila væri það ekki vefengt, að sóknaraðili hefði á grundvelli fyrrgreindra samninga öðlast kröfu á hendur Hafskipum hf., að fjárhæð 200.156,00 Bandaríkjadali (400.313,00 : 2), sbr. útreikning Valdimars Guðnasonar endurskoðanda, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Á hinn bóginn hafi sóknaraðili ávísað af hlaupareikningum félagsins fjárhæðum

umfram launaeign sína, og nemi sú upphæð 36.763,00 Bandaríkjadölum á gengi 41.52, þ.e. kr. 1.526.400,00.

Ágreiningslaust er með málsaðilum að sóknaraðili skuldar varnaraðila kr. 700.000,00 vegna bifreiðakaupaláns þess sem varnaraðili fékk hjá Hafskipum hf. árið 1983. Sóknaraðili viðurkennir, að sér beri að endurgreiða lánið, en krefst þess að mega nota launakröfu sína til skuldajöfnunar á móti þeirri endurgreiðslukröfu varnaraðila.

Samkvæmt greinargerðum sóknaraðila krefst hann einnig viðurkenningar á skuldajafnaðarrétti gegn kröfum varnaraðila, að fjárhæð kr. 622.753,00, vegna fimm tilgreindra greiðslna af hlaupareikningi nr. 2878 sem síðar varð reikningur nr. 12878 í Útvegsbanka Íslands.

Kveður sóknaraðili þessar greiðslur hafa verið skuldfærðar á Hafskip hf. ýmist vegna mistaka eða þar sem fylgiskjöl skorti til að færa rök fyrir greiðsluskyldu félagsins. Virðist sóknaraðili krefjast skuldajafnaðarréttar vegna þessara greiðslna án þess beinlínis að viðurkenna greiðsluskyldu sína.

Varnaraðili, þrotabú Hafskipa hf., gerir gagnkröfu á hendur sóknaraðila um greiðslu kr. 2.849.153,00.

Gagnkrafan sundurliðast þannig:

Skuld vegna bifreiðakaupaláns	kr.	700.000,00
Skuld vegna úttektar á hlaupareikningum nr. 2878 og 12878 í Útvegsbanka Íslands	kr.	622.753,00
Oftekin viðbótarlaun 36.763,00 Bandaríkjadalir á gengi 41,52	kr.	1.526.400,00
Samtals	kr.	2.849.153,00

IV.

Svo sem fram kemur í III. kafla hér að framan, er í málinu ekki deilt um fjárhæðir úttekta sóknaraðila af hinum svokallaða jaðarreikningi. Ágreining málsaðila má hins vegar rekja til deilu þeirra um útreikning viðbótarlauna.

Í málinu liggja frammi skýrslur tveggja endurskoðenda, þeirra Helga Magnússonar og Valdimars Guðnasonar, þar sem viðbótarlaunin hafa verið reiknuð út með ólíkum hætti.

Helgi Magnússon telur, að viðbótarlaun sóknaraðila hafi numið 300.378,00 Bandaríkjadölum (600.757,00 : 2), en Valdimar Guðnason telur launin hins vegar nema 200.156,00 Bandaríkjadölum (400.313,00 : 2).

Til glöggvunar þykir rétt að birta hér yfirlit endurskoðendanna í heild.

Helgi Magnússon gerir grein fyrir útreikningi, greiðslu og stöðu viðbótarlauna tveggja framkvæmdastjóra Hafskipa hf. með eftirfarandi hætti:

	1977	*1978*	*1979*	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*ALLS 1978-1985*
Hagnaður á undan fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum	1.700	4.830	8.440	11.720	22.717	61610	111.865	62.548		
- 1977		(1.700)	(1.700)	(1.700)	(1.700)	(1.700)	(1.700)	(1.700)		
Ball frá 1977		3.130	6.740	10.002	21.017	59.910	110.165	60.848		
		2%	2%	3½%	3½%	3½%	3½%	2⅓%		
Launaviðbót í ísl.kr.		62	135	350	736	2.097	3.856	1.419		
Meðalgengi Bandaríkjadals		2.723	3.529	4.801	7.262	12.559	25.071	31.742		
í Bandaríkjadölum		22.800	38.300	72.900	101.300	1166.459	153.794	44.704		600.757
Úttekin laun í Bandaríkjadölum		0	(20.400)	0	(25.305)	(39.810)	(47.863)	(70.442)	(133.858)	(337.678)
(Aukning) minnkun biðreiknings í Bandaríkjadölum		0	(13.711)	(18.039)	(18.732)	(51.034)	(52.882)	(38.310)	83.227	(109.481)
Vaxtatekjur í Bandaríkjadölum		570	1.781	3.973	11.680	19.517	19.548	23.466	16.647	97.182
Eftirstöðvar í Bandaríkjadölum		23.370	29.340	88.174	157.117	252.749	325.346	284.764	250.780	250.780

Útreikningar Valdimars Guðnasonar um sama atriði eru þannig:

	1977	*1978*	*1979*	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*ALLS 1978-1985*
Hagnaður að viðbættum fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum	1.589	4.612	8.107	11.305	21.258	59.404	108.358			
- 1977		(2.362)	(3.461)	(5.376)	(8.163)	(12.734)	(21.669)			
Ball frá 1977		2.250	4.646	5.929	13.095	46.670	86.689			
		2%	2%	3½%	3½%	3½%	3½%			
Launaviðbót í ísl.kr.		45	93	208	458	1.633	3.034			
Meðalgengi Bandaríkjadals		2.723	3.529	4.801	7.262	12.559	25.071			
í Bandaríkjadölum		16.526	26.353	43.324	63.068	130.026	121.016			400.313
Úttekin laun í Bandaríkjadölum		0	(20.400)	0	(25.305)	(39.810)	(47.863)	(70.442)	(1333.858)	(337.678)
(Aukning) minnkun biðreiknings í Bandaríkjadölum		0	(35.540)	(59.968)	6.659	(52.553)	(53.356)	(29.564)	82.758	(141.564)
Vaxtatekjur (vaxtagjöld) í Bandaríkjadölum		413	150	(1.458)	(839)	3.181	4.461	2.247	(2.752)	5.403
Inneign (skuld) í Bandaríkjadölum		16.939	(12.498)	(30.600)	12.983	53.827	78.085	(19.674)	(73.526)	(73.526)

Fram kemur í skýrslunum og framburði endurskoðendanna hér fyrir dómi að ólíkrar niðurstöðu þeirra er að rekja til eftirtalinna atriða:

1. hvort við útreikning tekna fyrir skatta vegna áranna 1977 til og með árinu 1984 skuli tekið tillit til aðstöðugjalds, kirkjugarðsgjalds og ýmissa launatengdra opinberra gjalda,

2. hvort við útreikning á „rekstrarafkomu/bættri afkomu" skuli framreikna rekstrarárangur ársins 1977 til verðlags viðkomandi rekstrarárs,

3. hvort hagnaður hafi verið af rekstri Hafskipa hf. árið 1984, þannig að hægt sé að reikna sóknaraðila viðbótartekjur sem hlutfall af „rekstrarafkomu/bættri afkomu" félagsins,

4. ágreinings um fjárhæðir innborgana á hlaupareikninga 2878 (12878) og hlaupareiknings nr. 921, sem síðar varð reikningur nr. 10921, og stöðu þeirra í lok hvers árs á því tímabili, sem hér skiptir máli.

Í þinghaldi 15. desember sl. er bókað, að lögmenn aðila séu sammála um að meginágreiningur máls þessa snúist um áðurnefnd atriði.

V.

Málsástæður aðila:

Sóknaraðili í aðalsök, Ragnar Kjartansson, byggir kröfu sína á því að hann hafi gert gilda samninga við Hafskip hf. um launakjör, bæði föst laun og viðbótarlaun. Vísar hann til skýrslu Helga Magnússonar endurskoðanda um útreikningsaðferðir og fjárhæð viðbótarlaunanna. Samkvæmt þessu sé á því byggt, að hagnaður hafi verið á rekstri Hafskipa hf. árin 1978 til og með 1984.

Við útreikning viðbótarlauna á grundvelli bættrar afkomu félagsins beri að bæta við rekstrarafkomuna ekki einvörðungu tekju- og eignarskatti, heldur einnig öllum opinberum gjöldum. Þá sé óheimilt að framreikna rekstrarafkomu ársins 1977 þegar tekin er viðmiðun af rekstrarafkomu félagsins önnur ár.

Vegna slæmrar fjárhagsstöðu félagsins hafi verið talið eðlilegt að viðbótarlaun væru ekki greidd út, en stæðu inni hjá félaginu.

Sóknaraðili byggir á því, að félagið hafi skuldað sér samtals 125.390,00 Bandaríkjadali, þegar það var tekið til skiptameðferðar 6. desember 1985. Þrátt fyrir þessa skuld búsins gerir sóknaraðili ekki frekari kröfur á hendur því en nemur þeim fjárhæðum, sem hann yrði talinn skulda búinu.

Af hálfu varnaraðila í aðalsök, þrotabús Hafskipa hf., er á því byggt, að samkvæmt útreikningi Valdimars Guðnasonar endurskoðanda eigi sóknaraðili ekki inni laun hjá félaginu og séu því skilyrði skuldajafnaðar ekki fyrir hendi.

Samningar þeir, sem sóknaraðili gerði við stjórn Hafskipa hf. um viðbótarlaun sín, séu um margt óljósir og að þeim staðið með óvenjulegum

hætti. Þannig komi samningarnir ekki fram í gerðabókum félagsins, og launainneignar sóknaraðila sé hvorki getið í ársreikningum né bókhaldsgögnum þess. Þrátt fyrir þetta sé því þó ekki haldið fram af hálfu varnaraðila að samningarnir séu ógildir. Hins vegar beri sóknaraðili sönnunarbyrðina fyrir því að samningarnir séu þess efnis sem hann heldur fram, enda hafi sóknaraðili sem formaður stjórnar borið verulega ábyrgð á gerð reikninga félagsins. Sé því rík ástæða til að gera strangar kröfur um sönnun þess að sóknaraðili hafi átt inni laun hjá félaginu við gjaldþrot þess.

Við gjaldþrot félagsins hafi skuld sóknaraðila numið 36.763,00 Bandaríkjadölum umfram inneign hans.

Niðurstaða.

Samkvæmt málflutningi varnaraðila í aðalsök er af hans hálfu ekki vefengt, að samkomulag hafi orðið með sóknaraðila, Ragnari Kjartanssyni, og Hafskipum hf., um launakjör sóknaraðila með þeim hætti og þess efnis, sem fram kemur í dskj. nr. 2-4. Byggir varnaraðili hvorki á því að samningar þessir hafi verið gerðir án vitundar og umboðs stjórnar félagsins né heldur að þeir samkvæmt efni sínu séu andstæðir samþykktum þess og ákvæðum hlutafélagalaga.

Sóknaraðili var framkvæmdastjóri Hafskipa hf. á þeim tíma, er samningar þeir, sem frá greinir á dskj. 2 og 3, voru gerðir, en hafði tekið við stöðu stjórnarformanns 15. desember 1983, þegar samningunum um launakjör framkvæmdastjóranna á dskj. nr. 4 var breytt. Af hálfu varnaraðila er ekki vefengt, að sóknaraðili hafi sem stjórnarformaður átt að njóta sömu kjara og framkvæmdastjóri félagsins.

Af hálfu varnaraðila er viðurkennt, að fjárkrafa sú, sem sóknaraðili öðlaðist á hendur Hafskipum hf. á grundvelli samninganna á dskj. nr. 2-4, hafi numið 200.656,00 Bandaríkjadölum (400.313,00 : 2) samkvæmt útreikningum Valdimars Guðnasonar endurskoðanda.

Á hinn bóginn telur varnaraðili að þrotabúið eigi hærri kröfur á hendur sóknaraðila en nemur viðurkenndri kröfu hans. Sé þessi krafa varnaraðila til komin vegna úttekta sóknaraðila af hlaupareikningum félagsins sem í vörslu hans voru og nemi 36.763,00 Bandaríkjadölum eða kr. 1.526.400,00 á gengi 41, 52.

Sóknaraðili telur sig hins vegar eiga hærri launakröfu en viðurkennt er af hálfu varnaraðila eða 125.390,00 Bandaríkjadali. Vísar hann til útreikninga Helga Magnússonar endurskoðanda því til stuðnings.

Ágreining málsaðila um kröfu sóknaraðila má samkvæmt yfirlýsingu lögmanna þeirra rekja til atriða 1-4, sem lýst er í IV. kafla.

Verður nú tekið til við úrlausn þeirra í sömu röð og þar er getið.

Ágreiningur um skatta.

Samkvæmt samningum sóknaraðila skyldu viðbótarlaun hans reiknuð sem ákveðið hlutfall af rekstrarafkomu Hafskipa hf. að viðbættum fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum. Greinir málsaðila á um það hvort við rekstrarafkomuna skuli bæta öllum opinberum gjöldum eða einvörðungu tekju- og eignarskatti.

Engar skýringar eru á því í samningum sóknaraðila hvað átt sé við með hugtakinu skattur í þessu sambandi. Af gögnum málsins er ekki að sjá að þetta atriði hafi komið til sérstakrar umræðu milli samningsaðila.

Af framburði Sveins R. Eyjólfssonar hér fyrir dómi má ráða að samningurinn hafi í upphafi verið gerður til þess að tryggja framkvæmdastjórum félagsins hlutdeild í batnandi afkomu þess.

Þegar þetta er haft í huga telur dómurinn að skýra beri hugtakið skattur í samkomulaginu þannig að átt sé við þá skatta sem tengjast afkomu félagsins og hreinum eignum þess, þ.e. tekju- og eignarskatt. Er það einnig í samræmi við viðurkenndar venjur í reikningsskilum.

Í áðurgreindu yfirliti Valdimars Guðnasonar endurskoðanda á skuldaskiptum málsaðila er á þessu byggt og þykir mega leggja útreikning hans til grundvallar um þetta atriði.

Ágreiningur um framreikning hagnaðar ársins 1978.

Í málinu er ágreiningur um það hvort við útreikning á „rekstrarafkomu/bættri afkomu" skuli framreikna rekstrarárangur ársins 1977 til verðlags viðkomandi rekstrarárs.

Ekki er að finna nein ákvæði í samningum um launakjör sóknaraðila varðandi þetta atriði.

Svo sem áður hefur verið frá greint var það tilgangurinn með gerð samninganna um viðbótarlaunin að sóknaraðili sem framkvæmdastjóri og síðar stjórnarformaður Hafskipa hf. öðlaðist hlutdeild í bættri afkomu félagsins milli ára. Ágreiningslaust er, að sá hagnaður, sem varð af rekstri félagsins árið 1977, skyldi notaður til viðmiðunar. Til þess að finna bætta rekstrarafkomu tiltekins árs átti að draga frá hagnaði ársins hagnað viðmiðunarársins.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína varðandi þetta atriði á því að ekkert ákvæði sé að finna í samningunum um framreikning hagnaðar ársins 1977 og því sé slíkur framreikningur óheimill. Sveinn R. Eyjólfsson og Ólafur B. Ólafsson, sem sæti áttu í 14 manna stjórn félagsins, hafa borið fyrir dómi að ekki hafi komið til tals meðal þeirra stjórnarmanna, sem sömdu við sóknaraðila um viðbótarlaunin, að framreikna skyldi hagnað ársins 1977 til verðlags viðkomandi árs.

Varnaraðili heldur því fram að framreikna beri hagnað ársins 1977 til

raungildis viðkomandi tekjuárs til að finna raunverulega bætta rekstrarafkomu félagsins.

Ljóst má vera, að raungildi þess hagnaðar, sem varð af rekstri Hafskipa hf. árið 1977, hefur rýrnað árlega vegna þeirrar þróunar, sem varð í verðlags- og peningamálum á þeim tíma sem útreikningur viðbótarlaunanna tekur til.

Ef fallist yrði á sjónarmið sóknaraðila og ekki tekið tillit til framangreindrar verðlagsþróunar myndi sóknaraðili, auk hlutdeildar í bættri rekstrarafkomu félagsins, njóta sérstaks hagnaðar af raungildisrýrnun hagnaðar viðmiðunarársins við útreikning viðbótarlaunanna.

Samningar sóknaraðila um launaviðbætur sér til handa voru sérstaks eðlis og höfðu þann afmarkaða tilgang að tryggja sóknaraðila hlutdeild í bættri afkomu félagsins miðað við tiltekið viðmiðunarár. Upplýst er að staðið var að samningsgerðinni um margt með óvenjulegum hætti. Gildir hið sama um meðferð samninganna innan félagsins eftir gerð þeirra. Einnig er komið fram að launainneignar sóknaraðila var hvorki getið í ársreikningum félagsins né bókhaldsgögnum þess. Framburður þeirra tveggja fyrrverandi stjórnarmanna Hafskipa hf., sem komið hafa fyrir dóminn, er óljós um það atriði hver hafi verið vitneskja stjórnarinnar í heild um einstök framkvæmdaratriði samninganna.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga og virtur er tilgangur samninganna, leiða eðlisrök og reikningsskilavenjur til þess, að skýra beri samninga aðila svo að við útreikning viðmiðunarlaunanna skuli framreikna viðmiðunarárið. Gagnstæður framburður þeirra Sveins R. Eyjólfssonar og Ólafs B. Ólafssonar, fyrrum stjórnarmanna hins gjaldþrota félags, þykir, eins og hér stendur á, ekki verða lagður til grundvallar við úrlausn þessa atriðis. Þá þykja lög nr. 13/1979 eigi heldur standa í vegi fyrir þeirri niðurstöðu.

Valdimar Guðnason endurskoðandi hefur í útreikningum sínum byggt á því, að framreikna beri viðmiðunarárið, og miðað þar við breytingu á byggingarvísitölu árin 1978 til 1983. Með hliðsjón af ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þykir á þá útreikningsaðferð mega fallast.

Ágreiningur um hagnað ársins 1984.

Deilt er um það hvort hagnaður hafi verið af rekstri Hafskipa hf. árið 1984, svo að hægt sé að reikna sóknaraðila viðbótartekjur sem hlutfall af „rekstrarafkomu/bættri afkomu" félagsins það ár.

Krafa sóknaraðila um viðurkenningu skuldajafnaðarréttar er á því reist að samkvæmt ársreikningi Hafskipa hf. árið 1984 hafi hagnaður af rekstri félagsins að viðbættum afskriftum, fjármagnskostnaði og sköttum numið

kr. 62.548.000,00. Beri sér því viðbótarlaun af bættri rekstrarafkomu félagsins það ár miðað við afkomu þess árið 1977.

Hinn 6. desember 1985 var bú Hafskipa hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Í framhaldi af því fór fram rannsókn á reikningsskilum félagsins sem tók til ársins 1984. Fyrir liggur í málinu skýrsla um reikningsskil Hafskipa hf. fyrir það ár. Í skýrslunni er ársreikningur Hafskipa hf. vefengdur í veigamiklum atriðum og komist að þeirri niðurstöðu að enginn hagnaður hafi í raun verið af rekstri félagsins það ár gagnstætt því sem fram kemur í ársskýrslu félagsins.

Réttur sóknaraðila til viðbótarlauna vegna rekstrarársins 1984 er samkvæmt samningnum bundinn því skilyrði, að hagnaður hafi orðið af rekstri félagsins það ár.

Þótt leitað sé úrlausnar dómsins um þetta ágreiningsefni hafa málsaðilar ekki lagt fram gögn, sem geri dómnum kleift að meta, hvort greindu skilyrði sé fullnægt. Verður því, svo sem málatilbúnaði er háttað, ekki tekin afstaða til þess í dómsúrlausn þessari hvort sóknaraðili kunni að eiga kröfu um launaviðbót vegna þess árs. Þykir, eins og hér stendur á, heimilt með vísan til 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 að dæma varnaraðila sýknu að svo stöddu af kröfum sóknaraðila um viðurkenningu launaviðbótar árið 1984.

Að fenginni þeirri niðurstöðu, sem komist er að um framangreind ágreiningsefni, þykir mega leggja til grundvallar þann útreikning Valdimars Guðnasonar, að fjárhæð viðbótarlauna sóknaraðila hafi numið 200.656,00 Bandaríkjadölum (USD 400.313,00 : 2).

Ágreiningur um stöðu hlaupareikninga.

Í II., III. og IV. kafla hér að framan er gerð grein fyrir bankareikningum þeim sem greiðslur viðbótarlauna fóru í gegnum og voru í vörslu framkvæmdastjóra Hafskipa hf.

Aðila greinir á um fjárhæðir innborgana á reikningana og stöðu þeirra í árslok. Byggir sóknaraðili á yfirliti Helga Magnússonar, en varnaraðili á yfirliti Valdimars Guðnasonar um þetta atriði undir liðnum „(Aukning) minnkun „biðreiknings" í USD". Samkvæmt framburði Valdimars Guðnasonar hér fyrir dómi má rekja ólíkar niðurstöður endurskoðendanna um stöðu reikninganna til mismunandi innborgana á reikningana árin 1979, 1980 og 1983 og stöðu þeirra í árslok þessara ára.

Útskriftir þessara bankareikninga liggja frammi í málinu. Staðfesta þær niðurstöðu Valdimars Guðnasonar um stöðu biðreikningsins.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, og þeirri niðurstöðu, sem áður var komist að um fjárhæð viðbótarlauna sóknaraðila, höfðu framkvæmdastjórar Hafskipa hf., svo sem greinir í yfirliti Valdimars Guðnasonar, til

samans tekið út af biðreikningi 73.526,00 Bandaríkjadali umfram það sem viðbótarlaunum þeirra nam (337.678,00 + 141.564,00 + 5.403,00 = 478.839,00 - 400.313,00 = 73.526,00).

Sóknaraðili í gagnsókn byggir kröfugerð sína á því að Ragnari Kjartanssyni beri að standa þrotabúinu skil á helmingi þeirrar fjárhæðar eða 36.763,00 Bandaríkjadölum. Hefur þeim málatilbúnaði sóknaraðila ekki verið sérstaklega andmælt af hálfu varnaraðila.

Einn liður í kröfugerð sóknaraðila í gagnsök er krafa um endurgreiðslu bifreiðakaupaláns Ragnars Kjartanssonar. Þykir rétt að víkja sérstaklega að málatilbúnaði vegna þessa kröfuliðar.

Svo sem fram hefur komið í samningi Ragnars Kjartanssonar um launakjör frá 14. ágúst 1980 á dskj. nr. 3, veittu Hafskip hf. honum lán, að fjárhæð kr. 150.000,00 (15 millj. gkr.), til bifreiðakaupa. Lánið átti að endurgreiða á 10 árum vaxtalaust og vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Með bréfi, dags. 25. apríl 1983, staðfestir Albert Guðmundsson, þáverandi stjórnarformaður félagsins, að við endurnýjun bifreiða á árinu 1983 „þykir eðlilegt að sama regla gildi áfram og ákvarðast upphæðin nú kr. 700.000,00, sjöhundruðþúsundkrónur nýjar kr., og greiðist þá gamla lánið jafnframt upp.“, eins og segir í yfirlýsingunni.

Í greinargerð Helga Magnússonar um starfskjör Ragnars Kjartanssonar á dskj. nr. 13 segir um þetta atriði að gengið hafi verið frá þessu nýja láni til 7 ára, þar sem litið hafi verið svo á að 3 ár væru liðin af lánstímanum. Áfram hafi verið miðað við vaxtalaust lán og afborgunarlaust fyrstu 3 árin.

Í kröfulýsingu Ragnars Kjartanssonar og greinargerð hans er gerð krafa um að hann megi nota launainneign sína hjá félaginu til skuldajafnaðar á móti kröfu um endurgreiðslu bifreiðakaupalánsins. Virðist þar gert ráð fyrir því að lánið sé allt gjaldfallið. Í kröfugerð sóknaraðila í gagnsök, þrotabús Hafskipa hf., segir berum orðum, að skuld vegna bílakaupaláns pr. 6.12. 1985 sé kr. 700.000,00. Er þar byggt á því að lánið hafi fallið í gjalddaga við gjaldþrot félagsins og krafa sóknaraðila um dráttarvexti af láninu frá þeim tíma við það miðuð. Í greinargerð varnaraðila í gagnsök, Ragnars Kjartanssonar, er viðurkennd þessi skuld varnaraðila. Þá er ekki mótmælt þessari vaxtakröfu sóknaraðila.

Áður er komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðili í aðalsök, þrotabú Hafskipa hf., skuli vera sýkn að svo stöddu af kröfum þeim er sóknaraðili, Ragnar Kjartansson, kann að eiga til viðbótarlauna vegna ársins 1984.

Niðurstaða máls þessa í aðalsök er að öðru leyti sú að sýkna ber varnaraðila, þrotabú Hafskipa hf., af öðrum kröfum sóknaraðila, Ragnars Kjartanssonar, um viðurkenningu skuldajafnaðarréttar.

Í gagnsök ber að dæma varnaraðila, Ragnar Kjartansson, til að greiða

sóknaraðila, þrotabúi Hafskipa hf., kr. 2.849.153,00. Dæma ber vexti svo sem krafist er í gagnsök og í dómsorði greinir, enda er hvorki upphafstíma vaxta né vaxtafæti andmælt og ekki heldur byggt á fyrningu hluta vaxtanna. Fallist er á höfuðstólsfærslu vaxta, í fyrsta skipti 1. febrúar 1985.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Úrskurð þennan kveða upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, skipaður setuskiptaráðandi, ásamt meðdómsmönnunum Reyni Ragnarssyni endurskoðanda og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili í aðalsök, þrotabú Hafskipa hf., skal vera sýkn að svo stöddu af kröfum þeim er sóknaraðili, Ragnar Kjartansson, kann að eiga til viðbótarlauna vegna ársins 1984.

Varnaraðili í aðalsök, þrotabú Hafskipa hf., skal vera sýkn af öðrum kröfum sóknaraðila, Ragnars Kjartanssonar.

Varnaraðili í gagnsök, Ragnar Kjartansson, greiði sóknaraðila, þrotabúi Hafskipa hf., kr. 2.849.153,00 auk 4,5% drv. á mánuði af kr. 15.087,00 frá 1.1. 1982 til 21.4. s.á., en með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en með 5% drv. á mánuði frá þ.d. til 21.10. 1983, en með 4,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 21.11. s.á., en með 4% drv á mánuði frá þ.d. til 21.12. s.á., en með 3,25% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1984, en af kr. 313.087,00 frá þ.d. til 21.1. s.á., en með 2,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en með 2,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1985, en af kr. 622.753,00 frá þ.d. til 1.2. s.á., en með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.3. s.á., en með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 3,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 6.12. s.á., en af kr. 2.849.153,00 frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.4. s.á., en með 2,25% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.3. 1987, en með 2,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 6.5. s.á., en með 30% drv. á ári frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 33,6% drv. á ári til 14.7. s.á., en drv. skv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Heimilt er að færa á fallna dráttarvexti til höfuðstóls á 12 mánaða fresti.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Miðvikudaginn 3. maí 1989.

Nr. 392/1988. **Stefán Rafn Þórðarson**

gegn

Sturlu Haraldssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán Rafn Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. maí 1989.

Nr. 393/1988. **Myndbær hf.**

gegn

Myndvarpi hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Myndbær hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. maí 1989.

Nr. 55/1989. **Byggingasamvinnufélag ungs fólks í Reykjavík**

gegn

Huldu Guðmundsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggingasamvinnufélag ungs fólks í Reykjavík, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. maí 1989.

Nr. 134/1989. **Ásgeir Einarsson**
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 9. maí 1989.

Nr. 136/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Markúsi Sigurðssyni.

Kærumál. Meðferð opinberra mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. apríl sl. Hann krefst þess, að úrskurðurinn „verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur lýst rétt og skylt að taka til dómsmeðferðar og dómsálagningar ákæruefni fyrrgreindrar ákæru frá 16. júní 1988 ásamt ákæruefnum ákæruskjalanna frá 13. desember 1988 og 12. janúar 1989".

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Verjandi ákærða hefur óskað eftir sameiningu mála samkvæmt greindum ákærum og hefur ríkissaksóknari fallist á það, eins og getið er í hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 74/1974 hefur ríkissaksóknari víðtækt vald til að ákveða, á hvaða varnarþingi höfða skuli opinber mál. Eigi verður talið, að sú breyting, sem gerð var á 115. gr. laga nr. 74/1974 með 19. gr. laga nr. 107/1976, girði fyrir, að ríkissaksóknari breyti ákvörðun sinni um varnarþing, þegar atvikum er svo háttað sem í þessu máli.

Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir sakadóm Reykjavíkur að taka til dómsmeðferðar ákæruefni samkvæmt áðurgreindum þremur ákærum.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að taka til dómsmeðferðar ákæruefni ákæru frá 16. júní 1988 ásamt ákæruefnum ákæruskjala frá 13. desember 1988 og 12. janúar 1989.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 13. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp þessi úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Markúsi Sigurðssyni.

Málavextir.

Með ákæru, dags. 13. desember f.á. og 12. janúar sl., var mál höfðað hér fyrir sakadóminum á hendur ákærða, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, fyrir fjársvik og stuldi. Að beiðni verjanda ákærða hefur ríkissaksóknari með tveimur samhljóða bréfum, dags. 15. f.m., til sakadóms Reykjavíkur og bæjarfógetans í Kópavogi mælt fyrir um, að máli á hendur ákærða, sem höfðað var fyrir sakadómi Kópavogs 16. júní sl., skuli ,,vísað til dómsmeðferðar við sakadóm Reykjavíkur", og jafnframt óskað þess, ,,að sakadómur Kópavogs sendi gögn þess máls í því skyni til sakadóms Reykjavíkur". Er ákvörðun ríkissaksóknara studd við 3. mgr. 25. gr. og 29. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Með bréfi 16. f.m. sendi Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari í Kópavogi, ákæru og öll gögn málsins til sakadóms Reykjavíkur ,, samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara". Í ákæru þessari segir, að málið sé höfðað fyrir sakadómi Kópavogs. Þá kemur fram af gögnunum, að héraðsdómari hafði byrjað meðferð málsins með því að láta birta ákæruna fyrir ákærða. Ekki er að sjá af gögnunum að héraðsdómarinn eða bæjarfógetinn í Kópavogi hafi fært undan því að fara með málið.

Með bréfi til ríkissaksóknara 21. f.m. synjaði dómari málsins í sakadómi Reykjavíkur um að taka við máli því, sem höfðað hafði verið í Kópavogi, þar sem það væri andstætt lögum. Í bréfi ríkissaksóknara til dómarans 28. f.m. var tekið fram, að með fyrra bréfinu til sakadóms Reykjavíkur hefði ríkissaksóknari breytt ákærunni, að því er varðaði varnarþingið, og málinu verið vísað til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur. Í bréfinu er ráðstöfun þessi talin vera hagfelldust og eiga stoð í „IV. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sbr. einkum 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. laganna," og er krafa ákæruvaldsins um dómsmeðferð og dómsálagningu í sakadómi Reykjavíkur jafnframt ítrekuð. Verjandi ákærða hefur fyrir dóminum nú í dag tekið undir kröfugerð ákæruvaldsins að þessu leyti.

Niðurstaða.

Ekki verður séð að heimild sé til þess í 25., 28. og 29. gr. laganna um meðferð opinberra mála að reka mál á öðru varnarþingi en því, sem greinir í ákæruskjalinu sjálfu. Verður að skilja svo orðalag 1. mgr. 115. gr. laganna, eins og henni var breytt með 19. gr. laga nr. 107/1976, að það sé beinlínis bannað. Með lagabreytingu þessari var ætlunin sú að girt væri fyrir það, að mál væru færð milli dómstóla eftir útgáfu ákæru, eins og nokkuð kvað að áður. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar 1982, bls. 3 (I. kafla A i.f.) og sératkvæði, bls. 6.

Óumdeilt er að hagfellt er að reka saman fleiri en eina sök á hendur sama manni, og hefði því átt að höfða öll málin fyrir sama dómstóli, en ekki tveimur eins og gert var. Aftur á móti eiga reglur 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga að leiða til þess að ákærði verði nú ekki verr settur en orðið hefði ef málið hefði verið rekið á hendur honum í einu lagi.

Þá er þess enn að geta að það getur almennt ekki talist í þágu réttaröryggis að ríkissaksóknari geti tekið mál af dómara og fengið það öðrum.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, ber að synja kröfu ákæruvaldsins og verjanda ákærða um, að mál, sem höfðað var fyrir sakadómi Kópavogs með ákæru, dags. 16. júní 1988, á hendur ákærða í máli þessu, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sæti dómsmeðferð og dómsálagningu við sakadóm Reykjavíkur með máli því, sem höfðað var á hendur honum fyrir sakadóminum 13. desember f.á. og 12. janúar 1989.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu ríkissaksóknara um, að mál, sem höfðað var fyrir sakadómi Kópavogs með ákæru, dags. 16. júní 1988, á hendur ákærða í máli þessu, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sæti dómsmeðferð og dómsálagningu við sakadóm Reykjavíkur með máli því, sem höfðað var á hendur honum fyrir sakadóminum 13. desember 1988 og 12. janúar 1989.

Þriðjudaginn 9. maí 1989.

Nr. 142/1989. **Guðbrandur Jónsson**
gegn
samgönguráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1989. Hann gerir þær kröfur, ,,að frávísunardómnum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið og að héraðsdómarinn fái áminningu skv. 35. gr. laga nr. 54/1988 (sic) fyrir að hafa hafnað bókun stefnanda í þinghaldinu mánudaginn 20. febrúar 1989 og aftur í þinghaldinu föstudaginn 10. mars 1989, ,,Réttarsynjun", og að Hæstiréttur úrskurði/dæmi greinargerð stefndu ólögmæta vegna:

A. skorts á sannarlegri viljaafstöðu stefnda fjármálaráðherra til dómkröfu í stefnu,

B. vanhæfis Ragnhildar Hjaltadóttur, lögfræðings samgönguráðuneytisins, til að gefa út og undirrita ýtarlega umsögn f.h. stefnda samgönguráðherra og að hrundið verði málskosnaði fyrir héraðsdómi og að mér verði til dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður".

Varnaraðilar krefjast þess, að öllum framangreindum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar skv. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Í máli þessu krefst sóknaraðili rúmlega 1,2 milljarða króna í bætur úr ríkissjóði og að auki vaxta og málskostnaðar. Í stefnu sundurliðar hann kröfurnar svo sem rakið er í hinum kærða dómi.

Í stefnu ræðir sóknaraðili hvern kröfulið fyrir sig og vitnar til

tveggja dómskjala, sem hann leggur sjálfur fram. Er hið fyrra nefnt „Fairschild Metro III farþegaflugvél. Greining á rekstrarkostnaði". Í skjalinu eru einnig upplýsingar um verð á flugvél af þessari gerð og lýsing á tæknilegum atriðum sem varða flugvélina. Síðara skjalið er verkefnaáætlun fyrir 1987 í póstflugi milli Danmerkur, Færeyja, Íslands og Grænlands. Er hún gerð af sóknaraðila.

Það, sem fram kemur um ætlað tjón sóknaraðila í stefnu og fram lögðum skjölum, er hvergi nærri nægilegt, til að unnt yrði að ákvarða í dómi fjárhæð bóta, ef til þess kæmi, að bótaskylda teldist vera fyrir hendi. Eru því ekki efni til að taka afstöðu í þessum dómi til þess, hvort málatilbúnaður sé fullnægjandi að því er þá skyldu varðar, heldur ber vegna vanreifunar, að því er fjárhæðir snertir, að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að vísa málinu frá bæjarþingi Reykjavíkur. Fer um þetta samkvæmt 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 123., 136. og 137. gr. sömu laga.

Í kæru sinni hefur sóknaraðili harðyrði um embættismenn, sem fjallað hafa um mál hans, og er það vítavert.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfur sóknaraðila um að héraðsdómari verði áminntur eða að tiltekið dómskjal verði ómerkt.

Rétt er að málskostnaður í héraði falli niður svo og kærumálskostnaður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 10. mars sl. um frávísunarkröfu stefndu, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 6. október 1988, af Guðbrandi Jónssyni flugstjóra, nafnnr. 2862-2465, Efstasundi 56, Reykjavík, gegn samgönguráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, og fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða honum kr. 1.213.138.000,00 með 10% ársvöxtum frá 31. janúar 1987 til 21. febrúar

1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 10.3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 10.9% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1987 og frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 15. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Auk þess gerir stefnandi kröfu til þess að vexti megi leggja árlega við höfuðstól, í fyrsta sinn 31. janúar 1988, og reikna vexti af höfuðstólnum þannig upp færðum.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og stefndu dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til þrautavara krefjast stefndu þess að stefnukröfur verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málið er til úrlausnar nú um frávísunarkröfu stefndu.

— — —

Málsástæður stefndu varðandi frávísunarkröfu og hér eru til umfjöllunar, eru þær, að verulega skorti á, að stefnandi hafi búið mál sitt nægilega skýrt úr garði, svo að dómur verði á það lagður. Verulega skorti á að stefnukrafan sé útlistuð og studd gögnum. Málsástæður og lagarök, er stefnandi beri fyrir sig í stefnu, séu vanreifuð og óljós, og andstætt 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988, sé þeim ekki nánar lýst í greinargerð sem eingöngu geymi upptalningu sönnunargagna. Reifun málavaxta sé af stefnanda hálfu óglögg og af skornum skammti. Allur grundvöllur málsins sé því í reynd svo óljós, að varði frávísun málsins frá dómi.

Stefnandi staðhæfi þannig og byggi á því, að hann hafi fullnægt öllum skilyrðum laga til að öðlast leyfi til loftferðastarfsemi. Enga nánari útlistun sé að finna á þessari staðhæfingu, svo að með öllu sé óljóst, hvort ágreiningur hans við stefndu um þetta atriði byggi á ágreiningi um túlkun réttarheimilda eða ágreiningur lúti að sönnun eða jafnvel hvoru tveggja.

Stefnandi byggi á því að hann hafi átt rétt á að tjá sig um umsögn Loftferðaeftirlitsins, áður en Flugráð gaf umsögn. Enn fremur hafi margt verið ofsagt og annað rangfært þar. Stefnandi tilgreini hins vegar ekki hvaða umsögn hann eigi við, en fleiri en ein liggja fyrir í málinu. Þá færi hann hvorki fram lagarök fyrir tilvist andmælaréttar við meðferð slíkra umsókna almennt eða sérstaklega á þessu stigi meðferðar máls né tiltaki hann, hvað það er sem á að hafa verið ofsagt eða rangfært í umsögn Loftferðaeftirlitsins.

Staðhæfing stefnanda um ætlaðan ásetning ótilgreindra fulltrúa í Flugráði til að koma í veg fyrir, að hann fengi flugrekstrarleyfi, sé á engan

hátt nánar reifuð eða rökstudd. Þá útlisti stefnandi ekki, hvernig þessi málsástæða hans tengist ætlaðri ólögmætri synjun ráðherra og þeim stefnukröfum, sem hann hefur uppi í málinu.

Stefnandi mótmælir frávísunarkröfu stefndu og byggir á því að málatilbúnaður stefnanda sé skýr og glöggur og í samræmi við einkamálalög. Hann heldur því fram að samkvæmt málsforræðisreglunni sé það á valdi aðila málsins að ákveða, á hvaða málsatvikum, málsástæðum og sönnunargögnum þeir byggja.

Málið sé í raun einfalt og snúist um umsóknir stefnanda um flugrekstrarleyfi og meðferð Flugmálastjórnar á þeim.

Stefnandi hafi fullnægt öllum lagaskilyrðum. Þegar um sé að ræða sérstakt umsóknareyðublað, eins og sé í þessu tilviki, geti stjórnsýsluaðilar ekki verið með önnur skilyrði en fram komi á umsóknareyðublaðinu. Álitsgerðir Loftferðaeftirlitsins séu ekki í neinu samræmi við umsóknareyðublaðið. Andmælaréttur stefnanda sé ótvíræður samkvæmt reglum stjórnarfarsréttar. Stefnanda hafi borið réttur til þess að tjá sig um umsagnir Flugráðs og Loftferðaeftirlitsins. Óljóst hafi verið af hálfu þessara aðila, hvaða skilyrðum þurfti að fullnægja, og hafi stefnandi verið hættur að átta sig á, hvaða skilyrði voru sett af þeirra hálfu. Um þá málsástæðu stefndu, að ekki sé til tekið af stefnanda hálfu, hvað það hafi verið, sem var ofsagt og rangfært í umsögnum Loftferðaeftirlits, þá sé henni mótmælt. Tilgreining þessarar málsástæðu svo og annarra sé nægileg í stefnu, en á síðari stigum málsins fari fram sönnunarfærsla svo sem við vitnayfirheyrslur.

Þá mótmælir stefnandi því að dómkröfur sínar séu ekki nægilega reifaðar eða rökstuddar.

Niðurstaða.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, skal lýsing málsástæðna og annarra atvika vera stuttorð, gagnorð og skýr í stefnu. Samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988, skal málsástæðum og lagarökum í greinargerð nánar lýst en í stefnu. Öðrum atvikum skal þar og lýst, ef þess þarf með, til þess að samhengi málsástæðna sé ljóst. Í greinargerð með l. nr. 54/1988 kemur fram, að lögð sé á það áhersla, að greinargerðir séu ekki aðeins upptalning á fram lögðum skjölum, heldur séu þær ýtarlegar, að því er varðar málsástæður og lagarök, en þó jafnframt gagnorðar.

Stefna í málinu er hartnær fjórar síður og er í henni að finna atriði og útlistanir sem eiga heima í greinargerð. Greinargerð stefnanda er hins vegar einungis upptalning á skjölum og upptalning á þeim mönnum sem óskað er að komi fyrir dóm og gefi skýrslur, en vísað til stefnunnar varðandi

málsatvik og málsástæður. Af framansögðu má ljóst vera að sóknargögn stefnanda brjóta í bág við nefnd ákvæði einkamálalaganna.

Af hálfu stefnanda er fullyrt, að hann hafi fullnægt öllum skilyrðum laga til þess að öðlast leyfi til loftferðastarfsemi, en engin nánari grein gerð fyrir fullyrðingu þessari eða tilgreint hver þessi skilyrði séu. Grundvöllur sá, sem stefnandi byggir þann rétt sinn á, að honum hafi borið leyfi til loftferðastarfsemi að fullnægðum þessum ónefndu skilyrðum, er óljós, og ekki er reifað í málskjölum á hverju hann byggist.

Þá er ekki að finna rökstuðning fyrir þeim andmælarétti er stefnandi telur sig njóta gagnvart áliti Loftferðaeftirlitsins. Fullyrðingar hans um, að margt hafi verið ofsagt og annað rangfært í áliti Loftferðaeftirlitsins, eru óljósar að því leyti að í málinu liggja frammi þrjár umsagnir Loftferðaeftirlitsins og stefnandi tilgreinir ekki, hvaða umsögn hann á við, eða skýrir nánar, hver þessi atriði séu.

Fullyrðing stefnanda um ætlaðan ásetning fulltrúa í Flugráði um að koma í veg fyrir, að stefnandi fengi leyfi til loftferðastarfsemi, er óljós og órökstudd, og verður ekki séð, hvernig hún tengist skaðabótakröfu stefnanda.

Þegar framangreint er virt, þykir á skorta, að málatilbúnaður stefnanda fullnægi ákvæðum einkamálalaga, nr. 85/1936, einkum 88. gr. og 105. gr., sbr. l. nr. 54/1988. Stefnandi þykir því ekki hafa búið mál sitt þannig úr garði, að unnt sé að leggja á það efnisdóm, og ber því þegar af þeim sökum að taka til greina kröfu stefndu um að máli þessu verði vísað frá dómi.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðbrandur Jónsson, greiði stefndu, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, kr. 20.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. maí 1989.

Nr. 1/1988. **Dómsmálaráðherra**
f.h. Bifreiðaeftirlits ríkisins og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Pólaris hf.
(Hákon Árnason hrl.).

Húsaleiga. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1988. Gera þeir þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi, upp kveðnum 20. október 1987, verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Enn fremur verði þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu var einnig áfrýjað dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu, upp kveðnum 17. febrúar 1987, þar sem kröfum stefnanda í héraði í framhaldssök var að hluta vísað frá dómi. Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi lýsti lögmaður áfrýjenda yfir, að fallið væri frá þeirri áfrýjun.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjendur beri ábyrgð á drætti, sem varð á afhendingu húsnæðis þess að Bíldshöfða 6, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins hafði á leigu hjá stefnda, og með hliðsjón af 6. gr. samkomulags aðilanna frá 20. desember 1985 eigi stefndi rétt á bótum úr hendi áfrýjenda vegna þessa. Hins vegar þykir rétt við ákvörðun bóta að taka tillit til þess, að stefndi hefði, fyrr en raun varð á, getað hafið viðgerðir á húsnæðinu, þar sem það var rýmt 14. apríl 1986, þegar starfsmenn Þjóðleikhússins fjarlægðu muni þá, er geymdir voru í húsinu á þess vegum. Hafði

stefndi öll tök á að komast í húsnæðið þar sem dótturfyrirtæki hans, Sanitas hf., hafði aðgang að því og afnot þess að hluta. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að hann hafi fyrir sitt leyti gengið eftir því, eftir að húsnæðið var rýmt, að úttekt yrði lokið. Verður og ekki séð, að töf á endanlegri úttekt hinna tilnefndu skoðunarmanna hafi þurft að standa í vegi þess, að stefndi hæfist handa. Með hliðsjón af þessu þykja bætur til stefnda vegna þessa þáttar hæfilega metnar 700.000,00 krónur.

Þegar litið er til 5. gr. ofangreinds samkomulags aðila, úttektar hinna tilnefndu skoðunarmanna og annarra gagna málsins, þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, um bætur fyrir skemmdir á hinu leigða húsnæði, samtals að fjárhæð 520.000,00 krónur, þ.e. 120.000,00 krónur vegna skemmda á hitalögnum, 100.000,00 krónur vegna lagfæringa á hurðum og 300.000,00 krónur vegna ryðhreinsunar og málningar á stáli og bitum.

Samkvæmt þessu verða áfrýjendur dæmdir in solidum til að greiða stefnda samtals 1.220.000,00 krónur. Rétt þykir að miða upphafstíma vaxta við 28. maí 1986, svo sem gert er í héraðsdómi, og skulu vextir frá þeim degi til 14. apríl 1987 vera eins og þar greinir. Eins og kröfugerð stefnda er háttað, er rétt að ákveða, að frá 14. apríl 1987 greiðist dráttarvextir samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags, þó aldrei hærri en 30% ársvextir.

Rétt þykir að dæma stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda og þykir hann hæfilega ákveðinn 350.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, dómsmálaráðherra f.h. bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnda, Polaris hf., 1.220.000,00 krónur með 27% ársvöxtum frá 28. maí 1986 til 14. apríl 1987, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags, þó aldrei hærri en 30% ársvexti.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 350.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, er varðar kostnað við ryðhreinsun og málningu. Í mati úttektarmanna á kostnaði við viðgerðir á húsnæðinu er liðurinn „Málning á súlum og bitum" metinn á 180.000,00 krónur. Ég tel að við þá fjárhæð verði að takmarka þennan þátt kröfugerðar stefnda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Pólaris hf., nnr. 7123-2980, Austurstræti 8, Reykjavík, gegn dómsmálaráðherra f.h. Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 26. júní 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 2.882.557,40, ásamt 33% ársvöxtum af kr. 365.192,10 frá 15. mars 1986 til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1986, en af kr. 730.384,20 frá þeim degi til 15. maí 1986, en af kr. 1.095.576,30 frá þeim degi til 15. júní 1986, en af kr. 2.002.986,40 frá þeim degi til 15. september 1986, en af kr. 2.708.619,40 frá þeim degi til 15. desember 1986, en af kr. 2.882.557,40 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Með framhaldssök, þingfestri 9. desember 1986, hækkaði stefnandi fyrri kröfufjárhæð sína, auk þess sem hann setti fram sérstaka varakröfu í málinu. Af hálfu stefndu var aðallega gerð krafa um frávísun framhaldssakar, en til vara og þrautavara var krafist sýknu eða lækkunar stefnukrafna.

Með frávísunardómi, upp kveðnum 17. febrúar 1987, var hækkun kröfugerðar að hluta til vísað frá dómi, auk þess sem varakröfu framhaldssakar var í heild sinni vísað frá dómi.

Endanleg kröfugerð stefnanda í málinu var sett fram við munnlegan málflutning og með hliðsjón af greindum frávísunardómi.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 18. maí sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 25. september sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að með húsaleigusamningi, dags. 6. maí 1983, tók Bifreiðaeftirlit ríkisins, Reykjavík, á leigu húseign stefnanda, Pólaris hf., að Bíldshöfða 6 í Reykjavík. Er þar um að ræða stálgrindarhús, 2100 m² að stærð, ásamt 4716 m² lóð. Leigutími skyldi vera 12 ár, frá 1. maí 1983 til 1. maí 1995. Umsamin húsaleiga var háð breytingum á vísitölu atvinnuhúsnæðis. Í upphafi leigutímans skyldi leigutaki greiða sem svaraði leigu í tvö ár, og taldist þá lokið greiðslum fyrir 11. og 12. ár leigutímans. Í samningi þessum var og kveðið á um það að afhending húsnæðisins til leigutaka færi fram 1. maí 1983, en þó skyldi leigusali eigi afhenda 4/9 hluta hússins (vesturhluta), sem voru í leigu til annars aðila (Hagkaupa hf.), fyrr en 1. ágúst 1984.

Ekki kom til þess að hið leigða húsnæði væri nýtt af hálfu leigutaka, en hins vegar mun Þjóðleikhúsið hafa fengið tímabundin afnot af húsnæðinu til geymslu leikmuna.

Með samkomulagi aðila, dags. 20. desember 1985, var fyrrnefndum leigusamningi þeirra slitið. Í samkomulagi þessu er m.a. kveðið á um það að leigutaki skuli greiða leigusala samningsbundna húsaleigu tímabilið 1. janúar til 1. júní 1986 með eingreiðslu 15. janúar 1986. Þá er kveðið á um það að leigusali greiði leigutaka með skuldabréfi til 10 ára kr. 5.200.000,00, sem eru endurgreiðsla á helmingi fyrirframgreiddrar húsaleigu. Í 5. gr. samkomulags þessa er ákvæði þess efnis að aðilar tilnefni hvor sinn faglega fulltrúa til skoðunar og úttektar á húsinu að Bíldshöfða 6. Skyldi leigutaki bera kostnað af lagfæringu og viðgerð á hinu leigða húsnæði ef þess gerðist þörf að mati skoðunarmanna. Þá er og ákvæði þess efnis að leigusali taki við húsinu að úttekt lokinni 15. febrúar 1986.

Úttekt lauk ekki fyrr en 28. maí 1986, en í aprílmánuði það ár höfðu munir Þjóðleikhússins verið fluttir úr húsnæðinu.

Kostnaðarmat úttektarmanna á viðgerðum á húsnæðinu að Bíldshöfða 6 var að fjárhæð kr. 922.200,00, en tekið er fram í úttektargerð að það mat sé án tillits til þess hvort leigutaki beri ábyrgð á skemmdum.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu bóta úr hendi stefndu, annars vegar vegna lagfæringa á skemmdum á húseign stefnanda að Bíldshöfða 6, en hins vegar vegna afnotamissis hins leigða tímabilið 15. febrúar til 15. júní 1986. Endanleg kröfufjárhæð stefnanda í máli þessu er að fjárhæð kr. 2.882.557,40, svo sem fram er komið.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að með samkomulagi, dags. 20. desember 1985, hafi aðilar máls þessa tekið þá ákvörðun að rifta og ljúka leigusamningi. Samkomulagið feli í sér bætur til stefnanda fyrir missi 12

ára leigusamnings við „öruggan leigutaka" ef svo megi að orði komast. Samkomulagið feli einnig í sér ákvæði varðandi endurgreiðslur fyrirframgreiddrar húsaleigu og um það hversu bæta skuli og meta hugsanlegt tjón á hinu leigða og síðast, en ekki síst, ákvörðun um afhendingardag og skiladag á hinu leigða húsnæði til leigusala. Í desember 1985 hafi aðilum ekki verið kunnugt um skemmdir á hinu leigða húsnæði nema óljóst. Hafi því verið ákveðið að láta matsmenn gera úttekt, en fulltrúi leigutaka hafi fullyrt að skemmdir á millivegg hafi verið leigutaka óviðkomandi.

Af hálfu leigutaka hafi efndir orðið á þann veg að hin umsamda eingreiðsla í janúar hafi verið greidd, skuldabréf af leigusala út gefið, en að öðru leyti hafi skort stórkostlega á að samkomulagi aðila væri fylgt eftir af hálfu leigutaka. Leigusali hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum skemmda á húsinu skv. matsgerð, en leigutaki vísi tjóni þessu á bug nema að hluta skv. bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. júní 1986. Tjóni leigusala vegna afnotamissis í 4 mánuði, þ.e. frá 15. febrúar 1986 til 15. júní 1986, sé hins vegar vísað á bug af hálfu stefndu. Sé tæpt á þeirri forsendu að húsaleiga sé greidd fram til 1. júní 1986 og því eigi leigutaki rétt á afnotum. Í 2. gr. samkomulagsins á dskj. nr. 5 hafi verið samið um eftirfarandi:

„Leigutaki greiðir leigusala jafnvirði samningsbundinnar húsaleigu tímabilið 1. janúar til 1. júní 1986 með eingreiðslu 15. janúar 1986."

Lögmaður stefnanda hafi staðið að undirritun skv. áður gerðu samkomulagi vegna fjarveru forstjóra leigusala. Við undirritun hafi verið fullyrt að samkomulagið væri samhljóða áður gerðu samkomulagi. Eftir að undirritun hafi farið fram varð hins vegar ljóst að orðalagi hafði verið breytt þannig að niður hafði fallið orðið jafnvirði og texti því svofelldur:

„Leigutaki greiðir leigusala samningsbundna húsaleigu tímabilið 1. janúar til 1. júní 1986 með eingreiðslu..."

Greiðsla þessi hafi verið hluti umsaminna skaðabóta, en alls ekki húsaleigugreiðsla. Húsaleiga hafi hins vegar verið greidd til 15. febrúar 1986, þ.e. lokadags leigusamnings aðila. Af öllu framangreindu megi ljóst vera að ágreiningur sé uppi með aðilum annars vegar um bætur fyrir afnotamissi leigusala af hinu leigða tímabilið 15. febrúar 1986 til 15. júní s.á., en hins vegar um bætur vegna lagfæringa á skemmdum á hinu leigða, meðan á leigutíma hefur staðið.

Stefnandi reisir kröfur sínar á húsaleigusamningi aðila, dags. 6. maí 1983, ásamt fylgiskjali, samkomulagi aðila, dags. 20. desember 1985, og úttektargerð matsmanna, dags. 28. maí 1986. Að öðru leyti sé vísað til ákvæða húsaleigulaga svo og almennra reglna skaðabótaréttar varðandi rökstuðning. Af hálfu leigutakans hafi sú afstaða verið tekin að þrátt fyrir ótvírætt orðalag í samkomulagi og leigusamningi muni leigutaki ekki bæta leigusala það tjón á húsnæðinu sem orðið hafi á leigutímanum. Vegna van-

rækslu leigutaka hafi það gerst að spjöll hafi verið unnin á húsinu. Hurðir og rúður hafi skemmst, milliveggur skemmdur, hitalagnir skemmdar og stálbitar innan dyra ryðgaðir, en húsið allt þannig að þörf hafi verið á að mála það og þrífa. Ljóst sé að hluti tjónsins verði rakinn til þess að húsið hafi ekki verið kynt af einhverjum ástæðum og hirðuleysi leigutakans valdið því að tjón hafi orðið.

Til þess að afstýra frekara tjóni en orðið sé hafi stefnandi tekist á hendur lagfæringar á húsnæðinu, en tilraunir leigusala í þá átt að leigja húsnæðið hafi eigi borið árangur, m.a. vegna bilaðra hitalagna, óhrjálegs útlits og um langt skeið óþrifa í húsinu af völdum leigutaka.

Stefnandi vilji eigi una því að þurfa að bíða eignatjón vegna vanrækslu og hirðuleysis leigutaka og skorts á umhirðu. Stefnandi vilji eigi heldur una því að aðgerðaleysi og vanræksla leigutaka sé þess valdandi að stefnandi hafi ekki fengið húsið afhent 15. febrúar 1986 og því orðið af leigugreiðslum allan þann tíma, sem liðið hafi, og leigutaki hafi ekki hirt um að rýma húsnæðið og koma í leiguhæft ástand á ný. Af þeirri ástæðu sé gerð krafa um andvirði húsaleigu í 4 mánuði og greiðslu viðgerðarkostnaðar á grundvelli úttektar og matsgerðar tilkvaddra matsmanna.

Með framhaldssök breytti stefnandi dómkröfum sínum á grundvelli þeirrar forsendu að fyrir lægju reikningar vegna viðgerða á hinu leigða húsnæði. Þó séu enn ómálaðir stálbitar í lofti vesturenda og sé kröfugerð þar að lútandi reist á kostnaðaráætlun og tilboði Guðmundar Helgasonar málarameistara í verkið. Þá sé einnig viðgerðarkostnaður að hluta byggður á úttekt matsmanna.

Endanleg kröfugerð stefnanda sundurliðast svo:

1.	Skaðabætur vegna afnotamissis hins leigða tímabilið 15. febrúar til 15. júní 1986	kr. 1.460.786,40
2.	Viðgerðarkostnaður matsmanna vegna hitalagna, hurða, rafmótora, glers og milliveggja	kr. 542.200,00
3.	Viðgerðarkostnaður skv. reikningum vegna þrifa, málningar á stáli og bitum og kostnaðaráætlun vegna ómálaðra loftbita í vesturenda	kr. 879.571,00
	Samtals	kr. 2.882.557,40

Skaðabótakrafa skv. 1. tl. er rökstudd með þeim hætti, að þar sem telja verði, að leigutaki hafi skilað húsnæðinu 12. júní 1986, sé honum reiknuð húsaleiga í 4 mánuði, kr. 365.192,10 á mánuði, og sé það raunhæfasta viðmiðunin við ákvörðun skaðabóta og tjóns stefnanda.

Kröfugerð skv. 2. tl. sé byggð á þar greindum kostnaðarliðum í úttekt matsmanna á dskj. nr. 10.

Kröfugerð skv. 3. tl. sé byggð á fram lögðum reikningum og á kostnaðaráætlun málara.

Stefndu hafa andmælt kröfugerð og sjónarmiðum stefnanda. Í rökstuðningi þeirra er m.a. eftirfarandi tekið fram:

Krafa um leigugreiðslur. 2. gr. samkomulags aðila frá 20. desember hljóði svo:

„Leigutaki greiðir leigusala samningsbundna húsaleigu tímabilið 1. janúar til 1. júní 1986 með eingreiðslu 15. janúar 1986. Greiðslan miðast við vísitölu 1. janúar 1986."

6. gr. sama samnings hljóði svo:

„Leigusali tekur við húsinu að úttekt lokinni 15. febrúar 1986, enda hafi leigutaki þá rýmt húsnæðið."

Stefndu byggja á því að hin samningsbundna húsaleiga fyrir tímabilið 1. janúar 1986 til 1. júní s.á. hafi verið greidd í janúar það ár. Húsnæðið hafi verið afhent leigusala fyrir lok þess tíma sem húsaleiga hafi verið greidd fyrir. Hins vegar hafi ekki tekist af ýmsum ástæðum, sbr. hér á eftir, að gera úttekt sama dag. Ekki verði á það fallist, að um neina bótaskyldu stefndu gagnvart stefnanda geti verið að ræða af þeim sökum. Komi þar margt til.

A. Í fyrsta lagi verði ekki á það fallist að töf á úttekt geti skrifast á reikning leigutaka nema að litlu leyti. Í því sambandi skuli bent á nokkur atriði. Tilnefning aðila á úttektarmönnum hafi ekki legið fyrir fyrr en undir mánaðamót febrúar mars. Vegna umfjöllunar í sóknargögnum skuli áréttað að tilnefning stefnanda hafi ekki verið kunn fulltrúum stefndu fyrr en á þessum tíma. Sameiginleg vettvangsganga úttektarmanna og fulltrúa aðila hafi verið hinn 4. mars 1986. Þessi töf hafi verið báðum aðilum að kenna. Þar beri hvorugur sök umfram hinn. Þegar af þessari ástæðu beri að stytta hinn um krafða leigutíma um einn mánuð. Miðað við skoðun hinn 4. mars hafi verið eðlilegt að skoðunarmenn gætu lokið úttekt sinni um miðjan þann mánuð. Í annan stað skuli bent á að úttekt skoðunarmanna hafi ekki náð til hinnar leigðu lóðar. Að vísu segi í 5. gr. samkomulagsins frá 20. desember 1985 að úttekt skyldi fara fram á lóðinni. Í framkvæmdinni hafi það hins vegar ekki verið gert. Af hálfu stefndu hafi verið litið svo á að þetta sé ágreiningslaust með aðilum. Aðilum hafi verið fullljóst við gerð hins síðari samnings, að lóðin hafi þá verið í nákvæmlega sama ástandi og þegar við henni var tekið í maí 1983. Samkvæmt hinum upphaflega samningi skyldi leigusali, Pólaris hf., ljúka ýmsum frágangi á lóð, sem ekki hafði verið lokið við í maíbyrjun 1983. Um það vísist til niðurlags 3. tl. fylgiskjals með leigusamningi. Af hálfu leigusala hafi ekki verið við þetta staðið.

Samkvæmt þessu sé ljóst að leigusali hafi getað tekið við hinni leigðu

lóð þegar hinn 15. febrúar. Honum hafi verið fullljóst að lóðin hafi verið í óbreyttu ástandi. Hafi hann viljað eða getað hafið framkvæmdir við frágang lóðar um miðjan febrúar 1986, hafi ekkert verið því til fyrirstöðu. Ekki hafi þurft að bíða eftir úttekt á mannvirkinu til þess.

Samkvæmt hinum upphaflega lóðarsamningi sé vægi leigugreiðslna fyrir lóð 24% af heildarleigugreiðslum leigutaka (65 kr. pr. m^2 í mannvirki og kr. 9 pr. m^2 í lóð x 4716 m^2). Niðurstaðan verði því sú að stefnandi geti undir engum kringumstæðum krafist leigugreiðslna fyrir lóð vegna þess að úttekt hafi ekki farið fram.

Í þriðja lagi skuli bent á, eins og margoft hafi komið fram, að úttekt hafi lokið hinn 28. maí 1986. Sama dag hafi lyklar, sem dómsmálaráðuneytið hafði að húsinu, verið afhentir þeim úttektarmanni, sem tilnefndur hafi verið af Pólaris hf. Þann dag hafi stefnanda verið skrifað bréf þess efnis að úttektin hefði farið fram, sbr. dskj. nr. 9. Með þessu hafi stefnanda formlega verið afhent húsið. Tilraunir stefnanda til að halda því fram, að slík formleg afhending hafi ekki átt sér stað fyrr en 13. júní 1986, fái með engu móti staðist.

B. Vakin sé athygli á þeirri almennu reglu að tjónþola beri skylda til að takmarka tjón sitt eða afstýra svo sem kostur sé. Í þessu sambandi sé því ákveðið haldið fram að þrátt fyrir töf á úttekt hafi leigusala verið kleift að hafa uppi ráðstafanir til þess að leigja húsnæðið út frá og með 1. júní 1986, þ.e. frá þeim tíma sem hann hætti að hafa leigutekjur af því frá stefndu. Tæpast sé því haldið fram af hálfu stefnanda að hann hafi átt rétt á að leigja það út frá fyrri tíma og þar með hafa af því tvöfaldar leigutekjur. Á slíkt sé ekki unnt að fallast. Stefnandi hafði lykla að húsnæðinu allan þann tíma sem það var í útleigu. Honum hafi verið kleift að sýna það hugsanlegum leigutökum og hafði til þess fulla heimild. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi sinnt þessari skyldu sinni. Við þær aðstæður hljóti tjón, sem hann kunni að hafa beðið, að vera á hans eigin ábyrgð.

C. Jafnvel þótt stefnandi kunni að hafa gegnt framangreindri skyldu sinni, sem þó liggi ekki fyrir, sé ósýnt hvern árangur slík viðleitni hafi getað borið. Framboð á atvinnuhúsnæði af því tagi, sem hér um ræði, sé mun meira en eftirspurn. Það húsnæði, sem hér um ræði, sé mjög erfitt í útleigu. Því valdi bæði mikil stærð og afar ófullkomið ástand húsnæðisins. Hvort tveggja takmarki möguleika til annarrar notkunar en til geymslu. Í þessu sambandi skuli bent á, að húsnæðið geti ekki nýst að óbreyttu sem iðnaðarhúsnæði. Ástand þess sé mun nær því að falla undir þá skilgreiningu að vera geymsluhúsnæði. Þessa staðreynd verði að sjálfsögðu að hafa í huga þegar virtar séu fullyrðingar stefnanda um tjón vegna þess að úttekt hafi dregist. Í því sambandi skuli einnig bent á að rúmlega 4 mánuðum eftir afhendingu til leigusala verði ekki annað séð en húsið standi autt.

Niðurstaðan af öllu framansögðu verður sú, að þrátt fyrir það að úttekt hafi seinkað, hafi leigusali ekki sýnt fram á, að sú seinkun hafi valdið því, að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Krafa um bætur vegna skemmda.

Í 5. gr. margnefnds samkomulags, dags. 20.12. 1985, er svofellt ákvæði:

„Leigutaki ber kostnað af lagfæringu og viðgerð á hinu leigða húsnæði, gerist þess þörf að mati skoðunarmanna."

Í hinum upphaflega samningi aðila frá 1983 segir m.a.:

„Leigusala er skylt að annast og kosta allt venjulegt viðhald hins leigða húsnæðis."

Síðari samninginn beri að sjálfsögðu að skoða í ljósi þessa. Leigutakinn skyldi kosta þær viðgerðir sem úttektarmenn teldu þörf á, ef þær teldust vera eitthvað annað en venjulegt viðhald og leigutaki ætti sök á þeim. Úttektarmenn geri þannig fyrirvara í þessa veru, þ.e. taki ekki afstöðu til hver skuli greiða kostnaðinn. Alveg sé ljóst að ekki hafi verið gengist undir víðtækari ábyrgð að þessu leyti í seinni samningnum en áður hafi gilt og almennt gildir í leigusamningum.

Við þá verkþætti, sem stefnandi byggir tölulega á úr kostnaðarmati úttektarmanna, hafa stefndu gert eftirfarandi athugasemdir:

1. Milliveggur.

Starfsmenn Bifreiðaeftirlits ríkisins hafi fyrst fengið lykla að hinu leigða húsnæði um miðjan ágúst 1984. Fram að þeim tíma hafi þeir ekki átt aðgang að húsnæðinu. Að sögn starfsmanna Bifreiðaeftirlitsins, þeirra Lárusar Sveinssonar og Guðna Karlssonar, hafi milliveggur reynst vera brotinn í húsinu þegar þeir komu fyrst þar inn eftir að þeir höfðu fengið lykla í hendur. Fullvíst sé því að þessar skemmdir séu af völdum leigusala sjálfs eða annarra þeirra sem umsvif höfðu í húsinu á árunum 1983 og fyrri hluta árs 1984. Séu þar Hagkaup hf. einkum höfð í huga. Í samningi aðila frá því í desember 1985 sé svofellt ákvæði í 5. gr.:

„Við skoðun húsnæðisins í dag er ljóst að skemmdir á millivegg hafa orðið, en það tjón er leigutaka óviðkomandi."

Þrátt fyrir þetta ótvíræða samningsákvæði, svo og það sem áður sagði um augljósa aðild annarra að þessum skemmdum, hafi stefnandi krafið stefndu bóta vegna viðgerða á þessum millivegg. Þessi kröfugerð hans eigi sér enga stoð.

2. Hitalagnir.

Þá krefji stefnandi stefndu um bætur vegna frostskemmda á vatns- og hitalögnum. Sá liður nemi kr. 120.000,00. Á þessa kröfu sé ekki unnt að

fallast. Aðstæður í húsinu séu með þeim hætti að hitakerfi í austur- og vesturenda þess sé sameiginlegt. Hins vegar hafi einungis verið tengdir hitablásarar í vesturenda, þeim megin sem Hagkaup hafi verið. Þegar Hagkaup fóru úr húsinu í ágúst 1984, var hætt að nota blásarana, og um leið hafi verið skrúfað fyrir vatnið í húsinu. Ekki hafi leigutaka verið gert viðvart um það. Síðar um haustið hafi frosið í leiðslum þegar verulegt frost kom. Gert hafi verið við skemmdirnar skv. leiðbeiningum Hitaveitu Reykjavíkur og hún beðin að hleypa vatni á húsið að nýju. Þrátt fyrir það að viðgerðarkostnaður hafi verið greiddur tafarlaust, hafi Hitaveitan neitað að hleypa vatni á þar sem húsið hafði aðeins leyfi fyrir tengingu til bráðabirgða. Af þessum sökum hafi frostsprungið fljótlega aftur, en þá hafi vatn aðeins verið í mælagrindinni og þar hafi frostskemmdirnar orðið. Af hálfu leigutaka hafi verið gert það, sem í hans valdi hafi staðið, til að afstýra skemmdum. Ábyrgð á því, að ekki hafi tekist betur til, hljóti að hvíla á Hitaveitu Reykjavíkur en ekki leigutaka.

3. Lagfæring á hurðum.

Stefnandi gerir kröfu til bóta vegna lagfæringa á hurðum. Sá kröfuliður nemi kr. 100.000,00. Þær hurðir, sem hér um ræði, séu tvær hurðir í vesturenda og ein í austurenda. Varðandi hurðir í vesturenda er bent á að enginn umgangur af hálfu leigutaka hafi verið þeim megin í húsinu, hvorki fyrr né síðar. Hagkaup hf. höfðu hins vegar aðgang að sínu húsrými um þær dyr. Þessar dyr muni aðeins einu sinni hafa verið opnaðar af hálfu starfsmanna Bifreiðaeftirlitsins og þá vegna viðgerðar á frostsprungnum hitalögnum. Óhugsandi sé því, að leigutaki hafi getað valdið þeim skemmdum sem hér um ræðir.

Um skemmdir á hurð í austurenda sé það að segja, að tveir aðilar, þ.e. Þjóðleikhúsið og Pólaris hf. (eða Sanitas hf.), hafi átt aðgang um þær dyr að húsnæðinu vegna starfsemi sinnar í húsinu. Báðir aðilar hafi geymt þarna birgðir ýmiss konar. Eftir því sem bifreiðaeftirlitsmenn áætli láti nærri að starfsmenn Pólaris hf. hafi að meðaltali verið á ferð í þessu húsnæði einu sinni í viku. Þeir hafi þá komið á vörubílum til þess ýmist að koma með eða sækja ölkassa. Miðað við það, hversu mikil umsvif Pólaris hf. hafi verið í þessum hluta húsnæðisins í samanburði við umsvif Þjóðleikhússins, verði að telja mun meiri líkur fyrir því, að leigusali hafi sjálfur valdið tjóninu, en sá aðili, sem einnig kom til greina, þ.e. Þjóðleikhúsið. Við þessar aðstæður hljóti að verða að sýkna stefndu af þessari kröfu. Tekið skal fram, að af ljósmyndum, sem teknar voru af húsinu 28. maí 1986, verði ekki ráðið, að um annað en mjög óverulega skemmd hafi verið að ræða á þessari hurð. Einungis hafi verið um að ræða skemmd að utanverðu þarna megin. Varðandi þessar hurðaskemmdir skal og vakin athygli á því

að engin úttekt fór fram á húsnæðinu áður en varnaraðili tók við því á árinu 1983 og 1984. Skemmdirnar hafi þess vegna allt eins getað átt sér stað fyrir þann tíma. Ákvæði í niðurlagi 5. gr. viðbótarsamnings frá desember 1985 um úttekt á húsnæðinu við upphaf leigusamnings sé því á misskilningi byggt. Slík úttekt hafi aldrei farið fram.

4. Rafmótorar.

Þá gerir stefnandi kröfu til bóta, að fjárhæð kr. 36.000,00, vegna skemmda á rafmótorum. Þessir mótorar hafi verið ætlaðir til að opna dyr. Um rafmótora við austurdyr sé það að segja, að þeir hafi verið til staðar við upphaf leigutíma, en ótengdir. Þeir hafi aldrei verið tengdir á leigutímanum og því aldrei kannað hvort þeir væru í lagi í upphafi. Ekkert hafi verið átt við þá á þessum tíma. Um mótora við vesturdyr sé það að segja að þeir muni hugsanlega hafa verið notaðir af Hagkaupum hf. Ekkert hafi verið við þeim hreyft af hálfu leigutaka eftir að Hagkaup hf. hafi horfið úr húsinu. Í raun liggi ekkert fyrir um það hvort þeir hafi verið í lagi við upphaf leigutímans, og ekki heldur að enginn kostnaður hefði komið til, ef mótorarnir hefðu verið í notkun allan leigutímann, en slíkt eðlilegt viðhald bar leigusala að axla. Engin sönnun liggi fyrir um skemmdir vegna notkunarleysis. Hér skorti því alla sönnun um bótaskyldu stefndu.

5. Gler og glerjun.

Þá er krafist bóta fyrir gler og glerjun, kr. 45.000,00. Starfsmenn Bifreiðaeftirlitsins fullyrði að rúða vestan megin hafi verið brotin, þá er Hagkaup hf. fóru úr húsinu í ágúst 1984. Á þessu beri stefndu ekki ábyrgð. Um brotna rúðu í austurhluta sé hið sama að segja og um skemmdir á hurð þeim megin í húsinu, sbr. hér að framan. Hér sé augljóslega um að ræða eðlilegt viðhald.

Af hálfu stefndu er vakin athygli á því að reikningar verktaka, sem lagðir hafa verið fram í málinu, séu stefndu óviðkomandi. Ekkert liggi fyrir um hvernig staðið hafi verið að verkframkvæmdum. Stefnandi geri í raun ekki tilraun til að rökstyðja hvað í reikningunum felist. Þannig liggi ekkert fyrir um hvort þessi kostnaður feli í sér endurbætur eða viðgerðir á húsinu. Ef um viðgerðir sé að ræða sé ekki reynt að tengja þann kostnað samningum aðila þessa máls og rökstyðja að þarna sé um að ræða viðgerðir sem stefndu geti borið ábyrgð á. Í raun sé vart meira sagt en það að stefnandi hafi innt þetta fé af hendi og vilji fá það til baka.

Af hálfu stefndu hafa og verið gerðar eftirfarandi athugasemdir við atriði í sóknargögnum.

A. Í samkomulaginu frá 20. desember 1985 sé í 2. gr. samið um greiðslu „samningsbundinnar húsaleigu tímabilið 1. janúar til 1. júní 1986". Sú

samningsbundna húsaleiga hafi verið greidd. Af hálfu stefnanda séu hafðir uppi tilburðir til að halda því fram að þarna hafi átt að standa „jafnvirði samningsbundinnar húsaleigu" í staðinn fyrir „samningsbundna húsaleigu". Í því sambandi leggi hann fram drög að samkomulagi, sbr. dskj. nr. 4, þar sem þetta orðalag komi fram. Stefndu kunni ekki skýringu á orðalagi í þessum einu samningsdrögum, sérstaklega ekki þegar haft sé í huga tilboð Pólaris á dskj. nr. 16 og gagntilboð dómsmálaráðuneytisins á dskj. nr. 17. Í báðum tilvikum sé talað um samningsbundna húsaleigu í samræmi við hinn undirritaða samningstexta. Liggi nærri að ætla að orðið „jafnvirði húsaleigu" hafi slæðst inn í eitt samningsuppkast af mörgum fyrir einhver mistök. Alla vega sé ljóst að hér sé um þýðingarlaust skjal að ræða. Skýringar stefnanda á þessu séu haldlausar.

B. Af málatilbúnaði stefnanda sé ekki fullljóst hvers kyns kröfu hann telur sig eiga á hendur stefndu, þ.e. hvort hér sé um að ræða kröfu innan samninga eða utan. Í þessu hafi ekki verið fullt samræmi frá upphafi. Í stefnu sé gerð krafa um skaðabætur úr hendi stefndu. Á fyrri stigum virðist stefnandi hins vegar hafa haft uppi kröfur um efndir samnings, þ.e. efndabætur. Ástæða sé til að vekja sérstaka athygli á þessu. Með því að stefnandi hafi nú valið málinu þennan farveg sé hann að sjálfsögðu af því bundinn. Reglur um sönnunarbyrði í skaðabótamálum eigi því hér við, en ekki sú sönnunarstaða, sem gildi um kröfur um efndir samnings.

C. Stefnufjárhæðir séu lítt skýrðar í sóknargögnum. Ekki sé skýrt hvers vegna kr. 365.192,10 á mánuði séu „raunhæfasta viðmiðun við ákvörðun skaðabóta og tjón stefnanda". Slíkum órökstuddum fullyrðingum sé mótmælt sem ósönnuðum.

Loks er vaxtakröfugerð mótmælt, upphafstíma vaxta sem og vaxtakröfum að öðru leyti, enda séu þær ekki í samræmi við heimila vaxtatöku á hverjum tíma.

Eftirtaldir aðilar og vitni hafa gefið skýrslur fyrir dómi: Páll Jónsson framkvæmdastjóri, Baldur Baldvinsson húsasmíðameistari, Páll Guðmundsson málarameistari, Magnús Jónsson verkfræðingur, Skúli Guðmundsson verkfræðingur, Guðni Karlsson, forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, Lárus Sveinsson bifreiðaeftirlitsmaður, Guðmundur Björnsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Örn Sigurðsson, fjármálastjóri í Vélsmiðjunni Héðni, Oddur Sveinsson, Sveinn Halldórsson framkvæmdastjóri, Magnús Þórarinsson, leiksviðsstjóri Þjóðleikhússins, og Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

IV.

Svo sem fram er komið varð samkomulag með aðilum hinn 20. desember 1985 um það að húsaleigusamningur þeirra, dags. 6. maí 1983, um húseign

stefnanda að Bíldshöfða 6, Reykjavík, skyldi falla niður. Í 2. gr. samkomulags þessa er ákvæði um það að leigutaki greiði leigusala samningsbundna húsaleigu tímabilið 1. janúar til 1. júní 1986 með eingreiðslu 15. janúar 1986, og samkvæmt 6. gr. skyldi leigusali taka við húsinu að lokinni úttekt 15. febrúar 1986.

Af hálfu stefndu var um samin greiðsla samkvæmt 2. gr. innt af hendi í janúar 1986, en hins vegar dróst framkvæmd úttektar til 28. maí 1986 og þar með afhending hins leigða húsnæðis. Af þeim sökum hefur stefnandi gert kröfu til bóta úr hendi stefndu, að fjárhæð kr. 1.460.786,40, vegna afnotamissis hins leigða tímabilið 15. febrúar til 15. júní 1986, svo sem rakið hefur verið.

Í 5. gr. greinds samkomulags er kveðið á um það að aðilar tilnefni hvor sinn faglega fulltrúa til skoðunar og úttektar á húsinu sem fara skyldi fram eigi síðar en 15. febrúar 1986. Ekki hafa stefndu sýnt fram á að við stefnanda sé að sakast að framkvæmd úttektar dróst svo lengi sem raun varð á, og verður því talið að leigutaki, Bifreiðaeftirlit ríkisins, hafi vanefnt þá samningsskyldu sína að afhenda leigusala hið leigða húsnæði hinn 15. febrúar 1986, svo sem skýlaust var kveðið á um. Eftir atvikum þykir rétt að miða við að húsnæðið hafi verið afhent að lokinni úttekt 28. maí 1986, svo sem haldið er fram af stefndu í máli þessu.

Vegna ofangreindrar vanefndar leigutakans hefur leigusali þannig misst umsamin afnot hins leigða húsnæðis frá 15. febrúar til 28. maí 1986 og á því rétt til fébóta úr hendi stefndu af þeim sökum. Við ákvörðun bóta þykir mega hafa hliðsjón af andvirði leigugreiðslna, en ekki verður þó talið að tjóni stefnanda verði fyllilega jafnað til tapaðra leigutekna fyrir jafnlangt tímabil. Eftir atvikum þykir hæfilegt að stefndu greiði stefnanda kr. 900.000,00 í bætur vegna þessa.

Þá gerir stefnandi kröfu til bóta úr hendi stefndu vegna skemmda á hinu leigða húsnæði á leigutímabilinu. Er endanleg kröfugerð stefnanda í þeim efnum tvíþætt. Annars vegar er byggt á kostnaðarmati úttektarmanna, sem sundurliðast svo:

Hitalagnir	kr. 120.000,00
Lagfæring hurða	kr. 100.000,00
Rafmótorar	kr. 36.000,00
Gler og gerjun	kr. 45.000,00
Milliveggur	kr. 241.200,00
Alls	kr. 542.200,00

Í 5. gr. nefnds samkomulags er ákvæði þess efnis að leigutaki beri kostnað af lagfæringu og viðgerð á hinu leigða húsnæði, gerist þess þörf

að mati skoðunarmanna. Með aðilum er um það ágreiningur hvernig túlka skuli samningsákvæði þetta, og ekki hafa úttektarmenn tekið afstöðu til þess hvort leigutaki beri ábyrgð á þeim skemmdum sem kostnaðarmat tekur til. Eftir atvikum þykir rétt að bótaábyrgð verði metin í hverju falli, enda verður ekki talið að leigutaki hafi með greindu samkomulagi tekist á hendur víðtækari bótaábyrgð en almennt er í leigusamböndum sem þessum. Verður þá vikið að framangreindum liðum úttektarinnar, hverjum fyrir sig.

Fallast má á það með stefnanda að stefndu beri að greiða bætur vegna frostskemmda á hitalögnum hússins. Leigutaka var í lófa lagið að koma í veg fyrir það tjón með því að tappa vatni af leiðslum. Taka ber því til greina matsfjárhæð úttektar í þessu sambandi, kr. 120.000,00, sem ekki hefur verið andmælt tölulega.

Varðandi bótakröfu, að fjárhæð kr. 100.000,00, vegna þeirra skemmda á hurðum, sem í úttekt greinir, þá hefur leigutaki ekki sýnt fram á, að þær skemmdir séu honum óviðkomandi, sbr. meginregluna í 28. gr. laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Ber því að taka þann lið til greina með kr. 100.000,00, enda hafa töluleg andmæli ekki komið fram.

Ekki liggur fyrir, að rafmótorum, sem ekki voru skoðaðir sérstaklega af úttektarmönnum, hafi í einhverju verið ábótavant og verður bótakrafa af þeim sökum, að fjárhæð kr. 36.000,00, ekki tekin til greina.

Varðandi bótakröfu, að fjárhæð kr. 45.000,00, fyrir gler og glerjun verður og að telja ósannað gegn andmælum stefndu að leigutaki beri þar ábyrgð á, enda fellur það undir venjulegt viðhald hins leigða, sem leigusala bar að annast og kosta, svo sem í upphaflegum leigusamningi aðila frá 6. maí 1983 segir.

Að því er varðar bótakröfu vegna tjóns á millivegg, að fjárhæð kr. 241.200,00, þá er tekið fram í 5. gr. samkomulagsins frá 20. desember 1985, að það tjón sé leigutaka óviðkomandi. Verður við það samkomulagsatriði miðað og ber að hafna þeim kröfulið.

Samkvæmt framansögðu eru þannig teknir til greina kröfuliðir samkvæmt kostnaðarmati úttektarmanna, að fjárhæð kr. 220.000,00 (120.000,00 + 100.000,00).

Kröfugerð stefnanda vegna skemmda á hinu leigða er hins vegar byggð á reikningum vegna ryðhreinsunar, málunar á stáli og bitum og samkvæmt kostnaðaráætlun vegna ómálaðra loftbita í vesturenda, sem sundurliðast svo:

Vinna og efni skv. reikningi við ryðhreinsun og málun	kr. 447.493,00
Kaup á verkfærum samkvæmt reikningi	kr. 70.625,00
Efniskostnaður v/ryðhreinsunar og málunar	kr. 187.515,00

Kostnaðaráætlun vegna ómálaðra loftbita í vesturenda	kr. 173.938,00
	Alls kr. 879.571,00

Kröfugerð stefnanda í þessu efni er á því byggð að burðarvirki hússins hafi ryðgað vegna þess að hið leigða húsnæði hafi ekki verið upphitað á vegum leigutaka sem beri að greiða viðgerðarkostnað af þeim sökum samkvæmt framansögðu. Ekkert liggur fyrir um ástand hússins að þessu leyti við upphaf leigutímans árið 1983, svo að ekki er unnt að staðreyna hve mikið húsið hefur skemmst meðan á leigutímanum stóð. Upplýst er að stór hluti hússins hafi staðið óupphitaður frá því að húsið var reist árið 1981 til upphafs leigutíma árið 1983. Sé litið til þessa, en einnig hins að grind hússins hafði verið geymd um nokkurra ára skeið úti, áður en húsið var reist, og ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um ástand grindarinnar, áður en hún var reist á vegum stefnanda, þykir ekki unnt að staðhæfa nú að hve miklu leyti megi rekja þær skemmdir, sem orðið hafa, til skorts á upphitun hússins á leigutímanum. Sýnt þykir þó að ástand hússins hafi orðið lakara í lok leigutímans en orðið hefði ef húsið hefði verið upphitað og í eðlilegri notkun á leigutímabilinu. Þykir því rétt að leigutaki beri einnig að nokkru kostnað af viðgerðum stálgrindarinnar innan húss. Með hliðsjón af framangreindri kröfugerð stefnanda í þessu efni þykir hæfilegt að stefndu greiði stefnanda kr. 300.000,00 vegna þessa.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að dæma ber stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 1.420.000,00 (900.000,00 + 120.000,00 + 100.000,00 + 300.000,00) og með vöxtum í samræmi við kröfugerð stefnanda, en þó þannig að upphafstíma vaxta ber að miða við 28. maí 1986, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu óskipt til þess að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 247.000,00, þar með talinn söluskattur.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Pólaris hf., kr. 1.420.000,00 með 27% ársvöxtum frá 28. maí 1986 til 14. apríl 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 247.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. maí 1989.

Nr. 173/1988. **Skipasmiðjan Hörður hf.**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.
(Garðar Garðarsson hrl.).

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní 1988. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsréttar Njarðvíkur verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd uppboðs á fasteigninni Fitjabraut 6 C, Njarðvík, sem krafist var af stefnda með uppboðsbeiðni 8. febrúar 1988. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru, „að staðfestur verði hinn áfrýjaði úrskurður um það, að fram skuli fara nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C í Njarðvík til lúkningar skuld skv. skuldabréfi, út gefnu af stjórn Skipasmiðjunnar Harðar hf. 25. nóvember 1986 til Útvegsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000,00 (bundið lánskjaravísitölu).

Krafist er staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um málskostnað. Þá er þess krafist að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda ríflegan málskostnað fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti auk söluskatts til ríkissjóðs".

Ágreiningi málsaðila er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði að öðru leyti en því, að höfuðstóll skuldabréfa þeirra, sem stjórn áfrýjanda gaf út 25. nóvember 1986, nam samtals 40.200.000,00, krónum, en ekki 40.200,00 krónum eins og misritast hefur í úrskurði uppboðsréttar.

Stefndi hefur lagt fram veðskuldabréf í ljósriti, svo sem heimilað er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987. Samkvæmt 1. tl. b. 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. veðlaga, nr. 18/1887, og 39. gr. laga nr. 68/1984, um

lögræði, er bréfið fullnægjandi uppboðsheimild. Fallast ber á það með héraðsdómara að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, verði beitt um kröfu samkvæmt veðskuldabréfi fyrir uppboðsrétti, enda sé fullnægt áskilnaði 3. tl. 207. gr. laganna. Þessum áskilnaði er hér fullnægt og verður því ekki gegn mótmælum stefnda komið að öðrum vörnum en samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laganna. Áfrýjandi hefur ekki lagt fram kvittun fyrir greiðslu þeirra vaxta, sem í gjalddaga voru fallnir, eða á annan þann hátt, sem tækur er samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936, sýnt fram á að vextirnir séu greiddir. Þar sem vextirnir voru löngu í gjalddaga fallnir var stefnda heimilt að gjaldfella bréfið. Með ofangreindum athugasemdum ber að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 150.000,00 krónur í málskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands hf., 150.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Njarðvíkur 26. maí 1988.

Með bréfi, dags. 14.12. 1984, fór Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. þess á leit að fasteignin Fitjabraut 6 C í Njarðvík (svokallað Landshafnarhús). þingl. eign Skipasmiðjunnar Harðar hf., yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld við Lífeyrissjóð verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum, upphaflega að fjárhæð kr. 480.000,00, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar á grundvelli veðskuldabréfs, út gefins 6.4. 1983, tryggðs með 2. veðrétti í fasteigninni.

Uppboðsauglýsing var síðan gefin út 11.2. 1985 og birt í 35., 38. og 41. tbl. Lögbirtingablaðsins 1985, og var uppboðið þingfest 12.4. 1985. Við þingfestingu uppboðsins hafði borist uppboðsbeiðni Jóhanns H. Níelssonar hrl. f.h. Barkar hf. vegna fjárnámsskuldar, að fjárhæð kr. 93.398,60, ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði, dags. 13.3. 1988. Við þingfestingu var ákveðin sala á eigninni 31.5. 1985. Var fyrstu uppboðssölu á eigninni síðan frestað, fyrst til 6.9. 1985, þá til 31.10. 1985, en þá hafði Jóhann H. Níelsson hrl. afturkallað uppboðsbeiðni sína með bréfi, dags. 26.9. 1985.

Uppboðinu var síðan frestað til 29.1. 1986, síðan til 2.5. 1986, þá til 12.9 1986, en þá hafði borist uppboðsbeiðni Hafsteins Baldvinssonar hrl. vegna Stálvíkur hf. vegna skuldar, að fjárhæð kr. 78.123,00, auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámi, dags. 15.7. 1985, en sú beiðni var afturkölluð, áður en til uppboðsþings kom 12.9. 1986. Uppboðinu var síðan frestað til 26.11. 1986, síðan til 4.2. 1987, þá til 22.4. 1987, síðan til 25.6. 1987 og 22.10. 1987, þá til 10.12. 1987, og var þá lögð fram uppboðsbeiðni Jóns Þóroddssonar hdl. vegna Búnaðarbanka Íslands, þar sem krafist var uppboðs vegna skuldar, að fjárhæð kr. 250.000,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar, en uppboðsheimild var fjárnám dags. 5.11. 1987.

Þann dag fór fram fyrsta sala á eigninni og var önnur og síðari sala ákveðin 10.3. 1988, og var þá lögð fram uppboðsbeiðni Njarðvíkurbæjar, dags. 16.11. 1987, vegna fasteignagjaldsskuldar, og uppboðsbeiðni sama aðila, dags. 15.12. 1987, vegna aðstöðugjaldsskulda, að fjárhæð kr. 439.722,00, á grundvelli lögtaks, dags. 7.12. 1987. Einnig var lögð fram uppboðsbeiðni Garðars Garðarssonar hrl. vegna Útvegsbanka Íslands hf. vegna veðskuldar, að fjárhæð kr. 3.500.000,00, auk vísitöluhækkunar, vaxta og kostnaðar, en uppboðsheimild var veðskuldabréf, út gefið 25.11. 1986. Á fyrsta uppboði eignarinnar var hæstbjóðandi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. vegna Lífeyrissj. verkalýðsfél. á Suðurnesjum með kr. 500.000,00.

Í uppboðsrétti 10. mars sl. var mættur af hálfu uppboðsþola Tómas Gunnarsson hrl. og mótmælti uppboðskröfu Útvegsbanka Íslands hf. vegna framangreinds veðskuldabréfs og óskaði eftir fresti til öflunar gagna og greinargerðar, og var þá ákveðið að taka mál vegna þessara mótmæla fyrir í uppboðsrétti Njarðvíkur 24. mars 1988. Fór síðan fram önnur og síðari sala á eigninni og var þá hæstbjóðandi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. vegna Lífeyrissj. verkalýðsfél. á Suðurnesjum með kr. 1.000.000,00, en ákveðið var þriðja og síðasta uppboð á eigninni miðvikudaginn 6.4. 1988 kl. 10.00. Áður en til þess uppboðs kæmi, afturkölluðu allir uppboðsbeiðendur uppboðskröfur sínar nema Garðar Garðarsson hrl. vegna framangreindrar uppboðsbeiðni Útvegsbanka Íslands hf. vegna veðskuldabréfs. Hinn 24. mars 1988 var mál þetta tekið fyrir í uppboðsrétti, og lagði þá uppboðsþoli, Skipasmiðjan Hörður hf., sóknaraðili þessa máls, fram greinargerð í málinu ásamt nokkrum gögnum. Var málinu síðan frestað til 14. apríl sl. til framlagningar greinargerðar af hálfu uppboðsbeiðanda, varnaraðila máls þessa.

Í því þinghaldi var sátt reynd árangurslaust með aðilum og var ákveðinn munnlegur málflutningur og fór hann fram 28. apríl sl. og málið þá tekið til úrskurðar.

Krafa uppboðsþola er sú, að synjað verði um uppboð á fasteigninni Fitja-

braut 6 C, Njarðvík, vegna kr. 3.500.000,00 skuldabréfs, sem hvílir á 3. veðrétti eignarinnar, sbr. uppboðsbeiðni uppboðsbeiðanda, dags. 8. febrúar 1988. Hann krefst rökstudds úrskurðar og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ vegna reksturs uppboðsréttarmálsins.

Uppboðsbeiðandi gerir þær dómkröfur að fram fari þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C í Njarðvík með tilheyrandi lóðarréttindum og fylgifé, eign uppboðsþola, til lúkningar skuld sem getið er í uppboðsbeiðni og dagsett er 8. febrúar 1988. Hann krefst einnig málskostnaðar í máli þessu úr hendi uppboðsþola skv. gjaldskrá LMFÍ.

Uppboðsþoli telur meginatriði málavaxta vera þá að uppboðsþoli skuldi uppboðsbeiðanda skuld i samræmi við skuldabréf það sem uppboðsbeiðandi hafi lagt fram, það er höfuðstól bréfsins með á föllnum skuldabréfavöxtum síðan 1. maí 1987. Hann kveður uppboðsþola ekki skulda annað vegna þessa bréfs og telur bréfið vera í fullum skilum og ekki sé nokkur réttmæt ástæða til að bjóða veðið sem skuldabréfið hvílir á, til sölu á nauðungaruppboði. Samkvæmt hljóðan bréfsins hefði fyrst átt að greiða vexti af bréfinu 1. maí 1987, en sú fjárhæð sé í uppboðsbeiðni talin vera kr. 83.035,00, en næsta greiðsla samkvæmt hljóðan bréfsins eigi að fara fram 1. desember 1988. Hann telur því að einu mögulegu vanskilin, sem tengist skuldabréfinu, séu vaxtagreiðslan pr. 1987, kr. 83.035,00, en þessa fjárhæð telur uppboðsþoli sig hafa greitt með skuldajöfnuði við inneign sem hann hafi átt inni á hlr. 566 við útibú uppboðsbeiðanda í Keflavík. Þar hafi hann átt kr. 1.330.000,00. Með bréfi á dómskjali nr. 15 hafi verið óskað eftir því að vaxtafjárhæðinni pr. 5. maí 1987 væri skuldajafnað ásamt dráttarvöxtum sem þá lá ekki fyrir hverjir væru. Af hálfu uppboðsþola er talið ljóst, að fjárhæðin, kr. 1.330.000,00 hafi dugað ríflega fyrir þessari vaxtagreiðslu og raunar öllum vaxtagreiðslum af skuldabréfum pr. 1. maí 1987 og dráttarvöxtum af þeim.

Uppboðsbeiðandi telur málavexti vera eftirfarandi:

Uppboðsþoli hafi skuldað uppboðsbeiðanda mikið fé vegna ýmissa lánafyrirgreiðslna og viðskipta, og hafi skuldir hans verið í miklum vanskilum. Hafi verið óskað eftir skuldbreytingu á vanskilunum og öðrum skuldum við bankann af hálfu forráðamanna uppboðsþola. Við þeirri málaleitan hafi verið orðið síðla árs 1986, með þeim hætti þó að ekki skyldi felast í því nein aukin langtímafyrirgreiðsla til uppboðsþola, því að skuldir hans hafi verið ærnar fyrir. Ekki hafi legið nákvæmlega fyrir hverjar skuldir skipasmiðjunnar við bankann voru, fyrr en lokið yrði uppgjöri, sem var talsvert viðamikið, enda var stöðug hreyfing á viðskiptunum.

Stjórn uppboðsþola hafi gefið út nokkur veðskuldabréf, dags. 26.11. 1986, samtals að höfuðstól kr. 40.200,00, (sic). Af bókhaldslegum ástæðum hafi nettóandvirði bréfanna verið lagt á sérstakan reikning, hlr. 566, sem

hafi verið skráð á nafn hans. Uppboðsþoli hafi ekki haft heimild til að ávísa á þann reikning í nokkur misseri. Til mótvægis hafi síðan skuldir hans verið skuldfærðar á þennan reikning, en nokkur tími hafi liðið frá því bréfin voru gefin út, þegar hægt var að „kaupa" þau. Þegar uppgjöri hafi verið lokið, kom í ljós að samtala út gefinna skuldabréfa hafi verið of há miðað við þá lánsfyrirgreiðslu sem lofað hafi verið. Hafi þessi fjárhæð numið kr. 1.330.000,00 og hafi því höfuðstóll eins skuldabréfsins verið lækkaður um þá fjárhæð með sérstakri áritun á frumrit bréfsins, en skilmálum þess ekki verið breytt að öðru leyti. Til mótvægis við þessa lækkun hafi að sjálfsögðu verið færð sama fjárhæð út af reikningi 566. Að því loknu hafi reikningurinn verið með núllstöðu. Hins vegar hafi skuld á reikningnum á fyrsta gjalddaga lánanna verið kr. 1.734.138,00. Það sé hins vegar misskilningur hjá forráðamönnum uppboðsþola eða vísvitandi rangfærslur að til hafi staðið að uppboðsbeiðandi lánaði honum fé til að greiða vexti af skuldum við bankann.

Uppboðsþoli telur að uppboðsbeiðandi hafi án heimildar tekið út af framangreindum reikningi og lækkað höfuðstól skuldabréfs, sem er dómskjal nr. 14 í máli þessu, en uppboðsþoli vísar til dómskjals nr. 15, þar sem komi fram mótmæli uppboðsþola við þessum gerðum uppboðsbeiðanda og farið fram á að fjárhæðinni yrði ráðstafað til greiðslu á vöxtum af skuldabréfum er féllu í gjalddaga 1. maí 1987, og þar með væru bréfin í fullum skilum. Svo ótvíræð þurfi ákvæði skuldabréfs að vera að jafnist á við gilt dómsorð. Þá telur hann að ljósrit skuldabréfs sé ekki nægjanleg uppboðsheimild. Hann telur, að skuldabréf, sem háð séu vísitöluákvæðum, séu engan veginn eins glögg og verði að krefjast, auk þess sem í máli þessu skorti öll gögn til staðfestingar á að rétt sé að málum staðið. Hann telur að jafnvel þótt engin mótmæli væru borin fram af gerðarþola bæri að hafna kröfum um uppboð vegna óglöggs skuldabréfs og vanreifunar vegna vöntunar á öðrum gögnum. Þá telur hann, að uppboðsbeiðandi hafi notað fé uppboðsþola til að lækka annað skuldabréf án heimildar, en hluta þess fjár hafi uppboðsþoli ætlað að nota til að skuldajafna við einu gjaldföllnu greiðsluna af bréfinu. Telur hann, að ekki komi til greina að fallast á uppboð nema uppboðsbeiðandi leggi fram glögg gögn um, að honum hafi verið heimilt að nota kr. 1.330.000,00 á þann hátt sem hann hafi gert.

Uppboðsbeiðandi telur að ljóst sé að uppboðsþoli geti ekki komið að öðrum vörnum í máli þessu en getur í 208. gr. eml. Í veðskuldabréfi því, sem krafa hans byggist á, segi m.a., að rísi mál út af skuldinni eða veðsetningunni megi reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. 18. kafla laga 85/1936. Hann vísar til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um að lög nr. 85/1936, um dómara, þinghöld, aðila, málflytjendur, málflutning, fresti, hafningu máls, aðilaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssekt,

málskostnað og úrskurði, taki til uppboða eftir því, sem við geti átt, nema öðruvísi sé mælt um í lögum. Einnig vísar hann til 223. gr. laga nr. 85/1936 þar sem sé að finna fyrirmæli um að ákvæði 9. og 10. og 14. kafla þeirra taki til málsmeðferðar fyrir uppboðsrétti þegar því verði við komið. Í hvorugu þessara lagaákvæða sé mælt fyrir um að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 verði beitt fyrir uppboðsrétti. Af dómafordæmi sé þó ljóst, að framangreind talning á þeim reglum laga nr. 85/1936, sem beitt verði í uppboðsrétti sé ekki tæmandi og sé því ekki fært að gagnálykta frá henni. Þær reglur, sem fram komi í 208. gr. laga nr. 85/1936 og takmarki heimildir í almennu einkamáli til að koma að vörnum gegn kröfum skv. víxli, tékka eða skuldabréfi, séu í samræmi við meginreglur, sem teljist gilda um heimildir til að hafa uppi mótbárur gegn viðskiptabréfakröfum. Verði því ekki séð að efni þessara reglna sé með þeim hætti að þær geti einungis átt við um rekstur mála fyrir almennum dómstólum. Í þessum efnum verði ekki heldur fram hjá því litið að eiganda veðskuldabréfs sé kleift, þrátt fyrir ákvæði þess um beina uppboðsheimild, að afla dóms almenns dómstóls um kröfu samkvæmt því og orki ekki tvímælis að tilvísun veðskuldabréfs til umrædds 17. kafla laga nr. 85/1936 yrði til þess að útiloka aðrar málsvarnir en 208. gr. laganna heimili við þær aðstæður. Í ljósi þessara atriða þyki verða að líta svo á, að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 verði beitt um kröfu skv. veðskuldabréfi fyrir uppboðsrétti, ef fullnægt er áskilnaði 3. tl. 208. gr. laganna, svo sem er í þessu máli.

Uppboðsbeiðandi telur því að ekki komi til álita aðrar varnir uppboðsþola en þær sem falla innan marka 1. og 3. mgr. 208. gr. einkamálalaga. Ljóst sé að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við hér. Hann telur uppboðsþola bera sönnunarbyrði á því að uppboðsbeiðandi hafi ætlað að lána honum meira fé en skuldum hans nam þegar um það var samið, og slíkri sönnunarfærslu geti hann ekki komið að í þessu máli. Hann telur að samkvæmt reglum um viðskiptabréf væri eina skjalið, sem hann gæti byggt einhverjar varnir á, kvittun frá uppboðsbeiðanda um greiðslu vaxta sem gjaldféllu 1. maí 1987. Slíka kvittun hafi uppboðsþoli ekki undir höndum af þeirri einföldu ástæðu að hann hafi ekki greitt vextina á gjalddaga né síðar. Hafi bankanum því verið heimilt að telja eftirstöðvar skuldarinnar fallnar í gjalddaga skv. ákvæðum veðbréfsins og heimilt að láta selja veðið á opinberu uppboði, sbr. 1. tl. B. 1. gr. laga 57/1949, 3. gr. laga nr. 18/1987 og 39. gr. laga nr. 68/1984.

Þá telur hann, að sú málsástæða uppboðsþola að telja ákvæði skuldabréfsins óglögg vegna vísitöluákvæða bréfsins, fái ekki staðist. Skuldin sé bundin lánskjaravísitölu, sem hafi verið skráð af Seðlabanka Íslands allt frá árinu 1979 og birt mánaðarlega, og fullnægi bréfið því þannig a-lið 4. tl. síðustu málsgreinar 39. gr. laga nr. 13/1979. Uppboðsbeiðandi

mótmælir einnig þeirri málsástæðu uppboðsþola að leggja verði fram frumrit veðskjals sem uppboðsheimild í uppboðsrétti, fyrst og fremst að hún sé of seint fram komin. Einnig bendir hann á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 eins og þeim hefur nýlega verið breytt, en þar komi fram, að eigi þurfi að leggja fram frumrit skjals til staðfestingar á uppboðsheimild nema uppboðshaldari krefjist þess, en þó skuli það gert eigi síðar en við uppboðssölu, sem enn hafi ekki farið fram.

Uppboðsréttur lítur svo á, að sú málsástæða uppboðsþola, að ekki hafi verið lagt fram frumrit veðskjalsins á dskj. nr. 12, fái ekki staðist með vísan til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987.

Veðskuldabréf það, sem uppboðsbeiðandi byggir kröfu sína á, liggur frammi í málinu í ljósriti, dskj. nr. 12. Uppboðsréttur lítur svo á, að sú málsástæða uppboðsþola, að veðskjalið sé svo óljóst orðað vegna vísitöluákvæðis þess, að það geti ekki talist uppboðsheimild, fái ekki staðist með tilvísun til laga og reglugerða og þá einkanlega laga nr. 13/1979.

Að mati réttarins er það og ljóst, að málsmeðferð í máli þessu fari eftir ákvæðum laga nr. 85/1936 með tilvísun til 4. gr. laga nr. 57/1949, og lítur því rétturinn svo á að engar varnir af hálfu uppboðsþola sé hægt að hafa uppi í máli þessu aðrar en þær, er koma fram í 208. gr. eml., nr. 85/1936, með tilvísun til 3. tl. 207. gr. sömu laga.

Af málskj. er ljóst að hinn 29. janúar 1987 hefur höfuðstóll veðskuldabréfs, upphaflega að fjárhæð kr. 17.500.000,00, verið lækkaður um kr. 1.330.000,00, vegna innstæðu eftir skuldbreytingu milli aðila. Yfirlýsing áritуð á framangreint skuldabréf er ekki undirrituð af uppboðsþola. Uppboðsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á það, að uppboðsþola hafi verið tilkynnt um framangreinda ráðstöfun á framangreindri inneign á hlr. 566, og ekki sýnt fram á að hann hafi tilkynnt uppboðsþola eða lántakanda að framangreind lækkun á höfuðstól veðskuldabréfsins hafi verið gerð. Með bréfi, dags. 10. desember 1987, vekur uppboðsþoli máls á þessu og mótmælir millifærslu af hlr. 566 inn á skuldabréfið. Með bréfi, dags. 17.12. 1987, er framangreindu mótmælt af hálfu uppboðsbeiðanda.

Uppboðsþoli hefur ekki sýnt fram á greiðslu á framangreindum gjaldföllnum vöxtum af skuldabréfi sem er uppboðsheimild í máli þessu. Greiðslustaður skuldabréfsins er í Útvegsbanka Íslands. Uppboðsþoli greiddi ekki vexti, svo sem honum bar, á gjalddaga né heldur síðar. Hann hafði ekki réttmæta ástæðu til að ætla það að uppboðsbeiðandi myndi annast um greiðslu á gjaldföllnum vöxtum bréfsins. Þar sem veruleg vanskil voru orðin á greiðslunni var uppboðsbeiðanda heimilt að gjaldfella skuldabréfið. Auk þess er eftirfarandi ákvæði í verðbréfinu sjálfu: „....eða sé leitað fullnægju í því fyrir greiðslu er gengur fyrir skuld þessari", og er ljóst að þegar gjaldfelling átti sér stað hafði þegar verið beðið um nauðungarupp-

boð og fyrsta sala farið fram á framangreindri eign vegna veðbréfa, sem gengu fyrir veðskuld veðbréfsins.

Krafa uppboðsbeiðanda er því að öllu leyti tekin til greina, og er ákveðið að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C í Njarðvík fari fram á fasteigninni sjálfri miðvikudaginn 29. júní nk. kl. 11.00 fyrir hádegi að undangenginni auglýsingu.

Með tilliti til framangreinds ber sóknaraðila, Skipasmiðjunni Herði hf., að greiða varnaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., kr. 25.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Eysteinsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna mikilla anna.

Úrskurðarorð:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C, Njarðvík, eign Skipasmiðjunnar Harðar hf., skal fara fram miðvikudaginn 29. júní 1988 kl. 11.00 fyrir hádegi að kröfu Útvegsbanka Íslands hf.

Sóknaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði varnaraðila, Útsvegsbanka Íslands hf., kr. 25.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. maí 1989.

Nr. 127/1988. **Ingeborg W. Jóhannsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Arnari Jónssyni og
Þórhildi Þorleifsdóttur
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Fasteignir. Fjölbýlishús. Samningar. Sönnun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 9. maí 1988. Hún krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefndu og að stefndu verið dæmd in solidum til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti auk 12% sérstaks sölugjalds samkvæmt lögum nr. 1/1988. Þá krefst áfrýjandi dráttarvaxta af málskostnaði samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. og 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988. Til vara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefndu verði lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram tvö ný skjöl, ljósrit af bréfi lögmanns áfrýjanda, dags. 7. október 1987, til stefndu og skiptayfirlýsing, dags. 7. febrúar 1985, en þar segir m.a.:

„Við undirritaðar, Christa Jóhannsson og Þórhildur Þorleifsdóttir, eigendur íbúða í húseigninni nr. 9 við Óðinsgötu í Reykjavík, höfum ákveðið vegna breytinga, er framkvæmdar hafa verið á húsinu, að breyta hlutfallstölum íbúða okkar...

Samkvæmt því er skipting hússins og eignarhlutföll íbúða sem hér segir:

1. Þriggja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt sameign á 1. hæð og

½ af kjallara, eign Christu Jóhannsson, telst vera 25,8% húseignarinnar.

2. Tveggja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt sameign á 1. hæð og ¼ af kjallara, eign Þórhildar Þorleifsdóttur, telst vera 34,7% húseignarinnar.

3. Fimm herbergja íbúð á 3. hæð ásamt sameign á 1. hæð og ¼ af kjallara, eign Þórhildar Þorleifsdóttur, telst vera 39,5% húseignarinnar...“

Christa heitin Jóhannsson samþykkti með áritun á byggingarnefndarteikningar, að stefndu væri heimilt að breyta húsinu og byggja aukaíbúð á rishæð þess. Stefndu hafa ekki sannað, að þau hafi við þetta tækifæri áskilið sér rétt til að krefja Christu um kostnað við „áður nauðsynlegar“ viðgerðir vegna leka og skemmda á þaki hússins. Ekkert er heldur fram komið í málinu um það, að stefndu hafi áskilið sér rétt til að krefja Christu um slíkan kostnað, þegar Christa og Þórhildur Þorleifsdóttir undirrituðu fyrrgreinda skiptayfirlýsingu.

Sigurður Helgi Guðjónsson, nú hæstaréttarlögmaður, skýrði m.a. svo frá fyrir bæjarþingi Reykjavíkur: „Ég held að ég geti fullyrt, að um þetta hafi tekist samkomulag á skrifstofunni hjá mér. A.m.k. leit ég þannig á það og ég lagði til, að það yrði fenginn verkfræðingur, sem báðir aðilar gætu sætt sig við og treyst til að finna út eða meta þennan kostnað.... Ég kom fram í því sem starfsmaður Húseigendafélagsins og sem hlutlaus milligöngumaður til þess að reyna að ná sáttum og það hafði greinilega mistekist, þó að ég hefði haldið annað ...“

Gegn andmælum áfrýjanda, sem sat alla fundi með Christu, hafa stefndu ekki fært fram nægar sannanir fyrir því, að Christa hafi munnlega samþykkt að greiða stefndu viðgerðarkostnað áætlaðan á þann hátt, sem stefndu halda fram.

Stefndu hafa öðrum þræði byggt kröfur sínar á ákvæðum 10. og 11. gr. laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Framkvæmdir þær, sem stefndu stóðu að, voru fyrst og fremst í því fólgnar að gerð var ný íbúð þar sem áður var ris. Þó að leki hafi horfið við þessar framkvæmdir, verður, eins og hér stendur á, ekki talið, að áfrýjandi sé greiðsluskyld samkvæmt þessum ákvæðum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu.

Rétt er að stefndu greiði óskipt áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 50.000,00 krónur.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi 30. júní 1987 og kemur því ekki til álita að beita 21. gr. laga nr. 54/1988, um viðauka við 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 28. gr. laga nr. 54/1988.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingeborg W. Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Arnars Jónssonar og Þórhildar Þorleifsdóttur, í máli þessu.

Stefndu greiði óskipt áfrýjanda 50.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. mars 1988, höfðuðu Arnar Jónsson, nnr. 0451-6575 og Þórhildur Þorleifsdóttir, nnr. 9631-9191, bæði til heimilis að Óðinsgötu 9, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ingeborg W. Jóhannsson, nnr. 4655-7042, Óðinsgötu 9, Reykjavík, með stefnu, birtri 18. júní 1987.

I.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefnda verði dæmd til að greiða þeim kr. 70.800,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þ.d. til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. maí 1987, en með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júní 1987, en með 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júlí 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og er þess krafist, að heimilað verði að leggja á fallna dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 19. nóvember 1986, og reikna vexti af hinum nýja höfuðstól. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru aðallega að hún verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti. Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnendur greiði in solidum stefndu málskostnað að mati réttarins auk sölusaktts að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir að stefnendur og Christa Jóhannsson, móðir stefndu, voru sameigendur að húsinu nr. 9 við Óðinsgötu í Reykjavík, og skiptust eignarhlutföll með þeim hætti, að stefnendur áttu 70% húseignarinnar, en Christa 30%. Á árinu 1984 hófust stefnendur handa við breytingar og endurbætur á húsinu. Áður en ráðist var í umræddar framkvæmdir hafði orðið vart við leka frá þaki hússins, en viðgerðir á þakinu höfðu ekki borið tilætlaðan árangur. Í stað sérstakra viðgerða vegna þaklekans varð að ráði að móðir stefndu veitti stefnendum heimild til að breyta þaki hússins og byggja aukaíbúð, en við þessar framkvæmdir var þakið endurnýjað. Áritaði móðir stefndu í tvígang teikningar vegna breytinganna með samþykki sínu. Verkið var unnið sumarið 1984, og þegar stefnendur kröfðu móður stefndu um greiðslu á hlutdeild hennar í kostnaði við þá viðgerð sem þurft hefði að gera á þakinu, ef ekki hefði komið til endurnýjun þess vegna framkvæmda stefnenda, kom í ljós að ágreiningur var með þeim um greiðsluskyldu móður stefndu. Samkomulag varð um að leita til Húseigendafélags Reykjavíkur til að fá upplýsingar um réttarstöðu aðila og finna lausn á ágreiningsefninu. Komu stefnendur og Christa, móðir stefndu, sameiginlega til funda með Sigurði Helga Guðjónssyni, þáverandi lögfræðingi félagsins. Stefnda kom með móður sinni á fundina, og í aðilaskýrslu sinni fyrir dóminum sagði hún að leitað hefði verið til Sigurðar sem sáttasemjara í deilu móður sinnar og stefnenda.

Vitnið Sigurður Helgi Guðjónsson sagði móður stefndu fyrst hafa komið til sín á skrifstofu Húseigendafélags Reykjavíkur síðla árs 1984 ásamt stefndu og í framhaldi af því hafi hann átt fundi með þeim og stefnendum. Hann taldi að á þessum tíma hefði verið ágreiningslaust að þak hússins hefði verið illa farið og þörf væri á að gera við það. Sér hafi ekki verið kunnugt um hvaða samninga aðilar gerðu, áður en ráðist var í framkvæmdir við breytingar á þakinu, en á fundum hjá sér hafi móðir stefndu og stefnendur rætt ýmis ágreiningsmál og þá einkum um skiptingu kostnaðar vegna lagfæringa á þakinu. Eftir nokkra fundi með þeim hafi hann talið, að ágreiningurinn væri að minnka, og því lagt til, að málið yrði leyst með því, að fundið yrði, hver hefði orðið kostnaður við nauðsynlegar lagfæringar á þakinu vegna lekans, og þeim kostnaði yrði skipt miðað við eignarhlutföll. Sigurður taldi sig geta fullyrt að um þetta hefði tekist samkomulag á skrifstofu sinni, a.m.k. hefði hann litið svo á. Hann hefði lagt til að fenginn yrði verkfræðingur, sem báðir aðilar gætu treyst, til að meta þennan kostnað, og hann hefði mælt með því, að leitað yrði til Leifs Benediktssonar verkfræðings. Sjálfur hefði hann rætt við Leif og hann fallist á að taka að sér verkið, en þegar á reyndi gat hann ekki unnið það og mælti eindregið með því að Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur, sem

gert hafði teikningar vegna ofanábyggingar stefnenda, yrði fenginn til að meta þennan kostnað. Leifur hefði talið hann best til þess fallinn vegna þekkingar á staðháttum og auk þess væri hann traustur og góður fagmaður. Niðurstaðan hafi því orðið sú að stefnandinn Þórhildur hafi leitað til Gunnars, og sagði vitnið að það hefði ekki vitað betur en að um þetta hefði einnig verið samkomulag milli aðila.

Gunnar St. Ólafsson gerði um beðna áætlun, og liggur hún fyrir í svohljóðandi bréfi, dagsettu 19. nóvember 1985:

„Undirritaður hefur að beiðni Þórhildar Þorleifsdóttur, Óðingsgötu 9, áætlað kostnað við „áður nauðsynlegar" viðgerðir vegna leka og skemmda á þaki Óðinsgötu 9.

Um er að ræða endurnýjun á bárujárni og pappa, þéttingu við steypta gafla nágrannahúsa, niðurbrot á steyptri þakrennu og endurnýjun þakrenna auk annarra viðgerða á húsinu vegna þakleka.

Kostnaðaráætlun er á verðlagi í nóv. 1985 (byggingarvísitala u.þ.b. 237 stig) og sundurliðast þannig:

Endurnýjun á bárujárni og þakpappa, 100% á annarri hlið en 50% á hinni.	kr.	70.000,00
Þétting með gaflveggjum, áfella og rauf.	kr.	17.500,00
Endurnýjun á þakrennum, þ.e. niðurbrot og nýjar rennur með öllum frágangi	kr.	96.500,00
Verkpallar	kr.	33.000,00
Viðgerðir vegna leka á lofti, gólfi o.fl.	kr.	19.000,00
Samtals	kr.	236.000,00"

Gunnar St. Ólafsson kom fyrir dóm og staðfesti áætlunina. Hann sagði að stefnandinn Þórhildur Þorleifsdóttir hefði, áður en hann gerði áætlunina, lýst fyrir sér, að áætlunin væri gerð vegna uppgjörs milli eigenda hússins, og við gerð áætlunarinnar hefði hann lagt mat á hver hefði orðið kostnaður við lágmarksframkvæmdir til að hindra áframhald á leka frá þaki hússins, ef stefnendur hefðu ekki ráðist í að breyta því. Hann hefði unnið áætlunina í samræmi við þær aðferðir sem verkfræðingar beiti við slíkar áætlanir og eigi það meðal annars við um áætlun byggingarvísitölu milli útgáfudaga hennar.

Christa Jóhannsson lést 12. ágúst 1985. Erfingjar Christu voru tvær dætur hennar, Ingeborg W. Jóhannsson, stefnda í máli þessu, og Donna L. Jóhannsson Ilumin sem búsett er í Bandaríkjunum. Skiptu þær búi móður sinnar einkaskiptum, en íbúðin að Óðinsgötu 9 var eftir lát Christu seld Reykjavíkurborg.

Í nóvember 1985 leituðu stefnendur eftir því hjá stefndu að hún greiddi hlut móður sinnar í kostnaði við viðgerðir á þaki hússins nr. 9 við Óðins-

götu í samræmi við það samkomulag sem stefnendur töldu að gert hefði verið fyrir milligöngu lögfræðings Húseigendafélagsins. Var um krafin fjárhæð miðuð við 30% af fyrirliggjandi áætlun eða kr. 70.800,00. Stefnda fékkst ekki til að greiða og stefnendur fólu því lögfræðingi að innheimta kröfuna.

Af hálfu stefnenda er á því byggt að munnlegt samkomulag hafi verið komið á milli þeirra og Christu Jóhannsson um að fenginn yrði verkfræðingur til þess að meta hversu mikill kostnaður hefði orðið, ef einungis hefði verið ráðist í nauðsynlegar viðgerðir vegna þaklekans, og Christa hafi samþykkt að greiða 30% af þeim kostnaði. Mál þetta sé höfðað til efnda á þessum samningi og þar byggt á almennum reglum kröfu- og samningaréttar, sbr. lög nr. 7/1936. Stefnendur benda á að Christu hafi verið vel kunnugt um umræddan þakleka og stefnda hafi í aðilaskýrslu sinni fyrir dóminum staðfest, að sér var einnig kunnugt, að þak hússins lak, þegar ráðist var í framkvæmdirnar árið 1984. Í viðræðum eigenda hússins um breytingar á eignarhluta stefnenda hafi jafnan verið gengið út frá því að með þeim yrði einnig bætt úr göllum á þaki hússins. Ekki hafi verið rætt sérstaklega í upphafi hver yrði hlutur Christu í kostnaði við endurbætur á sameigninni, en stefnendur segjast hafa gengið út frá því að kostnaðinum yrði skipt miðað við eignarhlutföll, enda hefði Christa við þessar framkvæmdir fengið gallalausa eign í stað gallaðrar. Þegar ágreiningur reis um hver ætti að vera hlutur Christu í þessum kostnaði hafi hún leitað til Húseigendafélags Reykjavíkur á undan stefnendum til að fá upplýsingar um réttarstöðu sína. Það hafi síðar verið sameiginleg ákvörðun hennar og stefnenda að leita eftir aðstoð lögfræðings Húseigendafélags Reykjavíkur við að leysa úr ágreiningi þeirra. Fundir þeirra með Sigurði Helga Guðjónssyni, þáverandi lögfræðingi Húseigendafélagsins, hafi leitt til munnlegs samkomulags. Því til stuðnings vísa stefnendur til vitnisburðar Sigurðar Helga fyrir dóminum og þeirrar áætlunar sem Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur vann í samræmi við nefnt samkomulag.

Varðandi kröfufjárhæðina benda stefnendur á, að fyrir hafi legið, áður en ráðist var í framkvæmdir, það álit kunnáttumanna, að til þess að bæta úr þaklekanum hefði þurft að endurnýja bárujárn og pappa, endurnýja þéttingar við steypta gafla nágrannahúsa, brjóta niður steypta þakrennu, endurnýja þakrennur auk ýmissa annarra viðgerða á húsinu vegna lekans. Á fundum eigenda hússins með lögfræðingi Húseigendafélagsins hafi orðið samkomulag um að fá verkfræðing til að meta þennan kostnað. Lögfræðingur Húseigendafélagsins hafi bent á tiltekinn verkfræðing, en þegar til hans var leitað, hafi hann ekki getað unnið verkið og vísað á Gunnar St. Ólafsson verkfræðing. Það hafi því verið vegna orða þess verkfræðings er lögfræðingur Húseigendafélagsins vísaði á að Gunnar var fenginn til að

gera þá áætlun sem lögð sé til grundvallar kröfugerð í máli þessu. Ekki verði því fallist á þá málsástæðu, stefndu að kostnaðaráætlun sé röng og þýðingarlaus í máli þessu, og því síður, að hún sé gerð af aðila vilhöllum stefnendum. Við gerð samkomulags stefnenda og móður stefndu hafi legið fyrir hvað verkfræðingurinn hafi átt að leggja mat á, og því ekki verið þörf á sérstöku samráði við aðila við gerð áætlunarinnar. Kröfufjárhæðin, kr. 70.800,00, sé 30% af kostnaðaráætluninni, eins og um hafði verið samið, og í áætluninni sé miðað við verðlag í nóvember 1985, þ.e. þegar verkfræðingurinn skilar áætluninni, og verði að telja slíkt bæði eðlilegt og í samræmi við venjur um mat.

Stefndu sé stefnt sem erfingja Christu Jóhannsson, en stefnda og systir hennar hafi skipt dánarbúi móður sinnar einkaskiptum og beri því ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Af hálfu stefndu er viðurkennt að móðir sín hafi fyrir sitt leyti sem einn af eigendum hússins nr. 9 við Óðinsgötu samþykkt að stefnendum væri heimilt að gera breytingar á húsinu með því að breyta þaki þess. Þessar framkvæmdir hafi hins vegar alveg verið á vegum stefnenda, þar sem þau hafi verið að stækka íbúð sína og auka sinn eignarhluta, og því hafi aldrei komið til að móðir stefndu tæki á nokkurn hátt þátt í kostnaði vegna framkvæmdanna. Þvert á móti hafi þessar framkvæmdir valdið henni tjóni, óhagræði og óþægindum, sem hún hafi orðið að þola bótalaust.

Stefnda tekur fram að sér hafi verið vel kunnugt um ástand hússins nr. 9 við Óðinsgötu, þar sem hún og maður sinn hafi átt íbúð þá, er móðir sín bjó í á árunum 1972 til 1981, en þá hafi þau haft makaskipti við hana. Vegna veikinda móður sinnar hafi hún einnig fylgst náið með henni og heimili hennar. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi kannaðist stefnda við að þakleka hefði gætt þegar ráðist var í framkvæmdir árið 1984, en því er hins vegar haldið fram af hálfu stefndu að viðgerðir og endurbætur á þaki hússins hafi verið óþarfar og ónauðsynlegar að því er varðar eignarhluta móður sinnar. Því er mótmælt, að þak hússins hafi verið svo illa farið sem stefnendur halda fram, því að skömmu áður hafi verið gerðar lagfæringar á þakinu og þá m.a. skipt um járn á hluta af því. Þá er bent á að það sé augljós staðreynd að hefðu viðgerðir verið nauðsynlegar á þaki hússins, hafi þær orðið ónauðsynlegar, þar sem stefnendur hafi rifið þakið vegna þeirra framkvæmda er þau lögðu í eingöngu vegna eigin hagsmuna.

Af hálfu stefndu er því mótmælt að kominn hafi verið á samningur milli móður sinnar og stefnenda að móðir sín greiddi hluta af kostnaði við viðgerð á þakinu. Móðir sín hafi upphaflega leitað til lögfræðings Húseigendafélags Reykjavíkur til að fá upplýsingar um, hvort sér bæri að taka þátt í þessum kostnaði. Tilefnið hafi verið fyrirspurnir frá fólki um hver ætti að vera hlutur hennar í kostnaði við framkvæmdirnar. Sjálf hafi

móðir sín talið, að hún ætti ekki að greiða neitt vegna þessara framkvæmda. Stefnda telur að á fundum hjá Sigurði H. Guðjónssyni lögfræðingi hafi ekki komist á neitt samkomulag, heldur hafi þar komið fram ábending um að leitað yrði til verkfræðings, sem báðir aðilar gætu sætt sig við, og hann fenginn til að leggja mat á þann kostnað, er um væri deilt. Móðir stefndu eða stefnda hafi aldrei samþykkt að Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur yrði fenginn til að vinna þetta verk og því séu útreikningar hans þýðingarlausir. Þá sé áætlun hans byggð á röngum forsendum og staðhæfingum stefnenda einna, rangt sé farið með stig byggingarvísitölu og þar sé byggt á röngu verðlagi. Áætlun þessi verði ekki lögð að jöfnu við matsgerð og því er mótmælt að áætlunin verði lögð til grundvallar í máli þessu.

Af hálfu stefndu er vísað til þess að ekki hafi verið fylgt reglum laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, við ákvarðanir þær, sem stefnendur byggja kröfur sínar á, og ekki virt sú grundvallarregla þeirra laga, að samráð skuli haft við meðeigendur í fjölbýlishúsum um framkvæmdir af því tagi sem hér um ræðir. Að öðru leyti byggir stefnda kröfur sínar á samningalögum, nr. 7/1936, svo og reglum kröfuréttar og fjármunaréttar og ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, einkum um sönnun og önnur réttarfarsatriði.

III.

Ágreiningsefni í máli þessu er, hvort kominn hafi verið á um það munnlegur samningur milli stefnenda og móður stefndu, að hún greiddi 30% af áætluðum kostnaði við nauðsynlegar lagfæringar á þaki hússins nr. 9 við Óðinsgötu, og jafnframt að verkfræðingur yrði fenginn til að áætla þennan kostnað, eins og stefnendur halda fram, en stefnda mótmælir.

Af hálfu stefndu er viðurkennt að leitað hafi verið til Sigurðar Helga Guðjónssonar, þáverandi lögfræðings Húseigendafélags Reykjavíkur, sem sáttasemjara í deilu móður sinnar og stefnenda. Verður að telja sannað með vitnisburði Sigurðar Helga, að samkomulag það, sem stefnendur lýsa, hafi komist á. Þess ber og að gæta að húsið nr. 9 við Óðinsgötu var fjölbýlishús í skilningi 1. gr. laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Þau lög kveða á um skyldu eigenda fjölbýlishúsa til að taka þátt í kostnaði við viðhald sameignar slíkra húsa og girða ekki fyrir að íbúðareigendur geri af því tilefni með sér samkomulag eins og það sem fjallað er um í máli þessu.

Við rekstur málsins hefur eigi komið glöggt fram að hvaða marki samið var um að leitað yrði til tiltekins verkfræðings um samantekt á kostnaðaráætlun þeirri er samkomulagið laut að. Verkfræðingur sá, sem upphaflega var leitað til eftir ábendingu lögfræðings Húseigendafélags Reykjavíkur benti stefnendum á að leita til Gunnars St. Ólafssonar verkfræðings. Ekki

þykir hafa verið sýnt fram á að einstakir liðir í kostnaðaráætlun Gunnars á dskj. nr. 3 séu ranglega áætlaðir og ekki í samræmi við samkomulag móður stefndu og stefnenda eða neinir þeir ágallar séu á áætluninni sem valdi því að ekki megi leggja hana til grundvallar við úrlausn þessa máls.

Við flutning málsins komu ekki fram nein andmæli af hálfu stefndu vegna aðildar hennar.

Niðurstaða dómsins er því sú að kröfur stefnenda verða teknar til greina, þ. á m. vaxtakrafa, en henni hefur eigi verið mótmælt eða upphafstíma vaxta.

Málskostnaður, sem stefnda greiði stefnendum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00, þ.m.t. söluskattur.

Tryggvi Gunnarsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ingeborg W. Jóhannsson, greiði stefnendum, Arnari Jónssyni og Þórhildi Þorleifsdóttur, kr. 70.800,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þ.d. til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. maí 1987, en með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júní 1987, en með 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júlí 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Heimilt skal að leggja á fallna dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 19. nóvember 1986, og reikna vexti af hinum nýja höfuðstól.

Stefnda greiði stefnendum kr. 40.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Föstudaginn 12. maí 1989.

Nr. 360/1987. **Brynhildur Jensdóttir**
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)
gegn
Skúla Jónssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Óvígð sambúð. Skipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember sama ár. Dómkröfur hennar eru aðallega þær, að við skipti á búi málsaðila vegna sambúðarslita þeirra komi andvirði fasteignarinnar að Tunguheiði 6, Kópavogi, allt í sinn hlut, enda taki hún að sér að greiða skuld við Lífeyrissjóð verkstjóra samkvæmt skuldabréfum, dagsettum 23. október og 27. október 1981, upphaflega samtals 99.000,00 krónur, en skuldin hafi þá samsvarað 17 hundraðshlutum af heildarandvirði eignarinnar. Til vara gerir hún þá dómkröfu, að andvirði eignarinnar sé skipt í öðrum hlutföllum en jöfnum, þannig að hún fái aukna hlutdeild í andvirði eignarinnar. Loks krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að úrskurður skiptaréttar Kópavogs verði staðfestur og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur málsaðila varðar eignarhlutföll aðila í eigninni að Tunguheiði 6 í Kópavogi við skipti á félagsbúi þeirra, en eignin var seld með kaupsamningi 5. maí 1986. Þá verður að skera úr um hlutdeild aðila í skuldum, sem stofnað var til á sambúðartímanum, að því leyti sem þær snerta eignarhlutdeild aðila að Tunguheiði 6 í Kópavogi.

Þegar litið er til dómafordæma verður að fallast á það með áfrýjanda að þinglýst eignarheimild og skattframtöl skeri ekki úr ágreiningi málsaðila og að líta megi til framlaga aðila til eignamyndunarinnar eftir því sem gögn leyfa.

Lögmaður stefnda lýsti yfir því í héraði, að umbjóðandi sinn óskaði ekki eftir að gefa skýrslu fyrir dómi enda þótt lögmaður áfrýjanda í héraði óskaði þess. Í greinargerð í héraði kemur fram hvernig áfrýjandi telur að kaup eignarinnar hafi verið fjármögnuð. Hún kom einnig fyrir dóm og gaf um það skýrslu svo og um annað, sem að sambúð þeirra laut. Þykir með hliðsjón af 116. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 115. gr. sömu laga, verða að leggja þá frásögn til grundvallar dómi í málinu að því leyti sem hún hefur stoð í öðrum gögnum málsins. Aðilar hófu sambúð 1981 og stóð hún með þremur hléum í fjögur ár. Með kaupsamningi 1. ágúst 1981 kaupa þau þriggja til fjögurra herbergja íbúð að Tunguheiði 6 í Kópavogi fyrir 600.000,00 krónur. Kaupverðið inntu þau af hendi á einu ári með nokkrum peningagreiðslum, alls 579.817,24 krónur, og yfirtöku skulda, alls 20.182,76 krónur.

Áfrýjandi sagði fyrir dómi að kaupin hefðu verið fjármögnuð með andvirði íbúðar sem hún átti að Furugrund 30 í Kópavogi, láni að fjárhæð 50.000,00 krónur sem hún fékk í Útvegsbankanum í Kópavogi, láni að fjárhæð 50.000,00 krónur, sem stefndi fékk í Sparisjóði Kópavogs, og láni að fjárhæð 65.000,00 krónur hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þá hafi vantað 60.000,00 krónur sem reiknað var með að stefndi fengi úr Lífeyrissjóði verkstjóra. Hún bar og fyrir dómi að stefndi hefði sagt sér, að framlög sín væru lánin.

Hér fyrir dómi hefur lögmaður áfrýjanda haldið því fram að hlutur stefnda hafi verið lánin, og væru þau á hans ábyrgð. Lögmaður stefnda hefur aftur á móti haldið því fram að lánin væru á ábyrgð beggja til helminga.

Með kaupsamningi 1. ágúst 1981 seldi áfrýjandi þriggja herbergja íbúð að Furugrund 30 í Kópavogi fyrir 500.000,00 krónur. Af kaupverðinu fékk hún greiddar 370.000,00 krónur í peningum á einu ári. Peningagreiðslur þessar standast á við greiðslur vegna eignarinnar að Tunguheiði 6 í Kópavogi og eru gjalddagar þessara greiðslna tveimur dögum fyrr og fjárhæðir margar þær sömu. Lánin, sem tekin eru og hvíla á eigninni að Tunguheiði 6 í Kópavogi, eru aftur á móti öll tekin í nafni stefnda. Lánin eru þessi: frá Lífeyrissjóði verkstjóra, dagsett 23. og 27. október 1981, upphaflega að fjárhæð samtals 99.000,00 krónur, frá Byggingarsjóði ríkisins, dagsett 20. apríl 1982, að fjárhæð upphaflega 65.000,00 krónur, og frá sama

aðila, ódagsett upphaflega, að fjárhæð 33.000,00 krónur. Þau eru að undanskildu láni frá Byggingarsjóði ríkisins, að fjárhæð 33.000,00 krónur, talin stefnda til skuldar á skattframtölum hans 1982 og 1983, þ.e. skattframtölum áranna sem greiðslur kaupverðs standa yfir. Þar er stefnda einnig talin 50.000,00 króna skuld við Sparisjóð Kópavogs. Lán stefnda hjá Byggingarsjóði ríkisins, 33.000,00 krónur, sem er ódagsett, er að líkindum ekki tekið fyrr en 1983 samkvæmt greinargerð áfrýjanda í héraði, efni veðskuldabréfs og skattframtölum. Áfrýjandi heldur því fram, að það lán hafi runnið til þeirra beggja. Í skattframtali áfrýjanda árið 1982 er ekki getið um 50.000,00 króna skuld við Útvegsbanka Íslands, Kópavogi, en hún heldur því fram að það lán hafi hún lagt fram til greiðslu afborgunar kaupverðs 27. september 1981.

Skýrsla áfrýjanda um fjármögnun kaupa eignarinnar að Tunguheiði 6, Kópavogi, er ekki greinileg að öllu leyti. Ljóst er þó að hún heldur því fram að hún hafi til þessa lagt fram allt söluverð eignarinnar að Furugrund 30 í Kópavogi og 50.000,00 króna lán úr Útvegsbankanum í Kópavogi og að framlög stefnda hafi verið í lánum. Þessi skýrsla hennar hefur nokkra stoð í gögnum málsins, eins og lýst er hér að ofan, að öðru leyti en því er varðar 50.000,00 króna lánið frá Útvegsbanka Íslands, Kópavogi. Þar sem stefndi kom ekki fyrir dóm í málinu þykir verða við þessa málsútlistun að sitja, þótt gölluð sé og á skorti, að alveg fullnægjandi grein sé gerð fyrir fjármögnun kaupanna. Lögmaður áfrýjanda hefur lýst yfir hér fyrir dómi að hlutur stefnda hafi verið lánin og hafi þau verið á hans ábyrgð. Þykir því mega leggja það til grundvallar dómi í málinu að ætlun aðila hafi verið að fjármagna kaup eignarinnar með útborgun söluverðs eignarinnar að Furugrund 30 í Kópavogi og lánum sem stefndi væri ábyrgur fyrir. Ljóst þykir því að framlag áfrýjanda hafi verið nokkru meira en stefnda og því sé rétt að við skipti á búi þeirra vegna sambúðarslita verði reiknað með því að hún hafi átt 62 hundraðshluta eignarinnar. Er þá litið til skamms sambúðartíma aðilanna og reiknað með að stefndi hafi átt að standa straum af þeim lánum sem hann tók til eignamyndunarinnar. Samkvæmt skattframtölum hafði stefndi mun meiri laun á sambúðartímanum en áfrýjandi. Þykir áfrýjandi því ekki hafa sýnt fram á að hún hafi í raun fjármagnað greiðslur lánanna á sambúðartímanum.

Niðurstaða málsins verður því eins og í dómsorði greinir. Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Við skipti á búi áfrýjanda, Brynhildar Jensdóttur, og stefnda, Skúla Jónssonar, vegna sambúðarslita þeirra skal reikna henni 62 hundraðshluta og honum 38 hundraðshluta í eigninni að Tunguheiði 6 í Kópavogi. Til skulda stefnda teljast lán frá Lífeyrissjóði verkstjóra, upphaflega samtals 99.000,00 krónur, og lán frá Byggingarsjóði ríkisins, upphaflega að fjárhæð 65.000,00 krónur, og beri hann ábyrgð á eftirstöðvum þeirra lána. Lán frá Byggingarsjóði ríkisins, upphaflega að fjárhæð 33.000,00 krónur, skal vera á ábyrgð þeirra að jöfnu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Sératkvæði
Benedikts Blöndals hæstaréttardómara og Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Aðilar þessa máls keyptu saman íbúð að Tunguheiði 6 í Kópavogi með kaupsamningi 1. ágúst 1981, en þau höfðu þá nýlega tekið upp sambúð. Hvorki í kaupsamningi né afsali er tekið fram, í hvaða hlutföllum þau hafi gert kaupin. Næstu tvö ár töldu þau fram til skatts sitt í hvoru lagi og voru þar 50% íbúðarinnar taldar hvoru um sig til eignar. Önnur gögn um skiptingu eignarinnar milli þeirra liggja ekki fyrir. Verður því að leggja til grundvallar, að þau hafi verið sammála um þessi eignarhlutföll, er kaupin voru gerð. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að eignarhlutföll hafi breyst eftir það. Samkvæmt því teljum við, að skipta eigi andvirði íbúðarinnar milli málsaðila að jöfnu og hvoru um sig beri að greiða eftirstöðvar þeirra skulda, er það stofnaði til á sambúðartímanum, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 17. ágúst 1987.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 31. júlí sl. að loknum munnlegum málflutningi, krefst sóknaraðili, Brynhildur Jensdóttir, Álftamýri 4,

Reykjavík, þess að við skipti á félagsbúi málsaðila vegna sambúðarslita reiknist eignarhlutdeild varnaraðila í þriggja herbergja íbúð á annarri hæð til vinstri að Tunguheiði 6, Kópavogi, ekki meiri en sem nemur 17% eða eftirstöðvum láns frá Lífeyrissjóði verkstjóra.

Varnaraðili, Skúli Jónsson, Kleppsvegi 52, Reykjavík, krefst þess að hann fái í sinn hlut helming af söluandvirði fasteignarinnar ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og málskostnaði að frádregnum eðlilegum og réttum kostnaði vegna sölu hennar.

Málsaðilar hafa lýst yfir að ekki sé ágreiningur um annað vegna sambúðarslitanna en það sem nú hefur verið greint frá.

Aðdragandi máls þessa hér fyrir rétti er sá að hinn 3. febrúar 1987 ritaði Edda Sigrún Ólafsdóttir héraðsdómslögmaður f.h. sóknaraðila skiptaráðandanum í Kópavogi bréf og fór þess á leit, að mál þetta yrði tekið fyrir í skiptaréttinum. Taldi lögmaðurinn afar brýnt að máli þessu yrði hraðað, þar sem umbjóðandi sinn hefði sl. sumar selt íbúð sína að Tunguheiði 6, Kópavogi, og hefði í kaupsamningi verið um það samið að af létt yrði veðlánum, sem fyrrverandi sambýlismaður hennar, varnaraðili í máli þessu, hefði fengið hjá Lífeyrissjóði verkstjóra. Lögmaðurinn sagði í bréfi sínu að sambúð þessi hefði varað með allmörgum hléum í fjögur ár, þar til varnaraðili hefði farið af heimilinu haustið 1985. Upplýsti lögmaðurinn, að á þeim tíma, er sambúð þessi hefði varað, hefði sambúðarfólkið talið saman fram til skatts, og hefði varnaraðili þá um leið verið gerður eignaraðili að 50% íbúðarinnar við Tunguheiði. Hefði þetta eingöngu verið gert vegna skattahagræðingar og hefði sóknaraðila ekki verið gerð grein fyrir því hver hætta væri þessu samfara.

Lögmaðurinn sagði að reynt hefði verið að hafa upp á varnaraðila fyrri hluta árs 1986 í þeim tilgangi að ganga frá málum, er snertu dvöl hans á heimili sóknaraðila, og þar á meðal vegna lífeyrissjóðsláns sem verið hefði í vanskilum frá því á árinu 1984. Náðst hefði í hann í Vestmannaeyjum sl. sumar þegar gerður var sölusamningur um íbúðina að Tunguheiði 6, Kópavogi, og hefði hann þá sent sóknaraðila umboð til þess að ganga frá sölunni. Nokkuð löngu eftir það hefði loks tekist að ná fundi með varnaraðila og hefði hann þá upplýst að lögmaður væri tekinn við sínum málum. Kvaðst lögmaðurinn hafa náð símasambandi við lögmann varnaraðila, Kristin Sigurjónsson hæstaréttarlögmann, í kringum 18. september og hefði hann þá upplýst að hann hefði kært sóknaraðila fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 23. júlí þá um sumarið fyrir skilasvik. Fylgdi með bréfi Eddu Sigrúnar greinargerð hennar f.h. sóknaraðila til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls.

Edda Sigrún ritaði skiptaráðandanum í Kópavogi annað bréf hinn 24. mars sl. f.h. sóknaraðila og reifaði þar málið enn frekar tölulega. Tók

lögmaðurinn m.a. fram að ef varnaraðili gerði kröfu til þess að fá helming söluverðs íbúðarinnar að Tunguheiði 6, Kópavogi, gerði sóknaraðili skýlausa kröfu til þess að fá greidd ráðskonulaun fyrir tímabilið ágúst/september 1981 til júní/ágúst 1985. Þessari kröfu hefur ekki verið við haldið af Ásdísi Rafnar héraðsdómslögmanni, sem tók við rekstri málsins af hálfu sóknaraðila úr hendi Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur sl. vor.

Sóknaraðili hefur komið fyrir rétt vegna máls þessa. Rakti hún þá m.a. hvernig kaupum íbúðarinnar að Tunguheiði 6, Kópavogi, hefði verið háttað. Kvaðst hún hafa átt íbúð að Furugrund í Kópavogi er hún hefði selt og hefði andvirði hennar farið að öllu leyti í íbúðina að Tunguheiði. Það sem á hefði vantað, hefðu málsaðilar fengið að láni, og hefðu þau lán verið meira og minna í vanskilum. Kvaðst hún telja að bein peningaframlög varnaraðila til íbúðarkaupanna hefðu engin verið, heldur hefðu þau verið fólgin í lánum sem hann hefði tekið. Hvað varðaði heimilisreksturinn, kvaðst sóknaraðili viðurkenna að varnaraðili hefði verið nokkru tekjuhærri en hún, en á móti því kæmi m.a. að hann hefði greitt háa skatta og tekið þátt í menntun sonar síns. Taldi sóknaraðili að hann, þ.e. varnaraðili, hefði lagt fé til heimilisins, en í hve miklum mæli á móti sér gæti hún ekki sagt. Hins vegar kvaðst hún hafa átt allt innbú, ef frá væru taldar tvær myndir.

Um ástæðu þess, að báðir málsaðilar hefðu verið skráðir eigendur að íbúð þeirri, er mál þetta snýst um, sagði sóknaraðili, að þau hefðu verið að fara í sambúð og hefði varnaraðili ætlað að leggja fé til kaupanna, en annað hefði komið í ljós. Þá sagði hún að rætt hefði verið um skattaspursmál í þessu sambandi.

Sóknaraðili sagði að sambúðin hefði varað í fjögur ár, en ekki óslitið, þar sem varnaraðili hefði þrisvar farið að heiman á þeim tíma.

Sóknaraðili upplýsti að á sambúðartímanum hefði hún tvívegis lagst á sjúkrahús, í annað skiptið til geislameðferðar, en í hitt skiptið hefði hún farið á geðdeild Borgarspítalans vegna áfengisneyslu.

Varnaraðili hefur ekki séð ástæðu til þess að koma fyrir rétt og gefa skýrslu vegna máls þessa.

Meðal málsskjala er að finna þrjá kaupsamninga. Skv. ljósriti kaupsamnings, dags. 1. ágúst 1981, selur sóknaraðili þriggja herbergja íbúð sína að Furugrund 30 í Kópavogi fyrir kr. 500.000,00. Útborgun, kr. 370.000,00, greiðist á einu ári, kaupandi tekur að sér á hvílandi veðskuldir, að upphæð kr. 52.246,00, og gefur út veðskuldabréf til fjögurra ára með 20% ársvöxtum, að upphæð kr. 77.754,00, fyrsta afborgun 1. september 1982. Skv. kaupsamningi, dags. sama dag, þ.e. 1. ágúst 1981, kaupa málsaðilar þriggja til fjögurra herbergja íbúð á efri hæð hússins nr. 6 við Tunguheiði í Kópavogi. Kaupverð er kr. 600.000,00 greiðist þannig, að kaupendur greiða kr. 579.817,24 í útborgun á einu ári og taka að sér á hvílandi veð-

skuldir, að upphæð kr. 20.182,76. Þá liggur fyrir samrit kaupsamnings, dags. 5. maí 1986, þar sem málsaðilar selja íbúð sína að Tunguheiði 6, Kópavogi, fyrir kr. 2.575.000,00, sem greiðist þannig:

„1.	Við undirskrift kaupsamnings þessa	kr.	600.000,00
2.	Hinn 1. júlí 1986	—	350.000,00
3.	Hinn 1. október 1986	—	300.000,00
4.	Hinn 2. janúar 1987	—	300.000,00
5.	Hinn 1. mars 1987	—	125.000,00
6.	Hinn 1. apríl 1987	—	100.000,00
7.	Kaupandi tekur að sér að greiða eftirtaldar verðtryggðar veðskuldir sem hvíla á hinni seldu eign:		
	a) skuld á 1. veðr. til Veðdeildar Landsbanka Íslands, lán E-12	—	1.447,78
	lán E-13	—	1.533,58
	b) lán á 2. veðrétti til Byggingarsjóðs ríkisins, lán G-16	—	20.771,83
	lán G-38	—	228.334,51
	c) lán hvílandi á 5. veðrétti til Byggingarsjóðs ríkisins, lán G-60	—	52.416,13
8.	Eftirstöðvar kaupverðsins greiðir kaupandi með árlegum afborgunum á næstu sex árum, fyrst 1. september 1987. Eftirstöðvarnar skulu veðtryggðar í hinni seldu fasteign og vera verðtryggðar og taka hækkun skv. lánskjaravísitölu eins og hún verður 15. júní 1986, þ.e. við af hendingu hússins, en auk þess greiðast á skuldina 5% ársvextir eða hæstu lögleyfðu vextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands af veðtryggðum lánum eins og þessu ..	—	495.496,12
		Samtals kr.	2.575.000,00“

Þá er tekið fram í samningi þessum að seljandi lofi að aflétta áhvílandi lánum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs verkstjóra, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Útvegsbanka Íslands fyrir 1. október 1986. Liggur fyrir bréf frá Skúla Sigurðssyni hdl., dags. 13. janúar 1987, þar sem hann tilkynnir að kaupendur að íbúðinni að Tunguheiði 6 muni ekki greiða að svo stöddu greiðslur nr. 4, 5 og 6, skv. kaupsamningnum, þar sem enn hafi ekki verið af létt láni frá Lífeyrissjóði verkstjórafélags Íslands. Hótar lögmaðurinn að lán þetta verði greitt upp og í framhaldi krafist útgáfu afsals. Þá vekur hann í bréfi sínu athygli á yfirvofandi uppboði á íbúðinni vegna vanskila á láni þessu.

Skv. afritum skattframtala, sem lögð hafa verið fram, sést að málsaðilar

hafa verið taldir eigendur íbúðarinnar að Tunguheiði 6 í Kópavogi framtalsárin 1982-1984. Þá verður ályktað af sömu gögnum að varnaraðili hafi haft verulega hærri tekjur en sóknaraðili, en á móti því kemur að sóknaraðili hefur lagt fram gögn því til stuðnings að tekjur sínar hafi verið töluvert hærri en skattframtölin gefa til kynna.

Sóknaraðili mótmælir þeim rökum varnaraðila að hann eigi að fá helming af söluverði íbúðarinnar að Tunguheiði 6, Kópavogi, á grundvelli þess, að hann, þ.e. varnaraðili, sé lögskráður eigandi íbúðarinnar til helminga á móti sóknaraðila. Vitnar hann í tvo dóma Hæstaréttar Íslands frá árinu 1982, bls. 1141 og 1412, því til stuðnings, að skráning hafi ekki þá þýðingu, sem haldið sé fram. Vitnar sóknaraðili í, að ástæða þess, að greind íbúð hafi verið skráð á nafn beggja í upphafi, hafi verið sú að það hafi verið talið hagkvæmara skattalega, án þess þó, að sér hafi verið gerð grein fyrir þeirri hættu sem stafað gæti af þeirri skipan. Sóknaraðili segir ljóst að söluverð íbúðar sinnar að Furugrund 30, Kópavogi, hafi runnið óskipt til kaupa á eigninni að Tunguheiði 6, svo og til heimilishalds. Telur hún bein framlög varnaraðila til kaupanna hafa verið engin, hins vegar hafi 60% af láni, sem hann hafi tekið hjá Lífeyrissjóði verkstjóra, gengið til íbúðarkaupanna, en það lán hafi alla tíð verið í vanskilum. Þá heldur sóknaraðili því fram að 50.000,00 kr. lán, er varnaraðili hafi tekið vegna umræddra íbúðarkaupa, hafi verið greitt upp af málsaðilum sameiginlega. Sóknaraðili telur málsaðila báða hafa haft bærilegar tekjur á sambúðartímanum og hafi hlutur varnaraðila til heimilisrekstursins verið síst meiri. Hafi hann hvorki greitt viðhaldskostnað né fasteignagjöld, svo og óverulegan hluta af gjöldum til hússjóðs.

Varnaraðili segir rökin fyrir kröfu sinni vera þau að hann hafi verið þinglesinn eigandi að helmingi eignarinnar skv. afsali og kaupsamningi. Vísar hann og til skattframtala aðila. Sé málið svo augljóst að ekki þurfi að fjölyrða um það.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er óumdeilt, að báðir aðilar festu kaup á íbúðinni að Tunguheiði 6 í Kópavogi hinn 1. ágúst 1981 og voru skráðir eigendur hennar allt til þess er hún var seld 5. maí 1986. Með hliðsjón af því, lengd sambúðartímans svo og öðrum gögnum málsins þykir verða að skipta söluandvirði eignarinnar í jöfnum hlutföllum milli málsaðila.

Þá þykir rétt með vísan til allra málavaxta að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Skipta ber söluandvirði samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 5. maí 1986, um þriggja herbergja íbúð á 2. hæð til vinstri í húsinu nr. 6 við Tunguheiði í Kópavogi í jöfnum hlutföllum milli málsaðila.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. maí 1989.

Nr. 156/1989. **Sálfræðingafélag Íslands**
gegn
Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, kært til Hæstaréttar frávísunardóm, sem Félagsdómur kvað upp 18. apríl sl. Kært var 24. apríl og barst kæran Hæstarétti daginn eftir. Í kæru og greinargerð, sem dagsett er 2. maí, krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila, sem dagsett er 9. maí, er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Staðfesta ber hinn kærða dóm með tilvísun til forsendna hans. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur Félagsdóms 18. apríl 1989.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Allan V. Magnússon og Ragnar Halldór Hall.

Málið, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 11. þ.m.

Stefnandi er Sálfræðingafélag Íslands, kt. 540269-1069, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefnda er Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis, kt. 410676-0609, Lyngási 11, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé samningsaðili um kaup og kjör gagnvart Sálfræð-

ingafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa á nefndri fræðsluskrifstofu,

2. að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað samkvæmt ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Að stefnda verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu, verði málinu ekki vísað frá Félagsdómi ex officio.

— — —

III.

Í upphafi málflutnings beindi dómurinn því til lögmanna aðila að þeir tjáðu sig sérstaklega um þau atriði, sem gætu leitt til frávísunar málsins af sjálfsdáðum.

Lögmaður stefnanda taldi sakarefnið falla beint undir 1. tl. 26. gr.laga nr. 94/1986 samkvæmt orðanna hljóðan og almennri lögskýringu. Þar segi, að Félagsdómur dæmi í málum, sem rísi á milli samningsaðila um „samningsaðild einstakra stéttarfélaga". Í greinargerð, sem fylgt hafi frumvarpi að lögunum, sé einnig nefndur „samningsréttur" í þessu samhengi. Skilningur stefnanda sé því að undir ákvæði þetta falli úrlausnarefni um þrennt: 1) hvort um samningsrétt sé að ræða, 2) fyrir hvern eigi að semja og 3) við hvern eigi að semja. Lögskýringargögn gefi ekki tilefni til þess að beita þrengjandi lögskýringu, sem myndi leiða til takmörkunar á heimildum ákvæðis 26. gr. laganna.

Lögmaður stefndu andmælti þessum lögskýringarsjónarmiðum og benti á að orðalag 1. tl. 26. gr. laganna væri skýrt og ótvírætt og að ekki væri heimilt að beita rýmkandi skýringu á grein þessa.

IV.

Álit dómsins.

Um samningsrétt félagsmanna aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eru nú í gildi ákvæði laga nr. 94/1986. Í 26. gr. þeirra er mælt fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma um nokkur ágreiningsefni milli aðila að kjarasamningum þeim, sem lögin taka til. Sú lagagrein er svohljóðandi:

„Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðila, um:

1. samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær,
2. lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana,
3. ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans,
4. hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954,
5. hverjir falli undir ákvæði 3. - 6. tölul. 19. gr. þessara laga,

6. önnur atriði, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.

Félagsdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra, sem undir lög þessi falla, hvort sem ágreiningurinn er milli samningsaðila, stéttarfélaga eða einstakra starfsmanna og stéttarfélaga.

Félagsdómi er heimilt að dæma í máli um atriði, sem tilgreind eru í 1. mgr., sem ágreiningur er um milli fjármálaráðherra eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa, sem ekki falla undir 5. gr. þessara laga né lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendunum séu því meðmæltir."

Félagsdómur er sérdómstóll, og eru ofangreind ákvæði 26. gr. um dómsvald hans fortakslaus. Verður ekki ráðið af orðum greinarinnar eða forsögu hennar, að henni hafi verið ætlað að taka til annarra ágreiningsmála en þar greinir.

Um fyrirsvar af hálfu vinnuveitenda við gerð og framkvæmd kjarasamninga, sem lög nr. 94/1986 taka til, eru ákvæði í 3. gr. laganna. Ágreiningur um skýringu þeirrar greinar er ekki meðal þess sem fellt er undir dómsvald Félagsdóms með 26. gr.laganna. Er máli þessu því sjálfkrafa vísað frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12.maí 1989.

Nr. 371/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Skúla Ágústssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1988. Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar sem verði þyngd frá því sem ákveðið var í héraðsdómi, svo og að hann verði sviptur ökuréttindum og dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt:

1. Bréf ríkissaksóknara 14. september 1988 til lögreglustjórans í Reykjavík. Með bréfinu var lögreglustjóranum sent ljósrit dómsgerða sakadóms Reykjavíkur í máli þessu. Í því segir m.a.: „Í framburði dómþola kemur fram, að augnlæknir hans hefur bannað honum að aka bifreið að óbreyttu ástandi sjónar hans og hann hafi ekkert ekið bifreið eftir slysið. Með vísan til 53. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sýnist ástæða til að beina því til yðar, að kannað verði, hvort ákærði teljist fullnægja skilyrðum til þess að hafa ökuleyfi. Gögnin óskast endursend embættinu sem allra fyrst ásamt upplýsingum um niðurstöðu þeirrar könnunar og eftir atvikum ákvörðun yðar."

2. Skýrsla lögreglunnar í Reykjavík þess efnis, að hinn 2. nóvember 1988 hafi lögreglustjórinn með vísan til 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, ákveðið að afturkalla ökuréttindi ákærða og hann skilað ökuskírteini sínu þann dag. Ekki verður séð að nein könnun hafi áður farið fram.

3. Vottorð sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum um arfgengan sjúkdóm ákærða og einkenni hans, dagsett 22. nóvember 1988.

4. Þrjú vottorð augnlækna um sjón ákærða, dagsett 19. janúar 1988, 7. september 1988 og 20. mars 1989. Í hinu elsta þeirra segir: „Álit: Besta sjón á hægra og vinstra auga er 6/24 og fullnægir því sjúklingur ekki skilyrðum reglugerðar um ökuleyfi."

5. Endurrit framhaldsprófa í máli þessu, sem fram fóru í sakadómi Reykjavíkur í apríl 1989. Ákærði kom fyrir dóm, farþegar í bifreið hans og stjórnendur tveggja bifreiða, sem komu úr gagnstæðri átt og sáu, er bifreið ákærða rakst á ljósastaurinn. Þá komu fyrir dóm lögreglumenn, er fóru á slysstað.

6. Ljósrit af ökuskírteini ákærða, út gefnu 19. mars 1981. Þar kemur ekki fram að ákærði eigi að nota gleraugu við akstur. Það var fyrst gefið út 14. maí 1956.

II.

Farþegum í bifreið ákærða og sjónarvottum að slysinu ber saman um, að ákærði hafi ekki ekið bifreið sinni ógætilega hratt. Hins vegar fylgdi hann vegarbrún inn á útskot við viðkomustað strætisvagna og ók bifreið sinni viðstöðulaust á ljósastaur handan við útskotið. Verður að meta honum það til gáleysis.

Samkvæmt læknisvottorðum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, verður að telja líklegt að slysið verði einnig rakið til sjóndepru ákærða. Hins vegar var ekki ákært fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. og 2. mgr. 24. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og koma þau ákvæði ekki til athugunar í máli þessu. Eins og hér stóð á hefði í ákæru einnig átt að vísa til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1987.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru er lýst, og brotið gegn þeim lagaákvæðum, er þar greinir.

Ekki leysir það ákærða undan refsingu að hinn látni vildi eigi nota bílbelti. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eins og mál þetta lá fyrir sakadómi bar að svipta ákærða ökurétt-indum. Svo sem að framan greinir afturkallaði lögreglustjórinn í

Reykjavík ökuréttindi ákærða hinn 2. nóvember 1988. Krafa ákæruvalds um sviptingu ökuréttinda kemur því ekki lengur til álita í máli þessu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Ágústsson, greiði 30.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, til ríkissjóðs, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1988.

Ár 1988, mánudaginn 13. júní, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 339/1988: Ákæruvaldið gegn Skúla Ágústssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. maí 1988, gegn ákærðum, „Skúla Ágústssyni, Otrateigi 4, Reykjavík, fæddum 11. september 1936 þar í borg, fyrir að aka, í myrkri að morgni mánudagsins 4. janúar 1988, bifreiðinni R 53359 austur Suðurlandsbraut í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst á ljósastaur sunnan við götuna, skammt austan við Vegmúla. Við það hlaut Ingimundur Brynjólfsson, fæddur 9. maí 1920, sem var farþegi í framsæti bifreiðarinnar, svo mikla áverka innvortis að hann lést stuttu síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. og 2. mgr., stafliði a og b, 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. og 3. mgr., stafliði a og b, 49. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1956 27/6 í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur.
1956 11/8 í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1956 7/12 í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðal.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni mánudagsins 4. janúar 1988 klukkan 7.08 barst lögreglu tilkynning um umferðarslys á Suðurlandsbraut, skammt austan við Vegmúla hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði ákærði ekið bifreiðinni R 53359 á ljósastaur austan við biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur, þar sem útskot er á veginum. Samkvæmt lögregluskýrslu var myrkur, en lýsing góð. Yfirborð vegar var malbikað og þurrt. Bifreiðin reyndist ökufær, og hemlar hennar virtust í lagi. Hemlaför sáust ekki. Farþegi, sem verið hafði í framsæti bifreiðarinnar, var fluttur á slysavarðstofu, en reyndist látinn er þangað var komið.

Vitnið Vigdís Jónsdóttir öryrki, Hátúni 10A, Reykjavík, kvaðst hafa verið farþegi í bifreið ákærða og setið í aftursæti. Vitnið taldi, að ákærði hefði ekið á löglegum hraða. Vitnið gat ekkert borið um tildrög slyssins, enda hefði það „vankast" við áreksturinn.

Vitnið Óskar Þorkelsson kjötiðnaðarmaður, Snælandi 5, Reykjavík, kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsbraut greint sinn. Vitnið fullyrti, að ákærði hefði ekið á venjulegum ökuhraða í gagnstæða átt. Hann hefði fylgt götubrún og ekið inn á útskot strætisvagna rétt austan Vegmúla. Vitnið tók fram, að útskot þetta sé að þess mati „slysagildra" og geti hreinlega ruglað ökumenn, sem fylgi vegbrún, einkum í myrkri, og ljósastaurinn, sem bifreiðin hafnaði á, hafi verið dökkur og ekkert auðkenndur. Að mati vitnisins voru ökuskilyrði sæmileg.

Vitnið Einar Einarsson verkamaður, Völvufelli 22, Reykjavík, ók einnig bifreið vestur Suðurlandsbraut. Það kvað ákærða hafa sveigt inn á útskotið og hafnað á staurnum. Vitninu fannst ökuhraði bifreiðar ákærða eðlilegur.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 6. janúar 1988, og var framburður hans þá meðal annars á þessa leið:

„Umræddan morgun kveðst hann hafa lagt af stað að heiman frá sér kl. um 6.45 áleiðis upp að Reykjalundi, þar sem hann segist starfa við iðnað. Kvöldinu áður segir hann Ingimund Brynjólfsson hafa hringt í sig og beðið sig að koma við um morguninn og taka sig með upp eftir, en hann segir, að þeir hafi unnið saman í plastdeild. Hann segir, að Ingimundur hafi sest í framsætið farþega megin, og hefði hann svo ekið, sem leið liggur, upp Laugarnesveg frá Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12, þar sem Ingimundur hafði komið upp í bílinn.

Þá er Ingimundur settist upp í bílinn, kveðst ákærði hafa farið fram á það við hann að spenna um sig öryggisbeltið, en svör hans hafi verið á

þá leið að hann vildi ekki nota það. Kveðst hann hafa ekið af Laugarnesvegi til vinstri austur Laugaveg og numið staðar við biðstöð SVR á Laugavegi móts við Sjónvarpshúsið, en þar segir hann hjónin Vigdísi Jónsdóttur og Geirfinn Sigurgeirsson hafa staðið. Kveðst hann hafa boðið þeim far með upp eftir, en þar segir hann þau starfa við sama iðnað. Segir hann Ingimund hafa farið út úr bifreiðinni, sem er tvennra dyra, og hleypt þeim hjónum inn, en þau settust í aftursætið. Í framhaldi af því segir hann Ingimund hafa sest í framsætið án þess að spenna á sig öryggisbeltið. Sjálfur kveðst ákærði hafa spennt það á sig og ók því næst af stað austur Laugaveg og áfram eftir Suðurlandsbraut.

Hann kveðst aðspurður hafa ekið austur nefnda braut á um 40 km hraða m.v. klst. Kveðst hann hafa fylgt hægri vegbrún og ekki hafa áttað sig á því, er hann ók austur fyrir mót Vegmúla, að hann var kominn inn á útskot biðstöðvar SVR. Þar segist hann hafa lent með bílinn upp á steyptum kanti og í framhaldi af því á ljósastaur sem hann kveðst ekki hafa tekið eftir.

Aðspurður kveðst ákærði hafa haldið ferðinni og ekki stigið á fóthemilinn og hefði bifreiðin lent á staurnum af miklu afli. Þá er atburðir gerðust, kveðst hann hafa misst minnið og man svo, að maður hafði komið að, sem sagði honum að sitja rólegum þangað til sjúkralið og lögreglan kæmu á staðinn.

Ákærði kveðst hafa séð, að Ingimundur lá utan í hurðinni og virtist vera alveg meðvitundarlaus, en segir hjónin í aftursætinu hafa verið meðvituð um hvað gerst hafði.

Ákærði kveðst hafa verið fluttur á Slysadeild og þar gert að sári sínu, sem var skurður ofan við v. augabrún. Hann kveðst einnig hafa hlotið mar og er lerkaður í líkama eftir.“

Fyrir dómi skýrði ákærði þannig frá atvikum málsins, að greint sinn hefði hann ekið bifreiðinni R 53359 austur Suðurlandsbraut á um 40 km hraða miðað við klukkustund, alveg við hægri brún vegar sem verið hafi allvel lýstur. Af einhverri óaðgæslu hefði hann ekið inn á útskot fyrir strætisvagn og hafnað á rafmagnsstaur. Ekkert hefði truflað akstur sinn. Ákærði, sem er öryrki, kvaðst hafa verið vanur að aka aðra akstursleið í vinnuna, og því hefðu sér ekki verið kunnir staðhættir á slysstað. Ákærði kvaðst hafa skerta sjón, en haft fullgild ökuréttindi og notað viðeigandi gleraugu greint sinn. Eftir slysið hefði hann farið til augnlæknis, sem bannað hefði sér að aka bifreið að óbreyttu ástandi, og hefði hann því ekkert ekið eftir að slysið varð.

Ályktun Gunnlaugs Geirssonar prófessors, sem krufði lík Ingimundar Brynjólfssonar, er svofelld:

„Krufningin sýndi mikinn áverka á brjósthol með rifbrotum, rifu á lunga

og rifu á meginslagæð. Einnig voru áverkar á kviðarholslíffæri, einkum lifur, sem var rifin. Blæðingarnar, sem urðu við áverkana, leiddu til dauða mannsins. Krufningin sýndi menjar eftir skemmd í heila, en vel grónar og hafa ekki verið meðverkandi í dauða mannsins.“

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst og þar færð til réttra lagaákvæða.

Refsing ákærða þykir eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ekki þykja efni til að svipta ákærða ökuréttindum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Ágústsson, greiði 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12.maí 1989.

Nr. 159/1989. **Jafnréttisráð vegna Helgu Kress**
gegn
menntamálaráðherra
og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skv. heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1989. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardómnum verði hrundið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með vísun til forsendna hins kærða dóms ber að fallast á, að ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, leiði ekki til frávísunar frá héraðsdómi. Það athugast þó, að sóknaraðili hefur ekki stefnt Matthíasi Viðari Sæmundssyni til réttargæslu í málinu, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936.

Þá ber að fallast á, að fullnægt sé málshöfðunarskilyrðum í 16. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með þeim úrbótatilmælum sóknaraðila 21. september 1987, sem lýst er í hinum kærða dómi. Hvað sem því líður, er þess að gæta, að upphaflegum setningartíma þess manns, sem settur var til að gegna hinni umdeildu lektorsstöðu, lauk 31. ágúst 1988, eftir að mál þetta var höfðað, svo að sóknaraðili gat eftir það eigi fengið dóm um, að Helga Kress yrði sett í stöðuna. Er þá eigi tekin afstaða til þess, hvot slíkt var unnt fram til 31. ágúst 1988. Hins vegar á sóknaraðili í samráði við Helgu lögvarinn rétt til að fá úr því skorið með dómi, hvort menntamálaráðherra hafi farið að lögum, þegar hann setti í stöðuna, enda er mál þetta tengt sérstökum hagsmunum, sem lög nr. 65/1985 eiga að vernda og hin sérstæða málshöfðunarregla 17. gr. laganna mótast af.

Í 17. gr. laga nr. 65/1985 segir:

„Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr., er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig, þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða."

Jafnréttisráð hefur höfðað mál þetta í samráði við Helgu Kress. Er þess í fyrsta lagi krafist, að „viðurkennt verði með dómi, að setning ... í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 hafi verið ólögmæt". Er þetta, eins og á stendur, lögleg dómkrafa innan málshöfðunarheimildarinnar í 17. gr. laga nr. 65/1985.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. mars 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 22. febrúar sl., vegna frávísunarkröfu stefndu, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Jafnréttisráði, nnr. 4844-3338, Laugavegi 118 D, Reykjavík, vegna Helgu Kress, nnr. 3920-5769, Ásvallagötu 62, Reykjavík, gegn menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 23. júní 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. að viðurkennt verði með dómi, að setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 hafi verið ólögmæt,

2. að stefndu verði með dómi gert að greiða Helgu Kress kr. 500.000,00 í miskabætur með [nánar tilteknum vöxtum].

— — —

3. að stefndu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og stefndu til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefndu verði til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til þrauta-

vara er þess krafist að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Málið er til úrlausnar nú um frávísunarkröfu stefndu.

— — —

III.

Stefndu gera í máli þessu aðallega kröfu um frávísun málsins, svo sem fyrr greinir. Er sú frávísunarkrafa í fyrsta lagi á því byggð að með því að stefnandi hagar kröfugerð sinni á þann veg að krefjast sjálfstætt dómsviðurkenningar á því að setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í þá lektorsstöðu, sem hann hefur gegnt undanfarin ár, hafi verið ólögmæt, fáist ekki séð, hvað sem öðrum annmörkum á þeirri kröfugerð líður, sbr. síðar, að úr þeirri kröfu verði leyst án aðildar hans, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Þá byggja stefndu frávísunarkröfu sína einnig á því að í lögum nr. 65/1985, jafnstöðulögunum, sé kveðið á um málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs í 17. gr. laganna. Ekki sé gert ráð fyrir í lögunum að Jafnréttisráð standi að málshöfðun til að framfylgja lögunum utan þeirra tilvika sem koma undir ákvæði 17. gr. Samkvæmt þeirri grein sé það skilyrði fyrir málshöfðun, að málsóknin eigi sér stað í því skyni að ná fram lögvörðum rétti aðila, sem telji á sér brotið, og Jafnréttisráð hafi, áður en til málsóknar komi, beint að gagnaðila ákveðnum tillögum um úrbætur, sbr. 16. gr. laganna, og að þeim tillögum hafi ekki verið sinnt.

Þessu ófrávíkjanlega málshöfðunarskilyrði hafi stefnandi ekki fullnægt. Bréf stefnanda á dskj. nr. 17 uppfylli ekki kröfur laganna, þar sem þær kröfur, sem þar séu settar fram, séu augljóslega settar fram til málamynda í því skyni að reyna að komast fram hjá þessu lagaskilyrði. Stefnandi hafði áður sjálfur lýst því yfir að krafa um setningu Helgu í stöðuna væri þýðingarlaus úrbótarkrafa og bréfið hafi alls ekki borið með sér að hún væri samþykk þessum tilmælum. Að það bréf hafi verið sent til málamynda komi einnig skýrlega fram af kröfum í máli þessu, sem séu allt aðrar en hafðar voru uppi í bréfinu.

Ef ekki yrði fallist á að vísa málinu í heild frá dómi er af hálfu stefndu talið allt að einu óhjákvæmilegt að vísa viðurkenningarkröfu stefnanda frá dómi. Fyrir þessu eru færð eftirgreind rök:

1. Þegar af þeirri ástæðu, að setningartíminn í hina umdeildu stöðu sé liðinn, fáist ekki séð, að lögvarðir hagsmunir standi til, að dæmt verði um þessa kröfugerð.

2. Ákvæði 17. gr. jafnstöðulaganna verði ekki skilið svo, að það heimili, að höfð sé uppi, samhliða bótakröfu, viðurkenningarkrafa er feli í sér þær málsástæður sem úrlausn um bótakröfuna velti á. Hvorki verði

ráðið af 17. greininni sjálfri, lögunum annars né lögskýringargögnum að reglan feli í sér nein frávik frá þessari grundvallarreglu réttarfars.

3. Í stefnu sé reyndar viðurkennt að sjálfstæð viðurkenningarkrafa helgist alls ekki af tilvist sérstakra lögvarinna hagsmuna Helgu Kress, er ekki verði leyst úr með úrlausn á miskabótakröfu hennar. Þvert á móti komi fram í stefnu að viðurkenningarkrafan sé hugsuð sem dómsviðurkenning gagnvart Jafnréttisráði á því, að þau ákvæði laganna, sem málsóknin sé reist við, hafi verið brotin við stöðuveitinguna. Með þessari kröfugerð sé því leitað eftir lögfræðilegri álitsgerð andstætt 67. gr. eml. um sakarefni sem jafnstöðulögin veiti Jafnréttisráði eigi forræði um.

4. Tilgangur stefnanda sé í reynd sá að fá sérstaka res judicata úrlausn dómstóls um það að ráðherra hafi með stjórnarathöfn sinni á refsiverðan hátt gerst brotlegur við tiltekin lagaákvæði jafnstöðulaganna. Viðurkenningarkrafa stefnanda brjóti því einnig í bága við 68. gr. eml.

Stefnandi gerir kröfu til þess að frávísunarkröfu stefndu í heild og að hluta verði hrundið og stefnanda til dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Stefnandi byggir á því að unnt sé að leysa úr viðurkenningarkröfu málsins án aðildar Matthíasar Viðars Sæmundssonar, sbr. 46. gr. l. 85/1936, og að engir þeir annmarkar séu á málatilbúnaði stefnanda að varðað geti frávísun málsins, hvorki í heild né að hluta. Málshöfðunarskilyrði 17. gr. séu uppfyllt með úrbótatillögum á dskj. nr. 17 og nægilegt sé að hafa uppi viðurkenningarkröfu eina sér, en tilgangurinn sé ekki að ná fram lögvörðum rétti.

Ráðuneytið hafi ekki fallist á úrbótatillögu Jafnréttisráðs og þess vegna hafi málshöfðun verið heimil.

IV.

Af hálfu stefndu er annars vegar gerð krafa um frávísun málsins í heild, en hins vegar að viðurkenningarkröfunni verði vísað frá dómi.

Krafa stefndu um frávísun málsins í heild er í fyrsta lagi á því byggð að ekki verði um það dæmt, hvort setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í greinda lektorsstöðu hafi verið ólögmæt, nema hann sé aðili að málinu, sbr. 46. gr. l. nr. 85/1936.

Ekki verður talið að stefndi menntamálaráðherra og Matthías Viðar Sæmundsson eigi óskipta sakaraðild varnar megin í máli þessu í skilningi 46. gr. laga nr. 85/1936. Frávísun málsins á þeim grundvelli verður því ekki tekin til greina.

Krafa stefndu um frávísun málsins er einnig á því byggð að stefnandi hafi ekki fullnægt ófrávíkjanlegu málshöfðunarskilyrði 17., sbr. 16. gr. laga nr. 65/1985 með fram settri úrbótakröfu sinni.

Með bréfi Jafnréttisráðs til menntamálráðherra, dags. 21. september 1987, var þeim tilmælum beint til hans að Helga Kress yrði þá þegar sett í umrædda stöðu lektors í íslenskum bókmenntum. Í svari menntamálaráðherra, dags. 26. nóvember 1987, var lýst yfir, að menntamálráðuneytið gæti ekki orðið við tilmælunum.

Þegar greind tilmæli Jafnréttisráðs voru sett fram var setningartíminn í hina umdeildu stöðu ekki liðinn. Verður því að líta svo á að stefnandi hafi með úrbótakröfu sinni fullnægt lagaskilyrðum um málshöfðun.

Hins vegar hefur stefnandi hvorki höfðað mál þetta til að ná þeim rétti, sem tilmælin lutu að, né beinlínis til viðurkenningar á honum, svo sem málshöfðunarheimild 17. gr. laganna tekur til.

Kröfugerð stefnanda í máli þessu er annars vegar sett fram sem sjálfstæð viðurkenningarkrafa um ólögmæti þeirrar stjórnarathafnar menntamálaráðherra sem hér um ræðir, en hins vegar sem miskabótakrafa Helgu Kress, sem byggð er á sömu málsástæðum og viðurkenningarkrafan, en einnig á 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 17. og 18. gr. laga nr. 65/1985.

Kröfugerð Jafnréttisráðs, sem ekki hefur sjálfstæða málshöfðunarheimild, þykir, að því er viðurkenningarkröfuna varðar, ekki vera innan þeirra marka sem 17. gr. laga nr. 65/1985 setur. Þessi ágalli á málatilbúnaði stefnanda þykir vera þess eðlis að vísa beri frá dómi viðurkenningarkröfu stefnanda svo sem stefndu gera kröfu til.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og réttarhlés.

Dómsorð:

Framangreindri viðurkenningarkröfu stefnanda er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. maí 1989.

Nr. 100/1988. **Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps f.h. hreppsins**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsinu Frosta hf. og Togi hf.
(Hróbjartur Jónatansson hdl.)
og gagnsakir.

Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1988. Í gagnsök krefst hann þess, að frávísunarkröfu gagnáfrýjenda verði hrundið, en í aðalsök gerir hann eftirfarandi dómkröfur: „á hendur stefnda Hraðfrystihúsinu Frosta hf., að ákvörðun stjórnarfundar í hlutafélaginu frá 1. maí 1987 um að selja stefnda Togi hf. 41,42% hlutafjár (4.142 hluti) í félaginu verði dæmd ógild, svo og að kaupsamningur um hlutafé þetta, sem stefndu gerðu, verði dæmdur ógildur frá 1. maí 1987. Stefnda Togi hf. er stefnt til að þola dóm um ógildingu ofangreindrar ákvörðunar og kaupsamningsins". Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í aðalsök og gagnsök úr hendi beggja stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnum 30. maí 1988. Þeir gera þær kröfur í gagnsök, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, en í aðalsök krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar 18 réttarfarstilkynningar um áfrýjun máls þessa til hluthafa í Hraðfrystihúsinu Frosta hf. ásamt jafnmörgum birtingarvottorðum.

I.

Gagnáfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að kröfugerð aðaláfrýjanda sé á þann veg, að óheimilt sé að reka kröfurnar í einu og sama málinu, þar sem þær séu hvorki samrættar né samkynja. Einnig sé aðaláfrýjanda óheimilt að sækja þá saman í einu máli, þar sem ekkert réttarsamband sé milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Togs hf. Sé þetta andstætt 70. gr. og 47. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, og beri því að vísa málinu frá héraðsdómi. Þá benda gagnáfrýjendur á, að 1. mgr. 79. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, heimili ekki samlagsaðild í máli þessu. Enn fremur hafi aðaláfrýjanda verið skylt að leggja málið fyrst fyrir hluthafafund, áður en leitað var til dómstóla, og beri því að vísa málinu frá samkvæmt 66. gr. laga nr. 85/1936. Loks er frávísunarkrafan á því reist, að málatilbúnaður aðaláfrýjanda sé með þeim hætti, að andstætt sé 67. gr. laga nr. 85/1936. Aðaláfrýjandi geri ekki kröfu um nein réttindi sér til handa og því sé í raun verið að leita álits dómstóla um lögfræðileg efni. Gagnáfrýjendur höfðu uppi frávísunarkröfu byggða á sömu röksemdum fyrir héraðsdómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 14. október 1987.

Rök aðaláfrýjanda fyrir því, að frávísunarkröfu gagnáfrýjenda verði hrundið, eru þau, að eins og aðild í héraðsdómi var háttað hefðu gagnáfrýjendur átt að áfrýja sameiginlega, þ.e. í einu gagnsakarmáli, og þar sem það var ekki gert, beri að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá dómi samkvæmt 47. gr. laga nr. 85/1936. Á þetta verður ekki fallist.

Þá telur aðaláfrýjandi, að gagnáfrýjunarstefnurnar fullnægi ekki skilyrðum 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, þar sem úrskurðarorð frávísunarúrskurðar héraðsdómara 14. október 1987 voru ekki tekin upp í stefnurnar.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu ekki framangreindum úrskurði héraðsdómara, er þeir gagnáfrýjuðu héraðsdómi. Frávísunarkrafa þeirra er samkvæmt framangreindu reist á ástæðum, sem sjálfkrafa leiða til frávísunar málsins, ef réttar eru. Koma þær því eigi að síður til álita hér fyrir dómi.

Í máli þessu gerir aðaláfrýjandi tvær ógildingarkröfur, sem báðar eru sprottnar af ákvörðun gagnáfrýjanda Frosta hf. um að selja

hlutabréf í félaginu og þeim lögskiptum, sem fram fóru milli gagnáfrýjenda í því sambandi. Kröfur aðaláfrýjanda á hendur báðum gagnáfrýjendum eru í raun sprottnar af sömu atvikum. Því verður að telja, að aðaláfrýjanda sé heimilt að sækja umræddar kröfur á hendur gagnáfrýjendum í sama máli samkvæmt 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936.

Skýra heimild þarf til þess að draga mál undan lögsögu dómstóla. Þótt hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga nr. 32/1978, eru engin ákvæði í þeim lögum, sem kveða á um það, að hluthafar þurfi að skjóta máli fyrst til hluthafafundar áður en þeir leita til dómstóla. Leiðir 66. gr. laga nr. 85/1936 því ekki til frávísunar málsins.

Þótt aðaláfrýjandi geri ekki í máli þessu kröfu um réttindi sér til handa, þykja kröfur hans ekki því marki brenndar að vísa beri þeim frá dómi vegna ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936.

II.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, var svo komið í október 1986, að aðaláfrýjandi átti 42,57% hlutafjár í Frosta hf., og var öðrum hluthöfum ekki til að dreifa. Hvíldi því sú lagaskylda á félaginu samkvæmt 46. gr. laga nr. 32/1978 að hlutast til um sölu hlutabréfa. Á hluthafafundi í félaginu 15. desember 1986 voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir Frosta hf., þar sem hlutafé var aukið með útgáfu jöfnunarhlutabréfa úr 1.010,00 krónum í 50 milljónir króna og kveðið svo á um, að atvinnureksturinn skyldi bundinn við Súðavíkurhrepp.

Aðaláfrýjandi setti ekki þau skilyrði fyrir höfnun forkaupsréttar síns, að eingöngu mætti selja hlutabréfin einstaklingum, og ekkert ákvæði er í samþykktum Frosta hf. né í hlutafélagalögum, sem stendur því í vegi, að stofnað sé hlutafélag um eignarhald á hlutabréfum í félaginu. Þá er ekki í ljós leitt, að öðrum hafi verið til að dreifa sem kaupendum að hlutabréfunum. Þegar litið er til aðdraganda hlutabréfasölunnar og þess yfirlýsta tilgangs að halda hlutafénu innan byggðarlagsins svo og annarra atvika máls þessa, þá verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á, að það brjóti í bága við hagsmuni gagnáfrýjanda Frosta hf., þótt tveir stjórnarmanna Togs hf. hafi jafnframt verið stjórnarmenn í Frosta hf., enda liggur ekki annað fyrir en að kaupverð og greiðslukjör hlutabréfanna hafi

verið sambærileg og við innlausn gagnáfrýjanda Frosta hf. á þeim árið 1986, og kaupverðið var hið sama og almennt var boðið í bréfinu 16. janúar 1987.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann og sýkna gagnáfrýjendur af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum, hvorum um sig, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilegur 250.000,00 krónur, samtals 500.000,00 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hraðfrystihúsið Frosti hf. og Tog hf., skulu vera sýknir af öllum kröfum aðaláfrýjanda, hreppsnefndar Súðavíkurhrepps f.h. hreppsins.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Hraðfrystihúsinu Frosta hf. 250.000,00 krónur og gagnáfrýjanda Togi hf. 250.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 14. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 26.-27. febrúar 1988, höfðaði stefnandi, hreppsnefnd Súðavíkurhrepps vegna hreppsins, nnr. 8537-5164, Súðavík í Norður-Ísafjarðarsýslu, gegn Auðuni Karlssyni stjórnarformanni, nnr. 0859-2357, Nesvegi 5 í Súðavík, f.h. Hraðfrystihússins Frosta hf. í Súðavík, nnr. 2505-3087, og Jóhanni Símonarsyni stjórnarformanni, nnr. 4993-1123, Sætúni 1 á Ísafirði, f.h. Togs hf. í Súðavík, nnr. 9346-8902, með stefnu, út gefinni 24. júní 1987. Stefna var ekki birt hinum stefndu, en við þingfestingu 25. júní 1987 var mætt fyrir þeirra hönd og samþykkt fyrirtekt málsins án stefnubirtingar. Þá var hluthöfum í stefnda Frosta hf. samkvæmt fram lagðri, en ódagsettri hluthafaskrá tilkynnt um þessa málsókn með réttarfarstilkynningu samkvæmt 52. gr. laga nr. 85/1936, en engar kröfur eru gerðar á hendur þeim.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Frosta hf. eru þær, að ákvörðun stjórnarfundar í hlutafélaginu frá 1. maí 1987 um að selja stefnda Togi hf. 41,42% hlutafjár (4.142 hluti) í félaginu verði dæmd ógild, svo og að kaupsamningur um hlutafé þetta, sem stefndu gerðu, verði dæmdur ógildur frá 1. maí 1987. Stefnda Togi hf. er stefnt til að þola dóm um ógildingu

framangreindrar ákvörðunar og kaupsamnings. Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað að mati dómsins. Til vara krefjast stefndu þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Hinn 30. september 1987 fór fram munnlegur flutningur um frávísunarkröfur beggja stefndu. Þeim var hrundið með úrskurði 14. október 1987. Hinn reglulegi héraðsdómari sat þá einn í dómi, en hann hefur síðan kvatt sér meðdómendur.

Málavextir:

Súðavíkurhreppur eignaðist á árinu 1958 meira en 60% af hlutafé í stefnda Frosta hf. sem rekur fiskverkun og rækjuvinnslu í Súðavík í Norður-Ísafjarðarsýslu. Stefndi Frosti hf. er meirihlutaeigandi í tveimur öðrum hlutafélögum, annars vegar Álftfirðingi hf., þar sem eignarhluti stefnda Frosta hf. er u.þ.b. 70%, en Álftfirðingur hf. á m.a. skuttogarann Bessa, ÍS 410. Hins vegar á stefndi Frosti hf. einnig meiri hluta hlutafjár í Þorgrími hf., en tilgangur þess félags er samkvæmt samþykktum m.a að stunda útgerð og fiskvinnslu. Súðavíkurhreppur ráðstafaði hluta af hlutafé sínu í stefnda Frosta hf., en fyrri hluta árs 1986 mun hlutafjáreign í stefnda Frosta hf. hafa skipst með eftirfarandi hætti:

Frosti hf. (eigið hlutafé)	kr.	90,00	þ.e. 8,91%	18 hlutir
Kristján Sveinbjörnsson	kr.	120,00	þ.e. 11,88%	24 hlutir
Ólafur Gíslason	kr.	5,00	þ.e. 0,49%	1 hlutur
Börkur Ákason o.fl.	kr.	365,00	þ.e. 36,13%	73 hlutir
Súðavíkurhreppur	kr.	430,00	þ.e. 42,57%	86 hlutir
	kr.	1.010,00	99,98%	202 hlutir

Á aðalfundi félagsins 5. ágúst 1986 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Auðunn Karlsson, Nesvegi 5, Súðavík, formaður. Hann var þá oddviti Súðavíkurhrepps.

Steinn Kjartansson, Túngötu 9, Súðavík. Hann var þá sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Jónatan I. Ásgeirsson, Nesvegi 3, Súðavík.

Skömmu áður eða hinn 5. júlí 1986 hafði stefndi Frosti hf. keypt hlutafjáreign Barkar Ákasonar o.fl., að nafnverði kr. 365,00, fyrir kr. 52.350.000,00, en þar af voru kr. 15.000.000,00 greiddar með undirskrift kaupsamnings tilgreindan dag. Auk þess skyldu kr. 10.000.000,00 greiðast

í peningum fram til 1. júlí 1988. Eftirstöðvar voru greiddar með verðtryggðu skuldabréfi, er bar 2% vexti og átti að greiða upp á sjö árum. Börkur Ákason, sem verið hafði framkvæmdastjóri stefnda Frosta hf. um langt skeið, lét af þeim starfa 1. oktþoer 1986, og við tók Ingimar Halldórsson, Kjarrholti 6, Ísafirði.

Hinn 24. október 1986 leysti félagið einnig til sín hlutabréf Kristjáns Sveinbjörnssonar og Ólafs Gíslasonar í félaginu. Þá var staðan sú að Súðavíkurhreppur átti 42,57% hlutafjár í félaginu, en öðrum hluthöfum var ekki til að dreifa. Félagið átti sjálft afgang hlutafjárins.

Þegar hér var komið sögu, stóð stefnandi uppi með öll virk atkvæði í félaginu. Sú lagaskylda hvíldi á félaginu samkvæmt 46. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, að hlutast til um sölu hlutabréfanna að ákveðnu marki innan lögmæltra tímamarka, þ.e. þriggja mánaða, sbr. og ákvæði 17. og 114. gr. um lágmarksfjölda hluthafa.

Í fundargerðabók vegna fundar í stjórn félagsins 19. október 1986 er bókað svo:

„2. önnur mál.

Stjórnin samþykkir að bjóða hluthöfum forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, sbr. 7. gr. samþykkta."

Á hluthafafundi í félaginu 15. desember 1986 voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir Frosta hf., þar sem hlutafé félagsins var aukið í kr. 50.000.000,00. Í 6. mgr. 7. gr. þessara samþykkta kemur fram að hversu hátt hlutafé sem hver einstakur hluthafi í félaginu kunni að eignast, geti hann aldrei öðlast hærra hlutfall af virku atkvæðamagni í félaginu en 48% — fjörtíu og átta af hundraði. Aðrar meginbreytingar, sem gerðar voru á samþykktum fyrirtækisins þennan dag, voru þær, að atvinnureksturinn skyldi nú bundinn við Súðavíkurhrepp (2. gr.) og hreppsnefnd Súðavíkurhrepps skyldi jafnan hafa rétt til að tilnefna einn mann í stjórn og einn til vara, meðan hreppurinn ætti ekki minna en 11% af hlutafé félagsins, enda notaði hann þá ekki atkvæðamagn sitt í félaginu við stjórnarkjör að öðru leyti (15. gr.). Þá var kveðið svo á að ákvæðum samþykktanna um tilgang félagsins, sbr. 2. gr., um efri mörk atkvæðisréttar hvers einstaks hluthafa, sbr. 6. mgr. 7. gr., en að öðru leyti um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti sín á milli, sbr. þó 15. gr., að því er varðar tilnefningarrétt Súðavíkurhrepps í stjórnarkjöri, yrði ekki breytt nema með samþykki 9/10 hluta atkvæða allra hluthafa (25. gr.). Loks var ákvæði þess efnis að til þess að slíta félaginu eða sameina það öðru félagi þyrfti samþykki 9/10 hluta atkvæða alls atkvæðisbærs hlutafjár (26. gr.) í stað ⅔ hluta áður.

Súðavíkurhreppi var með bréfi 20. október 1986 boðið að neyta forkaupsréttar að hlutafé í félaginu, án þess að nokkur kaupandi væri að hlutafé þessu á þeim tíma. Málið var nokkrum sinnum til meðferðar í

hreppsnefnd og urðu um það deilur. Á 24. fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps, sem haldinn var 15. desember 1986, var bókað eftirfarandi: „Hreppsnefnd ræddi um forkaupsréttarboð stjórnar Frosta hf. Hreppsnefnd var sammála um að hafna forkaupsréttinum í Frosta hf."

Á fundi í stjórn Frosta hf. sama dag var lagt fram bréf um það frá stefnanda, að hann hafnaði forkaupsrétti á hlutabréfum í félaginu. Jafnframt var bókað: „Stjórnin samþykkti að bjóða öllum starfsmönnum fyrirtækisins ásamt starfsmönnum Álftfirðings hf. svo og öllum öðrum íbúum Súðavíkurhrepps til kaups hlutabréf í Frosta hf. á þreföldu nafnverði." Ekki var nánar bókað um fyrirhuguð greiðslukjör. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sendi framangreindum aðilum eftirfarandi bréf um þetta efni 16. janúar 1987:

„Stjórn Frosta hf. hefur ákveðið að bjóða öllu starfsfólki fyrirtækisins, starfsfólki Álftfirðings hf. og íbúum Súðavíkurhrepps að kaupa hlutabréf í Frosta hf. Hér með er þér því boðið að kaupa hlutabréf í Hraðfrystihúsinu Frosta hf. Hlutafé félagsins er samkvæmt samþykktum þess kr. 50.000.000,00 —fimmtíu milljónir— og hefur verið ákveðið að selja hluta af því. Hver hlutur er að nafnvirði kr. 5.000,00, kr. 10.000,00, kr. 50.000,00 og kr. 500.000,00 og er söluverð þrefalt nafnverð, þ.e. hver 5.000,00 krónu hlutur yrði seldur á kr. 15.000,00. Boðið er upp á greiðslukjör, sem yrðu um ½ á einu ári, og eftirstöðvar til sjö ára, verðtryggt með 2-3% vöxtum. Það yrði stjórendum fyrirtækisins til hvatningar ef undirtektir yrðu góðar við þessu tilboði, því að það er jafnt hagur fyrirtækisins, sem og starfsfólks þess og íbúa Súðavíkurhrepps, ef góð samstaða á breiðum grundvelli næst í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins. Ef þér hafið hug á þessu tilboði biðjum við yður vinsamlegast að hafa samband við undirritaðan fyrir lok febrúar nk., sem fúslega mun gefa yður allar frekari upplýsingar."

Samkvæmt fram lögðum gögnum höfðu eftirfarandi samhljóða yfirlýsingar borist frá sautján tilgreindum aðilum fyrir lok febrúar 1987: „Ég undirritaður staðfesti hér með að ég mun kaupa hlutabréf í Frosta hf., að nafnvirði kr. ... skrifa kr. ... 00/100, samkvæmt tilboði stjórnar, dagsettu 16. janúar 1987." Fjárhæðir í framangreindum yfirlýsingum námu samtals kr. 1.470.000,00, einungis litlum hluta af því hlutafjármagni, sem ákveðið hafði verið að selja. Þá barst stefnda Frosta hf. eftirfarandi bréf, dags. 27. febrúar 1987: „Við undirritaðir höfum ákveðið að stofna með okkur félag, sem ber nafnið TOG HF., í þeim tilgangi að kaupa hlutabréf í Frosta hf., samanber tilboð stjórnar frá 16. janúar sl. til starfsmanna og íbúa Súðavíkurhrepps. Við óskum hér með eftir því að kaupa hlutabréf í Frosta hf. á nafni þessa félags fyrir kr. 20.710.000,00, skrifa tuttugu milljónir og

sjö hundruð og tíu þúsund að nafnvirði.“ Undir þetta bréf rituðu Ingimar Halldórsson, Auðunn Karlsson, Jónatan I. Ásgeirsson, Jóhann Símonarson og Barði Ingibjartsson, en þeir höfðu einnig sent inn hver fyrir sig framangreinda yfirlýsingu með tilgreindri fjárhæð, kr. 205.000,00. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár var Tog hf. stofnað 23. apríl, en félagið var skráð hinn 19. maí 1987.

Fram hefur verið lagt í málinu símskeyti til stefnda Frosta hf., sent 28. febrúar 1987 kl. 17.38, svohljóðandi: ,,Óska eftir að kaupa 20% hlutafjár Frosta. Guðmundur Birgir Heiðarsson, 3073-1379.“ Þá barst stefnda Frosta hf. svofellt bréf frá Þorgrími hf., dags. 1. maí 1987: ,,Undirritaðir f.h. Þorgríms hf. í Súðavík óskum eftir því að kaupa hlutabréf í Frosta hf., samanber tilboð stjórnar frá 16. janúar sl., fyrir kr. 1.535.000,00, skrifa kr. ein milljón fimm hundruð þrjátíu og fimm þúsund 00/100.“ Undir bréfið rita Steinn Ingi Kjartansson og Auðunn Karlsson, en nafn Jónatans I. Ásgeirssonar er einnig tilgreint án undirskriftar.

Á fundi í stjórn stefnda Frosta hf. 1. maí 1987, sem á voru Steinn Ingi Kjartansson, Jónatan Ásgeirsson, Ingimar Halldórsson og Auðunn Karlsson, er m.a. bókað eftirfarandi: ,,Tekin fyrir svör við tilboði stjórnarinnar um hlutabréfakaup í félaginu, sbr. stjórnarfund 15. des. 1986, og bréf framkvæmdastjóra þar að lútandi, dags. 16. jan. 1987. Hlutafjárloforð, er borist höfðu fyrir tilskilinn frest, eru frá eftirfarandi:

Kristján Þ. Kristjánsson, Langeyri	kr.	30.000,00
Ingibjörg Guðmundsdóttir, Eyrardal	kr.	10.000,00
Steinunn Jónatansdóttir, Súðavík	kr.	10.000,00
Steinn Kjartansson,Súðavík	kr.	10.000,00
Árni B.Ólafsson, Ísafirði	kr.	20.000,00
Jón Ragnarsson, Súðavík	kr.	40.000,00
Benjamín A. Ísaksson, Súðavík	kr.	35.000,00
Valgeir Guðmundsson, Ísafirði	kr.	35.000,00
Hilmar Guðmundsson, Súðavík	kr.	100.000,00
Jón K. Símonarson (Þórdís Óðinsd.) Ísafirði	kr.	50.000,00
Friðþjófur G. Kristjánsson, Ísafirði	kr.	70.000,00
Gunnar Arnórsson, Ísafirði	kr.	35.000,00
Ingimar Halldórsson, Ísafirði	kr.	205.000,00
Jónatan I. Ásgeirsson, Súðavík	kr.	205.000.00
Barði Ingibjartsson, Súðavík	kr.	205.000,00
Auðunn Karlsson, Súðavík	kr.	205.000,00
Jóhann Símonarson, Ísafirði	kr.	205.000,00
Tog h.f., Súðavík	kr.	20.710.000,00
Þorgrímur h.f.	kr.	1.535.000,00

Stjórnin samþykkti sölu þessa hlutafjár til ofangreindra. Einnig hafði borist óstaðfest símskeyti, dags. 28.2. 1987 og meðtekið frá Ísafirði 2.3. 1987, frá Guðmundi B. Heiðarssyni, nnr. 3073-1379, þar sem sett er fram ósk um kaup á 20% hlutafjár Frosta hf. Framkvæmdastjóri upplýsti að þrátt fyrir viðræður sínar við Guðmund hefði hann ekki lagt fram frekari staðfestingu á þessari ósk sinni um hlutafjárkaup. Stjórnin samþykkir að hlutafélagið Frosti hf. eigi 10% af eigin hlutafé."

Á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps 2. maí 1987 var fjallað um hlutafjármál Frosta hf. og samþykkt tillaga um, ,,að hreppsnefnd leitaði allra leiða til að hnekkja þeirri sölu á eigin hlutabréfum Frosta hf., sem nú hefur farið fram til hlutafélagsins Togs hf." Þátt í þessari afgreiðslu tóku þrír hreppsnefndarmenn af fimm, þar af einn varamaður. Hreppsnefndarmaðurinn Barði Ingibjartsson, stjórnarmaður í stefnda Togi hf., vék af fundi á meðan. Sveitarstjórinn, Steinn Ingi Kjartansson, stjórnarmaður í stefnda Frosta hf., tók ekki þátt í umfjöllun málsins, en gegndi störfum fundarritara samkvæmt beiðni hreppsnefndar. Auðunn Karlsson, þáverandi oddviti og stjórnarmaður bæði í stefnda Frosta hf. og stefnda Togi hf., sat ekki þennan fund hreppsnefndar.

Í framhaldi þessarar ákvörðunar hreppsnefndar Súðavíkurhrepps var sú beiðni lögð fyrir fógetarétt Ísafjarðarsýslu 3. júní 1987 að lagt yrði lögbann við því, að stefndi Tog hf. hagnýtti sér rétt þann, sem hlutafjáreign félagsins í stefnda Frosta hf. veitti, eða ráðstafaði hlutafjáreign þessari til þriðja aðila. Þessari lögbannsbeiðni var hafnað með úrskurði réttarins 19. júní 1987.

Hinn 15. júní 1987 var undirritað samkomulag milli stefndu um greiðslu á hlutabréfum, að nafnvirði kr. 20.710.000,00, en kaupverði kr. 62.130.000,00. Útborgun, kr. 31.065.000,00, skyldi greiða með ,,jöfnustum" (sic) greiðslum á þriggja mánaða fresti og skyldi útborgun vera lokið fyrir 1. mars 1988. Eftirstöðvar, að fjárhæð kr. 31.065.000,00, skyldi greiða með skuldabréfi til sjö ára með 2% ársvöxtum og vísitölu marsmánaðar frá árinu 1987.

Við aðalflutning málsins lýsti lögmaður stefnanda þeirri skoðun sinni að þetta samkomulag væri samkomulag um greiðslu, sem leitt væri af kaupsamningnum um hlutaféð, en kaupsamningurinn og ákvörðun stjórnarfundar færu saman, eins og dómkröfur hans bæru með sér.

Aðalfundur í stefnda Frosta hf. var haldinn 13. júlí 1987. Samþykkt var með átta atkvæðum gegn einu svofelld tillaga frá Benjamín Ísakssyni: ,,Óska eftir að fundurinn lýsi yfir trausti á fyrri stjórn og starfsmönnum félagsins og fundurinn telji ekki tilefni til að vefengja réttmæti þeirrar hlutabréfasölu sem átti sér stað á árinu 1987."

Hálfdán Kristjánsson lét bóka eftirfarandi: ,,Sem fulltrúi Súðavíkur-

hrepps harma ég tillöguflutning Benjamíns Ísakssonar varðandi yfirlýsingu sem tengist hvoru tveggja, trausti á stjórn og starfsmönnum félagsins sem og á réttmæti hlutabréfasölu sem fram hefur farið. Hér liggur fyrir að veruleg ástæða er til að vefengja hluta sölunnar vegna líklegs vanhæfis stjórnarinnar, sem leiðir til þess, að þeir fulltrúar, sem hér eiga seturétt, gætu m.t.t. væntanlegs dóms orðið til þess að lýsa stuðningi við lögbrot, og því er þessi tillöguflutningur órökrænn og óviðeigandi."

Steinn Ingi Kjartansson skrifstofumaður gaf skýrslu fyrir dómi, en hann var sveitarstjóri stefnanda Súðavíkurhrepps frá hausti 1982 til hausts 1987 og aðalstjórnarmaður í stefnda Frosta hf. frá 5. ágúst 1986 til 13. júlí 1987, en varamaður frá þeim tíma. Aðspurður um samþykkt 19. október 1986 um að bjóða hluthöfum forkaupsrétt o.s.frv. sagði hann að þessi samþykkt hefði verið gerð í ljósi þess að félagið hefði innleyst hlutafé Barkar Ákasonar og fjölskyldu og staðið hefði fyrir dyrum að leysa inn hlutafé fleiri aðila, svo sem Kristjáns Sveinbjörnssonar og Ólafs Gíslasonar. Mætti ítrekaði að meginþemað í umræðunni í stjórn stefnda Frosta hf. hefði verið eins og almennt í sveitarfélaginu, að íbúum sveitarfélagsins og starfsmönnum fyrirtækjanna stefnda Frosta hf. og dótturfyrirtækis hans, Álftfirðings hf., yrðu boðin hlutabréf, áður en annað væri skoðað. Í hlutafjáraukningunni í október hefðu hlutir einmitt verið hafðir allt að kr. 5.000,00 að nafnvirði til þess að gera sem flestum mögulegt að eignast hlut. Aðspurður um höfnun forkaupsréttar í stefnda Frosta hf. á 24. fundi hreppsnefndar 15. desember 1986 sagði hann að hann minntist þess, að hinar breyttu samþykktir stefnda Frosta hf. hefðu verið þannig, að talið hefði verið, að þær tryggðu hagsmuni sveitarfélagsins um alla framtíð og því væri eðlilegt að hafna forkaupsrétti. Hann sagði, að liður 2 í bókun á stjórnarfundi í stefnda Frosta hf. 15. desember 1986 hefði verið í samræmi við framangreindar umræður og einnig í samræmi við umræður á hluthafafundi í stefnda Frosta hf. sama dag, þar sem hinar breyttu samþykktir voru samþykktar. Umræðan hefði verið á þessum tíma að kaupendur að hlutunum fengju þá á sömu greiðslukjörum eða svipuðum og bréf Barkar Ákasonar og fjölskyldu höfðu verið innleyst á, og þetta hefði almennt verið rætt og kannski þess vegna ekki bókað sérstaklega á stjórnarfundinum 15. desember 1986. Sérstakir útreikningar hefðu ekki verið gerðir fyrir fram um greiðslukjörin, heldur hefði ætlunin verið, að samið væri við hvern og einn um útborgunina innan ársins og framkvæmdastjóra falið að annast það. Mætti tók fram, að þeir hefðu verið sáttir við, að í bréfi framkvæmdastjórans væru vextir 2 - 3%. Framkvæmdastjóra hefðu verið gefnar nokkuð frjálsar hendur til að semja við hvern einstakan um útborgunina og dreifingu hennar innan ársins og vexti af eftirstöðvum innan markanna í bréfinu. Hann sagði að sér hefðu verið mikil vonbrigði með undirtektir við

bréfi framkvæmdastjórans, þar sem vonir hefðu staðið til, að viðbrögð yrðu almennari miðað við margra ára umræðu og hve lágir hlutir voru hafðir. Hann hefði í ljósi þessa talið hagsmunum stefnda Frosta hf. best borgið með sölunni til stefnda Togs hf. miðað við hvernig stefnda Tog hf. samanstóð af starfsmönnum og íbúum staðarins. Þetta hefði verið betri kostur en að reyna aðrar leiðir, eins og að fara á frjálsan markað, þar sem hlutirnir gætu farið víðs vegar um landið. Mætti sagði að á stjórnarfundinum 1. maí 1987 hefði komið til tals hvort kalla ætti til varamenn í stað þeirra stjórnarmanna sem voru í stefnda Togi hf., en það hefði ekki verið talin ástæða til vegna þess að í aðdraganda sölunnar hefðu alltaf legið fyrir skilmálar og verð á sölu hlutafjárins í stefnda Frosta hf. Aðspurður sagði mætti að hann og aðrir í stjórn stefnda Frosta hf. hefðu alltaf talið að samningurinn um kaup stefnda Togs hf. og annarra á hlutafénu hefði verið kominn á við lok útboðsfrestsins. Hann hefði talið að í bréfi framkvæmdastjórans 16. janúar 1987 væri tilboð um sölu á hlutabréfunum og þeir væru bundnir gagnvart þeim sem kæmu og tækju tilboðinu innan frestsins.

Jónatan Ingi Ásgeirsson skipstjóri kom fyrir dóm, en hann hefur átt sæti í aðalstjórn stefnda Frosta hf. og dótturfyrirtækjanna Álftfirðings hf. og Þorgríms hf. frá því í ágúst 1986. Þá hefur hann verið hluthafi og stjórnarmaður í stefnda Togi hf. frá stofnun félagsins. Hann sagði að almennar umræður hefðu á þessum tíma verið um að halda hlutafénu í byggðarlaginu og hjá starfsmönnum Álftfirðings hf. Umræða þessi hefði einnig farið fram í stjórn stefnda Frosta hf. Um samþykkt í lið 2 á stjórnarfundi 15. desember 1986 sagði mætti að hún væri í samræmi við þær umræður sem þá almennt fóru fram. Mætti sagði að fyrst hefði verið bryddað á hugmyndinni um að kaupa hlutabréfin af þeim sem síðar stofnuðu stefnda Tog hf. um áramótin 1986 - 1987. Þeir hefðu ákveðið að stofna hlutafélagið í janúar 1987 eftir bréf framkvæmdastjórans 16. janúar 1987. Menn hefðu verið hræddir um, að til stæði að kaupa skipin út úr byggðarlaginu, og hafi áhafnir skipanna jafnvel talað um að kaupa hlutina til að koma í veg fyrir það. Um yfirlýsingu sína á dómskjali nr. 18 sagði mætti að Ingimar Halldórsson hefði útbúið þessar yfirlýsingar sem þeir hefðu undirritað, og Ingimar hefði verið falið að leggja þær fram á síðasta virkum degi, það er föstudaginn 27. febrúar 1987, ef nægilegt magn væri óselt til þess að þeir gætu fengið meiri hluta, en allir hefðu fram að því getað keypt hlut. Aðspurður um stjórnarfund 1. maí 1987 sagði mætti að mikið hefði verið rætt um það hvort kalla ætti til varamenn eða ekki, en niðurstaðan hefði orðið sú, að þess væri ekki þörf, þar sem þeir hefðu talið, að þeir væru ekki að ganga gegn hagsmunum félagsins. Margir hefðu verið búnir að borga og þar með að efna samninga sína fyrir 1. maí 1987. Þarna hefðu

þeir verið að bóka samninga sem þegar hefðu verið gerðir. Mætti mundi ekki hvort stefnda Tog hf. hefði verið búið að borga 1. maí 1987. Mætti kvaðst ekki hafa krafist sannana frá stefnda Togi hf. um hversu mikið hlutafé þess hefði verið greitt. Hann kvaðst ekki minnast þess, að ástæða hefði verið talin til að láta slíkar sannanir vera í gögnum stefnda Frosta hf. Stjórn stefnda Togs hf. hefði ekki tekið ákvörðun um að krefja hluthafa um greiðslu hlutafjár. Mætti sagði, að hlutabréfin hefðu samkvæmt bréfi, dagsettu 16. janúar 1987, verið boðin á svipuðum kjörum og er keypt hefði verið af Berki Ákasyni og fleirum, þótt það hefði ekki verið sérstaklega bókað á stjórnarfundi. Mætti taldi að bréfið 16. janúar 1987 hefði falið í sér sölutilboð og félagið hefði þá verið bundið af samþykki tilboðs. Aðspurður sagði mætti, að aldrei hefði komið til tals, að hömlur yrðu settar á það, hversu mikið af hlutum menn gætu keypt samkvæmt bréfinu 16. janúar 1987, eða að hömlur yrðu settar við því, að þar greindir viðtakendur keyptu saman hluti. Mætti sagði í þessu sambandi að heyrst hefði að verkalýðsfélagið hefði ætlað að kaupa og jafnvel skipshafnir.

Þá kom fyrir dóm Barði Ingibjartsson stýrimaður, en hann hefur verið aðalmaður í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps frá sveitarstjórnarkosningum 1986 og hluthafi og stjórnarmaður í stefnda Togi hf. frá stofnun félagsins. Hann taldi, að fyrst hefði komið til tals að stofna stefnda Tog hf. í janúar eða febrúar 1987. Um svipað leyti hefði komið til tals meðal þeirra fimmmenninga að kaupa meiri hluta í stefnda Frosta hf. Um bókun hreppsnefndarfundar 15. desember 1986 sagði hann að hann minntist ekki sérstakra umræða um bókanir, en rætt hefði verið um að bjóða fyrst í stað Súðvíkingum og mönnum starfandi við fyrirtækin hlutafé til kaups. Ástæður fyrir höfnun forkaupsréttar sveitarfélagsins sagði mætti einkum hafa verið þær að samþykktir stefnda Frosta hf. hefðu verið færðar í betra horf gagnvart hreppnum og hagsmunum hreppsins betur borgið en áður.

Auðunn Karlsson framkvæmdastjóri gaf skýrslu fyrir dómi. Hann var oddviti stefnanda Súðavíkurhrepps frá sveitarstjórnarkosningum 1986 til 11. maí 1987, að hann sagði af sér oddvitastarfinu. Hann hefur verið í aðalstjórn stefnda Frosta hf. frá aðalfundi 1986 og stjórnarformaður. Þá hefur hann verið hluthafi og stjórnarmaður í stefnda Togi hf. frá stofnun félagsins. Aðspurður sagði mætti að hugmyndin um að bjóða íbúum byggðarlagsins og starfsmönnum fyrirtækjanna hlutabréf í stefnda Frosta hf. hefði alllengi verið til umræðu í hreppsnefndinni og kringum hana. Menn hefðu óttast að utanaðkomandi aðilar kynnu að falast eftir skipunum og kaupa þau úr byggðarlaginu og umræðan hefði tengst fiskveiðistjórnun í landinu. Aðspurður um hreppsnefndarfundinn 15. desember 1986 sagði mætti að hann myndi ekki nánar umræður nema að rætt hefði verið um breytingarnar á samþykktum stefnda Frosta hf. og að hagsmunir sveitar-

félagsins væru vel tryggðir í samþykktunum og þess vegna hefði forkaupsrétti verið hafnað. Aðspurður sagði mætti að hreppsnefndin hefði ekki sett þau skilyrði fyrir fráfalli á forkaupsrétti að hlutabréfin í stefnda Frosta hf. yrðu seld innansveitarmönnum og starfsmönnum fyrirtækjanna, en þetta hefði í sínum huga verið tengt þessari umræðu. Aðspurður um stjórnarsamþykkt stefnda Frosta hf. í 2. tl. 15. desember 1986 sagði mætti að þessi samþykkt hefði verið útfærsla stjórnar á hugmyndinni. Mætti sagði að hlutabréfin í stefnda Frosta hf. hefði átt að selja á svipuðum kjörum og þau hefðu verið keypt af Berki Ákasyni og fleirum. Ekki hefði verið rætt um að taka ætti tillit til verðlagsbreytinga eða góðrar afkomu fyrirtækisins árið 1986. Mætta voru sýnd dómskjöl nr. 17 og 18 og kvaðst hann hafa undirritað þau um eða upp úr miðjum febrúar og framkvæmdastjórinn fengið þau til varðveislu til þess að leggja fram 27. febrúar 1987, ef þá væri eftir meiri hluti til sölu, að teknu tilliti til þess, að félagið ætti 10% eigið hlutafé, en að öðrum kosti hefði ekki átt að leggja þessi skjöl fram. Aðspurður um stjórnarfund stefnda Frosta hf. 1. maí 1987 sagði mætti að komið hefði til tals, hvort þeir ættu að víkja sæti, sem tengdir væru stefnda Togi hf. Niðurstaðan hefði orðið sú, að þess hefði ekki verið talin þörf, þar sem samningar væru komnir á. Aðspurður um setninguna: „Stjórnin samþykkir sölu þessa hlutafjár til ofangreindra", sagði mætti, að þeir hefðu talið sig vera að bóka það, sem þegar hefði verið gert. Aðspurður um bréf framkvæmdastjórans 16. janúar 1987 sagði mætti að hann teldi að það fæli í sér bindandi tilboð af hálfu stefnda Frosta hf. Mætti taldi að stjórnin hefði þurft að skoða sérstaklega ef einhver hefði ætlað að greiða alla útborgunina á síðasta degi ársins, en þetta hefði ekki komið til og ekki verið rætt á þessum tíma. Aðspurður sagði mætti að ekki hefði verið gengið eftir sönnunum um greiðslu á hlutafé í stefnda Togi hf., þar sem þeir hefðu treyst sjálfum sér. Aðspurður sagði mætti að engar hömlur hefðu verið settar eða ræddar af hálfu stefnda Frosta hf. um kaup á hlutafénu aðrar en fram kæmu í bréfi 16. janúar 1987, hvorki á magn til einstaks aðila né hömlur á að tveir eða fleiri keyptu saman. Mætti sagði að um áramótin hefðu um 22 til 23 milljónir króna verið greiddar af samkomulagi stefnda Togs hf. og stefnda Frosta hf. og að stefnda Tog hf. hefði staðið í skilum samkvæmt samkomulaginu.

Þá kom fyrir dóm Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri stefnda Frosta hf. frá 1. október 1986 og hluthafi og framkvæmdastjóri stefnda Togs hf. frá stofnun félagsins. Aðspurður sagði mætti að stjórnin hefði samþykkt að bjóða hlutafé til kaups á þeim kjörum sem félagið hefði keypt hlutafé af Berki Ákasyni og fleirum og sér hefði sem framkvæmdastjóra verið falið að annast söluna f.h. stjórnar. Mætta minnti að ákvörðun um að stofna stefnda Tog hf. hefði verið tekin í janúar eða febrúar 1987,

en sá fyrirvari hefði verið á, að þeir myndu ekki stofna félagið, nema þeir gætu keypt meiri hluta hlutafjár stefnda Frosta hf. Mætti taldi, að í bréfi sínu 16. janúar 1987 hefði falist bindandi sölutilboð af hálfu stefnda Frosta hf. Ef einn aðili hefði komið og viljað kaupa allt hlutaféð hefði hann talið sig þurfa að kalla saman stjórnarfund til þess að ræða það. Sama hefði gilt ef fleiri hefðu viljað kaupa meira magn en til sölu var. Aðspurður um stjórnarfundinn 1. maí 1987 sagði mætti að til tals hefði komið hvort þeir ættu að víkja af fundi. Sitt mat hefði verið að þar sem samningur hefði komist á með samþykkt tilboðsins 27. febrúar 1987 og þarna á fundinum hefði ekki verið um samninga að ræða, hefði spurningin um hæfi eða vanhæfi ekki komi til. Mætti sagði að sitt mat hefði verið það að salan á hlutafénu hefði þegar farið fram og bókunin á fundinum hefði falið í sér skýrslu sína sem framkvæmdastjóra um söluna til stjórnarinnar. Þess vegna hefði bókunin ef til vill verið klaufalega orðuð. Aðspurður kvaðst mætti staðfesta eftirfarandi greiðslur á hlutafé stefnda Togs hf. í stefnda Frosta hf.:

Kr. 4.000.000,00 24. júní 1987
Kr. 4.000.000,00 8. júlí 1987
Kr. 2.000.000,00 5. júlí 1987
Kr. 5.000.000,00 19. október 1987
Kr. 7.244.000,00 31. desember 1987
Samtals kr. 22.244.000,00

Frá áramótum hafi ekki átt sér stað greiðsla. Mætti kvaðst ekki hafa reiknað vaxtamun á annars vegar greiðslu stefnda Togs hf. og hins vegar greiðslu stefnda Frosta hf. á hlutafé Barkar Ákasonar og fleiri. Aðspurður um tilraunir Guðmundar Heiðarssonar til að kaupa hlutafé sagði mætti að óstaðfest símskeyti hefði borist sér í hendur í byrjun mars. Guðmundur hefði komið að máli við sig og hann hefði sagt honum að ekki væri unnt að taka skeytið gilt og bindandi, af því að það væri ekki staðfest. Guðmundur hefði þá ætlað að athuga með staðfestingu á því, en hann hefði ekki heyrt meira frá Guðmundi um efni þessa skeytis. Mætti sagði að aldrei hefði verið rætt eða sér fyrirlagt að setja hömlur á sölu bréfanna, hvorki hömlur á magn hvers kaupanda né hömlur á að tveir eða fleiri keyptu saman.

Fyrir dóm kom Hálfdán Kristjánsson, hreppsnefndarmaður í Súðavík frá sveitarstjórnarkosningum 1986 og oddviti frá 15. júní 1987. Aðspurður um bókun á 19. fundi hreppsnefndar 23. október 1986 sagði mætti að á þessum tíma hefðu eingöngu verið þrír raunverulegir hluthafar í stefnda Frosta hf., það er Kristján Sveinbjörnsson, Ólafur Gíslason og hreppurinn. Ef Súðavíkurhreppur hefði hafnað forkaupsrétti hefðu hinir tveir hluthafarnir getað eignast svo mikið, að þeir hefðu getað farið með meiri hluta atkvæða. Í umræðunni á þessum tíma hefði verið að tiltölulega þröngum hópi yrði boðið að kaupa hlutabréf stefnda Frosta hf., það er Súðvíkingum og starfs-

mönnum fyrirtækjanna, en haft hafi verið á orði, að tiltekin hlutafélög utan Súðavíkur hefðu áhuga á að eignast rækjuverksmiðju fyrir lítið. Aðspurður sagði mætti að hann teldi að kaup stefnda Togs hf. á hlutabréfunum hefðu farið í bága við hagsmuni stefnda Frosta hf. á þann hátt að ekki sé stjórnað eftir venjulegum arðsemissjónarmiðum, bókhaldsafstemmingar illa unnar og bókhaldið seint unnið. Enginn stjórnarfundur hefði verið haldinn í stefnda Frosta hf. vegna kaupa dótturfyrirtækisins á togara upp á kr. 340.000.000,00. Hann benti og á að samkomulagið milli stefndu 15. júní 1987 hefði ekki verið lagt fyrir stjórn stefnda Frosta hf. til samþykktar. Mætti taldi að varhugavert hefði verið að semja við stefnda Tog hf. vegna þess að þessir aðilar hefðu ekki haft fjárhagslega getu til þess að standa við greiðsluskuldbindingar samfara greiðslu af þessari stærð. Mætti taldi, að salan á hlutabréfunum til stefnda Togs hf. hefði farið gegn þeirri meginstefnu að selja bréfin eingöngu innan byggðarlagsins. Þarna hefðu verið aðilar utan byggðarlagsins og aldrei hefði verið ætlunin að selja til félagasamtaka.

Loks kom fyrir dóminn Sigríður Hrönn Elíasdóttir, en hún hefur setið í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps frá sveitarstjórnarkosningum 1986. Hún sagði að alltaf hefði verið talað um að ef forkaupsrétti hreppsins yrði hafnað, myndu hlutabréfin eingöngu verða seld Súðavíkingum og starfsmönnum fyrirtækjanna. Þegar ákveðið hefði verið að hafna forkaupsrétti á fundi hreppsnefndar 15. desember 1986 hefði það verið gert á þessum forsendum. Mætta sagði að hún hefði setið hjá við atkvæðagreiðsluna um að hafna forkaupsréttinum, þar sem þetta mál hefði ekki verið í fundarboði og það hefði komið flatt upp á sig. Aðspurð sagði mætta að hún teldi að það hefði verið í bága við fyrrgreinda stefnu að selja stefnda Togi hf. hlutabréfin þar sem aldrei hefði verið um það rætt að selja bréfin hlutafélagi.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á því að með ákvörðun stjórnar stefnda Frosta hf. 15. desember 1986 hafi einungis verið ætlunin að skora á einstaklinga, sem störfuðu hjá stefnda Frosta hf. eða dótturfyrirtæki þess, Álftfirðingi hf., eða væru íbúar í Súðavíkurhreppi, að gera tilboð í hlutafé í félaginu. Í bréfi félagsins frá 16. janúar 1987 hafi falist slík áskorun um að gera tilboð og hafi félagið haft allan rétt til að meta bjóðendur og semja um greiðslukjör. Bréf þetta hafi aðeins verið sent hinum tiltekna, afmarkaða hópi einstaklinga, og telji stefnandi, að afsal sitt á forkaupsrétti hafi einungis tekið til þessa útboðs á hlutafénu, en ekki til annarrar hugsanlegrar sölu á hlutafé. Stefndi Tog hf. hafi ekki fengið slíka áskorun um að gera tilboð, enda hafi í fyrsta lagi verið um félag að ræða og í öðru lagi hafi

félagið ekki verið stofnað þegar bréfið með áskoruninni um að gera tilboð var sent út. Í bréfi félagsins frá 16. janúar 1987 hafi viðtakandi hvers bréfs haft frest til febrúarloka til að gera tilboð. Greiðslukjör á hlutafé hafi einungis verið tilgreind að hluta í nefndu bréfi. Stefnandi heldur því fram að af hálfu stefnda Togs hf. hafi ekki verið gert tilboð í hlutafé í stefnda Frosta hf. fyrir lok febrúar 1987, heldur hafi það tilboð í raun verið gert síðar, enda sé víst að félagið hafi ekki á þeim tíma, sem það hafi ekki verið stofnað, getað öðlast réttindi eða tekið á sig skyldur með slíku tilboði.

Þá heldur stefnandi því fram að salan á hlutafénu í stefnda Frosta hf. til stefnda Togs hf. hafi verið ólögmæt með öllu og sé ógildanleg. Helsti grundvöllur kröfunnar um ógildi á ráðstöfun hlutafjárins sé sá að tveir af þremur stjórnarmönnum í stefnda Frosta hf. og framkvæmdastjóri hans séu stofnendur stefnda Togs hf. ásamt tveimur öðrum og þar af sé einn í stjórn stefnda Togs hf. og einn framkvæmdastjóri. Sé á því byggt að stjórn stefnda Frosta hf. og framkvæmdastjóra hafi með öllu brostið hæfi til að fjalla um og taka ákvörðun eins og þá, sem tekin hafi verið á fundi stjórnar Frosta hf. 1. maí 1987 um sölu hlutafjár. Byggt er því á, að stjórn stefnda Frosta hf. hafi a.m.k. borið að kalla saman sérstakan hluthafafund áður en nokkur afstaða hafi verið tekin til tilboðsins frá stefnda Togi hf., enda hafi það valdið grundvallarbreytingum á stöðu stefnanda sem hluthafa í stefnda Frosta hf. Nægilegt sé til ógildingar á ákvörðuninni 1. maí 1987 svo og kaupsamningnum um hlutaféð, að sýnt sé fram á tilvist vanhæfis hlutlægt séð. Að auki telur stefnandi sannað að „vanhæfið hafi ráðið því" (sic) að stjórn stefnda Frosta hf. hafi samþykkt að selja stefnda Togi hf., sem þá hafi ekki verið stofnað, hlutafé í stefnda Frosta hf. fyrir rúmlega kr. 60.000.000,00. Þar af hafi kr. 30.000.000,00 átt að greiða á fyrsta ári eftir söluna, en félagið hafi verið eignalaust með öllu, þótt ráðgert hafi verið að það myndi hafa hlutafé, að fjárhæð kr. 250.000,00.

Söluverð hlutafjárins til stefnda Togs hf. hafi verið kr. 62.130.000,00, að því er séð verði, þ.e. þrefalt nafnverð, en eignarhlutinn sé 41,42% af heildarhlutafé í stefnda Frosta hf. Þess verði að geta að í október 1985 hafi Endurskoðunar- og bókhaldsstofa Guðmundar E. Kjartanssonar, löggilts endurskoðanda á Ísafirði, metið verðmæti hlutafjáreignar í stefnda Frosta hf. Niðurstaða þess mats hafi verið sú að heildarhlutafé í félaginu stæði fyrir kr. 189.947.000,00 x 20%, þ.e. kr. 227.936.400,00. Góð afkoma hafi verið árin 1985 og 1986, og ef gert sé ráð fyrir 20% hækkun á verðmæti hlutafjár í félaginu fram til 1. mars 1987, hafi öll hlutabréfin í félaginu þá staðið fyrir kr. 227.936.400,00 x 20%, þ.e. kr. 273.523.680,00. Sá hluti, sem stefndi Tog hf. hafi keypt, þ.e. 41.42%, standi því fyrir kr. 113.293.508,25 eða u.þ.b. tvöföldu kaupverði.

Stefnandi kveðst byggja rétt sinn m.a. á 9. gr. laga nr. 7/1936 og viðtekn-

um skoðunum um túlkun á því ákvæði. Þá sé einnig byggt á 51., 52., 3. mgr. 54., 56., 60. og 78. gr. laga nr. 32/1978, sbr. og til hliðsjónar 79. gr. Loks sé byggt á meginreglum laga um forkaupsrétt og efni samþykkta um hann.

Stefnandi kveðst byggja aðild sína á eðli máls svo og lögjöfnun frá 1. mgr. 79. gr. laga 32/1978. Hið sama eigi við um aðild stefndu, sbr. og 46. gr. laga nr. 85/1936, en um réttarfarstilkynningar til hluthafa eigi við 52. gr. laga nr. 85/1936. Jafnframt sé byggt á meginreglum samningsréttar, kröfuréttar og félagaréttar.

Stefndu benda á að meginröksemdir stefnanda fyrir ógildingarkröfum séu þær að samningurinn milli stefndu um hlutabréfakaupin hafi komist á 1. maí 1987 á greindum stjórnarfundi í stefnda Frosta hf. og að sá samningur sé ógildanlegur sökum þess, að tvo af þremur stjórnarmönnum stefnda Frosta hf. hafi brostið hæfi til að standa að gerð þessa samnings sökum tengsla sinna við viðsemjandann, stefnda Tog hf., sbr. 56. gr. laga 32/1978, um hlutafélög. Rökstuðningur fyrir sýknukröfum stefndu byggist því framar öðru á því að sýna fram á:

1. að samningurinn milli stefndu um hlutabréfakaupin hafi ekki komist á hinn 1. maí 1987, heldur við lok samþykkisfrestsins á sölutilboði stefnda Frosta hf. í lok febrúarmánaðar 1987,

2. að framanlýstur aðdragandi að sölu hlutabréfanna geri það að verkum að vanhæfisákvæði 56. gr. laga nr. 32/1978 komi ekki hér til álita, þar sem umboð og heimildir framkvæmdastjóra og stjórnar stefnda Frosta hf. til sölu á hlutabréfunum hafi verið fyrir fram markaðar af hluthafafundi og stjórn stefnda Frosta hf., þ.e. í raun af fulltrúum stefnanda, með þeim hætti að það reyndi ekki á vanhæfi stjórnarmanna skv. 56. gr. laga nr. 32/1978 vegna kaupa stefnda Togs hf. á hlutabréfunum,

3. að samningurinn um sölu á hlutabréfunum til stefnda Togs hf. verði ekki af framangreindum ástæðum ógiltur af stefnanda með þeim hætti sem hér er að stefnt, heldur verði þar að koma til ákvörðun hluthafafundar stefnda Frosta hf. eða stjórnar stefnda Frosta hf. í umboði hluthafafundar.

Stefndu mótmæla því að stefnandi eigi málshöfðunarrétt á hendur þeim hvorum um sig eða í sameiningu til ógildingar samnings þeirra í milli, og því er sérstaklega mótmælt að slík aðild geti byggst á 46. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að stefndu eigi saman nein þau réttindi né beri saman neinar þær skyldur gagnvart stefnanda að það réttlæti aðild stefnanda að máli þessu, eins og kröfugerð stefnanda í máli þessu sé háttað. Engin krafa sé hér gerð af hálfu stefnanda til betri kaupréttar á bréfunum en stefndi Tog hf. fékk með samningi sínum við stefnda Frosta hf., heldur aðeins að kaupsamningurinn verði ógiltur. Málshöfðun stefnanda til ógildingar samningsins hljóti að byggjast á þeirri hugsun að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að samningurinn hafi komist á með

ákvörðun stjórnarinnar 1. maí 1987, og jafnframt, að tvo stjórnarmanna hafi skort hæfi til að standa að samningnum f.h. stefnda Frosta hf., leiði það án frekari aðgerða til þess að samningurinn sé þar með úr gildi fallinn. Þetta standist hreinlega ekki, þar sem hluthafafundur í stefnda Frosta hf. geti, hvenær sem er, bætt úr þeim ætluðu annmörkum á hæfi stjórnarmanna á grundvelli reglna um eftirfarandi samþykki, sbr. meginregluna í 23. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Samkvæmt þeirri meginreglu sé viðsemjandi, stefndi Tog hf., bundinn við samninginn, þar til löghæfur aðili, hér hluthafafundur í stefnda Frosta hf., hafi tekið ákvörðun um það hvort bera eigi fyrir sig slíkar ógildingarástæður. Dómur um ólögmæti stjórnarákvörðunar myndi því ekki einn sér leiða til ógildis samningsins nema atbeini hluthafafundar í stefnda Frosta hf. kæmi þar til, sbr. 63. gr. laga nr. 32/1978. Til þess hafi hluthafafundur í stefnda Frosta hf. í raun þegar tekið afstöðu með ályktun þeirri, sem samþykkt hafi verið á aðalfundi félagsins 13. júlí 1987, en árétta beri þó, að í ályktuninni felist engin viðurkenning á því að viðkomandi stjórnarmenn hafi verið vanhæfir, heldur sé þeim þar vottað sérstakt traust fyrir störf sín í þessum efnum. Af þessu leiði að stefnandi eigi hér engra lögmætra hagsmuna að gæta, svo sem kröfugerð hans í máli þessu sé háttað. Hér sé því um augljósan aðildarskort að ræða sem leiða eigi til sýknu, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndu mótmæla algjörlega þeirri málsástæðu stefnanda að stefndi Tog hf. hafi aflað sér eignar- og umráðaréttar yfir hlutabréfunum með ólögmætum hætti og tvo stjórnarmanna stefnda Frosta hf. hafi brostið hæfi til að fjalla um og samþykkja söluna til stefnda Togs hf. á stjórnarfundi 1. maí 1987.

Því er mótmælt að skoða beri efni bréfs framkvæmdastjóra stefnda Frosta hf. sem áskorun um að gera tilboð um kaup á hlutabréfunum. Ekkert sé það að finna í greindu tilboði um sölu á hlutabréfunum á „þreföldu nafnverði" með greiðslukjörum, „sem yrðu um ½ á einu ári og eftirstöðvar til sjö ára, verðtryggð, með 2 - 3% vöxtum", sem skoða megi sem fyrirvara, leynda eða ljósa, um að sölutilboðið sé óskuldbindandi í skilningi 9. gr. samningalaga nr. 7/1936. Á því sé byggt, að þetta bréf hafi falið í sér ótvíræða viljayfirlýsingu (loforð) um sölu á hlutabréfunum, og hafi viljayfirlýsingin gert ráð fyrir tilteknum viðbrögðum þeirra sem henni hafi verið beint til (samþykki) og hafi því innihaldið tilboð í viðteknum skilningi samningalaganna. Hér hafi því verið um að ræða skuldbindandi sölutilboð í skilningi 2. gr. samningalaga, þar sem tilboðsgjafi (stefndi Frosti hf.) hafi krafist svara innan ákveðins tíma (samþykkisfrests), sem ákveðinn hafi verið til loka febrúarmánaðar 1987. Samþykki, sem komið hafi verið með tilskildum hætti til tilboðsgjafa fyrir lok samþykkisfrestsins, hafi leitt til skuldbindandi samninga milli aðila.

Stefndu segja að það sé einber hártogun að tala um ólögmæti samningsins á grundvelli þess, að engu tilboði hafi verið beint til stefnda Togs hf. Þeir fimm aðilar, sem seinna hafi staðið að stofnun stefnda Togs hf., hafi allir fengið í hendur með tilætluðum hætti sölutilboð frá stefnda Frosta hf., ýmist sem starfsmenn félagsins eða sem íbúar í Súðavíkurhreppi. Þeim hafi því öllum verið heimilt að láta í ljós vilja sinn til kaupa á hlutabréfum á fram boðnu verði og greiðslukjörum. Þetta hafi þeir gert með þeim hætti, sem viljayfirlýsingarnar á dskj. nr. 17 og 18 beri með sér, annars vegar persónulega hver fyrir sig á tilgreindu magni hlutafjár og hins vegar sameiginlega fyrir hönd félags sem þeir hugðust stofna sérstaklega um þau kaup, stefnda Togs h.f., eignarfélags eða eignarhaldsfélags, sem svo séu nefnd. Á því sé enn fremur byggt, að það hafi algjörlega verið mál þeirra fimmmenninganna hvaða hátt þeir hafi kosið að hafa á eignarhaldi sínu á þessum hluta hlutabréfanna, svo framarlega sem þeir stofnuðu ekki í hættu efndalíkum á greiðslu kaupverðs bréfanna eða hölluðu réttindum annarra hluthafa með eignarformi sínu á bréfunum. Hvorugu hafi verið til að dreifa og því sé ekki haldið fram af stefnanda.

Þegar leggja eigi mat á það álitaefni hvort vanhæfi stjórnar í heild eða einstakra stjórnarmanna komi hér til álita, sé óhjákvæmilegt að líta til aðdraganda að sölu bréfanna. Fulltrúar stefnanda á hluthafafundi í stefnda Frosta h.f., þ.e. allir hreppsnefndarmennirnir, hafi markað á sínum tíma stefnuna um sölu hlutabréfanna, bæði að því er varðaði verð og greiðsluskilmála bréfanna svo og hverjum skyldu boðin bréfin. Þar með hafi fyrir fram verið markað umboð framkvæmdastjórans og stjórnarinnar til sölumeðferðarinnar á hinum fölu hlutabréfum. Því sé eindregið haldið fram að þessir aðilar hafi í engum efnum farið út fyrir þetta umboð sitt eða þau umboð sem stöður þeirra hjá félaginu hafi veitt þeim, hvorki með sölunni til stefnda Togs hf. né til annarra kaupenda bréfanna. Af framangreindu leiði, að það hafi aldrei reynt á hæfi þeirra Auðuns Karlssonar og Jónatans Ásgeirssonar á stjórnarfundinum 1. maí 1987 í skilningi 56. gr. laga 32/1978. Hvað sem líði orðalagi í fundargerðinni frá 1. maí, hljóti flestum að vera ljóst að þar hafi fyrst og fremst verið um skýrslu framkvæmdastjórans að ræða um það hvaða viljayfirlýsingar um kaup hefðu borist fyrir lok samþykkisfrests með skuldbindandi hætti fyrir báða aðila, þ.e. félagið og þá sem lýstu yfir vilja til kaupa. Athyglisverð í þessu sambandi sé afstaða stefnanda til kaupa þeirra Togsmanna persónulega á tilteknu magni hlutafjár. Þau kaup séu með engum hætti vefengd. Þar sé helst svo að skilja að skuldbindandi samningar hafi komist á í krafti viljayfirlýsinga, sem þeir hafi undirritað 27. febrúar 1987. Þar virðist efni bréfsins frá 16. janúar 1987 orðið hreint sölutilboð. Þá sé rétt að benda á að á þessum fundi hafi verið ákveðið að selja dótturfélagi stefnda Frosta hf.,

Þorgrími hf., Súðavík, hlutabréf að nafnverði kr. 1.535.000,00. Stefnandi hafi engum athugasemdum hreyft við sölu á þessum hlutabréfum. Þetta sýni ótvírætt að í raun hafi stefnandi litið svo á að lögaðilar í Súðavík hafi haft heimild til kaupa á bréfum í krafti sölutilboðsins, enda sé sá skilningur í fyllsta máta eðlilegur miðað við þann yfirlýsta tilgang með sölunni að freista þess að takmarka eignarhaldið á hlutabréfunum við aðila innan hreppsfélagsins og starfsmenn stefnda Frosta hf. og Álftfirðings hf., þótt þeir hefðu heimilisfesti annars staðar. Hlutabréfakaup þeirra fimm aðila, sem staðið hafi að stofnun stefnda Togs hf., bæði í nafni Togs hf. og þeirra sjálfra persónulega, hafi því í einu og öllu fallið saman við þessi áform forsvarsmanna stefnda Frosta hf. Sé hinn skilningur stefnanda lagður til grundvallar, þ.e. að bréfið hafi verið áskorun um að gera tilboð og þá viljayfirlýsingarnar væntanlega hin raunverulegu tilboð, séu þeir Auðunn Karlsson og Jónatan Ásgeirsson taldir hafa hæfi til að taka sínum eigin tilboðum á stjórnarfundinum 1. maí 1987. Hér sé auðsjáanlega mikil ósamkvæmni á ferð, bæði í afstöðu til efnis bréfsins frá 16. janúar og til hæfis stjórnarmanna til meðferðar einstakra mála. Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að stjórnarfundurinn 1. maí 1987 hafi í raun verið að samþykkja kauptilboð þar greindra aðila og skoða þurfi gildi samþykkisins gagnvart stefnda Togi hf. vegna hugsanlegs vanhæfis tveggja stjórnarmanna sem jafnframt eru hluthafar í stefnda Togi hf., komi einkum til skoðunar ákvæði 56. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þar sem segi efnislega að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri megi ekki taka þátt í samningsgerð milli félagsins og sín sjálfra eða milli félagsins og þriðja aðila, ,,ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins".

Áður sé lýst þeirri afstöðu stefnanda að ekki sé vefengt gildi annarra samninga um kaup á hlutabréfum. Því skjóti það nokkuð skökku við, þegar hafðar séu uppi vefengingar á gildi samnings við stefnda Tog hf. Til þess að slíkar vefengingar á gildi samnings séu marktækar, verði sá, sem vefengir, að sýna fram á með óyggjandi hætti að hagsmunatengsl tilgreindra stjórnarmanna og viðsemjanda séu veruleg og að þau kunni að fara í bága við hagsmuni félagsins, þ.e. stefnda Frosta hf. Þetta síðastnefnda hafi stefnandi aldrei reynt að sýna fram á, enda óhægt um vik, svo samslungnir og sameiginlegir sem hagsmunir allra þessara aðila séu. Fullyrða megi, hvað sem líði viðhorfum einstakra forsvarsmanna stefnda, að það hljóti að teljast mikið happ fyrir stefnda Frosta hf. og þá um leið sveitarfélagið í heild að þeir fimmmenningarnir skyldu bindast samtökum um að gera hagsmuni stefnda Frosta h.f að sínum hagsmunum og hætta til þess miklum fjármunum.

Stefndu benda loks á að kröfur stefnanda hér fyrir dómi feli ekki í sér

kröfu um viðurkenningu á betri rétti til handa stefnanda til kaupa á þeim hlutabréfum sem stefndi Tog hf. keypti. Viðurkennt sé að stefnda Frosta hf. hafi borið lagaskylda til að selja hlutabréfin, sbr. 46. gr. laga nr. 32/1978, svo að sala bréfanna hafi verið fullnæging á lagaskyldu. Fyrir liggi að stefnandi hafi af skiljanlegum ástæðum hafnað forkaupsrétti á hinum fölu bréfum og ekkert hafi komið fram um breytta afstöðu stefnanda í þessum efnum. Ógilding samningsins fæli því í sér að ólögmætu ástandi væri komið á að nýju hjá stefnda Frosta hf., að því er varðaði eignarhald á eigin hlutabréfum.

Niðurstaða.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu verður að telja að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá í því efnislega úrlausn og geti þannig átt aðild þess. Kröfum stefnanda er réttilega beint gegn báðum stefndu í málinu.

Á fundi í stefnanda, hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, hinn 15. desember 1986 var samþykkt samhljóða og án nokkurs fyrirvara að hafna því að neyta forkaupsréttar að því hlutafé í stefnda Frosta hf. sem þá lá fyrir að selja þyrfti. Af gögnum málsins og framburði aðila og vitna má vera ljóst að þessi afstaða stefnanda byggist fyrst og fremst á því að með þeim stórfelldu breytingum, sem gerðar voru á samþykktum stefnda Frosta hf. sama dag voru hagsmunir stefnanda í hlutafélaginu taldir svo vel tryggðir að ekki væri ástæða til frekari hlutabréfakaupa. Með forkaupsrétti er að jafnaði átt við rétt aðila til að kaupa tiltekna eign með sömu skilmálum og greinir í fyrirliggjandi kaupsamningi seljanda og viðsemjanda hans. Á það verður hins vegar ekki fallist að rétthafi að slíkum forkaupsrétti og hér um ræðir geti ekki afsalað sér réttinum fyrir fram á grundvelli þeirra forsendna sem hann þá metur nægar. Það er óumdeilt í málinu að allar ákvarðanir um sölu hinna umræddu hlutabréfa hafi miðast við það, að þau yrðu eign íbúa Súðavíkurhrepps eða starfsmanna stefnda Frosta hf. og dótturfyrirtækja hans, jafnvel þótt einhverjir slíkir starfsmenn væru búsettir utan sveitarfélagsins. Ekki verður séð að sala hlutafjár til stefnda Togs hf. brjóti gegn þessum markmiðum, enda falla allir eigendur þess félags innan þeirrar markalínu sem þannig var sett, jafnframt því sem félagið á heimilisfang í Súðavíkurhreppi. Þá hefur jafnframt með þessu verið fullnægt því skilyrði 7. gr. félagssamþykkta stefnda Frosta hf., að fyrir forkaupsréttarhafa liggi hverjum eigi að selja föl bréf. Það verður því ekki talið að aftur hafi borið að bjóða stefnanda að neyta forkaupsréttar þegar sala hlutafjár til stefnda Togs hf. stóð fyrir dyrum.

Um það er deilt í málinu hvort bréf framkvæmdastjóra stefnda Frosta hf. frá 16. janúar 1987 beri fremur að skoða sem tilboð eða áskorun til

viðtakenda um að gera tilboð í falt hlutafé félagsins. Í þessu bréfi er hlutafé boðið til kaups á þreföldu nafnverði. Um greiðslukjör segir: „Boðið er upp á greiðslukjör, sem yrðu um. ½ á einu ári, og eftirstöðvar til sjö ára, verðtryggðar með 2-3% vöxtum." Í lok bréfsins eru þeir, sem hafa „hug á þessu tilboði", beðnir að hafa samband við bréfritara fyrir lok febrúarmánaðar, og muni hann þá fúslega gefa allar frekari uppýsingar. Það er ljóst af hinu umrædda bréfi framkvæmdastjóra stefnda Frosta hf. að um tiltekna þætti þurfti að semja sérstaklega, þ.e. dreifingu útborgunar á árinu og vexti af eftirstöðvum. Samningsgerð hefur því verið undir því komin, að samkomulag tækist um þessi atriði. Þá er aðdragandi hlutafjársölunnar og öll tilhögun hennar með þeim hætti að eðlilegt verður að telja og nauðsynlegt að stjórn stefnda Frosta hf. hefði hönd í bagga með framgangi hennar. Þegar þetta tvennt er virt sérstaklega, verður að telja að bréf framkvæmdastjóra stefnda Frosta hf. 16. janúar 1987 hafi falið í sér áskorun til viðtakenda um að gera tilboð og bindandi samningar hafi þá fyrst tekist er stjórn stefnda Frosta hf. hafi fjallað um þau og samþykkt. Þessi niðurstaða verður enn augljósari fyrir þá sök að í samþykkt stjórnar stefnda Frosta hf. 15. desember 1986, þar sem ákveðið var að bjóða hlutabréfin til kaups á þreföldu nafnverði, var í engu minnst á væntanleg greiðslukjör. Þá er ekki að sjá að um þessi efni hafi verið fjallað á hluthafafundi þeim sem haldinn var sama dag.

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu, að bindandi samningar um kaup stefnda Togs hf. á hlutabréfum í stefnda Frosta hf. hafi fyrst komist á á stjórnarfundi í stefnda Frosta hf. 1. maí 1987, verður að meta það álitaefni, hvort tveir stjórnarmanna í stjórn stefnda Frosta hf., Auðunn Karlsson og Jónatan Ingi Ásgeirsson, og framkvæmdastjóri hans, Ingimar Halldórsson, sem jafnframt voru hluthafar og stjórnarmenn í stefnda Togi hf., hafi verið til þess bærir að fjalla um þessa tilteknu hlutabréfasölu.

Í 56. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, er annars vegar gerður greinarmunur á meðferð máls um samningsgerð milli hlutafélags og stjórnarmanna og framkvæmdastjóra persónulega eða um málshöfðun gegn þeim og hins vegar samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni. Í fyrra tilviki verða stjórnarmenn og framkvæmdastjóri ævinlega taldir vanhæfir án tillits til málsatvika eða aðstæðna að öðru leyti. Í síðara tilviki verður að meta, hvort stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins. Þá ræðst af atvikum hverju sinni hvort um slíka hagsmunaárekstra sé að ræða að þátttaka stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra í málsmeðferð sé óheimil. Ágreiningslaust er með aðilum að hið síðara eigi við um hugsanlegt vanhæfi í máli þessu.

Það hefur á engan hátt verið sýnt fram á það í málinu, að sala hlutabréfa

í stefnda Frosta hf. til stefnda Togs hf. hafi farið í bága við hagsmuni hins fyrrnefnda, þótt umræddir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hans hafi þar átt verulegra hagsmuna að gæta. Þvert á móti verður að ætla að stefndi Frosti hf. hefði átt við umtalsverð vandkvæði að etja ef ekki hefði komið til þessarar hlutabréfasölu til stefnda Togs hf. og eigenda þess persónulega, enda hafði áhugi á hlutabréfakaupum að öðru leyti verið hverfandi í byggðarlaginu. Þá liggur ekki annað fyrir en að kaupverð og greiðslukjör hlutabréfanna hafi verið svipuð og stefndi Frosti hf. sætti við kaup bréfanna á árinu 1986. Staðhæfingar stefnanda um hið gagnstæða eru ósannaðar. Þá var kaupverðið hið sama og almennt var boðið þeim sem áskorun um að gera tilboð var beint til. Ekki verður séð að sala hlutabréfa til stefnda Togs hf. brjóti gegn því ákveðna stefnumiði bæði stefnanda og stefnda Frosta hf. að eigendur hlutabréfa í félaginu skuli annaðhvort vera íbúar í Súðavíkurhreppi eða starfsmenn stefnda Frosta hf. eða dótturfyrirtækja hans, en sú var einmitt raunin um alla hlutahafa stefnda Togs hf. Það verður ekki leitt af ákvæðum hlutafélagalaga né standa til þess önnur rök, að þeim aðilum, er stóðu að stefnda Togi hf., hafi ekki verið rétt að bindast samtökum og stofna hlutafélag til kaupa og eignarhalds í stefnda Frosta hf. Þá er þess loks að gæta að á aðalfundi stefnda Frosta hf. 13. júlí 1987 voru sala hlutabréfa og samningsgerð við stefnda Tog hf. endanlega staðfest.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefnandi greiði stefndu, hvorum um sig, málskostnað, að fjárhæð kr. 150.000,00, samtals kr. 300.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Pétur Kr. Hafstein sýslumaður og meðdómsmennirnir Garðar Gíslason borgardómari og Gylfi Knudsen lögfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Hraðfrystihúsið Frosti hf. og Tog hf., skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, hreppsnefndar Súðavíkurhrepps.

Stefnandi skal greiða stefndu, hvorum um sig, málskostnað, að fjárhæð kr. 150.000,00, samtals kr. 300.000,00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. maí 1989.

Nr. 306/1987. **Steintak hf.**
(Pétur Þór Sigurðsson hdl.)
gegn
Hraðfrystihúsinu í Innri-Njarðvík sf.
(Tryggvi Gunnarsson hdl.)
og gagnsök.

Fasteign. Kaupsamningur. Skaðabætur. Löghald. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Með stefnu 27. október 1987 skaut aðaláfrýjandi til Hæstaréttar aðfarargerð, er fram fór 28. júlí 1987. Því máli var af hálfu gagnáfrýjanda áfrýjað með stefnu 30. sama mánaðar. Að fengnu áfrýjunarleyfi 2. nóvember 1987 áfrýjaði aðaláfrýjandi síðan með stefnu 18. sama mánaðar dómi bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1987. Málin voru öll þingfest í Hæstarétti 2. desember 1987 og þá sameinuð.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þessar:

Aðallega er krafist sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði. Til vara er þess krafist, „að peningakrafa gagnáfrýjanda verði lækkuð verulega og að kröfur í gagnsök, sem krafist er sjálfstæðs dóms fyrir, verði notaðar til skuldajafnaðar". Þá er þess krafist, „að fellt verði úr gildi löghald, sem lagt var á eignarhluta aðaláfrýjanda í fasteigninni nr. 119 við Hringbraut í Reykjavík í fógetarétti Reykjavíkur 26. febrúar 1986".

Þá er þess krafist, að í gagnsök í héraði verði gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda 3.261.469,91 krónur með dráttarvöxtum sem hér segir: 2,5% á mánuði af 82.741,00 krónu frá og með 1. maí 1984 til 1. júní 1984, en af 128.556,00 krónum frá og með þeim degi til 27. júní 1984, en af 137.794,91 krónum frá og með þeim degi til 1. júlí 1984, en af 667.010,91 krónum frá og með þeim degi til 1. ágúst 1984, en af 680.742,91 krónum frá og með þeim degi til 1. september 1984, en 2,75% á mánuði af 694.474,91 krónum frá og með þeim degi til 1. október 1984, en af 708.455,91

krónum frá og með þeim degi til 1. nóvember 1984, en af 722.519,91 krónum frá og með þeim degi til 1. desember 1984, en af 737.166,91 krónum frá og með þeim degi til 1. janúar 1985, en af 744.864,91 krónum frá og með þeim degi til 1. febrúar 1985, en 3,75% á mánuði af 2.172.354,91 krónum frá og með þeim degi til 1. mars 1985, en 4% á mánuði af 2.197.354,91 krónum frá og með þeim degi til 1. júní 1985, en 3,5% á mánuði af 3.261.469,91 krónum frá og með þeim degi til 1. september 1985, og síðan á mánuði af þeirri fjárhæð 3,75% frá og með þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá og með þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá og með þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá og með þeim degi til 14. apríl 1987, og síðan á ári 30% frá og með þeim degi til 1. júní 1987, 33,6% frá og með þeim degi til 1. júlí 1987, 36% frá og með þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% frá og með þeim degi til 1. september 1987, 42% frá og með þeim degi til 1. október 1987, 43,2% frá og með þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% frá og með þeim degi til 1. desember 1987, 49,2% frá og með þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá og með þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% frá og með þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% frá og með þeim degi til 1. júlí 1988, 52,8% frá og með þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% frá og með þeim degi til 1. september 1988, 49,2% frá og með þeim degi til 1. október 1988, 33,6% frá og með þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% frá og með þeim degi til 1. desember 1988, 24% frá og með þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá og með þeim degi til 1. mars 1989, 24% frá og með þeim degi til 1. apríl 1989, 33,6% frá og með þeim degi til 10. apríl 1989 ,,og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. 18. gr. laga um efnahagsaðgerðir, nr. 9/1989, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er og krafist, að heimilað verði að leggja á fallna vexti eftir 14. apríl 1987 við höfuðstól dómkröfunnar einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, í fyrsta sinn 14. apríl 1988".

Loks er þess krafist, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og aðaláfrýjanda dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, ,,þó með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 beri hin dæmda fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags".

Hann krefst enn fremur staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

I.

Staðfesta ber þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að gagnáfrýjanda beri að bæta aðaláfrýjanda tjón það, er leiddi af afhendingardrætti á hluta hinnar seldu fasteignar. Hér var um að ræða húsnæði á annarri hæð hússins að Hringbraut 119 og starfrækt í því prentsmiðja. Heldur aðaláfrýjandi því fram, að lega þessa húsnæðis hafi tafið framkvæmdir hans við breytingar á húsinu og auk þess hafi hann orðið að taka tillit til starfsemi prentsmiðjunnar. Hafi hann orðið að semja um afslátt á söluverði 7 íbúða vegna dráttar á afhendingu þeirra af þessum sökum og auk þess leyst sig undan kröfum með vinnu fyrir kaupendur íbúða. Þá heldur hann því fram, að þessi töf hafi valdið sér hækkun byggingarkostnaðar og vaxtatapi. Gagnáfrýjandi telur ósannað, að afhendingardráttur hinna seldu íbúða stafi af vanefndum hans eða að tjón vegna afhendingardráttar af hans hálfu hafi orðið svo mikið sem aðaláfrýjandi heldur fram, en unir héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi hefur ekki fært fram gögn til sönnunar því, að framangreindur dráttur á afhendingu seldra íbúða verði algerlega rakinn til vanefndar gagnáfrýjanda né hefur hann fært fullnægjandi rök til stuðnings öðrum þáttum bótakröfu sinnar eða á annan hátt sýnt fram á, að hækka beri bætur þær vegna afhendingardráttar, að fjárhæð 470.000,00 krónur, er honum voru ákveðnar í héraði og gagnáfrýjandi sættir sig við. Verður því niðurstaða bæjarþingsins látin óröskuð.

Allar leigutekjur hinnar seldu fasteignar áttu að renna til aðaláfrýjanda eftir 1. maí 1984. Fram er komið, að gagnáfrýjandi tók við leigugreiðslum án þess að skila þeim til aðaláfrýjanda eða gera honum viðvart um vanskil leigu. Þykir hann því hafa tekið að sér heimtu leigunnar og bera ábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda á þeirri leigu, sem ekki var innheimt og viðurkennt er að hafi numið 33.946,00 krónum. Samkvæmt því ber að taka kröfu aðaláfrýjanda í þessu efni til greina með 230.075,00 krónum. Auk þess hefur gagnáfrýjandi viðurkennt kröfur, að fjárhæð 9.238,91 og 25.000,00 krónur.

Samkvæmt þessu er krafa aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda í máli þessu samtals 734.313,91 krónur.

II.

Samkvæmt kaupsamningi málsaðila 14. apríl 1984 um fasteignina að Hringbraut 119 í Reykjavík átti aðaláfrýjandi að greiða 3.985.090,66 krónur samningsverðsins með afhendingu íbúða „með sama frágangi og fylgifé og íbúðir til væntanlegra kaupenda að öðrum íbúðum í húsinu“ og verð þeirra að miðast við „meðalverð og kjör sambærilegra íbúða í húsinu skv. kaupsamningum, sem liggja fyrir við afhendingu þeirra, í síðasta lagi í september 1985“. Framangreindur afhendingardráttur heimilaði aðaláfrýjanda ekki að fresta efndum á þessu ákvæði samningsins.

Viðræður milli aðila um uppgjör samningsins virðast hafa hafist snemma árs 1985. Hinn 3. júní 1985 gerði aðaláfrýjandi tillögu um lokauppgjör og afhendingu tiltekinna íbúða gegn bótum sér til handa vegna afhendingardráttarins, sem gagnáfrýjandi féllst ekki á. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að á fundi 19. júlí 1985 hafi orðið að samkomulagi, að lögmaður aðaláfrýjanda setti „á blað ákveðnar tillögur“ um uppgjör „á grundvelli fyrirliggjandi kaupsamninga um íbúðir í húsinu“. Lögmaður gagnáfrýjanda skrifaði lögmanni aðaláfrýjanda 19. og 29. ágúst 1985 og óskaði þess að málinu yrði hraðað. Hinn 23. október höfðu tillögur enn ekki borist og gerði lögmaður gagnáfrýjanda nú tillögu um lausn málsins og óskaði svars fyrir 1. nóvember. Í þeirri tillögu var ekki gert ráð fyrir bótum vegna afhendingardráttar gagnáfrýjanda. Lögmaðurinn ítrekaði tillögu sína með bréfi 20. nóvember og tók jafnframt fram, að umbjóðendur sínir væru „reiðubúnir til þess að aðilar fái sameiginlega dómkvadda matsmenn til að meta verðmæti íbúða vegna uppgjörsins“. Síðan sagði: „Ef svar berst ekki við bréfi þessu fyrir 1. desember nk., líta umbj. mínir svo á, að um sé að ræða endanlega synjun umbj. yðar á þeim samráðum, sem nauðsynleg eru til að uppgjörið geti farið fram samkvæmt samningnum, sem leiði til þess að forsendur séu brostnar fyrir þeirri greiðslutilhögun, sem ráð var fyrir gert. Telja umbj. mínir að þá geti þeir krafist af umbj. yðar greiðslu í peningum í stað íbúða, og hafa þeir falið mér að fylgja þeirri kröfu eftir með málsókn, ef ekki vill betur.“ Öllum þessum

bréfum lögmanns gagnáfrýjanda var enn ósvarað, er löghaldsbeiðni hans var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 21. janúar 1986.

Í greinargerð aðaláfrýjanda fyrir fógetarétti er ágreiningi málsaðila lýst og gerð grein fyrir sjónarmiðum aðaláfrýjanda. Hins vegar eru hvergi berum orðum boðnar fram íbúðir til afhendingar og efnda framangreinds ákvæðis í kaupsamningi né hefur slíkt boð komið fram undir rekstri staðfestingarmáls löghaldsins, sem á var lagt að gengnum úrskurði fógetaréttarins 14. febrúar 1986.

Samkvæmt málflutningi aðaláfrýjanda hafði hann selt 25 eða 26 íbúðir af 30 í húsinu að Hringbraut 119, er beiðni um löghald kom fram. Í héraði voru lagðir fram kaupsamningar um 7 þessara íbúða, sem allir voru gerðir í júní 1984. Fyrir Hæstarétt voru lagðir 4 kaupsamningar til viðbótar frá sama tíma. Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ekki hafi komið fram í málinu viðhlítandi og nægilegar upplýsingar um verð íbúða í húsinu, til að ákvæði kaupsamnings um afhendingu íbúða verið réttilega efnt, og gagnáfrýjandi eigi því rétt á dómi fyrir kröfu sinni samkvæmt þessu ákvæði kaupsamnings í peningum með verðbótum svo sem í héraðsdómi segir.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 5.701.453,00 krónur að frá dregnum kröfum hans á hendur honum, að fjárhæð 734.313,91 krónur, sem koma skulu til skuldajafnaðar, eða samtals 4.967.139,09 krónur.

Samkvæmt eðli þessa máls þykir rétt að dæma báðum aðilum sömu vexti og miða upphafstíma þeirra við 21. janúar 1986, er löghaldsbeiðni gagnáfrýjanda var lögð fram í fógetarétti Reykjavíkur. Eins og kröfugerð er háttað, þykir heimilt að dæma dráttarvexti frá þeim tíma til greiðsludags, svo sem nánar greinir í dómsorði.

IV.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um löghald það, er á var lagt 26. febrúar 1986, er staðfest.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber einnig að staðfesta hana með þeirri breytingu, er leiðir af niðurstöðu þessa máls, en ekki er í ljós leitt, að leiðbeiningum fógeta við

stjórnarformann og framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda hafi verið áfátt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 600.000,00 krónur samtals.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Steintak hf., greiði gagnáfrýjanda, Hraðfrystihúsinu í Innri-Njarðvík sf., 4.967.139,09 krónur með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. janúar 1986 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 600.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreint löghald og fjárnám eru staðfest fyrir höfuðstól, vöxtum og málskostnaði, sem dæmd eru með dómi þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Hraðfrystihúsið í Innri-Njarðvík sf., nnr. 4295-7925, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 5. mars 1986, á hendur Steintaki hf., nnr. 8463-0463, Bíldshöfða 16, Reykjavík, til greiðslu skuldar ásamt vöxtum og málskostnaði og til staðfestingar á löghaldi. Gagnsökin er höfðuð til greiðslu skaðabóta vegna afhendingardráttar á seldri fasteign.

Hinn 14. apríl 1984 seldi stefnandi stefnda fasteignina Hringbraut 119 í Reykjavík ásamt byggingarrétti og arkitektateikningum fyrir kr. 25.500.000,00, 1.817 m² lóð með 13.060 m³ húsbyggingu. Kaupverðið skyldi gagnstefnandi greiða með yfirtöku lána, útgáfu veðskuldabréfa og afhendingu íbúða í hinni seldu eign, en um hinn síðastnefnda greiðslulið segir svo í kaupsamningi aðilanna:

Kaupandi afhendir seljanda íbúðir í hinu selda. Íbúðirnar verði með sama frágangi og fylgifé og íbúðir til væntanlegra kaupenda að öðrum íbúðum

í húsinu, enda miðast verð þeirra við *meðalverð* og kjör sambærilegra íbúða í húsinu skv. kaupsamningum sem liggja fyrir við afhendingu þeirra, í síðasta lagi í september 1985. Verðmæti þessa liðar er kr. 3.985.090,66. Krónutalan 3.985.090,66 skv. 3. kafla skal bundin línulegum útreikningi byggingarvísitölu með grunntölu *158 stig* og reiknast út miðað við raunverulegan afhendingartíma íbúða sem um getur í þeim kafla.

Þegar samningurinn var gerður, voru í húsinu fjölmargir leigutakar, og eru í leigusamningnum glögg ákvæði um hvenær hinir einstöku hlutar eignarinnar skyldu afhentir. Aðalstefnandi hafði hinn 20. október 1983 leigt Steinholti hf. 124 m² á 2. hæð hússins til prentsmiðjureksturs til 1. október 1988, en með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarrétti „ef þörf krefur". Samkvæmt kaupsamningnum skyldi þetta húsnæði rýmt 1. ágúst 1984. Segir í samningnum að kaupandi hirði allar leigutekjur af húsinu frá 1. maí 1984. Jafnframt samningnum var undirritað tryggingarbréf til tryggingar á efndum allra skuldbindinga gagnstefnanda samkvæmt honum „á meðan hugsanleg verðmætarýrnun á sér stað af niðurrifi til undirbúnings væntanlegra endurbóta".

Þegar til átti að taka neitaði prentsmiðjueigandinn að rýma húsnæðið þrátt fyrir uppsögn aðalstefnanda og lögsókn af hans hendi. Tókst ekki að rýma prentsmiðjuhúsnæðið fyrr en 14. janúar 1985 eftir að aðalstefnandi hafði greitt prentsmiðjueigandanum kr. 400.000,00.

Hinn 26. febrúar 1986 var að kröfu aðalstefnanda lagt löghald á tiltekna eignarhluta í húseigninni til tryggingar kr. 5.701.453,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1985 til greiðsludags, innheimtukostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og kostnaði við löghaldið og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð gegn tryggingu, að fjárhæð kr. 900.000,00 samkvæmt úrskurði fógetadóms Reykjavíkur frá 14. febrúar 1986.

Dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru þær sem hér greinir:

1. að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 5.701.453,00 ásamt 3,75% mánaðarvöxtum frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu dráttarvöxtum, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá skv. 12. gr. l. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags,
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 701.195,00 í málskostnað,
3. að staðfest verði með dómi löghald til tryggingar ofangreindum kröfum, sem í fógetarétti Reykjavíkur hinn 26. febrúar sl. var lagt á eftirtalda eignarhluta stefnda í húsinu nr. 119 við Hringbraut í Reykjavík: 04-02, 04-012, 04-013, 01-02, 01-03, 01-04 og 01-05 ásamt því sem eignarhlutum þessum fylgir.

Af hálfu gagnstefnanda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök, en til vara að peningakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá er þess sérstaklega krafist að löghaldið verði fellt úr gildi og að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, þar á meðal málskostnað vegna löghaldsins. Í gagnsök er þess krafist af hálfu gagnstefnanda að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.261.469,91 auk hæstu leyfilegra dráttarvaxta samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands af kr. 82.741,00 frá 1. maí til 31. maí 1984, af kr. 128.741,00 frá 1. júní til 27. júní 1984, af kr. 137.794,91 frá þeim degi til 30. júní 1984, af kr. 667.010,91 frá 1. júlí til 31. júlí 1984, af kr. 680.742,91 frá 1. ágúst til 31. ágúst 1984, af kr. 694.484,91 frá 1. september 1984 til 30. september 1984, af kr. 708.455.91 frá 1. október til 31. október 1984, af kr. 722.509,91 frá 1. nóvember til 30. nóvember 1984, af kr. 737.162,91 frá 1. desember til 31. desember 1984, af kr. 744.860,91 frá 1. janúar til 31. janúar 1985, af kr. 2.172.350,91 frá 1. febrúar til 28. febrúar 1985, af kr. 2.197.344,91 frá 1. mars 1985 til 31.maí 1985, af kr. 3.261.469,91 frá 1. júní 1985 til 14. apríl sl., en frá þeim degi til greiðsludags hæstu dráttarvaxta, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá samkvæmt ákvæðum l. 25/1987, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þess er aðallega krafist að sjálfstæður dómur verði kveðinn upp í gagnsök, en til vara að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök, að svo miklu leyti sem til þarf, og sjálfstæður dómur kveðinn upp um afganginn.

Vaxtafótur er nánar tilgreindur í stefnu og áskilinn réttur til dráttarvaxtatöku, eins og dráttarvextir verða hæstir, til greiðsludags.

Krafan í gagnsök sundurliðast þannig:

1.0	Skaðabætur vegna afhendingardráttar.	
1.1	Vegna viðbótar- og aukakostnaðar	kr. 1.064.115,00
1.2	Vegna afsláttargreiðslna	kr. 482.548,00
1.3 og 1.4	Vegna fjármagnskostnaðar	kr. 1.427.490,00
2.0	Kostnaður við flutning á prentsmiðju	kr. 25.000,00
3.0	Samkvæmt uppgjöri vegna eigendaskipta	kr. 9.238,91
4.0	Vangoldnar arðgreiðslur af fasteigninni	kr. 253.078,00
	Samtals	kr. 3.261.469,91

Af gagnstefnda hálfu er krafist sýknu af öllum kröfum nema höfuðstól í kröfuliðum 2 og 3 og kr. 196.129,00 í kröfulið nr. 4 ásamt vöxtum af þeim fjárhæðum frá 30. september 1986. Krafist er 404.409,00 kr. málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi í gagnsök.

Aðalstefnandi hefur lagt fram málskostnaðarreikninga, samtals að fjárhæð kr. 1.105.604,00.

Aðalstefnandi kveður málsástæður sínar í stuttu máli vera þessar: Hann hafi í einu og öllu efnt umræddan kaupsamning gagnvart stefnda. Hins vegar hafi stefndi ekki, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og mikla eftirgangsmuni, fengist til að efna greiðslulið 3 í ofangreindum samningi með því að afhenda stefnanda íbúðir í húsinu nr. 119 við Hringbraut. Hafi stefndi hundsað öll tilmæli stefnanda í því efni og með öllu reynst ófáanlegur til samvinnu og samráða og til að láta í té þau gögn og upplýsingar, sem nauðsynlegar hafi verið, til að uppgjör gæti farið fram í samræmi við samninginn. Því hafi forsendur brostið fyrir þessari greiðslutilhögun og stefnanda verið rétt að breyta kröfu sinni á hendur stefnda í peningakröfu. Eins og málið hafi verið vaxið og vegna framkomu stefnda hafi stefnandi verið knúinn til að hefja aðgerðir til innheimtu þeirrar kröfu með því að biðja um löghald í eignum stefnda. Stefndi hafi aldrei sýnt vilja til efnda og á engu stigi boðið fram efndir eða greiðslu og því hafi stefnandi verið knúinn til löghaldsaðgerða og til að höfða mál þetta til heimtu kröfunnar og til staðfestingar á framangreindu löghaldi. Stefnandi kveðst byggja heimild sína til að krefjast fjárgreiðslu af stefnda í stað íbúða á meginreglum samninga- og kröfuréttar, m.a. þeirri reglu að aðili gagnkvæms samnings geti vegna vanefnda gagnaðila hafnað efndum hans in natura, en heimt í þess stað jafngildi í peningum.

Málsástæður sínar kveður gagnstefnandi vera aðallega eftirgreindar:

Hann hafi ávallt verið reiðubúinn að efna samninginn in natura og geri svo enn, hefði málatilbúnaður stefnanda verið með þeim hætti, enda yrðu efndirnar í samræmi við réttan og eðlilegan skilning á samningsákvæðinu.

Verulegar vanefndir stefnanda hafi hins vegar valdið sér miklu tjóni og því hafi hann haft rétt til að halda greiðslu sinni til tryggingar bótakröfu sinni á hendur stefnanda.

Því er þess vegna með öllu hafnað, að forsendur hafi brugðist fyrir efndum samningsákvæðisins in natura. Stefnandi gat því ekki með einhliða yfirlýsingum breytt eðli greiðsluskyldu stefnda. Að auki voru þær yfirlýsingar gefnar annars vegar a.m.k. að hluta, áður en að gjalddaga greiðslu stefnda var komið, og að auki á þeim tíma, þegar persónulegar viðræður stóðu yfir á milli forsvarsmanna stefnda og forsvarsmanns stefnanda.

Gagnstefnandi byggir aðalkröfu sína á því að aðalstefnandi hafi ekki öðlast rétt til að breyta kröfu sinni í peningakröfu, þar sem skort hafi á að öll skilyrði væru fyrir hendi, og er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar til stuðnings sýknukröfunni. Verði niðurstaðan hins vegar sú að litið verði svo á að stefnandi hafi haft heimild til að breyta kröfu sinni í peningakröfu, er því haldið fram, að verðtryggingarákvæðið hafi þá fallið

niður og stefnandi eigi aðeins kröfu á þeirri fjárhæð, sem tilgreind er í samningi, án vaxta eða verðbóta, og til frádráttar þeirri fjárhæð komi sú fjárhæð, sem gerð er grein fyrir í stefnu í gagnsök. Af stefnda hálfu er vitnað í VII. kafla laga 13/1979 og auglýsingu Seðlabanka Íslands, dags. 29. maí 1979, en af henni telur gagnstefnandi ljóst að eingöngu sé hægt að beita lánskjaravísitölu. Gagnstefnandi túlkar hið umdeilda samningsákvæði þannig að í því felist það grundvallaratriði að markaðurinn skuli ráða mati á íbúðunum, þannig að á hvorugan sé hallað. Hann telur að markaðsverðið hafi verið komið fram þegar í júní 1984, þ.e. á sama vísitölutímabili og við var miðað í kaupsamningi. Kæmi til þess, að frágangur þessa liðar drægist, telur gagnstefnandi að samkomulag hafi orðið um að kveða á um að tilgreind fjárhæð skyldi bundin byggingarvísitölu, enda sé þetta samningsákvæði í eðli sínu verksamningur. Gagnstefnandi heldur því fram að þegar um mánaðamótin júní/júlí 1984 hafi legið fyrir að bjóða fram tilgreindar íbúðir til efnda á þeim lið kaupsamningsins sem ágreiningur er nú um. Hann kveður efndum þá hafa verið hafnað af hálfu forsvarsmanna stefnanda. Gagnstefnandi telur sig ávallt hafa boðið fram íbúðir til efnda, enda yrði komið til móts við sig um bætur vegna afhendingardráttar.

Í greinargerð fyrir fógetadómi var því haldið fram af hálfu gagnstefnanda að skilyrði skorti til að leggja á löghald, í fyrsta lagi það að krafan væri fallin í gjalddaga, sbr. 6. gr. laga 18/1949, og í öðru lagi að krafan væri ekki nægilega tryggð, sbr. 1. mgr. 6. gr. Er því haldið fram af hálfu gagnstefnanda, að tryggingarbréfið, sem út var gefið við undirritun kaupsamnings, sé nægileg trygging fyrir efndum af hálfu gagnstefnanda.

Við aðalflutning málsins var lögð á það áhersla af hálfu aðalstefnanda að hann hefði hvað eftir annað skorað á gagnstefnanda að gera ákveðnar tillögur um uppgjör skv. 3. tl. kaupsamningsins á grundvelli fyrirliggjandi kaupsamnings í ágúst til nóvember 1985. Hann hafi hins vegar engin svör fengið frá gagnstefnanda, enda þótt samkomulag hefði orðið um það á fundi 19. júlí 1985, að gagnstefnandi setti fram ákveðnar tillögur um uppgjör, og eftir að hann hefði árangurslaust gert tillögur sjálfur í bréfi 23. október 1985 um afhendingu tiltekinna íbúða og hækkun á verði þeirra miðað við byggingarvísitölu, hefði hann séð sig knúinn til þess 20. nóvember 1985 að lýsa yfir, að ef ekkert svar bærist við því bréfi fyrir 1. desember 1985, yrði litið svo á, að um væri að ræða endanlega synjun á því samráði sem nauðsynlegt væri, til að uppgjör gæti farið fram samkvæmt samningnum, og að aðalstefnandi teldi, að hann gæti þá krafist greiðslu í peningum í stað íbúða vegna brostinna forsendna. Stefnandi heldur því fram að engin gögn eða upplýsingar hafi fengist frá gagnstefnanda og að gagnstefnandi hafi hafnað öllu samráði og samvinnu, sem væru forsendur

fyrir því að efndir færu fram skv. ákvæði 3. tl. samningsins. Aðalstefnandi heldur því fram að hann hafi að sínu leyti efnt samning aðilanna að öllu leyti. Þá lagði umboðsmaður aðalstefnanda áherslu á, að jafnvel þótt rýming prentsmiðjuhúsnæðisins yrði talin á áhættu umbjóðanda síns, leiddu engin lagarök til þess að gagnstefnandi héldi að sér höndum um efndir á skyldum sínum skv. samningnum af þeim sökum. Við aðalflutning málsins var því haldið fram af hálfu gagnstefnanda að til að aðalstefnanda væri heimilt að krefjast greiðslu í peningum þyrfti riftunarréttur að vera fyrir hendi og ótvíræð skaðabótaskylda. Gagnstefnandi heldur því fram, að þegar lögmaður aðalstefnanda hóf bréfaskriftir 19. ágúst 1985, hafi ekki verið um neina vanefnd að ræða af hálfu gagnstefnanda þar sem gjalddagi hafi ekki verið fyrr en í september. Greiðsludráttur frá 1. október til 1. desember hafi ekki verið veruleg vanefnd auk þess sem afhending afsals hafi útilokað riftunarrétt. Þá heldur gagnstefnandi því fram að hann hafi haldið að sér höndum um greiðslu með fullum rétti sökum vanefnda aðalstefnanda um afhendingu. Þá mótmælti umboðsmaður gagnstefnanda sérstaklega málskostnaðarreikningi aðalstefnanda við aðalflutninginn.

Meginmálsástæða gagnstefnanda í gagnsök er að aðalstefnandi hafi ábyrgst það við samningsgerðina sérstaklega að allt húsið yrði laust til afnota í síðasta lagi 1. ágúst 1984. Þetta hafi brugðist og, að því er varðaði prentsmiðjuhúsnæðið, hafi það verið á þeim stað í byggingunni, að mjög hafi torveldað framkvæmdir gagnstefnanda. Gagnstefnandi segir að þegar ljóst var, að Steinholt hf. færi ekki út á tilsettum tíma, hafi orðið að breyta verulega öllu skipulagi verksins. Fresta hafi þurft öllum framkvæmdum á vesturhluta hæðarinnar, bæði múrbroti og uppsteypu nýrra veggja svo og vinnu við lagnir, svalagang, inntaksklefa fyrir hita og rafmagn o.fl. Þá hafi vinna við þakbreytingar orðið tafsöm og dýrari en ella hefði verið, þar sem verja hafi þurft prentsmiðjuna fyrir leka. Gagnstefnandi kveðst hafa orðið að greiða kaupendum einstakra íbúða bætur vegna afhendingardráttar sem rekja megi til þrásetu prentsmiðjueigandans. Hann telur óeðlilegt að hann verði að bera vaxtakostnað, meðan afhendingardráttur varir, og telur sig hafa orðið fyrir vaxtatapi, þar sem hann hafi tapað arði af fjárfestingu sinni vegna dráttarins.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram í gagnsök, að gagnstefnanda hafi verið fullkunnugt um leigusamninginn við Steinholt hf. og þekkt efni hans við samningsgerð, en engar athugasemdir eða fyrirvara gert um afhendingartímann og áhættuna af hugsanlegri þrásetu, sem aðalstefnandi telur hafa verið ólögmæta og því ekki um raunverulega vanheimild að ræða. Þannig hafi drátturinn ekki verið aðalstefnanda að kenna og hann auk þess gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að greiða fyrir að prentsmiðjueigandinn rýmdi húsnæðið. Þá heldur aðalstefnandi því fram að

gagnstefnandi hafi ekki sýnt fram á fjárhagstjón. Afhendingardrátturinn hafi einungis varðað lítinn hluta húsnæðisins, 124 m² af 3.536. Aðalstefnandi mótmælir því algerlega að framkvæmdir gagnstefnanda hafi tafist nokkuð vegna þessa dráttar, og heldur því fram, að erfiðleikar gagnstefnanda hafi eingöngu stafað af sölutregðu og þar af leiðandi fjármagnsskorti gagnstefnanda. Kröfum í kröfulið 1.1 er harðlega mótmælt, bæði forsendum, útreikningsaðferð og rökstuðningi, og því haldið fram, að gagnstefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir raunverulegu fjártjóni. Um kröfulið 1.2 heldur aðalstefnandi því fram, að ósannað sé að afhendingardrátt gagnstefnanda megi rekja til dráttar af sinni hálfu. Kröfuliðum 1.3 og 1.4 er mótmælt bæði efnislega og tölulega, þ.e. forsendum, rökstuðningi og útreikningi. Bent er á, að gagnstefnandi fái leigutekjur þann tíma, sem afhending dróst, skv. samningi aðilanna. Um þær gagnkröfur sem aðalstefnandi fellst á, tekur hann fram, að ekki hafi verið gerð krafa um greiðslu fyrr en við þingfestingu, og því er vaxtakröfu mótmælt frá fyrri tíma en 30. september 1986. Hann fellst á að greiða gagnstefnanda kr. 196.129,00 sem hann hefur móttekið af leigugreiðslum, en hins vegar mótmælir hann því að hann beri ábyrgð gagnvart gagnstefnanda á óinnheimtum og ógreiddum leigugreiðslum. Sérstaklega er því mótmælt af hálfu aðalstefnanda að gagnstefnandi eigi rétt á mánaðarlegum dráttarvöxtum af kröfum í gagnsök.

Við aðalflutning málsins var því haldið fram af hálfu gagnstefnanda að aðalstefnandi hefði viðurkennt vanefnd sína áður en málið var höfðað. Því var haldið fram við aðalflutninginn að við samningsgerð hefði gagnstefnanda ekki verið skýrt frá efni leigusamningsins, enda hafi hann ekki legið frammi. Vitnað var í 50. gr. laga um lausafjárkaup með lögjöfnun, svo og 23. gr. sömu laga og því haldið fram, að aðalstefnandi hefði átt sök á því að ekki tókst að afhenda alla eignina á réttum tíma. Um bótafjárhæð var því haldið fram að gagnstefnanda hefði ekki verið önnur leið fær til að sanna tjón sitt en að byggja á skýrslum aðila og vætti vitna og láta síðan dóminum eftir að ákvarða bætur eða álitum (sic). Af hálfu aðalstefnanda var því haldið fram að til að fært væri að dæma gagnstefnanda einhverjar bætur þyrfti hann að styðja kröfu sína einhverjum gögnum, en það hafi honum ekki tekist.

Álit dómsins.

Gagnkröfur.

Meðal þess, sem aðalstefnandi lofaði gagnstefnanda í kaupsamningnum, var að öll byggingin yrði laus til fullra umráða eigi síðar en 1. ágúst 1984. Samkvæmt samningnum hvíldi þannig óskoruð skylda á aðalstefnanda að sjá til þess, að gagnstefnandi öðlaðist þann rétt, sem honum var heitinn.

Aðalstefnanda bar að sjá til þess að rutt yrði úr vegi öllum hindrunum, lagalegum sem öðrum, fyrir því að þetta ákvæði yrði efnt. Prentsmiðjueigandinn hélt því fram, að uppsagnarákvæði leigusamningsins færi í bága við ákvæði húsaleigulaga, og beitti þrásetu. Aðalstefnandi telur sig hafa gert allt, sem í hans valdi stóð, til að losa húsnæðið, en ekki tókst þó betur til en svo að mikill dráttur varð á efndum. Á þessum drætti ber aðalstefnandi alla ábyrgð í samræmi við það fyrirheit sem hann gaf gagnstefnanda, og skiptir í því sambandi ekki máli hvaða upplýsingar gagnstefnandi fékk um leigusamninginn við samningsgerð eða hvaða grein hann eða umboðsmaður hans gat gert sér fyrir gildi ákvæða leigusamningsins. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á það með gagnstefnanda að aðalstefnandi eigi að bæta honum allt það tjón sem leiddi af afhendingardrættinum.

Þegar litið er til legu prentsmiðjuhúsnæðisins í eigninni þykir bera að fallast á það með gagnstefnanda að afhendingardrátturinn hafi torveldað og tafið framkvæmdir hans og þannig verið fallinn til að valda honum tjóni sem erfitt er að meta. Á hinn bóginn þykir það, sem gagnstefnandi hefur fært fram til stuðnings bótakröfu sinni, veita litla sönnun um raunverulegt tjón hans og fremur vera fallið til að vekja þá hugmynd að verið sé að gera meira úr tjóninu en efni standa til. Telja verður að gagnstefnandi hefði átt að geta gert betur en raun varð á í því að leiða sönnur að tjóni sínu, og hlýtur hann að bera halla af þeim sönnunarskorti. Þá þykir ljóst að gagnstefnandi hefði getað takmarkað tjón sitt nokkuð með því að haga framkvæmdum sínum svo að sem minnstur bagi yrði af. Hefði mátt sjá fyrir að tæki svo langan tíma sem raun varð á að losa húsnæðið, hefði mátt haga framkvæmdum svo að tjón vegna dráttarins hefði orðið hverfandi lítið. Það gerði stefnda hins vegar erfitt um vik að alltaf var talið að lausn málsins væri á næsta leiti. Með þessar athugasemdir í huga þykir mega fallast á það með gagnstefnanda að heimilt sé að til taka honum bætur að álitum, sbr. 2. mgr. 136. gr. laga nr. 85/1936 og 11. gr. laga nr. 19/1887 til hliðsjónar.

Eftir öllum atvikum þykir tjón gagnstefnanda hæfilega áætlað kr. 470.000,00.

Samkvæmt samningi aðilanna átti gagnstefnandi að hirða leigutekjur frá 1. maí 1984, og er það á áhættu hans ef vanhöld hafa orðið á innheimtu þeirra. Samkvæmt þessu þykir bera að leggja til grundvallar að aðalstefnanda beri að standa gagnstefnanda skil á bótafjárhæðinni auk þeirra fjárhæða, sem aðalstefnandi hefur fallist á að greiða, samtals kr. 700.367,91 ásamt vöxtum eins og síðar greinir.

Aðalsök.

Ákvæði 3. gr. kaupsamningsins virðist fela í sér að aðalstefnandi hafi

átt að fá íbúðir í húsinu til greiðslu kr. 3.985.090,99 eigi síðar en í september 1985 með verðbótum miðað við línulega vísitölu. Mat á íbúðunum til efnda á þessu ákvæði átti að miðast við „meðalverð og kjör sambærilegra íbúða í húsinu skv. kaupsamningum sem fyrir liggja við afhendingu..."

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, virðist gagnstefnandi ekki hafa verið fáanlegur til að veita aðalstefnanda fullnægjandi upplýsingar um sölu íbúða, til að fært væri að koma við nauðsynlegu mati á þeim íbúðum, sem aðalstefnanda voru ætlaðar, auk þess sem hann virðist hafa gert efndir á þessu samningsákvæði háðar því að aðalstefnandi samþykkti greiðslu skaðabóta vegna afhendingardráttar. Hann virðist hafa talið tjón sitt miklum mun meira en það hefur verið metið hér að framan, án þess að færa nokkuð verulegt fram til sönnunar á tjóni sínu. Gagnkrafan, eins og hún hefur verið áætluð hér að framan, nemur svo miklu lægri fjárhæð en aðalkrafan að ekki var réttlætanlegt að gera gagnkröfuna að skilyrði fyrir efndum á 3. tölulið kaupsamningsins. Ekki hafa komið fram í málinu viðhlítandi upplýsingar um verð íbúða, sem nauðsynlegar voru, til að ákvæði 3. töluliðar yrði réttilega efnt, og þykir þá ekki verða hjá því komist að fallast á það með aðalstefnanda að hann eigi nú rétt á að fá dóm fyrir kröfu sinni samkvæmt þessum kröfulið í peningum.

Þegar litið er til dómiðkunar bæði fyrir og eftir gildistöku laga nr. 13/1979 um verðbætur í gagnkvæmum samningum, þar sem báðir aðilar eiga að inna af hendi framlög á tilteknum tíma eftir samningsgerð, þykir ekki verða fallist á það með aðalstefnanda að ákvæði laga þessara eða auglýsingar Seðlabanka Íslands standi því í vegi að verðtryggingarákvæði samningsaðilanna verði talin gild. Ekki hafa verið bornar brigður á að útreikningur aðalstefnanda á kröfu sinni sé í samræmi við verðtryggingarákvæði samningsins, og verður hann því lagður til grundvallar óprófaður.

Ber þannig gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda kr. 5.701.453,00 auk vaxta eins og síðar greinir, en að frá dregnum gagnkröfum.

Vaxtakröfur.

Af hálfu aðalstefnanda er vaxtakröfum gagnsakar mótmælt sérstaklega á þeim grundvelli að gagnstefnandi hafi ekki gert kröfu um greiðslu fyrr en við þingfestingu gagnsakar. Kröfum um mánaðarlega dráttarvexti er sérstaklega mótmælt. Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram til vara að aðalstefnandi eigi einungis rétt á greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem greinir í 3. tölulið kaupsamningsins, án vaxta.

Þar sem gagnstefnandi hefur vanefnt nefnt ákvæði samkvæmt framansögðu þykir aðalstefnandi eiga rétt á dráttarvöxtum af kröfu sinni, sbr. 5. gr. laga 58/1960, 1. gr. laga 71/1965 og III. kafla laga 25/1987.

Orsakir þess, að kröfur gagnstefnanda hafa ekki verið greiddar, má að

nokkru leyti rekja til þess að hann veitti ekki þann atbeina að réttu uppgjöri, sem honum bar, svo og að hann gerði ekki viðhlítandi grein fyrir bótakröfu sinni og hafði ekki uppi aðrar gagnkröfur sínar fyrr en með höfðun gagnsakar. Fram hefur komið af hálfu umboðsmanna aðila að mikil og langvarandi vanskil urðu á þeim hluta kaupverðs sem tryggt var með veðskuldabréfum, og var þess vart að vænta að aðalstefnandi greiddi gagnkröfur með peningum meðan svo stóð. Bótakrafa gagnstefnanda vegna afhendingardráttar er í 3 liðum með mismunandi upphafstíma vaxta. Kröfuliður 1.1 virðist frekast fela í sér tjón, sem fallist hefur verið á að beri að bæta, og er upphafstími vaxta í þeim lið 1. júní 1985, en ekki hefur sérstaklega verið gerð grein fyrir hver rök liggja til grundvallar þeirri dagsetningu. Vaxtakrafa vegna vangoldinnar húsaleigu er með mismunandi upphafstíma, að því er virðist, miðað við hvenær einstakar leigukröfur féllu í gjalddaga, en ósundurgreint fyrir þá leigu, sem aðalstefnandi innheimti, og óheimta leigu. Samkvæmt þessu þykir mega fallast á það með aðalstefnanda að ekki séu efni til að gagnstefnandi fái dæmda dráttarvexti frá upphafi, en eftir atvikum virðist réttmætt að reikna honum vexti frá upphafstíma vaxta í aðalsök.

Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 3. maí 1985 og síðari auglýsingum er aðilum heimilt að krefjast hæstu dráttarvaxta af öllum kröfum sem spretta af lögskiptum þeirra til gildistöku vaxtalaga. Þykir þá bera að dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda kr. 5.001.085,10 með 3,75% mánaðarvöxtum frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum til 1. apríl 1986, með 2,25% mánaðarvöxtum til 1. mars 1987, með 2,5% mánaðarvöxtum til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum eins og Seðlabankinn ákveður þá til greiðsludags.

Löghald.

Sú trygging, sem aðalstefnanda var veitt með tryggingarbréfinu frá 14. apríl 1984, takmarkaðist við tímabilið, „á meðan hugsanleg verðmætarýrnun á sér stað af niðurrifi...“, og þykir því ekki standa staðfestingu löghalds í vegi. Afstaða dómsins til krafna aðalstefnanda felur það í sér að ekki verði fallist á rök gagnstefnanda gegn staðfestingu löghaldsins. Engar athugasemdir hafa komið fram við form og framkvæmd löghaldsins og þykir því bera að staðfesta það.

Málskostnaður.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 550.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Ragnar Ingimarsson prófessor og Sæbjörn Kristjánsson tæknifræðingur kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Steintak hf., greiði aðalstefnanda, Hraðfrystihúsinu í Innri-Njarðvík, kr. 5.001.085,10 með 3,75% mánaðarvöxtum frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan dráttarvöxtum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá til greiðsludags og kr. 550.000,00 í málskostnað.

Löghald til tryggingar til dæmdum kröfum, sem var lagt á hluta fasteignarinnar nr. 119 við Hringbraut í Reykjavík, eins og nánar greinir í dómkröfum 26. febrúar 1986, er staðfest.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 28. júlí 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 28. júlí, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Ólafi Sigurgeirssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-5221/1987, Hraðfrystihúsið í Innri-Njarðvík sf. gegn Steintaki hf., 8463-0463.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, dóm bæjarþings Rvíkur í málinu nr. 16609/86. Nr. 1 fylgir í ljósriti, nr. 2 fylgir í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður H. Guðjónsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 5.001.085,10 með 3,75% mánaðarv. frá 1. sept. '85 til 1. mars '86, með 2,75% frá þ.d. til 1. apríl '86, með 2,25% frá þ.d. til 1.3.'87, með 2,5% frá þ.d. til 14.4.'87, með 30% ársv. frá þ.d. til 1.6.'87, með 33,6% ársv. frá þ.d. til 1.7.'87, en með 36% ársv. frá þ.d. til 10.7.'87, en frá þ.d. til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 810,00, í stimpil- og afsagnarkostnað kr. 550.000,00, í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ kr. 1.610,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Vignir Benediktsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Hringbraut 119, sem er íbúðir

á 4. hæð hússins, merktar 04-2, 04-12, 04-13, og verslunarhúsnæði á fyrstu hæð hússins, merkt 01-02, 01-03, 01-04 og 01-05, ásamt því, sem eignarhlutum þessum fylgir. Staðfest löghald er til tryggingar þessum kröfum.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 18. maí 1989.

Nr. 359/1987. **Þrotabú Birgis Þorvaldssonar**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Magnúsi Þórðarsyni
(Hákon Árnason hrl.).

Skuldamál. Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. desember 1987. Þess er krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 111.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en síðan með mánaðarvöxtum sem hér segir: 3,75% til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% frá þeim degi til 1. október 1987, 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 3,8% frá þeim degi til 1. desember 1987, 4,1% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 4,3% frá þeim degi til 1. mars 1988, 3,8% frá þeim degi til 1. maí 1988, 3,7% frá þeim degi til 1. júlí 1988, 4,4% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 4,7% frá þeim degi til 1. september 1988, 4,1% frá þeim degi til 27. september 1988, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur ekki andmælt fjárhæðum einstakra kröfuliða í gagnkröfum stefnda. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að taka kröfur beggja aðila til greina og fallast á kröfu stefnda

um skuldajöfnuð. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30. september, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 22272/1986: Sigurmar K. Albertsson, skiptastjóri v/þrotabús Birgis Þorvaldssonar, gegn Magnúsi Þórðarsyni á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 29. þ.m., hefur Sigurmar K. Albertsson hdl. höfðað fyrir dóminum f.h. þrotabús Birgis Þorvaldssonar, Reykjavík, sem skiptastjóri búsins, á hendur Magnúsi Þórðarsyni, 6292-2259, Hólmgarði 18, Reykjavík, til greiðslu skuldar vegna uppgjörs á húsaleigu.

Hinn 22. ágúst 1977 gerðu Birgir Þorvaldsson f.h. einkafyrirtækis síns, Íslenskra sjávarrétta, Búðagerði 7, Reykjavík, og Magnús Þórðarson, Hólmgarði 18, Reykjavík, samning um leigu á atvinnuhúsnæði að Smiðjuvegi 18, Kópavogi, undir verksmiðjurekstur stefnanda. Húsið var þá í smíðum og var leigt án innréttinga og annars búnaðar með vissum undantekningum sem lýst er í samningi aðila. Gert var ráð fyrir að leigutaki kostaði sjálfur að nokkru leyti pípulögn, raflögn og innréttingar og setti upp hitunar- og lýsingarbúnað. Þá var gert ráð fyrir að leigutaki steypti gólfplötu ofan á hluta gólfsins í húsnæðinu. Að leigutíma liðnum skyldi leigusala standa til boða að kaupa þau verðmæti, sem leigutaki kostaði til, á sannanlegu kostnaðarverði án vaxta, þó þannig að kostnaðarliðir þessir afskrifuðust um 10% á ári. Hinn 16. október 1980 var samningurinn framlengdur um 1 ár, en honum var ekki slitið að fullu fyrr en við árslok 1983. Kröfur stefnanda eru um greiðslu fyrir þau verðmæti, sem urðu eftir í húsnæðinu við lok leigusamnings, kr. 111.000,00, með 25% ársvöxtum frá 1/1 1984 til 21/1 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1/1 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1/2 1985, en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1/3 1985, en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1/6 1985, en með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1/9 1985, en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1/3 1986, en með 2,75 mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1/4 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Birgir Þorvaldsson áætlaði sjálfur verðmætin á kr. 320.000,00 um ára-

mót 1983-1984. Þessa áætlun hefur stefnandi síðan lækkað í kr. 277.500,00 vegna hluta sem Birgir virðist hafa tekið úr húsnæðinu. Þessa fjárhæð hefur stefnandi síðan enn lækkað um 60% í samræmi við áðurgreint ákvæði í samningi aðilanna.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu vegna skuldajafnaðar og málskostnaðar.

Af því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, virðist mega ráða, að Birgir hafi ekki rýmt húsnæðið fyrr en í febrúarmánuði 1984 eftir að krafist hafði verið útburðar. Húsaleiga til 1. febrúar 1984 virðist hafa verið uppgerð. Stefndi telur stefnanda ekki hafa skilað húsnæðinu á nokkurn hátt í því ástandi, sem eðlilegt má teljast við lok leigusamnings, og segir allt húsnæðið hafa verið óþrifið og aðeins fjarlægt það sem gat komið að notum fyrir stefnanda. Auk þess styður stefndi sýknukröfu sína með því að greiða beri húsaleigu fyrir hluta marsmánaðar.

Stefndi hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum og vitni hafa verið leidd.

Gagnkröfur stefnda má sundurliða þannig, eins og grein var gerð fyrir þeim við aðalflutning:

1.	Brottnám vinnugólfs		kr.	44.800,00
2.	Þrif á húsnæðinu		"	17.163,00
3.	Kostnaður vegna útburðarbeiðni		"	15.000,00
4.	Úttekt		"	2.200,00
5.	Húsaleiga í febrúar kr.	27.500,00		
	+ " hluta mars "	4.337,00	"	31.837,00
		Samtals	kr.	111.000,00

Í aðilaskýrslu stefnda kom fram að hann taldi sig ekki geta gagnrýnt útreikning á aðalkröfu, og jafnframt var því lýst yfir af hálfu stefnanda að gagnkröfum væri ekki mótmælt að því er varðaði fjárhæðir.

Hins vegar er öllum kröfuliðum í gagnsök mótmælt sérstaklega.

Stefndi telur að vinna við að koma húsnæðinu í rétt horf að leigutíma loknum hafi svarað til þess að henni hefði verið lokið viku af marsmánuði ef stöðugt hefði verið unnið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að þar sem stefndi hefur ekki lýst kröfum sínum í þrotabúið, geti hann ekki komið þeim fram til skuldajafnaðar. Í gjaldþrotalögum er ekkert ákvæði sem kveður skýrt á um það að gagnkröfu á hendur búi verði ekki komið fram til skuldajafnaðar þótt gagnkröfunni hafi ekki verið lýst. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 6/1978, um gjaldþrotaskipti, má koma að gagnkröfum á búið í dómsmálum, sem höfðuð eru f.h. búsins fyrir almennum dómstólum, enda sé ekki krafist sjálfstæðs dóms um þær eða hluta þeirra. Samkvæmt 32. gr. sömu laga getur hver sá, er skuldar þrotabúi, dregið frá það, sem hann á hjá því,

hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á það með stefnda að honum sé heimilt að skuldajafna kröfum sínum á hendur búinu við aðalkröfu málsins.

Að leigutíma loknum stóð leigusala til boða að kaupa tiltekin verðmæti sem leigutaki hafði kostað til. Meðal þeirra var hið sérhæfða vinnugólf sem stefnandi lét steypa. Hins vegar bar stefnda engin skylda til að taka við gólfinu. Gólfið er ekki meðal þeirra réttinda sem stefnandi gerir reikning fyrir í málinu og stefndi telur gólfið ekki til verðmætra réttinda í sínum höndum. Samkvæmt almennum reglum um leigusamninga bar stefnanda að skila húsnæðinu í því ástandi sem hann tók við því. Stefndi hefur orðið að fjarlægja gólfið og leggja í kostnað til þess. Samkvæmt framansögðu ber stefnanda að greiða stefnda hæfilega fjárhæð til að standa straum af kostnaði við að fjarlægja það. Þá þykir bera að fallast á það með stefnda að stefnanda beri að greiða honum fulla húsleigu til loka leigutíma og bætur á sama grundvelli til þess tíma þegar húsnæðið var rýmt, og þar að auki til þess tíma þegar stefndi gat verið búinn að koma húsnæðinu í það ástand sem það átti að vera í við lok leigutíma. Eins og stefnandi skildi við húsnæðið, var eðlilegt, að stefndi léti fara fram úttekt, og þykir honum bera réttur til að fá kostnað sinn af henni upp í borinn svo og kostnað vegna hreinsunar á húsnæðinu sem var óhjákvæmileg þegar vegna brottnáms gólfsins.

Þar sem leigutaki virðist ekki hafa skilað lyklum strax að leigutíma loknum og gerði að öðru leyti ekki þau skil á hinu leigða, sem honum bar, þykir stefndi eiga rétt á greiðslu kostnaðar vegna lögfræðiaðstoðar við útburðarbeiðni úr hendi stefnanda.

Þegar allar þær kröfur, sem stefndi þykir eiga á stefnanda samkvæmt framansögðu, eru bornar saman við kröfur stefnanda, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að hans kröfur séu hærri en gagnkröfur stefnda, og þykir því bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Þórðarson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Birgis Þorvaldssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 18.maí 1989.

Nr. 118/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hilmari Ólafssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 til þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt sakavottorð, þar sem fram kemur, að 22. mars sl. gekk dómur í sakadómi Reykjavíkur þar sem ákærði var dæmdur til að greiða 15.000,00 króna sekt fyrir brot gegn 37. gr., 1. mgr., og 48. gr., 1. mgr., umferðarlaga, nr. 50/1987, og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987. Þá var hann sviptur ökuréttindum í einn mánuð.

Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt gögn frá lögreglunni í Reykjavík. Kemur þar fram, að ákærði fékk ökuleyfi 1980 og að hann tók ökupróf á ný og fékk ökuskírteini 11. nóvember 1988.

Þess er að gæta, að ákærði var sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 9. júlí 1986 með dómi sakadóms Reykjavíkur þann dag. Brot þau, sem hér er um fjallað, voru framin 19. september og 1. nóvember 1988. Þá var liðinn sá tveggja ára tími, er getið var, en hins vegar hafði ákærði eigi gengist undir ökupróf á ný í samræmi við 53. gr., 2. mgr., umferðarlaga og öðlast ökuréttindi.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir um sakarmat og færslu til refsiákvæða, en refsing þykir hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga varðhald í hennar stað, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Ólafsson, greiði 40.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa, en sæti ella 15 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 23. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 66/1989: Ákæruvaldið gegn Hilmari Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. janúar 1989, á hendur Hilmari Ólafssyni verkamanni, Barðavogi 14, Reykjavík, fæddum 16. febrúar 1963 í Reykjavík, „fyrir að aka tveim sinnum á árinu 1988 án ökuréttinda bifreiðinni Y 1589 svo sem hér er rakið:

1. Sunnudaginn 19. september suður þjóðveginn við Oddsstaði í Vestur-Húnavatnssýslu með allt að 109 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

2. Þriðjudaginn 1. nóvember frá heimili sínu að Barðavogi 40 og aftur til baka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., lið 1, auk þess við 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. reglugerð um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

1) Sunnudaginn 19. september 1988 kl. 18.40 stöðvuðu lögreglumenn úr vegalögregludeild lögreglunnar í Reykjavík akstur bifreiðarinnar Y 11589 á þjóðvegi nr. 1 við bæinn Oddsstaði í Staðarhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, en bifreið þessari var ekið suður umræddan þjóðveg. Tilefnið var að á vegarkafla í landi fyrrnefnds bæjar höfðu lögreglumennirnir mælt hraða bifreiðarinnar Y 11589 með ratsjá í lögreglubifreiðinni R 2005, sem ekið var á móti áðurnefndri bifreið, þegar mælingin fór fram. Reyndist hann vera 109 km m.v. klst. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ökumanninum, ákærða

í máli þessu, kvað hann bifreið sína vera á stærri hjólbörðum en gert væri ráð fyrir og hefði hraðamælir bifreiðar hans sýnt 95 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Heimilaður hámarkshraði á greindum stað er 90 kílómetrar miðað við klukkustund.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að sunnudaginn 19. september sl. hafi hann ekið bifreiðinni Y 11589 suður þjóðveginn við bæinn Oddsstaði í Vestur-Húnavatnssýslu á allt að 109 kílómetra hraða miðað við klukkustund og án ökuréttinda. Kvaðst hann hafa verið sviptur ökuréttindum til tveggja ára 9. júlí 1986.

2) Þriðjudaginn 1. nóvember sl. kl. 14.10 voru tveir lögreglumenn í Reykjavík að boði varðstjóra sendir að Barðavogi 14 þeirra erinda að handtaka þar ákærða í máli þessu. Þar sem ákærði reyndist ekki vera þar staddur ákváðu lögreglumennirnir að bíða um hríð á vettvangi, og bar það árangur því að eftir nokkurn tíma veittu þeir athygli bifreiðinni Y 11589, þar sem henni var ekið vestur Barðavog. Skyndilega var bifreiðinni sveigt til vinstri og ekið upp að næsta húsi, en þegar lögreglumennirnir komu að henni hafði ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, yfirgefið bifreiðina og hlaupið bak við næsta hús þar sem hann var handtekinn og færður á lögreglustöð.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að þriðjudaginn 1. nóvember síðastliðinn hafi hann ekið bifreiðinni Y 11589 án ökuréttinda frá heimili sínu að Gnoðarvogi 40 og aftur heim.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausum játningum ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í báðum liðum ákæruskjals. Atferli ákærða varðar í báðum tilvikum við 1. mgr. 48. gr., en í síðari lið auk þess við 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Þá varðar háttsemi ákærða í fyrri lið auk þess við reglugerð nr. 250/1987, um hámarkshraða á þjóðvegum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1979 26/7 Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1983 26/10 Reykjavík. Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 10.10. 1983.
1984 14/5 Reykjavík. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
1984 8/11 Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1985 21/6 Reykjavík. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Ökuleyfissvipting í 1 mán. frá 4/6 1985.
1985 30/10 Reykjavík. Sátt: 5.000,00 kr. sekt f. brot g. 49. og 50. gr. umfl.

1986 9/7 Reykjavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 215. gr. hgl., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 2 ár frá 9.7. 1986.

1988 21/1 Reykjavík. Dómur: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1988 6/5 Reykjavík. Sátt: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fimm daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Ólafsson, greiði kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald fimm daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 18. maí 1989.

Nr. 37/1988. **Ásta Bjarnadóttir**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Alexíu Gísladóttur
Ásgeiri Gíslasyni
Kolbeini Gíslasyni og
Páli Gíslasyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Fasteignir. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988. Dómkröfur hennar eru þær aðallega, að viðurkenndur verði réttur sinn til að gera akfæran veg um land stefndu að sumarbústaðarlóð sinni við Álftavatn í Grímsnesi frá braut nr. 6, eins og sýnt er á uppdrætti, sem fram hefur verið lagður, og að hafa umferðarrétt um veginn, m.a. fyrir bifreiðar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að viðurkenndur verði réttur sinn til að gera og hafa umferðarrétt um akfæran veg um land stefndu á stað, sem Hæstiréttur ákveður. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómendur hafa gengið á vettvang ásamt lögmönnum aðila.

Kröfur áfrýjanda í máli þessu eru byggðar á afsali því, sem getið er í héraðsdómi og dagsett er 25. nóvember 1944. Varða þær ekki 6. kafla vegalaga, nr. 6/1977. Kröfurnar verður að skýra svo eftir málflutningi hér fyrir dómi, að áfrýjandi geri ekki í þessu máli kröfu um viðurkenningu á rétti til að gera akfæran veg, þar sem nú er vegslóði frá suðvesturhorni lands hennar að braut 6. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 9. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember sl., er höfðað með framlagningu stefnu í dómi 25. júní 1986.

Stefnandi er Ásta Bjarnadóttir, Glæsibæ 7, Reykjavík (0756-3337).

Stefndu eru Alexía Gísladóttir (0226-7594), Miðvangi 159, Hafnarfirði, Ásgeir Gíslason (0663-7167), Austurgötu 16, Hafnarfirði, Kolbeinn Gíslason (5648-1699), Miðtúni 9, Reykjavík, og Páll Gíslason (7005-5481), Miðtúni 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

aðallega að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera akfæran veg um land stefndu að sumarbústaðarlóð stefnanda við Álftavatn í Grímsnesi frá braut nr. 6, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti, og hafa umferðarrétt um veginn, m.a. fyrir bifreiðar, en

til vara að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera og hafa umferðarrétt um akfæran veg um land stefndu að sumarbústaðarlandi stefnanda á einhverjum þeim stað sem dómurinn ákveður.

Auk þess gerir stefnandi þá kröfu að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til söluskatts auk kostnaðar við ferðir vegna þinga í málinu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af dómkröfum, eins og þær eru settar fram í stefnu, og málskostnaðar og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til ákvæða laga um söluskatt.

Með afsali, dagsettu 25. nóvember 1944, seldi Gísli Sigurðsson, faðir stefndu, Elísabetu Helgadóttur, móður stefnanda, 10.000 fermetra spildu úr landi er Gísli hafði keypt úr landi Miðengis í Grímsneshreppi. Stefnandi eignaðist síðan spildu þessa við erfingjaskipti eftir foreldra sína sem bæði eru látin. Í afsalinu segir m.a.: „Réttur til vegar og neysluvatns fylgir."

Spilda stefnanda er umkringd öðrum spildum og eiga stefndu land austan og norðan við spilduna. Vestan við er spilda Tómasar Kristjánssonar og sunnan spilda Margrétar og Sigríðar Óskarsdætra. Milli þessara spildna liggur vegslóði að landi stefnanda frá svokallaðri braut 6. Vegslóði þessi er um 200 metra langur og ófær ökutækjum, en um hann má ganga að landi stefnanda svo og landi stefndu fyrir austan land stefnanda.

Fram er komið í málinu að í fyrstu var öll umferð að landi stefnanda

og stefndu um slóða þennan, en síðar var farið um akfæran veg um land stefndu fyrir austan land stefnanda, en á árinu 1953 var stefnanda og fjölskyldu hennar bönnuð umferð um land stefndu.

Stefnandi hófst handa um að fá viðurkenndan rétt til þess að geta ekið að bústað sínum og spildu á árinu 1982, en þá lést móðir hennar og ber hún því við að ekki hafi verið hafist handa fyrr, þar sem móðir sín hafi verið sjúklingur árum saman.

Aðalkrafa stefnanda er, að viðurkenndur verði réttur sinn til að gera akfæran veg um land stefndu sem komi að norðvesturhorni spildu stefnanda og liggi þaðan með vesturmörkum lands stefndu og um vegstæði milli landa Leifs Einarssonar og Einars Leifssonar annars vegar og Jóns Ólafssonar hins vegar skv. uppdrætti á dskj. nr. 7.

Því er haldið fram, að þarna hafi verið fyrirhugað, að vegur skyldi liggja að landi stefnanda og grjót hafi verið tínt úr vegarstæðinu.

Þessu er mótmælt af stefndu, sem segja að þarna hafi einungis verið gengið á milli bústaða sem faðir þeirra hefði átt.

Stefnandi byggir á því að skilja verði ákvæði í afsalinu til móður sinnar í dskj. nr. 3 svo að hún eigi rétt til að fara um land stefndu með akfæran veg, enda sé landið sér ónýtanlegt að öðrum kosti.

Ljóst sé, að ekki verði gerður akfær vegur um slóða þann, sem liggur að suðvesturhorni lands síns. Hins vegar megi gera akfæran veg um stæði það, sem liggur að norðvesturhorni lands síns.

Verði ekki á það fallist að stefnandi eigi rétt til vegagerðar á þeirri spildu, telur stefnandi að heimilt sé að ákvarða aðra leið með ákvörðun dómsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að vegur sá, sem liggi frá braut 6 milli landa 3 og 4 annars vegar og nr. 5 hins vegar, sbr. dskj. nr. 7, sé sá vegur, sem stefnandi eigi rétt til skv. afsali á dskj. nr. 3. Á þeim tíma, sem faðir stefndu afsalaði spildunni, hafi aðrar kröfur verið gerðar til vegar en nú og ljóst sé, að aðilar hafi þá talið veginn fullnægjandi, enda komi fram í málinu að umferð með efni til byggingar sumarbústaða hafi verið um veginn. Ýmist hafi menn borið efni á bakinu eða á klyfjahestum.

Niðurstaða.

Stefnanda hefur ekki tekist að sanna, að vegarstæði það, sem hún gerir kröfu til í aðalkröfu sinni, hafi átt að nota til lagningar vegar að landi hennar.

Þá þykir ekki fram komið í málinu að aðilar að kaupunum á spildu stefnanda hafi gert ráð fyrir að bílfær vegur lægi að spildu stefnanda, heldur verður að miða við, að margnefndur vegslóði frá suðvesturhorni lands stefnanda að braut nr. 6 hafi þótt fullnægjandi og við hann sé átt í afsali.

Ekkert kemur fram af gögnum málsins, sem sanni að forveri stefndu hafi tekið á sig skuldbindingar um, að bílfært yrði að landi stefnanda.

Með hliðsjón af framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu kr. 50.000,00 upp í málskostnað og er tekið tillit til ákvæða laga um söluskatt.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Alexía Gísladóttir, Ásgeir Gíslason, Kolbeinn Gíslason og Páll Gíslason, skulu sýkn af kröfum stefnanda, Ástu Bjarnadóttur.

Stefnandi greiði stefndu kr. 50.000,00 upp í málskostnað.

Fimmtudaginn 18. maí 1989.

Nr. 160/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Halli Magnússyni.

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Með kæru, dagsettri 26. apríl 1989, hefur ákæruvaldið skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Í greinargerð, sem Hæstarétti barst 10. maí sl., krefst ákæruvaldið þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, málsmeðferðin ómerkt og málin vísað frá sakadómi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari hefur samþykkt, að kæra megi úrskurð þennan til Hæstaréttar. Kæra úrskurðarins er því heimil samkvæmt 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Ríkissaksóknari krefst þess í greinargerð, sem Hæstarétti barst 10. maí, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 26. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður um kröfu um ómerkingu og frávísun sakadómsmálsins: Ákæruvaldið gegn Halli Magnússyni, en krafan var tekin til úrlausnar 21. þ.m.

Ríkissaksóknari hefur með ákæruskjali, út gefnu 11. janúar sl., höfðað mál fyrir dóminum á hendur Halli Magnússyni blaðamanni, Hraunbæ 126

í Reykjavík, fæddum þar í borg 8. apríl 1962, fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, dómkirkjuprest í Reykjavík, og aðdróttanir í hans garð í grein, er ákærði ritaði undir fullu nafni og birtist í dagblaðinu Tímanum, 158. tölublaði 72. árgangs, 14. júlí 1988, bæði út af starfi séra Þóris sem dómkirkjuprests og út af tímabundnu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar sem staðarhaldara í Viðey.

Segir í ákærunni, sem vararíkissaksóknari undirritar, að í grein ákærða felist ærumeiðandi aðdróttanir í garð séra Þóris og meiðyrði og greinin sé í heild ósvífin, móðgandi og sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi.

Síðan eru rakin einstök ummæli, sem þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Loks er þess krafist:

1. að ákærði verði dæmdur til refsingar,
2. að framangreind ummæli verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmd dauð og ómerk,
3. að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. sömu laga dæmdur til greiðslu miskabóta,
4. að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða, Ragnar Aðalsteinsson hrl., ritaði ríkissaksóknara bréf 19. þ.m. vegna málsins, og kemur fram í því, að í viðtali við vararíkissaksóknara í tímaritinu Þjóðlífi, 4. tbl. 5. árg., apríl 1989, flytji hann málið á þann veg að hann teldist vanhæfur til að fara með málið þar eftir sem dómari. Vísar verjandi í fyrirsögn viðtalsins, en þar segir að ritsóðar og mannorðsmorðingjar vaði uppi. Þá láti vararíkissaksóknari að því liggja að tilteknar staðhæfingar um málið á opinberum vettvangi hljóti að vera komnar „frá sakborningnum og verjanda hans". Kveðst verjandi ekki flytja málið annars staðar en fyrir dómstólnum, og telur hann, að þessi staðhæfing vararíkissaksóknara sé óviðurkvæmileg og leiði einnig til vanhæfis hans. Muni hann því gera kröfu um að vararíkissaksóknari víki sæti í málinu.

Í bréfi sínu segir verjandi, að ákærði sé ákærður fyrir að nefna það í grein um séra Þóri, að hann sé frímúrari, og hafi hann stutt frávísun málsins fyrir sakadómi m.a. með því, að ekki væri ljóst, á hvern hátt það gæti verið refsivert. Frímúrararegla muni vera „leyniregla" og sé þá átt við það að ekki sé hægt að fá upplýsingar um tilgang samtakanna og starfsaðferðir og ekki sé heldur hægt að afla upplýsinga um hvort félagsmenn í heild eða félagsmenn í einstökum deildum eða stúkum takist á hendur skuldbindingar hver gagnvart öðrum um samstöðu, siðferðilega eða með öðrum hætti. Telji ákærði að í þessu tilviki séu aðstæður þær, að í bókinni Bræðraböndum sem út kom í Reykjavík fyrir öfáum árum, sé því haldið

fram að ríkissaksóknari og kærandinn séu félagsmenn í sömu deild eða stúlku.

Verjandi telur, að sér sé skylt sem verjanda ákærða í opinberu máli, þar sem krafist sé ýtrustu refsingar, að vekja athygli á framangreindu, og ef í ljós komi, að rétt sé farið með staðreyndir um félagsaðild þá, sem að framan sé greind, þá muni hann krefjast þess, að málsmeðferðin verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi vegna vanhæfis.

Að lokum segir verjandi, að samkvæmt framansögðu virðist allt hníga í þá átt, að málið verði flutt sérstaklega um vanhæfi, bæði ríkissaksóknara og vararíkissaksóknara, til meðferðar málsins, nema teknar verði ákvarðanir af hans hálfu til lausnar framangreindum vanda.

Vararíkissaksóknari svaraði verjanda f.h. ríkissaksóknara með bréfi, dags. 21. þ.m., gerði grein fyrir tilurð tímaritsgreinarinnar og afskiptum sínum af málinu í umboði ríkissaksóknara og mótmælti þeirri kröfu, ef fram yrði lögð, að hann viki sæti í málinu, og verði henni synjað. Enn fremur mótmælti vararíkissaksóknari boðaðri kröfu verjanda, að málsmeðferð yrði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi vegna vanhæfis ríkissaksóknara.

Verjandi ákærða ritaði dóminum bréf 21. þ.m. og var það lagt fram í dóminum sama dag. Þar gerir verjandi kröfu til þess, að meðferð málsins verði ómerkt frá upphafi og málinu vísað frá héraðsdómi.

Segir verjandi upplýst og viðurkennt af hálfu ákæruvaldsins, að séra Þórir og ríkissaksóknari séu félagar í sömu deild eða stúku í frímúrarareglunni og sé þessi staðhæfing byggð á tilvitnun í ritið Bræðrabönd. Þá hafi staðhæfing um þetta verið lögð fyrir ríkissaksóknara og staðhæfingin í raun staðfest með svarbréfi ríkissaksóknara. Í framburði séra Þóris komi fram, að frímúrarareglan sé það, sem almennt er nefnt „leyniregla", og í því felist að óheimilt sé að segja undir hvaða skuldbindingar félagsmenn ganga og hvert sé markmið félagsmanna með samtökunum. Telja verði að það sé in confesso og á almannavitorði að aðaltilgangur samtakanna sé að efla samstöðu og samhjálp milli félagsmanna í hvívetna, og gildi það bæði í siðferðilegum og veraldlegum efnum. Almennt sé talið, að félagsmenn skuldbindi sig til að styðja hver annan í hvívetna. Þessi samstaða og þessi sameiginlega félagsaðild ríkissaksóknara og kæranda leiði til þess, að ekki verði talið að ríkissaksóknara sé fært að líta hlutlægt og óvilhallt á málið, og hin sameiginlega félagsaðild leiði til þess, að með kærandanum og ríkissaksóknara sé samstaða. Ekki þyki skipta máli hvort ákærði teljist hafa sannað að um slíka afstöðu sé að ræða, í þessu tilviki in concreto, heldur sé almennt talið, þegar svona stendur á, að um þess háttar tengsl teljist vera að ræða, að þau geti haft áhrif á ákvarðanir þeirra, sem þannig eru tengdir. Ekki skipti máli að vararíkissaksóknari undirriti ákæru í málinu, enda starfi

hann í umboði og á vegum ríkissaksóknara, og teljist ríkissaksóknari vanhæfur, þá sé vararíkissaksóknari það einnig.

Um lagaheimildir vísar verjandi til 22. gr. laga nr. 74/1974 og 15. gr. sömu laga og 36. gr. laga nr. 85/1936, en þar sé fjallað um vanhæfi dómara til meðferðar einstaks máls, en ríkissaksóknari verði að uppfylla dómaraskilyrði til þess að geta verið saksóknari í máli. Einkum sé vísað til 7. tl. 36. gr. síðarnefndu laganna.

Þessu til viðbótar hafi vararíkissaksóknari tekið afstöðu til málsins með málflutningi í viðtali við Þjóðlíf, en dómari, sem tekið hafi afstöðu til álitaefnis, sem síðan sé lagt fyrir dómstóla, sé talinn vanhæfur til meðferðar þess máls, og sé um að ræða grundvallarreglu í réttarfari, bæði einkamálaréttarfari og refsiréttarfari. Þessi regla eigi einnig við um ríkissaksóknara og vararíkissaksóknara. Af þessu leiði að óhjákvæmilegt sé að ómerkja málsmeðferðina frá upphafi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Að lokum ítrekar verjandi kröfur um ómerkingu og frávísun og gerir kröfu til þess að kostnaður allur af málsvörninni og þessum þætti sérstaklega verði lagður á ríkissjóð. Við ákvörðun málsvarnarlauna beri að hafa hliðsjón af þeim tíma, sem til málsins hafi farið, og vandasemi þess, svo og því að málsmeðferðin hafi orðið tímafrek vegna þess að ekki hafi verið sótt þing í málinu af hálfu ákæruvalds.

Ákæruvaldinu hefur verið kynnt frávísunarkrafan og mótmælir það henni.

Niðurstöður.

Það er mat dómsins að félagsaðild að samtökum frímúrarar geti engin áhrif haft á hæfi ríkissaksóknara til að höfða opinbert mál vegna atvika sem varða annan aðila í sömu samtökum. Verður ekki séð að ákvæði 22. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. sérstaklega 7. tl. þeirrar greinar, eigi hér við.

Að því er snertir ummæli vararíkissaksóknara í áðurgreindri tímaritsgrein, sem rituð er eftir útgáfu ákærunnar, verður ekki séð að vararíkissaksóknari hafi tekið frekari afstöðu til málsins með viðtalinu en með því að gefa út ákæruna samkvæmt stöðuumboði sínu.

Skoðanir ákæruvaldsins á hverju máli koma fram í því, þegar ákæruvaldið höfðar mál, og umsögn ákæruvalds eftir útgáfu ákæru hlýtur öll að stefna að því að sanna það, sem í ákæruskjali stendur, og fá fram þær kröfur sem þar eru settar fram. Ummæli ákæruvaldsins eftir útgáfu ákæru utan dóms eru því á engan hátt umfram það, sem þegar liggur fyrir við útgáfu ákæru um viðhorf þess til sakargifta, og valda því ekki vanhæfi.

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, þykir bera að synja fram kom-

inni kröfu verjanda ákærða um ómerkingu og frávísun málsins vegna vanhæfis ríkissaksóknara og vararíkissaksóknara.

Þar sem dómurinn synjar fram kominni kröfu og gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri málsins, verður ekki dæmdur málskostnaður í þessum þætti þess.

Úrskurðarorð:

Kröfu um, að mál þetta verði ómerkt og vísað frá dóminum, er synjað.

Ekki verður dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.